ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 9

20. árgangur

7.2.2013

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2013/EES/9/01 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar losun frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um breytingu á I. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB. 1

2013/EES/9/02 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/2/ESB frá 9. febrúar 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virku efnunum kopar(II)oxíði, kopar(II)hýdroxíði og basísku koparkarbónati við í I. viðauka við hana . . . 169

2013/EES/9/03 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/3/ESB frá 9. febrúar 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu bendíókarbi við í I. viðauka við hana 174

2013/EES/9/04 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 109/2012 frá 9. febrúar 2012 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi efnum sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) 177

2013/EES/9/05 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 125/2012 frá 14. febrúar 2012 um breytingu á XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) 226

2013/EES/9/06 Ákvörðun nr. E3 frá 19. október 2011 um umbreytingartímabilið sem skilgreint er í 95. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 (2012/C 12/03) 230

2013/EES/9/07 Ákvörðun nr. U4 frá 13. desember 2011 um málsmeðferð við endurgreiðslu skv. 6. og 7. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og 70. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 (2012/C 57/04) 232

2013/EES/9/08 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/37/ESB frá 30. mars 2011um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki 234

2013/EES/9/09 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 670/2011 frá 12. júlí 2011 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknanir, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinna vínafurða 239

2013/EES/9/10 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 200/2012 frá 8. mars 2012 varðandi það markmið Sambandsins að draga úr *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* í hópum holdakjúklinga, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 247

2013/EES/9/11 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 233/2012 frá 16. mars 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar samþykkt breyttrar landsáætlunar Danmerkur um varnir gegn riðuveiki 253

2013/EES/9/12 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 412/2012 frá 15. maí 2012 um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) 254

2013/EES/9/13 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. janúar 2012 um framlengingu á gildistíma ákvörðunar 2009/251/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin sjái til þess að vörur, sem innihalda sæfiefnið dímetýlfúmarat, séu ekki settar á markað eða boðnar fram þar (2012/48/ESB) 257

2013/EES/9/14 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. febrúar 2010 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar lím fyrir keramíkflísar (2010/81/ESB) 258

2013/EES/9/15 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. febrúar 2010 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar veggklæðningar til skrauts í rúllum eða plötum (2010/82/ESB) 260

2013/EES/9/16 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. febrúar 2010 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar loftþornandi þéttiefnasambönd (2010/83/ESB) 262

2013/EES/9/17 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. febrúar 2010 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar jöfnunarefni úr sementi, jöfnunarefni úr kalsíumsúlfati og gólfjöfnunarefni úr gerviresíni (2010/85/ESB). 264

2013/EES/9/18 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. nóvember 2010 um breytingu á ákvörðun 97/555/EB um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar sement, byggingarkalk og önnur bindiefni sem harðna í vatni (2010/683/ESB) 266

2013/EES/9/19 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2. desember 2010 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar stálþynnur með pólýesterhúð og plastisólhúð (2010/737/ESB) 268

2013/EES/9/20 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2. desember 2010 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar mót úr trefjastyrktu gifsi (2010/738/ESB) 271

2013/EES/9/21 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. janúar 2011 um breytingu á ákvörðun 97/556/EB um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar múreinangrunarkerfi á útveggi (2011/14/ESB). 273

2013/EES/9/22 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. janúar 2011 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara skv. 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar þéttiefni, sem eru notuð í annað en burðarvirki, í samskeytum í byggingum og gangbrautum (2011/19/ESB). 275

2013/EES/9/23 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. apríl 2011 um breytingu á ákvörðun 2000/367/EB um að ákvarða flokkunarkerfi fyrir byggingarvörur, mannvirki og hluta þeirra eftir nothæfi með tilliti til brunaþols (2011/232/ESB) 279

2013/EES/9/24 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. apríl 2011 um breytingu á ákvörðun 1999/93/EB um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar hurðir, glugga, hlera, gluggahlera, hlið og tilheyrandi glugga- og hurðajárn (2011/246/ESB) 281

2013/EES/9/25 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. maí 2011 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara skv. 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar rafmagns-, stjórnunar- og samskiptakapla (2011/284/ESB) 283

2013/EES/9/26 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. mars 2012 um breytingu á ákvörðun 98/213/EB um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar skilveggjasamstæður (2012/201/ESB). 287

2013/EES/9/27 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 frá 16. september 2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins (endurútgefin) 289

2013/EES/9/28 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 744/2010 frá 18. ágúst 2010 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, að því er varðar neyðarnotkun á halónum 319

2013/EES/9/29 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 291/2011 frá 24. mars 2011 um óhjákvæmilega notkun á takmörkunarskyldum efnum í Sambandinu, öðrum en vetnisklórflúorkolefnum fyrir rannsóknarstofur og til efnagreininga, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins 326

2013/EES/9/30 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 232/2012 frá 16. mars 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar skilyrði fyrir notkun kínólínguls (E104), sólsetursguls FCF/appelsínuguls S (E 110) og ponseau 4R/kókínílrauðs A (E 124) og magnið sem er heimilt að nota 329

2013/EES/9/31 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 270/2012 frá 26. mars 2012 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir amíðsúlfúrón, asoxýstróbín, bentasón, bixafen, sýprókónasól, flúópýram, imasapik, malaþíón, própíkónasól og spínósað í eða á tilteknum afurðum 341

2013/EES/9/32 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 378/2012 frá 3. maí 2012 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu og til þroskunar og heilbrigðis barna. 400

2013/EES/9/33 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB frá 19. maí 2010 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum (endurútgefin). 403

2013/EES/9/34 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. júlí 2009 um breytingu á skránni yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir (2010/28/EB). 415

2013/EES/9/35 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. desember 2009 um breytingu á skránni yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir (2010/30/ESB). 422

2013/EES/9/36	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. mars 2010 um breytingu á ákvörðun 2008/911/EB um að taka saman skrá yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir (2010/180/ESB)	429
2013/EES/9/37	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB frá 10. mars 2010 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu)	432
2013/EES/9/38	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/67/ESB frá 3. febrúar 2012 um breytingu á ákvörðun 2008/911/EB um að taka saman skrá yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir (2012/67/ESB)	456
2013/EES/9/39	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/68/ESB frá 3. febrúar 2012 um breytingu á ákvörðun 2008/911/EB um að taka saman skrá yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir (2012/68/ESB)	459
2013/EES/9/40	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. apríl 2011 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (2011/278/ESB)	463
2013/EES/9/41	Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 14. janúar 2011 um viðmiðunarreglur um aðgreiningu milli fóðurefna, fóðuraukefna, sæfivara og dýralyfja (2011/25/ESB)	508
2013/EES/9/42	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 277/2012 frá 28. mars 2012 um breytingu á I. og II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar hámarksgildi og aðgerðamörk fyrir díoxín og fjölklóruð biphenyl	513
2013/EES/9/43	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. nóvember 2010 um breytingu á ákvörðun 95/467/EB um framkvæmd 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE um byggingarvörur (2010/679/ESB)	520
2013/EES/9/44	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1286/2011 frá 9. desember 2011 um samþykkt sameiginlegrar aðferðafræði við rannsókn sjóslysa og atvika á sjó sem þróuð er skv. 4. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/18/ESB	522
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 582/2011 **2013/EES/9/01**

frá 25. maí 2011

um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar losun frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um breytingu á I. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 frá 18. júní 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 715/2007 og tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 80/1269/EBE, 2005/55/EB og 2005/78/EB ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr., 4. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. og 12. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ([2]), einkum 7. mgr. 39. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð (EB) nr. 595/2009 er eitt sérstakra stjórnvaldsfyrirmæla sem fjalla um gerðarviðurkenningaraðferðina sem mælt er fyrir um í tilskipun 2007/46/EB.

2) Í reglugerð (EB) nr. 595/2009 er þess krafist að ný þung ökutæki og hreyflar uppfylli ný viðmiðunarmörk fyrir losun og gerðar frekari kröfur um aðgang að upplýsingum. Tæknikröfurnar munu gilda frá 31. desember 2012 fyrir nýjar gerðir ökutækja og frá 31. desember 2013 fyrir öll ný ökutæki. Samþykkja skal sértæku tæknilegu ákvæðin sem nauðsynleg eru til framkvæmdar reglugerð (EB) nr. 595/2009. Þess vegna miðar þessi reglugerð að því að setja þær kröfur sem nauðsynlegar eru fyrir gerðarviðurkenningu ökutækja og hreyfla sem falla undir Euro VI forskriftina.

3) Í 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009 er þess krafist að framkvæmdastjórnin samþykki framkvæmdarlöggjöf þar sem settar eru fram tilteknar tæknikröfur varðandi takmarkanir á losun ökutækja. Því er við hæfi að samþykkja þessar kröfur.

4) Í kjölfar samþykktar helstu krafna vegna gerðarviðurkenningar þungra ökutækja og hreyfla í reglugerð (EB) nr. 595/2009 er nauðsynlegt að kveða á um stjórnsýslufyrirmæli um slíka EB-gerðarviðurkenningu. Þessi stjórnsýslufyrirmæli ættu að innihalda ákvæði varðandi samræmi framleiðslu og samræmi ökutækja í notkun til að tryggja áframhaldandi góða virkni raðsmíðaðra ökutækja og hreyfla.

5) Í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009 er einnig nauðsynlegt að setja kröfur til að tryggja að upplýsingar úr innbyggðum greiningarkerfum ökutækja (hér eftir „OBD“) og um viðgerðir og viðhald ökutækja séu aðgengilegar til að tryggja að sjálfstæðir rekstraraðilar hafi aðgang að slíkum upplýsingum.

6) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 595/2009 skulu ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð varðandi aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, upplýsingar fyrir greiningartæki og samhæfi varahluta við innbyggð greiningarkerfi ökutækja ekki takmarkast við íhluti og kerfi sem tengjast losun heldur taka til allra þátta ökutækis sem er háð gerðarviðurkenningu sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 167, 25.6.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 50, 13.9.2012, bls. 16.

([1]) Stjtíð. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

7) Í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009 skal framkvæmdastjórnin samþykkja ráðstafanir til að innleiða notkun færanlegra mælikerfa til að sannreyna raunverulega losun við notkun og sannreyna og takmarka losun utan lotu. Því er nauðsynlegt innan viðeigandi tímaramma að setja ákvæði um losun utan lotu bæði við gerðarviðurkenningu og til að sannreyna og takmarka losun utan lotu við raunverulega notkun ökutækja. Til að tryggja samræmi ökutækja í notkun skal innleiða aðferð þar sem notuð eru færanleg mælikerfi fyrir losun (hér eftir „PEMS“). Aðferðin þar sem notuð eru færanleg mælikerfi fyrir losun sem innleidd er með þessari reglugerð skal gangast undir mat, en á grundvelli þess ætti framkvæmdastjórninni að vera heimilt að breyta ákvæðum um ökutæki í notkun.

8) Nauðsynlegt er í samræmi við d-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009 að setja kröfur um gerðarviðurkenningu endurnýjunarmengunarvarnarbúna ðar til að tryggja að hann virki rétt.

9) Nauðsynlegt er í samræmi við d-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009 að setja kröfur til að ákvarða spillistuðla sem nota á til að sannprófa endingu hreyfilkerfa. Auk þess og með fyrirvara um niðurstöður rannsóknar og þróunar á aðferðum sem notaðar eru við öldrun hreyfilkerfa í prófunarbekk ætti framkvæmdastjórninni að vera heimilt að breyta ákvæðum um ákvörðun spillistuðla.

10) Eins og kveðið er á um í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009 skal taka upp ný viðmiðunarmörk og mæliaðferð fyrir fjölda losaðra agna. Mæliaðferðin skal byggjast á vinnu áætlunar um mælingu agna (Particulate Measurement Programme - (PMP)) sem heyrir undir efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (hér eftir „efnahagsnefnd SÞ fyrir Evrópu“).

11) Í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009 skal taka upp viðmiðunarmörk fyrir svipula akstursslotu sem er samhæfð á heimsvísu (hér eftir ‘WHTC’) og fyrir akstursslotu við stöðugar aðstæður sem er samhæfð á heimsvísu (hér eftir ‘WHSC’) eins og tilgreint er í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (SÞ/EBE) nr. 49 — Samræmd ákvæði varðandi ráðstafanir sem ber að gera til að stemma stigu við losun mengandi lofttegunda og efnisagna frá þjöppukveikjuhreyflum til notkunar í ökutæki og losun mengandi lofttegunda frá rafkveikjuhreyflum knúnum með jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi til notkunar í ökutæki ([3]).

12) Framkvæmdastjórnin skal meta þörfina fyrir sértækar ráðstafanir varðandi hreyfla með margar stillingar og henni skal vera heimilt að breyta ákvæðunum í samræmi við niðurstöður þess mats.

13) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 595/2009 og tilskipun 2007/46/EB til samræmis við það.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ráðstafanir um framkvæmd 4., 5., 6. og 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009.

Hún breytir einnig reglugerð (EB) nr. 595/2009 og tilskipun 2007/46/EB.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „hreyfilkerfi“: hreyfillinn, mengunarvarnarkerfið og samskiptaskilflöturinn (vélbúnaður og skilaboð) á milli rafstýrieininga(-r) hreyfilsins (hér eftir „ECU“) og stýrieininga aflrásar eða ökutækis,

2) „kerfisbundið eftirlit“: öldrunarlotan og tímabil kerfisbundins eftirlits til að ákvarða spillistuðla fyrir hóp eftirmeðferðarkerfa fyrir hreyfla,

3) „hreyflahópur“: flokkun framleiðenda á hreyflum sem, með tilliti til hönnunar sem skilgreind er í 6. lið I. viðauka, hafa svipaða eiginleika hvað varðar losun með útblæstri; allir hreyflar í hópnum verða að uppfylla viðeigandi viðmiðunarmörk fyrir losun,

4) „gerð hreyfils“: flokkur hreyfla sem eru ekki frábrugðnir hver öðrum með tilliti til grundvallareinkenna hreyfils sem skilgreind eru í 4. viðbæti við I. viðauka,

5) „gerð ökutækis með tilliti til losunar og upplýsinga um viðgerðir og viðhald ökutækis“: flokkur ökutækja sem eru ekki frábrugðin hvert öðru með tilliti til grundvallareinkenna hreyfils og ökutækis sem skilgreind eru í 4. viðbæti við I. viðauka,

([3]) Stjtíð. ESB L 229, 31.8.2010, bls. 1.

6) „afoxunarkerfi fyrir köfnunarefnisoxíð“: sértækt afoxunarkerfi með hvötum (hér eftir „SCR“), ásogari, óvirkur eða virkur köfnunarefnisoxíðshvati fyrir veika blöndu eða annað eftirmeðferðarkerfi fyrir útblástur sem er hannað til að draga úr losun köfnunarefnisoxíða (NO_x),

7) „eftirmeðferðarkerfi fyrir útblástur“: hvarfakútur (með oxunarhvata, þrívirkur eða annar), agnasía, afoxunarkerfi fyrir köfnunarefnisoxíð, samsett afoxunarkerfi fyrir köfnunarefnisoxíð eða agnasíu, eða annar búnaður sem dregur úr losun og komið er fyrir aftan við hreyfilinn,

8) „innbyggt greiningarkerfi (OBD)“: kerfi sem er í ökutæki eða hreyfli sem hefur þann eiginleika að geta:

   a) greint bilanir sem hafa áhrif á mengunarvarnargetu hreyfilkerfisins,

   b) gefið slíkar bilanir til kynna með viðvörunarkerfi,

   c) auðkennt sennilegt bilunarsvæði með upplýsingum sem geymdir eru í tölvuminni, og miðlað þeim upplýsingum utan ökutækisins,

9) „hæfur íhlutur eða kerfi sem hefur verið spillt“ (hér eftir „QDC“): íhlutur eða kerfi sem hefur að ásettu ráði verið spillt undir eftirliti, t.d. með því að flýta fyrir öldrun eða með því að eiga við það, og sem hefur hlotið samþykki viðurkenningaryfirvalda í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í lið 6.3.2 í viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 og lið 2.2 í 3. viðbæti við X. viðauka við þessa reglugerð, til notkunar þegar sýnt er fram á virkni innbyggðs greiningarkerfis hreyfilkerfisins,

10) „ECU“: rafstýrieining hreyfilkerfis,

11) „greiningarkóði bilana“ (hér eftir „DTC“): talna- eða alstafakennimerki sem auðkennir eða merkir bilun,

12) „færanlegt mælikerfi fyrir losun“ (hér eftir „PEMS“): færanlegt mælikerfi fyrir losun sem uppfyllir kröfurnar sem eru tilgreindar í 2. viðbæti við II. viðauka,

13) „bilanavísir“ (hér eftir „MI“): vísir sem er hluti viðvörunarkerfisins og sem gefur ökumanni ökutækisins með skýrum hætti til kynna bilanir,

14) „öldrunarlota“: notkun ökutækis eða hreyfils (snúningshraði, álag, afl) á tímabili kerfisbundins eftirlits,

15) „mikilvægir íhlutir sem tengjast losun“: eftirfarandi íhlutir sem eru fyrst og fremst hannaðir í því skyni að stjórna losun: öll eftirmeðferðarkerfi fyrir útblástur, rafstýrieiningin og nemar og hreyfiliðir sem tengjast henni, og útblásturshringrásarkerfið (hér eftir „EGR“) ásamt öllum tengdum síum, kælum, stjórnlokum og leiðslum,

16) „mikilvægt viðhald sem tengist losun“: viðhald sem þarf að framkvæma á mikilvægum íhlutum sem tengjast losun,

17) „viðhald sem tengist losun“: viðhald sem hefur veruleg áhrif á losun eða sem líklegt er að hafi áhrif á að draga úr losun við eðlilega notkun ökutækisins eða hreyfilsins,

18) „hópur eftirmeðferðarkerfa fyrir hreyfla“: flokkun framleiðanda á hreyflum sem eru í samræmi við skilgreiningu á hóp hreyfla og eru flokkaðir nánar í hreyfla með sams konar eftirmeðferðarkerfi fyrir útblástur,

19) „Wobbe-stuðull (neðri W_l eða efri W_u)“: hlutfallið milli samsvarandi varmagildis gastegundar miðað við rúmmálseiningu, og kvaðratrótar hlutfallslegs þéttleika hennar við sömu viðmiðunarskilyrði:

$$W = (H_{gas} \times \sqrt{(\rho_{air} / \rho_{gas})})$$

20) „λ-vikstuðullinn“ (hér eftir „S_λ“): tákn sem vísar til nauðsynlegs sveigjanleika hreyfilstjórnunarkerfis með tilliti til breytinga á hlutfalli umframlofts, λ, sé hreyfillinn knúinn með gasi sem hefur aðra efnasamsetningu en hreint metan eins og tilgreint er í lið 4.1 í 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49,

21) „viðhald sem tengist ekki losun“: viðhald sem hefur ekki veruleg áhrif á losun og sem hefur ekki varanleg áhrif á að draga úr losun við eðlilega notkun ökutækisins eða hreyfilsins eftir að viðhaldið hefur farið fram,

22) „hópur hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi“: flokkun framleiðanda á hreyfilkerfum með sameiginlegum aðferðum við vöktun og greiningu bilana sem tengjast losun,

23) „skönnunartæki“: ytri prófunarbúnaður sem er notaður fyrir stöðluð samskipti milli ytra umhverfis og innbyggðs greiningarkerfis í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar,

24) „aukalosunaraðferð“ (hér eftir „AES“): losunaraðferð sem verður virk og kemur í stað eða breytir grunnlosunaraðferð í ákveðnum tilgangi og til að bregðast við ákveðnum umhverfis- og/eða notkunarskilyrðum og sem er einungis í notkun á meðan slík skilyrði eru fyrir hendi,

25) „grunnlosunaraðferð“ (hér eftir „BES)“: losunaraðferð sem er virk á öllu snúningshraða- og álagsvinnusviði hreyfilsins nema aukalosunaraðferð sé virkjuð,

26) „hlutfall frammistöðu við notkun“: hlutfall fjölda skipta sem þau skilyrði hafa verið fyrir hendi að vaktari, eða hópur vaktara, hefðu átt að greina bilun á móti fjölda akturslota sem eru viðeigandi að því er varðar þann vaktara eða hóp vaktara,

27) „ræsing hreyfils“: felst í því að kveikt er á hreyfli, hann snýst og bruni hefst, og lýkur þegar snúningshraði hefur náð 150 snún./mín. fyrir neðan eðlilegan lausagangshraða upphitaðs hreyfils,

28) „vinnsluröð“: röð sem skiptist í ræsingu hreyfils, vinnslutíma (hreyfilsins), stöðvun hreyfilsins og tímann fram að næstu ræsingu þar sem vöktun innbyggða greiningarkerfisins er í gangi og bilun kæmi fram ef um bilun væri að ræða,

29) „vöktun viðmiðunargilda fyrir losun“: vöktun bilunar sem veldur því að farið er yfir viðmiðunargildi innbyggða greiningarkerfisins og sem felur í sér annan hvorn eða báða eftirfarandi þætti:

a) bein mæling losunar með losunarnema/losunarnemum við útblástursrör og reiknilíkan til að bera beinu losunina saman við þá tilteknu losun sem á sér stað í viðkomandi prófunarlotu,

b) aukning losunar gefin til kynna með því að bera tölvutækar ílags- og frálagsupplýsingar saman við tiltekna losun sem á sér stað í prófunarlotu,

30) „vöktun á frammistöðu“: bilanavöktun sem felst í virkniprófunum og vöktun mæliþátta sem tengjast ekki viðmiðunarmörkum fyrir losun með beinum hætti, sem framkvæmd er á íhlutum eða kerfum til að sannreyna að þau vinni innan eðlilegra marka,

31) „órökræn bilun“: bilun sem felst í því að merki frá einstökum nema eða íhlut er frábrugðið því sem búast mætti við þegar það er borið saman við merki frá öðrum nemum eða íhlutum innan stýrikerfisins, þ.m.t. tilvik þar sem öll mæld merki og frálagsgögn íhluta eru hver um sig innan eðlilegra marka hins tengda nema eða íhlutar og þar sem enginn stakur nemi eða íhlutur gefur til kynna að um bilun sé að ræða,

32) „vöktun á allsherjarbilun“: vöktun sem hefur þann tilgang að greina bilun sem mun valda því að sú virkni kerfis sem óskað er bregst alveg,

33) „bilun“: bilun hreyfilkerfis eða dregur úr virkni þess, þ.m.t. innbyggða greiningarkerfisins, sem með réttu má gera ráð fyrir að leiði annað hvort til aukinnar losunar hreyfilkerfisins á einhverju mengunarefni sem reglur gilda um, eða minni skilvirkni innbyggða greiningarkerfisins,

34) „almennur nefnari“: teljari sem sýnir hversu oft ökutæki hefur verið notað að teknu tilliti til almennra skilyrða,

35) „kveikilotuteljari“: teljari sem sýnir hversu oft hreyfill ökutækis hefur verið ræstur,

36) „akturslota“: lota sem skiptist í ræsingu hreyfils, vinnslutíma (hreyfilsins), stöðvun hreyfilsins og tímann fram að næstu ræsingu hans,

37) „hópur vaktara“: röð vaktara innbyggðs greiningarkerfis sem notaðir eru til að ákvarða rétta notkun mengunarvarnarkerfisins í því skyni að meta frammistöðu hóps hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi við notkun,

38) „nettóafl“: aflið sem fæst á prófunarbekk við enda sveifaráss eða því sem samsvarar honum á samsvarandi snúningshraða hreyfils eða vélar með aukabúnaðinum sem um getur í XIV. viðauka og er ákvarðað við viðmiðunarskilyrði í andrúmslofti,

39) „hámarksnettóafl“: hámarksgildi nettóafls sem mælt er við fullt hreyfilálag,

40) „dísilagnasía sem notar veggstreymi“: dísilagnasía (hér eftir „DPF“) þar sem allt útblástursloft er látið streyma í gegnum vegg sem síar út föst efni,

41) „stöðug endurnýjun“: endurnýjunarferli eftirmeðferðarkerfis fyrir útblástur sem er annað hvort varanlegt eða á sér stað minnst einu sinni í hverri heitræsingarprófun samkvæmt svipulu akturslotunni sem er samhæfð á heimsvísu (hér eftir „WHTC“).

3. gr.

Gerðarviðurkenningarkröfur

1. Til þess að hljóta EB-gerðarviðurkenningu fyrir hreyfilkerfi eða hreyflahóp sem aðskilinnar tæknieiningar, EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki með viðurkennt hreyfilkerfi að því er varðar losun og upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis, eða EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki að því er varðar losun og upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis, skal framleiðandinn, í samræmi við ákvæði I. viðauka, sýna fram á að ökutækin eða hreyfilkerfin hafi undirgengist prófanirnar og uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. til VIII. viðauka, X. viðauka, XIII. viðauka, og XIV. viðauka. Framleiðandinn skal einnig tryggja samræmi við forskriftir fyrir viðmiðunareldsneyti sem settar eru fram í IX. viðauka.

2. Til að hljóta EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki með viðurkennt hreyfilkerfi að því er varðar losun og upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis, eða EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki að því er varðar losun og upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis, skal framleiðandinn tryggja samræmi við uppsetningarkröfurnar sem settar eru fram í 4. lið I. viðauka.

3. Til að hljóta rýmkun EB-gerðarviðurkenningar fyrir ökutæki að því er varðar losun og upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis sem er gerðarviðurkennt samkvæmt þessari reglugerð og er með viðmiðunarmassa sem er meiri en 2380 kg en ekki meiri en 2610 kg, skal framleiðandinn uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 1. viðbæti við VIII. viðauka.

4. Ákvæðin um annars konar viðurkenningu sem eru tilgreind í lið 2.4.1 í X. viðauka og lið 2.1 í XIII. viðauka gilda ekki um EB-gerðarviðurkenningu hreyfilkerfis eða hreyflahóps sem aðskilinnar tæknieiningar.

5. Skylt er að hanna, smíða, setja saman og setja upp öll hreyfilkerfi og allar smíðaeiningar sem líklegt er að hafi áhrif á losun mengandi lofttegunda og efnisagna þannig að við eðlilega notkun uppfylli hreyfillinn ákvæði reglugerðar (EB) nr. 595/2009 og þessarar reglugerðar. Framleiðandinn skal einnig tryggja samræmi við kröfur um losun utan lotu sem settar eru fram í 14. gr. og VI. viðauka við þessa reglugerð.

6. Til að hljóta EB-gerðarviðurkenningu fyrir hreyfilkerfi eða hreyflahóp sem aðskilinnar tæknieiningar eða EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki að því er varðar losun og upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis, skal framleiðandinn tryggja samræmi við kröfurnar varðandi þá flokka eldsneytis sem falla undir viðurkenningu almenns eldsneytis eða, í tilviki rafkveikjuhreyfla sem eru knúnir með jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi, kröfurnar um viðurkenningu tiltekinna flokka eldsneytis sem settar eru fram í 1. lið I. viðauka.

7. Til að hljóta EB-gerðarviðurkenningu fyrir hreyfil sem knúinn er bensíni eða E85 skal framleiðandinn tryggja að sértæku kröfurnar um inntök eldsneytisgeyma ökutækja sem knúin eru bensíni eða E85 séu uppfylltar.

8. Til að hljóta EB-gerðarviðurkenningu skal framleiðandinn tryggja að sértæku kröfurnar um öryggi rafeindakerfa sem mælt er fyrir um í lið 2.1 í X. viðauka séu uppfylltar.

9. Framleiðandinn skal grípa til tæknilegra ráðstafana þannig að tryggt sé að losun gegnum útblástursrör sé takmörkuð með skilvirkum hætti, í samræmi við þessa reglugerð, allan eðlilegan endingartíma ökutækis og við eðlileg notkunarskilyrði. Í þessum ráðstöfunum skal felast að hosur, samskeyti og tengingar, sem eru notuð innan mengunarvarnakerfisins, séu örugg og þannig gerð að þau falli að upprunalega hönnunarmarkmiðinu.

10. Framleiðandinn skal tryggja að niðurstöður losunarprófana samræmist gildandi viðmiðunarmörkum við prófunarskilyrðin sem tilgreind eru í þessari reglugerð.

11. Framleiðandinn skal ákvarða þá spillistuðla sem notaðir verða til að sýna fram á að losun lofttegunda og efnisagna frá hópi hreyfla eða hópi eftirmeðferðarkerfa fyrir hreyfla sé í samræmi við viðeigandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009 allan eðlilegan nýtingartíma sem tilgreindur er í 2. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar.

Aðferðirnar við að sýna fram á að hópur hreyfla eða eftirmeðferðarkerfa fyrir hreyfla uppfylli kröfur allan eðlilegan nýtingartíma, eru settar fram í VII. viðauka við þessa reglugerð.

12. Að því er varðar rafkveikjuhreyfla sem þurfa að gangast undir prófunina sem sett er fram í IV. viðauka skal leyfilegt hámarksmagn kolsýrings í útblástursloftinu við eðlilegan snúningshraða hreyfils í lausagangi vera það sem framleiðandi ökutækisins gefur upp. Hámarksmagn kolsýrings skal hins vegar ekki vera meira en 0,3 % miðað við rúmmál.

Við mikinn snúningshraða í lausagangi skal kolsýringsmagn miðað við rúmmál útblástursloftsins ekki vera meira en 0,2 % miðað við rúmmál þar sem snúningshraði hreyfilsins er a.m.k. 2000 snún./mín. og Lambda-gildið er 1 ± 0,03 eða í samræmi við forskriftir framleiðanda.

13. Ef um lokað sveifarhús er að ræða skal framleiðandinn tryggja að í prófuninni sem sett er fram í V. viðauka leyfi loftræstikerfi hreyfilsins ekki losun lofttegunda frá sveifarhúsi út í andrúmsloftið. Ef sveifarhúsið er af opinni gerð skal mæla losunina og bæta henni við losun í gegnum útblástursrör í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í V. viðauka.

14. Þegar sótt er um gerðarviðurkenningu skulu framleiðendur láta viðurkenningaryfirvöldum í té upplýsingar sem sýna að afoxunarkerfið fyrir köfnunarefnisoxíð haldi mengunarvarnarvirkni sinni við öll skilyrði sem ríkja reglulega innan Evrópusambandsins, sérstaklega við lágan umhverfishita.

Framleiðendur skulu að auki láta viðurkenningaryfirvöldum í té upplýsingar um starfræksluaðferð allra útblásturshringrásarkerfa, þ.m.t. virkni þeirra við lágan umhverfishita.

Í þessum upplýsingum skal einnig vera lýsing á þeim áhrifum sem notkun kerfisins við lágan umhverfishita hefur á losun.

15. Einungis skal gerðarviðurkenna ökutæki og hreyfla samkvæmt reglugerð (EB) nr. 595/2009 og þessari reglugerð eftir að mæliaðferðir til að mæla fjölda efnisagna eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009, nauðsynleg, sértæk ákvæði um hreyfla með margar stillingar og ákvæði til framkvæmdar 6. gr. þeirrar reglugerðar hafa verið samþykkt.

4. gr.

Innbyggð greiningarkerfi

1. Framleiðendur skulu tryggja að öll hreyfilkerfi og öll ökutæki séu búin innbyggðu greiningarkerfi.

2. Innbyggð greiningarkerfi skulu þannig hönnuð, smíðuð og komið fyrir í ökutækjum í samræmi við X. viðauka að þau geti greint, skráð og miðlað upplýsingum um hvers konar skemmdir eða bilanir sem tilgreindar eru í þeim viðauka allan endingartíma ökutækisins.

3. Framleiðendur skulu tryggja að innbyggða greiningarkerfið uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í X. viðauka, þ.m.t. kröfurnar um frammistöðu innbyggða greiningarkerfisins við notkun, við öll eðlileg og fyrirsjáanleg akstursskilyrði í Evrópusambandinu, þ.m.t. eðlileg notkunarskilyrði sem tilgreind eru í X. viðauka

4. Þegar prófað er með hæfum íhlut sem hefur verið spillt skal bilanavísir innbyggða greiningarkerfisins virkjaður í samræmi við X. viðauka. Einnig má virkja bilanavísi innbyggða greiningarkerfisins ef losun er undir viðmiðunargildum innbyggða greiningarkerfisins sem tilgreind eru í X. viðauka.

5. Framleiðandinn skal tryggja að ákvæðum X. viðauka um frammistöðu hóps hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi við notkun séu uppfyllt.

6. Gögn sem tengjast frammistöðu innbyggða greiningarkerfisins við notkun skulu vistuð og gerð aðgengileg í innbyggða greiningarkerfinu án dulkóðunar með stöðluðu samskiptareglunum fyrir innbyggð greiningarkerfi í samræmi við ákvæði X. viðauka.

7. Í 3 ár frá dagsetningunum sem tilgreindar eru í 1.og 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009 mega innbyggð greiningarkerfi, að ósk framleiðanda uppfylla önnur ákvæði en tilgreind eru í X. viðauka við þessa reglugerð og vísa til þessarar málsgreinar.

8. Fram til 1. september 2014 í tilviki nýrra gerða ökutækja eða hreyfla og fram til 1. september 2015 að því er varðar öll ný ökutæki sem eru seld, skráð eða tekin í notkun innan Evrópusambandsins, er framleiðanda heimilt, ef hann kýs, að láta önnur ákvæði gilda um vöktun dísilagnasíu eins og sett er fram í lið 2.3.3.3 í X. viðauka.

5. gr.

Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu fyrir hreyfilkerfi eða hóp hreyfla sem aðskilinnar tæknieiningar

1. Framleiðandi skal leggja fyrir viðurkenningaryfirvöld umsókn um EB-gerðarviðurkenningu fyrir hreyfilkerfi eða hóp hreyfla sem aðskilinnar tæknieiningar.

2. Umsóknin sem um getur í 1. mgr. skal samin í samræmi við fyrirmyndina að upplýsingaskjalinu sem er að finna í 4. viðbæti við I. viðauka. Í því sambandi gildir 1. hluti þess viðbætis.

3. Með umsókninni skal framleiðandinn afhenda upplýsingamöppu sem útskýrir til fulls allar smíðaeiningar sem hafa áhrif á losun, mengunarvarnaraðferð hreyfilkerfisins, hvernig hreyfilkerfið stýrir frálagsbreytum sem skipta máli að því er varðar losun, hvort sem sú stýring er bein eða óbein, og sem útskýrir til fulls viðvörunar- og viðbragðsþvingandi kerfi sem krafist er skv. 4. og 5. kafla XIII. viðauka. Upplýsingamappan skal innihalda eftirfarandi, að meðtöldum upplýsingunum sem kveðið er á um í 8. lið I. viðauka:

a) formlega upplýsingamöppu sem viðurkenningaryfirvöld halda eftir. Heimilt er að afhenda hagsmunaaðilum upplýsingamöppuna óski þeir eftir því,

b) ítarlegri upplýsingamöppu sem skal vera trúnaðarmál, ítarlega upplýsingamappan getur verið í vörslu viðurkenningayfirvaldsins eða framleiðandinn haldið henni eftir með leyfi viðurkenningaryfirvaldsins, en hún skal vera tiltæk viðurkenningaryfirvaldinu til skoðunar þegar viðurkenning fer fram eða hvenær sem er meðan viðurkenningin er í gildi. Ef framleiðandinn heldur upplýsingamöppunni eftir skal viðurkenningaryfirvaldið gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að skjölunum verði ekki breytt eftir að viðurkenning hefur verið veitt.

4. Auk upplýsinganna sem um getur í 3. mgr. skal framleiðandinn leggja fram eftirfarandi upplýsingar:

a) þegar um er að ræða rafkveikjuhreyfla, yfirlýsingu frá framleiðanda um lágmarkshundraðshluta miskveikinga miðað við heildarfjölda kveikinga sem ylli losun yfir viðmiðunarmörkum sem sett eru fram í X. viðauka ef sá hundraðshluti miskveikinga hefði verið til staðar frá upphafi losunarprófunarinnar sem sett er fram í III. viðauka eða gæti haft í för með sér ofhitnun hvarfakúts eða hvarfakúta sem aftur gæti valdið óbætanlegum skaða,

b) lýsingu á þeim ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni að hindra að átt sé við stjórntölvu mengunarvarnarbúnaðarins eða henni breytt, þ.m.t. möguleikanum á uppfærslu með notkun forrits eða kvörðunar sem framleiðandi hefur samþykkt,

c) skjöl sem gera grein fyrir innbyggða greiningarkerfinu í samræmi við kröfurnar sem eru settar fram í 5. lið X. viðauka,

d) upplýsingar sem tengjast innbyggða greiningarkerfinu og varða aðgang að því og upplýsingar um viðgerðir og viðhald, í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar,

e) yfirlýsingu um að losun utan lotu uppfylli kröfur 14. gr. og 9. liðar VI. viðauka,

f) yfirlýsingu um að frammistaða innbyggða greiningarkerfisins við notkun uppfylli kröfur 6. viðbætis við X. viðauka,

g) yfirlýsingu um að kröfur um aðgang að innbyggða greiningarkerfinu og upplýsingum um viðgerðir og viðhald séu uppfylltar,

h) upphaflegu áætlunina um prófun ökutækja sem eru í notkun í samræmi við lið 2.4 í II. viðauka,

i) eftir því sem við á afrit af öðrum gerðarviðurkenningum með viðeigandi upplýsingum til að gera rýmkun viðurkenninga og ákvörðun spillistuðla mögulega.

5. Framleiðandi skal láta tækniþjónustunni sem annast gerðarviðurkenningarprófanir í té hreyfil eða, eftir því sem við á, stofnhreyfil sem er dæmigerður fyrir gerðina sem á að viðurkenna.

6. Breytingar á tegund kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem eiga sér stað eftir gerðarviðurkenningu skulu ekki fella gerðarviðurkenningu sjálfkrafa úr gildi nema upphaflegir eiginleikar eða tæknilegir mæliþættir breytist þannig að það hafi áhrif á virkni hreyfils eða mengunarvarnarkerfis.

6. gr.

Stjórnsýsluákvæði um EB-gerðarviðurkenningu fyrir hreyfilkerfi eða hóp hreyfla sem aðskilinnar tæknieiningar

1. Ef allar viðeigandi kröfur eru uppfylltar skal viðurkenningaryfirvaldið veita EB-gerðarviðurkenningu fyrir hreyfilkerfi eða hóp hreyfla sem aðskilinnar tæknieiningar og gerðarviðurkenningarnúmer í samræmi við númerakerfið sem sett er fram í VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

Með fyrirvara um ákvæði VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB skal 3. þáttur í gerðarviðurkenningarnúmerinu settur saman í samræmi við 9. viðbæti I. viðauka við þessa reglugerð.

Viðurkenningaryfirvaldi er óheimilt að úthluta annarri gerð hreyfils sama númeri.

2. Þegar EB-gerðarviðurkenning er veitt skv. 1. mgr. skal viðurkenningaryfirvaldið afhenda EB-gerðarviðurkenningarvottorð sem er í samræmi við fyrirmyndina sem er að finna í 5. viðbæti við I. viðauka.

7. gr.

Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu ökutækis með viðurkennt hreyfilkerfi að því er varðar losun og aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis

1. Framleiðandi skal leggja fram umsókn til viðurkenningaryfirvalds um EB-gerðarviðurkenningu ökutækis með viðurkennt hreyfilkerfi að því er varðar losun og aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis.

2. Umsóknin sem um getur í 1. mgr. skal samin í samræmi við fyrirmyndina að upplýsingaskjalinu sem er að finna í 4. viðbæti við I. viðauka. Umsókninni skal fylgja afrit af EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu fyrir hreyfilkerfið eða hóp hreyfla sem aðskilinnar tæknieiningar sem gefið er út í samræmi við 6. gr.

3. Framleiðandinn skal afhenda upplýsingamöppu sem útskýrir til fulls alla þætti viðvörunar- og viðbragðsþvingandi kerfisins sem er í ökutækinu og krafist er skv. XIII. viðauka. Þessa upplýsingamöppu skal afhenda í samræmi við 3. mgr. 5. gr.

4. Auk upplýsinganna sem um getur í 3. mgr. skal framleiðandinn leggja fram eftirfarandi upplýsingar:

a) lýsingu á þeim ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni að hindra að átt sé við stýrieiningar ökutækisins sem þessi reglugerð tekur til, þ.m.t. möguleikanum á uppfærslu með notkun forrits eða kvörðunar sem framleiðandi hefur samþykkt,

b) lýsingu á íhlutum innbyggðra greiningarkerfisins í ökutækinu, í samræmi við kröfur 5. kafla X. viðauka,

c) upplýsingar sem tengjast íhlutum innbyggðra greiningarkerfisins í ökutækinu að því er varðar aðgang að innbyggðra greiningarkerfinu og upplýsingum um viðgerðir og viðhald,

d) yfirlýsingu um að kröfur um aðgang að innbyggðra greiningarkerfinu og upplýsingum um viðgerðir og viðhald séu uppfylltar,

e) ef við á, afritum af öðrum gerðarviðurkenningum með viðeigandi upplýsingum til að gera rýmkun viðurkenninga mögulega.

5. Breytingar á tegund kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tækni-einingar sem eiga sér stað eftir gerðarviðurkenningu skulu ekki fella gerðarviðurkenningu sjálfkrafa úr gildi nema upphaflegir eiginleikar eða tæknilegir mæliþættir breytist þannig að það hafi áhrif á virkni hreyfils eða mengunarvarnarkerfis.

8. gr.

Stjórnsýsluákvæði um EB-gerðarviðurkenningu ökutækis með viðurkennt hreyfilkerfi að því er varðar losun og aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis

1. Ef allar viðeigandi kröfur eru uppfylltar skal viður-kenningaryfirvaldið veita EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki með viðurkennt hreyfilkerfi að því er varðar aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis og gerðar-viðurkenningarnúmer í samræmi við númerakerfið sem sett er fram í VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

Með fyrirvara um ákvæði VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB skal 3. þáttur í gerðarviðurkenningarnúmerinu settur saman í samræmi við 9. viðbæti I. viðauka við þessa reglugerð.

Viðurkenningaryfirvaldi er óheimilt að úthluta annarri gerð ökutækis sama númeri.

2. Þegar EB-gerðarviðurkenning er veitt skv. 1. mgr. skal viðurkenningaryfirvaldið afhenda EB-gerðarviðurkenn-ingarvottorð sem er í samræmi við fyrirmyndina sem er að finna í 6. viðbæti við I. viðauka.

9. gr.

Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu ökutækis að því er varðar losun og aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis

1. Framleiðandi skal leggja fram umsókn til viðurkenn-ingaryfirvalds um EB-gerðarviðurkenningu ökutækis að því er varðar losun og aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis.

2. Umsóknin sem um getur í 1. mgr. skal samin í samræmi við fyrirmyndina að upplýsingaskjalinu sem er að finna í 4. viðbæti við I. viðauka. Í því sambandi gildir 1. og 2. hluti þessa viðbætis.

3. Framleiðandinn skal afhenda upplýsingamöppu sem útskýrir til fulls allar smíðaeiningar sem hafa áhrif á losun, mengunarvarnaraðferð hreyfilkerfisins, hvernig hreyfilkerfið stýrir frálagsbreytum sem skipta máli að því er varðar losun, hvort sem sú stýring er bein eða óbein, og sem útskýrir til fulls viðvörunar- og viðbragðsþvingandi kerfi sem krafist er skv. XIII. viðauka. Þessa upplýsingamöppu skal afhenda í samræmi við 3. mgr. 5. gr.

4. Til viðbótar upplýsingunum sem um getur í 3. mgr. skal framleiðandinn afhenda upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt a-til i-lið 4. mgr. 5. gr. og a- til e-lið 4. mgr. 7. gr.

5. Framleiðandinn skal láta tækniþjónustunni sem annast gerðarviðurkenningarprófanir í té hreyfil sem er dæmigerður fyrir gerðina sem á að viðurkenna.

6. Breytingar á tegund kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem eiga sér stað eftir gerðarviðurkenningu skulu ekki fella gerðarviðurkenningu sjálfkrafa úr gildi nema upphaflegir eiginleikar eða tæknilegir mæliþættir breytist þannig að það hafi áhrif á virkni hreyfils eða mengunarvarnarkerfis.

10. gr.

Stjórnsýsluákvæði um EB-gerðarviðurkenningu ökutækis að því er varðar losun og aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis

1. Ef allar viðeigandi kröfur eru uppfylltar skal viður-kenningaryfirvaldið veita EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki að því er varðar losun og aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis og gerðarviðurkenningarnúmer í samræmi við númerakerfið sem sett er fram í VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

Með fyrirvara um ákvæði VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB skal 3. þáttur í gerðarviðurkenningarnúmerinu settur saman í samræmi við 9. viðbæti I. viðauka við þessa reglugerð.

Viðurkenningaryfirvaldi er óheimilt að úthluta annarri gerð ökutækis sama númeri.

2. Þegar EB-gerðarviðurkenning er veitt skv. 1. mgr. skal viðurkenningaryfirvaldið afhenda EB-gerðarviðurkenningarvottorð sem er í samræmi við fyrirmyndina sem er að finna í 7. viðbæti við I. viðauka.

11. gr.

Samræmi framleiðslu

1. Ráðstafanir til að tryggja samræmi framleiðslu skulu gerðar í samræmi við ákvæði 12. gr. tilskipunar 2007/46/EB.

2. Samræmi framleiðslunnar skal kannað á grundvelli lýsingar sem gefin er í gerðarviðurkenningarvottorðunum, sem er lýst í 5., 6. og 7. viðbæti við I. viðauka, eftir því sem við á.

3. Samræmi framleiðslunnar skal metið í samræmi við sértæku skilyrðin sem um getur í 7. lið I. viðauka og viðeigandi tölfræðilegu aðferðirnar sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. viðbæti við þann viðauka.

12. gr.

Samræmi ökutækja í notkun

1. Ráðstafanir til að tryggja samræmi ökutækja eða hreyfilkerfa í notkun sem eru gerðarviðurkennd samkvæmt þessari reglugerð eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/55/EB ([4]) skulu gerðar í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2007/46/EB, og skulu uppfylla kröfur II. viðauka við þessa reglugerð ef um er að ræða ökutæki eða hreyfilkerfi sem eru gerðarviðurkennd samkvæmt þessari reglugerð og kröfur XII. viðauka við þessa reglugerð ef um er að ræða ökutæki eða hreyfilkerfi sem eru gerðarviðurkennd samkvæmt tilskipun 2005/55/EB.

2. Tæknilegar ráðstafanir, sem framleiðandi grípur til, skulu vera þannig að tryggt sé að losun gegnum útblástursrör sé takmörkuð með skilvirkum hætti allan eðlilegan endingartíma ökutækisins og við eðlileg notkunarskilyrði. Samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar skal kannað á eðlilegum nýtingartími hreyfilkerfis sem komið er fyrir í ökutæki við eðlileg notkunarskilyrði eins og kveðið er á um í II. viðauka við þessa reglugerð.

3. Framleiðandinn skal gefa viðurkenningaryfirvaldinu sem veitti upphaflegu gerðarviðurkenninguna skýrslu um niðurstöður prófunar á ökutækjum sem eru í notkun í samræmi við upphaflegu áætlunina sem var afhent þegar gerðarviðurkenningin fór fram. Rökstyðja skal öll frávik frá upphaflegu áætluninni þannig að viðurkenningaryfirvöld telji viðunandi.

4. Ef viðurkenningaryfirvald, sem veitti upphaflegu viðurkenninguna telur skýrslugjöf framleiðanda í samræmi við 10. lið II. viðauka ófullnægjandi, eða hefur greint frá gögnum sem gefa til kynna að samræmi ökutækja sem eru í notkun sé ófullnægjandi, getur viðurkenningaryfirvald fyrirskipað framleiðandanum að framkvæma prófun í staðfestingarskyni. Viðurkenningaryfirvaldið skal fara yfir skýrslu framleiðandans um samræmisprófunina.

5. Ef viðurkenningaryfirvaldið, sem veitti upphaflegu gerðarviðurkenninguna telur niðurstöður prófana á ökutækjum sem eru í notkun eða staðfestingarprófana í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í II. viðauka, eða sem byggjast á prófun ökutækja sem eru í notkun sem framkvæmd er af aðildarríki ófullnægjandi skal það krefjast þess að framleiðandinn leggi fram áætlun um ráðstafanir til úrbóta á ósamræminu í samræmi við 13. gr. og 9. lið II. viðauka.

6. Sérhverju aðildarríki er heimilt að framkvæma og gefa skýrslu um eftirlitsprófanir sínar á grundvelli aðferðanna sem notaðar skulu við samræmisprófun á ökutækjum sem eru í notkun skv. II. viðauka Skrá skal upplýsingar um öflun, viðhald og þátttöku framleiðanda í aðgerðunum. Að beiðni viðurkenningaryfirvalds skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitti upphaflegu gerðarviðurkenninguna afhenda nauðsynlegar upplýsingar um gerðarviðurkenninguna til að gera prófun í samræmi við aðferðina sem sett er fram í II. viðauka mögulega.

7. Ef aðildarríki sýnir fram á að hreyfill eða gerð ökutækis samræmist ekki viðeigandi kröfum þessarar greinar og II. viðauka skal það án tafar í gegnum eigin viðurkenningaryfirvald senda því viðurkenningaryfirvaldi, sem veitti upprunalegu gerðarviðurkenninguna, tilkynningu í samræmi við kröfur 3. mgr. 30. gr. tilskipunar 2007/46/EB.

Í kjölfar tilkynningarinnar og með fyrirvara um 6. mgr. 30. gr. tilskipunar 2007/46/EB skal viðurkenningaryfirvald þess aðildarríkis, sem veitti upprunalegu gerðarviðurkenninguna, þegar í stað tilkynna framleiðandanum að hreyfill eða gerð ökutækis uppfylli ekki kröfur þessara ákvæða.

8. Í kjölfar tilkynningar sem um getur í 7. mgr. og í tilvikum þar sem fyrri prófanir á samræmi ökutækja sem eru í notkun sýndu fram á samræmi, getur viðurkenningaryfirvald sem veitti upphaflegu gerðarviðurkenninguna krafist þess að framleiðandinn framkvæmi frekari staðfestingarprófanir að höfðu samráði við sérfræðinga aðildarríkisins sem tilkynnti um ökutækið sem uppfyllti ekki kröfur.

Ef engin slík prófunargögn eru fyrir hendi skal framleiðandinn, innan 60 virkra daga frá móttöku tilkynningarinnar sem um getur í 7. mgr., annað hvort afhenda viðurkenningaryfirvaldinu sem veitti upphaflegu gerðarviðurkenninguna áætlun um ráðstafanir til úrbóta í samræmi við 13. gr. eða framkvæma frekari prófanir á samræmi ökutækja sem eru í notkun við sambærilegt ökutæki til að sannreyna að gerð hreyfils eða ökutækis uppfylli ekki kröfurnar. Ef framleiðandinn getur sýnt viðurkenningaryfirvöldum fram á með fullnægjandi hætti að meiri tíma þurfi til að framkvæma frekari prófanir er heimilt að veita aukinn frest.

9. Sérfræðingum aðildarríkisins sem tilkynnti um gerð hreyfils eða ökutækis sem uppfyllti ekki kröfur í samræmi við 7. mgr. skal boðið að vera viðstaddir prófun á samræmi ökutækja í notkun sem um getur í 8. mgr. Að auki skal þessu aðildarríki og viðurkenningaryfirvöldum tilkynnt um niðurstöður prófananna.

([4]) Stjtíð. ESB L 275, 20.10.2005, bls. 1.

Ef þessar prófanir á samræmi ökutækja sem eru í notkun eða staðfestingarprófanir staðfesta ósamræmi hreyfils- eða ökutækjagerðarinnar, skal viðurkenningaryfirvaldið krefjast þess að framleiðandinn leggi fram áætlun um ráðstafanir til að bæta úr ósamræminu. Áætlunin um ráðstafanir til úrbóta skall vera í samræmi við ákvæði 13. gr. og 9. liðar II. viðauka.

Ef þessar prófanir á samræmi ökutækja sem eru í notkun eða staðfestingarprófanir sýna fram á samræmi skal framleiðandinn leggja fram skýrslu til viðurkenningaryfirvaldsins sem veitti upphaflegu gerðarviðurkenninguna. Viðurkenningaryfirvaldið sem veitti upphaflegu gerðarviðurkenninguna skulu afhenda skýrsluna til aðildarríkisins sem tilkynnti um ökutækjagerðina sem uppfyllti ekki kröfur og viðurkenningaryfirvalda. Hún skal innihalda niðurstöður prófana skv. 10. lið II. viðauka.

10. Viðurkenningaryfirvaldið sem veitti upphaflegu gerðarviðurkenninguna skal halda aðildarríkinu sem sýndi fram á að hreyfil- eða ökutækjagerðin uppfyllti ekki viðeigandi kröfur upplýstu um framgang og niðurstöður viðræðna við framleiðandann, sannprófana og ráðstafana til úrbóta.

13. gr.

Ráðstafanir til úrbóta

1. Að beiðni viðurkenningaryfirvalds og í kjölfar prófunar á samræmi ökutækja sem eru í notkun í samræmi við 12. gr. skal framleiðandinn afhenda viðurkenningaryfirvaldinu áætlun um ráðstafanir til úrbóta eigi síðar en 60 virkum dögum frá móttöku tilkynningar frá viðurkenningaryfirvaldinu. Framlengja skal frestinn ef framleiðandi getur sýnt fram á, svo viðurkenningaryfirvöldum líki, að meiri tíma þurfi til að rannsaka ástæðu misræmisins og til að leggja fram áætlun um ráðstafanir til úrbóta.

2. Ráðstafanirnar til úrbóta skulu gilda um alla hreyfla í notkun sem tilheyra sömu hreyflahópum eða hópum hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi og skulu víkkaðar út þannig að þær taki einnig til hreyflahópa eða hópa hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi sem líklegt er að séu með sömu galla. Framleiðandinn skal meta hvort þörf sé á að breyta gerðarviðurkenningarskjölunum og tilkynna viðurkenningaryfirvöldum um niðurstöðuna.

3. Viðurkenningaryfirvaldið skal hafa samráð við framleiðandann í því skyni að ná samkomulagi um áætlun um ráðstafanir til úrbóta og um að hrinda henni í framkvæmd. Ef viðurkenningaryfirvaldið sem veitti upprunalegu gerðarviðurkenninguna, kemst að þeirri niðurstöðu að ekki náist samkomulag skal hefja málsmeðferðina sem sett er fram í 1. og 5. mgr. 30. gr. tilskipunar 2007/46/EB.

4. Viðurkenningaryfirvald skal samþykkja eða hafna áætlun framleiðanda um ráðstafanir til úrbóta innan 30 virkra daga frá því að það veitti henni móttöku. Innan sömu tímamarka skal viðurkenningaryfirvald einnig tilkynna framleiðandanum og öllum aðildarríkjum um ákvörðum sína um að samþykkja eða hafna áætluninni um ráðstafanir til úrbóta.

5. Framleiðandinn skal bera ábyrgð á framkvæmd hinnar samþykktu áætlunar um ráðstafanir til úrbóta.

6. Framleiðandinn skal halda skrá yfir öll hreyfilkerfi eða ökutæki sem eru innkölluð og gert er við eða breytt og hvaða verkstæði framkvæmdi viðgerðina. Viðurkenningaryfirvaldið skal hafa aðgang að skránni samkvæmt beiðni á meðan áætlunin stendur yfir og í fimm ár eftir að henni er lokið.

7. Skrá ber sérhverja viðgerð eða breytingu sem um getur í 6. mgr. í vottorð sem framleiðandinn lætur eiganda hreyfilsins eða ökutækisins í té.

14. gr.

Kröfur um að takmarka losun utan lotu

1. Framleiðandinn skal gera allar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru, í samræmi við þessa reglugerð og 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009, til að tryggja að losun gegnum útblástursrör sé takmörkuð með skilvirkum hætti allan eðlilegan notkunartíma ökutækisins og við öll eðlileg notkunarskilyrði.

Þessar ráðstafanir skulu taka mið af eftirfarandi:

a) almennum kröfum, þ.m.t. kröfum um frammistöðu og banninu gegn temprunaraðferðum,

b) kröfunum um að takmarka losun gegnum útblástursrör með skilvirkum hætti við þau umhverfisskilyrði sem gera má ráð fyrir að ökutækið verði notað við, sem og hin ýmsu notkunarskilyrði sem vænta má,

c) kröfunum um prófun utan lotu á rannsóknarstofu þegar gerðarviðurkenning fer fram,

d) öllum viðbótarkröfum að því er varðar prófun ökutækja sem eru í notkun utan lotu sem kveðið er á um í þessari reglugerð,

e) kröfunni um að framleiðandi afhendi yfirlýsingu um að kröfur um takmörkun losunar utan lotu séu uppfylltar.

2. Framleiðandinn skal uppfylla þessar sértæku kröfur sem og þær prófunaraðferðir sem þeim tengjast eins og lýst er í VI. viðauka.

3. Allar viðbótarkröfur að því er varðar prófun ökutækja sem eru í notkun utan lotu sem um getur í d-lið 1. mgr. skulu innleiddar í kjölfar mats á aðferðunum þar sem notuð eru færanleg mælikerfi fyrir losun sem settar eru fram í II. viðauka. Matinu skal lokið eigi síðar en 31. desember 2014.

15. gr.

Mengunarvarnarbúnaður

1. Framleiðandinn skal tryggja að endurnýjunarmengunarva rnarbúnaður sem ætlaður er til ísetningar í EB-gerðarviðurkennd hreyfilkerfi eða ökutæki sem falla undir reglugerð (EB) nr. 595/2009 sé EB-gerðarviðurkenndur sem aðskilin tæknieining í samræmi við kröfur þessarar greinar og 16. og 17. gr.

Hvarfakútar, afoxunarbúnaður fyrir köfnunarefnisoxíð og agnasíur skulu teljast mengunarvarnarbúnaður að því er þessa reglugerð varðar.

2. Upprunalegur endurnýjunarmengunarvarnarbúnaður af gerð, sem fellur undir lið 3.2.12 í 4. viðbæti við I. viðauka, sem er ætlaður til ísetningar í ökutæki sem viðeigandi gerðarviðurkenningarskjal á við um, þarf ekki að vera í samræmi við öll ákvæði XI. viðauka að því tilskildu að hann uppfylli kröfurnar sem koma fram í liðum 2.1, 2.2. og 2.3 í þeim viðauka.

3. Framleiðandinn skal tryggja að upprunalegur endurnýjun armengunarvarnarbúnaður beri auðkennismerki.

4. Auðkennismerkið, sem um getur í 3. mgr., skal samanstanda af:

a) nafni eða vörumerki framleiðanda ökutækisins eða hreyfilsins,

b) tegund og einkennandi hlutanúmeri upprunalega endurn ýjunarmengunarvarnarbúnaðarins eins og það er skráð í upplýsingunum sem um getur í lið 3.2.12.2 í 4. viðbæti við I. viðauka.

5. Einungis skal gerðarviðurkenna endurnýjunarmengunar-varnarbúnað í samræmi við reglugerð (EB) nr. 595/2009 og þessa reglugerð þegar sértæku prófunarkröfurnar hafa verið teknar upp í XI. viðauka við þessa reglugerð.

16. gr.

Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu á endurnýjunarme ngunarvarnarbúnaði sem aðskilinnar tæknieiningar

1. Framleiðandi skal leggja fyrir viðurkenningaryfirvald umsókn um EB-gerðarviðurkenningu á gerð endurnýjunarmen gunarvarnarbúnaðar sem aðskilinnar tæknieiningar.

2. Umsóknin skal samin í samræmi við fyrirmyndina að upplýsingaskjalinu sem er að finna í 1. viðbæti við XI. viðauka.

3. Framleiðandinn skal leggja fram yfirlýsingu um að kröfur um aðgang að innbyggða greiningarkerfinu og upplýsingum um viðgerðir og viðhald séu uppfylltar.

4. Framleiðandinn skal láta tækniþjónustunni, sem annast gerðarviðurkenningarprófun, eftirfarandi í té:

a) hreyfilkerfi af gerð sem er viðurkennd í samræmi við þessa reglugerð og búið nýjum, upprunalegum mengunar-varnarbúnaði,

b) eitt eintak af gerð endurnýjunarmengunarvarnarbún-aðarins,

c) viðbótareintak af endurnýjunarmengunarvarnarbúnaði af sömu gerð ef setja á endurnýjunarmengunarvarnarbúnaði nn í ökutæki með innbyggðu greiningarkerfi.

5. Að því er varðar a-lið 4. mgr. skal umsækjandi velja prófunarhreyflana að fengnu samþykki viðurkenningar-yfirvaldsins.

Prófunarskilyrðin skulu uppfylla kröfurnar í 6. lið viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

Prófunarhreyflarnir skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) mengunarvarnarkerfi þeirra skulu vera gallalaus,

b) gera skal við eða skipta um alla upprunalega hluti sem tengjast losun og eru bilaðir eða mikið slitnir,

c) þau skulu vera rétt stillt og í stöðu sem sagt er fyrir um í forskrift framleiðanda áður en losunarprófun er gerð.

6. Að því er varðar b- og c-lið 4. mgr. skal eintakið greinilega og óafmáanlega merkt með viðskiptaheiti eða vörumerki umsækjanda.

7. Eintakið skal vera hæfur íhlutur sem hefur verið spillt að því er varðar c-lið 4. mgr.

17. gr.

Stjórnsýsluákvæði um EB-gerðarviðurkenningu end urnýjunarmengunarvarnarbúnaðar sem aðskilinnar tæknieiningar

1. Ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar skulu viður-kenningaryfirvöld veita endurnýjunarmengunarvarnarbúnað i EB-gerðarviðurkenningu sem aðskilinnar tæknieiningar og gerðarviðurkenningarnúmer í samræmi við númerakerfið sem sett er fram í VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

Viðurkenningaryfirvaldið skal ekki úthluta annarri gerð endur nýjunarmengunarvarnarbúnaðar sama númeri.

Sama gerðarviðurkenningarnúmer getur náð yfir notkun þessarar gerðar endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðar á mismunandi gerðum ökutækja eða hreyfla.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal viðurkenningaryfirvaldið gefa út EB-gerðarviðurkenningarvottorð sem er í samræmi við fyrirmyndina sem er að finna í 2. viðbæti við XI. viðauka.

3. Ef framleiðandi getur sýnt viðurkenningaryfirvaldinu fram á að endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðurinn sé af gerð, sem um getur í lið 3.2.12.2 í 4. viðbæti við I. viðauka, skal veiting gerðarviðurkenningar ekki vera háð sannprófun á að kröfurnar sem settar eru fram í 4. kafla XI. viðauka séu uppfylltar.

18. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 595/2009

Reglugerð (EB) nr. 595/2009 er breytt í samræmi við XV. viðauka við þessa reglugerð.

19. gr.

Breytingar á tilskipun 2007/46/EB

Tilskipun 2007/46/EB er breytt í samræmi við XVI. viðauka við þessa tilskipun.

20. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 25. maí 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Forseti

José Manuel BARROSO

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

I. VIÐAUKI	Stjórnsýsluákvæði um EB-gerðarviðurkenningu
1. viðbætir	Aðferð við prófun á samræmi framleiðslu ef staðalfrávik er fullnægjandi
2. viðbætir	Aðferð við prófun á samræmi framleiðslu ef staðalfrávik er ófullnægjandi eða ekki fyrirliggjandi
3. viðbætir	Aðferð við prófun á samræmi framleiðslu að beiðni framleiðanda
4. viðbætir	Fyrirmyndir að upplýsingaskjali
5. viðbætir	Fyrirmyndir að EB-gerðarviðurkenningarvottorði hreyfilgerðar/íhlutar sem aðskilinnar tæknieiningar.
6. viðbætir	Fyrirmyndir að EB-gerðarviðurkenningarvottorði ökutækjagerðar sem er með viðurkenndan hreyfil.
7. viðbætir	Fyrirmyndir að EB-gerðarviðurkenningarvottorði ökutækjagerðar með tilliti til kerfis
8. viðbætir	Dæmi um EB-gerðarviðurkenningarmerki
9. viðbætir	Númerakerfi EB-gerðarviðurkenningarvottorðs
10. viðbætir	Skýringar
II. VIÐAUKI	Samræmi hreyfla eða ökutækja í notkun
1. viðbætir	Prófunaraðferð sem notuð er til að prófa losun ökutækja með færanlegum mælikerfum fyrir losun
2. viðbætir	Færanlegur mælibúnaður
3. viðbætir	Kvörðun færanlegs mælibúnaðar
4. viðbætir	Aðferð til að kanna samræmi snúningsvægismerkis frá rafstýrieiningunni
III. VIÐAUKI	Sannprófun á losun með útblæstri
1. viðbætir	Aðferð við mælingu ammoníaks
2. viðbætir	Ákvörðun á losun frá rafkveikjuhreyflum sem knúnir eru með bensíni eða E85
IV. VIÐAUKI	Gögn um losun mengunarefna sem krafist er við gerðarviðurkenningu vegna akstursháefni
V. VIÐAUKI	Sannprófun á losun lofttegunda frá sveifarhúsi
VI. VIÐAUKI	Kröfur um að takmarka losun utan lotu (OCE) og losun við notkun
VII. VIÐAUKI	Sannprófun á endingu hreyfilkerfa
VIII. VIÐAUKI	Losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun
1. viðbætir	Ákvæði um losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun vegna rýmkunar EB-gerðarviðurkenningar fyrir ökutæki sem eru gerðarviðurkennd samkvæmt reglugerð (EB) nr. 595/2009 og þessari reglugerð og eru með viðmiðunarmassa sem er meiri en 2380 kg en ekki meiri en 2610 kg.
IX. VIÐAUKI	Forskriftir fyrir viðmiðunareldsneyti
X. VIÐAUKI	Innbyggð greiningarkerfi (OBD)
1. viðbætir	Viðbótarkröfur um vöktun
2. viðbætir	Vöktun á frammistöðu

3. viðbætir	Sýnikröfur að því er varðar vöktun á frammistöðu dísilagnasíu sem notar veggstreymi
4. viðbætir	Mat á frammistöðu innbyggðs greiningarkerfis við notkun
5. viðbætir	Mat á frammistöðu innbyggðs greiningarkerfis í notkun á tímabili þegar það er tekið í notkun í áföngum
6. viðbætir	Fyrirmynd að samræmisyfirlýsingu um frammistöðu innbyggðs greiningarkerfis við notkun
XI. VIÐAUKI	EB-gerðarviðurkenning fyrir endurnýjunarmengunarvarnarbúnað sem telst aðskilin tæknieining
1. viðbætir	Fyrirmynd að upplýsingaskjali
2. viðbætir	Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarvottorði
3. viðbætir	Öldrunaraðferð sem notuð er við mat á endingu
XII. VIÐAUKI	Samræmi hreyfla og ökutækja í notkun sem eru gerðarviðurkennd samkvæmt tilskipun 2005/55/EB
XIII. VIÐAUKI	Kröfur um að tryggja rétta virkni NO_x-varnarráðstafana
1. viðbætir	Sýnikröfur
2. viðbætir	Lýsing á því hvernig viðvörunar- og viðbragðsþvingandi kerfi fyrir ökumann eru virkjuð og gerð óvirk.
3. viðbætir	Kerfi fyrir lækkun snúningsvægis að því er varðar væga viðbragðsþvingun
4. viðbætir	Rétt ísetning í ökutæki sýnd ef um er að ræða hreyfla sem eru EB-gerðarviðurkenndir sem aðskildar tæknieiningar
5. viðbætir	Aðgangur að upplýsingum um NO_x-varnir
6. viðbætir	Lægsti ásættanlegi styrkur virks efnis CD_{min} sýndur
XIV. VIÐAUKI	Mæling á nettóafli hreyfils
XV. VIÐAUKI	Breytingar á reglugerð (EB) nr. 595/2009
XVI. VIÐAUKI	Breytingar á tilskipun 2007/46/EB

———

I. VIÐAUKI

STJÓRNSÝSLUÁKVÆÐI UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU

1. KRÖFUR UM ELDSNEYTISFLOKKA

1.1. **Kröfur um gerðarviðurkenningu flokka almenns eldsneytis**

Viðurkenning að því er varðar flokka almenns eldsneytis skal veitt með fyrirvara um kröfurnar sem settar eru fram í liðum 1.1.1 til 1.1.6.1.

1.1.1. Stofnhreyfillinn skal uppfylla kröfur þessarar reglugerðar um viðeigandi viðmiðunareldsneyti sem tilgreind eru í IX. viðauka. Hreyflar sem knúnir eru jarðgasi skulu uppfylla sérstakar kröfur eins og mælt er fyrir um í lið 1.1.3.

1.1.2. Ef framleiðandi heimilar að hreyflahópur sé knúinn markaðseldsneyti sem fellur ekki undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB ([5]) og EN 228 CEN-staðlana ef um er að ræða blýlaust bensín og EN 590 CEN-staðalinn ef um er að ræða dísilolíu, s.s. B100, skal framleiðandinn, til viðbótar kröfunum í lið 1.1.1:

a) tilgreina það eldsneyti sem hægt er knýja hreyflahópinn með í lið 3.2.2.2.1 í 1. hluta 4. viðbætis,

b) sýna fram á að stofnhreyfillinn geti uppfyllt kröfur þessarar reglugerðar um tilgreint eldsneyti,

c) bera ábyrgð á því að uppfylla kröfur um samræmi ökutækja sem eru í notkun sem tilgreindar eru í II. viðauka að því er varðar tilgreint eldsneyti, þ.m.t. allar blöndur tilgreinds eldsneytis og þess markaðseldsneytis sem falla undir tilskipun 98/70/EB og viðeigandi CEN-staðla.

1.1.3. Í tilviki hreyfla sem knúnir eru jarðgasi skal framleiðandinn sýna fram á að hægt sé að laga stofnhreyfillinn að öllum samsetningum eldsneytis sem kunna að finnast á markaðnum innan Evrópusambandsins.

Þegar um er að ræða jarðgas koma yfirleitt tvær gerðir eldsneytis við sögu, eldsneyti með hátt varmagildi (H-gas) og eldsneyti með lágt varmagildi (L-gas) en umtalsverð dreifing er innan beggja flokka; marktækur munur er á orkuinnihaldi þeirra, sem táknað er með Wobbe-stuðlinum, og á λ-vikstuðli (S_λ) þeirra. Jarðgas með λ-vikstuðul milli 0,89 og 1,08 ($0,89 \leq S_\lambda \leq 1,08$) er talið tilheyra H-flokki, meðan jarðgas með λ-vikstuðul milli 1,08 og 1,19 ($1,08 \leq S_\lambda \leq 1,19$) er talið tilheyra L-flokki. Samsetning viðmiðunareldsneytisins endurspeglar hinn mikla breytileika S_λ.

Stofnhreyfillinn skal uppfylla kröfur í þessari reglugerð varðandi viðmiðunareldsneyti af tegundunum G_R (eldsneyti 1) og G_{25} (eldsneyti 2), eins og tilgreint er í IX. viðauka, án nokkurrar endurstillingar á eldsneytismötun milli prófananna tveggja. Eftir að skipt er um eldsneyti er heimilt að framkvæma eina aðlögunartilkeyrslu í eina WHTC lotu með heitræsingu án mælinga. Að lokinni aðlögunartilkeyrslu skal kæla hreyfilinn niður í samræmi við lið 7.6.1 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

1.1.3.1. Að ósk framleiðanda má prófa hreyfilinn á þriðja eldsneytinu (eldsneyti 3) ef λ-vikstuðull þess (S_λ) er einhvers staðar á milli 0,89 (þ.e. lægri flokkur G_R) og 1,19 (þ.e. hærri flokkur G_{25}), t.d. þegar eldsneyti 3 er markaðseldsneyti. Niðurstöður þessarar prófunar má leggja til grundvallar mati á samræmi framleiðslunnar.

1.1.4. Þegar um er að ræða hreyfil sem er knúinn jarðgasi og er með sjálfvirka aðlögun hvað varðar eldsneyti í H-gasflokki annars vegar og L-gasflokki hins vegar og skipta má milli H-flokks og L-flokks með því að nota rofa, skal prófa stofnhreyfilinn með viðeigandi viðmiðunareldsneyti eins og tilgreint er í IX. viðauka fyrir hvorn flokk við báðar stillingar rofans. Eldsneytið sem um ræðir er G_R (eldsneyti 1) og G_{23} (eldsneyti 3) í H-gasflokki, og G_{25} (eldsneyti 2) og G_{23} (eldsneyti 3) í L-gasflokki. Stofnhreyfillinn skal uppfylla kröfur í þessari reglugerð án nokkurrar endurstillingar á eldsneytismötun milli prófananna tveggja við báðar stillingar rofans. Eftir að skipt er um eldsneyti er heimilt að framkvæma eina aðlögunartilkeyrslu í eina WHTC lotu með heitræsingu án mælinga. Að lokinni aðlögunartilkeyrslu skal kæla hreyfilinn niður í samræmi við lið 7.6.1 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

1.1.4.1. Að ósk framleiðanda má prófa hreyfilinn með þriðja eldsneytinu í stað G_{23} (eldsneyti 3) ef λ-vikstuðull þess (S_λ) er einhvers staðar á milli 0,89 (þ.e. lægri flokkur G_R) og 1,19 (þ.e. hærri flokkur G_{25}), t.d. þegar eldsneyti 3 er markaðseldsneyti. Niðurstöður þessarar prófunar má leggja til grundvallar mati á samræmi framleiðslunnar.

([5]) Stjtíð. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58.

1.1.5. Þegar um hreyfla knúna jarðgasi er að ræða skal reikna hlutfall losunarniðurstaðna „r“ út fyrir hvert mengunarefni á eftirfarandi hátt:

$$r = \frac{\text{losunarniðurstaða með viðmiðunareldsneyti 2}}{\text{losunarniðurstaða með viðmiðunareldsneyti 1}}$$

, eða

$$r_a = \frac{\text{losunarniðurstaða með viðmiðunareldsneyti 2}}{\text{losunarniðurstaða með viðmiðunareldsneyti 3}}$$

, og

$$r_b = \frac{\text{losunarniðurstaða með viðmiðunareldsneyti 1}}{\text{losunarniðurstaða með viðmiðunareldsneyti 3}}$$

1.1.6. Þegar um fljótandi jarðolíugas er að ræða skal framleiðandinn sýna fram á að hægt sé að laga stofnhreyfilinn að öllum samsetningum eldsneytis sem kunna að finnast á markaðnum.

Þegar um fljótandi jarðolíugas er að ræða er samsetning C_3/C_4 breytileg. Sá breytileiki endurspeglast í hinum ýmsu tegundum viðmiðunareldsneytis. Stofnhreyfillinn skal uppfylla losunarkröfur varðandi viðmiðunareldsneytið af tegundunum A og B, eins og tilgreint er í IX. viðauka, án nokkurrar endurstillingar á eldsneytismótun milli prófananna tveggja. Eftir að skipt er um eldsneyti er heimilt að framkvæma eina aðlögunartilkeyrslu í eina WHTC-lotu með heitræsingu án mælinga. Að lokinni aðlögunartilkeyrslu skal kæla hreyfilinn niður í samræmi við lið 7.6.1 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

1.1.6.1. Hlutfall losunarniðurstaðna „r“ skal reikna út fyrir hvert mengunarefni á eftirfarandi hátt:

$$r = \frac{\text{losunarniðurstaða með viðmiðunareldsneyti A}}{\text{losunarniðurstaða með viðmiðunareldsneyti B}}$$

1.2. **Kröfur um gerðarviðurkenningu sem er takmörkuð við ákveðna flokka eldsneytis í tilviki rafkveikjuhreyfla sem eru knúnir jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi**

Gerðarviðurkenning sem er takmörkuð við ákveðna flokka eldsneytis skal veitt með fyrirvara um kröfurnar sem tilgreindar eru í liðum 1.2.1 til 1.2.2.3.

1.2.1. Gerðarviðurkenning, með tilliti til losunar með útblæstri, á hreyfli sem knúinn er jarðgasi og er hannaður til að ganga fyrir eldsneyti sem er annað hvort í H-gasflokki eða í L-gasflokki.

Prófa skal stofnhreyfilinn með viðeigandi viðmiðunareldsneyti eins og tilgreint er í IX. viðauka fyrir viðkomandi flokk. Eldsneytið sem um ræðir er G_R (eldsneyti 1) og G_{23} (eldsneyti 3) í H-gasflokki, og G_{25} (eldsneyti 2) og G_{23} (eldsneyti 3) í L-gasflokki. Stofnhreyfillinn skal uppfylla kröfur þessarar reglugerðar án nokkurrar endurstillingar á eldsneytismótun milli prófananna tveggja. Eftir að skipt er um eldsneyti er heimilt að framkvæma eina aðlögunartilkeyrslu í eina WHTC lotu með heitræsingu án mælinga. Að lokinni aðlögunartilkeyrslu skal kæla hreyfilinn niður í samræmi við lið 7.6.1 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

1.2.1.1. Að ósk framleiðanda má prófa hreyfilinn með þriðja eldsneytinu í stað G_{23} (eldsneyti 3) ef λ-vikstuðull þess (S_λ) er einhvers staðar á milli 0,89 (þ.e. lægri flokkur G_R) og 1,19 (þ.e. hærri flokkur G_{25}), t.d. þegar eldsneyti 3 er á markaðnum. Niðurstöður þessarar prófunar má leggja til grundvallar mati á samræmi framleiðslunnar.

1.2.1.2. Hlutfall losunarniðurstaðna „r“ skal reikna út fyrir hvert mengunarefni á eftirfarandi hátt:

$$r = \frac{\text{losunarniðurstaða með viðmiðunareldsneyti 2}}{\text{losunarniðurstaða með viðmiðunareldsneyti 1}}$$

, eða

$$r_a = \frac{\text{losunarniðurstaða með viðmiðunareldsneyti 2}}{\text{losunarniðurstaða með viðmiðunareldsneyti 3}}$$

, og

$$r_b = \frac{\text{losunarniðurstaða með viðmiðunareldsneyti 1}}{\text{losunarniðurstaða með viðmiðunareldsneyti 3}}$$

1.2.1.3. Þegar viðskiptavinurinn fær hreyfilinn afhentan skal vera á honum merkimiði eins og tilgreint er í lið 3.3 þar sem fram kemur fyrir hvaða gasflokk hreyfillinn er viðurkenndur.

1.2.2. Gerðarviðurkenning, með tilliti til losunar með útblæstri, á hreyfli sem knúinn er með jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi og er hannaður til að ganga fyrir eldsneyti með einni tiltekinni samsetningu.

Stofnhreyfillinn skal uppfylla lágmarkskröfur um viðmiðunareldsneyti af tegundunum G_R og G_{25} þegar um jarðgas er að ræða, eða um viðmiðunareldsneyti af tegundunum A og B þegar um fljótandi jarðolíugas er að ræða, eins og tilgreint er í IX. viðauka. Heimilt er að finstilla eldsneytiskerfið milli prófana. Slík finstilling felur í sér endurkvörðun á gagnagrunni eldsneytiskerfisins án breytinga á grunnstýringaraðferðinni eða á grundvallaruppbyggingu gagnagrunnsins. Ef nauðsyn krefur eru skipti heimil á hlutum sem beinlínis tengjast magni eldsneytisstreymis, t.d. úðurum í innsprautunarlokum.

1.2.2.1. Ef framleiðandi óskar þess má prófa hreyfilinn með viðmiðunareldsneyti af tegundunum G_R og G_{23}, eða með viðmiðunareldsneyti G_{25} og G_{23}, en þá gildir gerðarviðurkenningin eingöngu um eldsneyti í H-gasflokki eða, ef við á, í L-gasflokki eftir því um hvers konar eldsneyti er að ræða.

1.2.2.2. Þegar viðskiptavinurinn fær hreyfilinn afhentan skal vera á honum merkimiði eins og tilgreint er í lið 3.3 þar sem fram kemur fyrir hvaða samsetningu eldsneytis hreyfillinn er kvarðaður.

2. GERÐARVIÐURKENNING, MEÐ TILLITI TIL LOSUNAR MEÐ ÚTBLÆSTRI, Á HREYFLI SEM TILHEYRIR ÁKVEÐNUM HREYFLAHÓPI

2.1. Ef frá er talið tilvikið sem um getur í lið 2.2 skal viðurkenning stofnhreyfils rýmkuð þannig að hún nái til allra hreyfla í hreyflahópnum án frekari prófunar að því er varðar allar samsetningar eldsneytis innan þess eldsneytisflokks sem stofnhreyfillinn hefur fengið viðurkenningu fyrir (ef um er að ræða hreyfla sem lýst er í lið 1.2.2) eða innan sama eldsneytisflokks (ef um er að ræða hreyfla sem lýst er annað hvort í lið 1.1 eða 1.2) og stofnhreyfillinn hefur fengið gerðarviðurkenningu fyrir.

2.2. Ef tækniþjónustan telur að umsóknin sé, að því er varðar stofnhreyfilinn sem valinn hefur verið, ekki fyllilega dæmigerð fyrir þann hreyflahóp sem skilgreindur er í 1. hluta 4. viðbætis, getur hún valið og prófað annars konar hreyfil og, ef þörf krefur, annan viðmiðunarprófunarhreyfil.

3. MERKING HREYFLA

3.1. Þegar um er að ræða hreyfilgerð sem hefur verið viðurkennd sem aðskilin tæknieining eða ökutækjagerð sem hefur verið viðurkennd að því er varðar losun og aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis, skal hreyfillinn bera:

a) vörumerki eða viðskiptaheiti framleiðanda hreyfilsins,

b) verslunarheitið sem framleiðandinn hefur gefið hreyflinum,

c) í tilviki jarðgashreyfils skal setja eina af eftirtöldum merkingum á eftir EB-gerðarviðurkenningarmerkinu:

i. H ef um er að ræða hreyfil sem er viðurkenndur og kvarðaður fyrir H-gasflokk,

ii. L ef um er að ræða hreyfil sem er viðurkenndur og kvarðaður fyrir L-gasflokk,

iii. HL ef um er að ræða hreyfil sem er viðurkenndur og kvarðaður bæði fyrir H-gasflokk og L-gasflokk,

iv. H_t ef um er að ræða hreyfil sem er viðurkenndur og kvarðaður fyrir tiltekna samsetningu gass í H-gasflokki og hægt er að skipta yfir í aðra samsetningu í H-gasflokki með því að finstilla eldsneytiskerfi hreyfilsins,

v. L_t ef um er að ræða hreyfil sem er viðurkenndur og kvarðaður fyrir tiltekna samsetningu gass í L-gasflokki og hægt er að skipta yfir í aðra samsetningu í L-gasflokki eftir finstillingu eldsneytiskerfis hreyfilsins,

vi. HL_t ef um er að ræða hreyfil sem er viðurkenndur og kvarðaður fyrir tiltekna samsetningu gass annað hvort í H-gasflokki eða L-gasflokki og hægt er að skipta yfir í aðra samsetningu í H-gasflokki eða L-gasflokki með því að finstilla eldsneytiskerfi hreyfilsins.

3.2. Allir hreyflar, sem samrýmast gerð sem er viðurkennd samkvæmt þessari reglugerð sem aðskilin tæknieining, skulu hafa EB-gerðarviðurkenningarmerki. Merkið samanstendur af:

3.2.1. Rétthyrningi utan um lágstafinn „e“ en á eftir honum komi auðkennisnúmer aðildarríkisins sem veitti EB-gerðarviðurkenningu fyrir aðskilda tæknieiningu:

1 fyrir Þýskaland,
2 fyrir Frakkland,
3 fyrir Ítalíu,
4 fyrir Holland,
5 fyrir Svíþjóð,
6 fyrir Belgíu,
7 fyrir Ungverjaland,
8 fyrir Tékkland,
9 fyrir Spán,
11 fyrir Bretland,
12 fyrir Austurríki,
13 fyrir Lúxemborg,
17 fyrir Finnland,
18 fyrir Danmörku,
19 fyrir Rúmeníu,
20 fyrir Pólland,
21 fyrir Portúgal,
23 fyrir Grikkland,
24 fyrir Írland,
26 fyrir Slóveníu,
27 fyrir Slóvakíu,
29 fyrir Eistland,
32 fyrir Lettland,
34 fyrir Búlgaríu,
36 fyrir Litháen,
49 fyrir Kýpur,
50 fyrir Möltu.

3.2.2. EB-gerðarviðurkenningarmerkið skal nálægt rétthyrningnum einnig innihalda „grunnviðurkenningarnúmerið“ sem er í 4. þætti gerðarviðurkenningarnúmersins, sem um getur í VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB, og þar fyrir framan skulu vera tölustafirnir tveir sem gefa til kynna raðnúmer síðustu tæknibreytingar á reglugerð (EB) nr. 595/2009 eða þessari reglugerð, þann dag sem EB-gerðarviðurkenning var veitt fyrir aðskilda tæknieiningu. Að því er varðar þessa reglugerð er raðnúmerið 00.

3.2.3. EB-gerðarviðurkenningarmerkið skal fest á hreyfilinn með þeim hætti að það sé óafmáanlegt og vel læsilegt. Það skal vera sýnilegt þegar hreyflinum hefur verið komið fyrir í ökutækinu og skal fest á hlut sem er nauðsynlegur fyrir eðlilega notkun hreyfilsins og sem að öllu jöfnu þarf ekki að endurnýja svo lengi sem hreyfillinn endist.

3.2.4. Dæmi um EB-gerðarviðurkenningarmerki er að finna í 8. viðbæti.

3.3. **Merkimiðar fyrir hreyfla sem eru knúnir jarðgasi og fljótandi jarðolíugasi**

Þegar um er að ræða hreyfla sem knúnir eru með jarðgasi og fljótandi jarðolíugasi og hafa hlotið gerðarviðurkenningu sem er takmörkuð við ákveðna flokka eldsneytis, skulu eftirfarandi merkimiðar, sem innihalda upplýsingarnar sem kveðið er á um í lið 3.3.1, festir á.

3.3.1. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

Í því tilviki sem um getur í lið 1.2.1.3 skal eftirfarandi standa á merkimiðanum: „EINGÖNGU TIL NOTKUNAR MEÐ JARÐGASI Í H-GASFLOKKI“. „L“ komi í stað „H“ þegar það á við.

Í því tilviki sem um getur í lið 1.2.2.2 skal eftirfarandi standa á merkimiðanum: „EINGÖNGU TIL NOTKUNAR MEÐ JARÐGASI SEM HEFUR FORSKRIFTINA ...“ eða „EINGÖNGU TIL NOTKUNAR MEÐ FLJÓTANDI JARÐOLÍUGASI SEM HEFUR FORSKRIFTINA ...“ eftir því sem við á. Allar upplýsingar í viðeigandi töflu í IX. viðauka skulu gefnar upp ásamt einstökum þáttum og mörkum sem framleiðandi hreyflanna tilgreinir.

Bókstafir og tölustafir skulu vera a.m.k. 4 mm á hæð.

Verði framangreindum merkingum ekki við komið vegna skorts á rými er heimilt að nota einfaldað tákn. Komi til þess skulu allir þeir sem fylla eldsneytisgeyminn eða annast viðhald eða viðgerðir á hreyflinum og fylgihlutum hans, svo og viðkomandi yfirvöld, hafa greiðan aðgang að skýringum þar sem er að finna allar upplýsingar sem að framan greinir. Staðsetning og efni þessara skýringa skal ráðast af samkomulagi milli framleiðanda og viðurkenningaryfirvalda.

3.3.2. *Eiginleikar*

Merkingarnar skulu endast allan nýtingartíma hreyfilsins. Merkingar skulu vera auðlæsilegar og stafirnir óafmáanlegir. Auk þess skulu merkimiðar vera festir á þann hátt að festiefni þeirra endist allan nýtingartíma hreyfilsins og að ekki sé hægt að fjarlægja þá án þess að eyðileggja þá eða gera þá ólæsilega.

3.3.3. *Staðsetning*

Merkimiðar skulu festir við einhvern hluta hreyfilsins sem er nauðsynlegur við eðlilega notkun hreyfilsins og sem að öllu jöfnu þarf ekki að endurnýja svo lengi sem hreyfillinn endist. Merkingum þessum skal vera þannig fyrir komið að auðvelt sé að koma auga á þær eftir að hreyfillinn hefur verið settur saman með öllum þeim aukabúnaði sem nauðsynlegur er fyrir notkun hans.

3.4. Þegar um er að ræða umsókn um EB-gerðarviðurkenningu ökutækis með hreyfil sem hefur verið viðurkenndur með tilliti til losunar og aðgangs að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis eða EB-gerðarviðurkenningu ökutækis að því er varðar losun eða aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis, skal merkingum, sem um getur í lið 3.3, einnig komið fyrir nálægt áfyllingaropi fyrir eldsneyti.

4. ÍSETNING Í ÖKUTÆKIÐ

4.1. Hreyflinum skal komið þannig fyrir í ökutækinu að tryggt sé að kröfur um gerðarviðurkenningu séu uppfylltar. Eftirfarandi atriði skulu höfð í huga varðandi gerðarviðurkenningu hreyfils:

4.1.1. Undirþrýstingur í inntaki skal ekki vera hærri en sá sem tilgreindur er fyrir gerðarviðurkenndan hreyfil í 1. hluta 4. viðbætis,

4.1.2. Bakþrýstingur útblásturs skal ekki vera hærri en sá sem gefinn er upp við gerðarviðurkenningu hreyfils í 1. hluta 4. viðbætis,

4.1.3. Afl, sem sá aukabúnaður sem nauðsynlegur er við notkun hreyfilsins tekur til sín, skal ekki vera meira en það sem gefið er upp fyrir gerðarviðurkenningu hreyfils í 1. hluta 4. viðbætis,

4.1.4. Eiginleikar eftirmeðferðarkerfisins fyrir útblástur skulu vera í samræmi við þá sem gefnir eru upp fyrir gerðarviðurkenningu hreyfils í 1. hluta 4. viðbætis.

4.2. **Ísetning gerðarviðurkennds hreyfils í ökutæki**

Ísetning hreyfils, sem hefur verið gerðarviðurkenndur sem aðskilin tæknieining, í ökutæki skal enn fremur uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) að því er varðar samræmi innbyggða greiningarkerfisins skal ísetningin, skv. 1. viðbæti við viðauka 9B í reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49, uppfylla ísetningarkröfur framleiðandans eins og tilgreint er í 1. hluta 4. viðbætis,

b) að því er varðar samræmi kerfisins sem tryggir rétta notkun NO_x-varnarráðstafana skal ísetningin, skv. 4. viðbæti XIII. viðauka, uppfylla ísetningarkröfur framleiðandans eins og tilgreint er í 1. hluta 4. viðbætis.

4.3. **Inntak eldsneytisgeyma þegar um er að ræða hreyfla sem eru knúnir bensíni eða E85**

4.3.1. Inntaksop bensín- eða E85-geymis skal hannað þannig að ekki verði dælt í geyminn úr eldsneytisdælu sem hefur stút sem er 23,6 mm að ytra þvermáli eða meira.

4.3.2. Liður 4.3.1 gildir ekki um ökutæki sem uppfyllir bæði eftirfarandi skilyrði:

a) ökutækið er hannað og smíðað þannig að blýbensín hefur ekki truflandi áhrif á nein tæki sem stjórna losun mengandi lofttegunda,

b) ökutækið er merkt greinilega, læsilega og óafmáanlega með tákninu fyrir blýlaust bensín sem tilgreint er í ISO-staðli 2575:2004 á stað sem blasir við þeim sem fyllir eldsneytisgeyminn. Viðbótarmerkingar eru heimilar.

4.3.3. Gera skal ráðstafanir til að hindra of mikla losun með uppgufun og að eldsneyti skvettist upp úr vegna þess að lok vanti á eldsneytisgeymi. Þessu er hægt að ná fram með því að beita einu af eftirfarandi:

a) eldsneytisgeymisloki sem ekki er hægt að fjarlægja og opnast og lokast sjálfkrafa,

b) hönnun lausna sem hindra óþarfa losun með uppgufun þegar eldsneytisgeymislok glatast,

c) eða í tilviki ökutækja í flokki M_1 eða N_1, öðrum ráðstöfunum sem hafa sömu áhrif. Dæmi um slíkt gæti verið, en er ekki bundið við, tjóðrað eða keðjufest eldsneytisgeymislok eða eldsneytisgeymislok með sama lykli fyrir lokið og kveikjubúnað ökutækisins. Í því tilviki skal eingöngu vera unnt að fjarlægja lykilinn úr eldsneytisgeymislokinu þegar það er læst.

5. KRÖFUR OG PRÓFANIR VEGNA PRÓFUNAR ÖKUTÆKJA SEM ERU Í NOTKUN

5.1. **Inngangur**

Í þessum lið er gerð grein fyrir forskriftum og prófunum á gögnum frá rafstýrieiningu við gerðarviðurkenningu í tengslum við prófun ökutækja sem eru í notkun.

5.2. **Almennar kröfur**

5.2.1 Að því er varðar prófun ökutækja sem eru í notkun skal innbyggða greiningarkerfið veita aðgang að upplýsingum um reiknað álag (snúningsvægi hreyfils sem hlutfall af hámarkssnúningsvægi og hámarkssnúningsvægi sem er tiltækt við núverandi snúningshraða hreyfilsins), snúningshraða hreyfils, hitastig kælivökva hreyfils, augnablikseldsneytisnotkun, og hámarksviðmiðunarsnúningsvægi sem fall af snúningshraða hreyfils, í rauntíma og við tíðni sem er a.m.k. 1 Hz, sem lögboðnar upplýsingar í gagnastreymi.

5.2.2. Rafstýrieiningin getur áætlað úttakssnúningsvægi með innbyggðum reikniritum til að reikna innra snúningsvægi og núningsvægi sem myndast.

5.2.3 Það skal vera mögulegt að gera beinan samanburð á snúningsvægi hreyfilsins í Nm sem fæst með framangreindu gagnastreymi og gildunum sem mæld eru við ákvörðun hreyfilafls skv. XIV. viðauka. Einkum skulu allar leiðréttingar sem síðar kunna að vera gerðar að því er varðar aukabúnað vera í upplýsingunum í framangreindu gagnastreymi.

5.2.4. Aðgangur að upplýsingum sem krafist er samkvæmt lið 5.2.1 skal veittur í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í X. viðauka og staðlana sem um getur í 6. viðbæti við viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

5.2.5. Meðalálag við öll notkunarskilyrði í Nm, sem reiknað er út á grundvelli upplýsinga sem óskað er eftir samkvæmt lið 5.2.1, skal ekki víkja frá mældu meðalálagi við viðkomandi notkunarskilyrði um meira en:

a) 7 % þegar hreyfilafl er ákvarðað skv. XIV. viðauka,

b) 10 % þegar prófun samkvæmt akstursloturu við stöðugar aðstæður sem er samhæfð á heimsvísu (hér eftir „WHSC“) er framkvæmd í samræmi við III. viðauka.

Samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 85 ([6]) má raunverulegt hámarksálag hreyfils víkja frá hámarksviðmiðunarálagi um 5 % vegna breytileika í framleiðsluferlinu. Tekið er tilliti til þessara vikmarka í framangreindum gildum.

5.2.6. Ytri aðgangur að upplýsingum sem krafist er í lið 5.2.1 skal ekki hafa áhrif á losun eða afköst ökutækis.

5.3. **Sannprófun á tiltækileika og samræmi upplýsinga frá rafstýrieiningu sem krafist er vegna prófunar ökutækja sem eru í notkun**

5.3.1. Sýna skal fram á að upplýsingarnar úr gagnastreyminu sem krafist er í lið 5.2.1 samkvæmt kröfum sem settar eru fram í lið 5.2.2 séu tiltækar með notkun ytri skönnunartækis fyrir innbyggða greiningarkerfið eins og lýst er í X. viðauka.

5.3.2. Ef ekki er hægt að sækja þessar upplýsingar með réttum hætti með skönnunartæki sem virkar rétt, þá telst hreyfillinn ekki standast ekki kröfur.

5.3.3. Sýna skal fram á að snúningsvægismerki frá rafstýrieiningunni sé í samræmi við kröfur liða 5.2.2 og 5.2.3 þegar hreyfilafl er ákvarðað í samræmi við XIV. viðauka og þegar prófun samkvæmt akstursloturu við stöðugar aðstæður sem eru samhæfðar á heimsvísu er framkvæmd í samræmi við III. viðauka.

5.3.4. Ef hreyfillinn sem verið er að prófa uppfyllir ekki kröfurnar sem settar eru fram í XIV. viðauka varðandi aukabúnað, þá skal leiðrétta mælda snúningsvægið í samræmi við leiðréttingaraðferðina sem sett er fram í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

5.3.5. Litið skal svo á að sýnt hafi verið fram á að snúningsvægismerki frá rafstýrieiningunni sé í samræmi við kröfur ef snúningsvægismerkið er innan vikmarkanna sem sett eru fram í lið 5.2.5.

([6]) Stjtíð. ESB L 326, 24.11.2006, bls. 55.

6. HÓPUR HREYFLA

6.1. **Mæliþættir sem skilgreina hóp hreyfla**

Hópur hreyfla, eins og hann er skilgreindur af framleiðanda hreyflanna, skal uppfylla kröfur liðar 5.2 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

6.2. **Val stofnhreyfils**

Stofnhreyfill hópsins skal valinn í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í lið 5.2.4 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

6.3. **Mæliþættir sem skilgreina hóp hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi**

Hóp hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi skal skilgreina út frá grunnhönnunarmæliþáttum sem skulu vera sameiginlegir hreyfilkerfum innan hópsins í samræmi við lið 6.1 í viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

7. SAMRÆMI FRAMLEIÐSLU

7.1. **Almennar kröfur**

Ráðstafanir til að tryggja samræmi framleiðslu skulu gerðar í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2007/46/EB. Samræmi framleiðslunnar skal kannað á grundvelli lýsingar sem gefin er í gerðarviðurkenningarvottorðunum, sem sett eru fram í 4. viðbæti við þennan viðauka. Við beitingu 1., 2. og 3. viðbætis skal mæld losun mengandi lofttegunda og efnisagna frá hreyflum sem eru prófaðir með tilliti til samræmis framleiðslu leiðrétt með því að beita viðeigandi spillistuðlum fyrir hreyfilinn eins og þeir eru skráðir í viðbót við EB-gerðarviðurkenningarvottorðið sem er veitt samkvæmt þessari reglugerð.

Ákvæði X. viðauka við tilskipun 2007/46/EBE gilda telji viðurkenningaryfirvöld úttektaraðferð framleiðanda ekki fullnægjandi.

Allir hreyflar sem gangast undir prófun skulu valdir af handahófi úr raðframleiðslunni.

7.2. **Losun mengandi efna**

7.2.1. Ef mæla á losun mengandi efna og hafi gerðarviðurkenning hreyfils verið rýmkuð einu sinni eða oftar skulu prófanir gerðar á þeim hreyflum sem er lýst í upplýsingasafninu um viðkomandi rýmkun.

7.2.2. Athuganir á samræmi framleiðslu fyrir hreyfil sem gengst undir losunarprófun:

Eftir að hreyflar hafa verið afhentir yfirvöldum mega framleiðendur ekki gera neinar breytingar á þeim hreyflum sem valdir voru.

7.2.2.1. Þrír hreyflar skulu teknir úr raðframleiðslu hreyflanna sem eru til athugunar. Hreyflar skulu undirgangast prófun samkvæmt svipulli akturslotu sem er samhæfð á heimsvísu, og prófun samkvæmt akturslotu við stöðugar aðstæður ef við á, til að kanna samræmi framleiðslunnar. Viðmiðunarmörkin skulu vera þau sem tilgreind eru í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009.

7.2.2.2. Telji viðurkenningaryfirvöld að framleiðslustaðalfrávikið sem framleiðandinn gefur upp skv. X. viðauka við tilskipun 2007/46/EB sé fullnægjandi skal framkvæma prófanirnar skv. 1. viðbæti við þennan viðauka.

Telji viðurkenningaryfirvöld að framleiðslustaðalfrávikið sem framleiðandinn gefur upp skv. X. viðauka við tilskipun 2007/46/EB sé ófullnægjandi skal framkvæma prófanirnar skv. 2. viðbæti við þennan viðauka.

Óski framleiðandi þess er heimilt að láta prófanir fara fram í samræmi við 3. viðbæti við þennan viðauka.

7.2.2.3. Á grundvelli úrtaksprófana á hreyflinum, eins og sett er fram í lið 7.2.2.2, telst framleiðsluröð hreyflanna sem eru til athugunar vera í samræmi við kröfur þegar ljóst er að niðurstöður eru fullnægjandi með tilliti til allra mengunarefna, eða eftir atvikum ófullnægjandi með tilliti til eins mengunarefnis, samkvæmt prófunarviðmiðunum sem fram koma í viðeigandi viðbæti.


Þegar fullnægjandi niðurstaða hefur fengist fyrir eitt mengunarefni verður þeirri niðurstöðu ekki breytt á grundvelli niðurstaðna viðbótarprófana sem fara fram með tilliti til annarra mengunarefna.

Fáist ekki fullnægjandi niðurstaða með tilliti til allra mengunarefna, og ekki ófullnægjandi niðurstaða með tilliti til einhvers mengunarefnis, fer fram prófun á öðrum hreyfli (sjá mynd 1).

Fáist engin niðurstaða getur framleiðandi hvenær sem er ákveðið að hætta prófun. Í því tilviki fæst ófullnægjandi niðurstaða.

Mynd 1

Skýringarmynd af prófun á samræmi framleiðslu



7.2.3. Gera skal prófanir á hreyflum sem er nýbúið að framleiða.

7.2.3.1. Að beiðni framleiðanda er heimilt að framkvæma prófun á hreyflum sem hafa verið tilkeyrðir í 125 klukkustundir að hámarki. Í því tilviki skal framleiðandi annast tilkeyrslu og skal hann skuldbinda sig til að gera engar breytingar á þessum hreyflum.

7.2.3.2. Óski framleiðandi eftir að annast tilkeyrslu í samræmi við lið 7.2.3.1 má gera það annað hvort á:

a) öllum hreyflum sem eru prófaðir, eða

b) fyrsta hreyflinum sem er prófaður og er þróunarstuðull ákvarðaður á eftirfarandi hátt:

i. mæla skal losun mengandi efna bæði frá hreyfli sem er nýbúið að framleiða og áður en 125 klukkustunda markinu sem um getur í lið 7.2.3.1 er náð á fyrsta hreyflinum sem er prófaður,

ii. þróunarstuðull losunar á milli prófananna tveggja er reiknaður fyrir hvert mengunarefni:

Losun í annarri prófun/losun í fyrstu prófun

Þróunarstuðullinn getur væri lægri en einn.

Ekki skal tilkeyra aðra hreyfla en umreikna skal losun þeirra þegar nýbúið er að framleiða þá með þróunarstuðlinum.

Í því tilviki skulu eftirfarandi gildi notuð:

a) gildin úr annarri prófuninni að því er varðar fyrsta hreyfilinn,

b) gildin fyrir nýframleiddan hreyfil margfölduð með þróunarstuðlinum að því er varðar aðra hreyfla.

7.2.3.3. Hvað varðar hreyfla sem knúnir eru dísilolíu, etanóli (ED95), bensíni, E85 og fljótandi jarðolíugasi er heimilt að nota viðeigandi markaðseldsneyti í öllum þessum prófunum. Óski framleiðandi eftir því má þó nota viðmiðunareldsneyti sem lýst er í IX. viðauka. Það felur í sér að gerðar eru prófanir, eins og lýst er í 1. hluta þessa viðauka, með minnst tvenns konar viðmiðunareldsneyti fyrir hvern gashreyfil.

7.2.3.4. Hvað varðar jarðgashreyfla er heimilt að nota markaðseldsneyti í öllum þessum prófunum á eftirfarandi hátt:

a) hreyflar merktir H skulu prófaðir með markaðseldsneyti í H-flokki ($0,89 <= S_\lambda <= 1,00$),

b) hreyflar merktir L skulu prófaðir með markaðseldsneyti í L-flokki ($1,00 <= S_\lambda <= 1,19$),

c) hreyflar merktir HL skulu prófaðir með markaðseldsneyti við ystu mörk λ-vikstuðulsins ($0,89 \leq S_\lambda \leq 1,19$).

Óski framleiðandi eftir því má þó nota viðmiðunareldsneyti sem lýst er í IX. viðauka. Það felur í sér að gerðar séu prófanir eins og lýst er í 1. lið þessa viðauka.

7.2.3.5. Rísi ágreiningur vegna gashreyfla sem uppfylla ekki tilskildar kröfur, þegar markaðseldsneyti er notað, skal framkvæma prófanir með viðmiðunareldsneyti sem notað var við prófun stofnhreyfilsins eða með hugsanlegu viðbótareldsneyti (eldsneyti 3) sem um getur í liðum 1.1.4.1 og 1.2.1.1 og kann að hafa verið notað við prófun stofnhreyfilsins. Því næst skal umreikna niðurstöðuna og nota til þess viðeigandi stuðla „r“, „r_a“ eða „r_b“ eins og lýst er í liðum 1.1.5, 1.1.6.1 og 1.2.1.2. Ef r, r_a eða r_b eru minni en einn skal engin leiðrétting gerð. Niðurstöður mælinga og útreikninga skulu sýna að hreyfillinn sé í samræmi við viðmiðunarmörkin við prófun með öllum viðkomandi tegundum eldsneytis (eldsneyti 1, 2, og, ef við á, eldsneyti 3, þegar um er að ræða hreyfla knúna jarðgasi, og eldsneyti A og B þegar um er að ræða hreyfla knúna fljótandi jarðolíugasi (LPG)).

7.2.3.6. Prófanir vegna samræmis framleiðslu á gashreyfli, sem er hannaður til að ganga fyrir eldsneyti sem hefur eina tiltekna samsetningu, skulu framkvæmdar á eldsneyti sem hreyfillinn hefur verið kvarðaður fyrir.

7.3. **Innbyggð greiningarkerfi (OBD)**

7.3.1. Þegar viðurkenningaryfirvald telur að gæðum framleiðslunnar sé ábótavant geta þau óskað eftir sannprófun á samræmi framleiðslu innbyggðs greiningarkerfis. Slík sannprófun skal fara fram í samræmi við eftirfarandi:

Hreyfill skal valinn af handahófi úr framleiðsluröð og látinn undirgangast prófanirnar sem lýst er í viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49. Gera má prófanirnar á hreyfli sem hefur verið tilkeyrður í að hámarki 125 klst.

7.3.2. Framleiðslan telst vera í samræmi ef ökutækið stenst kröfur þeirra prófana sem lýst er í viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

7.3.3. Ef hreyfillinn, sem tekinn er úr framleiðsluröðinni, stenst ekki kröfurnar í lið 7.3.1 skal taka fjóra handahófsvalda hreyfla úr framleiðsluröðinni og prófa þá eins og lýst er í viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49. Gera má prófanirnar á hreyflum sem hafa verið tilkeyrðir í að hámarki 125 klst.

7.3.4. Framleiðslan telst vera í samræmi ef minnst þrír hreyflar af þeim fjórum sem teknir eru í handahófsvalda úrtakinu standast kröfur þeirra prófana sem lýst er í viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

7.4. **Upplýsingar frá rafstýrieiningu sem krafist er vegna prófunar á ökutækjum sem eru í notkun**

7.4.1. Sýna skal fram á að upplýsingarnar úr gagnastreyminu sem krafist er í lið 5.2.1 samkvæmt kröfunum í lið 5.2.2 séu tiltækar með notkun ytra skönnunartækis fyrir innbyggða greiningartækið eins og lýst er í X. viðauka.

7.4.2. Ef ekki er hægt að sækja þessar upplýsingar með réttum hætti þó að skönnunartækið virki rétt í samræmi við X. viðauka, þá skal litið svo á að hreyfillinn standist ekki kröfur.

7.4.3. Sýna skal fram á að snúningsvægismerki frá rafstýrieiningunni uppfylli kröfur liða 5.2.2 og 5.2.3 með því að framkvæma prófun samkvæmt aksturslotu við stöðugar aðstæður sem eru samhæfðar á heimsvísu í samræmi við III. viðauka.

7.4.4. Ef prófunarbúnaðurinn uppfyllir ekki kröfurnar sem eru tilgreindar í XIV. viðauka varðandi aukabúnað, þá skal leiðrétta mælda snúningsátakið í samræmi við leiðréttingaraðferðina sem er lýst í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

7.4.5. Litið skal svo á að snúningsvægismerki frá rafstýrieiningunni sé í samræmi við kröfur ef reiknaða snúningsvægið er innan vikmarkanna sem tilgreindar eru í lið 5.2.5.

7.4.6. Framleiðandinn skal kanna tiltækileika og samræmi upplýsinga frá rafstýrieiningunni sem krafist er á vegna prófunar á ökutækjum sem eru í notkun með reglubundnum hætti fyrir hverja framleidda gerð hreyfils innan hvers framleidds hóps hreyfla.

7.4.7. Viðurkenningaryfirvöldum skal veittur aðgangur að niðurstöðum könnunar framleiðandans ef þau óska eftir því.

7.4.8. Að beiðni viðurkenningaryfirvaldsins skal framleiðandinn sýna fram á tiltækileika eða samræmi upplýsinga frá rafstýrieiningu í framleiðsluröð með því að framkvæma viðeigandi prófanir, sem um getur í liðum 7.4.1 til 7.4.4, á úrtaki hreyfla af sömu gerð. Reglurnar varðandi úrtakið, þ.m.t. stærð úrtaks og tölfræðilegar viðmiðanir um hvort kröfur séu uppfylltar eða ekki, skulu vera þær sem tilgreindar eru í þessum viðauka að því er varðar könnun á því hvort losun sé í samræmi við kröfur.

8. UPPLÝSINGAR

8.1. Upplýsingamappan sem krafist er skv. 5., 7. og 9. gr. og gerir viðurkenningaryfirvöldum kleift að meta mengunarvarnaraðferðir og kerfin sem eru innbyggð í ökutæki eða hreyfil til að tryggja rétta virkni NO_x-varnarráðstafana, skal gerð aðgengileg í tveimur hlutum:

a) „formlega upplýsingamappan“ sem heimilt er að afhenda hagsmunaaðilum ef þeir óska eftir því,

b) „ítarleg upplýsingamappa“ sem skal vera algert trúnaðarmál.

8.2. Formlega upplýsingamappan má vera knöpp, að því tilskildu að í henni séu tilgreind öll frálagsgildi sem leyfð eru við samsetningu allra gilda frá einstökum ílagseiningum, sem eru innan marka. Upplýsingarnar skulu lýsa starfrænum eiginleikum viðbragðsþvingandi kerfisins sem krafist er í XIII. viðauka, þ.m.t. mæliþættir sem eru nauðsynlegir til að sækja upplýsingar sem tengjast því kerfi. Viðurkenningaryfirvald skulu halda þessum gögnum eftir.

8.3. Ítarlega upplýsingamappan skal innihalda upplýsingar um virkni allra auka- og grunnlosunaraðferða, þ.m.t. lýsing á mæliþáttunum sem breytast fyrir tilstuðlan aukalosunaraðferðar og jaðarskilyrðunum sem aukalosunaraðferðir eru virkar við og einnig skal tilgreina þær auka- og grunnlosunaraðferðir sem líklegt er að séu virkar við skilyrði þeirra prófana sem sett eru fram í VI. viðauka. Ítarlega upplýsingamappan skal innihalda lýsingu á eldsneytisstýringaraðferðum, tímastillingaraðferðum og skiptipunktum við allan hugsanlegan vinnumáta. Hún skal einnig innihalda ítarlega lýsingu á því viðbragðsþvingandi kerfi sem krafist er skv. XIII. viðauka, þ.m.t. lýsing á vöktunaraðferðum sem því tengjast.

2.3. Framleiðandinn skal sýna viðurkenningaryfirvaldinu fram á að hið valda ökutæki, akstursmynstur, skilyrði og farmþungi séu dæmigerð fyrir allan hreyflahópinn. Kröfurnar sem tilgreindar eru í liðum 4.1 og 4.5 skulu notaðar til að ákvarða hvort akstursmynstur og farmþungi teljist ásættanleg fyrir samræmisprófun í notkun.

2.4. Framleiðandinn skal greina frá áætlun og úrtaksáætlun fyrir samræmisprófun þegar upphafleg gerðarviðurkenning nýs hreyflahóps fer fram.

2.5. Litið skal svo á að ökutæki sem ekki eru búin samskiptaskilfleti sem gerir kleift að safna nauðsynlegum göngum frá rafstýrieiningunni eins og tilgreint er í liðum 5.2.1 og 5.2.2 í I. viðauka, sem vantar gögn um, eða þar sem gagnasamskiptareglur eru ekki í samræmi við staðla, séu ekki í samræmi við kröfur.

2.6. Ef söfnun gagna frá rafstýrieiningunni hefur áhrif á losun eða afköst ökutækis, þá telst viðkomandi ökutæki ekki vera í samræmi við kröfur.

3. VAL HREYFILS EÐA ÖKUTÆKIS

3.1. Í kjölfar gerðarviðurkenningar hreyflahóps skal framleiðandinn framkvæma prófun á hreyfli í notkun á viðkomandi hreyflahópi innan 18 mánaða frá fyrstu skráningu ökutækis sem búið er hreyfli úr þeim hópi. Ef um er að ræða fjölþrepa gerðarviðurkenningu er með fyrstu skráningu átt við fyrstu skráningu fullbúins ökutækis í áföngum.

Prófunin skal endurtekin a.m.k. á tveggja ára fresti fyrir hvern hreyflahóp reglulega í ökutækjum allan nýtingartíma þess eins og tilgreint er í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009.

Að beiðni framleiðandans má hætta prófun fimm árum eftir að framleiðslu er hætt.

3.1.1. Úrtaka, þar sem a.m.k. þrír hreyflar eru í úrtaki, skal miðast við að líkur á að framleiðslulota standist prófun þar sem 20 % ökutækja eða hreyfla eru gallaðir séu 0,90 (áhætta framleiðanda = 10 %), en líkur á að framleiðslulota, þar sem 60 % ökutækja eða hreyfla eru gallaðir, sé samþykkt séu 0,10 (áhætta neytanda = 10 %).

3.1.2. Prófunarstærðin sem sýnir samanlagðan fjölda ófullnægjandi prófa við n-th prófun skal ákvörðuð fyrir úrtakið.

3.1.3. Ákvörðun um hvort lota standist eða standist ekki prófun skal tekin á grundvelli eftirfarandi krafna:

a) ef talan úr prófuninni er hærri en viðmiðunartalan fyrir fullnægjandi niðurstöðu miðað við þá úrtaksstærð sem kemur fram í töflu 1 fæst fullnægjandi niðurstaða fyrir viðkomandi framleiðslulotu,

b) ef talan úr prófuninni er lægri en viðmiðunartalan fyrir ófullnægjandi niðurstöðu miðað við þá úrtaksstærð sem kemur fram í töflu 1 fæst ófullnægjandi niðurstaða fyrir viðkomandi framleiðslulotu,

c) að öðrum kosti er enn einn hreyfill prófaður samkvæmt þessum viðauka og útreikningsaðferðinni beitt aftur á úrtakið sem er einni einingu stærra en áður.

Í töflu 1 eru viðmiðunartölur fyrir fullnægjandi og ófullnægjandi niðurstöður reiknaðar með alþjóðastaðli ISO 8422/1991.

Tafla 1

Viðmiðunartölur fyrir fullnægjandi og ófullnægjandi niðurstöður í úrtaksáætlun

Lágmarksstærð úrtaks: 3

Uppsafnaður fjöldi prófaðra hreyfla (stærð úrtaks)	Viðmiðunartala fyrir fullnægjandi niðurstöður	Viðmiðunartala fyrir ófullnægjandi niðurstöður
3	—	3
4	0	4
5	0	4
6	1	4
7	1	4
8	2	4
9	2	4
10	3	4

Viðurkenningaryfirvaldið skal viðurkenna hina völdu hreyfla og samskipan ökutækis áður en prófun hefst. Valið skal framkvæmt með því að kynna viðurkenningaryfirvaldinu viðmiðanirnar sem val einstakra ökutækja byggist á.

3.2. Aðeins má velja hreyfla og ökutæki sem eru notuð og skráð í Sambandinu. Ökutækið skal hafa verið í notkun í a.m.k. 25 000 km.

3.3. Viðhaldsskýrsla skal liggja fyrir vegna hvers ökutækis sem sýnir að ökutækinu hafi verið rétt við haldið og fært til þjónustuskoðunar í samræmi við tilmæli framleiðandans.

3.4. Athuga skal innbyggða greiningarkerfið til að kanna hvort hreyfillinn starfi rétt. Sérhverja vísbendingu um bilun og kóða sem sýna hvort kerfið sé til reiðu í minni innbyggða greiningarkerfisins skal skrá og framkvæma skal allar nauðsynlegar viðgerðir.

Ekki er nauðsynlegt að gera við hreyfla sem sýna bilun í flokki C áður en prófun hefst. Ekki skal hreinsa út greiningarkóða bilana (DTC).

Ekki skal prófa hreyfla þar sem einn teljaranna, sem kveðið er á um í XIII. viðauka, sýnir ekki „0“. Viðurkenningaryfirvöldum skal tilkynnt um slík tilvik.

3.5. Hreyfillinn eða ökutækið skulu ekki bera nein merki misnotkunar (t.d. ofhleðslu, notkunar rangs eldsneytis eða annarrar misnotkunar) eða annarra þátta (t.d. að átt hafi verið við það) sem gætu haft áhrif á mengunarvarnargetu. Tekið skal mið af bilanakóða innbyggða greiningarkerfisins og upplýsingum um fjölda klukkustunda sem hreyfill hefur verið í gangi sem vistaðar eru í tölvunni.

3.6. Allir íhlutir mengunarvarnakerfis ökutækisins skulu vera í samræmi við á sem tilgreindir eru í viðeigandi gerðarviðurkenningarskjölum.

3.7. Í samráði við viðurkenningaryfirvald getur framleiðandi framkvæmt prófun á samræmi í notkun á færri hreyflum eða ökutækjum en þeim fjölda sem gefinn er upp í lið 3.1, ef fjöldi hreyfla sem framleiddir eru innan hreyflahóps er minni en 500 einingar á ári.

4. AÐSTÆÐUR VIÐ PRÓFUN

4.1. **Farmþungi ökutækis**

Í tengslum við prófun ökutækja sem eru í notkun er heimilt að búa til endurgerð af farminum og nota gervifarmþunga.

Ef ekki eru fyrir hendi tölfræðilegar upplýsingar til að sýna fram á að farmþunginn sé dæmigerður fyrir viðkomandi ökutæki, þá skal farmþungi ökutækisins vera 50 til 60 % af hámarksfarmþunga ökutækisins.

Hámarksfarmþungi er mismunurinn milli tæknilega leyfilegs hámarksmassa ökutækisins með hleðslu og massa ökutækisins tilbúins til aksturs, eins og tilgreint er I. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

4.2. **Umhverfisskilyrði**

Prófunin skal framkvæmd við umhverfisskilyrði sem uppfylla eftirfarandi:

Loftþrýstingur skal vera 82,5 kPa eða hærri,

Hitastig skal vera 266 K (– 7 °C) eða hærra, og lægra eða jafnt hitastigi sem er ákvarðað með eftirfarandi jöfnu við tilgreindan loftþrýsting:

$$T = – 0{,}4514 \times (101{,}3 – pb) + 311$$

þar sem:

– T er umhverfishiti, K

– pb er loftþrýstingur, kPa

4.3. **Hitastig á kælivökva hreyfils**

Hitastig á kælivökva hreyfils skal vera í samræmi við lið 2.6.1 í 1. viðbæti.

4.4. Smurolía, eldsneyti og virkt efni skulu vera innan forskriftanna sem framleiðandinn gefur út.

4.4.1. *Smurolía*

Taka skal sýni úr olíu.

4.4.2. *Eldsneyti*

Prófunareldsneytið skal vera markaðseldsneyti sem fellur undir tilskipun 98/70/EB og viðeigandi CEN-staðla eða viðmiðunareldsneyti sem tilgreint er í IX. viðauka við þessa reglugerð. Taka skal sýni úr eldsneyti.

4.4.2.1. Ef framleiðandinn hefur lýst því yfir, í samræmi við 1. lið I. viðauka við þessa reglugerð, að mögulegt verði að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar að því varðar tegundir markaðseldsneytis sem gefnar eru upp í lið 3.2.2.2.1 í 4. viðbæti við I. viðauka þessarar reglugerðar, þá skulu prófanir framkvæmdar á a.m.k. einni af hinum uppgefnu tegundum markaðseldsneytis eða á blöndu hinna uppgefnu tegunda markaðseldsneytis og þeirra tegunda markaðseldsneytis sem falla undir tilskipun 98/70/EB og viðeigandi CEN-staðla.

4.4.3. *Virkt efni*

Taka skal sýni af virku efni sem eftirmeðferðarkerfi fyrir útblástur nota til að draga úr losun. Virka efnið skal ekki vera frosið.

4.5. **Kröfur varðandi ferð**

Akturshlutar skulu gefnir upp sem hlutfall af heildartímalengd ferðar.

Ferðin skal samanstanda af akstri í þéttbýli og í framhaldi af því akstri í dreifbýli og á hraðbrautum í samræmi við hlutana sem tilgreindir eru í liðum 4.5.1 til 4.5.4. Ef önnur röð við prófun er réttlætanleg af hagkvæmnisástæðum og er samþykkt af viðurkenningaryfirvöldum má prófa akstur í þéttbýli, dreifbýli og á hraðbrautum í annarri röð.

Í þessum lið skal „u.þ.b.“ merkja markgildið ± 5 %.

Akstur í þéttbýli einkennist af því að hraði ökutækis sé á milli 0 og 50 km/klst.,

Akstur í dreifbýli einkennist af því að hraði ökutækis sé á milli 50 og 75 km/klst.,

Akstur á hraðbrautum einkennist af því að hraði ökutækis sé yfir 75 km/klst.

4.5.1. Í tilviki ökutækja í flokki M_1 og N_1 skal ferðin samanstanda af u.þ.b. 45 % akstri í þéttbýli, 25 % akstri í dreifbýli og 30 % akstri á hraðbrautum.

4.5.2. Í tilviki ökutækja í flokki M_2 og M_3 skal ferðin samanstanda af u.þ.b. 45 % akstri í þéttbýli, 25 % akstri í dreifbýli og 30 % akstri á hraðbrautum. Ökutæki í flokki M_2 og M_3 í undirflokki I, II eða A, ein og skilgreint er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/85/EB, ([7]) skulu prófuð með u.þ.b. 70 % akstri í þéttbýli og 30 % akstri í dreifbýli.

4.5.3. Í tilviki ökutækja í flokki N_2 skal ferðin samanstanda af u.þ.b. 45 % akstri í þéttbýli, 25 % akstri í dreifbýli og því næst 30 % akstri á hraðbrautum.

4.5.4. Í tilviki ökutækja í flokki N_3 skal ferðin samanstanda af u.þ.b. 20 % akstri í þéttbýli, 25 % akstri í dreifbýli og því næst 55 % akstri á hraðbrautum.

4.5.5 Einnig getur eftirfarandi dreifing einkennandi gilda fyrir ferðir úr gagnagrunni vinnslulotu sem er samræmd á heimsvísu (WHDC) komið sem viðbótarleiðbeiningar við mat ferðar:

a) hröðun: 26,9 % tímans,

b) hraðaminnkun: 22,6 % tímans,

c) hraða haldið stöðugum: 38,1 % tímans,

d) stöðvun (hraði ökutækis = 0): 12,4% tímans.

4.6. **Kröfur varðandi akstur**

4.6.1. Ferðin skal valin þannig að engar truflanir verði á prófuninni og að gögnum sé safnað samfellt þar til lágmarkstímalengd prófunarinnar, eins og hún er skilgreind í lið 4.6.5, er náð.

4.6.2. Söfnun upplýsinga um losun og önnur gagnasöfnun skal hefjast áður en hreyfillinn er ræstur. Við mat á losun er heimilt að fella brott losun sem á sér stað við kaldræsingu, í samræmi við lið 2.6 í 1. viðbæti.

4.6.3. Ekki er heimilt að sameina gögn sem safnað er í mismunandi ferðum eða að breyta gögnum eða fella brott gögn sem safnað er í ferð.

4.6.4. Ef hreyfillinn drepur á sér má endurræsa hann en gagnasöfnun skal ekki stöðvuð.

4.6.5. Lágmarkstímalengd prófunar skal vera nægilega löng til að ljúka fimm sinnum við vinnuna sem framkvæmd er í WHTC-prófun eða til að framleiða fimm sinnum viðmiðunarmassa koltvísýrings í kg/lotu í WHTC-prófun eftir því sem við á.

4.6.6. Færanlega mælikerfið fyrir losun skal fá rafafl sem kemur úr ytri aflgjafaeiningu en ekki aflgjafa sem fær orku sína annað hvort beint eða óbeint frá hreyflinum sem verið er að prófa.

4.6.7. Ísetning búnaðar færanlega mælikerfisins fyrir losun skal ekki hafa áhrif á losun og/eða afköst ökutækisins.

4.6.8. Mælt er með því að ökutækjum verði ekið við venjuleg umferðarskilyrði að degi til.

4.6.9. Ef viðurkenningaryfirvöld telja niðurstöður könnunar á samkvæmni gagna ófullnægjandi, samkvæmt lið 3.2 í 1. viðbæti við þennan viðauka, geta þau litið svo á að prófunin sé ógild.

4.6.10. Sama akstursleiðin skal notuð við prófun ökutækja innan úrtaksins sem lýst er í liðum 3.1.1 til 3.1.3.

5. GAGNASTREYMI FRÁ RAFSTÝRIEININGU

5.1. Sannprófun á tiltækileika og samræmi gagnastreymis frá rafstýrieiningu sem krafist er vegna prófunar ökutækja sem eru í notkun.

5.1.1. Sýna skal fram á að upplýsingarnar úr gagnastreyminu, sem krafist er samkvæmt lið 5.2 í I. viðauka, séu tiltækar áður prófun á ökutæki sem er í notkun hefst.

5.1.1.1. Ef ekki er hægt að sækja þær upplýsingar með færanlega mælikerfinu fyrir losun með eðlilegum hætti skal sýna fram á að upplýsingarnar séu tiltækar með ytra skönnunartæki fyrir innbyggða greiningarkerfið eins og lýst er í X. viðauka.

5.1.1.1.1. Ef mögulegt er að sækja þessar upplýsingar með skönnunartæki með réttum hætti skal litið svo á að færanlega mælikerfið fyrir losun sé bilað og prófunin ógild.

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/85/EB frá 20. nóvember 2001 um sérákvæði fyrir ökutæki sem eru ætluð til farþegaflutninga og taka fleiri en átta manns í sæti auk ökumanns og um breytingu á tilskipunum 70/156/EBE og 97/27/EB (Stjtíð. ESB L 42, 13.2.2002, bls. 1).

5.1.1.1.2. Ef ekki er hægt að sækja þessar upplýsingar með réttum hætti úr tveimur ökutækjum með hreyflum sem tilheyra sama hópi hreyfla, á meðan skönnunartækið virkar rétt, skal litið svo á að hreyfillinn standist ekki kröfur.

5.1.2. Samræmi snúningsvægismerkisins sem reiknað er út með búnaði færanlega mælikerfisins fyrir losun út frá upplýsingunum úr gagnastreymi frá rafstýrieiningunni sem krafist er í lið 5.2.1 í I viðauka, skal sannprófað við fullt álag.

5.1.2.1. Aðferðinni, sem nota skal til að kanna samræmi, er lýst í 4. viðbæti.

5.1.2.2. Samræmi snúningsvægismerkisins frá rafstýrieiningunni er talið fullnægjandi ef hið reiknaða snúningsvægi er innan vikmarka snúningsvægis við fullt álag sem tilgreind eru í 5. lið.

5.1.2.3. Ef reiknaða snúningsvægið er ekki innan vikmarka snúningsvægis við fullt álag sem tilgreind eru í lið 5.2.5 í I. viðauka, telst hreyfillinn ekki hafa staðist prófunina.

6. MAT Á LOSUN

6.1. Prófunin skal framkvæmd og niðurstöður úr prófuninni reiknaðar út í samræmi við ákvæði 1. viðbætis við þennan viðauka.

6.2. Reikna skal út og setja fram samræmisstuðlana bæði fyrir aðferðina sem byggir á massa koltvísýrings og vinnutengdu aðferðina. Ákvörðun um hvort prófun sýni fullnægjandi eða ófullnægjandi niðurstöður skal tekin á grundvelli niðurstaðna úr vinnutengdu aðferðinni.

6.3. Uppsöfnuð 90 hundraðshlutagildi samræmisstuðlanna fyrir losun með útblæstri frá hverju hreyfilkerfi sem verið er að prófa, ákvarðað í samræmi við mæli- og reikningsaðferðirnar sem tilgreindar eru í 1. viðbæti, skulu ekki vera hærri en gildin sem tilgreind eru í töflu 2.

Tafla 2

Hæstu leyfilegu samræmisstuðlar fyrir samræmisprófun á losun ökutækja í notkun

Mengunarefni	Hæsti leyfilegi samræmisstuðull
CO	1.50
THC (1)	1.50
NMHC (2)	1.50
CH_4 (2)	1.50
NO_x	1.50
Massi efnisagna	—
Fjöldi efnisagna	—

(1) Fyrir þjöppukveikjuhreyfla.
(2) Fyrir hreyfla með rafkveikju.

7. MAT Á NIÐURSTÖÐUM PRÓFUNAR Á SAMRÆMI ÖKUTÆKJA Í NOTKUN

7.1. Á grundvelli skýrslunnar um samræmi ökutækja sem eru í notkun sem um getur í 10. lið skal gerðarviðurkenningaryfirvald annað hvort:

a) ákveða að prófun á samræmi hóps hreyfilkerfa sem eru í notkun sé fullnægjandi og grípa ekki til frekari aðgerða,

b) ákveða að upplýsingarnar sem afhentar eru séu ófullnægjandi til að unnt sé að komast að niðurstöðu og óska eftir því að framleiðandinn leggi fram frekari upplýsingar og prófunargögn,

c) ákveða að samræmi hóps hreyfilkerfa sem eru í notkun sé ófullnægjandi og grípa til þeirra ráðstafana sem um getur í 13. gr. og 9. lið þessa viðauka.

8. STAÐFESTINGARPRÓFUN ÖKUTÆKJA

8.1. Staðfestingarprófanir fara fram til að staðfesta virkni losunarvarna í hópi hreyfla í notkun.

8.2. Viðurkenningaryfirvöld geta framkvæmt staðfestingarprófanir.

8.3. Staðfestingarprófunin skal framkvæmd með sama hætti og prófun ökutækja eins og tilgreint er í liðum 2.1 og 2.2. Dæmigerð ökutæki skulu valin og notuð við eðlileg skilyrði og prófuð samkvæmt aðferðunum sem skilgreindar eru í þessum viðauka.

8.4. Prófunarniðurstaða getur talist ófullnægjandi þegar farið er umtalsvert yfir viðmiðunarmörkin skv. 6. lið í prófunum á tveimur eða fleiri ökutækjum úr sama hópi ökutækja hvað varðar hvaða mengandi efnisþátt sem er, sem reglur gilda um.

9. ÁÆTLUN UM RÁÐSTAFANIR TIL ÚRBÓTA

9.1. Framleiðandi skal leggja skýrslu fyrir viðurkenningaryfirvald þess aðildarríkis þar sem hreyflarnir eða ökutækin sem þarfnast úrbóta eru skráð eða notuð þegar hann undirbýr aðgerðir til úrbóta, og skal leggja skýrsluna fram þegar ákvörðun er tekin um aðgerðir. Í skýrslunni skulu tilgreindar upplýsingar um þær aðgerðir til úrbóta sem ráðist verður í og þeim hópi hreyfla sem þær taka til lýst. Framleiðandinn skal gefa viðurkenningaryfirvaldi reglulega skýrslu eftir að aðgerðir til úrbóta hefjast.

9.2. Framleiðandinn skal leggja fram afrit af öllum samskiptum sem varða áætlun um ráðstafanir til úrbóta og skal halda skrá yfir innköllunarátakið og leggja reglulega stöðuskýrslur fyrir viðurkenningaryfirvaldið.

9.3. Framleiðandinn skal gefa áætluninni sérstakt einkennisnafn eða númer.

9.4. Framleiðandinn skal leggja fram áætlun um ráðstafanir til úrbóta sem skal samanstanda af upplýsingunum sem tilgreindar eru í liðum 9.4.1 til 9.4.11.

9.4.1. Lýsa skal hverri gerð hreyfilkerfis sem áætlunin um ráðstafanir til úrbóta nær til.

9.4.2. Lýsa skal þeim sérstöku lagfæringum, breytingum, viðgerðum, leiðréttingum, stillingum og öðrum breytingum sem gera þarf til að hreyfillinn verði í samræmi, þ.m.t. samantekt um þau gögn og tæknilegu rannsóknir sem renna stoðum undir ákvarðanir framleiðandans er lúta að þeim ráðstöfunum sem ber að gera til að bæta úr misræmi.

9.4.3. Lýsa skal með hvaða hætti framleiðandinn hyggst upplýsa eigendur hreyflanna eða ökutækjanna um úrbæturnar.

9.4.4. Lýsa ber réttu viðhaldi eða notkun, ef slíku er til að dreifa, sem framleiðandinn gerir að skilyrði fyrir rétti til lagfæringa samkvæmt áætlun um ráðstafanir til úrbóta, ásamt útskýringu á því hvers vegna framleiðandinn setur slík skilyrði. Óheimilt er að setja skilyrði um viðhald eða notkun nema þau eigi sannanlega skylt við ósamræmi og ráðstafanir til úrbóta.

9.4.5. Lýsa skal þeirri málsmeðferð sem ökutækis- eða hreyflaeigendur skulu fylgja til að fá leiðréttingu á misræminu. Í lýsingunni skal taka fram eftir hvaða dag er unnt að gera ráðstafanir til úrbóta, áætlaðan viðgerðartíma verkstæðisins og hvar þær geta farið fram. Viðgerðin skal fara fram á hagkvæman hátt innan eðlilegra tímamarka eftir afhendingu ökutækis.

9.4.6. Afrit skal liggja fyrir af upplýsingunum sem komið hefur verið á framfæri við eigendur hreyflanna eða ökutækjanna.

9.4.7. Lýsa ber í stuttu máli með hvaða hætti framleiðandinn tryggir nægilegar birgðir íhluta eða kerfa til þess að aðgerðir um ráðstafanir til úrbóta nái fram að ganga. Gefa skal til kynna hvenær nægar birgðir verða af íhlutum eða kerfum til að hefja átakið.

9.4.8. Afrit skulu liggja fyrir af öllum leiðbeiningum sem senda á þeim einstaklingum sem framkvæma munu viðgerðirnar.

9.4.9. Lýsa skal þeim áhrifum sem fyrirhugaðar ráðstafanir til úrbóta munu hafa á losun mengunarefna, eldsneytisnotkun, akstursháefni og öryggi hverrar gerðar hreyfils eða ökutækis, sem fellur undir áætlun um ráðstafanir til úrbóta, þar sem fram koma gögn, tæknilegar rannsóknir o.s.frv. sem styðja þessar niðurstöður.

9.4.10. Allar aðrar upplýsingar, skýrslur eða gögn, sem viðurkenningaryfirvald getur með sanngjörnum hætti talið nauðsynleg til að leggja mat á áætlun um ráðstafanir til úrbóta, skulu liggja fyrir.

9.4.11. Ef áætlun um ráðstafanir til úrbóta felur í sér innköllun ökutækja skal láta viðurkenningaryfirvaldinu í té lýsingu á því með hvaða hætti viðgerðir eru skráðar. Ef merkimiði er notaður skal leggja fram sýnishorn.

9.5. Skylda má framleiðandann til að framkvæma skynsamlega hannaðar og nauðsynlegar prófanir á íhlutum og hreyflum sem lagt er til að verði breytt, gert við eða lagfærðir til að sýna fram á að breytingin, viðgerðin eða lagfæringin hafi tilætluð áhrif.

10. VERKLAGSREGLUR VIÐ SKÝRSLUGJÖF

10.1. Afhenda skal viðurkenningaryfirvaldinu tækniskýrslu fyrir hvern hóp hreyfla sem er prófaður. Skýrslan skal sýna framgang og niðurstöður prófunar á samræmi ökutækja í notkun. Skýrslan skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

10.1.1. *Almennt*

10.1.1.1. Heiti og heimilisfang framleiðanda.

10.1.1.2. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja.

10.1.1.3. Nafn, heimilisfang, síma- og bréfsímanúmer og netfang fulltrúa framleiðanda.

10.1.1.4. Gerð og verslunarheiti (nefnið hugsanleg afbrigði).

10.1.1.5. Hópur hreyfla.

10.1.1.6. Stofnhreyfill

10.1.1.7. Hreyflar í hreyflahópnum.

10.1.1.8. Kóða verksmiðjunúmers ökutækis sem gilda um ökutækin sem búin eru hreyfli sem fellur undir sannprófun á samræmi ökutækja í notkun.

10.1.1.9. Auðkenning gerðar og staðsetning auðkenningar, ef hún er á ökutækinu.

10.1.1.10. Ökutækjaflokkur.

10.1.1.11. Gerð hreyfils: bensín, etanól (E85), dísilolía/jarðgas /fljótandi jarðolíugas/etanól (ED95) (strikið yfir það sem ekki á við).

10.1.1.12. Númer gerðarviðurkenninga sem gilda um gerðir hreyfla innan hóps hreyfla í notkun, þ.m.t., ef við á, númer allra rýmkana og leiðréttinga og/eða afturkallana (endursmíði).

10.1.1.13. Upplýsingar um rýmkanir og leiðréttingar og/eða afturkallanir á gerðarviðurkenningu hreyfla sem upplýsingar framleiðanda ná yfir.

10.1.1.14. Framleiðslutími hreyfilsins sem upplýsingar framleiðanda ná yfir (t.d. „ökutæki eða hreyflar sem eru framleiddir á almanaksárinu 2014“).

10.1.2. *Val hreyfils/ökutækis*

10.1.2.1. Aðferð til að staðsetja ökutækið eða hreyfilinn.

10.1.2.2. Viðmiðanir fyrir vali ökutækja, hreyfla, hópa í notkun.

10.1.2.3. Landsvæði þar sem framleiðandi hefur safnað ökutækjum.

10.1.3. *Búnaður*

10.1.3.1. Búnaður færanlegs mælikerfis fyrir losun, vöruheiti og gerð.

10.1.3.2. Kvörðun færanlegs mælikerfis fyrir losun.

10.1.3.3. Aflgjafi færanlegs mælikerfis fyrir losun.

10.1.3.4. Útreikningshugbúnaður og útgáfa sem er notuð (t.d. EMROAD 4.0).

10.1.4. *Prófunargögn*

10.1.4.1. Prófunardagur og tími:

10.1.4.2. Staðsetning prófunar, þ.m.t. upplýsingar um akstursleiðina sem notuð er í prófuninni.

10.1.4.3. Veður-/umhverfisskilyrði (t.d. hitastig, rakastig, hæð yfir sjávarmáli).

10.1.4.4. Vegalengdir sem hverju ökutæki er ekið á akstursleið prófunarinnar.

10.1.4.5. Forskriftir fyrir eiginleika prófunareldsneytis.

10.1.4.6. Forskrift virka efnisins (ef við á).

10.1.4.7. Forskrift smurolíu.

10.1.4.8. Niðurstöður losunarprófunar skv. 1. viðbæti við þennan viðauka.

10.1.5. *Upplýsingar um hreyfil*

10.1.5.1. Eldsneytistegund hreyfils (t.d. dísilolía, etanól ED95, jarðgas, fljótandi jarðolíugas, bensín, E85).

10.1.5.2. Brennslukerfi hreyfils (t.d. þjöppukveikja eða rafkveikja).

10.1.5.3. Gerðarviðurkenningarnúmer.

10.1.5.4. Hreyfill endursmíðaður.

10.1.5.5. Framleiðandi hreyfils.

10.1.5.6. Tegund hreyfils.

10.1.5.7. Framleiðsluár og -mánuður hreyfils.

10.1.5.8. Kenninúmer hreyfils.

10.1.5.9. Slagrými hreyfils [lítrar].

10.1.5.10. Fjöldi strokka.

10.1.5.11. Nafnafl hreyfils [kW við snún./mín.].

10.1.5.12. Toppgildi snúningsvægis [Nm við snún./mín.].

10.1.5.13. Snúningshraði í lausagangi [snún./mín.].

10.1.5.14. Framleiðandi veitti upplýsingar um aflferil snúningsvægis við fullt álag (já/nei).

10.1.5.15. Framleiðandi veitti upplýsingar um tilvísunarnúmer aflferils snúningsvægis við fullt álag.

10.1.5.16. Afoxunarkerfi fyrir köfnunarefnisoxíð (t.d. útblásturshringrás, sértæk afoxunarkerfi með hvötum).

10.1.5.17. Gerð hvarfakúts.

10.1.5.18. Gerð agnasíu.

10.1.5.19. Eftirmeðferð breytt með tilliti til gerðarviðurkenningar? (já/nei)

10.1.5.20. Upplýsingar frá rafstýrieiningu um hreyfil (númer fyrir kvörðun hugbúnaðar).

10.1.6. *Upplýsingar um ökutæki*

10.1.6.1. Eigandi ökutækis.

10.1.6.2. Gerð ökutækis (t.d. M_3, N_3) og notkun (t.d. óliðskipt eða liðskipt vörubifreið, borgarstrætisvagn).

10.1.6.3. Framleiðandi ökutækis.

10.1.6.4. Verksmiðjunúmer ökutækis.

10.1.6.5. Skráningarnúmer og skráningarland ökutækis.

10.1.6.6. Árgerð hreyfils.

10.1.6.7. Framleiðsluár og -mánuður ökutækis.

10.1.6.8. Gerð gírskiptingar (t.d. beinskipting, sjálfskipting eða annað).

10.1.6.9. Fjöldi framgíra.

10.1.6.10. Staða kílómetramælis við upphaf prófunar [km].

10.1.6.11. Heildarþyngd samtengds ökutækis (GVW) [kg].

10.1.6.12. Dekkjastærð [ekki skyldubundið].

10.1.6.13. Þvermál útblástursrörs [mm] [ekki skyldubundið].

10.1.6.14. Fjöldi ása.

10.1.6.15. Rúmtak eldsneytisgeymis/eldsneytisgeyma [lítrar] [ekki skyldubundið].

10.1.6.16. Fjöldi eldsneytisgeyma [ekki skyldubundið].

10.1.6.17. Rúmtak geymis/geyma fyrir virka efnið [lítrar] [ekki skyldubundið].

10.1.6.18. Fjöldi geyma fyrir virka efnið [ekki skyldubundið].

10.1.7. *Eiginleikar akstursleiðar í prófun*

10.1.7.1. Staða kílómetramælis við upphaf prófunar [km]

10.1.7.2. Tímalengd [s]

10.1.7.3. Meðalumhverfisskilyrði (eins og þau eru reiknuð út frá augnabliksmældum gögnum)

10.1.7.4. Upplýsingar um nema sem mæla umhverfisskilyrði (gerð og staðsetning nema)

10.1.7.5. Upplýsingar um hraða ökutækis (t.d. uppsöfnuð hraðadreifing)

10.1.7.6. Hlutar af tímalengd ferðar sem einkennast af akstri í þéttbýli, dreifbýli og á hraðbrautum eins og lýst er í lið 4.5.

10.1.7.7. Hlutar af tímalengd ferðar sem einkennast af því að hraði er aukinn, dregið er úr hraða, hraða er haldið stöðugum og stöðvun eins og lýst er í lið 4.5.5.

10.1.8. *Augnabliksmæld gögn*

10.1.8.1. Styrkur heildarmagns vetniskolefna (THC) [milljónarhlutar]

10.1.8.2. Styrkur kolsýrings [milljónarhlutar]

10.1.8.3. Styrkur köfnunarefnisoxíðs [milljónarhlutar].

10.1.8.4. Styrkur koltvísýrings [milljónarhlutar].

10.1.8.5. Styrkur CH_4 [milljónarhlutar] eingöngu fyrir hreyfla með rafkveikju.

10.1.8.6. Streymi útblásturslofts [kg/h].

10.1.8.7. Útblásturshiti [°C].

10.1.8.8. Umhverfishiti [°C].

10.1.8.9. Loftþrýstingur [kPa].

10.1.8.10. Umhverfisraki [g/kg] [ekki skyldubundið].

10.1.8.11. Snúningsvægi hreyfils [Nm].

10.1.8.12. Snúningshraði (snún./mín.)

10.1.8.13. Eldsneytisstreymi hreyfils [g/s].

10.1.8.14. Hitastig kælivökva hreyfils [°C].

10.1.8.15. Akstursshraði ökutækis [km/klst.] samkvæmt rafstýrieiningu og GPS-tæki.

10.1.8.16. Breiddargráða ökutækis [gráða] (þarf að vera nægilega nákvæm til að hægt sé að rekja akstursleið í prófun).

10.1.8.17. Lengdargráða ökutækis [gráða].

10.1.9. *Augnabliksreiknuð gögn*

10.1.9.1. Massi heildarmagns vetniskolefna (THC) [g/s].

10.1.9.2. Massi kolsýrings [g/s].

10.1.9.3. Massi köfnunarefnisoxíðs [g/s].

10.1.9.4. Massi koltvísýrings [g/s].

10.1.9.5. Massi CH_4 [g/s], á eingöngu við um hreyfla með rafkveikju.

10.1.9.6. Samanlagður massi heildarmagns vetniskolefna [g].

10.1.9.7. Samanlagður massi kolsýrings [g].

10.1.9.8. Samanlagður massi köfnunarefnisoxíðs [g].

10.1.9.9. Samanlagður massi koltvísýrings [g].

10.1.9.10. Samanlagður massi CH_4 [g], á eingöngu við um hreyfla með rafkveikju.

10.1.9.11. Reiknuð eldsneytisnotkun [g/s].

10.1.9.12. Hreyfilafl [kW].

10.1.9.13. Vinna hreyfils [kWh].

10.1.9.14. Tímalengd vinnuglugga [s].

10.1.9.15. Meðalafl hreyfils í vinnuglugga [%].

10.1.9.16. Samræmisstuðull heildarmagns vetniskolefna (THC) í vinnuglugga [-].

10.1.9.17. Samræmisstuðull kolsýrings í vinnuglugga [-].

10.1.9.18. Samræmisstuðull köfnunarefnisoxíðs í vinnuglugga [-].

10.1.9.19. Samræmisstuðull CH_4 í vinnuglugga [-], á eingöngu við um hreyfla með rafkveikju.

10.1.9.20. Tímalengd glugga fyrir massa koltvísýrings [s].

10.1.9.21. Samræmisstuðull heildarmagns vetniskolefna fyrir glugga massa koltvísýrings [-].

10.1.9.22. Samræmisstuðull kolsýrings fyrir glugga massa koltvísýrings [-].

10.1.9.23. Samræmisstuðull köfnunarefnisoxíðs fyrir glugga massa koltvísýrings [-].

10.1.9.24. Samræmisstuðull CH_4 fyrir glugga massa koltvísýrings [-], á eingöngu við um hreyfla með rafkveikju.

10.1.10. *Meðaltalsreiknuð og samþætt gögn*

10.1.10.1. Meðalstyrkur heildarmagns vetniskolefna [milljónarhlutar] [ekki skyldubundið].

10.1.10.2. Meðalstyrkur kolsýrings [milljónarhlutar] [ekki skyldubundið].

10.1.10.3. Meðalstyrkur köfnunarefnisoxíðs [milljónarhlutar] [ekki skyldubundið].

10.1.10.4. Meðalstyrkur koltvísýrings [milljónarhlutar] [ekki skyldubundið].

10.1.10.5. Meðalstyrkur CH_4 [milljónarhlutar], á eingöngu við um gashreyfla [ekki skyldubundið].

10.1.10.6. Meðalstreymi útblástursloftsins [kg/klst.] [ekki skyldubundið].

10.1.10.7. Meðalhiti útblásturs [°C] [ekki skyldubundið].

10.1.10.8. Losun heildarmagns vetniskolefna [g].

10.1.10.9. Losun kolsýrings [g].

10.1.10.10. Losun köfnunarefnisoxíðs [g].

10.1.10.11. Losun koltvísýrings [g].

10.1.10.12. Losun CH_4 [g], á eingöngu við um gashreyfla.

10.1.11. *Fullnægjandi-ófullnægjandi niðurstöður*

10.1.11.1. Lægsta, hæsta og uppsöfnuð 90 % hundraðshlutagildi fyrir:

10.1.11.2. Samræmisstuðull heildarmagns vetniskolefna (THC) í vinnuglugga [-].

10.1.11.3. Samræmisstuðull kolsýrings í vinnuglugga [-].

10.1.11.4. Samræmisstuðull köfnunarefnisoxíðs í vinnuglugga [-].

10.1.11.5. Samræmisstuðull CH_4 í vinnuglugga [-], á eingöngu við um hreyfla með rafkveikju.

10.1.11.6. Samræmisstuðull heildarmagns vetniskolefna fyrir glugga massa koltvísýrings [-].

10.1.11.7. Samræmisstuðull kolsýrings fyrir glugga massa koltvísýrings [-].

10.1.11.8. Samræmisstuðull köfnunarefnisoxíðs fyrir glugga massa koltvísýrings [-].

10.1.11.9. Samræmisstuðull CH_4 fyrir glugga massa koltvísýrings [-], á eingöngu við um hreyfla með rafkveikju.

10.1.11.10. Vinnugluggi: Lægsta og hæsta meðalafl í glugga [%].

10.1.11.11. Massagluggi koltvísýrings: Minnsta og lengsta tímalengd glugga [s].

10.1.11.12. Vinnugluggi: Hundraðshluti gildra glugga.

10.1.11.13. Massagluggi koltvísýrings: Hundraðshluti gildra glugga.

10.1.2012. *Sannprófun prófunar*

10.1.12.1. Niðurstöður fyrir núllpunkt, mælisvið og úttekt á greiningartæki fyrir heildarmagn vetniskolefna, fyrir og eftir prófun.

10.1.12.2. Niðurstöður fyrir núllpunkt, mælisvið og úttekt á greiningartæki fyrir kolsýring, fyrir og eftir prófun.

10.1.12.3. Niðurstöður fyrir núllpunkt, mælisvið og úttekt á greiningartæki fyrir köfnunarefnisoxíð, fyrir og eftir prófun.

10.1.12.4. Niðurstöður fyrir núllpunkt, mælisvið og úttekt á greiningartæki fyrir koltvísýring, fyrir og eftir prófun.

10.1.12.5. Niðurstöður könnunar á samkvæmni gagna, samkvæmt lið 3.2 í 1. viðbæti við þennan viðauka.

10.1.13. Skrá yfir frekari fylgiskjöl, ef einhver eru.

———

1. viðbætir

Prófunaraðferð sem notuð er til að prófa losun ökutækja með færanlegum mælikerfum fyrir losun

1. INNGANGUR

Í þessum viðbæti er lýst aðferðinni sem notuð er til að ákvarða losun lofttegunda með mælingum sem framkvæmdar eru í ökutæki í akstri með færanlegu mælikerfi fyrir losun (hér eftir „PEMS“). Losun lofttegunda sem mæla skal í útblæstri hreyfilsins eru m.a. eftirtaldir efnisþættir: kolsýringur, heildarmagn vetniskolefna og köfnunarefnisoxíð í tilviki dísilhreyfla, og að auki metan í tilviki gashreyfla. Enn fremur skal mæla koltvísýring svo mögulegt sé að nota reikningsaðferðirnar sem lýst er í liðum 4 og 5.

2. PRÓFUNARAÐFERÐ

2.1. **Almennar kröfur**

Prófanirnar skulu framkvæmdar með færanlegu mælikerfi fyrir losun sem samanstendur af:

2.1.1. Gasgreiningartækjum til að mæla styrk mengunarefna, sem reglur gilda um, í útblásturslofti.

2.1.2. Mæli fyrir útblástursmassastreymi sem byggist á meðaltalsreikningi samkvæmt Pitot-lögmáli eða sambærilegu lögmáli.

2.1.3. GPS-staðsetningarkerfi (hér eftir „GPS“).

2.1.4. Nemum til að mæla umhverfishita og loftþrýsting.

2.1.5. Tengingu við rafstýrieiningu ökutækisins.

2.2. **Prófunarmæliþættir**

Mæliþættirnir sem taldir eru upp í töflu 1 skulu mældir og skráðir:

Tafla 1

Prófunarmæliþættir

Mæliþáttur	Eining	Uppruni
Styrkur heildarmagns vetniskolefna (1)	milljónarhlutar	Greiningartæki
Styrkur kolsýrings (1)	milljónarhlutar	Greiningartæki
Styrkur NO_x (1)	milljónarhlutar	Greiningartæki
Styrkur koltvísýrings (1)	milljónarhlutar	Greiningartæki
Styrkur CH_4 (1) (2)	milljónarhlutar	Greiningartæki
Streymi útblásturslofts	kg/klst.	Streymismælir útblásturslofts (hér eftir „EFM“)
Útblástурshiti	°K	Streymismælir útblásturslofts
Umhverfishiti (3)	°K	Nemi
Loftþrýstingur	kPa	Nemi
Snúningsvægi hreyfils (4)	Nm	Rafstýrieining eða nemi
Snúningshraði	snún./mín.	Rafstýrieining eða nemi
Eldsneytisstreymi hreyfils	g/s	Rafstýrieining eða nemi
Hitastig á kælivökva hreyfils	°K	Rafstýrieining eða nemi
Hitastig inntakslofts hreyfils (3)	°K	Nemi
Akstурshraði ökutækis	km/klst.	Rafstýrieining og GPS-staðsetningarkerfi
Breiddargráða ökutækis	gráða	GPS-staðsetningarkerfi
Lengdargráða ökutækis	gráða	GPS-staðsetningarkerfi

(1) Mælt eða leiðrétt miðað við rakt ástand.
(2) Á einungis við um gashreyfla.
(3) Nota skal nema fyrir umhverfishita eða nema fyrir hitastig inntakslofts.
(4) Gildið sem er skráð skal annað hvort vera (a) nettósnúningsvægið eða (b) nettósnúningsvægið reiknað út frá hundraðshluta raunverulegs snúningsvægis hreyfilsins, núningsvæginu og viðmiðunarsnúningsvæginu, í samræmi við staðalinn SAE J1939-71.

2.3. **Undirbúningur ökutækisins**

Undirbúningur ökutækisins skal fela í sér eftirfarandi:

a) athugun á innbyggðu greiningarkerfinu: eftir að leyst hefur verið úr öllum greindum vandamálum skulu þau skráð og kynnt viðurkenningaryfirvaldinu,

b) skipta skal um olíu, eldsneyti og virkt efni, ef einhver eru.

2.4. **Uppsetning mælibúnaðar**

2.4.1. *Aðaleining*

Eftir því sem mögulegt er skal koma færanlegu mælikerfi fyrir losun fyrir þar sem það verður fyrir sem minnstum áhrifum af eftirfarandi þáttum:

a) breytingum á umhverfishita,

b) breytingum á loftþrýstingi,

c) rafsegulgeislun,

d) kraftrænum höggum og titringi,

e) vetniskolefni í umhverfinu — ef notast er við greiningartæki með logajónunarnema sem brennir andrúmslofti.

Uppsetningin skal fylgja fyrirmælunum sem gefin eru út af framleiðanda færanlega mælikerfisins fyrir losun.

2.4.2. *Streymismælir útblásturslofts*

Streymismælir útblásturslofts skal festur við útblástursrör ökutækisins. Staðsetja skal nema streymismælis útblásturslofts milli tveggja beinna pípna sem skulu vera a.m.k. tvöfalt lengri en sem nemur þvermáli mælisins fyrir streymi útblásturslofts (fyrir framan hann og aftan). Mælt er með því að mælirinn fyrir streymi útblásturslofts sé staðsettur fyrir aftan hljóðkút til að takmarka áhrif vegna sláttar frá útblástursloftinu á merkin frá mælingunni.

2.4.3. *GPS-staðsetningarkerfi*

Loftnetinu skal komið fyrir á hæsta mögulega punkti án þess að hætta sé á truflunum af völdum hindrana sem kunna að vera til staðar við notkun á vegum.

2.4.4. *Tenging við rafstýrieiningu ökutækisins*

Nota skal gagnaskráningartæki til að skrá mæliþætti hreyfilsins sem taldir eru upp í töflu 1. Gagnaskráningartækið getur nýtt tengibraut stjórnsvæðisnets (hér eftir „CAN“) ökutækisins til að fá aðgang að upplýsingum frá rafstýrieiningunni sem sendar eru yfir á stjórnsvæðisnetið samkvæmt stöðluðum samskiptareglum á borð við SAE J1939, J1708 eða ISO 15765-4.

2.4.5. *Sýnataka til að ákvarða losun mengandi lofttegunda*

Sýnatökuleiðslan skal hituð upp í samræmi við forskriftir liðar 2.3 í 2. viðbæti og einangruð með fullnægjandi hætti við tengipunktana (sýnatökunemi og bakhlið aðaleiningarinnar) til að koma í veg fyrir myndun kaldra staða sem gætu valdið því að sýnatökukerfið mengist af vetniskolefni sem hefur þéttst.

Sýnatökunema skal komið fyrir í útblástursröri í samræmi við kröfur liðar 9.3.10 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

Ef lengd sýnatökuleiðslu er breytt skulu flutningstímar í kerfinu sannprófaðir og, ef nauðsyn krefur, leiðréttir.

2.5. **Verklag fyrir prófun**

2.5.1. *Ræsing og stöðgun færanlegra mælikerfa fyrir losun*

Aðaleiningarnar skulu hitaðar upp og stöðgaðar í samræmi við forskriftir framleiðanda mælitækisins þar til þrýstingur, hitastig og streymi hafa náð stillipunktum sínum við notkun.

2.5.2. *Hreinsun sýnatökukerfisins*

Til að koma í veg fyrir mengun kerfisins skulu sýnatökuleiðslur færanlega mælikerfisins fyrir losun hreinsaðar þar til sýnataka hefst í samræmi við forskriftir framleiðanda tækisins.

2.5.3. *Athugun og kvörðun greiningartækja*

Framkvæma skal núllstillingu, mælisviðskvörðun og línuleikaathugun greiningartækja með kvörðunarlofttegundum sem uppfylla kröfur liðar 9.3.3. í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

2.5.4. *Hreinsun streymismæli útblásturslofts*

Hreinsa skal streymismæli útblásturslofts við tengingar þrýstiskynjara í samræmi við forskriftir framleiðanda tækisins. Hreinsunin felst í því að þétting og dísilagnir eru fjárlægðar úr þrýstingsleiðslum og viðkomandi tengingum til að mæla þrýsting í gegnumstreymisleiðslum.

2.6. **Losunarprófun**

2.6.1. *Upphaf prófunar*

Sýnataka úr losun, mæling mæliþátta útblásturs og skráning hreyfil- og umhverfisgagna skal hefjast áður en hreyfillinn er ræstur. Mat á gögnum skal hefjast þegar hitastig kælivökva hefur náð 343K (70 °C) í fyrsta skipti eða þegar hitastig kælivökva er orðið stöðugt á bilinu +/– 2K á fimm mínútna tímabili, hvort sem fyrr verður, en þó eigi síðar en 20 mínútum eftir að hreyfillinn er ræstur.

2.6.2. *Framkvæmd prófunar*

Sýnataka úr losun, mæling mæliþátta útblásturs og skráning hreyfil- og umhverfisgagna skal halda áfram með hreyfillinn í eðlilegri notkun. Hreyfillinn kann að vera stöðvaður og ræstur, en sýnataka úr losun skal halda áfram þar til prófuninni lýkur.

Gasgreiningartæki færanlega mælikerfisins fyrir losun skulu athuguð reglulega, a.m.k. á tveggja klukkustunda fresti. Gögn sem eru skráð við skoðanirnar skulu merkt og skulu ekki notuð við útreikninga á losun.

2.6.3. *Lok prófunarraðar*

Við lok prófunar skal beðið nægilega lengi þar til svörunartími sýnatökukerfanna er liðinn. Stöðva má hreyfilinn áður eða eftir að sýnatöku er hætt.

2.7. **Sannprófun mælinga**

2.7.1. *Athugun greiningartækja*

Framkvæma skal núllstillingu, mælisviðskvörðun og línuleikaathugun greiningartækja, eins og lýst er í lið 2.5.3, með kvörðunarlofttegundum sem uppfylla kröfur liðar 9.3.3 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

2.7.2. *Núllpunktsrek*

Núllpunktssvörun er skilgreind sem meðalsvörun, þ.m.t. mælisuð, við núllstillingarlofttegund á a.m.k. 30 sekúndna tímabili. Rek núllpunktssvörunar skal vera minna en 2 % af fullu útslagi á lægsta sviði sem notað er.

2.7.3. *Mælisviðsrek*

Kvörðunarsvörun er skilgreind sem meðalsvörun, þ.m.t. mælisuð, við kvörðunarlofttegund á a.m.k. 30 sekúndna tímabili. Rek kvörðunarsvörunar skal vera minna en 2 % af fullu útslagi á lægsta sviði sem notað er.

2.7.4. *Sannprófun reks*

Þetta gildir einungis ef engin leiðrétting á núllpunktsreki var gerð meðan á prófuninni stóð.

Eins fljótt og það er gerlegt og eigi síðar en 30 mínútum eftir að prófun lýkur skulu mælisvið gasgreiningartækja núllstillt og kvörðuð í því skyni að kanna rek þeirra samanborið við niðurstöður sem fengust fyrir prófunina.

Eftirfarandi ákvæði gilda um rek greiningartækja:

a) ef mismunur á milli niðurstaðna fyrir og eftir prófun er minni en 2 %, eins og tilgreint er í liðum 2.7.2 og 2.7.3, má notast við mældan styrk án leiðréttingar eða styrk sem hefur verið leiðréttur fyrir reki í samræmi við lið 2.7.5,

b) ef mismunur á milli niðurstaðna fyrir og eftir prófun er 2 % eða meiri, ein og tilgreint er í liðum 2.7.2 og 2.7.3, skal ógilda prófunina eða leiðrétta mældan styrk fyrir reki í samræmi við lið 2.7.5,

2.7.5. *Leiðrétt fyrir reki*

Ef leiðrétt er fyrir reki í samræmi við lið 2.7.4 skal hinn leiðrétti styrkur reiknaður samkvæmt lið 8.6.1 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

Mismunur milli óleiðréttra og leiðréttra gilda fyrir losun miðað við snúningshraða og álag skal vera innan við ± 6 % af óleiðréttum gildum fyrir losun miðað við snúningshraða og álag Ef rekið er meira en 6 % skal ógilda prófunina. Ef leiðrétt er fyrir reki skal einungis nota losunarniðurstöðurnar sem eru leiðréttar fyrir reki þegar losun er gefin upp.

3. ÚTREIKNINGUR Á LOSUN

Lokaniðurstaða prófunarinnar skal námunduð í einu skrefi að þeim fjölda aukastafa sem viðeigandi losunarstaðall gefur til kynna að viðbættum einum marktækum tölustaf í samræmi við ASTM E 29-06b. Ekki er heimilt að námunda milligildi sem leiða til lokaniðurstöðu losunar miðað við snúningshraða og álag.

3.1. **Tímajöfnun gagna**

Til að halda í lágmarki skekkjandi áhrifum tímamismunarins milli mismunandi merkja á útreikning massa losunar skulu gögn, sem varða útreikning losunar, tímajöfnuð með þeim hætti sem lýst er í liðum 3.1.1 til 3.1.4.

3.1.1. *Gögn úr gasgreiningartækjum*

Gögn úr gasgreiningartækjum skulu samræmd með réttum hætti með aðferðinni sem lýst er í lið 9.3.5 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

3.1.2. *Gögn úr gasgreiningartækjum og streymismæli útblásturslofts*

Gögn úr gasgreiningartækjum skulu samræmd með réttum hætti gögnum úr streymismæli útblásturslofts með aðferðinni sem lýst er í lið 3.1.4.

3.1.3. *Gögn frá færanlegum mælikerfum fyrir losun og hreyfli*

Gögn úr færanlegum mælitækjum fyrir losun (gasgreiningartækjum og streymismæli útblásturslofts) skulu samræmd með réttum hætti gögnum úr rafstýrieiningu hreyfilsins með aðferðinni sem lýst er í lið 3.1.4.

3.1.4. *Aðferð til að bæta tímajöfnun gagna frá færanlegum mælitækjum fyrir losun*

Prófunargögnin sem talin eru upp í töflu 1 skiptast í þrjá mismunandi flokka:

1: Gasgreiningartæki (styrkur heildarmagns vetniskolefna, kolsýrings, koltvísýrings, NO_x),

2: Streymismælir útblásturslofts (massi útblástursstreymis og útblásturshiti),

3: Hreyfill (upplýsingar frá rafstýrieiningunni um snúningsvægi, snúningshraða, hitastig, eldsneytisnotkun, hraða ökutækis).

Sannprófa skal tímajöfnun hvers flokks við aðra flokka með því að finna hæsta fylgnistuðul milli tveggja raða af mæliþáttum. Hliðra skal öllum mæliþáttum innan flokks til að hámarka fylgnistuðulinn. Nota skal eftirfarandi mæliþætti til að reikna fylgnistuðlana:

Tímajafna skal:

a) flokka 1 og 2 (gögn úr greiningartækjum og streymismæli útblásturslofts) að flokki 3 (hreyfilgögn): upplýsingar um hraða ökutækis úr GPS-staðsetningartæki og rafstýrieiningu,

b) flokk 1 að flokki 2: styrkur koltvísýrings og massi útblásturslofts,

c) flokk 2 að flokki 3: styrkur koltvísýrings og eldsneytisstreymi hreyfils.

3.2. **Kannanir á samkvæmni gagna**

3.2.1. *Gögn úr greiningartækjum og streymismæli útblásturslofts*

Samkvæmni gagnanna (massi útblástursstreymis mældur með streymismæli útblásturslofts og gasgreiningartækjum) skal sannprófuð á grundvelli fylgni á milli upplýsinga um mælt eldsneytisstreymi frá rafstýrieiningu og eldsneytisstreymis eins og það er reiknað út með formúlunni sem lýst er í lið 8.4.1.6 við viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49. Línulegu aðhvarfi skal beitt á mæld og reiknuð gildi eldsneytisstreymis. Nota skal aðferð minnstu kvaðrata (tvívelda) þar sem hentugasta jafnan er á forminu:

$$y = mx + b$$

þar sem:

— y er reiknað eldsneytisstreymi [g/s]

— m er hallatala aðhvarfslínu

— x er mælt eldsneytisstreymi [g/s]

— b er skurðpunktur y-áss og aðhvarfslínu

Fyrir hverja aðhvarfslínu skal reikna hallatölu (m) og ákvörðunarstuðul (r^2). Mælt er með því að þessi greining verði framkvæmd á bilinu frá 15 % af hámarksgildi að hámarksgildinu og á tíðni sem er 1 Hz eða hærri. Til að prófun teljist gild skulu eftirfarandi tvær viðmiðanir metnar:

Tafla 2

Vikmörk

Hallatala aðhvarfslínu, m	0,9 til 1,1 — ráðlagt
Ákvörðunarstuðull r^2	lágm. 0,90 — skyldubundið

3.2.2. *Snúningsvægisgögn frá rafstýrieiningu*

Sannprófa skal snúningsvægisgögn frá rafstýrieiningu með samanburði á hámarkssnúningsvægisgildum frá rafstýrieiningu við mismunandi snúningshraða og samsvarandi gildum opinbers ferlis snúningsvægis við fullt álag hreyfils skv. 5. lið í II. viðauka.

3.2.3. *Eldsneytisnotkun miðað við snúningshraða og álag*

Eldsneytisnotkun miðaða við snúningshraða og álag (BSFC) skal könnuð á grundvelli:

a) eldsneytisnotkunar sem er reiknuð út frá losunargögnum (gögnum úr gasgreiningartækjum varðandi styrk og massa útblástursstreymis) samkvæmt formúlunni sem er lýst í lið 8.4.1.6 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49,

b) vinnu sem er reiknuð út frá gögnum frá rafstýrieiningu (snúningsvægi og snúningshraði hreyfils).

3.2.4. *Kílómetramælir*

Vegalengdin sem kemur fram á kílómetramæli ökutækis skal borin saman við upplýsingar úr GPS-staðsetningartæki og sannprófuð.

3.2.5. *Loftþrýstingur*

Loftþrýstingurinn skal borinn saman við hæð yfir sjávarmáli sem gögn úr GPS-staðsetningartæki gefa til kynna.

3.3. **Leiðrétting úr þurru ástandi í rakt ástand**

Ef styrkur er mældur í þurru ástandi skal umreikna hann yfir á rakt ástand samkvæmt formúlunni sem lýst er í lið 8.1 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

3.4. **Leiðrétting á styrk NO_x með tilliti til raka og hitastigs**

Styrkur NO_x sem mældur er með færanlegu mælikerfi fyrir losun skal ekki leiðréttur með tilliti til umhverfishita og raka.

3.5. **Útreikningur á augnablikslosun mengandi lofttegunda**

Massi losunar skal ákvarðaður með þeim hætti sem lýst er í lið 8.4.2.3 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

4. ÁKVÖRÐUN LOSUNAR OG SAMRÆMISSTUÐLA

4.1. **Meginreglan um meðaltalsglugga**

Losun skal samþætt með því að nota aðferð með breytilegum meðaltalsglugga, á grundvelli viðmiðunarmassa koltvísýrings eða viðmiðunarvinnu. Reiknireglan er sem hér segir: Massi losunar er ekki reiknaður fyrir allt gagnamengið heldur fyrir undirmengi þess, og er lengd undirmengjanna ákvörðuð þannig að þau samsvari massa koltvísýringslosunar hreyfilsins eða vinnu sem mæld er í svipulu viðmiðunarlotunni á rannsóknarstofu. Útreikningarnir á hlaupandi meðaltali eru framkvæmdir með stigmagnandi tímaaukningu Δt sem er jöfn gagnasöfnunartímabilinu. Í eftirfarandi liðum er vísað til undirmengjanna, sem notuð eru til að reikna meðaltal losunargagna, sem „meðaltalsglugga“.

Ekki skal tekið mið af nokkrum hluta ógildra gagna við útreikning á vinnu, massa koltvísýrings og losun í meðaltalsglugga.

Eftirtalin gögn teljast vera ógild gögn:


a) reglubundin sannprófun mælitækja og/eða eftir sannprófanir núllpunktsreks,

b) gögn sem falla utan skilyrðanna sem tilgreind eru í liðum 4.2 og 4.3 í II. viðauka.

Ákvarða skal massa losunar (mg/gluggi) með þeim hætti sem lýst er í lið 8.4.2.3 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr 49.

Mynd 1


Hraði ökutækis á móti tíma og meðaltalsreiknuð losun ökutækis, frá fyrsta meðaltalsglugga, á móti tíma



4.2. **Aðferð sem byggir á vinnulotu**

Mynd 2

Aðferð sem byggir á vinnulotu



Tímalengd ($t_{2,i} - t_{1,i}$) ith meðaltalsglugga er ákvörðuð með:

$$W(t_{2,i}) - W(t_{1,i}) \geq W_{ref}$$

þar sem:

– $W(t_{j,i})$ er hreyfilvinna sem mæld er milli upphafs og tíma $t_{j,i}$, kWh,

– W_{ref} er hreyfilvinna fyrir WHTC-lotuna, kWh,

– $t_{2,i}$ skal valið þannig að:

$$W(t_{2,i} - \Delta t) - W(t_{1,i}) < W_{ref} \leq W(t_{2,i}) - W(t_{1,i})$$

Þar sem Δt er gagnasöfnunartímabilið, sem jafngildir einni sekúndu eða minna.

4.2.1. *Útreikningur á sértækri losun mengandi efna*

Sértæk losun mengandi efna e_{gas} (mg/kWh) skal reiknuð fyrir hvern glugga og hvert mengunarefni sem hér segir:

$$e_{gas} = \frac{m}{W(t_{2,i}) - W(t_{1,i})}$$

þar sem:

– m er massi losunar íhlutarins, mg/gluggi

– $W(t_{2,i}) - W(t_{1,i})$ er vinna hreyfilsins í ith meðaltalsglugga, kWh

4.2.2. *Val gildra glugga*

Gildir gluggar eru gluggar þar sem meðalafl er meira en aflþröskuldurinn sem er 20 % af hámarksafli hreyfilsins. Hlutfall gildra glugga skal vera 50 % eða hærra.

4.2.2.1. Ef hundraðshluti gildra glugga er lægri en 50 % skulu gögnin metin að nýju á grundvelli lægri aflþröskulds. Aflþröskuldurinn skal lækkaður í 1 % þrepum þar til hundraðshluti gildra glugga hefur náð 50 % eða meira.

4.2.2.2. Lægri aflþröskuldur skal í öllu falli ekki vera lægri en 15 %.

4.2.2.3. Prófunin telst ógild ef hlutfall gildra glugga er lægra en 50 % við 15 % aflþröskuld.

4.2.3. *Útreikningur samræmisstuðla*

Reikna skal samræmisstuðla fyrir hvern stakan gildan glugga og hvert stakt mengunarefni sem hér segir:

$$CF = \frac{e}{L}$$

þar sem:


– e er losun íhlutarins miðað við snúningshraða og álag, mg/kWh,

– L er viðeigandi mörk, mg/kWh.

4.3. **Aðferð sem byggist á massa koltvísýrings**

Mynd 3

Aðferð sem byggist á massa koltvísýrings



Tímalengd ($t_{2,i} - t_{1,i}$) i^{th} meðaltalsglugga er ákvörðuð með:

$$m_{CO2}(t_{2,i}) - m_{CO2}(t_{1,i}) \geq m_{CO2,ref}$$

þar sem:

– $m_{CO2}(t_{j,i})$ er massi koltvísýrings sem mældur er milli upphafs prófunar og tímans $t_{j,i}$, kg;

– $m_{CO2,ref}$ er massi koltvísýrings sem ákvarðaður er fyrir WHTC-lotuna, kg;

– $t_{2,i}$ skal valið þannig að:

$$m_{CO2}(t_{2,i} - \Delta t) - m_{CO2}(t_{1,i}) < m_{CO2,ref} \leq m_{CO2}(t_{2,i}) - m_{CO2}(t_{1,i})$$

Þar sem Δt er gagnasöfnunartímabilið, sem jafngildir einni sekúndu eða minna.

Massi koltvísýrings er reiknaður í gluggum með því að tegra augnablikslosunina sem er reiknuð í samræmi við kröfurnar sem kveðið er á um í lið 3.5.

4.3.1. *Val gildra glugga*

Gildir gluggar eru gluggar sem vara ekki lengur en í hámarkstíma reiknuðum út frá:

$$D_{max} = 3600 \cdot \frac{W_{ref}}{0.2 \cdot P_{max}}$$

þar sem:

– D_{max} er hámarkstímalengd glugga, s;

– P_{max} er hámarksafl hreyfils, kW.

4.3.2. *Útreikningur samræmisstuðla*

Reikna skal samræmisstuðla fyrir hvern stakan gildan glugga og hvert stakt mengunarefni sem hér segir:

$$CF = \frac{CF_I}{CF_C}$$

þar sem $CF_I = \frac{m}{m_{CO2}(t_{2,i}) - m_{CO2}(t_{1,i})}$ (hlutfall þegar ökutæki er í notkun) og

$$CF_C = \frac{m_L}{m_{CO2,ref}}$$ (hlutfall við vottun)

þar sem:

– m er massi losunar íhlutarins, mg/gluggi,

– $m_{CO2}(t_{2,i}) - m_{CO2}(t_{1,i})$ er massi koltvísýrings í i^{th} meðaltalsglugga, kg,

– $m_{CO2,ref}$ er massi koltvísýringslosunar hreyfils sem ákvarðaður er fyrir WHTC-lotuna, kg,

– m_L er massi losunar íhlutarins sem samsvarar viðeigandi viðmiðunarmörkum í WHTC-lotunni, mg.

———

2. viðbætir

Færanlegur mælibúnaður

1. ALMENNT

Losun lofttegunda skal mæld samkvæmt aðferðinni sem sett er fram í 1. viðbæti. Eiginleikum færanlega mælibúnaðarins, sem nota skal til að framkvæma slíkar prófanir, er lýst í þessum viðbæti.

2. MÆLIBÚNAÐUR

2.1. **Almennar forskriftir fyrir gasgreiningartæki**

Forskriftir fyrir gasgreiningartæki færanlega mælikerfisins fyrir losun skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í lið 9.3.1 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

2.2. **Tækni gasgreiningartækja**

Lofttegundir skulu greindar með tækni af því tagi sem tilgreind er í lið 9.3.1 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

Greiningartæki fyrir köfnunarefnisoxíð getur einnig verið af þeirri gerð sem er ódreifin og hefur ísog á útfjólublåa bilinu (NDUV).

2.3. *Sýnataka til að ákvarða losun mengandi lofttegunda*

Sýnatökunemar skulu uppfylla kröfurnar sem eru skilgreindar í lið 3.1.2 í 3. viðbæti við viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49. Sýnatökuleiðslurnar skulu hitaðar í 190 °C (+/– 10 °C).

2.4. *Önnur mælitæki*

Mælitæki skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í töflu 7 og lið 9.3.1 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

3. AUKABÚNAÐUR

3.1. **Tenging streymismælis útblásturslofts (EFM) við útblástursrör**

Ísetning streymismælis útblásturslofts skal ekki verða til þess að hækka bakþrýsting um meira en gildið sem framleiðandi hreyfilsins mælir með, né skal hún auka lengd útblástursrörsins um meira en 1,2 m. Að því er varðar alla íhluti búnaðar færanlega mælikerfisins fyrir losun skal ísetning streymismælis útblásturslofts uppfylla allar reglur um umferðaröryggi, sem gilda á viðkomandi stað, og vátryggingarkröfur.

3.2. **Staðsetning færanlegra mælikerfa fyrir losun og hlutir til áfestingar**

Færanlega mælikerfinu fyrir losun skal komið fyrir með þeim hætti sem mælt er fyrir um í lið 2.4 í 1. viðbæti.

3.3. **Rafafl**

Búnaður færanlega mælikerfisins fyrir losun skal knúinn með aðferðinni sem lýst er í lið 4.6.6 í II. viðauka

3. viðbætir

Kvörðun færanlegs mælibúnaðar

1. KVÖRÐUN OG SANNPRÓFUN BÚNAÐAR

1.1. **Kvörðunarlofttegundir**

Gasgreiningartæki færanlegra mælikerfa fyrir losun skulu kvörðuð með lofttegundum sem uppfylla kröfurnar eins og þær eru settar fram í lið 9.3.3 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

1.2. **Lekaprófun**

Lekaprófanir á færanlegum mælikerfum fyrir losun skulu fara fram í samræmi við kröfurnar sem skilgreindar eru í lið 9.3.4 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

1.3. **Könnun á svörunartíma greiningarkerfisins**

Könnun á svörunartíma greiningarkerfis færanlega mælikerfisins fyrir losun skal fara fram í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í lið 9.3.5 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

———

4. viðbætir

Aðferð til að kanna samræmi snúningsvægismerkis frá rafstýrieiningunni

1. INNGANGUR

Í þessum viðbæti er í grófum dráttum lýst aðferðinni sem nota skal til að kanna samræmi snúningsvægismerkisins frá rafstýrieiningunni meðan á ICS-prófun með færanlegu mælikerfi fyrir losun fer fram.

Framleiðanda hreyfilsins er falið að útfæra aðferðina nánar, með fyrirvara um samþykki viðurkenningaryfirvalda.

2. AÐFERÐ „HÁMARKSSNÚNINGSVÆGIS“

2.1. Aðferð „hámarkssnúningsvægis“ felst í því að sýna fram á að punkti á viðmiðunarferli hámarkssnúningsátaks sem er fall af snúningshraða hreyfils hafi verið náð við prófun ökutækis.

2.2. Ef punkti á viðmiðunarferli hámarkssnúningsátaks sem er fall af snúningshraða hreyfils hefur ekki verið náð við ISC-losunarprófunina með færanlega mælikerfinu fyrir losun, þá er framleiðanda heimilt að breyta álagi á ökutækið og/eða akstursleið prófunarinnar eftir því sem nauðsynlegt er til að sýna fram á að slíkum punkti hafi verið náð eftir að ISC-losunarprófun með færanlega mælikerfinu fyrir losun er lokið.

———

III. VIÐAUKI

SANNPRÓFUN Á LOSUN MEÐ ÚTBLÆSTRI

1. INNGANGUR

1.1. Í þessum viðauka er sett fram aðferðin til að sannprófa losun með útblæstri.

2. ALMENNAR KRÖFUR

2.1. Almennu kröfurnar varðandi framkvæmd prófana og túlkun niðurstaðna skulu vera þær sem settar eru fram í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49, með þeim undantekningum sem settar eru fram í liðum 2.2 til 2.6.

2.2. Við prófun skal nota viðeigandi viðmiðunareldsneyti eins og lýst er í IX. viðauka við þessa reglugerð.

2.3. Ef losun er mæld í óþynntu útblásturslofti skal eftirfarandi tafla koma í stað töflu 5 í lið 8.4.2.3 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49:

Tafla 1

***u* gildi óþynnts útblástursloft, og eðlismassi efnisþátta útblásturslofts**

Eldsneyti	ρ_e	Lofttegund					
		NO_x	CO	HC	CO_2	O_2	CH_4
		ρ_{gas} [kg/m^3]					
		2053	1250	([a])	1.9636	1.4277	0716
		u_{gas}([b])					
Dísilolía (B7)	1.2943	0.001586	0.000966	0.000482	0.001517	0.001103	0.000553
Etanól (ED95)	1.2768	0.001609	0.000980	0.000780	0.001539	0.001119	0.000561
Þjappað jarðgas ([c])	1.2661	0.001621	0.000987	0,000528 ([d])	0.001551	0.001128	0.000565
Própan	1.2805	0.001603	0.000976	0.000512	0.001533	0.001115	0.000559
Bútan	1.2832	0.001600	0.000974	0.000505	0.001530	0.001113	0.000558
Fljótandi jarðolíugas ([e])	1.2811	0.001602	0.000976	0.000510	0.001533	0.001115	0.000559

([a]) fer eftir eldsneyti.
([b]) við $\lambda = 2$, í þurru lofti, 273 K, 101,3 kPa.
([c]) *u* með 0,2 % nákvæmni fyrir massasamsetninguna: C = 66 - 76 %; H = 22 - 25 %; N = 0 - 12 %.
([d]) NMHC á grundvelli CH2,93 (fyrir heildarmagn vetniskolefna skal nota *u*gas-stuðul fyrir CH4).
([e]) *u* með 0,2 % nákvæmni fyrir massasamsetninguna: C3 = 70 - 90 %; C4 = 10 - 30 %.

2.4. Ef losun er mæld í þynntu útblásturslofti skal eftirfarandi tafla koma í stað töflu 6 í lið 8.5.2.3.1 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49:

Tafla 2

***u* gildi þynnts útblásturslofts, og eðlismassi efnisþátta útblásturslofts**

Eldsneyti	ρ_e	Lofttegund					
		NO_x	CO	HC	CO_2	O_2	CH_4
		ρ_{gas} [kg/m^3]					
		2053	1250	([a])	1.9636	1.4277	0716
		u_{gas}([b])					
Dísilolía (B7)	1293	0.001588	0.000967	0.000483	0.001519	0.001104	0.000553
Etanól (ED95)	1293	0.001588	0.000967	0.000770	0.001519	0.001104	0.000553

Eldsneyti	ρ_e	Lofttegund					
		NO_x	CO	HC	CO_2	O_2	CH_4
		ρ_{gas} [kg/m^3]					
		2053	1250	([a])	1.9636	1.4277	0716
		u_{gas}([b])					
Þjappað jarðgas ([c])	1293	0.001588	0.000967	0,000517 ([d])	0.001519	0.001104	0.000553
Própan	1293	0.001588	0.000967	0.000507	0.001519	0.001104	0.000553
Bútan	1293	0.001588	0.000967	0.000501	0.001519	0.001104	0.000553
Fljótandi jarðolíugas ([e])	1293	0.001588	0.000967	0.000505	0.001519	0.001104	0.000553

([a]) fer eftir eldsneyti.
([b]) við $\lambda = 2$, í þurru lofti, 273 K, 101,3 kPa.
([c]) *u* með 0,2 % nákvæmni fyrir massasamsetninguna: C = 66 - 76 %; H = 22 - 25 %; N = 0 - 12 %.
([d]) NMHC á grundvelli CH2,93 (fyrir heildarmagn vetniskolefna skal nota *u*gas-stuðul fyrir CH4).
([e]) *u* með 0,2 % nákvæmni fyrir massasamsetninguna: C3 = 70 - 90 %; C4 = 10 - 30 %.

2.5. Ammoníak (NH_3) skal ákvarðað í samræmi við 1. viðbæti við þennan viðauka.

2.6. Losun frá rafkveikjuhreyflum sem knúnir eru bensíni eða E85 skal ákvörðuð í samræmi við 2. viðbæti við þennan viðauka.

1. viðbætir

Aðferð við mælingu ammoníaks

1. Aðferðinni sem nota skal við mælingu ammoníaks (NH_3) er lýst í þessum viðbæti. Að því er ólínuleg greiningartæki varðar skal vera heimilt að nota rásir sem skila niðurstöðum á línulegu formi.

2. Tveimur mælingaraðferðum fyrir NH_3 er lýst og má nota hvora aðferðina sem er að því tilskildu að hún uppfylli viðmiðanirnar sem tilgreindar eru í lið 2.1 eða 2.2, eftir því sem við á. Ekki skal vera heimilt að nota gasþurrkara við mælingu NH_3.

2.1. **Litrófsmælir með díóðuleysigeisla (LDS)**

2.1.1. *Mælingaraðferð*

Litrófsmælirinn með díóðuleysigeisla notar einnar línu litrófsgreiningaraðferðina. Ísogslína NH_3 er valin nærri innrauða litrófssviðinu og skönnuð með einshams díóðuleysigeisla með einni stillingu.

2.1.2. *Uppsetning*

Greiningartækinu skal komið fyrir annað hvort beint í útblástursrörinu (á staðnum) eða í greiningartækjaskáp með útdráttarsýnatöku í samræmi við fyrirmæli framleiðanda mælitækisins. Ef því er komið fyrir í greiningartækjaskáp skal sýnafarvegurinn (sýnatökurás, forsíur og lokar) gerður úr ryðfríu stáli eða pólýtetraflúoretýleni (PTFE) og hitaður í 463 ± 10 K (190 ± 10 °C) til þess að lágmarka tap NH_3 og gervinga í sýnatöku. Að auki skal sýnatökurásin vera eins stutt og mögulegt er.

Lágmarka skal áhrif útblásturshita og þrýstings, umhverfis uppsetningarinnar og titrings á mælinguna, eða nota aðferðir til að bæta slík áhrif upp.

Þar sem við á skal slíðurloft, sem notað er í tengslum við mælingar á staðnum til að vernda mælitækið, ekki hafa áhrif á styrk nokkurs efnisþáttar útblásturslofts sem mældur er fyrir aftan búnaðinn, að öðrum kosti skal taka sýni úr öðrum efnisþáttum útblásturslofts fyrir framan búnaðinn.

2.1.3. *Víxltruflun*

Litrófsupplausn leysigeislans skal vera innan við 0,5 cm^{-1} til að lágmarka víxltruflun frá öðrum lofttegundum sem eru til staðar í útblástursloftinu.

2.2. **Greiningartæki sem byggir á innrauðri Fourier-ummyndun (hér eftir „FTIR“)**

2.2.1. *Mælingaraðferð*

FTIR-greiningartækið byggir á litrófsmælingaraðferð á breiðu innrauðu tíðnisviði. Það býður upp á samhliða mælingu efnisþátta útblásturslofts ef stöðluð litróf þeirra eru tiltæk í mælitækinu. Gleypnirófið (styrkur/bylgjulengd) er reiknað út frá mældri bylgjuvíxlmynd (styrkur/tími) með Fourier-ummyndunaraðferðinni.

2.2.2. *Uppsetning og sýnataka*

FTIR-greiningartækinu skal komið fyrir í samræmi við fyrirmæli framleiðanda mælitækisins. Bylgjulengd NH_3 skal valin og metin. Sýnafarvegurinn (sýnatökurás, forsíur og lokar) skal gerður úr ryðfríu stáli eða pólýtetraflúoretýleni (PTFE) og hitaður í 463 ± 10 K (190 ± 10 °C) til þess að lágmarka tap NH_3 og gervinga í sýnatöku. Að auki skal sýnatökurásin vera eins stutt og mögulegt er.

2.2.3. *Víxltruflun*

Litrófsupplausn bylgjulengdar NH_3 skal vera innan við 0,5 cm^{-1} til að lágmarka víxltruflun frá öðrum lofttegundum sem eru til staðar í útblástursloftinu.

3. AÐFERÐ OG MAT VIÐ LOSUNARPRÓFUN

3.1. **Athugun greiningartækjanna**

Áður en losunarprófun hefst skal velja mælisvið greiningartækis. Heimilt er að nota greiningartæki fyrir losun með sjálfvirkri eða handvirkri skiptingu á milli mælisviða. Meðan á prófunarlotu stendur skal ekki skipta á milli mælisviða greiningartækja.

Núllpunkts- og kvörðunarsvörun skal ákvörðuð ef ákvæði liðar 3.4.2 gilda ekki um mælitækið. Að því er varðar kvörðunarsvörun skal nota NH_3 lofttegund sem fellur undir forskriftir liðar 4.2.7. Heimilt er að nota viðmiðunarhólf sem innihalda NH_3 kvörðunarlofttegund.

3.2. **Söfnun gagna sem tengjast losun**

Söfnun NH_3 gagna skal hefjast um leið og prófunarröð hefst. Styrkur NH_3 skal mældur samfellt og vistaður með a.m.k. 1 Hz í tölvukerfi.

3.3. **Aðgerðir eftir prófun**

Eftir að prófun er lokið skal sýnatöku haldið áfram uns svörunartímar kerfisins eru liðnir. Einungis er nauðsynlegt að ákvarða rek greiningartækis samkvæmt lið 3.4.1 ef upplýsingarnar sem um getur í lið 3.4.2 eru ekki tiltækar.

3.4. **Rek greiningartækis**

3.4.1 Núllpunkts- og kvörðunarsvörun greiningartækis skal ákvörðuð eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 30 mínútum eftir að prófunarlotu lýkur, eða á kyrrstöðutímabili. Mismunar milli niðurstaðna fyrir og eftir prófun skal vera innan við 2 % af fullu kvarðaútslagi.

3.4.2. Ekki þarf að ákvarða rek greiningartækis við eftirfarandi aðstæður:

a) ef núllpunkts- og kvörðunarrek, sem tilgreint er af framleiðanda mælitækisins í liðum 4.2.3 og 4.2.4, uppfyllir kröfurnar í lið 3.4.1,

b) ef tímabil núllpunkts- og kvörðunarreks, sem tilgreint er af framleiðanda mælitækisins í liðum 4.2.3 og 4.2.4, er lengra en tíminn sem prófunin tekur.

3.5. **Mat á gögnum**

Ákvarða skal meðalstyrk NH_3 (milljónarhlutar/prófun) með því að tegra augnabliksgildin fyrir alla lotuna. Beita skal eftirfarandi jöfnu:

$$c_{NH3} = \frac{1}{n}\sum_{i=1}^{i=n} c_{NH3,i} \text{ í milljónarhlutum/prófun)}$$

þar sem:

$c_{NH3,i}$ er augnabliksstyrkur NH_3 í útblásturslofti, í milljónarhlutum,

n er fjöldi mælinga.

Að því er varðar WHTC-lotuna skal lokaniðurstaða prófunarinnar ákvörðuð með eftirfarandi jöfnu:

$c_{NH3} = (0{,}14 \times c_{NH3,kalt}) + (0{,}86 \times c_{NH3,heitt})$

þar sem:

$c_{NH3,kalt}$ er meðalstyrkur NH_3 í kaldræsingarprófun, í milljónarhlutum,

$c_{NH3,hot}$ er meðalstyrkur NH_3 í heitræsingarprófun, í milljónarhlutum.

4. FORSKRIFT OG SANNPRÓFUN GREININGARTÆKIS

4.1. **Línuleikakröfur**

Greiningartækið skal uppfylla línuleikakröfurnar sem tilgreindar eru í töflu 7 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49. Sannprófun línuleika í samræmi við lið 9.2.1 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 skal fara fram a.m.k. á 12 mánaða fresti eða í hvert skipti sem gert er við kerfið eða breyting gerð á því sem gæti haft áhrif á kvörðun. Að fengnu fyrirframsamþykki viðurkenningaryfirvalds eru færri en 10 viðmiðunarpunktar leyfðir, enda sé hægt að sýna fram á að nákvæmni verði sambærileg.

Að því er varðar sannprófun línuleika skal nota NH_3 lofttegund sem fellur undir forskriftir liðar 4.2.7. Notkun viðmiðunarhólfa sem innihalda NH_3 kvörðunarlofttegundir skal leyfð.

Mælitæki, sem gefa frá sér merki sem eru notuð í jöfnunarreiknirit, skulu uppfylla línuleikakröfurnar sem tilgreindar eru í töflu 7 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr 49. Framleiðandi mælitækisins skal láta fara fram sannprófun línuleika eins og krafist er í verklagsreglum hans um innri úttektir eða í samræmi við kröfur ISO 9000.

4.2. **Forskriftir greiningartækja**

Greiningartækið skal hafa mælisvið og svörunartíma sem hæfir þeirri nákvæmni sem nauðsynleg er til að mæla styrk NH_3 við svipul og stöðug skilyrði.

4.2.1. *Lægstu greiningarmörk*

Lægstu greiningarmörk greiningartækisins skulu vera < 2 milljónarhlutar að lágmarki við öll prófunarskilyrði.

4.2.2. *Nákvæmni*

Nákvæmnin, skilgreind sem frávik mælingar greiningartækisins frá viðmiðunargildi, skal ekki vera meiri en ± 3 % frá mæligildi eða ± 2 milljónarhlutar, hvort heldur er stærra.

4.2.3. *Núllpunktsrek*

Rek núllpunktssvörunar og tengt tímabil skulu tilgreind af framleiðanda mælitækisins.

4.2.4. *Mælisviðsrek*

Rek kvörðunarsvörunar og tengt tímabil skulu tilgreind af framleiðanda mælitækisins.

4.2.5. *Svörunartími kerfisins*

Svörunartími kerfisins skal vera ≤ 20 s.

4.2.6. *Ristími*

Ristími greiningartækisins skal vera ≤ 5 s.

4.2.7. *NH_3 kvörðunarlofttegund*

Blanda af lofttegundum með eftirtaldar efnasamsetningar verður að vera til staðar:

NH_3 og hreinsað köfnunarefni.

Raunverulegur styrkur kvörðunarlofttegundarinnar skal ekki víkja meira frá nafngildinu en ± 3 %. Styrkur NH_3 skal gefinn upp miðað við rúmmál (hundraðshlutar eða milljónarhlutar rúmmáls).

Sú fyrningardagsetning, sem framleiðandi gefur upp fyrir kvörðunarlofttegundirnar, skal skráð.

5. ÖNNUR KERFI

Viðurkenningaryfirvaldið getur samþykkt önnur kerfi eða greiningartæki ef þau eru talin skila sambærilegum niðurstöðum í samræmi við lið 5.1.1 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

Hugtakið „niðurstöður“ vísar til tiltekins styrks NH_3 í meðallotu.

———

2. viðbætir

Ákvörðun á losun frá rafkveikjuhreyflum sem knúnir eru með bensíni eða E85

1. Aðferðinni, sem nota skal við mælingu á losun mengandi lofttegunda og efnisagna frá rafkveikjuhreyflum, er lýst í þessum viðbæti.

2.1. Prófanirnar skulu framkvæmdar og metnar með þeim hætti sem settur er fram í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49, með þeim undantekningum sem lýst er í liðum 2.1.1 til 2.2.

2.1.1. *Útreikningur á massa losunar (óþynnt útblástursloft)*

Ákvarða skal massa mengunarefna (g/prófun) í samræmi við lið 8.4.2.3 eða 8.4.2.4 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 á grundvelli *u* gildanna í töflu 3.

Tafla 3

***u* gildi óþynnts útblástursloft, og eðlismassi efnisþátta útblásturslofts**

Eldsneyti	ρ_e	Lofttegund					
		NO_x	CO	HC	CO_2	O_2	CH_4
		ρ_{gas} [kg/m^3]					
		2053	1250	([a])	1.9636	1.4277	0716
		u_{gas}([b])					
Bensín (E10)	1.2931	0.001587	0.000966	0.000499	0.001518	0.001104	0.000553
Etanól (E85)	1.2797	0.001604	0.000977	0.000730	0.001534	0.001116	0.000559

([a]) fer eftir eldsneyti.
([b]) við $\lambda = 2$, í þurru lofti, 273 K, 101,3 kPa.

2.1.2. *Útreikningur á massa losunar (þynnt útblástursloft)*

Ákvarða skal massa mengunarefna (g/prófun) í samræmi við lið 8.5.2.3 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 á grundvelli *u* gildanna í töflu 4.

Tafla 4

***u* gildi þynnts útblásturslofts, og eðlismassi efnisþátta útblásturslofts**

Eldsneyti	ρ_e	Lofttegund					
		NO_x	CO	HC	CO_2	O_2	CH_4
		ρ_{gas} [kg/m^3]					
		2053	1250	([a])	1.9636	1.4277	0716
		u_{gas}([b])					
Bensín (E10)	1293	0.001588	0.000967	0.000499	0.001519	0.001104	0.000554
Etanól (E85)	1293	0.001588	0.000967	0.000722	0.001519	0.001104	0.000554

([a]) fer eftir eldsneyti.
([b]) við $\lambda = 2$, í þurru lofti, 273 K, 101,3 kPa.

Í tilviki kerfa með streymisjöfnun skulu u_{gas} gildin sem gefin eru upp í töflu 4 sett inn í jöfnu 62 í lið 8.5.2.3.3 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr 49.

2.1.2.1. Bakgrunnsleiðrétting

Losunin skal bakgrunnsleiðrétt í samræmi við kröfur liðar 8.5.2.3.2 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49. Ef samsetning eldsneytis er ekki þekkt skal beita eftirfarandi efnahlutfallsstuðlum:

F_S (E10) = 13,3

F_S (E10) = 11,5

2.2. Að því er varðar prófun á þynntu útblásturslofti frá rafkveikjuhreyflum er heimilt að nota greiningarkerfi sem uppfylla almennar kröfur og kvörðunaraðferðir reglugerðar efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr 83. Í því tilviki gilda ákvæði 9. liðar og 3. viðbætis í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 ekki.

Prófunaraðferðirnar sem mælt er fyrir um í 7. lið í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49, og útreikningarnir á losun sem sýndir eru í lið 2.1 þessa viðbætis og í 8. lið viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49, gilda hins vegar.

———

IV. VIÐAUKI

GÖGN UM LOSUN MENGUNAREFNA SEM KRAFIST ER VIÐ GERÐARVIÐURKENNINGU VEGNA AKSTURSHÆFNI

Mæling á losun kolsýrings í lausagangi

1. INNGANGUR

1.1. Í þessum viðauka er sett fram aðferðin sem notuð er til að mæla losun kolsýrings í lausagangi (eðlilegum og hröðum) frá rafkveikjuhreyflum sem knúnir eru bensíni eða etanóli (E85) eða rafkveikjuhreyflum sem knúnir eru jarðgasi/lífmetani eða fljótandi jarðolíugasi, sem eru í ökutækjum í flokkum M_2, N_1 eða M_1 sem eru með leyfilegan hámarksmassa sem er ekki meiri en 7,5 tonn.

2. ALMENNAR KRÖFUR

2.1. Almennu kröfurnar skulu vera þær sem settar eru fram í liðum 5.3.7.1 til 5.3.7.4 í reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 83, með þeim undantekningum sem settar eru fram í liðum 2.2, 2.3 og 2.4.

2.2. Litið skal svo á að frumeindahlutföll sem sett eru fram í lið 5.3.7.3 séu eftirfarandi:

H_{cv} = Frumeindahlutfall vetnis og kolefnis	– fyrir bensín (E10) 1,93
	– fyrir fljótandi jarðolíugas 2,525
	– fyrir jarðgas/lífmetan 4,0
	– fyrir etanól (E85) 2,74
O_{cv} = Frumeindahlutfall súrefnis og kolefnis	– fyrir bensín (E10) 0,032
	– fyrir fljótandi jarðolíugas 0,0
	– fyrir jarðgas/lífmetan 0,0
	– fyrir etanól (E85) 0,385

2.3. Fylla skal út töfluna í lið 1.4.3 í 5. viðbæti við I. viðauka þessarar reglugerðar á grundvelli krafna sem settar eru fram í lið 2.2 og 2.4 í þessum viðauka.

2.4. Framleiðandinn skal staðfesta nákvæmni Lambda-gildisins, sem var skráð við gerðarviðurkenningu í lið 2.1 í þessum viðauka, sem dæmigert fyrir raðsmíðuð ökutæki, innan 24 mánaða frá því að gerðarviðurkenningin var veitt. Mat skal fara fram á grundvelli kannana og athugana á raðsmíðuðum ökutækjum.

3. TÆKNILEGAR KRÖFUR

3.1. Tæknilegu kröfurnar skulu vera þær sem settar eru fram í 5. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 83, með þeirri undantekningu sem lýst er í lið 3.2.

3.2. Litið skal svo á að með viðmiðunareldsneyti sem tilgreint er í lið 2.1 í 5. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 83 sé átt við viðeigandi forskriftir fyrir viðmiðunareldsneyti sem settar eru fram í IX. viðauka þessarar reglugerðar.

———

V. VIÐAUKI

SANNPRÓFUN Á LOSUN LOFTTEGUNDA FRÁ SVEIFARHÚSI

1. INNGANGUR

1.1. Í þessum viðauka eru sett fram ákvæði og prófunaraðferðir varðandi sannprófun á losun lofttegunda frá sveifarhúsi.

2. ALMENNAR KRÖFUR

2.1. Engin losun frá sveifarhúsi skal fara beint út í andrúmsloftið, með undantekningunni sem mælt er fyrir um í lið 3.1.1.

3. SÉRSTAKAR KRÖFUR

3.1. Liðir 3.1.1 og 3.1.2 gilda um þjöppukveikjuhreyfla og um rafkveikjuhreyfla sem knúnir eru jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi.

3.1.1. Hreyflar sem búnir eru hverfiþjöppum, dælum, blásurum eða forþjöppum fyrir inntöku lofts mega losa lofttegundir úr sveifarhúsi í andrúmsloftið ef losuninni er bætt við losun með útblæstri (annað hvort í reynd eða stærðfræðilega) meðan á öllum losunarprófunum stendur samkvæmt lið 6.10 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

3.1.2. Losun frá sveifarhúsi, sem er beint í útblástur áður en hann fer í gegnum eftirmeðferðarkerfi fyrir útblástur við alla notkun, teljast ekki fara beint út í andrúmsloftið.

3.2. Liðir 3.2.1 og 3.2.2 gilda um rafkveikjuhreyfla sem knúnir eru bensíni eða E85.

3.2.1. Mæla skal þrýstinginn í sveifarhúsinu meðan á prófunarlotum vegna losunar stendur á viðeigandi stað. Þrýstingurinn í soggreininni skal mældur með ± 1 kPa nákvæmni.

3.2.2. Ákvæði liðar 2.1 teljast uppfyllt með fullnægjandi hætti ef þrýstingurinn, sem mældur er í sveifarhúsinu, er ekki hærri en loftþrýstingurinn á þeim tíma sem mæling fer fram við öll mæliskilyrðin sem tilgreind eru í lið 3.2.1.

———

VI. VIÐAUKI

KRÖFUR UM AÐ TAKMARKA LOSUN UTAN LOTU (OCE) OG LOSUN VIÐ NOTKUN

1. INNGANGUR

1.1. Í þessum viðauka eru settar fram kröfur um frammistöðu og bann við temprunaraðferðum að því er varðar hreyfla og ökutæki sem eru gerðarviðurkennd samkvæmt reglugerð (EB) nr. 595/2009 og þessari reglugerð, með það að markmiði að stuðla að skilvirkri stjórnun losunar við fjölbreytt notkunarskilyrði hreyfla og umhverfisskilyrði sem eru til staðar við eðlilega notkun ökutækis. Í þessum viðauka eru einnig settar fram prófunaraðferðirnar sem notaðar eru við prófun á losun utan lotu í tengslum við gerðarviðurkenningu og við raunverulega notkun ökutækis.

2. SKILGREININGAR

Skilgreiningarnar í 3. lið 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 gilda.

3. ALMENNAR KRÖFUR

3.1. Almennu kröfurnar skulu vera þær sem settar eru fram í liðum 4 og 4.1 í 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

4. KRÖFUR UM FRAMMISTÖÐU

4.1. Kröfurnar um frammistöðu skulu vera þær sem settar eru fram í 5. lið 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49, með þeim undantekningum sem lýst er í liðum 4.1.1 til 4.1.4.

4.1.1. Skilja ber a-lið liðar 5.1.2 í 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

a) notkun þeirra er að verulegu leyti felld inn í viðeigandi gerðarviðurkenningarprófanir, þ.m.t. prófunaraðferðir fyrir losun utan lotu skv. 6. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011 og ákvæði um ökutæki í notkun sem sett eru fram í 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 582/2011.

4.1.2. Skilja ber lið 5.2.1 í 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

Losun með útblæstri skal ekki fara yfir viðeigandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í lið 4.1.3 í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011.

4.1.3. Viðeigandi viðmiðunarmörk fyrir losun skulu vera eftirfarandi

a) fyrir kolsýring: 2000 mg/kWh,

b) fyrir heildarmagn vetniskolefna: 220 mg/kWh,

c) fyrir köfnunarefnisoxíð: 600 mg/kWh,

d) fyrir efnisagnir: 16 mg/kWh.

4.1.4. Liðir 5.2.2 og 5.2.3 í 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 gilda ekki.

5. UMHVERFIS- OG NOTKUNARSKILYRÐI

5.1. Að því er þennan viðauka varðar skulu umhverfis- og notkunarskilyrðin vera þau sem sett eru fram í 6. lið 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

6. PRÓFUN Á LOSUN UTAN LOTU Á RANNSÓKNARSTOFU Í TENGSLUM VIÐ GERÐARVIÐURKENNINGU

6.1. Aðferðin fyrir prófun á losun utan lotu í tengslum við gerðarviðurkenningu skal fylgja aðferðafræðinni um að fara ekki yfir viðmiðunarmörk sem er samhæfð á heimsvísu (World-harmonised Not-To-Exceed Methodology (WNTE)) og lýst er í 7. lið í 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49, með þeim undantekningum sem lýst er í liðum 6.1.1 til 6.1.6.

6.1.1. Kröfurnar að því er varðar prófun á losun utan lotu á rannsóknarstofu gilda ekki um gerðarviðurkenningu rafkveikjuhreyfla samkvæmt reglugerð (EB) nr. 595/2009 og þessari reglugerð.

6.1.2. Skilja ber lið 7.2.1 í 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

Til að ákvarða hvort viðmiðunarmörkin fyrir losun samkvæmt aðferðafræðinni um að fara ekki yfir viðmiðunarmörk sem er samhæfð á heimsvísu sem tilgreind eru í lið 5.2 séu virt skal hreyfillinn vera í notkun innan stýranleikasvæðisins fyrir WNTE sem skilgreint er í lið 7.1, mæla losun hans og tegra hana yfir tímabil sem er að lágmarki 30 sekúndur að lengd. WNTE-tilvik er skilgreint sem eitt safn tegraðrar losunar á viðkomandi tímabili. Það telst t.d. einn WNTE-atburður ef hreyfillinn er hafður í gangi samfleytt í 65 sekúndur innan stýranleikasvæðis og umhverfisskilyrða fyrir WNTE, og er þá losunin meðaltalsreiknuð yfir allt 65 sekúndna tímabilið. Ef um er að ræða prófun á rannsóknarstofu gildir tegrunartímabilið sem skilgreint er í lið 7.5.

6.1.3. Skilja ber lið 7.3. í 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

Prófun ökutækja sem eru í notkun

Frekari kröfur varðandi prófun ökutækja sem eru í notkun verða tilgreindar síðar í samræmi við 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 582/2011.

6.1.4. Skilja ber lið 7.5.4 í 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

Prófun á rannsóknarstofu með WNTE-aðferðafræðinni skal samrýmast fullgildingartölunum í lið 7.8.7 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

6.1.5. Skilja ber lið 7.5.5 í 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

Mæling losunar skal framkvæmd í samræmi við liði 7.5, 7.7 og 7.8 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

6.1.6. Skilja ber lið 7.5.6 í 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

Útreikningar á niðurstöðu úr prófun skulu fara fram í samræmi við 8. lið viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

7. ANNMARKAR SEM EKKI SKAL FARA FRAM ÚR SEM ERU SAMHÆFÐIR Á HEIMSVÍSU

Ákvæði 8. liðar 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu gilda ekki.

8. UNDANTEKNINGAR SEM EKKI SKAL FARA FRAM ÚR SEM ERU SAMHÆFÐAR Á HEIMSVÍSU

Ákvæði 9. liðar 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 gilda ekki.

9. YFIRLÝSING UM AÐ LOSUN UTAN LOTU SÉ Í SAMRÆMI VIÐ KRÖFUR

Skilja ber lið 10 í 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

Í umsókn um gerðarviðurkenningu skal framleiðandi lýsa því yfir að hópur hreyfla eða ökutækið uppfylli kröfur reglugerðar (ESB) nr. 582/2011 um takmörkun á losun utan lotu. Auk þessarar yfirlýsingar skulu viðbótarprófanir fara fram til að sannreyna að viðeigandi viðmiðunarmörk fyrir losun og kröfur um ökutæki í notkun séu uppfylltar.

9.1. Liðir 10.1 og 10.2 í 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 gilda:

10. UPPLÝSINGAR

Upplýsingarnar skulu vera þær sem tilgreindar eru 11. lið 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

———

VII. VIÐAUKI

SANNPRÓFUN Á ENDINGU HREYFILKERFA

1. INNGANGUR

1.1. Í þessum viðauka eru settar fram verklagsreglur um val á hreyflum sem prófaðir verða í kerfisbundnu eftirliti til þess að ákvarða spillistuðla. Beita skal spillistuðlum í samræmi við kröfur liðar 3.6 í þessum viðauka að því er varðar losun sem mæld er skv. III. viðauka.

1.2. Í þessum viðauka eru einnig lýsingar á viðhaldi sem tengist og tengist ekki losun og sem fram fer á hreyflum í kerfisbundnu eftirliti. Slíkt viðhald skal samrýmast viðhaldi sem fer fram á hreyflum sem eru í notkun og skal tilkynnt eigendum nýrra hreyfla og ökutækja.

2. VAL Á HREYFLUM TIL AÐ FINNA SPILLISTUÐLA Á NÝTINGARTÍMA

2.1. Hreyflar verða valdir úr hópi hreyfla sem skilgreindur er í samræmi við lið 6 í I. viðauka fyrir prófanir á losun til að finna spillistuðla á nýtingartíma.

2.2. Einnig má sameina hreyfla úr mismunandi hópum hreyfla í hópa á grundvelli eftirmeðferðarkerfis fyrir útblástur sem notað er. Ef setja á hreyfla sem eru með mismunandi fjölda strokka og mismunandi uppröðun strokka en sömu tækniforskriftir og ísetningu á eftirmeðferðarkerfum fyrir útblástur í sama hóp eftirmeðferðarkerfa fyrir útblástur skal framleiðandi láta viðurkenningaryfirvöldum í té gögn sem sýna að losunarskerðing slíkra hreyfilkerfa sé sambærileg.

2.3. Framleiðandi hreyfilsins skal velja einn hreyfil, sem er dæmigerður fyrir viðkomandi hóp eftirmeðferðarkerfa fyrir hreyfla eins og hann er ákvarðaður í samræmi við lið 2.2, til prófana í kerfisbundnu eftirliti sem skilgreint er í lið 3.2, og skal viðurkenningaryfirvöldum tilkynnt um valið áður en prófun hefst.

2.3.1. Ef viðurkenningaryfirvald ákveður að betra sé að greina mestu hugsanlegu losun í hópnum með því að prófa annan hreyfil skulu viðurkenningaryfirvald og framleiðandi hreyfilsins velja hann í sameiningu.

3. SPILLISTUÐLAR Á NÝTINGARTÍMA FUNDNIR

3.1. **Almennt**

Spillistuðlar fyrir hóp eftirmeðferðarkerfa fyrir hreyfla eru fundnir út frá völdum hreyflum á grundvelli kerfisbundins eftirlits sem felur í sér reglubundnar prófanir á losun lofttegunda og agna í WHTC- og WHSC-prófunum.

3.2. **Kerfisbundið eftirlit**

Framleiðandi getur valið að framkvæma kerfisbundið eftirlit með því að keyra ökutæki sem búið er valda hreyflinum í kerfisbundnu eftirliti í notkun eða með því að keyra valda hreyfilinn í kerfisbundnu eftirliti í hreyfilaflmæli.

3.2.1. *Kerfisbundið eftirlit í notkun og í hreyfilaflmæli*

3.2.1.1. Framleiðandi skal ákvarða fyrirkomulag og umfang vegalengdar, kerfisbundins eftirlits og öldrunarlotu fyrir hreyfla í samræmi við góðar, verkfræðilegar starfsvenjur.

3.2.1.2. Framleiðandi skal ákvarða prófunarpunktana sem losun lofttegunda og agna verður mæld við í heitum WHTC- og WHSC-prófunum. Prófunarpunktarnir skulu að lágmarki vera þrír, einn í upphafi kerfisbundna eftirlitsins, einn um miðbik þess eða þar um bil, og einn í lok þess.

3.2.1.3. Losunargildin á upphafspunkti og lokapunkti nýtingartímans, sem reiknuð eru í samræmi við lið 3.5.2, skulu vera innan viðmiðunarmarkanna sem tilgreind eru í töflunni í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009, en einstakar niðurstöður losunar í prófunarpunktunum mega fara yfir þau viðmiðunarmörk.

3.2.1.4. Að beiðni framleiðanda og með samþykki viðurkenningaryfirvalds þarf einungis að keyra eina prófunarlotu (annað hvort heita WHTC- eða WHSC-prófun) á hverjum prófunarpunkti og hina prófunarlotuna aðeins við upphaf og lok kerfisbundins eftirlits.

3.2.1.5. Kerfisbundið eftirlit getur verið mismunandi fyrir mismunandi hópa eftirmeðferðarkerfa fyrir hreyfla.

3.2.1.6. Tíminn fyrir kerfisbundið eftirlit getur verið skemmra en nýtingartíminn, en skal ekki vera skemmra en tímabilið sem sýnt er í töflunni í lið 3.2.1.8.

3.2.1.7. Að því er varðar kerfisbundið eftirlit hreyfilaflmæla skal framleiðandinn leggja fram viðeigandi samsvörun á milli kerfisbundins eftirlits (akstursvegalengdar) og hreyfilaflmælisstunda, t.d. samsvörun eldsneytisnotkunar, samsvörun hraða ökutækis og snúningshraða hreyfils o.s.frv.

3.2.1.8. Lágmarkstími kerfisbundins eftirlits

Tafla 1

Lágmarkstími kerfisbundins eftirlits

Ökutækjaflokkur ökutækis sem hreyfillinn er settur í	Lágmarkstími kerfisbundins eftirlits	Nýtingartími (Grein reglugerðar (EB) nr. 595/2009)
Ökutæki í flokki N_1	160 000 km	a-liður 2. mgr. 4. gr.
Ökutæki í flokki N_2	188 000 km	b-liður 2. mgr. 4. gr.
Ökutæki í flokki N_3 með tæknilega, leyfilegan hámarksmassa sem er ekki yfir 16 tonnum.	188 000 km	b-liður 2. mgr. 4. gr.
Ökutæki í flokki N_3 með tæknilega, leyfilegan hámarksmassa sem er yfir 16 tonnum.	233 000 km	c-liður 4. mgr. 2. gr.
Ökutæki í flokki M_1	160 000 km	a-liður 2. mgr. 4. gr.
Ökutæki í flokki M_2	160 000 km	a-liður 2. mgr. 4. gr.
Ökutæki í flokki M_3 í undirflokkum I, II, A og B eins og skilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2001/85/EB, með tæknilega leyfilegan hámarksmassa sem er ekki yfir 7,5 tonnum	188 000 km	b-liður 2. mgr. 4. gr.
Ökutæki í flokki M_3 í undirflokkum III og B eins og skilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2001/85/EB, með tæknilega leyfilegan hámarksmassa sem er ekki yfir 7,5 tonnum	233 000 km	c-liður 4. mgr. 2. gr.

3.2.1.9. Heimilt er að flýta öldrun með því að breyta kerfisbundna eftirlitinu á grundvelli eldsneytisnotkunar. Breytingin skal gerð á grundvelli hlutfallsins á milli dæmigerðar eldsneytisnotkunar þegar ökutæki er í notkun og eldsneytisnotkun í öldrunarlotunni, en eldsneytisnotkunin í öldrunarlotunni skal þó ekki vera meira en 30% hærri en dæmigerð eldsneytisnotkun ökutækis í notkun.

3.2.1.10. Lýsa skal áætlun um kerfisbundið eftirlit að fullu í umsókn um gerðarviðurkenningu og tilkynna gerðarviðurkenningaryfirvöldum um hana áður en prófanir hefjast.

3.2.2. Ef gerðarviðurkenningaryfirvald ákveður að gera þurfi viðbótarmælingar í heitum WHTC- og WHSC-prófunum á milli punktanna sem framleiðandi velur skal það tilkynna framleiðanda um það. Framleiðandi skal útbúa endurskoðaða áætlun um kerfisbundið eftirlit og viðurkenningaryfirvöld skulu samþykkja hana.

3.3. **Hreyfilprófanir**

3.3.1. *Stöðgun hreyfilkerfis*

3.3.1.1. Fyrir hvern hóp eftirmeðferðarkerfa fyrir hreyfla skal framleiðandi ákvarða þann fjölda vinnustunda ökutækisins eða hreyfilsins sem þarf til að vinnsla eftirmeðferðarkerfis fyrir hreyfil sé stöðug. Að kröfu viðurkenningaryfirvalds skal framleiðandi láta í té gögn og greiningu sem notuð eru til að komast að þessari ákvörðun. Framleiðandi getur einnig valið að hafa hreyfilinn í gangi á bilinu 60 til 125 klukkustundir eða sambærilega akstursvegalengd í öldrunarlotunni til að gera eftirmeðferðarkerfið fyrir hreyfilinn stöðugt.

3.3.1.2. Lok stöðgunartímabilsins sem ákvarðað er í lið 3.3.1.1 skal teljast vera upphaf kerfisbundna eftirlitsins.

3.3.2. *Prófanir í kerfisbundnu eftirliti*

3.3.2.1. Eftir stöðgun skal hreyfillinn keyrður í kerfisbundnu eftirliti sem framleiðandi velur eins og lýst er í lið 3.2. Með reglulegu millibili í kerfisbundnu eftirliti sem framleiðandi ákvarðar og, þar sem við á, einnig sem viðurkenningaryfirvald mælir fyrir um samkvæmt lið 3.2.2, skal prófa losun mengandi lofttegunda og agna frá hreyflinum í heitum WHTC- og WHSC-prófunum. Ef samþykkt hefur verið að aðeins ein prófunarlota (heit WHTC- eða WHSC-prófun) sé keyrð á hverjum prófunarpunkti skal, í samræmi við lið 3.2, keyra hina prófunarlotuna (heita WHTC- eða WHSC-prófun) við upphaf og lok kerfisbundins eftirlits.

3.3.2.2. Á meðan kerfisbundnu eftirliti stendur skal viðhald fara fram á hreyflinum í samræmi við kröfurnar í lið 4.

3.3.2.3. Á meðan kerfisbundnu eftirliti stendur er heimilt að framkvæma ófyrirséð viðhald á hreyflinum eða ökutækinu, t.d. ef innbyggða greiningarkerfið hefur sérstaklega skynjað vandamál sem veldur því að bilanavísirinn (hér á eftir nefndur „MI“ er virkjaður.

3.4. **Skýrslugjöf**

3.4.1. Niðurstöður allra losunarprófana (heitrar WHTC- eða WHSC-prófunar) sem gerðar eru meðan á kerfisbundnu eftirliti stendur skulu gerðar aðgengilegar viðurkenningaryfirvaldinu. Ef losunarprófun er lýst ógild skal framleiðandi leggja fram skýringu á því af hverju prófunin var lýst ógild. Í slíkum tilvikum skal framkvæma aðra röð losunarprófana í heitum WHTC- og WHSC-prófunum innan 100 klst. af kerfisbundnu eftirliti.

3.4.2. Framleiðandi skal halda skrár með upplýsingum um allar losunarprófanir og allt viðhald sem er framkvæmt á hreyflinum meðan á kerfisbundnu eftirliti stendur. Þessar upplýsingar skulu afhentar viðurkenningaryfirvaldinu ásamt niðurstöðum losunarprófananna sem gerðar eru meðan á kerfisbundnu eftirliti stendur.

3.5. **Ákvörðun á spillistuðlunum**

3.5.1. Fyrir hvert mengunarefni sem mælt er í heitum WHTC- og WHSC-prófunum og á hverjum prófunarpunkti á meðan kerfisbundnu eftirliti stendur skal framkvæma „hentugustu“ aðhvarfsgreiningu á grundvelli allra prófunarniðurstaðna. Niðurstöður allra prófana á öllum mengunarefnum skulu settar fram með sama fjölda aukastafa og viðmiðunarmörk viðkomandi mengunarefnis, eins og sýnt er í töflunni í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009 að viðbættum einum aukastaf. Ef samþykkt hefur verið, í samræmi við lið 3.2.1.4 þessa viðauka, að aðeins ein prófunarlota (heit WHTC- eða WHSC-prófun) sé keyrð á hverjum prófunarpunkti og að hin prófunarlotan (heit WHTC- eða WHSC-prófun) sé aðeins keyrð við upphaf og lok kerfisbundins eftirlits, skal aðeins gera aðhvarfsgreininguna á grundvelli prófunarniðurstaðna úr prófunarlotum sem keyrðar eru á hverjum prófunarpunkti.

Heimila skal ólínulegt aðhvarf ef framleiðandi óskar eftir því og að fengnu fyrirframsamþykki viðurkenningaryfirvalds.

3.5.2. Losunargildi hvers mengunarefnis við upphaf kerfisbundins eftirlits og á lokapunkti nýtingartíma, sem á við hreyfilinn sem verið er að prófa, skulu reiknuð út frá aðhvarfsjöfnunni. Ef tímabil kerfisbundins eftirlits er skemmra en nýtingartíminn skulu losunargildi á lokapunkti nýtingartíma ákvörðuð með því að framreikna aðhvarfsjöfnuna sem ákvörðuð er samkvæmt lið 3.5.1.

3.5.3. Spillistuðull hvers mengunarefnis er skilgreindur sem hlutfall gildandi losunargilda á lokapunkti nýtingartíma og við upphaf kerfisbundins eftirlits (margfaldandi spillistuðull).

Heimilt er að nota viðbætinn spillistuðul fyrir hvert mengunarefni ef framleiðandi óskar eftir því og viðurkenningaryfirvald samþykkir það. Viðbætni spillistuðullinn skal jafngilda mismuninum á milli reiknaðra losunargilda á lokapunkti nýtingartíma og við upphaf kerfisbundins eftirlits.

Ef útreikningarnir skila gildi sem er lægra en 1,00 fyrir margfaldandi spillistuðul eða lægra en 0,00 fyrir viðbætinn spillistuðul skal spillistuðullinn vera 1,0 annars vegar eða 0,00 hins vegar.


Dæmi um ákvörðun spillistuðla með línulegu aðhvarfi er sýnt á mynd 1.

Ekki er heimilt að blanda saman margfaldandi spillistuðlum og viðbætnum spillistuðlum innan eins hóps mengunarefna.

Ef samþykkt hefur verið, í samræmi við lið 3.2.1.4, að aðeins ein prófunarlota (heit WHTC- eða WHSC-prófun) sé keyrð á hverjum prófunarpunkti og að hin prófunarlotan (heit WHTC- eða WHSC-prófun) sé aðeins keyrð við upphaf og lok kerfisbundins eftirlits, skal spillistuðullinn, sem reiknaður er fyrir prófunarlotuna sem keyrð var á hverjum prófunarpunkti, einnig gilda fyrir hina prófunarlotuna.

Mynd 1

Dæmi um ákvörðun spillistuðuls



3.6. **Úthlutaðir spillistuðlar**

3.6.1. Í stað þess að nota kerfisbundið eftirlit til að ákvarða spillistuðla geta framleiðendur hreyfla valið að nota eftirfarandi úthlutaða, margfaldandi spillistuðla:

Tafla 2

Spillistuðlar

Prófunarlota	CO	THC (1)	NMHC (2)	CH_4 (2)	NO_x	NH_3	Massi efnisagna	Fjöldi efnisagna
WHTC	1.3	1.3	1.4	1.4	1.15	1.0	1.05	1.0
WHSC	1.3	1.3	1.4	1.4	1.15	1.0	1.05	1.0

(1) Gildir um þjöppukveikjuhreyfla.
(2) Gildir um rafkveikjuhreyfla.

Úthlutaðir viðbætnir spillistuðlar eru ekki tilgreindir. Ekki skal vera heimilt að umbreyta úthlutuðum, margfaldandi spillistuðlum í viðbætna spillistuðla.

3.7. **Ákvörðun spillistuðla**

3.7.1. Hreyflar skulu uppfylla viðeigandi viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir hvert mengunarefni, eins og þau eru tilgreind í töflunni í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009, eftir að spillistuðlum hefur verið beitt á prófniðurstöðuna sem mæld er í samræmi við III. viðauka (e_{gas}, e_{PM}). Eftirfarandi ákvæði skulu gilda eftir því um hvers konar spillistuðul (DF) er að ræða:

a) Margfaldandi: (e_{gas} eða e_{PM}) x DF ≤ losunarmörk

b) Viðbætinn: (e_{gas} eða e_{PM}) + DF ≤ losunarmörk

3.7.2. Framleiðandi getur valið að færa spillistuðla, sem ákvarðaðir eru fyrir hóp eftirmeðferðarkerfa fyrir hreyfla, yfir á hreyfilkerfi sem ekki tilheyrir sama hópi eftirmeðferðarkerfa fyrir hreyfla. Í slíkum tilvikum skal framleiðandinn sýna viðurkenningaryfirvaldinu fram á að hreyfilkerfið sem viðkomandi hópur eftirmeðferðarkerfa var upphaflega prófaður fyrir og hreyfilkerfið sem spillistuðlarnir eru yfirfærðir á hafi sömu tækniforskriftir og kröfur um ísetningu í ökutækinu og að losun þess hreyfils eða hreyfilkerfis sé sambærileg.

3.7.3. Spillistuðlar hvers mengunarefnis í viðkomandi prófunarlotu skulu skráðir undir liðum 1.4.1 og 1.4.2 í viðbót við 5. viðbæti við I. viðauka og undir liðum 1.4.1 og 1.4.3 í viðbót við 7. viðbæti við I. viðauka.

3.8. **Athugun á samræmi framleiðslu**

3.8.1. Samræmi framleiðslu að því er varðar losun er kannað á grundvelli 7. liðar I. viðauka.

3.8.2. Framleiðandi getur valið að mæla losun mengandi efna áður en þau fara í gegnum nokkurt eftirmeðferðarkerfi fyrir útblástur á sama tíma og gerðarviðurkenningarprófun fer fram. Með því getur framleiðandinn þróað sérstakan óformlegan spillistuðul fyrir hreyfilinn og eftirmeðferðarkerfið sem framleiðandinn getur notað til aðstoðar við lokaúttekt á framleiðslunni.

3.8.3. Að því er varðar gerðarviðurkenningu skal einungis skrá spillistuðla samkvæmt liðum 3.5 eða 3.6 undir liðum 1.4.1 og 1.4.2 í viðbót við 5. viðbæti og liðum 1.4.1 og 1.4.2 í viðbót við 7. viðbæti I. viðauka.

4. VIÐHALD

Að því er varðar kerfisbundið eftirlit skal framkvæma viðhald í samræmi við handbók framleiðanda um þjónustu og viðhald.

4.1. **Reglubundið viðhald tengt losun**

4.1.1. Reglubundið viðhald tengt losun vegna framkvæmdar kerfisbundins eftirlits verður að eiga sér stað eftir sömu vegalengd eða með sama eða jafnlöngu bili og tilgreint er í viðhaldsleiðbeiningum framleiðanda sem afhentar eru eiganda hreyfilsins eða ökutækisins. Uppfæra má þessa viðhaldsáætlun eftir þörfum meðan á kerfisbundnu eftirliti stendur svo fremi að engri viðhaldsaðgerð sé eytt úr viðhaldsáætluninni eftir að aðgerðin hefur verið framkvæmd á prófunarhreyflinum.

4.1.2. Í tengslum við kerfisbundið eftirlit skal framleiðandi tilgreina stillingar, þrif, viðhald (þar sem við á) og áætluð skipti á eftirtöldum hlutum:

a) síum og kælum í útblásturshringrás,

b) lokum fyrir virka sveifarhússloftun, ef við á,

c) eldsneytisspíssum (aðeins þrif),

d) eldsneytisspíssum,

e) hverfiþjöppum,

f) rafstýrieiningu hreyfilsins og tengdum skynjurum og hreyfiliðum,

g) eftirmeðferðarkerfi fyrir agnir (að meðtöldum tengdum íhlutum),

h) afoxunarkerfi fyrir köfnunarefnisoxíð,

i. útblásturshringrás, að meðtöldum öllum stýrilokum og leiðslum,

j) öllum öðrum eftirmeðferðarkerfum fyrir útblástur.

4.1.3. Mikilvægt, reglubundið viðhald sem tengist losun skal einungis fara fram við notkun og skal tilkynnt eiganda ökutækisins.

4.2. **Breytingar á reglubundnu viðhaldi**

4.2.1. Framleiðandinn skal leggja inn beiðni til viðurkenningaryfirvalds um samþykki á nýjum viðhaldsáætlunum sem hann óskar eftir að framkvæma meðan á kerfisbundnu eftirliti stendur og mæla í kjölfarið með við eigendur hreyfla eða ökutækja. Beiðninni skulu fylgja gögn sem styðja þörfina á nýrri viðhaldsáætlun og viðhaldstímabilið.

4.3. **Fyrirhugað viðhald sem er ekki tengt losun**

4.3.1. Reglubundið viðhald sem tengist ekki losun og er skynsamlegt og tæknilega nauðsynlegt (t.d. olíuskipti, skipti á olíusíum, skipti á eldsneytissíum, skipti á loftsíum, viðhald kælikerfis, stilling á snúningshraða í hægagangi, gangráður, snúningsátak hreyfilbolta, ventlafesting, festing eldsneytisloka, tímastilling, stillingar á drifreimum o.s.frv.) má fara fram á hreyflum eða ökutækjum sem valin eru fyrir kerfisbundið eftirlit með lengstu viðhaldstímabilum sem framleiðandi mælir með við eigendur.

4.4. **Viðgerð**

4.4.1. Viðgerðir á íhlutum hreyfils sem valinn er til prófana í kerfisbundnu eftirliti öðrum en í mengunarvarnarkerfi hreyfilsins eða eldsneytiskerfinu skulu aðeins fara fram vegna bilunar í íhlutum eða bilunar í hreyfilkerfi.

4.4.2. Ef hreyfillinn sjálfur, mengunarvarnarkerfið eða eldsneytiskerfið bila meðan á kerfisbundnu eftirliti stendur skal eftirlitið teljast ógilt og nýtt eftirlit skal hafið með nýju hreyfilkerfi.

VIII. VIÐAUKI

LOSUN KOLTVÍSÝRINGS OG ELDSNEYTISNOTKUN

1. INNGANGUR

1.1. Í þessum viðauka eru sett fram ákvæði og prófunaraðferðir varðandi skýrslugjöf um losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun.

2. ALMENNAR KRÖFUR

2.1. Ákvarða skal losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun í WHTC- og WHSC-prófunarlotum í samræmi við liði 7.2 til 7.8 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

2.2. Niðurstöður úr prófun skulu skráðar sem gildi sem eru meðaltalsreiknuð miðað við snúningshraða og álag yfir lotu og gefnar upp í einingunni g/kWh.

3. ÁKVÖRÐUN LOSUNAR KOLTVÍSÝRINGS

3.1. **Mæling á óþynntu útblásturslofti**

Þessi liður gildir ef koltvísýringur er mældur í óþynntu útblásturslofti.

3.1.1. *Mæling*

Mæla skal koltvísýring í óþynntu útblásturslofti úr hreyfli sem lagður hefur verið fram til prófunar með ódreifnum innroðagreini (NDIR) í samræmi við lið 9.3.2.3 og 3. viðbæti í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

Mælikerfið skal uppfylla línuleikakröfur liðar 9.2 og töflu 7 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

Mælikerfið skal uppfylla kröfur liða 9.3.1, 9.3.4 og 9.3.5 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

3.1.2. *Mat á gögnum*

Gögnin sem um ræðir skulu skráð og varðveitt í samræmi við lið 7.6.6 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49. Ferill hins skráða styrks og ferill útblástursstreymisins skulu tímajafnaðir með umbreytingartímanum eins og hann er skilgreindur í lið 3.1.30 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

3.1.3. *Meðtalsútreikningur losunar yfir lotu*

Ef mælt er miðað við þurrt ástand skal beita leiðréttingu fyrir þurrar/rakar lofttegundir í samræmi við lið 8.1 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 á augnabliksstyrkgildin áður en frekari útreikningar eru gerðir.

Ákvarða skal massa koltvísýrings (g/prófun) með því að reikna augnabliksmassa losaðra efna út frá styrk koltvísýrings í óþynntu útblásturslofti og massa útblástursstreymis, jafnað með tilliti til umbreytingartíma þeirra í samræmi við lið 8.4.2.2 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49, tegra augnabliksgildin yfir lotuna, og margfalda tegrunargildið með *u*-gildum koltvísýrings úr töflu 5 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

Beita skal eftirfarandi jöfnu:

$$m_{CO2} = \sum_{i=1}^{i=n} u_{CO2} \times c_{CO2,i} \times q_{mew,i} \times \frac{1}{f} \text{ (í g/prófun)}$$

þar sem:

u_{CO2} er hlutfallið milli eðlismassa koltvísýrings og eðlismassa útblásturslofts

$c_{CO2,i}$ er augnabliksstyrkur koltvísýrings í útblásturslofti, í milljónarhlutum

$q_{mew,i}$ er augnabliksmassastreymi útblásturslofts, í kg/s

f er sýnatökutíðni, í Hz

n er fjöldi mælinga

Einnig má reikna massa koltvísýrings í samræmi við lið 8.4.2.4 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 með því að nota mólmassa koltvísýrings (M_{CO2}) sem er 44,01 g/mól.

3.2. **Mæling á þynntu útblásturslofti**

Þessi liður gildir ef koltvísýringur er mældur í þynntu útblásturslofti.

3.2.1. *Mæling*

Mæla skal koltvísýring í þynntu útblásturslofti úr hreyfli sem lagður hefur verið fram til prófunar með ódreifnum innroðagreini (NDIR) í samræmi við lið 9.3.2.3 og 3. viðbæti í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49. Þynna skal útblástursloft með síuðu andrúmslofti, tilbúnu lofti eða köfnunarefni. Flutningsgeta heildarstreymiskerfisins skal vera slík að algjörlega sé komið í veg fyrir að vatn þéttist í þynningar- og sýnatökukerfunum.

Mælikerfið skal uppfylla línuleikakröfur liðar 9.2 og töflu 7 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

Mælikerfið skal uppfylla kröfur liða 9.3.1, 9.3.4 og 9.3.5 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

3.2.2. *Mat á gögnum*

Gögnin sem um ræðir skulu skráð og varðveitt í samræmi við lið 7.6.6 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

3.2.3. *Meðtalsútreikningur losunar yfir lotu*

Ef mælt er miðað við þurrt ástand skal beita leiðréttingu fyrir þurrar/rakar lofttegundir í samræmi við lið 8.1 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

Þegar um er að ræða kerfi með stöðugt massastreymi (með varmaskipti) skal ákvarða massa koltvísýrings (g/prófun) með eftirfarandi jöfnu:

$$m_{CO2} = (0{,}001519 \times c_{CO2,i} \times m_{ed}) \text{ (í g/prófun)}$$

þar sem:

$c_{CO2,e}$ er bakgrunnsleiðréttur meðalstyrkur koltvísýrings, í milljónarhlutum

0.001519 er hlutfallið milli eðlismassa koltvísýrings og eðlismassa lofts (*u*-stuðull)

m_{ed} er heildarmassi þynnts útblásturslofts í lotunni, í kg

Þegar um er að ræða kerfi með streymisjöfnun (án varmaskiptis) skal ákvarða massa koltvísýrings (g/prófun) með því að reikna augnabliksmassa losaðra efna og tegra síðan augnabliksgildin fyrir alla lotuna. Enn fremur skal beita bakgrunnsleiðréttingu beint á augnabliksgildi styrksins. Beita skal eftirfarandi jöfnu:

$$m_{CO2} = \sum_{i=1}^{n} [(m_{ed,i} \times c_{CO2,e} \times 0{,}001519)] - [(m_{ed} \times c_{CO2,d} \times (1 - 1/D) \times 0{,}001519)]$$

þar sem:

$c_{CO2,e}$ er styrkur koltvísýrings sem mældur er í þynntu útblásturslofti, í milljónarhlutum

$c_{CO2,d}$ er styrkur koltvísýrings sem mældur er í þynningarloftinu, í milljónarhlutum

0.001519 er hlutfallið milli eðlismassa koltvísýrings og eðlismassa lofts (*u*-stuðull)

$m_{ed,i}$ er augnabliksmassi þynnts útblásturslofts, í kg

m_{ed} er heildarmassi þynnts útblásturslofts í lotunni, í kg

D er þynningarstuðullinn

Einnig má reikna *u*-stuðulinn með jöfnu 57 í lið 8.5.2.3.1 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 með því að nota mólmassa koltvísýrings (M_{CO2}), sem er 44,01 g/mól.

Beita skal bakgrunnsleiðréttingu koltvísýrings í samræmi við lið 8.5.2.3.2 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

3.3. **Útreikningur á losun miðað við snúningshraða og álag**

Ákvarða skal vinnuna í lotunni, sem þörf er á vegna útreiknings á losun koltvísýrings miðað við snúningshraða og álag, í samræmi við lið 7.8.6 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

3.3.1. *WHTC*

Reikna skal losun miðað við snúningshraða og álag e_{CO2} (g/kWh) sem hér segir:

$$e_{CO2} = \frac{(0{,}14 \times m_{CO2,cold}) + (0{,}86 \times m_{CO2,hot})}{(0{,}14 \times W_{act,cold}) + (0{,}86 \times W_{act,hot})}$$

þar sem:

$m_{CO2,cold}$ er massi koltvísýringslosunar í kaldræsingarprófun, í g/prófun

$m_{CO2,hot}$ er massi koltvísýringslosunar í heitræsingarprófun, í g/prófun

$W_{act,cold}$ er raunverulega vinna í lotu í kaldræsingarprófun, í kWh

$W_{act,hot}$ er raunveruleg vinna í lotu í heitræsingarprófun, í kWh

3.3.2. *WHSC*

Reikna skal losun miðað við snúningshraða og álag e_{CO2} (g/kWh) sem hér segir:

$$e_{CO2} = \frac{m_{CO2}}{W_{act}}$$

þar sem:

m_{CO2} er massi koltvísýringslosunar, í g/prófun

W_{act} er raunveruleg vinna í lotu, í kWh

4. ÁKVÖRÐUN ELDSNEYTISNOTKUNAR

4.1. **Mæling**

Mæla skal augnabliksstreymi eldsneytis með kerfum sem mæla massa helst með beinum hætti, s.s.:

a) nema fyrir massastreymi,

b) eldsneytisvigtun,

c) svigkraftsmæli (Coriolis-mæli).

Kerfið sem notað er til að mæla eldsneytisstreymi skal hafa eftirfarandi eiginleika:

a) nákvæmni sem er ± 2 % af álestri eða ± 0,3 % af fullu útslagi, hvort heldur er betra,

b) samkvæmni sem er ± 1 % af fullu útslagi eða betri,

c) ristíma sem er ekki lengri en 5 sekúndur.

Kerfið sem notað er til að mæla eldsneytisstreymi skal uppfylla línuleikakröfur liðar 9.2 og töflu 7 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr 49.

Gera skal varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir mæliskekkjur. Slíkar varúðarráðstafanir skulu a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

a) varkára ísetningu tækisins samkvæmt fyrirmælum framleiðanda mælitækisins og góðar verkfræðilegar starfsvenjur,

b) nauðsynlega streymisaðlögun til að koma í veg fyrir iðukast, straumhvirfla, hringstreymi eða streymisslátt sem hefur áhrif á nákvæmni eða samkvæmni eldsneytisstreymiskerfisins,

c) að tekið sé mið af öllu eldsneyti sem sneiðir hjá hreyflinum eða kemur til baka úr hreyflinum í eldsneytisgeymi.

4.2. **Mat á gögnum**

Gögnin sem um ræðir skulu skráð og varðveitt í samræmi við lið 7.6.6 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

4.3. **Meðaltalsútreikningur eldsneytisnotkunar yfir lotu**

Ákvarða skal massa eldsneytis (g/prófun) með því að leggja saman augnablikgildi lotu sem hér segir:

$$q_{mf} = \sum_{i=1}^{i=n} q_{mf,i} \times \frac{1}{f} \times 1000$$

þar sem:

$q_{mf,i}$ er augnablikseldsneytisstreymi, í kg/s

f er sýnatökutíðni, í Hz

n er fjöldi mælinga

4.4. **Útreikningur á eldsneytisnotkun miðað við snúningshraða og álag**

Ákvarða skal vinnuna í lotunni, sem þörf er á vegna útreiknings á eldsneytisnotkun miðað við snúningshraða og álag, í samræmi við lið 7.8.6 í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

4.4.1. *WHTC*

Reikna skal eldsneytisnotkun miðað við snúningshraða og álag e_f (g/kWh) sem hér segir:

$$e_f = \frac{(0{,}14 \times q_{mf,cold}) + (0{,}86 \times q_{mf,hot})}{(0{,}14 \times W_{act,cold}) + (0{,}86 \times W_{act,hot})}$$

þar sem:

$q_{mf,\ cold}$ er eldsneytismassi í kaldræsingarprófun, í g/prófun

$q_{mf,\ hot}$ er eldsneytismassi í heitræsingarprófun, í g/prófun

$W_{act,\ cold}$ er raunveruleg vinna í lotu í kaldræsingarprófun, í kWh

$W_{act,\ hot}$ er raunveruleg vinna í lotu í heitræsingarprófun, í kWh

4.4.2. *WHSC*

Reikna skal eldsneytisnotkun miðað við snúningshraða og álag e_f (g/kWh) sem hér segir:

$$e_{CO2} = \frac{q_{mf}}{W_{act}}$$

þar sem:

q_{mf} er eldsneytismassi, í g/prófun

W_{act} er raunveruleg vinna í lotu, í kWh

1. viðbætir

Ákvæði um losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun vegna rýmkunar EB-gerðarviðurkenningar fyrir ökutæki sem eru gerðarviðurkennd samkvæmt reglugerð (EB) nr. 595/2009 og þessari reglugerð og eru með viðmiðunarmassa sem er meiri en 2380 kg en ekki meiri en 2610 kg

1. INNGANGUR

1.1. Í þessum viðbæti eru sett fram ákvæði og prófunaraðferðir varðandi skýrslugjöf um losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun vegna rýmkunar EB-gerðarviðurkenningar fyrir ökutæki sem eru gerðarviðurkennd samkvæmt reglugerð (EB) nr. 595/2009 og þessari reglugerð og eru með hærri viðmiðunarmassa en 2380 kg en ekki hærri en 2610 kg.

2. ALMENNAR KRÖFUR

2.1. Til að hljóta rýmkun EB-gerðarviðurkenningar fyrir ökutæki að því er varðar hreyfilgerð sem er gerðarviðurkennd samkvæmt þessari reglugerð fyrir ökutæki sem er með meiri viðmiðunarmassa en 2380 kg en ekki meiri en 610 kg, skal framleiðandinn uppfylla kröfur XII. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 ([8]) með undantekningunum sem um getur að neðan.

2.1.1. Skilja ber lið 2.2.1 í XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 þannig að hann vísi til þeirra tegunda viðmiðunareldsneytis sem lýst er í IX. viðauka.

2.1.2. Skilja ber lið 5.2.4 í reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 101, sem vísað er til í lið 2.3 í XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008, sem hér segir:

1) eðlismassi: mældur í prófunareldsneyti í samræmi við ISO-staðal 3675 eða með jafngildri aðferð. Fyrir bensín, dísilolíu, etanól (E85) og etanól fyrir sérhæfða þjöppukveikjuhreyfla (EF95) skal nota eðlismassa mældan við 288 K (15 °C), fyrir fljótandi jarðolíugas og jarðgas/lífmetan skal nota eftirfarandi viðmiðunareðlismassa:

0,538 kg/lítra fyrir fljótandi jarðolíugas.

0,654 kg/m^3 fyrir jarðgas.

2) Hlutfall vetnis, kolefnis og súrefnis: nota skal eftirfarandi föst gildi:

$C_1H_{1,93}O_{0,032}$ fyrir bensín (E10),

$C_1H_{1,86}O_{0,006}$ fyrir dísilolíu (B7),

$C_1H_{2,525}$ fyrir fljótandi jarðolíugas,

CH_4 fyrir jarðgas og lífmetan,

$C_1H_{2,74}O_{0,385}$ fyrir etanól (E85),

$C_1H_{2,92}O_{0,46}$ fyrir etanól fyrir sérhæfða þjöppukveikjuhreyfla (ED95).

2.1.3. Skilja ber lið 1.4.3 í 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 101, sem vísað er til í lið 3.3 í XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008, sem hér segir:

„1.4.3. Eldsneytisnotkun, gefin upp í lítrum á 100 km (ef um er að ræða bensín, fljótandi jarðolíugas (E85 og ED95) eða dísilolíu) eða í rúmmetrum á 100 km (ef um er að ræða jarðgas/lífmetan), er reiknuð með eftirfarandi jöfnum:

a) fyrir ökutæki með rafkveikjuhreyfil sem er knúinn með bensíni (E10):

$$FC = (0{,}120/D) \cdot [(0{,}831 \cdot HC) + (0{,}429 \cdot CO) + (0{,}273 \cdot CO_2)]$$

b) fyrir ökutæki með rafkveikjuhreyfil sem er knúinn með fljótandi jarðolíugasi:

([8]) Stjtíð. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1.

$FC_{norm} = (0,1212/0,538) \cdot [(0,825 \cdot HC) + (0,429 \cdot CO) + (0,273 \cdot CO_2)]$

Ef samsetning prófunareldsneytisins sýnir frávik frá þeirri samsetningu, sem gert er ráð fyrir við ákvörðun eðlilegrar eyðslu, er hægt, að ósk framleiðanda, að beita leiðréttingarstuðli cf á eftirfarandi hátt:

$FC_{norm} = (0,1212/0,538) \cdot (cf) \cdot [(0,825 \cdot HC) + (0,429 \cdot CO) + (0,273 \cdot CO_2)]$

Leiðréttingarstuðullinn, sem leyft er að nota, er ákvarðaður á eftirfarandi hátt:

$cf = 0,825 + 0,0693\ n_{actual}$

þar sem:

n_{actual} er raunhlutfall vetnis og kolefnis í eldsneytinu sem notað er.

c) fyrir ökutæki með rafkveikjuhreyfil sem er knúinn með jarðgasi/lífmetani:

$FC_{norm} = (0,1336/0,654) \cdot [(0,749 \cdot HC) + (0,429 \cdot CO) + (0,273 \cdot CO_2)]$

d) fyrir ökutæki með rafkveikjuhreyfil sem er knúinn með etanóli (E85):

$FC = (0,1742/D) \cdot [(0,574 \cdot HC) + (0,429 \cdot CO) + (0,273 \cdot CO_2)]$

e) fyrir ökutæki með þjöppukveikjuhreyfil sem er knúinn með dísilolíu (B7):

$FC = (0,1165/D) \cdot [(0,859 \cdot HC) + (0,429 \cdot CO) + (0,273 \cdot CO_2)]$

f) fyrir ökutæki með sem sérhæfðan þjöppukveikjuhreyfil sem er knúinn með etanóli (ED95):

$FC = (0.186/D) \cdot [(0,538 \cdot HC) + (0,429 \cdot CO) + (0,273 \cdot CO_2)]$

Í þessum formúlum merkir:

FC eldsneytisnotkun, gefin upp í lítrum á 100 km (ef um er að ræða bensín, etanól, fljótandi jarðolíugas, dísilolíu eða lífdísilolíu) eða í rúmmetrum á 100 km (ef um er að ræða jarðgas)

HC mæld losun vetniskolefna í g/km

CO mæld losun kolsýrings í g/km

CO_2 mæld losun koltvísýrings í g/km

D eðlismassi prófunareldsneytis.

Ef um er að ræða loftkennd eldsneyti er þetta eðlismassinn við 288 K 15 °C.“

2.1.4. Skilja ber kröfur um skýrslugjöf í lið 3.4 í XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 þannig að þær vísi til 4. viðbætis við I. viðauka við þessa reglugerð.

———

IX. VIÐAUKI

FORSKRIFTIR FYRIR VIÐMIÐUNARELDSNEYTI

Tæknigögn um eldsneyti fyrir prófun rafkveikjuhreyfla

Tegund: Dísilolía (B7)

Mæliþáttur	Eining	Mörk ([1])		Prófunaraðferð
		Lágmark	Hámark	
Setanstuðull		46.0	—	EN ISO 4264
Setantala ([2])		52.0	56.0	EN-ISO 5165
Eðlismassi við 15 °C	kg/m^3	833	837	EN-ISO 3675 EN ISO 12185
Eiming:				
— 50 % suðumarks	°C	245	—	EN-ISO 3405
— 95 % suðumarks	°C	345	350	EN-ISO 3405
— lokasuðumark	°C	—	360	EN-ISO 3405
Kveikjumark	°C	55	—	EN 22719
Stíflumark (CFPP)	°C	—	-5	EN 116
Seigja við 40 °C	mm^2/s	2.3	3.3	EN-ISO 3104
Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni	% m/m	2.0	4.0	EN 12916
Brennisteinsinnihald	mg/kg	—	10	EN-ISO 20846/EN-ISO 20884
Kopartæring (3 klst. við 50 °C)	Málgildi	—	Flokkur 1	EN-ISO 2160
Conradson-kolefnisleifar (10 % DR)	% m/m	—	0.2	EN-ISO 10370
Öskuinnihald	% m/m	—	0.01	EN-ISO 6245
Heildarmengun	mg/kg	—	24	EN 12662
Vatnsinnihald	% m/m	—	0.02	EN-ISO 12937
Hlutleysistala (sterk sýra)	mg KOH/g	—	0.10	ASTM D 974
Stöðugleiki gegn oxun ([3])	mg/ml	—	0025	EN-ISO 12205
Smureiginleikar (HFRR, þvermál slitskönnunar við 60 °C)	µm	—	400	EN ISO 12156
Stöðugleiki gegn oxun við 110 °C ([3])	H	20.0		EN 15751
Fitusýrumetýlestrar (FAME) ([4])	% rúmm.	6.0	7.0	EN 14078

([1]) Gildin, sem eru tilgreind í tækniforskriftunum, eru „raungildi“. Við ákvörðun viðmiðunarmarkanna er höfð hliðsjón af ISO 4259 „Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli og við ákvörðun hámarksgildis og lágmarksgildis er lágmarksmunurinn 4R (R = samanburðarnákvæmni). Þrátt fyrir þessa ráðstöfun, sem er nauðsynleg af tæknilegum ástæðum, skal framleiðandi eldsneytis engu að síður stefna að núllgildi ef tilskilið hámarksgildi er 2R og að meðalgildi þegar tilgreint er bæði hámark og lágmark. Komi upp spurning um hvort eldsneyti uppfylli kröfur í forskriftunum skal taka mið af ISO 4259.

([2]) Það svið, sem tilgreint er fyrir setantölu, er í ósamræmi við kröfurnar um lágmarkssvið 4R. Rísi ágreiningur milli eldsneytisbirgis og -notanda er þó heimilt að taka mið af ISO 4259 til að leysa úr ágreiningi, að því tilskildu að nægilega margar mælingar séu gerðar til að ná tilskilinni nákvæmni frekar en að nota stakar mælingar.

([3]) Jafnvel þótt eftirlit sé haft með stöðugleika gegn oxun má telja líklegt að geymsluþol verði takmarkað. Leita skal ráða hjá birgi um geymsluskilyrði og geymsluþol.

([4]) Magn fitusýrumetýlestera (FAME) skal uppfylla skilyrði EN 14214.

Tegund: Etanól fyrir sérhæfða þjöppukveikjuhreyfla (ED95) ([1])

Mæliþáttur	Eining	Mörk ([2])		Prófunaraðferð ([3])
		Lágmark	Hámark	
Heildaralkóhól (etanól að meðtöldu innihaldi lengri mettaðra alkóhóla)	% m/m	92.4		EN 15721
Önnur lengri mettuð, eingild alkóhól (C_3-C_5)	% m/m		2.0	EN 15721
Metanól	% m/m		0.3	EN 15721
Eðlismassi við 15 °C	kg/m^3	793.0	815.0	EN-ISO 12185
Sýrustig, reiknað sem ediksýra	% m/m		0.0025	EN 15491
Útlit		Ljóst og tært		
Blossamark	°C	10		EN 3679
Þurrar efnaleifar	mg/kg		15	EN 15691
Vatnsinnihald	% m/m		6.5	EN 15489 ([4]) EN-ISO 12937 EN 15692
Aldehýð, reiknuð sem asetaldehýð	% m/m		0.0050	ISO 1388-4
Estrar, reiknaðir sem etýlasetat	% m/m		0.1	ASTM D1617
Brennisteinsinnihald	mg/kg		10.0	EN 15485 EN 15486
Súlföt	mg/kg		4.0	EN 15492
Agnamengun	mg/kg		24	EN 12662
Fosfór	mg/l		0.20	EN 15487
Ólífræn klóríð	mg/kg		1.0	EN 15484 eða EN 15492
Kopar	mg/kg		0100	EN 15488
Rafleiðni	µS/cm		2.50	DIN 51627-4 eða prEN 15938

([1]) Bæta má aukefnum á borð við setanauðgandi efni sem tilgreint er af framleiðanda við etanóleldsneyti, enda sé ekki vitað um neinar neikvæðar aukaverkanir. Að þessum skilyrðum uppfyllum er hæsta leyfilega magn 10 % m/m.

([2]) Gildin, sem eru tilgreind í tækniforskriftunum, eru „raungildi“. Við ákvörðun viðmiðunarmarkanna er höfð hliðsjón af ISO 4259 „Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli og við ákvörðun hámarksgildis og lágmarksgildis er lágmarksmunurinn 4R (R = samanburðarnákvæmni). Þrátt fyrir þessa ráðstöfun, sem er nauðsynleg af tæknilegum ástæðum, skal framleiðandi eldsneytis engu að síður stefna að núllgildi ef tilskilið hámarksgildi er 2R og að meðalgildi þegar tilgreint er bæði hámark og lágmark. Komi upp spurning um hvort eldsneyti uppfylli kröfur í forskriftunum skal taka mið af ISO 4259.

([3]) Jafngildar EN/ISO-aðferðir verða samþykktar þegar þær verða gefnar út fyrir eiginleika sem taldir eru upp hér að framan.

([4]) Komi upp spurning um hvort eldsneyti uppfylli kröfur í forskriftunum skal taka mið af EN 15489.

Tæknigögn um eldsneyti fyrir prófun rafkveikjuhreyfla

Tegund: Bensín (E10)

Mæliþáttur	Eining	Mörk ([1])		Prófunaraðferð ([2])
		Lágmark	Hámark	
Prófunaroktantala, RON		95.0	97.0	EN-ISO 5164:2005 ([3])
Hreyfilsoktantala, MON		84.0	86.0	EN-ISO 5163:2005 ([3])
Eðlismassi við 15 °C	kg/m^3	743	756	EN-ISO 3675 EN-ISO 12185
Gufuþrýstingur	kPa	56.0	60.0	EN-ISO 13016-1 (DVPE)
Vatnsinnihald	% rúmm.		0015	ASTM E 1064
Eiming:				
— uppgufun við 70 °C	% rúmm.	24.0	44.0	EN-ISO 3405
— uppgufun við 100 °C	% rúmm.	56.0	60.0	EN-ISO 3405
— uppgufun við 150 °C	% rúmm.	88.0	90.0	EN-ISO 3405
— lokasuðumark	°C	190	210	EN-ISO 3405
Efnaleif	% rúmm.	—	2.0	EN-ISO 3405
Vetniskolefnisgreining:				
— ólefín	% rúmm.	3.0	18.0	EN 14517 EN 15553
— arómöt	% rúmm.	25.0	35.0	EN 14517 EN 15553
— bensen	% rúmm.	0.4	1.0	EN 12177 EN 238, EN 14517
— mettuð sambönd	% rúmm.	skal tilgreina		EN 14517 EN 15553
Kolefnis-/vetnishlutfall		skal tilgreina		
Kolefnis-/súrefnishlutfall		skal tilgreina		
Biðtími ([4])	mín.	480	—	EN-ISO 7536
Súrefnisinnihald ([5])	% m/m	3.7		EN 1601 EN 13132 EN 14517
Útfellingar til staðar	mg/ml	—	0.04	EN-ISO 6246
Brennisteinsinnihald ([6])	mg/kg	—	10	EN-ISO 20846 EN ISO 20884

Mæliþáttur	Eining	Mörk ([1])		Prófunaraðferð ([2])
		Lágmark	Hámark	
Kopartæring (3 klst. við 50 °C)	málgildi	—	Flokkur 1	EN-ISO 2160
Blýinnihald	mg/l	—	5	EN 237
Fosfórinnihald ([7])	mg/l	—	1.3	ASTM D 3231
Etanól ([4])	% rúmm.	9.5	10.0	EN 1601 EN 13132 EN 14517

([1]) Gildin, sem eru tilgreind í tækniforskriftunum, eru „raungildi“. Við ákvörðun viðmiðunarmarkanna er höfð hliðsjón af ISO 4259 „Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli og við ákvörðun hámarksgildis og lágmarksgildis er lágmarksmunurinn 4R (R = samanburðarnákvæmni). Þrátt fyrir þessa ráðstöfun, sem er nauðsynleg af tæknilegum ástæðum, skal framleiðandi eldsneytis engu að síður stefna að núllgildi ef tilskilið hámarksgildi er 2R og að meðalgildi þegar tilgreint er bæði hámark og lágmark. Komi upp spurning um hvort eldsneyti uppfylli kröfur í forskriftunum skal taka mið af ISO 4259.

([2]) Jafngildar EN/ISO-aðferðir verða samþykktar þegar þær verða gefnar út fyrir eiginleika sem taldir eru upp hér að framan.

([3]) Við útreikning á lokaniðurstöðu í samræmi við EN 228:2008 skal draga leiðréttingarstuðulinn 0,2 frá fyrir hreyfilsoktantölu (MON) og prófunaroktantölu (RON).

([4]) Eldsneytið má innihalda oxunartálma og málmbinda sem venjulega eru notaðir til að jafna bensínstreymi í olíuvinnslustöðvum, en hreinsandi/tvístrandi aukefnum og leysiefnaolíum skal ekki bætt við.

([5]) Etanól sem er í samræmi við EN 15376 er eina súrefnissambandið sem skal bæta af ásettu ráði í viðmiðunareldsneytið.

([6]) Gefa skal upp rauninnihald brennisteins í eldsneytinu sem notað er við prófun 1.

([7]) Ekki skal af ásettu ráði bæta neinum efnasamböndum sem innihalda fosfór, járn, mangan eða blý í þetta viðmiðunareldsneyti.

Tegund: Etanól (E85)

Mæliþáttur	Eining	Mörk ([1])		Prófunaraðferð
		Lágmark	Hámark	
Prófunaroktantala, RON		95.0	—	EN-ISO 5164
Hreyfilsoktantala, MON		85.0	—	EN-ISO 5163
Eðlismassi við 15 °C	kg/m^3	skal tilgreina		ISO 3675
Gufuþrýstingur	kPa	40.0	60.0	EN-ISO 13016-1 (DVPE)
Brennisteinsinnihald ([2])	mg/kg	—	10	EN 15485 eða EN 15486
Stöðugleiki gegn oxun	Mínútur	360		EN-ISO 7536
Innihald útfellinga (þvegið með leysiefnum)	mg/100 ml	—	5	EN-ISO 6246
Útlit Þetta skal ákvarða við umhverfishita eða 15 °C eftir því hvort er hærra.		Tært og bjart, sýnilega laust við svífandi eða botnfallin mengunarefni		Sjónræn skoðun.
Etanól og lengri alkóhól ([3])	% rúmm.	83	85	EN 1601 EN 13132 EN 14517 E DIN 51627-3
Lengri alkóhól (C_3-C_8)	% rúmm.	—	2.0	E DIN 51627-3

Mæliþáttur	Eining	Mörk ([1])		Prófunaraðferð
		Lágmark	Hámark	
Metanól	% rúmm.		1.00	E DIN 51627-3
Bensín ([4])	% rúmm.	Afgangur		EN 228
Fosfór	mg/l	0,20 ([5])		EN 15487
Vatnsinnihald	% rúmm.		0300	EN 15489 eða EN 15692
Magn ólífrænna klóríða	mg/l		1	EN 15492
pHe		6.5	9.0	EN 15490
Tæring koparræmu (3 klst. við 50 °C)	Málgildi	Flokkur 1		EN ISO 2160
Sýrustig, (sem ediksýra CH_3COOH)	% m/m (mg/l)	—	0.0050 40)	EN 15491
Rafleiðni	µS/cm	1.5		DIN 51627-4 eða prEN 15938
Kolefnis-/vetnishlutfall		skal tilgreina		
Kolefnis-/súrefnishlutfall		skal tilgreina		

([1]) Gildin, sem eru tilgreind í tækniforskriftunum, eru „raungildi“. Við ákvörðun viðmiðunarmarkanna er höfð hliðsjón af ISO 4259 „Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli og við ákvörðun hámarksgildis og lágmarksgildis er lágmarksmunurinn 4R (R = samanburðarnákvæmni). Þrátt fyrir þessa ráðstöfun, sem er nauðsynleg af tæknilegum ástæðum, skal framleiðandi eldsneytis engu að síður stefna að núllgildi ef tilskilið hámarksgildi er 2R og að meðalgildi þegar tilgreint er bæði hámark og lágmark. Komi upp spurning um hvort eldsneyti uppfylli kröfur í forskriftunum skal taka mið af ISO 4259.
([2]) Gefa ber upp rauninnihald brennisteins í eldsneytinu sem nota skal við losunarprófunina.
([3]) Ekki skal af ásettu ráði bæta neinum efnasamböndum sem innihalda fosfór, járn, mangan eða blý í þetta viðmiðunareldsneyti.
([4]) Etanól sem er í samræmi við EN 15376 er eina súrefnissambandið sem skal af ásettu ráði bæta í viðmiðunareldsneytið.
([5]) Magn blýlauss bensíns er ákvarðað sem 100 að frádregnum samanlögðum hundraðshlutum vatns, alkóhóls, metýl-tert-bútýl-etra (MTBE) og etýl-tert-bútýl-etra (ETBE).

Tegund: Fljótandi jarðolíugas (LPG)

Mæliþáttur	Eining	Eldsneyti A	Eldsneyti B	Prófunaraðferð
Samsetning:				EN 27941
C_3-innihald	% rúmm.	30 ± 2	85 ± 2	
C_4-innihald	% rúmm.	Afgangur ([1])	Afgangur ([1])	
$< C_3, > C_4$	% rúmm.	Hámark 2	Hámark 2	
Ólefín	% rúmm.	Hámark 12	Hámark 15	
Uppgufunarleifar	mg/kg	Hámark 50	Hámark 50	EN 15470
Vatn við 0 °C		ekkert vatn	ekkert vatn	EN 15469

Mæliþáttur	Eining	Eldsneyti A	Eldsneyti B	Prófunaraðferð
Heildarinnihald brennisteins að lyktarefni meðtöldu	mg/kg	Hámark 10	Hámark 10	EN 24260, ASTM D 3246 ASTM 6667
Brennisteinsvetni		Ekkert	Ekkert	EN-ISO 8819
Tæring koparræmu (1 klst. við 40 °C)	Málgildi	Flokkur 1	Flokkur 1	ISO 6251 (2)
Lykt		Einkennandi	Einkennandi	
Hreyfilsoktantala (3)		Lágmark 89,0	Lágmark 89,0	EN 589 viðauki B

(1) Afgangurinn er eftirfarandi: afgangur = 100 - C3 - < C3 - > C4.
(2) Ef sýnið inniheldur tæringartálma eða önnur íðefni sem draga úr ætandi áhrifum sýnisins á koparræmuna er óvíst að þessi aðferð segi rétt til um hvort ætandi efni séu til staðar. Af þeim sökum er bannað að bæta slíkum efnasamböndum við í þeim eina tilgangi að hafa áhrif á prófunarniðurstöður.
(3) Ef framleiðandinn óskar eftir því væri hægt að nota hærra hreyfilsoktantölu við framkvæmd gerðarviðurkenningarprófana.

Tegund: Jarðgas/lífmetan

Eiginleikar	Einingar	Grunngildi	Mörk		Prófunaraðferð
			lágmark	hámark	
Viðmiðunareldsneyti G_R					
Samsetning					
Metan		87	84	89	
Etan		13	11	15	
Afgangur (1)	% mólhlutfall	—	—	1	ISO 6974
Brennisteinsinnihald	mg/m³ (2)	—		10	ISO 6326-5

(1) Hvarftregar lofttegundir + C2+
(2) Gildi ákvarðað við staðalaðstæður 293,2 K (20 °C) og 101,3 kPa.

Viðmiðunareldsneyti G_{23}

Samsetning					
Metan		92.5	91.5	93.5	
Afgangur (1)	% mólhlutfall	—	—	1	ISO 6974
N_2	% mólhlutfall	7.5	6.5	8.5	
Brennisteinsinnihald	mg/m³ (2)	—	—	10	ISO 6326-5

(1) Hvarftregar lofttegundir (aðrar en N2) + C2 + C2+
(2) Gildi ákvarðað við 293,2 K (20 °C) og 101,3 kPa.

Viðmiðunareldsneyti G_{25}

Samsetning					
Metan	% mólhlutfall	86	84	88	
Afgangur (1)	% mólhlutfall	—	—	1	ISO 6974
N_2	% mólhlutfall	14	12	16	
Brennisteinsinnihald	mg/m^3 (2)	—	—	10	ISO 6326-5

(1) Hvarftregar lofttegundir (aðrar en N2) + C2 + C2+
(2) Gildi ákvarðað við 293,2 K (20 °C) og 101,3 kPa.

X. VIÐAUKI

INNBYGGÐ GREININGARKERFI

1. INNGANGUR

1.1. Í þessum viðauka eru settir fram starfrænir þættir innbyggðra greiningarkerfa (OBD) fyrir mengunarvarnir í hreyfilkerfum sem falla undir þessa reglugerð.

2. ALMENNAR KRÖFUR

2.1. Almennu kröfurnar, þ.m.t. sértækar kröfur varðandi öryggi rafeindakerfa, skulu vera þær sem kveðið er á um í 4. lið viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 og þær sem lýst er í lið 2 í þessum viðauka.

2.2. Skilja ber tilvísunina í akstурslotu í viðauka 9C við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 sem tilvísun í akstурslotu eins og hún er skilgreind í 36. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar.

2.3. **Viðbótarákvæði varðandi vöktunarkröfur**

2.3.1. Auk vöktunarkrafnanna sem settar eru fram í 3. viðbæti við viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 gilda vöktunarkröfurnar sem settar eru fram í 1. viðbæti við þennan viðauka.

2.3.1.1. Reglur um flokkun bilana skulu vera þær sem settar eru fram í viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49. Ekki skal flokka bilanir, sem greindar eru af viðbótarvökturum sem krafist er skv. 1. viðbæti, sem bilanir í flokki C ([9]).

2.3.2. Í tilvikum þar sem innsprautun hvarfefna er stýrt af lokuðu hringrásarkerfi gilda vöktunarkröfurnar, sem tilgreindar eru í 1. lið 3. viðbætis við viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

2.3.2.1. Ekki skal flokka bilanir, sem greindar eru samkvæmt ákvæðum liðar 2.3.2., sem bilanir í flokki C.

2.3.3. Skilja ber vöktunarkröfurnar varðandi eftirmeðferðartæki fyrir agnir, sem tilgreindar eru í c-lið liðar 2 í 3. viðbæti við viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49, með þeim hætti sem kveðið er á um í liðum 2.3.3.1, 2.3.3.2 og 2.3.3.3, sem skulu koma þeim til viðbótar.

2.3.3.1 Virkni eftirmeðferðartækisins fyrir agnir, þ.m.t. síunarferli og ferli stöðugrar endurnýjunar, skal vöktuð með tilliti til viðmiðunargilda innbyggðra greiningarkerfa sem tilgreind eru í töflu 1.

2.3.3.2. Reglubundin endurnýjun skal vöktuð með tilliti til getu tækisins til að virka eins og hönnun þess gerir ráð fyrir (t.d. getu þess til að framkvæma endurnýjun innan þess tímabils sem framleiðandi tilgreinir, til að framkvæma endurnýjun þegar þess er krafist, o.s.frv.). Þetta skal vera einn þáttur í vöktun tækisins á íhlutum.

2.3.3.3. Fyrir dagsetningarnar sem tilgreindar eru í 8. mgr. 4. gr. og þegar um er að ræða dísilagnasíu sem notar veggstreymi, getur framleiðandi valið að beita kröfunum varðandi vöktun á frammistöðu, sem settar eru fram í 3. viðbæti við þennan viðauka, í stað krafna liðar 2.3.3.1, ef hann getur sýnt fram á með tæknigögnum að jákvæð fylgni sé á milli minnkunar síunarskilvirkni og minnkunar þrýstingsfalls (delta-þrýstingur) í veggsíunni við notkunarskilyrði hreyfilsins sem tilgreind eru í prófuninni sem lýst er í 3. viðbæti við þennan viðauka.

2.3.3.4. Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram endurskoðun á kröfunum um vöktun sem settar eru fram í lið 2.3.3.1 eigi síðar en 31. desember 2012. Ef sýnt er fram á að ómögulegt sé að uppfylla viðkomandi kröfur fyrir dagsetningarnar sem um getur í lið 2.3.3.3 af tæknilegum ástæðum, þá skal framkvæmdastjórnin leggja til viðeigandi breytingar á þeim dagsetningum.

2.4. **Annars konar viðurkenning**

2.4.1. Ef framleiðandi óskar eftir því skal litið svo á, í tilviki ökutækja í flokki M_1, M_2, N_1 og N_2 sem eru með leyfilegan hámarksmassa sem er ekki meiri en 7,5 tonn og ökutækja í flokki M_3, undirflokki I, II, A og B, sbr. skilgreiningu í I. viðauka við tilskipun 2001/85/EB, sem eru með leyfilegan hámarksmassa sem er ekki meiri en 7,5 tonn, að samræmi við kröfur XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008, samkvæmt Euro 6 staðlinum fyrir innbyggð greiningarkerfi eins og hann er skilgreindur í 6. viðbæti við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008, jafngildi því að kröfur þessa viðauka hafi verið uppfylltar.

([9]) Reglurnar um flokkun bilana eru tilgreindar í viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

Ef slík annars konar viðurkenning er notuð skulu upplýsingarnar í lið 3.2.12.2.7 í 3. viðbæti við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 koma í stað upplýsinganna varðandi innbyggð greiningarkerfi í liðum 3.2.12.2.7.1 til 3.2.12.2.7.4 í 2. hluta 4. viðbætis við I. viðauka

Valkvæð beiting ákvæða þessa viðauka og ákvæða XVI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 skal ekki heimiluð nema að því marki sem sérstaklega er sett fram í lið 2.4.1.

2.4.2. *Lítil framleiðsluröð*

Sem valkost við kröfurnar sem settar eru fram í 4. lið viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 geta framleiðendur hreyfla, með minni ársframleiðslu en 500 hreyfla á heimsvísu af gerð hreyfils sem fellur undir þessa reglugerð, hlotið EB-gerðarviðurkenningu á grundvelli annarra krafna þessarar reglugerðar, ef mengunarvarnaríhlutir hreyfilkerfisins eru a.m.k. vaktaðir með tilliti til virkni straumrása, og þess hvort frálagsmerki skynjara séu rökræn og trúverðug, og að eftirmeðferðarkerfið sé a.m.k. vaktað með tilliti til allsherjarbilunar. Framleiðendur hreyfla, sem á heimsvísu framleiða innan við 50 hreyfla á ári af gerðum sem falla undir þessa reglugerð, geta hlotið EB-gerðarviðurkenningu á grundvelli annarra krafna þessarar reglugerðar ef mengunarvarnaríhlutir hreyfilkerfisins eru a.m.k. vaktaðir með tilliti til virkni straumrása, og með tilliti til þess hvort frálagsmerki skynjara séu rökræn og trúverðug (íhlutavöktun).

2.4.3. Framleiðanda skal ekki vera heimilt að nýta sér þessi annars konar ákvæði sem eru tilgreind í lið 2.4.1 vegna fleiri en 500 hreyfla á ári.

2.4.4. Gerðarviðurkenningaryfirvöld skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um kringumstæður hverrar gerðarviðurkenningar sem er veitt samkvæmt liðum 2.4.1 og 2.4.2.

2.5. **Samræmi framleiðslu**

Innbyggð greiningarkerfi skulu uppfylla kröfur um samræmi framleiðslu sem tilgreindar eru í tilskipun 2007/46/EB.

Ef viðurkenningaryfirvöld ákveða að þörf sé á sannprófun á samræmi framleiðslu innbyggðra greiningarkerfa skal sannprófunin fara fram í samræmi við kröfurnar sem tilgreindar eru í I. viðauka við þessa reglugerð.

3. KRÖFUR UM FRAMMISTÖÐU

3.1. Kröfurnar um frammistöðu skulu vera þær sem settar eru fram í 5. lið viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

3.2. **Viðmiðunargildi innbyggðra greiningarkerfa**

3.2.1. Viðmiðunargildi innbyggðra greiningarkerfa sem gilda um innbyggð greiningarkerfi eru þau sem tilgreind eru í röðunum „almennar kröfur“ í töflu 1 fyrir þjöppukveikjuhreyfla og í töflu 2 fyrir gasknúna hreyfla og rafkveikjuhreyfla sem komið er fyrir í ökutækjum í flokki M_3, í flokki N_2 með leyfilegan hámarksmassa sem er meiri en 7,5 tonn, og í ökutækjum í flokki N_3.

3.2.2. Þar til tímabili innleiðingar í áföngum sem sett er fram í 7. mgr. 4. gr. er lokið skulu viðmiðunargildi innbyggðra greiningarkerfa, sem tilgreind eru í röðunum „tímabil innleiðingar í áföngum“ í töflu 1 fyrir þjöppukveikjuhreyfla og í töflu 2 fyrir gasknúna hreyfla og rafkveikjuhreyfla sem komið er fyrir í ökutækjum í flokki M_3, í flokki N_2 með leyfilegan hámarksmassa sem er meiri en 7,5 tonn, og í ökutækjum í flokki N_3 , gilda.

Tafla 1

Viðmiðunargildi innbyggðra greiningarkerfa (þjöppukveikjuhreyflar)

	Mörk í mg/kWh	
	NO_x	Massi efnisagna
Tímabil innleiðingar í áföngum	1500	25
Almennar kröfur	1200	25

Tafla 2

Viðmiðunargildi innbyggðra greiningarkerfa (allir gasknúnir hreyflar og rafkveikjuhreyflar sem komið er fyrir í ökutækjum í flokki M_3, í flokki N_2 með leyfilegan hámarksmassa sem er meiri en 7,5 tonn, og í ökutækjum í flokki N_3)

	Mörk í mg/kWh	
	NO_x	CO ([1])
Tímabil innleiðingar í áföngum	1500	
Almennar kröfur	1200	

([1]) Viðmiðunargildi innbyggðra greiningarkerfa fyrir kolsýring skulu sett síðar.

4. SÝNIKRÖFUR

4.1. Sýnikröfurnar skulu vera þær sem settar eru fram í 6. lið viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 og þær sem lýst er í 4. lið þessa viðauka.

4.2. Til viðbótar ákvæðum liðar 4.1 getur framleiðandi sýnt fram á vöktun á frammistöðu á grundvelli krafnanna sem settar eru fram í 2 viðbæti.

Viðurkenningaryfirvöld geta samþykkt að framleiðandi noti aðra aðferð við vöktun á frammistöðu en þá sem um getur í 2. viðbæti. Framleiðandinn skal sýna fram á með traustri tæknilegri röksemdafærslu sem byggir á hönnunareiginleikum, með kynningu á prófniðurstöðum, með tilvísun í fyrri viðurkenningar, eða með einhverri annarri viðurkenndri aðferð að hin valda vöktunaraðferð sé a.m.k. jafn traust, skjótvirk og skilvirk og aðferðirnar sem um getur í 2. viðbæti.

5. KRÖFUR UM UPPLÝSINGAR

5.1. Kröfur um upplýsingar skulu vera þær sem settar eru fram í 8. lið viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

6. KRÖFUR UM FRAMMISTÖÐU VIÐ NOTKUN

Kröfur þessa liðar gilda um vaktara innbyggðra greiningarkerfa í samræmi við ákvæði viðauka 9C við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

6.1. **Tæknilegar kröfur**

6.1.1. Tæknilegu kröfurnar varðandi mat á frammistöðu innbyggðra greiningarkerfa við notkun, þ.m.t. kröfur varðandi samskiptareglur, teljara, nefnara og stighækkanir þeirra, skulu vera þær sem settar eru fram í viðauka 9C við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

6.1.2. Sér í lagi skal reikna hlutfall frammistöðu við notkun ($IUPR_m$) tiltekins vaktara m innbyggðs greiningarkerfis á grundvelli eftirfarandi jöfnu:

$$IUPR_m = teljari_m / nefnari_m$$

þar sem:

„$Teljari_m$“: teljari tiltekins vaktara m sem gefur til kynna hversu oft ökutækið hefur verið notað með þeim hætti að öll vöktunarskilyrði, sem eru nauðsynleg til þess að þessi tiltekni vaktari greini bilun, séu fyrir hendi, og

„$Nefnari_m$“: nefnari tiltekins vaktara m sem gefur til kynna fjölda aksturslota ökutækis sem eiga við um þennan tiltekna vaktara (eða, „þar sem atvik eiga sér stað sem eiga við um þennan tiltekna vaktara“).

6.1.3. Hlutfall frammistöðu við notkun ($IUPR_g$) hóps vaktara í ökutæki er reiknað á grundvelli eftirfarandi jöfnu:

$$IUPR_g = teljari_g / nefnari_g$$

þar sem:

„$Teljari_g$“: teljari hóps vaktara g og er raungildi ($teljari_m$) tiltekins vaktara m sem hefur lægsta hlutfall frammistöðu við notkun, eins og skilgreint er í lið 6.1.2, af öllum vökturum innan þess hóps vaktara g í tilteknu ökutæki, og

„$Nefnari_g$“: nefnari hóps vaktara g og er raungildi ($nefnari_m$) tiltekins vaktara m sem hefur lægsta hlutfall frammistöðu við notkun, eins og skilgreint er í lið 6.1.2, af öllum vökturum innan þess hóps vaktara g í tilteknu ökutæki.

6.2. **Lágmarkshlutfall frammistöðu við notkun**

6.2.1. Hlutfall frammistöðu við notkun $IUPR_m$ vaktara m innbyggðs greiningarkerfis, eins og skilgreint er í 5. lið viðauka 9C við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49, skal vera hærra en eða jafnt og lágmarkshlutfall frammistöðu við notkun $IUPR_m$(min) sem gildir um viðkomandi vaktara m allan nýtingartíma hreyfilsins eins og tilgreint er í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009.

6.2.2. Gildi lágmarkshlutfalls frammistöðu við notkun IUPR(min) er 0,1 fyrir alla vaktara.

6.2.3. Kröfur liðar 6.2.1 teljast uppfylltar ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt fyrir alla hópa vaktara g:

6.2.3.1. Meðaltal $\overline{IUPR_g}$ $IUPR_g$ gilda allra ökutækja, sem búin eru hreyflum sem tilheyra hópi hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi sem til athugunar er, er jafnt eða hærra en IUPR(min), og

6.2.3.2. yfir 50 % allra hreyfla sem um getur í lið 6.2.3.1 hafa $IUPR_g$ sem er jafnt eða hærra en IUPR(min).

6.3. **Kröfur um upplýsingar**

6.3.1. Gögn sem tengjast hverjum vöktuðum íhlut eða kerfi og krafist er skv. 8. lið viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49, skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar varðandi frammistöðu við notkun:

a) viðmiðanirnar sem notaðar eru við stighækkun teljara og nefnara,

b) viðmiðunin sem notuð er til að gera stighækkun teljara eða nefnara ógilda.

6.3.1.1. Öllum viðmiðunum, sem notaðar eru til að gera stighækkun almenna nefnarans ógilda, skal bætt við gögnin sem vísað er til í lið 6.3.1.

6.4. **Yfirlýsing um að frammistaða innbyggða greiningarkerfisins við notkun standist kröfur**

6.4.1. Í umsókn um gerðarviðurkenningu skal framleiðandi lýsa því yfir að frammistaða innbyggða greiningarkerfisins við notkun standist kröfur í samræmi við fyrirmyndina sem er að finna í 6. viðbæti. Auk slíkrar yfirlýsingar skal sannreyna að kröfur liðar 6.1 séu uppfylltar samkvæmt reglum um viðbótarmat sem tilgreindar eru í lið 6.5.

6.4.2. Yfirlýsing af því tagi sem um getur í lið 6.4.1 skal fylgja gögnunum varðandi hóp hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi sem krafist er samkvæmt liðum 5 og 6.3 í þessum viðauka.

6.4.3. Framleiðandi skal halda skrár sem innihalda öll prófunargögn, verkfræði- og framleiðslugreiningar og aðrar upplýsingar sem liggja til grundvallar yfirlýsingunni um að frammistaða innbyggða greiningarkerfisins við notkun standist kröfur. Framleiðandinn skal veita viðurkenningaryfirvaldi aðgang að slíkum upplýsingum ef þess er óskað.

6.4.4. Á meðan tímabili innleiðingar í áföngum stendur skv. 7. mgr. 4. gr. skal framleiðandi undanþeginn kröfu um að leggja fram yfirlýsingu af því tagi sem kveðið er á um í lið 6.4.1.

6.5. **Mat á frammistöðu við notkun**

6.5.1. Sýna skal fram á frammistöðu innbyggðs greiningarkerfis við notkun og samræmi þess við kröfur liðar 6.2.3 þessa viðauka með aðferðinni sem lýst er í 4. viðbæti við þennan viðauka í það minnsta.

6.5.2. Landsbundnum yfirvöldum og fulltrúum þeirra er heimilt að gera frekari prófanir til að staðfesta að kröfur liðar 6.2.3 þessa viðauka séu uppfylltar.

6.5.2.1. Til að sýna fram á að kröfur liðar 6.2.3 í þessum viðauka séu ekki uppfylltar, á grundvelli ákvæða liðar 6.5.2 í þessum viðauka, verða yfirvöld að sýna fram á að a.m.k. ein af kröfum liðar 6.2.3 í þessum viðauka sé ekki uppfyllt með 95 %, tölfræðilegu öryggisstigi á grundvelli úrtaks sem telur a.m.k. 30 ökutæki.

6.5.2.2. Framleiðandinn skal fá tækifæri til að sýna fram á að þær kröfur liðar 6.2.3 þessa viðauka, sem sýnt var fram á að væru ekki uppfylltar samkvæmt lið 6.5.2.1 þessa viðauka, séu uppfylltar með því að notast við prófun sem byggir á úrtaki sem telur a.m.k. 30 ökutæki og er með hærra tölfræðilegt öryggisstig en prófunin sem um getur í lið 6.5.2.1.

6.5.2.3. Í tengslum við prófanir samkvæmt liðum 6.5.2.1 og 6.5.2.2 verða bæði yfirvöld og framleiðendur að láta hinum aðilanum í té viðeigandi upplýsingar, svo sem upplýsingar er varða val ökutækja.

6.5.3. Ef sýnt hefur verið fram á að kröfur liðar 6.2.3 þessa viðauka séu ekki uppfylltar í samræmi við lið 6.5.1 eða 6.5.2 þessa viðauka, skulu ráðstafanir til úrbóta gerðar í samræmi við 13. gr.

6.5.4. Skilja ber tilvísun í aksturslotu í viðauka 9C við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 sem tilvísun í aksturslotu eins og hún er skilgreind í 36. lið 2. gr. þessarar reglugerðar.

6.5.5. Á meðan á tímabili innleiðingar í áföngum stendur skv. 7. mgr. 4. gr. skal mat á frammistöðu innbyggðra greiningarkerfa við notkun fara fram í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í 5. viðbæti.

6.5.5.1. Á meðan á tímabili innleiðingar í áföngum stendur skv. 7. mgr. 4. gr. þurfa innbyggð greiningarkerfi ekki að uppfylla kröfur liðar 6.2.3 í þessum viðauka.

———

1. viðbætir

Viðbótarkröfur um vöktun

1. LÍTIÐ FLÆÐI Í ÚTBLÁSTURSHRINGRÁS

1.1. Eftirfarandi kröfur gilda auk þeirra sem kveðið er á um í 3. viðbæti við viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr 49.

Í tilvikum þar sem losun myndi ekki fara yfir viðmiðunargildi innbyggða greiningarkerfisins, jafnvel þótt allsherjarbilun yrði í útblásturshringrásarkerfinu þannig að það getur ekki viðhaldið fyrirskipuðu flæði (t.d. vegna réttrar virkni sértæks afoxunarkerfis með hvötum sem er aftan við hreyfilinn), skal eftirfarandi eiga við:

1.1.1. Ef flæði í útblásturshringrás er stýrt með lokuðu hringrásarkerfi skal innbyggða greiningarkerfið skynja bilun ef útblásturshringrásarkerfið getur ekki aukið flæði í útblásturshringrásinni í það flæði sem krafist er.

1.1.2. Ef flæði í útblásturshringrás er stýrt með opnu hringrásarkerfi skal innbyggða greiningarkerfið skynja bilun ef ekkert greinanlegt flæði er í útblásturshringrásarkerfinu þegar búist er við flæði í útblásturshringrásinni.

2. ÓFULLNÆGJANDI FRAMMISTAÐA KÆLIS Í ÚTBLÁSTURSHRINGRÁS

2.1. Eftirfarandi kröfur gilda auk þeirra sem kveðið er á um í 3. viðbæti við viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr 49.

2.1.1. Í tilvikum þar sem allsherjarbilun verður í kælikerfi útblásturshringrásar þannig að það getur ekki náð þeirri kælingu sem framleiðandi tilgreinir myndi ekki leiða til þess að vöktunarkerfið skynjaði bilun (þar sem sú aukning losunar sem af því hlytist myndi ekki ná viðmiðunargildum innbyggða greiningarkerfisins fyrir nokkurt mengunarefni) skal innbyggða greiningarkerfið skynja bilun þegar engin greinanleg kæling á sér stað í útblásturshringrásarkerfinu.

3. LÍTILL FORÞJÖPPUÞRÝSTINGUR

3.1. Eftirfarandi kröfur gilda auk þeirra sem kveðið er á um í 3. viðbæti við viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr 49.

3.1.1. Í tilvikum þar sem losun myndi ekki fara yfir viðmiðunargildi innbyggða greiningarkerfisins, jafnvel þótt allsherjarbilun yrði í forþjöppukerfinu og það gæti ekki viðhaldið þeim forþjöppuþrýstingi sem krafist er og forþjöppuþrýstingi er stýrt af lokuðu hringrásarkerfi, skal innbyggða greiningarkerfið skynja bilun ef forþjöppukerfið getur ekki aukið forþjöppuþrýsting í þann þrýsting sem krafist er.

3.1.2. Í tilvikum þar sem losun myndi ekki fara yfir viðmiðunargildi innbyggða greiningarkerfisins, jafnvel þótt allsherjarbilun yrði í forþjöppukerfinu og það gæti ekki viðhaldið þeim forþjöppuþrýstingi sem krafist er og forþjöppuþrýstingi er stýrt af opnu hringrásarkerfi skal innbyggða greiningarkerfið skynja bilun þegar enginn greinanlegur forþjöppuþrýstingur er í kerfinu þegar búist er við þrýstingi.

4. BILAÐIR INNSPRAUTUNARLOKAR MEÐ DÆLU

4.1. Framleiðandi skal láta viðurkenningaryfirvöldum í té greiningu á langtímaáhrifum af biluðum innsprautunarlokum með dælu (t.d. stífluðum eða óhreinum innsprautunarlokum), jafnvel þótt slíkar bilanir leiði ekki til þess að farið sé yfir viðmiðunargildi innbyggða greiningarkerfisins.

4.2. Að loknu tímabilinu sem um getur í 7. mgr. 4. gr. skal framleiðandi láta viðurkenningaryfirvöldum í té áætlun um þær vöktunaraðferðir sem hann hyggst nota, auk þeirra sem krafist er í 3. viðbæti við viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49, til þess að framkvæma greiningu á áhrifunum sem vísað er til í lið 4.1.

4.2.1. Þegar yfirvaldið hefur samþykkt þessa áætlun skal framleiðandinn taka þessar aðferðir í notkun í innbyggða greiningarkerfinu.

———

2. viðbætir

Vöktun á frammistöðu

1. ALMENNT

1.1. Í þessum viðbæti eru sett fram ákvæði um ferlið við að sýna fram á vöktun á frammistöðu sem á við í sumum tilvikum.

2. SÝNT FRAM Á VÖKTUN Á FRAMMISTÖÐU

2.1. **Samþykki á flokkun bilana**

2.1.1. Eins og tilgreint er í lið 4.2.1.1 í viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 er fylgni við raunverulega losun ekki nauðsynleg þegar um er að ræða vöktun á frammistöðu. Á hinn bóginn getur viðurkenningaryfirvald óskað eftir prófunargögnum til að sannreyna flokkun áhrifa bilana eins og lýst er í lið 6.2 þess viðauka.

2.2. **Samþykki á þeirri vöktun á frammistöðu sem framleiðandi velur**

2.2.1. Þegar ákvörðun er tekin um hvort samþykkja skuli viðmiðanirnar að því er varðar frammistöðu sem framleiðandinn velur, skal viðurkenningaryfirvald taka tillit til tæknilegra upplýsinga sem framleiðandinn hefur látið í té.

2.2.2. Viðmiðunarmörk frammistöðu sem framleiðandinn velur fyrir vaktarann sem er til athugunar skulu ákvörðuð með tilliti til stofnhreyfils hóps hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi með prófun á hæfi sem fer fram sem hér segir:

2.2.2.1. Prófun á hæfi skal fara fram með sama hætti og tilgreint er í lið 6.3.2.1 í viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

2.2.2.2. Mælt er hversu mikið frammistaða íhlutarins sem er til athugunar minnkar og sú minnkun telst síðan viðmiðunarmörk frammistöðu.

2.2.3. Viðmiðun að því er varðar frammistöðu og viðmiðunarmörk frammistöðu, sem samþykkt hafa verið fyrir stofnhreyfilinn, teljast gilda um alla aðra hreyfla í hópi hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi án þess að sýna þurfi fram á það frekar.

2.3. **Hæfi íhlutar sem hefur verið spillt**

2.3.1. Íhlutur sem hefur verið spillt og er hæfur fyrir stofnhreyfil hóps hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi, telst hæfur til að sýna fram á frammistöðu innbyggðs greiningarkerfis í öllum hreyflum þess hóps.

2.4. **Sýnt fram á frammistöðu innbyggðs greiningarkerfis**

2.4.1. Sýna skal fram á frammistöðu innbyggðs greiningarkerfis samkvæmt kröfum liðar 7.1.2 í viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 með því að nota hæfan íhlut sem spillist sem er hæfur til notkunar í stofnhreyflinum.

———

3. viðbætir

Sýnikröfur að því er varðar vöktun á frammistöðu dísilagnasíu sem notar veggstreymi

1. ALMENNT

1.1. Í þessum viðbæti er lýst ferlinu við að sýna fram á frammistöðu innbyggðs greiningarkerfis sem gildir þegar verið er að vakta frammistöðu dísilagnasíu sem notar veggstreymi.

1.1.1. Dísilagnasíu sem notar veggstreymi og sem hefur verið spillt má t.d. útbúa með því að bora holur í undirstöðuefni dísilgagnasíunnar eða með því að slípa endamúffur undirstöðuefnis dísilagnasíunnar.

2. HÆFISPRÓFUN

2.1. **Meginregla**

2.1.1. Dísilagnasía sem notar veggstreymi og hefur verið spillt telst vera hæfur íhlutur sem spillist, ef þrýstingsfallið (delta-þrýstingur) við notkunarskilyrði hreyfilsins sem tilgreind eru fyrir þá prófun, í dísilagnasíunni sem notar veggstreymi, er a.m.k. 60 % af þrýstingsfallinu sem mælt er í hreinni dísilagnasíu sem notar veggstreymi og er sömu gerðar og hefur ekki verið spillt.

2.1.1.1. Framleiðandinn skal sýna fram á að slík hrein dísilagnasía sem notar veggstreymi og hefur ekki verið spillt leiði til sama bakþrýstings og dísilagnasían sem notar veggstreymi gerði áður en henni var spillt.

2.1.2. Ef framleiðandinn óskar eftir því getur viðurkenningaryfirvald samþykkt, á grundvelli undanþágu, að viðmiðunarmörkin fyrir þrýstingsfallið skuli vera 50 % í stað 60 %. Til að sækja um slíka undanþágu skal framleiðandinn rökstyðja beiðni sína með traustum tæknilegum rökum, t.d. útbreiðslu nýrra sía með betri gæðum.

2.1.2.1. Þegar undanþága er veitt skulu viðurkenningaryfirvöld tilkynna framleiðandanum, framkvæmdastjórninni og öllum aðildarríkjum um ákvörðun sína.

2.2. **Hæfismat**

2.2.1. Þegar hæfi dísilagnasíu sem notar veggstreymi sem hefur verið spillt er metið skal hreyfillinn, sem búinn er viðkomandi dísilagnasíu sem notar veggstreymi, hafður í gangi við stöðguð stöðug skilyrði með þeim snúningshraða og álagsgildum sem tilgreind eru fyrir ham 9 í WHSC-prófunarlotunni samkvæmt viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 (55 % af stöðluðum snúningshraða og 50 % af stöðluðu snúningsvægi).

2.2.2. Til þess að dísilagnasía sem notar veggstreymi geti talist vera „hæfur íhlutur sem hefur verið spillt“ þarf framleiðandinn að sýna fram á að þrýstingsfallið í viðkomandi dísilagnasíu sem notar veggstreymi, eins og það er mælt þegar hreyfilkerfið er haft í gangi við skilyrðin sem tilgreind eru í lið 2.2.1, sé ekki lægra en hundraðshluti þrýstingsfalls í hreinni dísilagnasía sem notar veggstreymi og hefur ekki verið látin spillast við sömu skilyrði, sem kveðið er á um í liðum 2.1.1 og 2.1.2 þessa viðbætis.

2.3. **Sýnt fram á frammistöðu innbyggðs greiningarkerfis**

2.3.1. Sýna skal fram á frammistöðu innbyggða greiningarkerfisins í samræmi við kröfur liðar 7.1.2 í viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 með hæfri dísilagnasíu sem notar veggstreymi, hefur verið látin spillast og er fest á stofnhreyfilkerfið.

———

4. viðbætir

Mat á frammistöðu innbyggðs greiningarkerfis við notkun

1. ALMENNT


1.1. Í þessum viðbæti er lýst verklaginu sem ber að fylgja þegar sýnt er fram á frammistöðu innbyggðs greiningarkerfis við notkun með tilliti til ákvæðanna sem sett eru fram í 6. lið þessa viðauka.

2. VERKLAG SEM BER AÐ FYLGJA ÞEGAR SÝNT ER FRAM Á FRAMMISTÖÐU INNBYGGÐS GREININGARKERFIS VIÐ NOTKUN

2.1. Framleiðandinn skal sýna viðurkenningaryfirvaldi, sem veitti ökutækjunum eða hreyflunum sem um ræðir viðurkenningu, fram á frammistöðu innbyggða greiningarkerfisins við notkun. Þegar verið er að sýna fram á þetta skal tekið mið af frammistöðu allra hópa hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi við notkun sem tilheyra hreyflahópnum sem er til athugunar er (mynd 1).

Mynd 1

Tveir hópar hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi innan eins hreyflahóps




2.1.1. Framleiðandi í nánu samstarfi við viðurkenningaryfirvald skal hafa með höndum skipulagningu og framkvæmd á því þegar sýnt er fram á frammistöðu innbyggðs greiningarkerfis við notkun.

2.1.2. Þegar sýnt er fram á samræmi getur framleiðandi notað viðeigandi þætti sem voru notaðir til að sýna fram á samræmi hóps hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi sem tilheyrir öðrum hreyflahópi, enda séu ekki liðin meira en tvö ár síðan sýnt var fram á það (mynd 2).

2.1.2.1. Framleiðanda er hins vegar ekki heimilt að nota þá þætti við að sýna fram á samræmi þriðja eða síðari hreyflahóps, nema það eigi sér stað innan tveggja ára frá því að viðkomandi þættir voru fyrst notaðir til að sýna fram á samræmi.

Mynd 2

Samræmi hóps hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi sem áður hefur verið sýnt fram á



2.2. Sýna skal fram á frammistöðu innbyggðra greiningarkerfa við notkun á sama tíma og jafn oft og sýnt er fram á samræmi við notkun skv. II. viðauka.

2.3. Framleiðandi skal veita viðurkenningaryfirvaldi upplýsingar um upphaflega áætlun og úrtaksáætlun fyrir prófun á samræmi þegar nýr hópur hreyfla er gerðarviðurkenndur í fyrsta skipti.

2.4. Litið skal svo á að gerðir ökutækja sem ekki eru búin samskiptaskilfleti sem gerir kleift að safna nauðsynlegum gögnum um frammistöðu við notkun eins og tilgreint er í viðauka 9C við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49, sem vantar gögn um, eða þar sem gagnasamskiptareglur eru ekki í samræmi við staðla, séu ekki í samræmi við kröfur.

2.4.1. Einstök ökutæki sem eru með vélræna eða rafræna galla sem koma í veg fyrir söfnun nauðsynlegra gagna um frammistöðu við notkun eins og mælt er fyrir um í viðauka 9C við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 skulu undanþegin könnun á samræmisprófun og ekki skal litið svo á að viðkomandi ökutækjagerð samrýmist ekki tilskildum kröfum nema ekki sé hægt að finna nægilega mörg ökutæki, sem uppfylla úrtakskröfurnar, til að hægt sé að framkvæma könnunina með réttum hætti.

2.5. Litið skal svo á að hreyfla- eða ökutækjagerðir, þar sem söfnun gagna um frammistöðu við notkun hefur áhrif á frammistöðu vöktunar innbyggða greiningarkerfisins, séu ekki í samræmi við kröfur.

3. GÖGN UM FRAMMISTÖÐU INNBYGGÐS GREININGARKERFIS VIÐ NOTKUN

3.1. Gögn um frammistöðu innbyggðs greiningarkerfis við notkun, sem liggja til grundvallar mati á samræmi hóps hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi, skulu vera þau sem skráð eru af innbyggða greiningarkerfinu í samræmi við 6. lið í viðauka 9C við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 og gerð eru aðgengileg skv. 7. lið þess viðauka.

4. VAL HREYFILS EÐA ÖKUTÆKIS

4.1. **Val hreyfils**

4.1.1. Ef hópur hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi er notaður í nokkrum hópum hreyfla (mynd 2) skal framleiðandinn velja hreyfla úr sérhverjum þessara hreyflahópa til að sýna fram á frammistöðu viðkomandi hóps hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi við notkun.

4.1.2. Nota má hvaða hreyfil sem er úr tilteknum hópi hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi í sama skipti og sýnt er fram á frammistöðu, jafnvel þótt vöktunarkerfin sem þeir eru búnir séu af mismunandi kynslóðum eða hafi verið breytt með mismunandi hætti.

4.2. **Val ökutækis**

4.2.1. *Notkunarsvið ökutækja*

4.2.1.1. Við flokkun ökutækja sem sýna þarf fram á frammistöðu fyrir skal taka mið af sex notkunarsviðum ökutækja:

a) að því er varðar ökutæki í flokki N: ökutæki til flutninga á lengri leiðum, ökutæki notuð í dreifingarstarfsemi og önnur ökutæki s.s. ökutæki notuð í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð,

b) að því er varðar ökutæki í flokki M: hópferðabifreiðar, langferðabifreiðar, borgarstrætisvagnar, og önnur ökutæki á borð við ökutæki í flokki M_1.

4.2.1.2. Ef mögulegt er skal velja ökutæki af hverju notkunarsviði til athugunar.

4.2.1.3. Það skulu vera a.m.k. 15 ökutæki fyrir hvert notkunarsvið.

4.2.1.4. Í tilvikum þar sem hópur hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi er notaður í nokkrum hreyflahópum (mynd 2) skal fjöldi hreyfla úr sérhverjum þessara hreyflahópa innan notkunarsviðs samvara, eftir því sem framast er unnt, hlutdeild þeirra í ökutækjum sem hafa verið seld og eru í notkun innan þess ökutækjasviðs.

4.2.2. *Hæfi ökutækja*

4.2.2.1. Hreyflunum sem voru valdir skal komið fyrir í ökutækjum sem eru skráð og notuð í aðildarríki.

4.2.2.2. Viðhaldsskýrsla skal liggja fyrir vegna hvers ökutækis sem valið er, sem sýnir að ökutækinu hafi verið rétt við haldið og fært til þjónustuskoðunar í samræmi við tilmæli framleiðandans.

4.2.2.3. Athuga skal hvort innbyggða greiningarkerfið starfi rétt. Allar vísbendingar um bilanir sem varða innbyggða greiningarkerfið sjálft og eru vistaðar í minni þess skal skrá og framkvæma skal allar nauðsynlegar viðgerðir.

4.2.2.4. Hreyfillinn og ökutækið skulu ekki bera nein merki misnotkunar, t.d. ofhleðslu, notkunar rangs eldsneytis eða annarrar misnotkunar, eða annarra þátta, t.d. að átt hafi verið við það sem gætu haft áhrif á frammistöðu innbyggða greiningarkerfisins. Bilanakóðar innbyggða greiningarkerfisins og upplýsingar um fjölda notkunarstunda sem vistaðar eru í tölvuminninu skulu vera á meðal þeirra vísbendinga sem tekið er mið af við ákvörðun á því hvort ökutækið hafi verið misnotað eða sé ekki hæft til þátttöku í athugun af öðrum sökum.

4.2.2.5. Allir íhlutir mengunarvarnakerfisins og innbyggða greiningarkerfisins skulu vera í samræmi við þá sem tilgreindir eru í viðeigandi gerðarviðurkenningarskjölum.

5. KANNANIR Á FRAMMISTÖÐU VIÐ NOTKUN ([10])

5.1. **Söfnun gagna um frammistöðu við notkun**

5.1.1. Framleiðandi skal sækja eftirfarandi upplýsingar úr innbyggðu greiningakerfi sérhvers ökutækis í könnuninni í samræmi við ákvæði 6. liðar:

a) verksmiðjunúmer ökutækis,

b) teljara$_g$ og nefnara$_g$ hvers hóps vaktara sem skráðir eru af kerfinu í samræmi við kröfur 6. liðar viðauka 9C við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49,

c) almenna nefnarann,

d) gildi kveikilotuteljarans,

e) heildarfjölda klukkustunda sem hreyfillinn hefur verið í gangi.

5.1.2. Niðurstöður frá þessum hópi vaktara sem til athugunar er skulu virtar að vettugi ef gildi nefnara hans hefur ekki náð a.m.k. 25.

5.2. **Mat á frammistöðu við notkun**

5.2.1. Raunverulegt hlutfall frammistöðu fyrir hvern hóp vaktara staks hreyfils (IUPR$_g$) skal reiknað út frá gildum teljara$_g$ og nefnara$_g$ sem sótt eru úr innbyggðu greiningarkerfi viðkomandi ökutækis.

5.2.2. Meta skal -frammistöðu hóps hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi við notkun í samræmi við kröfur liðar 6.5.1 fyrir hvern hóp vaktara innan hóps hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi sem til athugunar er innan notkunarsviðs ökutækis.

5.2.3. Fyrir hvert notkunarsvið ökutækja sem skilgreint er í lið 4.2.1 þessa viðbætis skal litið svo á að sýnt hafi verið fram á frammistöðu innbyggðs greiningarkerfis við notkun eins og mælt er fyrir um í lið 6.5.1 þessa viðauka þá og því aðeins að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt fyrir hvern hóp vaktara g:

a) meðaltalsgildi $\overline{IUPR_g}$ IUPR$_g$ gilda viðkomandi úrtaks er hærra en 88 % af IUPR(min), og

b) yfir 34 % allra hreyfla í viðkomandi úrtaki hafa IUPR$_g$ gildi sem er hærra eða jafnt og IUPR(min).

([10]) Þennan lið skal endurskoða að loknu tímabili innleiðingar í áföngum sem um getur í 7. mgr. 4. gr.

6. SKÝRSLA TIL VIÐURKENNINGARYFIRVALDS

Framleiðandi skal afhenda viðurkenningaryfirvaldi skýrslu um frammistöðu hóps hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi við notkun sem inniheldur eftirfarandi upplýsingar:

6.1. Skrá yfir hópa hreyfla sem tilheyra hópi hreyfla sem eru með innbyggt greiningarkerfi sem er til athugunar (mynd 1).

6.2. Eftirfarandi upplýsingar um ökutækin sem tekið er tillit til þegar þau eru sýniprófuð:

a) heildarfjöldi ökutækja sem athugaður er þegar þau eru sýniprófuð,

b) fjöldi og tegundir notkunarsviða ökutækja,

c) verksmiðjunúmer og stutt lýsing (gerð-afbrigði-útgáfa) á hverju ökutæki.

6.3. Upplýsingar um frammistöðu hvers ökutækis við notkun:

a) teljari_g, nefnari_g, og hlutfall frammistöðu við notkun (IUPR_g) fyrir hvern hóp vaktara,

b) almenni nefnarinn, gildi kveikilotuteljarans, heildarfjöldi klukkustunda sem hreyfillinn hefur verið í gangi.

6.4. Tölfræðilegar niðurstöður um frammistöðu notkunarvirkni hvers hóp vaktara við notkun:

a) meðaltalsgildi $\overline{\text{IUPR}_g}$ IUPR_g gilda úrtaksins,

b) fjöldi og hlutfall hreyfla í úrtakinu sem hafa IUPR_g sem er jafnt eða hærra en $\text{IUPR}_m(\text{min})$.

5. viðbætir

Mat á frammistöðu innbyggðs greiningarkerfis við notkun á tímabili þegar það er tekið í notkun í áföngum

1. ALMENNT

1.1. Í þessum viðbæti er ferlið tilgreint sem ber að fylgja við mat á frammistöðu innbyggðra greiningarkerfa við notkun með tilliti til ákvæðanna sem sett eru fram í 6. lið meðan á tímabili innleiðingar í áföngum skv. 7. mgr. 4. gr. stendur.

2. AÐFERÐIR VIÐ MAT Á FRAMMISTÖÐU INNBYGGÐRA GREININGARKERFA VIÐ NOTKUN

2.1. Mat á frammistöðu við notkun meðan á tímabili innleiðingar í áföngum skv. 7. mgr. 4. gr. stendur skal vera könnunaráætlun sem felur í sér a.m.k. tvær kannanir á frammistöðu við notkun sem hvor um sig skal ná yfir a.m.k. níu mánaða tímabil. Þessum tveimur könnunum skal lokið eigi síðar en 1. júlí 2015.

2.2. Fyrsta könnun hvers framleiðanda skal hefjast þegar fyrsta fullbúna ökutækið eða fullbúið ökutæki í áföngum, sem búið er hreyfli sem framleiddur var af umræddum framleiðanda og er gerðarviðurkenndur samkvæmt þessari reglugerð, er tekið í notkun.

2.3. Kannanirnar skulu skipulagðar og framkvæmdar af hverjum framleiðanda í nánu samstarfi við gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem veitti viðkomandi ökutækjum eða hreyflum gerðarviðurkenningu.

2.4. **Meðhöndlun gagna meðan á tímabili innleiðingar í áföngum skv. 7. mgr. 4. gr. stendur**

2.4.1. Til þess að ná markmiði tímabils innleiðingar í áföngum skv. 7. mgr. 4. gr. um úrbætur á mati á kröfunum sem settar eru fram í 4. viðbæti við þennan viðauka að því er varðar frammistöðu innbyggðra greiningarkerfa við notkun, skulu framleiðendur láta viðurkenningaryfirvöldum og framkvæmdastjórninni í té eftirfarandi upplýsingar:

a) IUPR gögnin sem framleiðendum ber að afhenda skv. 6. lið þessa viðbætis,

b) viðbótarupplýsingar um innbyggð greiningarkerfi sem framleiðendum ber að afhenda samkvæmt þessari reglugerð, sem annað hvort eru trúnaðarmál eða ekki,

c) viðbótargögn sem framleiðendum er frjálst að afhenda sem hjálpa til við að ná markmiði tímabils innleiðingar í áföngum, og sem kunna að vera viðkvæm í viðskiptalegu tilliti að mati viðkomandi framleiðanda.

2.4.2. Afhending upplýsinga sem teljast vera trúnaðarmál eða viðkvæmar í viðskiptalegu tilliti samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, og sem falla undir flokkinn sem um getur í b- eða c-lið í lið 2.4.1, til þriðju aðila annarra en þeirra sem um getur í liðum 2.4.1 og 2.4.3, er háð samþykki framleiðandans.

2.4.3. Eftirfarandi eru dæmi um viðbótarupplýsingar, sem falla undir flokkinn sem skilgreindur er í c-lið í lið 2.4.1, sem réttilega gætu talist viðkvæmar í viðskiptalegu tilliti:

a) upplýsingar sem myndu gera það að verkum að hægt yrði að ákvarða, eða álykta svo fullnægjandi þykir, hver framleiðandi ökutækisins, framleiðandi hreyfilsins eða stjórnandi ökutækisins er,

b) upplýsingar um mæliaðferðir sem eru í þróun.

2.5. Liður 2.4 í 4. viðbæti gildir um vandamál sem rekja má til samskiptaskilflatar sem er gallaður eða stenst ekki kröfur.

2.6. Litið skal svo á að hreyflar eða ökutæki, þar sem söfnun gagna um frammistöðu við notkun hefur áhrif á frammistöðu vöktunar innbyggða greiningarkerfisins við notkun, séu ekki í samræmi við kröfur.

3. GÖGN UM FRAMMISTÖÐU INNBYGGÐS GREININGARKERFIS VIÐ NOTKUN

3.1. Gögn um frammistöðu innbyggðs greiningarkerfis við notkun, sem liggja til grundvallar mati á samræmi hóps hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi, skulu vera þau sem skráð eru af innbyggða greiningarkerfinu í samræmi við 6. lið í viðauka 9C við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 og gerð eru aðgengileg í samræmi við kröfur 7. liðar þess viðauka.

4. VAL ÖKUTÆKIS OG HREYFILS

4.1. **Val hreyfils**

4.1.1. Einungis skal skoða einn hreyflahóp og einn hóp hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi í hvorri könnun samkvæmt lið 2.1.

4.1.2. Ef framleiðandi hefur sett fleiri en einn hreyflahóp eða hóp hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi á markað fyrir 1. júlí 2015 skulu kannanirnar tvær ná yfir mismunandi hreyflahópa eða hópa hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi.

4.1.3. Framkvæma skal eina könnunina með ökutækjum búnum hreyflum sem tilheyra hreyflahópnum sem eðlilegt er að ætla, á grundvelli upplýsinga sem framleiðandi afhendir, að seljist í mestu magni eftir 31. desember 2013.

4.1.4. Halda má áfram að nota hreyfla sem tilheyra einum hreyflahópi eða hópi hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi í sömu könnun, jafnvel þótt vöktunarkerfunum sem þeir eru búnir séu af mismunandi kynslóðum eða hafi verið breytt með mismunandi hætti.

4.2. **Val ökutækis**

4.2.1. Reglur um val ökutækja skulu vera þær sem skilgreindar eru í lið 4.2 í 4. viðbæti við þennan viðauka.

5. KANNANIR Á FRAMMISTÖÐU VIÐ NOTKUN

5.1. **Söfnun gagna um frammistöðu við notkun**

5.1.1. Reglur um söfnun gagna um frammistöðu við notkun skulu vera þær sem tilgreindar eru í lið 5.1 í 4. viðbæti.

Þrátt fyrir ákvæði liðar 5.1.2 í 4. viðbæti skulu niðurstöður þess hóps vaktara sem verið er að meta virtar að vettugi ef gildi nefnara hans hefur ekki náð a.m.k. 25, nema það myndi leiða til þess að færri en 10 ökutæki yrðu eftir í könnunarúrtakinu á 9 mánaða könnunartímabilinu.

5.2. **Mat á frammistöðu við notkun**

5.2.1. Meta skal frammistöðu við notkun fyrir hvern hóp vaktara innan hóps hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi sem til athugunar er innan notkunarsviðs ökutækis.

5.2.2. Raunverulegt hlutfall frammistöðu fyrir hvern hóp vaktara staks hreyfils ($IUPR_g$) skal reiknað út frá gildum $teljara_g$ og $nefnara_g$ sem sótt eru úr innbyggðu greiningarkerfi viðkomandi ökutækis sem það hefur verið sett í.

5.2.3. Meta skal frammistöðu hóps hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi við notkun fyrir hvern hóp vaktara innan hóps hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi sem til athugunar er innan notkunarsviðs ökutækis í samræmi við ákvæði liðar 6.5.1 þessa viðauka.

5.2.4. Ef eitthvert skilyrðanna sem um getur í lið 6.5.1 þessa viðauka er ekki uppfyllt skal það tilkynnt viðurkenningaryfirvaldi ásamt mati framleiðanda á ástæðum þess að sú staða er komin upp og, ef við á, áætlun um þá vinnu sem framleiðandinn mun ráðast í með það að markmiði að leiðrétta vandamálið í síðasta lagi fyrir öll ökutæki sem skráð eru í fyrsta sinn í Sambandinu þegar tímabili innleiðingar í áföngum er lokið.

6. SKÝRSLA TIL VIÐURKENNINGARYFIRVALDS OG FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

Fyrir hverja könnun sem framkvæmd er í samræmi við ákvæði þessa viðbætis skal framleiðandi afhenda viðurkenningaryfirvaldi og framkvæmdastjórninni skýrslu um frammistöðu hóps hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi við notkun sem inniheldur eftirfarandi upplýsingar:

6.1. Skrá yfir hreyflahópana og hópa hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi sem könnunin tekur til.

6.2. Upplýsingar um ökutækin sem könnunin tekur til, þ.m.t. eftirfarandi:

a) heildarfjölda ökutækja sem könnunin tekur til,

b) fjöldi og tegundir notkunarsviða ökutækja,

c) verksmiðjunúmer og stutt lýsing (gerð-afbrigði-útgáfa) á hverju ökutæki,

d) notkunarsviðið sem einstök ökutæki tilheyra,

e) venjulegt hlutverk eða notkunarmáta hvers ökutækis,

f) uppsöfnuð akstursvegalengd hvers ökutækis og/eða uppsafnaður fjöldi klukkustunda sem hreyflar þess hafa verið í gangi.

6.3. Upplýsingar um frammistöðu hvers ökutækis við notkun, þ.m.t. eftirfarandi upplýsingar::

a) $teljari_g$, $nefnari_g$, og hlutfall frammistöðu við notkun ($IUPR_g$) fyrir hvern hóp vaktara,

b) almenni nefnarinn, gildi kveikilotuteljarans, heildarfjöldi klukkustunda sem hreyfillinn hefur verið í gangi.

6.4. Tölfræðilegar upplýsingar um frammistöðu við notkun, þ.m.t. eftirfarandi upplýsingar:

a) meðaltalsgildi $\overline{IUPR_g}$ $IUPR_g$ gilda úrtaksins,

b) fjöldi og hlutfall hreyfla í úrtakinu sem hafa $IUPR_g$ sem er jafnt eða hærra en $IUPR_m$(min).

———

6. viðbætir

Fyrirmynd að samræmisyfirlýsingu um frammistöðu innbyggðs greiningarkerfis við notkun

„(Nafn framleiðanda) staðfestir að hreyflar sem tilheyra þessum hópi hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi hafa verið hannaðir og framleiddir þannig að þeir uppfylli allar kröfur liða 6.1 og 6.2 í X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011.

(Nafn framleiðanda) lýsir þessu yfir í góðri trú að loknu viðeigandi verkfræðilegu mati á frammistöðu innbyggðra greiningarkerfa hreyfla við notkun sem tilheyra viðkomandi hópi hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi við viðeigandi notkunar- og umhverfisskilyrði.

[dagsetning]“.

———

XI. VIÐAUKI

EB-GERÐARVIÐURKENNING FYRIR ENDURNÝJUNARMENGUNARVARNARBÚNAÐ SEM TELST AÐSKILIN TÆKNIEINING

1. INNGANGUR

1.1. Í þessum viðauka er að finna viðbótarkröfur varðandi gerðarviðurkenningu endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðar sem aðskilinnar tæknieiningar.

2. ALMENNAR KRÖFUR

2.1. **Merking**

2.1.1. Á hverjum endurnýjunarmengunarvarnarbúnaði skulu a.m.k. vera upplýsingar um eftirfarandi:

a) nafn eða vörumerki framleiðanda,

b) tegund og einkennandi hlutanúmer endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðarins eins og það er skráð í upplýsingaskjalið sem gefið er út í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í I. viðbæti.

2.1.2. Á hverjum upprunalegum endurnýjunarmengunarvarnarbúnaði skulu a.m.k. vera upplýsingar um eftirfarandi:

a) nafn eða vörumerki framleiðanda ökutækisins eða hreyfilsins,

b) tegund og einkennandi hlutanúmer upprunalega endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðarins eins og það er skráð í upplýsingunum sem um getur í lið 2.3.

2.2. **Gögn**

2.2.1. Hverjum endurnýjunarmengunarvarnarbúnaði skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

a) nafn eða vörumerki framleiðanda,

b) tegund og einkennandi hlutanúmer endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðarins eins og það er skráð í upplýsingaskjalið sem gefið er út í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í I. viðbæti,

c) ökutæki eða hreyflar (með framleiðsluári), sem endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðurinn er viðurkenndur fyrir, þ.m.t., ef við á, merking sem sýnir hvort endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðurinn hentar til ísetningar í ökutæki sem er með innbyggðu greiningarkerfi,

d) leiðbeiningar um ísetningu.

Upplýsingarnar sem um getur í þessum lið skulu vera tiltækar í vörulista sem framleiðandi endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðarins dreifir á sölustaði.

2.2.2. Hverjum upprunalegum endurnýjunarmengunarvarnarbúnaði skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

a) nafn eða vörumerki framleiðanda ökutækisins eða hreyfilsins,

b) tegund og einkennandi hlutanúmer upprunalega endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðarins eins og það er skráð í upplýsingunum sem um getur í lið 2.3,

c) ökutæki eða hreyflar sem upprunalegi endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðurinn er viðurkenndur fyrir samkvæmt lið 3.2.12.2.1 í 4. viðbæti I. viðauka, þ.m.t., ef við á, merking sem sýnir hvort upprunalegi endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðurinn hentar til ísetningar í ökutæki sem er búið innbyggðu greiningarkerfi,

d) leiðbeiningar um ísetningu.

Upplýsingarnar sem um getur í þessum lið skulu vera tiltækar í vörulista sem framleiðandi ökutækisins eða hreyfilsins dreifir á sölustaði.

2.3. Þegar um er að ræða upprunalegan endurnýjunarmengunarvarnarbúnað skal framleiðandi ökutækisins eða hreyfilsins veita viðurkenningaryfirvaldi nauðsynlegar upplýsingar á rafrænu formi sem tengja saman viðeigandi hlutanúmer og gerðarviðurkenningarskjölin.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram:

a) tegund(-ir) og gerð(-ir) ökutækis eða hreyfla,

b) tegund(-ir) og gerð(-ir) upprunalega endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðarins,

c) hlutanúmer upprunalega endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðarins,

d) gerðarviðurkenningarnúmer viðkomandi hreyfils- eða ökutækjagerðar.

3. EB-GERÐARVIÐURKENNINGARMERKI AÐSKILINNAR TÆKNIEININGAR

3.1. Allur endurnýjunarmengunarvarnarbúnaður, sem samrýmist gerð sem er viðurkennd samkvæmt þessari reglugerð sem aðskilin tæknieining, skal hafa EB-gerðarviðurkenningarmerki.

3.2. Merkið samanstendur af rétthyrningi sem umlykur lágstafinn „e“ og á eftir fylgir auðkennisnúmer þess aðildarríkis sem veitt hefur EB-gerðarviðurkenninguna:

1. fyrir Þýskaland

2. fyrir Frakkland

3. fyrir Ítalíu

4. fyrir Holland

5. fyrir Svíþjóð

6. fyrir Belgíu

7. fyrir Ungverjaland

8. fyrir Tékkland

9. fyrir Spán

11. fyrir Bretland

12. fyrir Austurríki

13. fyrir Lúxemborg

17. fyrir Finnland

18. fyrir Danmörku

19. fyrir Rúmeníu

20. fyrir Pólland

21. fyrir Portúgal

23. fyrir Grikkland

24. fyrir Írland

26. fyrir Slóveníu

27. fyrir Slóvakíu

29. fyrir Eistland

32. fyrir Lettland

34. fyrir Búlgaríu

36. fyrir Litháen

49. fyrir Kýpur

50. fyrir Möltu

EB-gerðarviðurkenningarmerkið skal, nálægt rétthyrningnum, einnig innihalda „grunnviðurkenningarnúmerið“ sem er í 4. þætti gerðarviðurkenningarnúmersins, sem um getur í VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB, og þar fyrir framan skulu vera tölustafirnir tveir sem gefa til kynna raðnúmer síðustu verulegu tæknibreytingar á reglugerð (EB) nr. 595/2009 eða þessari reglugerð, þann dag sem EB-gerðarviðurkenning var veitt fyrir aðskilda tæknieiningu. Að því er varðar þessa reglugerð er raðnúmerið 00.

3.3. EB-gerðarviðurkenningarmerkið skal fest á endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðinn með þeim hætti að það sé vel læsilegt og óafmáanlegt. Það skal, þegar hægt er að koma því við, vera sýnilegt þegar endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðurinn hefur verið settur í ökutækið.

3.4. Dæmi um EB-gerðarviðurkenningarmerki fyrir aðskilda tæknieiningu er að finna í 8. viðbæti í I. viðauka.

4. TÆKNILEGAR KRÖFUR

4.1. **Almennar kröfur**

4.1.1. Endurnýjunarmengunarvarnarbúnaður skal vera hannaður, smíðaður og hægt að setja hann í á þann hátt að tryggt sé að hreyfillinn og ökutækið séu í samræmi við reglurnar, sem þau voru upphaflega í samræmi við, og að losun mengunarefna sé takmörkuð með skilvirkum hætti allan eðlilegan endingartíma ökutækisins við eðlileg notkunarskilyrði.

4.1.2. Endurnýjunarmengunarvarnarbúnað skal setja í á nákvæmlega sama stað og upprunalegi mengunarvarnarbúnaðurinn var og staða útblástursskynjara, hitaskynjara og þrýstingsskynjara í útblásturskerfinu skal vera óbreytt.

4.1.3. Ef upprunalegi mengunarvarnarbúnaðurinn er búinn hitavörn skal endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðurinn vera búinn jafngildri vörn.

4.1.4. Þegar umsækjandi óskar eftir gerðarviðurkenningu á íhlut til endurnýjunar skulu viðurkenningaryfirvöldin, sem veittu hreyfilkerfinu upprunalegu gerðarviðurkenninguna, láta í té án mismununar upplýsingarnar sem um getur í liðum 3.2.12.2.6.8.1 og 3.2.12.2.6.8.2 í 1. hluta upplýsingaskjalsins í 4. viðbæti við I. viðauka fyrir hvern hreyfil sem á að prófa.

4.2. **Almennar kröfur varðandi endingu**

Endurnýjunarmengunarvarnarbúnaður skal vera endingargóður, þ.e. hannaður og smíðaður og hægt að setja hann í á þann hátt að hann standist nægilega vel þá tæringu og oxun sem hann verður fyrir, að teknu tilliti til skilyrða við notkun ökutækisins.

Endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðurinn skal hannaður þannig að þeir þættir sem eru virkir við stjórnun losunar séu nægilega varðir gegn kraftrænum höggum þannig að tryggt sé að losun mengunarefna sé takmörkuð með skilvirkum hætti allan eðlilegan endingartíma ökutækisins við eðlileg notkunarskilyrði.

Umsækjandinn um gerðarviðurkenningu skal láta viðurkenningaryfirvaldinu í té upplýsingar um prófunina sem notað var til að ákvarða þol gegn kraftrænum höggum og niðurstöður þeirrar prófunar.

4.3. **Kröfur varðandi losun**

4.3.1. *Lýsing á aðferð sem notuð er við mat á losun*

Hreyflarnir sem eru tilgreindir í a-lið 4. mgr. 16. gr. og búnir eru fullbúnu mengunarvarnarkerfi, þ.m.t. endurnýjunarmengunarvarnarbúnaði af þeirri gerð sem óskað hefur verið viðurkenningar á, skulu undirgangast prófanir sem hæfa fyrirhugaðri notkun eins og lýst er í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49, til þess að hægt sé bera frammistöðu þess saman við frammistöðu upprunalega mengunarvarnarkerfisins samkvæmt aðferðinni sem lýst er að neðan.

4.3.1.1. Í tilvikum þar sem endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðurinn er ekki fullbúið mengunarvarnarkerfi skal einungis nota nýjan upprunalegan búnað eða nýja upprunalega endurnýjunarmengunarvarnaríhluti til að mynda fullbúið kerfi.

4.3.1.2. Mengunarvarnarkerfið skal látið verða fyrir öldrun með aðferðinni sem lýst er í lið 4.3.2.4 og endurprófað til að staðfesta endingartíma mengunarvarnargetu þess.

Endingartími endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðar er ákvarðaður með samanburði tveggja prófunarraða á útblæstri sem framkvæmdar eru hver á fætur annarri:

a) fyrsta röðin samanstendur af prófunum á endurnýjunarmengunarvarnarbúnaði sem hefur verið notaður í 12 WHSC-lotum,

b) önnur röðin samanstendur af prófunum á endurnýjunarmengunarvarnarbúnaði sem hefur verið látinn verða fyrir öldrun með aðferðinni sem lýst er að neðan.

Ef sótt er um viðurkenningu fyrir mismunandi gerðir hreyfla frá sama hreyfilframleiðanda, og ef þær ólíku gerðir hreyfla eru búnar upprunalegum mengunarvarnarbúnaði sömu gerðar, er heimilt að takmarka prófun við a.m.k. tvo hreyfla sem skulu valdir að fengnu samþykki viðurkenningaryfirvalds.

4.3.2. *Aðferð við mat á mengunarvarnargetu endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðar*

4.3.2.1. Hreyfillinn eða hreyflarnir skulu búnir nýjum upprunalegum mengunarvarnarbúnaði skv. 4. mgr. 16. gr.

Eftirmeðferðarkerfið fyrir útblástur skal formeðhöndlað með 12 WHSC-lotum. Að formeðhöndlun lokinni skulu hreyflarnir prófaðir samkvæmt WHDC-prófunaraðferðunum sem lýst er í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49. Framkvæma skal þrjár prófanir á útblásturslofti fyrir hverja viðeigandi gerð.

Prófunarhreyflar með upprunalegu eftirmeðferðarkerfi fyrir útblástur eða upprunalegu endurnýjunareftirmeðferðarkerfi fyrir útblástur skulu uppfylla þau viðmiðunarmörk sem krafist er vegna gerðarviðurkenningar viðkomandi hreyfils eða ökutækis.

4.3.2.2. Prófun á útblásturslofti með endurnýjunarmengunarvarnarbúnaði

Endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðurinn sem meta á skal festur á eftirmeðferðarkerfið fyrir útblástur sem er prófað samkvæmt kröfum liðar 4.3.2.1, í stað viðkomandi upprunalegs eftirmeðferðarbúnaðar fyrir útblástur.

Eftirmeðferðarkerfið fyrir útblástur, sem endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðurinn var festur á, skal því næst formeðhöndlað með 12 WHSC-lotum. Að formeðhöndlun lokinni skulu hreyflarnir prófaðir samkvæmt WHDC-aðferðunum sem lýst er í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49. Framkvæma skal þrjár prófanir á útblásturslofti fyrir hverja viðeigandi gerð.

4.3.2.3. Upphaflegt mat á losun mengunarefna frá hreyflum sem búnir eru endurnýjunarmengunarvarnarbúnaði.

Kröfurnar varðandi losun hreyfla sem búnir eru endurnýjunarmengunarvarnarbúnaði skulu teljast uppfylltar ef niðurstöðurnar fyrir hvert mengunarefni, sem reglur gilda um, (kolsýringur, HC, NMHC, metan, NO_x, NH_3, massi agna og fjöldi agna, eftir því sem við á um gerðarviðurkenningu hreyfilsins) uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1) $M \leq 0{,}85S + 0{,}4G$,

2) $M \leq G$

þar sem:

M: er meðalgildi losunar eins mengunarefnis sem reiknað er út frá þremur prófunum á endurnýjunarmengu narvarnarbúnaðinum.

S : er meðalgildi losunar eins mengunarefnis sem reiknað er út frá þremur prófunum á upprunalega mengunarvarnarbúnaðinum eða upprunalega endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðinum.

G : eru viðmiðunarmörk fyrir losun eins mengunarefnis samkvæmt gerðarviðurkenningu ökutækisins.

4.3.2.4. Ending mengunarvarnargetu

Eftirmeðferðarkerfi fyrir útblástur, sem prófað er samkvæmt lið 4.3.2.2 og sem endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðurinn var festur á, skal undirgangast prófanir á endingu eins og lýst er í 4. viðbæti.

4.3.2.5. Prófun á útblásturslofti með öldruðum endurnýjunarmengunarvarnarbúnaði

Aldraða eftirmeðferðarkerfið fyrir útblástur, sem endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðinn var festur á, skal því næst fest á prófunarhreyfilinn sem notaður er samkvæmt liðum 4.3.2.1 og 4.3.2.2.

Aldraða eftirmeðferðarkerfið fyrir útblástur skal formeðhöndlað með 12 WHSC-lotum og því næst prófað með WHDC-aðferðunum sem lýst er í viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49. Framkvæma skal þrjár prófanir á útblásturslofti fyrir hverja viðeigandi gerð.

4.3.2.6. Ákvörðun öldrunarstuðuls fyrir endurnýjunarmengunarvarnarbúnað

Öldrunarstuðull hvers mengunarefnis skal vera hlutfall gildandi losunargilda á lokapunkti nýtingartíma og við upphaf kerfisbundins eftirlits. (ef losun mengunarefnis A er t.d. 1,50 g/kWh á lokapunkti nýtingartíma og 1,82 g/kWh við upphaf kerfisbundins eftirlits, þá er öldrunarstuðullinn 1,82/1,50 = 1,21).

4.3.2.7. Mat á losun mengunarefna frá hreyflum sem búnir eru endurnýjunarmengunarvarnarbúnaði

Kröfur varðandi losun hreyfla sem búnir eru öldruðum endurnýjunarmengunarvarnarbúnaði (eins og lýst er í lið 4.3.2.5) skulu teljast uppfylltar ef niðurstöðurnar fyrir hvert mengunarefnis, sem reglur gilda um, (kolsýringur, HC, NMHC, metan, NO_x, NH_3, massi agna og fjöldi agna, eftir því sem við á um gerðarviðurkenningu hreyfilsins) uppfylla eftirfarandi skilyrði:

$$M \times AF \leq G$$

þar sem:

M : er meðalgildi losunar eins mengunarefnis sem reiknað er út frá þremur prófunum á formeðhöndlaða endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðinum áður en öldrun fer fram (þ.e. niðurstöðurnar úr lið 4.3.2)

AF : er öldrunarstuðull eins mengunarefnis

G : eru viðmiðunarmörk fyrir losun eins mengunarefnis samkvæmt gerðarviðurkenningu ökutækis/ökutækja.

4.3.3. *Tæknihópur endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðar*

Framleiðandi getur tilgreint tæknihóp endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðar, sem skal skilgreina á grundvelli grunneiginleika sem eru sameiginlegir öllum búnaði innan hópsins.

Endurnýjunarmengunarvarnarbúnaður sem tilheyrir sama tæknihópi skal búa yfir eftirfarandi eiginleikum:

a) sama fyrirkomulag við mengunarvarnir (oxunarhvati, þrívirkur hvati, agnasía, sértæk afoxun NO_x með hvötum, o.s.frv.),

b) sama undirstöðuefni (sama gerð leirs eða sama gerð málms),

c) sama gerð undirstöðuefnis og sami þéttleiki hólfa,

d) sömu virku hvataefni og, ef þau eru fleiri en eitt, sama hlutfall virkra hvataefna,

e) sama heildarmagn virkra hvataefna,

f) sama gerð skolunarlags (e. washcoat), sem borið er á með sama hætti,

4.3.4. *Mat á endingartíma mengunarvarnargetu endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðar á grundvelli öldrunarstuðuls tæknihóps*

Ef framleiðandi hefur tilgreint tæknihóp endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðar má nota aðferðina sem lýst er í lið 4.3.2 til að ákvarða öldrunarstuðla hvers mengunarefnis fyrir stofnbúnað þess hóps. Slagrými hreyfilsins sem undirgengst slíkar prófanir skal að lágmarki vera [0,75 dm^3] á hvern strokk.

4.3.4.1. Ákvörðun endingargetu búnaðar tiltekins hóps

Líta má svo á að endurnýjunarmengunarvarnarbúnaður A innan tiltekins hóps, sem til stendur að festa á hreyfil með slagrými C_A, hafi sömu öldrunarstuðla og stofnendurnýjunarmengunarvarnarbúnaður P, sem ákvarðaðir eru fyrir hreyfil með slagrými C_P, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

$$V_A/C_A \geq V_P/C_P$$

þar sem:

V_A : er rúmmál undirstöðuefnis (í dm^3) endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðar A

V_P : er rúmmál undirstöðuefnis (í dm^3) stofnendurnýjunarmengunarvarnarbúnaður P sama hóps, og

báðir hreyflar nota sömu aðferð til að endurnýja mengunarvarnarbúnað sem er festur á upprunalega eftirmeðferðarkerfið fyrir útblástur. Þessi krafa gildir einungis í tilvikum þar sem búnaður sem þarfnast endurnýjunar er festur á upprunalega eftirmeðferðarkerfið fyrir útblástur.

Að þessum skilyrðum uppfylltum má ákvarða endingartíma losunargetu annars búnaðar í hópnum út frá losunarmiðurstöðum (S) þess búnaðar í hópnum sem ákvarðaðar eru í samræmi við kröfur liða 4.3.2.1, 4.3.2.2 og 4.3.2.3 á grundvelli öldrunarstuðlanna sem ákvarðaðir eru fyrir stofnbúnað þess hóps.

4.4. **Kröfur varðandi bakþrýsting útblásturs**

Bakþrýstingur skal ekki verða til þess að allt útblásturskerfið fari yfir gildið sem tilgreint er í lið 4.1.2 í I. viðauka.

4.5. **Kröfur varðandi samhæfi innbyggðs greiningarkerfis (gilda aðeins um endurnýjunarmengunarvarnarbúnað sem er ætlaður til ísetningar í ökutæki með innbyggðu greiningarkerfi)**

4.5.1. Ekki þarf að sýna fram á samhæfi upprunalegs mengunarvarnarbúnaðar við innbyggt greiningarkerfi nema hann hafi verið vaktaður í upprunalegri samsetningu.

4.5.2. Sýna skal fram á samhæfi endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðar við innbyggt greiningarkerfi með aðferðunum sem lýst er í X. viðauka við þessa reglugerð og viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 þegar um er að ræða endurnýjunarmengunarvarnarbúnað sem ætlaður er til ísetningar í hreyfla eða ökutæki sem eru gerðarviðurkennd samkvæmt reglugerð (EB) nr. 595/2009 og þessari reglugerð.

4.5.3. Þau ákvæði reglugerðar efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 sem eiga við um aðra íhluti en mengunarvarnarbúnað gilda ekki.

4.5.4. Framleiðandi endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðarins getur notað sömu formeðhöndlunar- og prófunaraðferðir og notaðar eru við upprunalegu gerðarviðurkenninguna. Í því tilviki skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið, sem veitti hreyfli ökutækis upprunalega gerðarviðurkenningu, setja fram, samkvæmt beiðni og án mismununar, viðbæti um prófunarskilyrði við 4. viðbæti I. viðauka, þar sem fram kemur fjöldi og gerð formeðhöndlunarlota og gerð prófunarlotu sem framleiðandi upprunalega búnaðarins notar til prófana á mengunarvarnarbúnaðinum m.t.t. innbyggða greiningarkerfisins.

4.5.5. Til að sannprófa að allir aðrir íhlutir, sem eru vaktaðir af innbyggða greiningarkerfinu, séu rétt uppsettir og virki rétt skal innbyggða greiningarkerfið ekki senda nein bilanaboð né hafa neina bilanakóða fyrirliggjandi áður en endurnýjunarmengunarvarnarbúnaður er settur upp. Með það fyrir augum er hægt að nota mat á stöðu innbyggða greiningarkerfisins við lok prófananna sem lýst er í liðum 4.3.2 og 4.3.2.7 í þessum viðauka.

4.5.6. Bilanavísirinn skal ekki verða virkur á meðan ökutækið er notað á þann hátt sem kveðið er á um í liðum 4.3.2 til 4.3.2.7.

5. SAMRÆMI FRAMLEIÐSLU

5.1. Ráðstafanir til að tryggja samræmi framleiðslu skulu gerðar í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2007/46/EB.

5.2. **Sérákvæði**

5.2.1. Athuganirnar, sem um getur í lið 2.2 í X. viðauka við tilskipun 2007/46/EB, skulu ná yfir samræmi við eiginleikana sem eru skilgreindir undir „gerð mengunarvarnarbúnaðar“ í 8. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 692/2008.

5.2.2. Við beitingu 2. mgr. 12. gr í tilskipun 2007/46/EBE má framkvæma prófanirnar sem lýst er í lið 4.3 í þessum viðauka (kröfur varðandi losun). Í því tilviki getur handhafi gerðarviðurkenningar farið þess á leit að upprunalegi mengunarvarnarbúnaðurinn verði ekki notaður sem grunnur fyrir samanburð heldur endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðurinn sem hefur verið notaður við gerðarviðurkenningarprófanirnar (eða annað eintak sem sannað hefur verið að samrýmist viðurkenndri gerð). Losunargildin sem mælast með notkun eintaksins, sem er sannprófað, skulu þá ekki fara að meðaltali meira en 15 % yfir meðalgildin sem mælast með notkun eintaksins sem notað er til viðmiðunar.

———

1. viðbætir

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. ...

að því er varðar EB-gerðarviðurkenningu endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðar

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda): .....

0.2. Gerð .....

0.2.1. Verslunarheiti (ef til er): .....

0.3. Gerðarauðkenni: .....

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda: .....

0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið á, ef um er að ræða íhluti og aðskildar tæknieiningar: .....

0.8. Heiti og heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....

0.9 Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðandans (ef einhver): .....

1. LÝSING Á BÚNAÐINUM

1.1. Gerð endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðarins: (oxunarhvati, þrívirkur hvati, sértæk afoxun með hvötum, agnasía, o.s.frv.) .....

1.2. Teikningar af endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðinum þar sem einkum koma fram allir þeir eiginleikar sem um getur í „gerð mengunarvarnarbúnaðar“ í 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 582/2011: .....

1.3. Lýsing á gerð eða gerðum hreyfilsins eða ökutækisins sem endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðurinn er ætlaður fyrir: .....

1.3.1. Númer og/eða tákn sem auðkenna hreyfil og ökutækjagerð eða -gerðir: .....

1.3.2 Númer og/eða tákn sem auðkenna upprunalega mengunarvarnarbúnaðinn sem endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðinum er ætlað að leysa af hólmi: .....

1.3.3. Á endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðurinn að samrýmast kröfum um innbyggða greiningarkerfið? (já/nei) ([11])

1.3.4. Er endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðurinn samrýmanlegur þeim stjórnkerfum ökutækisins/hreyfilsins sem fyrir eru (já/nei) ([11])

1.4. Lýsing og teikningar sem sýna stöðu endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðarins miðað við útblástursgrein eða -greinar hreyfilsins: .....

———

([11]) Strikið yfir það sem á ekki við.

2. viðbætir

FYRIRMYND AÐ EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐI

(hámarksstærð: A4 (210 mm × 297 mm))

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill yfirvalds

Tilkynning um:

– EB-gerðarviðurkenningu ([11]) .....,

– rýmkun EB-gerðarviðurkenningar ([11]) .....,

– synjun EB-gerðarviðurkenningar ([11]) .....,

– afturköllun EB-gerðarviðurkenningar ([11]) .....

á gerð íhlutar/aðskilinnar tæknieiningar ([11])

að því er varðar reglugerð (EB) nr. 595/2009, eins og hún er innleidd með reglugerð (ESB) nr. 582/2011.

Reglugerð (EB) nr. 595/2009 eða reglugerð (ESB) nr. 582/2011 eins og þeim var síðast breytt með .....

EB-gerðarviðurkenningarnúmer: .....

Ástæða rýmkunar: .....

I. ÞÁTTUR

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda): .....

0.2. Gerð: .....

0.3. Gerðarauðkenni, ef það kemur fram á íhlutnum/aðskildu tæknieiningunni ([12]) (einkennandi hlutanúmer): .....

0.3.1. Staðsetning auðkennisins: .....

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda: .....

0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið á, ef um er að ræða íhluti og aðskildar tæknieiningar: .....

0.8. Heiti og heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....

0.9. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðandans: .....

II. ÞÁTTUR

1. Viðbótarupplýsingar

1.1. Tegund og gerð endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðarins: (oxunarhvati, þrívirkur hvati, sértæk afoxun með hvötum, agnasía, o.s.frv.) .....

1.2. Gerð eða gerðir hreyfla og ökutækja sem þessi gerð mengunarvarnarbúnaðar er viðurkennd fyrir sem hlutur til endurnýjunar: .....

1.3. Gerðir eða gerðir hreyfla sem endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðurinn hefur verið prófaður á: .....

1.3.1. Hefur verið sýnt fram á að endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðurinn samrýmist kröfum um innbyggða greiningarkerfið? (já/nei) ([11]): .....
.....

([11]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([12]) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna: „?“ (t.d. ABC??123??).

2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar: .....

3. Dagsetning prófunarskýrslu: .....

4. Númer prófunarskýrslu: .....

5. Athugasemdir: .....

6. Staður: .....

7. Dagsetning: .....

8. Undirskrift: .....

Fylgiskjöl: Upplýsingasafn.
Prófunarskýrsla.

———

3. viðbætir

Öldrunaraðferð sem notuð er við mat á endingu

1. Í þessum viðbæti er lýst aðferðunum sem nota skal við öldrun endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðar í því skyni að meta endingu.

2. Að því er varðar að sýna fram á endingu skal endurnýjunarmengunarvarnarbúnaður lúta kröfunum sem settar eru fram í liðum 1 til 3.4.2 í VII. viðauka.

2.1. Heimilt er að nota lágmarkstímabil kerfisbundins eftirlits sem tilgreind eru í töflu 1 til þess að sýna fram á endingu endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðar.

Tafla 1

Lágmarkstími kerfisbundins eftirlits

Ökutækjaflokkur ökutækis sem hreyfillinn er settur í	Lágmarkstími kerfisbundins eftirlits
Ökutæki í flokki N_1	
Ökutæki í flokki N_2	
Ökutæki í flokki N_3 með tæknilega, leyfilegan hámarksmassa sem er ekki yfir 16 tonnum.	
Ökutæki í flokki N_3 með tæknilega, leyfilegan hámarksmassa sem er yfir 16 tonnum.	
Ökutæki í flokki M_1	
Ökutæki í flokki M_2	
Ökutæki í flokki M_3 í undirflokkum I, II, A og B eins og skilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2001/85/EB, með tæknilega leyfilegan hámarksmassa sem er ekki yfir 7,5 tonnum	
Ökutæki í flokki M_3 í undirflokkum III og B eins og skilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2001/85/EB, með tæknilega leyfilegan hámarksmassa sem er ekki yfir 7,5 tonnum	

XII. VIÐAUKI

SAMRÆMI HREYFLA OG ÖKUTÆKJA Í NOTKUN SEM ERU GERÐARVIÐURKENND SAMKVÆMT TILSKIPUN 2005/55/EB

1. INNGANGUR

1.1. Í þessum viðauka eru settar fram kröfurnar um samræmi hreyfla og ökutækja í notkun sem eru gerðarviðurkennd samkvæmt tilskipun 2005/55/EB.

2. AÐFERÐ VIÐ SAMRÆMISPRÓFUN ÖKUTÆKJA Í NOTKUN

2.1. Ákvæði 8. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 gilda um prófun á samræmi ökutækja sem eru í notkun.

2.2. Ef framleiðandi óskar eftir því getur gerðarviðurkenningaryfirvald, sem veitti upprunalega gerðarviðurkenninguna, ákveðið að nota aðferðina sem lýst er í II. viðauka við þessa reglugerð til að prófa samræmi hreyfla og ökutækja í notkun sem hafa hlotið gerðarviðurkenningu samkvæmt tilskipun 2005/55/EB.

2.3. Eftirfarandi undantekningar gilda ef aðferðirnar sem lýst er í II. viðauka eru notaðar:

2.3.1. Skilja ber allar tilvísanir í WHTC og WHSC sem tilvísanir í ETC og ESC, sbr. skilgreiningu í viðauka 4A við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

2.3.2. Liður 2.2 í II. viðauka við þessa reglugerð gildir ekki.

2.3.3. Ef talið er að eðlileg notkunarskilyrði tiltekins ökutækis samrýmist ekki réttri framkvæmd prófana getur framleiðandinn eða viðurkenningaryfirvaldið óskað eftir því að aðrar akstursleiðir eða annar farmþungi verði notaður. Kröfurnar sem tilgreindar eru í liðum 4.1 og 4.5 í II. viðauka við þessa reglugerð skulu notaðar til viðmiðunar við að ákvarða hvort akstursmynstur og farmþungi teljist ásættanleg fyrir prófun á samræmi ökutækja í notkun.

Ef ökutæki er stjórnað af einhverjum öðrum en þeim atvinnubílstjóra sem að jafnaði stjórnar viðkomandi ökutæki, þá skal ökumaðurinn sem leysir hann af hólmi búa yfir hæfni og þjálfun til að stjórna þungum ökutækjum í þeim undirflokki sem verið er að prófa.

2.3.4. Liðir 2.3 og 2.4 í II. viðauka gilda ekki.

2.3.5. Liður 3.1 í II. viðauka gildir ekki..

2.3.6. Framleiðandi skal framkvæma prófun ökutækja sem eru í notkun á þessum hópi hreyfla. Viðurkenningaryfirvald skal samþykkja prófunaráætlunina.

Að beiðni framleiðandans má hætta prófun fimm árum eftir að framleiðslu er hætt.

2.3.7. Að beiðni framleiðandans geta viðurkenningaryfirvöld tekið ákvörðun um úrtaksáætlun samkvæmt liðum 3.1.1, 3.1.2 eða 3.1.3 í II. viðauka eða skv. 3. viðbæti við 8. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

2.3.8. Liður 4.4.2. í II. viðauka við þessa reglugerð gildir ekki.

2.3.9. Að beiðni framleiðandans má skipta eldsneytinu út fyrir viðeigandi viðmiðunareldsneyti.

2.3.10. Gildin í lið 4.5 í II. viðauka má nota til viðmiðunar við að ákvarða hvort akstursmynstur og farmþungi séu ásættanleg fyrir prófun á samræmi ökutækja í notkun.

2.3.11. Liður 4.6.5 Í II. viðauka gildir ekki.

2.3.12. Lágmarkstímalengd prófunar skal vera þreföld vinnan í ETC-lotunni eða viðmiðunarmassi koltvísýrings í kg/lotu úr ETC-lotunni, eftir því sem við á.

2.3.13. Liður 5.1.1.1.2 í II. viðauka gildir ekki.

2.3.14. Ef ekki er hægt að sækja upplýsingarnar úr gagnastreymi sem um getur í lið 5.1.1 í II. viðauka með réttum hætti úr tveimur ökutækjum með hreyfla sem tilheyra sama hópi hreyfla á meðan skönnunartækið virkar rétt, þá skal prófa hreyfilinn með aðferðunum sem lýst er í 8. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

2.3.15. Framkvæma má staðfestingarprófun á prófunarbekk hreyfils, eins og skilgreint er í 8. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

2.3.16. Framleiðandi getur óskað eftir því að viðurkenningaryfirvald framkvæmi staðfestingarprófun á prófunarbekk hreyfils, eins og skilgreint er í 8. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) niðurstöður eru ófullnægjandi að því er varðar ökutækin sem valin eru til prófunar í samræmi við lið 2.3.7,

b) uppsafnað 90 hundraðshlutagildi samræmisstuðlanna fyrir losun með útblæstri frá hreyfilkerfinu sem verið er að prófa, ákvarðað í samræmi við mæli- og reikningsaðferðirnar sem tilgreindar eru í 1. viðbæti við II. viðauka, er ekki hærra en 2,0.

———

XIII. VIÐAUKI

KRÖFUR TIL AÐ TRYGGJA RÉTTA VIRKNI NO_x -VARNARRÁÐSTAFANA

1. INNGANGUR

Í þessum viðauka eru settar fram kröfur til að tryggja rétta virkni NO_x-varnarráðstafana. Þar með taldar eru kröfur fyrir ökutæki sem nota virkt efni í því skyni að draga úr losun.

2. ALMENNAR KRÖFUR

Öll hreyfilkerfi sem falla undir gildissvið þessa viðauka skulu hönnuð, smíðuð og sett upp þannig að þau geti uppfyllt þessar kröfur allan eðlilegan endingartíma hreyfilsins við eðlileg notkunarskilyrði. Í tengslum við þetta markmið er ásættanlegt að hreyflar, sem hafa verið notaðir lengur en sem nemur hæfilega endingartímanum sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009, beri merki þess að frammistaða og næmni vöktunarkerfa þeirra hafi spillst nokkuð.

2.1. **Annars konar viðurkenning**

Ef framleiðandi óskar eftir því skal litið svo á, í tilviki ökutækja í flokki M_1, M_2, N_1 og N_2 sem eru með leyfilegan hámarksmassa sem er ekki meiri en 7,5 tonn og ökutækja í flokki M_3, undirflokki I, II, A og B, sbr. skilgreiningu í I. viðauka við tilskipun 2001/85/EB, sem eru með leyfilegan hámarksmassa sem er ekki meiri en 7,5 tonn, að samræmi við kröfur XVI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 jafngildi því að kröfur þessa viðauka hafi verið uppfylltar.

Ef slík annars konar viðurkenning er notuð skulu upplýsingarnar í lið 3.2.12.2.8 í 3. viðbæti við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/20083 koma í stað upplýsinganna í liðum 3.2.12.2.8.1 til 3.2.12.2.8.5 í 2. hluta 4. viðbætis við I. viðauka varðandi rétta virkni NO_x-varnarráðstafana.

Valkvæð beiting ákvæða þessa viðauka og ákvæða XVI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 skal ekki heimiluð nema að því marki sem er sérstaklega heimilað í þessum lið.

2.2. **Tilskildar upplýsingar**

2.2.1. Framleiðandi skal veita upplýsingar sem lýsa nákvæmlega starfrænum notkunareiginleikum hreyfilkerfis sem fellur undir þennan viðauka á því formi sem sett er fram í 4. viðbæti við I. viðauka.

2.2.2. Í umsókn sinni um gerðarviðurkenningu skal framleiðandi tilgreina eiginleika allra virkra efna sem notuð eru af öllum mengunarvarnarkerfum. Þar á meðal skal tilgreina gerðir og styrk, skilyrði fyrir notkunarhitastig, og tilvísanir í alþjóðlega staðla.

2.2.3. Þegar sótt er um gerðarviðurkenningu skal veita viðurkenningaryfirvaldi ítarlegar skriflegar upplýsingar sem lýsa nákvæmlega starfrænum notkunareiginleikum viðvörunarkerfisins fyrir ökumann í samræmi við 4. lið og viðbragðsþvingandi kerfisins fyrir ökumann í samræmi við 5. lið.

2.2.4. Þegar framleiðandi sækir um viðurkenningu hreyfils eða hóps hreyfla sem aðskilinnar tæknieiningar skal hann láta fylgja í upplýsingamöppunni, sem um getur í 3. mgr. 5.gr, 3. mgr. 7. gr. eða 3. mgr. 9. gr., viðeigandi kröfur sem munu tryggja að ökutækið muni uppfylla kröfur þessa viðauka þegar því er ekið á vegum eða annars staðar, eftir því sem við á. Í þessum upplýsingum skal m.a. vera eftirfarandi:

a) ítarlegar tæknikröfur, þ.m.t. ákvæði sem tryggja samhæfi við vöktunar-, viðvörunar- og viðbragðsþvingandi kerfin sem til staðar eru í hreyfilkerfinu þannig að kröfur þessa viðauka verði uppfylltar,

b) sannprófunarferlið sem ber að fylgja þegar hreyfillinn er settur í ökutækið.

Kanna má hvort slíkar ísetningarkröfur séu til staðar og séu fullnægjandi meðan á viðurkenningarferli hreyfilkerfisins stendur.

Ekki skal vera þörf á að veita upplýsingarnar sem vísað er til í a- og b-lið ef framleiðandinn sækir um EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki að því er varðar losun og aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis.

2.3. **Notkunarskilyrði**

2.3.1. Öll hreyfilkerfi sem falla undir gildissvið þessa viðauka skulu halda mengunarvarnarvirkni sinni við allar aðstæður sem reglulega eru til staðar á yfirráðasvæði Sambandsins, sér í lagi við lágan umhverfishita, í samræmi við VI. viðauka.

2.3.2. Vöktunarkerfi fyrir mengunarvarnarbúnað skal vera starfhæft:

a) við umhverfishita milli 266 K og 308 K (– 7 °C og 35 °C),

b) í hæð sem er undir 1600 m hæð yfir sjávarmáli,

c) við hitastig kælivökva hreyfils yfir 343 K (70 °C).

Þessi liður gildir ekki um vöktun á magni virks efnis í geymslutanki í þeim tilvikum þar sem vöktun skal fara fram við öll skilyrði þar sem mæling er tæknilega möguleg, þ.m.t. allar aðstæður þar sem virkt efni á vökvaformi er ekki frosið.

2.4. **Vörn gegn frystingu virks efnis**

2.4.1. Framleiðandi getur notað upphitaðan eða óupphitaðan geymi fyrir virka efnið og skömmtunarkerfi í samræmi við almennar kröfur liðar 2.3.1. Upphitað kerfi skal uppfylla kröfur liðar 2.4.2. Óupphitað kerfi skal uppfylla kröfur liðar 2.4.3.

2.4.1.1. Greina skal frá notkun óupphitaðs geymis fyrir virka efnið og skömmtunarkerfis í skriflegum leiðbeiningum til eiganda ökutækisins.

2.4.2. *Upphitaður geymir fyrir virka efnið og skömmtunarkerfi*

2.4.2.1. Ef virka efnið hefur frosið skal framleiðandi tryggja að virka efnið verði tiltækt til notkunar innan 70 mínútna frá því að ökutækið er ræst við 266 K (– 7 °C) umhverfishita.

2.4.2.2. Sýnt fram á virkni

2.4.2.2.1. Geymirinn fyrir virka efnið og skömmtunarkerfið skulu látin standa við 255 K (– 18 °C) í 72 klukkustundir eða þar til meginhluti virka efnisins er orðinn að föstu efni.

2.4.2.2.2. Að loknu kyrrstöðutímabilinu sem um getur í lið 2.4.2.2.1 skal hreyfillinn ræstur og hafður í gangi við 266 K (– 7 °C) umhverfishita sem hér segir: 10 til 20 mínútur í lausagangi, og því næst í allt að 50 mínútur með 40 % álagi að hámarki.

2.4.2.2.3. Skömmtunarkerfið fyrir virka efnið skal að fullu orðið starfhæft þegar prófunaraðferðunum sem lýst er í liðum 2.4.2.2.1 og 2.4.2.2.2 lýkur.

2.4.2.2.4. Sýna má fram að kröfur liðar 2.4.2.2 séu uppfylltar í köldu prófunarhólfi sem búið er aflmæli fyrir hreyfil- eða ökutæki eða með vettvangsprófun ökutækja, að fengnu samþykki viðurkenningaryfirvalds.

2.4.3. *Óupphitaður geymir fyrir virka efnið og skömmtunarkerfi*

2.4.3.1. Viðvörunarkerfi fyrir ökumann sem lýst er í 4. lið skal virkjað ef engin skömmtun virks efnið á sér stað við 266 K (– 7 °C) eða lægri umhverfishita.

2.4.3.2. Öfluga viðbragðsþvingandi kerfið sem lýst er í 5. lið skal virkjað ef engin skömmtun virks efnis á sér stað við 266 K (– 7 °C) eða lægri umhverfishita innan 70 mínútna frá því að ökutækið var ræst.

2.5. Sérhver geymir fyrir virka efnið, sem komið er fyrir í ökutæki, skal þannig úr garði gerður að hægt sé að taka sýni úr öllum vökva sem er í geyminum án þess að þörf sé á upplýsingum sem ekki eru geymdar í ökutækinu. Auðvelt skal vera að komast að sýnatökustaðnum án þess að nota sérhæfð verkfæri eða tæki. Lyklar og kerfi, sem venjulega eru fyrir hendi í ökutæki til þess að hægt sé að læsa geyminum, skulu ekki teljast sérhæfð verkfæri eða tæki að því er þennan lið varðar.

3. KRÖFUR UM VIÐHALD

3.1. Framleiðandi skal útvega eða sjá til þess að öllum eigendum nýrra ökutækja eða hreyfla, sem hlotið hafa gerðarviðurkenningu samkvæmt þessari reglugerð, verði útvegaðar skriflegar leiðbeiningar um mengunarvarnarkerfið og rétta notkun þess.

Í leiðbeiningunum skal koma fram að ef mengunarvarnarkerfi ökutækisins starfar ekki rétt muni ökumaðurinn fá upplýsingar frá viðvörunarkerfinu fyrir ökumann um vandamál og að ef viðvörunin sé hunsuð muni viðbragðsþvingandi kerfið fyrir ökumann koma í veg fyrir að hægt sé að nota ökutækið með skilvirkum hætti.

3.2. Leiðbeiningarnar skulu gefa til kynna kröfur um rétta notkun og viðhald ökutækja þannig að mengunarvarnargeta þeirra haldist, þ.m.t. um rétta notkun sjálfbrotnandi virkra efna þar sem við á.

3.3. Leiðbeiningarnar skulu ritaðar á skýru máli sem leikmenn geta skilið og á opinberu tungumáli eða tungumálum þess aðildarríkis þar sem nýtt ökutæki eða nýr hreyfill er seldur eða skráður.

3.4. Í leiðbeiningunum skal tilgreint hvort stjórnandi ökutækisins þurfi að fylla á virkt efni sem eru sjálfbrotnandi á milli venjulegra viðhaldstímabila. Gæði virka efnisins sem krafist er skulu einnig tilgreind í leiðbeiningunum.. Þær skulu gefa til kynna hvernig stjórnandinn eigi að fylla á geyminn fyrir virka efnið. Upplýsingarnar skulu einnig gefa til kynna líklegan hraða notkunar virka efnisins fyrir viðkomandi gerð ökutækis og hve oft ætti að fylla á.

3.5. Í leiðbeiningunum skal tilgreint að notkun og áfylling tilskilins virks efnis með réttri forskrift sé nauðsynleg svo ökutækið uppfylli skilyrði fyrir útgáfu samræmisvottorðs fyrir þá gerð ökutækis.

3.6. Í leiðbeiningunum skal koma fram að það geti verið refsiverður verknaður að nota ökutæki sem notar ekki virkt efni ef virks efnis er krafist vegna minnkunar á losun.

3.7. Leiðbeiningarnar skulu útskýra hvernig viðvörunarkerfi og viðbragðsþvingandi kerfi fyrir ökumann virka. Að auki skal útskýrt hvaða afleiðingar það hafi í för með sér fyrir vinnslu ökutækisins og villuskráningu ef viðvörunarkerfið er virt að vettugi, ekki er fyllt á prófefni eða vandamál er ekki leiðrétt.

4. VIÐVÖRUNARKERFI FYRIR ÖKUMANN

4.1. Ökutækið skal vera búið viðvörunarkerfi fyrir ökumann sem notar sjónrænar viðvaranir sem upplýsa ökumann þegar magn virka efnisins er lítið, gæði virka efnisins eru ekki rétt, hraði notkunar virka efnisins er of lítill, eða ef bilun hefur verið greind, sem ef til vill má rekja til þess að átt hefi verið búnaðinn og mun leiða til þess að viðbragðsþvingandi kerfið fyrir ökumann verði virkt ef vandamálið er ekki leiðrétt tímanlega. Viðvörunarkerfið skal einnig verða virkt þegar viðbragðsþvingandi kerfið fyrir ökumann, sem lýst er í 5. lið, hefur verið virkjað.

4.2. Skjákerfi innbyggða greiningarkerfisins, sem lýst er í viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 og vísað er til í X. viðauka við þessa reglugerð, skal ekki notað til að birta sjónrænar viðvaranir af því tagi sem lýst er í lið 4.1. Viðvörunin skal ekki vera sú sama og notuð er vegna innbyggða greiningarkerfisins (þ.e. bilanavísir) eða annars viðhalds á hreyfli. Ekki skal vera mögulegt að slökkva á viðvörunarkerfinu eða sjónrænum viðvörunum með skönnunartæki ef orsök viðvörunarinnar hefur ekki verið leiðrétt.

4.3. Viðvörunarkerfið fyrir ökumann getur birt stutt skilaboð, þ.á.m. skilaboð sem gefa eftirfarandi skýrt til kynna:

a) vegalengdina eða tímann sem eftir er áður en væga eða öfluga viðbragðsþvingandi kerfið er virkjað,

b) minnkun snúningsvægis,

c) skilyrðin sem þurfa að vera til staðar svo hömlun ökutækis verði aflétt.

Kerfið sem um getur í þessum lið og notað er til að birta skilaboð getur verið hið sama og notað er fyrir innbyggða greiningu eða annað viðhald.

4.4. Að vali framleiðanda getur viðvörunarkerfið gefið frá sér hljóðmerki sem gera ökumanni viðvart. Ökumaður má slökkva á hljóðviðvörunum.

4.5. Viðvörunarkerfi fyrir ökumann skal virkjað með þeim hætti sem tilgreindur er í liðum 6.2, 7.2, 8.4, og 9.3.

4.6. Viðvörunarkerfi fyrir ökumann skal gert óvirkt þegar skilyrðin fyrir virkjun þess eru ekki lengur til staðar. Viðvörunarkerfi fyrir ökumann skal ekki sjálfkrafa gert óvirkt nema ástæðan fyrir virkjun þess hafi verið lagfærð.

4.7. Viðvörunarkerfi má rjúfa tímabundið með öðrum viðvörunarmerkjum sem veita mikilvægar öryggistengdar upplýsingar.

4.8. Setja má búnað sem gerir ökumanni kleift að deyfa sjónrænar viðvaranir sem viðvörunarkerfið gefur frá sér í ökutæki sem notuð eru af björgunarþjónustu eða í ökutækjum í þeim flokkum sem skilgreindir eru b-lið 3. mgr. 2. gr. í tilskipun 2007/46/EB.

4.9. Upplýsingar um aðferðir við að gera viðvörunarkerfi fyrir ökumann virk eða óvirk er að finna í 2. viðbæti.

4.10. Í tengslum við umsókn um gerðarviðurkenningu samkvæmt þessari reglugerð skal framleiðandi sýna fram á virkni viðvörunarkerfis fyrir ökumann, eins og tilgreint er í 1. viðbæti.

5. VIÐBRAGÐSÞVINGANDI KERFI FYRIR ÖKUMANN

5.1. Í ökutækinu skal vera tveggja þrepa viðbragðsþvingandi kerfi fyrir ökumann þar sem fyrsta þrepið felur í sér væga viðbragðsþvingun (takmörkun á virkni) og annað þrepið felur í sér öfluga viðbragðsþvingun (ökutæki gert óvirkt með skilvirkum hætti).

5.2. Krafan um viðbragðsþvingandi kerfi fyrir ökumann gildir ekki um hreyfla eða ökutæki sem notuð eru af björgunarþjónustu eða um hreyfla eða ökutæki sem eru tilgreind í b-lið 3. mgr. 2. gr. í tilskipun 2007/46/EB Viðbragðsþvingandi kerfi fyrir ökumann skal einungis gert óvirkt með varanlegum hætti af framleiðanda hreyfilsins eða ökutækisins.

5.3. **Vægt viðbragðsþvingandi kerfi**

Væga viðbragðsþvingandi kerfið fyrir ökumann skal minnka tiltækt hámarksnúningsvægi hreyfils á öllu snúningshraðasviðinu um 25 % milli hæsta snúningsvægishraða og rofstaðs gangráðs eins og lýst er í 3. viðbæti.

Væga viðbragðsþvingandi kerfið skal virkjað þegar ökutækið er kyrrstætt í fyrsta skipti eftir að aðstæðurnar sem tilgreindar eru í liðum 6.3, 7.3, 8.5 og 9.4 hafa komið upp.

5.4. **Öflugt viðbragðsþvingandi kerfi**

Framleiðandi ökutækisins eða hreyfilsins skal láta setja í þau í það minnsta eitt þeirra öflugu viðbragðsþvingandi kerfa sem lýst er í liðum 5.4.1, 5.4.2 og 5.4.3 sem og kerfið sem byggir á „gert óvirkt við tímamörk“ sem lýst er í lið 5.4.4.

5.4.1. Kerfi sem byggir á „hömlun eftir ræsingu“ skal takmarka hraða ökutækisins við 20 km/klst. (skriðhamur) eftir að slökkt hefur verið á hreyflinum að beiðni ökumanns (lykill ekki í).

5.4.2. Kerfi sem byggir á „gert óvirkt eftir eldsneytisáfyllingu“ skal takmarka hraða ökutækisins við 20 km/klst. (skriðhamur) eftir að magn eldsneytis í eldsneytisgeymi hefur hækkað um mælanlegt magn, sem skal ekki vera meira en 10 % af rúmtaki eldsneytisgeymisins og sem skal samþykkt af viðurkenningaryfirvaldinu á grundvelli tæknilegrar getu eldsneytismælisins og yfirlýsingu af hálfu framleiðandans.

5.4.3. Kerfi sem byggir á „gert óvirkt eftir að ökutæki er lagt“ skal takmarka hraða ökutækisins við 20 km/klst. (skriðhamur) eftir að ökutækið hefur verið kyrrstætt í meira en eina klukkustund.

5.4.4. Kerfi sem byggir á „gert óvirkt við tímamörk“ skal takmarka hraða ökutækisins við 20 km/klst. (skriðhamur) í fyrsta skipti sem ökutækið verður kyrrstætt eftir að hreyfillinn hefur verið í gangi í átta klukkustundir, enda hafi ekkert kerfanna sem lýst er í liðum 5.4.1, 5.4.2 og 5.4.3 verið virkjað áður.

5.5. Viðbragðsþvingandi kerfi fyrir ökumann skal virkjað með þeim hætti sem mælt er fyrir um í liðum 6.3, 7.3, 8.5 og 9.4.

5.5.1. Þegar viðbragðsþvingandi kerfi fyrir ökumann hefur ákvarðað að öfluga viðbragðsþvingandi kerfið skuli virkjað skal væga viðbragðsþvingandi kerfið áfram vera virkt þar til hraði ökutækisins hefur verið takmarkaður við 20 km/klst. (skriðhamur).

5.6. Viðbragðsþvingandi kerfi fyrir ökumann skal gert óvirkt þegar skilyrðin fyrir virkjun þess eru ekki lengur til staðar. Viðbragðsþvingandi kerfi fyrir ökumann skal ekki sjálfkrafa gert óvirkt nema ástæðan fyrir virkjun þess hafi verið lagfærð.

5.7. Upplýsingar um aðferðir við að gera viðbragðsþvingandi kerfi fyrir ökumann virk eða óvirk er að finna í 2. viðbæti.

5.8. Í tengslum við umsókn um gerðarviðurkenningu samkvæmt þessari reglugerð skal framleiðandi sýna fram á virkni viðbragðsþvingandi kerfis fyrir ökumann, eins og tilgreint er í 1. viðbæti.

6. TILTÆKILEIKI VIRKS EFNIS

6.1. **Vísir fyrir virka efnið**

Ökutækið skal vera búið sérstökum vísi á mælaborðinu sem upplýsir ökumanninn með skýrum hætti um stöðu virks efnis í geymslutanki fyrir virkt efni. Vísir fyrir virka skal að lágmarki gefa stöðu virks efnis stöðugt til kynna á meðan viðvörunarkerfið fyrir ökumann, sem vísað er til í 4. lið, er virkt til að gefa til kynna hvort vandamál séu til staðar að því er varðar tiltækileika virks efnis. Vísirinn fyrir virka efnið má vera hliðrænn eða stafrænn og getur sýnt stöðu virks efnis sem hlutfall af heildarrúmtaki geymisins, sem magn virks efnis sem eftir er, eða sem áætlaða akstursvegalengd sem hægt er að aka.

Vísinum fyrir virka efnið skal komið fyrir nálægt eldsneytismælinum.

6.2. **Virkjun viðvörunarkerfis fyrir ökumann**

6.2.1. Viðvörunarkerfið fyrir ökumann sem tilgreint er í 4. lið skal virkjað þegar magn virks efnis er minna en 10 % af rúmtaki geymisins fyrir virka efnið eða hærra hlutfall að vali framleiðanda.

6.2.2. Viðvörunin skal vera nægilega skýr til að ökumaður átti sig á að magn virka efnisins sé lítið. Ef birting skilaboða er hluti af viðvörunarkerfinu skal sjónræna viðvörunin gefa til kynna að magn virks efnis sé lítið. (til dæmis, „lítið magn þvagefnis“, „lítið magn AdBlue“, eða „lítið magn virks efnis“).

6.2.3. Til að byrja með þarf viðvörunarkerfið fyrir ökumann ekki að vera stöðugt í gangi, hins vegar skal virkni þess aukin þannig að það verði stöðugt í gangi þegar magn virks efnis nálgast það að verða mjög lágt hlutfall af rúmtaki geymisins fyrir virka efnið og þegar sú stund nálgast að viðbragðsþvingandi kerfið fyrir ökumann verði virkt. Að lokum skal það leiða til þess að ökumaður fái tilkynningu af því tagi sem framleiðandi ákveður, sem þó skal vera meira áberandi, að nægilega miklu marki, en sá tímapunktur sem viðbragðsþvingandi kerfi fyrir ökumann samkvæmt lið 6.3 verður virkt.

6.2.4. Ekki skal vera auðvelt að gera samfellda viðvörun óvirka eða virða hana að vettugi. Ef birting skilaboða er hluti af viðvörunarkerfinu skal birta afdráttarlaus skilaboð (til dæmis, „fylla á þvagefni“, „fylla á AdBlue“, eða „fylla á virkt efni“). Samfellda viðvörun má rjúfa tímabundið með öðrum viðvörunarmerkjum sem veita mikilvægar öryggistengd skilaboð.

6.2.5. Ekki skal vera mögulegt að slökkva á viðvörunarkerfi fyrir ökumann fyrr en fyllt hefur verið á virka efnið að því marki sem gerir virkjun viðvörunarkerfisins óþarfa.

6.3. **Virkjun viðbragðsþvingandi kerfis fyrir ökumann**

6.3.1. Væga viðbragðsþvingandi kerfið sem lýst er í lið 5.3 skal virkjað ef magn virks efnið í geyminum fyrir virka efnið fer niður fyrir 2,5 % af tilgreindu heildarrúmtaki hans eða hærra hlutfall að vali framleiðanda.

6.3.2. Öfluga viðbragðsþvingandi kerfið sem lýst er í lið 5.4 skal virkjað ef geymirinn fyrir virka efnið er tómur (þ.e. ef skömmtunarkerfið getur ekki sótt meira virkt efni úr geyminum) eða ef magn virks efnis lækkar niður í tiltekið magn fyrir neðan 2,5 % af tilgreindu heildarrúmtaki geymisins, samkvæmt ákvörðun framleiðanda.

6.3.3. Ekki skal vera mögulegt að slökkva á vægu eða öflugu viðbragðsþvingandi kerfi fyrir ökumann fyrr en fyllt hefur verið á virka efnið að því marki sem gerir virkjun kerfanna óþarfa.

7. VÖKTUN Á GÆÐUM VIRKS EFNIS

7.1. Í ökutæki skal vera mögulegt að ákvarða að rangt, virkt efni sé til staðar í ökutækinu.

7.1.1. Framleiðandi skal tilgreina lægsta ásættanlega styrk virks efnis CD_{min}, sem leiðir til þess að losun gegnum útblástursrör fari ekki fram úr viðmiðunarmörkunum sem tilgreind eru í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009.

7.1.1.1. Að því er varðar lið 7.1.1 skal gildið 900 mg/kWh koma í stað tilvísunar í viðmiðunarmörk fyrir losun NO_x sem vísað er til í I. viðauka við reglugerð (EB) 595/2009 meðan á tímabili innleiðingar í áföngum skv. 7. mgr. 4. gr. stendur og ef framleiðandi óskar eftir því.

7.1.1.2. Sýna skal fram á hið rétta gildi CD_{min} þegar gerðarviðurkenning fer fram með aðferðinni sem skilgreind er í 6. viðbæti og skráð í ítarlegu upplýsingamöppuna eins og tilgreint er í 3. gr. og 8. lið I. viðauka.

7.1.2. Styrkur virks efnis sem er lægri en CD_{min} skal greindur og, að því er varðar lið 7.1, teljast vera rangt, virkt efni.

7.1.3. Sérstakur teljari (teljari fyrir gæði virks efnis) skal vakta gæði virks efnis. Teljari fyrir gæði virks efnis skal telja fjölda klukkustunda sem hreyfill hefur verið í gangi með röngu virku efni.

7.1.4. Upplýsingar um viðmiðanir og kerfi til að gera teljara fyrir gæði virks efnis virkan eða óvirkan er að finna í 2. viðbæti.

7.1.5. Upplýsingar frá teljara fyrir gæði virks efnis skulu gerðar aðgengilegar með stöðluðum hætti í samræmi við ákvæði 5. viðbætis.

7.2. **Virkjun viðvörunarkerfis fyrir ökumann**

Ef vöktunarkerfi skynjar eða, eftir því sem við á, staðfestir að gæði virks efnis séu ekki rétt, þá skal viðvörunarkerfið fyrir ökumann sem lýst er í 4. lið virkjað. Ef birting skilaboða er hluti af viðvörunarkerfinu skal birta skilaboð sem tilgreina ástæðu viðvörunarinnar (t.d., „rangt þvagefni greint“, „rangt AdBlue greint“, eða „rangt virkt, efni greint“).

7.3. **Virkjun viðbragðsþvingandi kerfis fyrir ökumann**

7.3.1. Væga viðbragðsþvingandi kerfið sem lýst er í lið 5.3 skal virkjað ef gæði virks efnis eru ekki leiðrétt innan 10 klukkustunda, sem hreyfillinn er í gangi, frá því að viðvörunarkerfi ökumanns sem lýst er í lið 7.2 er virkjað.

7.3.2. Öfluga viðbragðsþvingandi kerfið sem lýst er í lið 5.4 skal virkjað ef gæði virks efnis eru ekki leiðrétt innan 20 klukkustunda, sem hreyfillinn er í gangi, frá því að viðvörunarkerfi ökumanns sem lýst er í lið 7.2 er virkjað.

7.3.3. Lækka skal fjölda klukkustunda áður en viðbragðsþvingandi kerfi eru virkjuð ef um ítrekaða bilun er að ræða, í samræmi við kerfið sem lýst er í 2. viðbæti.

8. VÖKTUN Á NOTKUN VIRKS EFNIS

8.1. Í ökutækinu skal vera búnaður til að ákvarða notkun virks efnis og veita aðgang að notkunarupplýsingum utan ökutækisins.

8.2. **Notkun og skömmtun á virku efni**

8.2.1. Sérstakur teljari skal vakta notkun virks efnis („teljari fyrir notkun virks efnis“) og annar skal vakta skömmtun („skömmtunarteljari“). Þessir teljarar skulu telja fjölda klukkustunda sem hreyfillinn hefur verið í gangi með rangri notkun virks efnis og, eftir því sem við á, truflun á skömmtun virks efnis.

8.2.2. Upplýsingar um viðmiðanir og kerfi til að gera teljara fyrir notkun virks efnis virkan eða óvirkan er að finna í 2. viðbæti við þennan viðauka.

8.2.3. Upplýsingar frá teljurum fyrir notkun virks efnis og skömmtunarteljurum skulu gerðar aðgengilegar með stöðluðum hætti í samræmi við ákvæði 5. viðbætis við þennan viðauka.

8.3. **Vöktunarskilyrði**

8.3.1. Hámarkslengd greiningartímabils fyrir ófullnægjandi notkun virks efnis er 48 klukkustundir eða það tímabil sem jafngildir a.m.k. 15 lítra tilskilinni notkun virks efnis, hvort heldur er lengra.

8.3.2. Í því skyni að fylgjast með notkun á virku efni skal vakta einn af eftirfarandi mæliþáttum í ökutækinu eða hreyflinum hið minnsta:

a) magn virka efnisins í geyminum í ökutækinu,

b) flæði virks efnis eða magn virks efnis sem er sprautað inn eins nálægt innsprautunarstað og tæknilega er mögulegt í eftirmeðferðarkerfi fyrir útblástur.

8.4. **Virkjun viðvörunarkerfis fyrir ökumann**

8.4.1. Viðvörunarkerfið fyrir ökumann sem lýst er í 4. lið skal virkjað ef yfir 20 % frávik er greint milli meðalnotkunar virks efnis og tilskilinnar meðalnotkunar hreyfilkerfisins á virku efni á tímabili sem skilgreint er af framleiðanda, sem skal ekki vera lengra en hámarkstímabilið sem skilgreint er í lið 8.3.1. Ef birting skilaboða er hluti af viðvörunarkerfinu skal það birta skilaboð sem tilgreina ástæðu viðvörunarinnar (til dæmis, „bilun í skömmtun þvagefnis“, „bilun í skömmtun AdBlue“, eða „bilun í skömmtun virks efnis“).

8.4.1.1. Þar til tímabili innleiðingar í áföngum skv. 7. mgr. 4. gr. lýkur skal viðvörunarkerfið fyrir ökumann sem lýst er í 4. lið virkjað ef yfir 50 % frávik er greint milli meðalnotkunar virks efnis og tilskilinnar meðalnotkunar hreyfilkerfisins á virku efni á tímabili sem skilgreint er af framleiðanda, sem skal ekki vera lengra en hámarkstímabilið sem skilgreint er í lið 8.3.1.

8.4.2. Viðvörunarkerfið fyrir ökumann, sem lýst er í 4. lið, skal virkjað ef truflun verður á skömmtun virks efnis. Ef birting skilaboða er hluti af viðvörunarkerfinu skal það birta skilaboð með viðeigandi viðvörun. Virkjun kerfisins er ekki nauðsynleg þegar rafstýrieining hreyfilsins krefst þess vegna þess að notkunarskilyrði ökutækisins eru þannig að skömmtunar virks efnis er ekki krafist fyrir mengunarvarnargetu ökutækisins.

8.5. **Virkjun viðbragðsþvingandi kerfis fyrir ökumann**

8.5.1. Væga viðbragðsþvingandi kerfið sem lýst er í lið 5.3 skal virkjað ef villa í notkun eða truflun á skömmtun virka efnisins er ekki leiðrétt innan 10 klukkustunda, sem hreyfillinn er í gangi, frá því að viðvörunarkerfi ökumanns sem lýst er í liðum 8.4.1 og 8.4.2 er virkjað.

8.5.2. Öfluga viðbragðsþvingandi kerfið sem lýst er í lið 5.4 skal virkjað ef villa í notkun eða truflun á skömmtun virka efnisins er ekki leiðrétt innan 20 klukkustunda, sem hreyfillinn er í gangi, frá því að viðvörunarkerfi ökumanns sem lýst er í liðum 8.4.1 og 8.4.2 er virkjað.

8.5.3. Lækka skal fjölda klukkustunda áður en viðbragðsþvingandi kerfi eru virkjuð ef um ítrekaða bilun er að ræða í samræmi við ferlið sem lýst er í 2. viðbæti.

9. BILANIR Í VÖKTUNARKERFI SEM REKJA MÁ TIL ÞESS AÐ ÁTT HAFI VERIÐ VIÐ KERFIÐ

9.1. Auk magns virks efnis í geymi fyrir virkt efni, gæða virks efnis og notkunar virks efnis skulu eftirfarandi bilanir, sem rekja má til þess að átt hafi verið við kerfið, vaktaðar af kerfinu til að varna því átt sé við það:

a) Virkni útblásturshringrásarloka hindruð,

b) bilanir í vöktunarkerfinu til að varna því að átt sé við það, eins og lýst er í lið 9.2.1.

9.2. **Vöktunarkröfur**

9.2.1. Vakta skal vöktunarkerfið til að varna því að átt sé við það með tilliti til rafmagnsbilana og fjarlægingar eða afvirkjun skynjara sem koma í veg fyrir að það greini nokkrar aðrar bilanir sem um getur í liðum 6 til 8 (íhlutavöktun).

Skynjarar sem hafa áhrif á greiningargetu eru m.a., en ekki eingöngu, þeir sem mæla styrk NO_x beint, skynjarar fyrir gæði þvagefnis, umhverfisskynjarar og skynjarar sem notaðir eru til að vakta skömmtun, magn eða notkun virks efnis.

9.2.2. *Teljari fyrir útblásturshringrásarloka*

9.2.2.1. Sérstakur teljari skal vakta hindraðan útblásturshringrásarloka. Teljari fyrir útblásturshringrásarloka skal telja fjölda klukkustunda, sem hreyfillinn er í gangi, sem staðfest er að greiningarkóði bilana sem tengist hindruðum útblásturshringrásarloka sé virkur.

9.2.2.2. Upplýsingar um viðmiðanir og kerfi til að gera teljara fyrir útblásturshringrásarloka virkan eða óvirkan er að finna í 2. viðbæti við þennan viðauka.

9.2.2.3. Upplýsingar frá teljara fyrir útblásturshringrásarloka skulu gerðar aðgengilegar með stöðluðum hætti í samræmi við ákvæði 5. viðbætis.

9.2.3. *Teljarar fyrir vöktunarkerfi*

9.2.3.1. Sérstakur teljari skal vakta sérhverja bilun í vöktunarkerfi af því tagi sem um getur í b-lið liðar 9.1. Teljarar fyrir vöktunarkerfi skulu telja fjölda klukkustunda, sem hreyfillinn er í gangi, sem staðfest er að greiningarkóði bilana sem tengist bilun í vöktunarkerfi sé virkur. Heimilt er að flokka nokkrar bilanir saman undir einn teljara.

9.2.3.2. Upplýsingar um viðmiðanir til að gera teljara fyrir vöktunarkerfi virka eða óvirka og tengd kerfi er að finna í 2. viðbæti.

9.2.3.3. Upplýsingar frá teljara fyrir vöktunarkerfi skulu gerðar aðgengilegar með stöðluðum hætti í samræmi við ákvæði 5. viðbætis.

9.3. **Virkjun viðvörunarkerfis fyrir ökumann**

Viðvörunarkerfið fyrir ökumann, sem lýst er í 4. lið, skal virkjað ef einhver af þeim bilunum sem tilgreindar eru í lið 9.1 kemur upp, og skal gefa til kynna að viðgerð sé áríðandi. Ef birting skilaboða er hluti af viðvörunarkerfinu skal það birta skilaboð sem tilgreina ástæðu viðvörunarinnar (t.d. „skömmtunarloki virks efnis aftengdur“, eða „alvarleg bilun að því er varðar losun“).

9.4. **Virkjun viðbragðsþvingandi kerfis fyrir ökumann**

9.4.1. Væga viðbragðsþvingandi kerfið sem lýst er í lið 5.3 skal virkjað ef bilun sem tilgreind er í lið 9.1 er ekki leiðrétt innan 36 klukkustunda, sem hreyfillinn er í gangi, frá því að viðvörunarkerfið fyrir ökumann er virkjað samkvæmt lið 9.3.

9.4.2. Öfluga viðbragðsþvingandi kerfið sem lýst er í lið 5.4 skal virkjað ef bilun sem tilgreind er í lið 9.1 er ekki leiðrétt innan 100 klukkustunda, sem hreyfillinn er í gangi, frá því að viðvörunarkerfið fyrir ökumann er virkjað samkvæmt lið 9.3.

9.4.3. Lækka skal fjölda klukkustunda áður en viðbragðsþvingandi kerfi eru virkjuð ef um ítrekaða bilun er að ræða í samræmi við ferlið sem lýst er í 2. viðbæti.

———

1. viðbætir

Sýnikröfur

1. ALMENNT

1.1. Framleiðandi skal láta viðurkenningaryfirvaldi í té tæmandi upplýsingamöppu þar sem færð eru rök fyrir því hvernig kerfið fyrir sértæka afoxun með hvötum uppfyllir kröfur þessa viðauka með tilliti til getu þess til vöktunar og virkjunar viðvörunarkerfis og viðbragðsþvingandi kerfis fyrir ökumann, sem getur m.a. innihaldið eftirfarandi upplýsingar:

a) reiknirit og ákvörðunartöflu,

b) niðurstöður prófana og/eða hermiprófana,

c) tilvísanir í vöktunarkerfi sem áður hafa verið viðurkennd, o.s.frv.

1.2. Sýna skal fram á að kröfur þessa viðauka séu uppfylltar þegar gerðarviðurkenning fer fram með eftirfarandi sýniprófunum, sem skulu framkvæmdar eins og sýnt er í töflu 1 og tilgreint er í þessum viðbæti:

a) sýniprófun á virkjun viðvörunarkerfisins,

b) sýniprófun á virkjun væga viðbragðsþvingandi kerfisins,

c) sýniprófun á virkjun öfluga viðbragðsþvingandi kerfisins.

Tafla 1

Útskýring á því sem felst í sýniprófun í samræmi við ákvæði liða 3, 4 og 5

Fyrirkomulag	Þættir sýniprófunar
Virkjun viðvörunarkerfis skv. 3. lið	a) Fjórar virkjunarprófanir (þ.m.t. skortur á virku efni) b) Viðbótarþættir sýniprófunar, eftir því sem við á
Virkjun vægs viðbragðsþvingandi kerfis skv. 4. lið	a) Tvær virkjunarprófanir (þ.m.t. skortur á virku efni) b) Viðbótarþættir sýniprófunar c) Ein prófun á minnkun snúningsvægis
Virkjun öflugs viðbragðsþvingandi kerfis skv. 5. lið	a) Tvær virkjunarprófanir (þ.m.t. skortur á virku efni) b) Viðbótarþættir sýniprófunar, eftir því sem við á c) Þættir sýniprófunar að því er varðar réttar hreyfingar ökutækis á meðan viðbragðsþvingandi kerfi er virkt

2. HREYFLAHÓPAR EÐA HÓPAR HREYFLA MEÐ INNBYGGÐU GREININGARKERFI

Sýna má fram á að hópur hreyfla eða hópur hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi sé í samræmi við kröfur þessa viðauka með því að prófa einn af hreyflum hópsins sem til athugunar er, að því tilskildu að framleiðandinn sýni viðurkenningaryfirvöldum fram á að vöktunarkerfin, sem nauðsynleg eru til að kröfur þessa viðauka séu uppfylltar, séu sambærileg innan hópsins.


2.1. Sýna má fram á það með því að kynna viðurkenningaryfirvöldum þætti eins og reiknirit, greiningu á virkni, o.s.frv.

2.2. Framleiðandinn velur prófunarhreyfilinn í samráði við viðurkenningaryfirvald. Það getur annað hvort verið stofnhreyfill viðkomandi hóps eða ekki.

2.3. Í tilvikum þar sem hreyflar hreyflahóps tilheyra hópi hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi sem þegar hefur verið gerðarviðurkenndur samkvæmt lið 2.1 (mynd 1) skal litið svo á að sýnt hafi verið fram á að viðkomandi hreyflahópur standist kröfur án frekari prófana, að því tilskildu að framleiðandinn sýni yfirvaldinu fram á að vöktunarkerfin, sem nauðsynleg eru til að kröfur þessa viðauka séu uppfylltar, séu svipuð innan hreyflahópanna og hópa hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi sem til athugunar eru.

Mynd 1

Samræmi hóps hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi sem áður hefur verið sýnt fram á



3. SÝNIPRÓFUN Á VIRKJUN VIÐVÖRUNARKERFISINS

3.1. Sýna skal fram á að viðvörunarkerfið sé í samræmi við kröfur með því að framkvæma eina prófun fyrir hvern bilanaflokk sem vísað er til í liðum 6 til 9 s.s.: skortur á virku efni, lítil gæði virks efnis, lítil notkun virks efnis, bilun íhluta vöktunarkerfis.

3.2. **Val bilana sem prófa skal**

3.2.1. Til að sýna fram á virkjun viðvörunarkerfisins í tilviki rangra gæða virks efnis skal velja virkt efni þar sem styrkur virka innihaldsefnisins er jafnhár eða hærri en lægsti ásættanlegi styrkur virks efnis CD_{min}, sem tilgreindur er af framleiðanda í samræmi við kröfur liðar 7.1.1 í þessum viðauka.

3.2.2. Til að sýna fram á virkjun viðvörunarkerfisins þegar um er að ræða rangan hraða notkunar virks efnis skal nægja að valda truflun á skömmtuninni.

3.2.2.1. Ef sýnt hefur verið fram á virkjun viðvörunarkerfisins með truflun á skömmtuninni skal framleiðandinn að auki leggja fyrir viðurkenningaryfirvaldið gögn eins og reiknirit, greiningu á virkni, niðurstöður fyrri prófana o.s.frv. til að sýna að viðvörunarkerfið sé virkjað rétt ef hraði notkunar virks efnis verður rangur af öðrum völdum.

3.2.3. Til að sýna fram á virkjun viðvörunarkerfisins í tilviki bilana sem rekja má til þess að átt hafi verið við kerfið, sbr. skilgreiningu í 9. lið, skal valið fara fram í samræmi við eftirfarandi kröfur:

3.2.3.1. Framleiðandi skal láta viðurkenningaryfirvaldinu í té lista yfir slíkar hugsanlegar bilanir.

3.2.3.2. Viðurkenningaryfirvald skal velja bilunina sem á að prófa af listanum sem um getur í lið 3.2.3.1.

3.3. **Sýniprófun**

3.3.1. Til að sýna fram á virkjun viðvörunarkerfisins skal framkvæma sérstaka prófun á hverri bilun sem um getur í lið 3.1.

3.3.2. Meðan á prófun stendur skal engin önnur bilun vera til staðar en sú sem á að prófa.

3.3.3. Áður en prófun hefst skal eyða öllum greiningarkóðum bilana.

3.3.4. Með samþykki viðurkenningaryfirvalds og ef framleiðandi óskar eftir því er heimilt að líkja eftir bilunum sem til stendur að prófa.

3.3.5. Í tilviki annarra bilana en skorts á virku efni skal greina viðkomandi bilun, eftir að hún hefur verið framkölluð eða líkt hefur verið eftir henni, í samræmi við lið 7.1.2.2 í viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

3.3.5.1. Greiningarröðin skal stöðvuð eftir að greiningarkóði hinnar völdu bilunar hefur fengið stöðuna „staðfest og virk“.

3.3.6. Til að sýna fram á virkjun viðvörunarkerfisins í tilviki skorts á virku efni skal hafa hreyfilkerfið í gangi í eina eða fleiri vinnslulotur að ákvörðun framleiðanda.

3.3.6.1. Í upphafi prófunarinnar skal magn virks efnis í geyminum vera það sem framleiðandi og viðurkenningaryfirvald koma sér saman um, en þó ekki minna en 10 % af tilgreindu rúmtaki geymisins.

3.3.6.2. Viðvörunarkerfið er talið hafa verið virkjað rétt ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt samtímis:

a) viðvörunarkerfið hefur verið virkjað með tiltæku magni virks efnis sem er 10 % eða meira af rúmtaki geymisins fyrir virka efnið og greiningarkóði bilunarinnar hefur fengið stöðuna „staðfest og virk“,

b) „samfellda“ viðvörunarkerfið hefur verið virkjað með tiltæku magni virks efnis sem er jafnt eða hærra en gildið sem framleiðandi gefur upp í samræmi við ákvæði 6. liðar.

3.4. Sýniprófun á virkjun viðvörunarkerfisins telst vera lokið ef viðvörunarkerfið hefur verið virkjað með réttum hætti og greiningarkóði hinnar völdu bilunar hefur fengið stöðuna „staðfest og virk“ í lok hverrar sýniprófunar sem framkvæmd er samkvæmt lið 3.2.1.

4. SÝNIPRÓFUN Á VIÐBRAGÐSÞVINGANDI KERFI

4.1. Sýniprófun á viðbragðsþvingandi kerfinu skal fara fram með prófunum sem framkvæmdar eru á prófunarbekk hreyfils.

4.1.1. Í því skyni skal tengja við hreyfilkerfið alla aðra ökutækjaíhluti eða undirkerfi, á borð við umhverfishitaskynjara, skynjara fyrir áfyllingarstöðu og viðvörunar- og upplýsingakerfi ökumanns, sem nauðsynleg eru til að framkvæma sýniprófanir, eða líkja eftir þeim með þeim hætti sem viðurkenningaryfirvaldið telur fullnægjandi.

4.1.2. Að vali framleiðanda og með samþykki viðurkenningaryfirvalds má framkvæma sýniprófun á fullbúnu ökutæki, annað hvort með því að koma ökutækinu fyrir á hentugum prófunarbekk eða með því að keyra það á prófunarbraut við stýrðar aðstæður.

4.2. Prófunarröðin skal sýna fram á virkjun viðbragðsþvingandi kerfisins í tilviki skorts á virku efni og í tilviki bilunar sem skilgreind er í liðum 7, 8 eða 9.

4.3. Í tengslum við slíka sýniprófun,

a) skal viðurkenningaryfirvald velja, auk skorts á virku efni, eina af bilununum sem skilgreindar eru í liðum 7, 8 eða 9 sem áður hafa verið notaðar við sýniprófun viðvörunarkerfisins,

b) skal framleiðanda vera heimilt, með samþykki viðurkenningaryfirvalds, að líkja eftir ákveðnum fjölda notkunarstunda,

c) má sýniprófa lækkun snúningsvægis, sem þörf er á til að ná fram vægri viðbragðsþvingun, á sama tíma og almenna viðurkenningarferlið á afköstum hreyfilsins fer fram samkvæmt þessari reglugerð. Í þessu tilfelli þarf ekki að mæla snúningsvægi sérstaklega við sýniprófun viðbragðsþvingandi kerfisins. Sú hraðatakmörkun sem nauðsynleg er til að ná fram öflugri viðbragðsþvingun skal sýniprófuð í samræmi við kröfur 5. liðar.

4.4. Framleiðandi skal að auki sýna fram á starfsemi viðbragðsþvingandi kerfisins við þau bilanaskilyrði sem skilgreind eru í liðum 7, 8 eða 9 og ekki hafa verið valin til notkunar í sýniprófunum af því tagi sem lýst er í liðum 4.1, 4.2 og 4.3. Þessar viðbótarsýniprófanir má framkvæma með því að kynna viðurkenningaryfirvaldinu tæknileg gögn á borð við reiknirit, greiningar á virkni og niðurstöður fyrri prófa.

4.4.1. Þessar viðbótarsýniprófanir skulu einkum sýna viðurkenningaryfirvöldum fram á, þannig að þau telji viðunandi, að rafstýrieining hreyfilsins hafi að geyma rétta útfærslu á lækkun snúningsvægis

4.5. **Sýniprófun væga viðbragðsþvingandi kerfisins**

4.5.1. Þessi sýniprófun hefst þegar viðvörunarkerfið, eða viðeigandi „samfellt“ viðvörunarkerfi, hefur verið virkjað vegna þess að það hefur greint bilun, sem valin er af viðurkenningaryfirvaldinu.

4.5.2. Þegar verið er að kanna viðbrögð kerfisins við skorti á virku efni í geyminum skal keyra hreyfilkerfið þar til tiltækt magn virks efnis er komið niður í 2,5 % af tilgreindu heildarrúmtaki geymisins eða gildið sem framleiðandi hefur tilgreint að væga viðbragðsþvingandi kerfið skuli virkjað við í samræmi við lið 6.3.1.

4.5.2.1. Með samþykki viðurkenningaryfirvalds getur framleiðandi líkt eftir samfelldri keyrslu með útdrætti virka efnisins úr geyminum, annað hvort á meðan hreyfillinn er í gangi eða ekki.

4.5.3. Þegar verið er að kanna viðbrögð kerfisins við öðrum bilunum en skorti á virku efni í geyminum skal keyra hreyfilkerfið í viðeigandi fjölda notkunarstunda samkvæmt töflu 2 í 2. viðbæti eða, að vali framleiðanda, þar til viðkomandi teljari hefur náð gildinu sem væga viðbragðsþvingandi kerfið er virkjað við.

4.5.4. Sýnt hefur verið fram á virkjun væga viðbragðsþvingandi kerfisins ef framleiðandi hefur sýnt viðurkenningaryfirvaldi fram á að rafstýrieining hreyfilsins hafi virkjað kerfið fyrir snúningsvægislækkun í lok hverrar sýniprófunar sem framkvæmd er samkvæmt liðum 4.5.2 og 4.5.3.

4.6. **Sýniprófun öfluga viðbragðsþvingandi kerfisins**

4.6.1. Þessi sýniprófun skal hefjast eftir að væga viðbragðsþvingandi kerfið hefur verið virkjað og hana má framkvæma sem framhald prófana sem framkvæmdar eru til að sýna fram á virkni væga viðbragðsþvingandi kerfisins.

4.6.2. Þegar verið er að kanna viðbrögð kerfisins við skorti á virku efni í geyminum skal keyra hreyfilkerfið þar til geymirinn fyrir virka efnið er orðinn tómur (þ.e. þar til skömmtunarkerfið getur ekki sótt meira virkt efni úr geyminum) eða hefur náð tilteknu marki fyrir neðan 2,5 % af tilgreindu heildarrúmtaki geymisins sem framleiðandinn hefur gefið upp að öfluga viðbragðsþvingandi kerfið verði virkjað við.

4.6.2.1. Með samþykki viðurkenningaryfirvalds getur framleiðandi líkt eftir samfelldri keyrslu með útdrætti virka efnisins úr geyminum, annað hvort á meðan hreyfillinn er í gangi eða ekki.

4.6.3. Þegar verið er að kanna viðbrögð kerfisins við bilun sem er ekki af völdum skorts á virku efni í geyminum skal keyra hreyfilkerfið í viðeigandi fjölda notkunarstunda samkvæmt töflu 2 í 2. viðbæti eða, að vali framleiðanda, þar til viðkomandi teljari hefur náð gildinu sem væga viðbragðsþvingandi kerfið er virkjað við.

4.6.4. Sýnt hefur verið fram á virkjun öfluga viðbragðsþvingandi kerfisins ef framleiðandi hefur sýnt gerðarviðurkenningaryfirvaldi fram á að nauðsynlegur hraðatakmörkunarbúnaður ökutækisins hafi verið virkjaður í lok hverrar sýniprófunar sem framkvæmd er samkvæmt liðum 3.6.2 og 3.6.3.

5. SÝNIPRÓFUN Á HRAÐATAKMÖRKUN ÖKUTÆKIS Í KJÖLFAR VIRKJUNAR ÖFLUGA VIÐBRAÐGSÞVINGANDI KERFISINS

5.1. Sýniprófun á hraðatakmörkun ökutækis í kjölfar virkjunar öfluga viðbragðsþvingandi kerfisins skal fara fram með því að kynna viðurkenningaryfirvaldi tæknileg gögn á borð við reiknirit, greiningar á virkni og niðurstöður fyrri prófa.

5.1.1. Að vali framleiðanda og með samþykki viðurkenningaryfirvalds má framkvæma sýniprófun hraðatakmörkunar ökutækis á fullbúnu ökutæki, í samræmi við kröfurnar í lið 5.4. annað hvort með því að koma ökutækinu fyrir á hentugum prófunarbekk eða með því að keyra það á prófunarbraut við stýrðar aðstæður.

5.2. Þegar framleiðandi sækir um viðurkenningu hreyfils eða hreyflahóps sem aðskilinnar tæknieiningar skal hann láta viðurkenningaryfirvaldinu í té gögn sem sýna að upplýsingamappan varðandi ísetningu samrýmist ákvæðum liðar 2.2.4 varðandi ráðstafanir sem eiga að tryggja að ökutækið uppfylli kröfur þessa viðauka varðandi öfluga viðbragðsþvingun þegar það er notað á vegum eða annars staðar eftir því sem við á.

5.3. Ef viðurkenningaryfirvald telur að gögnin sem framleiðandi afhendir og varða rétta virkni öfluga viðbragðsþvingandi kerfisins séu ófullnægjandi geta þau óskað eftir sýniprófun eins dæmigerðs ökutækis til að staðfesta rétta virkni kerfisins. Sýniprófun ökutækisins skal framkvæmd í samræmi við kröfurnar í lið 5.4.

5.4. **Frekari sýniprófun til að staðfesta áhrifin sem virkjun öfluga viðbragðsþvingandi kerfisins hefur á ökutækið**

5.4.1. Þessa sýniprófun skal framkvæma að beiðni viðurkenningaryfirvalds ef það telur að gögnin sem framleiðandi afhendir og varða rétta virkni öfluga viðbragðsþvingandi kerfisins séu ófullnægjandi. Framkvæma skal sýniprófunina við fyrsta tækifæri með samþykki viðurkenningaryfirvalds.

5.4.2. Framleiðandinn skal velja eina af bilununum sem skilgreindar eru í liðum 6 til 9 og hún sett inn í eða líkt eftir henni í hreyfilkerfinu í samráði við viðurkenningaryfirvöld.

5.4.3. Framleiðandinn skal skapa aðstæður sem valda virkjun væga viðbragðsþvingandi kerfisins án þess að öfluga viðbragðsþvingandi kerfið sé virkjað.

5.4.4. Ökutækið skal keyrt þar til teljarinn sem tengist hinni völdu bilun hefur náð viðeigandi fjölda notkunarstunda samkvæmt töflu 2 í 2. viðbæti eða, eftir því sem við á, þar til geymirinn fyrir virka efnið er annað hvort orðinn tómur eða hefur náð tilteknu marki fyrir neðan 2,5 % af tilgreindu heildarrúmtaki geymisins sem framleiðandinn hefur valið að virkja öfluga viðbragðsþvingandi kerfið við.

5.4.5. Ef framleiðandinn hefur valið aðferðina „gert óvirkt eftir endurræsingu“ sem vísað er til í lið 5.4.1 skal ökutækið keyrt til loka yfirstandandi vinnslulotu, sem verður m.a. að sýna að ökutækið sé fært um að fara hraðar en 20 km/klst. Eftir endurræsingu skal hraði ökutækisins takmarkaður við 20 km/klst. að hámarki.

5.4.6. Ef framleiðandinn hefur valið aðferðina „gert óvirkt eftir eldsneytisáfyllingu“ sem vísað er til í lið 5.4.1 skal ökutækið keyrt stutta vegalengd, að vali framleiðanda, eftir að því hefur verið komið í þannig ástand að nóg rými sé eftir í geyminum til að hægt sé að fylla á það með því magni af eldsneyti sem skilgreint er í lið 5.4.2. Við notkun ökutækisins fyrir eldsneytisáfyllingu skal m.a. sýna fram á að það sé fært um að fara hraðar en 20 km/klst. Eftir að fyllt hefur verið á ökutækið með því magni af eldsneyti sem skilgreint er í lið 5.4.2 skal hraði þess takmarkaður við 20 km/klst. að hámarki.

5.4.7. Ef framleiðandinn hefur valið aðferðina „gert óvirkt eftir að lagt er“ sem vísað er til í lið 5.4.3 skal ökutækið stöðvað eftir að það hefur verið keyrt stutta vegalend, að vali framleiðanda, sem er nægilega löng til að sýna fram á að ökutækið sé fært um að fara hraðar en 20 km/klst. Eftir að ökutækið hefur verið kyrrstætt í yfir eina klukkustund skal hraði þess takmarkaður við 20 km/klst. að hámarki.

———

2. viðbætir

Lýsing á því hvernig viðvörunar- og viðbragðsþvingandi kerfi fyrir ökumann eru virkjuð og gerð óvirk.

1. Til uppfyllingar kröfunum sem tilgreindar eru í þessum viðauka varðandi virkjunar- og afvirkjunarferli viðvörunar- og viðbragðsþvingandi kerfa ökumanns eru í þessum viðbæti tilgreindar tæknikröfur varðandi framkvæmd þessara virkjunar- og afvirkjunarferla í samræmi við ákvæði X. viðauka varðandi innbyggð greiningarkerfi.

Allar skilgreiningar sem notaðar eru í X. viðauka gilda í þessum viðbæti.

2. VIRKJUNAR- OG AFVIRKJUNARFERLI VIÐVÖRUNARKERFIS FYRIR ÖKUMANN

2.1. Viðvörunarkerfið fyrir ökumann skal virkjað þegar greiningarkóði bilunar sem réttlætir virkjun þess hefur fengið stöðuna sem skilgreind er í töflu 1.

Tafla 1

Virkjun viðvörunarkerfis fyrir ökumann

Tegund bilunar	Staða greiningarkóða bilana við virkjun viðvörunarkerfis
Léleg gæði virks efnis	staðfest og virk
Lítil notkun virks efnis	hugsanleg (ef skynjuð eftir 10 klst.) hugsanleg eða staðfest og virk
Engin skömmtun	staðfest og virk
Hindraður útblásturshringrásarloki	staðfest og virk
Bilun í vöktunarkerfi	staðfest og virk

2.1.1. Ef teljarinn sem tengist viðkomandi bilun sýnir ekki núll, og gefur þar með til kynna að vaktarinn hafi greint aðstæður þar sem bilunin kann að hafa orðið í annað eða síðara skipti, þá skal viðvörunarkerfi ökumanns virkjað þegar greiningarkóði bilana hefur stöðuna „hugsanleg“.

2.2. Viðvörunarkerfi ökumanns skal gert óvirkt þegar greiningarkerfið kemst að þeirri niðurstöðu að bilunin sem viðvörunin varðar sé ekki lengur til staðar eða þegar upplýsingum, að meðtöldum greiningarkóðum sem varða bilanir sem réttlæta virkjun þess, er eytt af skönnunartæki.

2.2.1 *Upplýsingum um bilanir eytt með skönnunartæki*

2.2.1.1. Eyðing upplýsinga, þ.m.t. greiningarkóða sem varða bilanir sem réttlæta virkjun ökumannsviðvörunar og tengdra gagna, með skönnunartæki skal framkvæmd í samræmi við viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

2.2.1.2. Einungis skal vera hægt að eyða upplýsingum um bilanir við skilyrðin „slökkt á hreyfli“.

2.2.1.3. Þegar upplýsingum um bilanir, þ.m.t. greiningarkóðum bilana, er eytt skal ekki eyða nokkrum teljara sem tengist viðkomandi bilunum og tilgreindur er í þessum viðauka sem teljari sem ekki má eyða.

3. VIRKJUNARFERLI OG FERLI VIÐ AÐ GERA VIÐBRAÐGSÞVINGANDI KERFI FYRIR ÖKUMANN ÓVIRKT

3.1. Viðbragðsþvingandi kerfi fyrir ökumann skal virkjað þegar viðvörunarkerfi ökumanns er virkt og teljarinn, sem varðar þá gerð bilunar sem réttlætir virkjun þess, hefur náð gildinu sem tilgreint er í töflu 2.

3.2. Viðbragðsþvingandi kerfi fyrir ökumann skal gert óvirkt þegar kerfið skynjar ekki lengur bilun sem réttlætir virkjun þess, eða ef upplýsingum, þ.m.t. greiningarkóðum bilana, um bilanir sem réttlæta virkjun þess hefur verið eytt með skönnunartæki eða viðhaldstæki.

3.3. Viðvörunar- og viðbragðsþvingandi kerfi ökumanns skulu þegar í stað virkjuð eða gerð óvirk eftir því sem við á í samræmi við ákvæði 6. liðar að loknu mati á magni virks efnis í geymi fyrir virkt efni. Í því tilfelli skal virkjun kerfanna eða það að þau séu gerð óvirk ekki ráðast af stöðu neins tengds greiningarkóða bilana.

4. FYRIRKOMULAG TELJARA

4.1. **Almennt**

4.1.1. Til að uppfylla kröfur þessa viðauka skal kerfið innihalda fjóra teljara hið minnsta sem skrá fjölda klukkustunda sem hreyfillinn hefur verið í notkun á meðan kerfið hefur skynjað einhverja eftirfarandi bilana:

a) röng gæði virks efnis,

b) röng notkun virks efnis,

c) truflun á skömmtun virks efnis,

d) hindraður úblásturshringrásarloki,

e) bilun í vöktunarkerfi af því tagi sem skilgreind er í b-lið í lið 9.1.

4.1.2. Sérhver þessara teljara skal telja upp að hámarksgildinu sem tveggja bæta teljari gefur með einnar klukkustundar upplausn, og skal halda því gildi þar til skilyrði fyrir því að teljarinn verði aftur stilltur á núll eru uppfyllt.

4.1.3. Framleiðandi má nota einn eða fleiri teljara fyrir vöktunarkerfið.

Einn teljari má telja uppsafnaðan fjölda klukkustunda sem tvær eða fleiri mismunandi bilanir, sem falla undir þá gerð teljara, eru til staðar.

4.1.3.1. Ef framleiðandi ákveður að nota fleiri en einn teljara fyrir vöktunarkerfið skal kerfið vera fært um að fela sérstökum teljara fyrir vöktunarkerfið að vakta hverja bilun sem fellur undir þá gerð teljara, í samræmi við þennan viðauka.

4.2. **Meginregla um virkni teljara**

4.2.1. Sérhver teljari skal virka sem hér segir:

4.2.1.1. Ef byrjað er frá núlli skal teljarinn byrja að telja um leið og bilun, sem fellur undir þann teljara, er greind og samsvarandi greiningarkóði bilana hefur fengið stöðuna sem lýst er í töflu 1.

4.2.1.2. Teljarinn skal hætta að telja og halda gildi sínu ef stakur vöktunaratburður á sér stað og bilunin, sem upphaflega olli því að teljarinn var virkjaður, greinist ekki lengur eða ef biluninni hefur verið eytt með skönnunartæki eða viðhaldstæki.

4.2.1.2.1. Ef teljarinn hættir að telja á meðan öfluga viðbragðsþvingandi kerfið er virkt skal honum haldið í gildinu sem skilgreint er í töflu 2.

4.2.1.2.2. Ef um stakan teljara fyrir vöktunarkerfi er að ræða skal teljarinn halda áfram að telja ef bilun sem fellur undir þann teljara hefur verið greind og samsvarandi greiningarkóði bilana hefur stöðuna „staðfest og virk“. Hann skal hætta að telja og halda gildinu sem tilgreint er í lið 4.2.1.2, eða 4.2.1.2.1 eftir því sem við á, ef engin bilun sem réttlætir virkjun teljarans er greind eða ef öllum bilunum, sem falla undir þann teljara, hefur verið eytt með skönnunartæki eða viðhaldstæki.

Tafla 2

Teljarar og viðbragðsþvingun


	Staða greiningarkóða bilana við fyrstu virkjun teljara	Gildi teljara við væga viðbragðs-þvingun	Gildi teljara við öfluga við-bragðsþvingun	Gildi teljara fryst strax að lokinni öflugri viðbragðs-þvingun
Teljari fyrir gæði virks efnis	staðfest og virk	10 klukkustundir	20 klukkustundir	18 klukkustundir
Teljari fyrir notkun virks efnis	hugsanleg eða staðfest og virk (sjá töflu 1)	10 klukkustundir	20 klukkustundir	18 klukkustundir
Skömmtunarteljari	staðfest og virk	10 klukkustundir	20 klukkustundir	18 klukkustundir
Teljari fyrir útblástursshringrásarloka	staðfest og virk	36 klukkustundir	100 klukkustundir	95 klukkustundir
Teljari fyrir vöktunarkerfi	staðfest og virk	36 klukkustundir	100 klukkustundir	95 klukkustundir

4.2.1.3. Eftir að teljari hefur verið frystur skal stilla hann aftur á núll þegar vaktararnir sem tengjast þeim teljara hafa lokið a.m.k. einni vöktunarlotu án þess að þeir hafi greint bilun og ef engin bilun sem fellur undir umræddan teljara hefur verið greind í 36 klukkustundir, sem hreyfillinn er í gangi, frá því að gildi teljarans var síðast fryst (sjá mynd 1).

4.2.1.4. Teljarinn skal halda áfram að telja frá frysta gildinu ef bilun sem fellur undir þann teljara er greind á meðan teljarinn er frosinn (sjá mynd 1).

Mynd 1

Endurvirkjun og núllstilling teljara eftir að gildi hans hefur verið fryst



5. VIRKJUNARFERLI- OG FERLI VIÐ AÐ GERA TELJARA ÓVIRKAN SKÝRÐ

5.1. Í þessum lið eru virkjunarferli og ferli við að gera teljara óvirkan sýnd með nokkrum dæmigerðum tilfellum. Myndirnar og lýsingarnar í liðum 4.2, 4.3 og 4.4 eru einungis settar fram til skýringar á ákvæðum þessa viðauka og ætti hvorki að nota þær sem dæmi um kröfur þessarar reglugerðar né afdráttarlausar yfirlýsingar um ferlin sem um ræðir. Til einföldunar er t.d. ekki tekið fram í dæmunum að neðan að þegar viðbragðsþvingandi kerfið er virkt er viðvörunarkerfið einnig virkt.

5.2. Mynd 2 sýnir virkni virkjunarferla og ferla við að gera teljara óvirka þegar tiltækileiki virks efnis er vaktaður í fimm tilfellum:

a) notkunartilfelli 1: ökumaður heldur áfram að nota ökutækið þrátt fyrir viðvörun þar til notkun ökutækisins er hindruð,


b) viðgerðartilfelli 1 („fullnægjandi“ áfylling): ökumaður fyllir á geyminn með virka efninu þar til magn virks efnis er komið upp fyrir 10 % mörkin. Viðvörun og viðbragðsþvingun eru gerðar óvirkar.

c) viðgerðartilfelli 2 og 3 („ófullnægjandi“ áfylling): Viðvörunarkerfið er virkjað. Viðvörunarstigið fer eftir magni tiltæks virks efnis,

d) viðgerðartilfelli 4 („afar ófullnægjandi“ áfylling): Væg viðbragðsþvingun er virkjuð þegar í stað.

Mynd 2

Tiltækileiki virks efnis



5.3. Mynd 3 sýnir þrjú tilfelli rangra þvagefnagæða:


a) notkunartilfelli 1: ökumaður heldur áfram að nota ökutækið þrátt fyrir viðvörun þar til notkun ökutækisins er hindruð,

b) viðgerðartilfelli 1 („léleg" eða „óheiðarleg" viðgerð): ökumaður breytir gæðum virks efnis eftir að notkun ökutækisins er hindruð, en skiptir því fljótlega aftur út fyrir virkt efni sem hefur léleg gæði. Viðbragðsþvingandi kerfið er endurvirkjað þegar í stað og notkun ökutækisins er hindruð eftir að hreyfillinn hefur verið í gangi í tvær klukkustundir,

c) viðgerðartilfelli 2 („góð" viðgerð): ökumaður leiðréttir gæði virks efnis eftir að notkun ökutækisins er hindruð. Nokkru síðar fyllir hann hins vegar aftur á geyminn með virku efni sem hefur léleg gæði. Viðvörunar-, viðbragðsþvingandi og teljaraferlin byrja aftur frá núlli.

Mynd 3

Áfylling virks efnis sem hefur léleg gæði



5.4. Mynd 4 sýnir þrjú tilfelli bilana í skömmtunarkerfinu fyrir þvagefni. Myndin sýnir einnig ferlið sem ber að fylgja ef vöktunarbilanir af því tagi sem lýst er í 9. lið koma upp.


a) Notkunartilfelli 1: ökumaður heldur áfram að nota ökutækið þrátt fyrir viðvörun þar til notkun ökutækisins er hindruð.

b) Viðgerðartilfelli 1 („góð“ viðgerð): ökumaður gerir við skömmtunarkerfið eftir að notkun ökutækisins er hindruð. Nokkru síðar bilar skömmtunarkerfið hins vegar aftur. Viðvörunar-, viðbragðsþvingandi og teljaraferlin byrja aftur frá núlli.

c) Viðgerðartilfelli 2 („léleg“ viðgerð): ökumaður gerir við skömmtunarkerfið á meðan væga viðbragðsþvingandi kerfið er virkt (minnkun snúningsvægis). Skömmu síðar bilar skömmtunarkerfið hins vegar aftur. Væga viðbragðsþvingandi kerfið er endurvirkjað þegar í stað og teljarinn byrjar aftur að telja frá gildinu sem hann hafði þegar viðgerðin fór fram.

Mynd 4


Bilun í skömmtunarkerfi fyrir virka efnið



3. viðbætir

Kerfi fyrir lækkun snúningsvægis að því er varðar væga viðbragðsþvingun

Þessi mynd skýrir ákvæði liðar 5.3 um minnkun snúningsvægis.



4. viðbætir

Rétt ísetning í ökutæki sýnd ef um er að ræða hreyfla sem eru EB-gerðarviðurkenndir sem aðskildar tæknieiningar

Þessi viðbætir gildir þegar framleiðandi ökutækis óskar eftir EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki með viðurkenndan hreyfil að því er varðar losun og aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis í samræmi við þessa reglugerð og reglugerð (EB) nr. 595/2009.

Í slíku tilfelli þarf að sýna fram á rétta ísetningu, til viðbótar ísetningarkröfum I. viðauka. Þessa sýniprófun skal framkvæma með því að kynna viðurkenningaryfirvaldinu tæknileg gögn á borð við verkfræðilegar teikningar, greiningar á virkni og niðurstöður fyrri prófa.

Þar sem það á við og ef framleiðandi kýs mega gögnin sem lögð eru fram taka til ísetninga kerfa og íhluta í raunveruleg ökutæki eða ökutæki sem líkt er eftir, að því tilskildu að framleiðandi geti lagt fram gögn sem sýna að slíkar ísetningar gefi rétta mynd af gæðunum sem náð verður í framleiðslunni.

Við sýniprófunina skal því svarað hvort eftirfarandi þættir standist kröfur þessa viðauka:

a) ísetning í ökutækið með tilliti til þess hvort hún samrýmist hreyfilkerfinu (vélbúnaður, hugbúnaður og samskipti),

b) viðvörunar- og viðbragðsþvingandi kerfi (t.d. táknmyndir, virkjunarferli o.s.frv.),

c) geymirinn fyrir virka efnið og þeir hlutir (t.d. skynjarar) sem festir eru á ökutæki í því skyni að uppfylla kröfur þessa viðauka.

Athuga má hvort virkjun viðvörunar- og viðbragðsþvingandi kerfa, upplýsingageymslukerfa og innri og ytri samskiptakerfa virki rétt. Ekki skal vera þörf á að taka hreyfilkerfið eða íhluti úr ökutækinu við athugun slíkra kerfa, né skal slík athugun gera prófun óþarflega erfiða með því að útheimta ferli á borð við að gæðum þvagefnis sé breytt eða að ökutæki eða hreyfill séu höfð í gangi í langan tíma. Til þess að lágmarka álag á framleiðendur ökutækja skulu þessi kerfi athuguð með rofi á raftengingu og því að líkt er eftir teljurum með mikinn fjölda notkunarstunda ef það er mögulegt.

———

5. viðbætir

Aðgangur að „upplýsingum um NO_x-varnarráðstafanir“

1. Í þessum viðbæti er lýst forskriftunum sem leyfa aðgang að upplýsingum sem þörf er á til að kanna ástand ökutækis með tilliti til réttrar virkni NO_x-varnarkerfisins (upplýsingar um NO_x-varnarráðstafanir).

2. AÐGANGSAÐFERÐIR

2.1. Einungis skal veita „upplýsingar um NO_x-varnarráðstafanir“ í samræmi við staðalinn eða staðlana sem fylgt er þegar upplýsingar um hreyfilkerfi eru sóttar úr innbyggða greiningarkerfinu.

2.2. Aðgangur að „upplýsingum um NO_x-varnarráðstafanir“ skal ekki háður neinum aðgangskóða eða öðru tæki eða aðferð sem einungis er hægt að fá frá framleiðanda eða birgjum framleiðanda. Túlkun slíkra upplýsinga skal ekki krefjast neinna sérhæfðra eða einstæðra afkóðunarupplýsinga, nema þær upplýsingar séu öllum aðgengilegar.

2.3. Það skal vera mögulegt að sækja allar „upplýsingar um NO_x-varnarráðstafanir“ úr kerfinu með aðgangsaðferðinni sem notuð er til að sækja upplýsingar úr innbyggðu greiningarkerfi í samræmi við X. viðauka.

2.4. Það skal vera mögulegt að sækja allar „upplýsingar um NO_x-varnarráðstafanir“ úr kerfinu með prófunarbúnaðinum sem notaður er til að sækja upplýsingar úr innbyggðu greiningarkerfi í samræmi við X. viðauka.

2.5. „Upplýsingar um NO_x-varnarráðstafanir“ skulu vera aðgengilegar með „lesaðgangi eingöngu“ (þ.e. ekki skal vera mögulegt að hreinsa, endurstilla, eyða eða breyta neinum gögnum).

3. INNIHALD UPPLÝSINGA

3.1. „Upplýsingar um NO_x-varnarráðstafanir“ skulu a.m.k. innihalda eftirfarandi:

a) verksmiðjunúmer ökutækis,

b) stöðu viðvörunarkerfis (virkt, óvirkt),

c) stöðu væga viðbragðsþvingandi kerfisins (virkt, virkjað, óvirkt),

d) stöðu öfluga viðbragðsþvingandi kerfisins (virkt, virkjað, óvirkt),

e) fjölda upphitunarlota og fjölda notkunarstunda hreyfils síðan skráðar „upplýsingar um NO_x-varnarráðstafanir“ voru síðast hreinsaðar,

f) þær gerðir teljara sem varða þennan viðauka (teljarar fyrir gæði virks efnis, notkun virks efnis, skömmtunarkerfis, útblásturshringrásarloka, vöktunarkerfis) og fjölda notkunarstunda hreyfils sem hver þessara teljara sýnir; ef margir teljarar eru notaðir skal gildið sem miðað er við að því er varðar „upplýsingar um NO_x-varnarráðstafanir“ vera hæsta gildi hvers teljara sem tengist biluninni sem til athugunar er,

g) greiningarkóða bilana sem falla undir þennan viðauka og stöðu þeirra („hugsanleg“, „staðfest og virk“, o.s.frv.).

———

6. viðbætir

Lægsti ásættanlegi styrkur virks efnis sýndur CD_{min}

1. Framleiðandi skal sýna fram á rétt gildi CD_{min} þegar gerðarviðurkenning fer fram með því að framkvæma heita hluta WHTC-lotu í samræmi við ákvæði viðauka 4B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 með virku efni með lægsta styrk CD_{min}.

2. Prófunin skal fara fram í kjölfar viðeigandi formeðhöndlunarlotu þannig að lokað NO_x-varnarkerfi geti aðlagast gæðum virka efnisins með lægsta styrk CD_{min}.

3. Losun mengunarefna sem á sér stað við prófunina skal vera undir losunarmörkum liða 7.1.1 og 7.1.1.1 í þessum viðauka.

———

XIV. VIÐAUKI

MÆLING Á NETTÓAFLI HREYFILS

1. INNGANGUR

1.1. Í þessum viðauka eru settar fram kröfur varðandi mælingu á nettóafli hreyfils.

2. ALMENNT

2.1. Almennu forskriftirnar varðandi framkvæmd prófana og túlkun á niðurstöðum skulu vera þær sem settar eru fram í 5. þætti reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 85, með þeim undantekningum sem tilgreindar eru í þessum viðauka.

2.1.1. Mæling nettóafls samkvæmt þessum viðauka skal framkvæmd á öllum hreyflum hreyflahóps.

2.2. **Prófunareldsneyti**

2.2.1. Í tilviki rafkveikjuhreyfla sem knúnir eru bensíni eða E85 ber að skilja lið 5.2.3.1 reglugerðar efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 85 þannig:

Eldsneytið, sem er notað, skal vera markaðseldsneyti. Komi upp ágreiningur skal eldsneytið vera viðeigandi viðmiðunareldsneyti sem tilgreint er í IX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011. Í stað ofangreindra tegunda eldsneytis má nota þær tegundir viðmiðunareldsneytis sem skilgreindar eru af samhæfingarráði Evrópu fyrir þróun prófana á smurolíum og eldsneyti fyrir hreyfla (hér eftir „CEC"), þegar um er að ræða bensínknúna hreyfla sem tilgreindir eru í CEC skjölum RF-01-A-84 og RF-01-A-85.

2.2.2. Ef um er að ræða rafkveikjuhreyfla sem knúnir eru fljótandi jarðolíugasi:

2.2.2.1 Í tilviki hreyfils sem lagar sig sjálfvirkt að eldsneytinu ber að skilja lið 5.2.3.2.1 reglugerðar efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 85 þannig:

Eldsneytið, sem er notað, skal vera markaðseldsneyti. Komi upp ágreiningur skal eldsneytið vera viðeigandi viðmiðunareldsneyti sem tilgreint er í IX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011. Í stað ofangreindra tegunda viðmiðunareldsneytis má nota þær tegundir viðmiðunareldsneytis sem tilgreindar eru í 8. viðauka við þessa reglugerð.

2.2.2.2. Í tilviki hreyfils sem ekki lagar sig sjálfvirkt að eldsneytinu ber að skilja lið 5.2.3.2.2 reglugerðar efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 85 þannig:

Nota skal það viðmiðunareldsneyti sem tilgreint er í IX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011 eða þær gerðir viðmiðunareldsneytis, sem tilgreindar eru í 8. viðauka við þessa reglugerð, sem eru með lægsta C_3-innihaldið, eða

2.2.3. Ef um er að ræða rafkveikjuhreyfla sem knúnir eru jarðgasi:

2.2.3.1. Í tilviki hreyfils sem lagar sig sjálfvirkt að eldsneytinu ber að skilja lið 5.2.3.3.1 reglugerðar efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 85 þannig:

Eldsneytið, sem er notað, skal vera markaðseldsneyti. Komi upp ágreiningur skal eldsneytið vera viðeigandi viðmiðunareldsneyti sem tilgreint er í IX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011. Í stað ofangreindra tegunda viðmiðunareldsneytis má nota þær tegundir viðmiðunareldsneytis sem tilgreindar eru í 8. viðauka við þessa reglugerð.

2.2.3.2. Í tilviki hreyfils sem ekki lagar sig sjálfvirkt að eldsneytinu ber að skilja lið 5.2.3.3.2 reglugerðar efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 85 þannig:

Eldsneytið, sem er notað, skal vera markaðseldsneyti með Wobbe-stuðul sem er a.m.k. 52,6 MJm^{-3} (20 °C, 101,3 kPa). Komi upp ágreiningur skal eldsneytið, sem er notað, vera viðmiðunareldsneytið G_R sem er tilgreint í IX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011.

2.2.3.3. Í tilviki hreyfils sem er merktur sérstökum eldsneytisflokkum ber að skilja lið 5.2.3.3.3 reglugerðar efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 85 þannig:

Eldsneytið, sem er notað, skal vera markaðseldsneyti með Wobbe-stuðul sem er a.m.k. 52,6 MJm^{-3} (20 °C, 101,3 kPa) ef hreyfillinn er merktur gasflokki H, eða a.m.k. 47,2 MJm^{-3} (20 °C, 101,3 kPa) ef hreyfillinn er merktur gasflokki L. Komi upp ágreiningur skal eldsneytið, sem er notað, vera viðmiðunareldsneytið G_R sem tilgreint er í X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011 ef hreyfillinn er merktur gasflokki H, eða viðmiðunareldsneytið G_{23} ef hreyfillinn er merktur gasflokki L, þ.e. eldsneytið með hæsta Wobbe-stuðulinn fyrir viðkomandi flokk, eða

2.2.4. Í tilviki þjöppukveikjuhreyfla skal liður 5.2.3.4 reglugerðar efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 85 vera svohljóðandi:

Eldsneytið, sem er notað, skal vera markaðseldsneyti. Komi upp ágreiningur skal eldsneytið vera viðeigandi viðmiðunareldsneyti sem tilgreint er í IX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011. Í stað framangreinds viðmiðunareldsneytis er heimilt að nota viðmiðunareldsneyti sem skilgreint er af CEC fyrir þjöppukveikjuhreyfla í CEC skjali RF-03-A-84.

2.3. **Búnaður sem hreyfill knýr**

Kröfur um hreyfilknúinn búnað eru mismunandi í reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 85 (aflprófun) annars vegar og reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 hins vegar (losunarprófun).

2.3.1. Ákvæði 5. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 85 varðandi prófunarskilyrði og aukabúnað skulu gilda um mælingu nettóafls hreyfils.

2.3.2. Ákvæði 6. liðar viðauka 4B og 7. viðbætis við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 um afl hreyfla skulu gilda um losunarprófun sem framkvæmd er með aðferðunum sem lýst er í III. viðauka við þessa reglugerð.

———

XV. VIÐAUKI

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 595/2009

Í stað I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009 komi eftirfarandi:

„I. VIÐAUKI

Losunarmörk samkvæmt Euro VI

	Viðmiðunarmörk							
	CO (mg/kWh)	Heildarmagn vetniskolefna (mg/kWh)	NMHC (mg/kWh)	CH_4 (mg/kWh)	NO_x ([1]) (mg/kWh)	NH_3 (milljónar-hlutar)	Massi efnisagna (mg/kWh)	Fjöldi efnisagna ([2]) (#/kWh)
WHSC-prófun (CI)	1500	130			400	10	10	$8{,}0 \times 10^{11}$
WHTC-prófun (CI)	4000	160			460	10	10	$6{,}0 \times 10^{11}$
WHTC-prófun (PI)	4000		160	500	460	10	10	[3]

PI = rafkveikja.
CI = þjöppukveikja
([1]) Skilgreina má leyfilegt gildi fyrir efnisþátt köfnunarefnistvíoxíðs í viðmiðunarmörkum köfnunarefnisoxíðs síðar.
([2]) Taka skal upp nýja mæliaðferð fyrir 31. desember 2012.
([3]) Taka skal upp viðmiðunarmörk fyrir fjölda efnisagna fyrir 31. desember 2012.“

XVI. VIÐAUKI

BREYTINGAR Á TILSKIPUN 2007/46/EB

Tilskipun 2007/46/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi liður 3.2.1.11 bætist við:

„3.2.1.11. (Euro VI eingöngu) Tilvísanir framleiðanda í upplýsingamöppuna sem krafist er skv. 5., 7. og 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 582/2011 og gera viðurkenningaryfirvaldi kleift að meta mengunarvarnaraðferðir og kerfin sem eru innbyggð í hreyfil til að tryggja rétta virkni NO_x-varnarráðstafana“,

b) Í stað liðar 3.2.2.2 komi eftirfarandi:

„3.2.2.2. Þung ökutæki: Dísilolía/bensín/fljótandi jarðolíugas/jarðgas í H-flokki/jarðgas í L-flokki/jarðgas í HL-flokki/etanól (ED95)/etanól (E85) ([1]) ([6])“,

c) eftirfarandi liður 3.2.2.2.1 bætist við:

„3.2.2.2.1. (Euro VI eingöngu) Tegundir eldsneytis sem framleiðandinn hefur gefið upp að megi knýja hreyfilinn með í samræmi við lið 1.1.2 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011 (eins og við á)“,

d) eftirfarandi liður 3.2.8.3.3 bætist við:

„3.2.8.3.3. (Euro VI eingöngu) Raunverulegur undirþrýstingur í inntaki við nafnsnúningshraða hreyfils og við 100 % álag á ökutækið: kPa“,

e) eftirfarandi liður 3.2.9.2.1 bætist við:

„3.2.9.2.1. (Euro VI eingöngu) Lýsing og/eða teikning þeirra hluta útblásturskerfisins sem eru ekki hluti af hreyfilkerfinu“,

f) eftirfarandi liður 3.2.9.3.1 bætist við:

„3.2.9.3.1. (Euro VI eingöngu) Raunverulegur bakþrýstingur útblásturs við nafnsnúningshraða hreyfils og 100 % álag á ökutækið (einungis fyrir hreyfla með þjöppukveikju): ..... kPa“,

g) eftirfarandi liður 3.2.9.7.1 bætist við:

„3.2.9.7.1. (Euro VI eingöngu) Leyfilegt rúmtak útblásturskerfis: ..... dm^3“,

h) eftirfarandi liður 3.2.12.1.1 bætist við:

„3.2.12.1.1. (Euro VI eingöngu) Búnaður til að endurvinna loft úr sveifarhúsi: já/nei ([2])

Ef já, lýsing og teikningar:

Ef nei, samræmi við V. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 582/2011 nauðsynlegt“,

i. eftirfarandi málsliður bætist við í lið 3.2.12.2.6.8.1:

„(á ekki við um Euro VI)“,

j) eftirfarandi liður 3.2.12.2.6.8.1.1 bætist við:

„3.2.12.2.6.8.1.1. (Euro VI eingöngu) Fjöldi WHTC-prófunarlota án endurnýjunar (n):“,

k) eftirfarandi málsliður bætist við í lið 3.2.12.2.6.8.2:

„(á ekki við um Euro VI)“,

l) eftirfarandi liður 3.2.12.2.6.8.2.1 bætist við:

„3.2.12.2.6.8.2.1. (Euro VI eingöngu) Fjöldi WHTC-prófunarlota með endurnýjun (n_R)“,

m) eftirfarandi liðir 3.2.12.2.6.9 og 3.2.12.2.6.9.1 bætist við:

„3.2.12.2.6.9. Önnur kerfi: já/nei ([1])

3.2.12.2.6.9.1. Lýsing og vinnsluháttur“,

n) eftirfarandi liðir 3.2.12.2.7.0.1 til 3.2.12.2.7.0.8 bætist við:

„3.2.12.2.7.0.1. (Euro VI eingöngu) Fjöldi hópa hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi innan hreyflahópsins

3.2.12.2.7.0.2. Skrá yfir hreyflahópa með innbyggðu greiningarkerfi (þar sem við á)

3.2.12.2.7.0.3. Númer hreyflahóps með innbyggðu greiningarkerfi sem stofnhreyfill/hreyfill innan hreyflahóps tilheyrir:

3.2.12.2.7.0.4. Tilvísun framleiðanda í skjöl varðandi innbyggð greiningarkerfi sem krafist er samkvæmt c-lið 4. mgr. 5. gr. og 4. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 582/2011 og tilgreind eru í X. viðauka við þá reglugerð að því er varðar viðurkenningu innbyggðra greiningarkerfa

3.2.12.2.7.0.5. Þar sem við á, tilvísun framleiðanda í skjöl um ísetningu hreyfils sem er búinn innbyggðu greiningarkerfi í ökutæki

3.2.12.2.7.0.6. Þar sem við á, tilvísun framleiðanda í upplýsingamöppu varðandi ísetningu innbyggðs greiningarkerfis viðurkennds hreyfils í ökutæki

3.2.12.2.7.0.7. Skrifleg lýsing og/eða teikning af bilanavísi ([6])

3.2.12.2.7.0.8. Skrifleg lýsing og/eða teikning af skilfleti fyrir samskipti milli ytra umhverfis og innbyggða greiningarkerfisins ([6])“,

o) eftirfarandi liðir 3.2.12.2.7.6.5, 3.2.12.2.7.7 og 3.2.12.2.7.7.1 bætist við:

„3.2.12.2.7.6.5. (Euro VI eingöngu) Staðall fyrir samskiptareglur innbyggðra greiningarkerfa: ([4])

3.2.12.2.7.7. (Euro VI eingöngu) Tilvísun framleiðanda í upplýsingar varðandi innbyggð greiningarkerfi sem krafist er samkvæmt d-lið 4. mgr. 5. gr. og 4. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 582/2011 þannig að ákvæði um aðgang að innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis séu uppfyllt, eða

3.2.12.2.7.7.1. Í stað tilvísunar framleiðanda sem um getur í lið 3.2.12.2.7.7, tilvísun í fylgiskjal upplýsingaskjalsins sem er að finna í 4. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011, sem inniheldur eftirfarandi töflu, eftir að hún hefur verið fyllt út í samræmi við uppgefið dæmi:

Íhlutur — Bilanakóði — Vöktunaraðferð — Viðmiðanir fyrir bilanagreiningu — Viðmiðanir fyrir virkjun bilanavísis — Annars stigs mæliþættir — Formeðhöndlun — Tilraunaprófun

Hvarfakútur — P0420 — Merki frá súrefnisskynjara 1 og 2 — Mismunur á merkjum frá skynjara 1 og 2 — Þriðja lota — Snúningshraði, álag hreyfils, A/F hamur, hiti í hvarfakút — Tvær lotur af gerð 1 — Gerð 1“,

p) eftirfarandi liðir 3.2.12.2.8.1 til 3.2.12.2.8.8.3 bætist við:

„3.2.12.2.8.1. (Euro VI eingöngu) Kerfi sem tryggja rétta virkni NO_x-varnarráðstafana

3.2.12.2.8.2. (Euro VI eingöngu) Hreyfill þar sem viðbragðsþvingandi kerfi fyrir ökumann hefur verið varanlega afvirkjað, sem notaður er af björgunarþjónustu eða í ökutækjum sem tilgreind eru í b-lið 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2007/46/EB: já/nei

3.2.12.2.8.3. (Euro VI eingöngu) Fjöldi hreyflahópa með innbyggðu greiningarkerfi innan hreyflahópsins sem er skoðaður í því skyni að tryggja rétta virkni NO_x-varnarráðstafana

3.2.12.2.8.4. (Euro VI eingöngu) Skrá yfir hreyflahópa með innbyggðu greiningarkerfi (þar sem við á)

3.2.12.2.8.5. (Euro VI eingöngu) Númer hreyflahóps með innbyggðu greiningarkerfi sem stofnhreyfill/hreyfill innan hreyflahóps tilheyrir:

3.2.12.2.8.6. (Euro VI eingöngu) Lægsti styrkur virka innhaldsefnisins í virka efninu sem virkjar ekki viðvörunarkerfið (CD_{min}): (% rúmmál)

3.2.12.2.8.7. (Euro VI eingöngu) Þar sem við á, tilvísun framleiðanda í skjöl um ísetningu kerfa sem tryggja rétta virkni NO_x-varnarráðstafana í ökutæki

3.2.12.2.8.8. Íhlutir kerfa í ökutæki sem tryggja rétta virkni NO_x-varnarráðstafana

3.2.12.2.8.8.1. Virkjun skriðhams:

„gert óvirkt eftir endurræsingu“/„gert óvirkt eftir eldsneytisáfyllingu“/„gert óvirkt eftir að ökutæki er lagt“ ([7])

3.2.12.2.8.8.2. Þar sem við á, tilvísun framleiðanda í upplýsingamöppu varðandi ísetningu kerfis viðurkennds hreyfils sem tryggir rétta virkni NO_x-varnarráðstafana í ökutæki

3.2.12.2.8.8.3. Skrifleg lýsing og/eða teikning viðvörunarmerkis ([6])“,

q) eftirfarandi liðir 3.2.17.8.1.0.1 og 3.2.17.8.1.0.2 bætist við:

„3.2.17.8.1.0.1. ..... (Euro VI eingöngu) Sjálfvirk aðlögun? já/nei ([1])

3.2.17.8.1.0.2. (Euro VI eingöngu) Kvörðun fyrir tiltekna samsetningu gass, jarðgas í H-flokki/jarðgas í L-flokki/jarðgas í HL-flokki ([1])

Umbreyting fyrir tiltekna samsetningu gass, jarðgas í H_t-flokki/jarðgas í L_t-flokki/jarðgas í HL_t-flokki ([1])“,

r) eftirfarandi liðir 3.5.4 til 3.5.5.2 bætist við:

„3.5.4. Koltvísýringslosun hreyfla í þungum ökutækjum (Euro VI eingöngu)

3.5.4.1. Massi koltvísýringslosunar í WHSC-prófun ..... g/kWh

3.5.4.2. Massi koltvísýringslosunar í WHTC-prófun: ..... g/kWh

3.5.5. Eldsneytisnotkun hreyfla í þungum ökutækjum (Euro VI eingöngu)

3.5.5.1. Eldsneytisnotkun í WHSC-prófun: ..... g/kWh

3.5.5.2. Eldsneytisnotkun í WHTC-prófun: ..... g/kWh“

2) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á A-þætti í I. hluta III. viðauka:

a) eftirfarandi liður 3.2.1.11 bætist við:

„3.2.1.11. (Euro VI eingöngu) Tilvísanir framleiðanda í upplýsingamöppuna sem krafist er skv. 5., 7. og 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 582/2011 og gera viðurkenningaryfirvaldi kleift að meta mengunarvarnaraðferðir og kerfin sem eru innbyggð í hreyfil til að tryggja rétta virkni NO_x-varnarráðstafana“,

b) Í stað liðar 3.2.2.2 komi eftirfarandi:

„3.2.2.2 Þung ökutæki: Dísilolía/bensín/fljótandi jarðolíugas/jarðgas í H-flokki/jarðgas í L-flokki/jarðgas í HL-flokki/etanól (ED95)/etanól (E85) ([1]) ([6])“,

c) eftirfarandi liður 3.2.2.2.1 bætist við:

„3.2.2.2.1. (Euro VI eingöngu) Tegundir eldsneytis sem framleiðandinn hefur gefið upp að megi knýja hreyfilinn með í samræmi við lið 1.1.3 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011 (eins og við á)“,

d) eftirfarandi liður 3.2.8.3.3 bætist við:

„3.2.8.3.3. (Euro VI eingöngu) Raunverulegur undirþrýstingur í inntaki við nafnsnúningshraða hreyfils og við 100 % álag á ökutækið: kPa“,

e) eftirfarandi liður 3.2.9.2.1 bætist við:

„3.2.9.2.1. (Euro VI eingöngu) Lýsing og/eða teikning þeirra hluta útblásturskerfisins sem eru ekki hluti af hreyfilkerfinu“,

f) eftirfarandi liður 3.2.9.3.1 bætist við:

„3.2.9.3.1. (Euro VI eingöngu) Raunverulegur bakþrýstingur útblásturs við nafnsnúningshraða hreyfils og 100 % álag á ökutækið (einungis fyrir hreyfla með þjöppukveikju): ..... kPa“,

g) eftirfarandi liður 3.2.9.7.1 bætist við:

„3.2.9.7.1. (Euro VI eingöngu) Leyfilegt rúmtak útblásturskerfis: ..... dm^3“,

h) eftirfarandi liður 3.2.12.1.1 bætist við:

„3.2.12.1.1. (Euro VI eingöngu) Búnaður til að endurvinna loft úr sveifarhúsi: já/nei ([2])

Ef já, lýsing og teikningar:

Ef nei, samræmi við V. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 582/2011 nauðsynlegt“,

i. eftirfarandi liðir 3.2.12.2.6.9 og 3.2.12.2.6.9.1 bætist við:

„3.2.12.2.6.9. Önnur kerfi: já/nei ([1])

3.2.12.2.6.9.1. Lýsing og vinnsluháttur“,

j) eftirfarandi liðir 3.2.12.2.7.0.1 til 3.2.12.2.7.0.8 bætist við:

„3.2.12.2.7.0.1. (Euro VI eingöngu) Fjöldi hópa hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi innan hreyflahópsins

3.2.12.2.7.0.2. (Euro VI eingöngu) Skrá yfir hreyflahópa með innbyggðu greiningarkerfi (þar sem við á)

3.2.12.2.7.0.3. (Euro VI eingöngu) Númer hreyflahóps með innbyggðu greiningarkerfi sem stofnhreyfill/hreyfill innan hreyflahóps tilheyrir:

3.2.12.2.7.0.4. (Euro VI eingöngu) Tilvísun framleiðanda í skjöl varðandi innbyggð greiningarkerfi sem krafist er samkvæmt c-lið 4. mgr. 5. gr. og 4. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 582/2011 og tilgreind eru í X. viðauka við þá reglugerð að því er varðar viðurkenningu innbyggðra greiningarkerfa

3.2.12.2.7.0.5. (Euro VI eingöngu) Þar sem við á, tilvísun framleiðanda í skjöl um ísetningu hreyfils sem er búinn innbyggðu greiningarkerfi í ökutæki

3.2.12.2.7.0.6. (Euro VI eingöngu) Þar sem við á, tilvísun framleiðanda í upplýsingamöppu varðandi ísetningu innbyggðs greiningarkerfis viðurkennds hreyfils í ökutæki

3.2.12.2.7.0.7. (Euro VI eingöngu) Skrifleg lýsing og/eða teikning bilanavísis ([6])

3.2.12.2.7.0.8. (Euro VI eingöngu) Skrifleg lýsing og/eða teikning skilflatar fyrir samskipti milli ytra umhverfis og innbyggða greiningarkerfisins ([6])“,

k) eftirfarandi liðir 3.2.12.2.7.6.5, 3.2.12.2.7.7 og 3.2.12.2.7.7.1 bætist við:

„3.2.12.2.7.6.5. .....(Euro VI eingöngu) Staðall fyrir samskiptareglur innbyggðra greiningarkerfa: ([4])

3.2.12.2.7.7. (Euro VI eingöngu) Tilvísun framleiðanda í upplýsingar varðandi innbyggð greiningarkerfi sem krafist er samkvæmt d-lið 4. mgr. 5. gr. og 4. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 582/2011 þannig að ákvæði um aðgang að innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis séu uppfyllt, eða

3.2.12.2.7.7.1. Í stað tilvísunar framleiðanda sem um getur í lið 3.2.12.2.7.7, tilvísun í fylgiskjal upplýsingaskjalsins sem er að finna í 4. viðbæti III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011, sem inniheldur eftirfarandi töflu, eftir að hún hefur verið fyllt út í samræmi við uppgefið dæmi:

Íhlutur — Bilanakóði — Vöktunaraðferð — Viðmiðanir fyrir bilanagreiningu — Viðmiðanir fyrir virkjun bilanavísis — Annars stigs mæliþættir — Formeðhöndlun — Tilraunaprófun

Hvarfakútur — P0420 — Boð frá súrefnisskynjara 1 og 2 — Mismunur milli boða frá skynjara 1 og 2 — Þriðja lota — Snúningshraði, álag hreyfils, A/F hamur, hiti í hvarfakút — Tvær lotur af gerð 1 — Gerð 1“,

l) eftirfarandi liðir 3.2.12.2.8.1 til 3.2.12.2.8.8.3 bætist við:

„3.2.12.2.8.1. (Euro VI eingöngu) Kerfi sem tryggja rétta virkni NO_x-varnarráðstafana

3.2.12.2.8.2. (Euro VI eingöngu) Hreyfill þar sem viðbragðsþvingandi kerfi fyrir ökumann hefur verið varanlega afvirkjað, sem notaður er af björgunarþjónustu eða í ökutækjum sem tilgreind eru í b-lið 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2007/46/EB: já/nei

3.2.12.2.8.3. (Euro VI eingöngu) Fjöldi hreyflahópa með innbyggðu greiningarkerfi innan hreyflahópsins sem er skoðaður í því skyni að tryggja rétta virkni NO_x-varnarráðstafana

3.2.12.2.8.4. (Euro VI eingöngu) Skrá yfir hreyflahópa með innbyggðu greiningarkerfi (þar sem við á)

3.2.12.2.8.5. (Euro VI eingöngu) Númer hreyflahóps með innbyggðu greiningarkerfi sem stofnhreyfill/hreyfill innan hreyflahóps tilheyrir:

3.2.12.2.8.6. (Euro VI eingöngu) Lægsti styrkur virka innhaldsefnisins í virka efninu sem virkjar ekki viðvörunarkerfið (CD_{min}): (% rúmmál)

3.2.12.2.8.7. (Euro VI eingöngu) Þar sem við á, tilvísun framleiðanda í skjöl um ísetningu kerfa sem tryggja rétta virkni NO_x-varnarráðstafana í ökutæki

3.2.12.2.8.8. Íhlutir kerfa í ökutæki sem tryggja rétta virkni NO_x-varnarráðstafana

3.2.12.2.8.8.1. Virkjun skriðhams:

„gert óvirkt eftir endurræsingu“/„gert óvirkt eftir eldsneytisáfyllingu“/„gert óvirkt eftir að ökutæki er lagt“ ([7])

3.2.12.2.8.8.2. Þar sem við á, tilvísun framleiðanda í upplýsingamöppu varðandi ísetningu kerfis viðurkennds hreyfils sem tryggir rétta virkni NO_x-varnarráðstafana í ökutæki

3.2.12.2.8.8.3. Skrifleg lýsing og/eða teikning viðvörunarmerkis ([6])“,

m) eftirfarandi liðir 3.2.17.8.1.0.1 og 3.2.17.8.1.0.2 bætist við:

„3.2.17.8.1.0.1. ..... (Euro VI eingöngu) Sjálfvirk aðlögun? Já/Nei [(1)]

3.2.17.8.1.0.2. (Euro VI eingöngu) Kvörðun fyrir tiltekna samsetningu gass, jarðgas í H-flokki/jarðgas í L-flokki/jarðgas í HL-flokki ([1])

Umbreyting fyrir tiltekna samsetningu gass, jarðgas í H_t-flokki/jarðgas í L_t-flokki/jarðgas í HL_t-flokki ([1])“,

n) eftirfarandi liðir 3.5.4 til 3.5.5.2 bætist við:

„3.5.4. (Euro VI eingöngu) Koltvísýringslosun hreyfla í þungum ökutækjum

3.5.4.1. (Euro VI eingöngu) Massi koltvísýringslosunar í WHSC-prófun: ..... g/kWh

3.5.4.2. (Euro VI eingöngu) Massi koltvísýringslosunar í WHTC-prófun: ..... g/kWh

3.5.5. (Euro VI eingöngu) Eldsneytisnotkun hreyfla í þungum ökutækjum

3.5.5.1. (Euro VI eingöngu) Eldsneytisnotkun í WHSC-prófun: ..... g/kWh

3.5.5.2. (Euro VI eingöngu) Eldsneytisnotkun í WHTC-prófun: ..... g/kWh“

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2012/2/ESB **2013/EES/9/02**

frá 9. febrúar 2012

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virku efnunum kopar(II)oxíði, kopar(II)hýdroxíði og basísku koparkarbónati við í I. viðauka við hana (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna([1]), einkum annarri undirgrein 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna([2]) er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB. Sú skrá nær yfir kopar(II)oxíð, kopar(II)hýdroxíð og basískt koparkarbónat fyrir notkun í sæfiefnaflokki 8, viðarvarnarefni, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun.

2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1457/2007 hefur kopar(II) oxíð, kopar(II)hýdroxíð og basískt koparkarbónat verið metið í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í sæfiefnaflokki 8.

3) Frakkland var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 10. maí 2007 varðandi kopar(II) oxíð, 19. febrúar 2008 varðandi kopar(II)hýdroxíð og 10. maí 2007 og 19. febrúar 2008 varðandi basískt koparkarbónat, í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslur lögbæru yfirvaldanna. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu á fundi fastanefndarinnar um sæfiefni 22. september 2011.

5) Mat hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfiefni, sem eru notuð sem viðarvarnarefni og innihalda kopar(II)oxíð, kopar(II)hýdroxíð eða basískt koparkarbónat, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB. Því er rétt að bæta kopar(II)oxíði, kopar(II)hýdroxíði og basísku koparkarbónati við í I. viðauka við þá tilskipun.

6) Ekki hefur verið tekin afstaða til allrar hugsanlegrar notkunar á vettvangi Evrópusambandsins. Það er því viðeigandi að krefjast þess að aðildarríkin meti þá notkun eða þær sviðsmyndir af váhrifum og þá áhættu fyrir hópa manna og umhverfishólf sem ekki fékk tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu, sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins, og við veitingu leyfis fyrir sæfiefnum skulu þau sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar eða sérstök skilyrði sett til að draga úr þeirri áhættu, sem greinst hefur, svo að viðunandi teljist.

7) Í ljósi þeirrar áhættu fyrir heilbrigði manna sem greinst hefur er rétt að krefjast þess að settar séu öruggar verklagsreglur um sæfiefni, sem innihalda kopar(II)oxíð, kopar(II)hýdroxíð eða basískt koparkarbónat, sem eru leyfð til notkunar í iðnaði og að notaðar séu viðeigandi persónuhlífar við notkun þessara sæfiefna nema hægt sé að sýna fram á það í umsókn um leyfi fyrir sæfiefninu að unnt sé að draga á annan hátt úr áhættu fyrir notendur í iðnaði þannig að áhættan verði ekki meiri en svo að við megi una.

8) Einnig var lagt mat á kopar(II)hýdroxíð og basískt koparkarbónat við notkun með böðun og í ljósi þeirrar áhættu fyrir heilbrigði manna sem greinst hefur skal ekki heimila þá notkun nema gögn séu lögð fram sem sýna fram á að sæfiefnið uppfylli kröfur 5. gr. og VI. viðauka, ef nauðsyn krefur með beitingu viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu. Að því er varðar kopar(II)oxíð var ekki lagt mat á notkun þess með böðun og af kröfunni, sem um getur í 6. forsendu, leiðir að ekki er hægt að leyfa sæfiefni til slíkrar notkunar nema aðildarríki, sem veitir leyfið, leggi mat á það.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 37, 10.2.2012, bls. 60. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 15.

([1]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.

9) Í ljós kom óviðunandi áhætta fyrir umhverfið þegar um er að ræða við sem er meðhöndlaður með kopar(II) oxíði, kopar(II)hýdroxíði eða basísku koparkarbónati og notaður í mannvirki utanhúss nálægt eða yfir vatni („bryggju“ sviðsmyndin í notkunarflokki 3 eins og hann er skilgreindur af Efnahags- og framfarastofnuninni ([3])). Að því er varðar basískt koparkarbónat og kopar(II) oxíð kom einnig í ljós óviðunandi áhætta við notkun á meðhöndluðum við sem er í snertingu við ferskvatn (notkunarflokkur 4b eins og hann er skilgreindur af Efnahags- og framfarastofnuninni). Því er rétt að krefjast þess að ekki skuli leyfa sæfiefni til að meðhöndla við, sem ætlaður er til slíkrar notkunar, nema gögn séu lögð fram sem sýna fram á að sæfiefnið uppfylli kröfur bæði 5. gr. og VI. viðauka við tilskipun 98/8/EB, ef nauðsyn krefur með beitingu viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu. Að því er varðar kopar(II)hýdroxíð var ekki lagt mat á notkun þess á við í snertingu við ferskvatn og af kröfunni, sem um getur í 6. forsendu, leiðir að ekki er hægt að leyfa sæfiefni til slíkrar notkunar nema aðildarríki, sem veitir leyfið, leggi mat á það.

10) Í ljósi þeirrar áhættu sem greinst hefur fyrir vatnsræn umhverfishólf og jarðveginn er rétt að krefjast þess að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt eftir meðhöndlun undir skýli eða á ógagndræpu, hörðu undirlagi, eða hvort tveggja, og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllu því efni, sem notað er sem viðarvarnarefni og inniheldur kopar(II)oxíð, kopar(II)hýdroxíð eða basískt koparkarbónat, sem fer til spillis.

11) Ákvæðum þessarar tilskipunar skal beitt á sama tíma í öllum aðildarríkjum til að tryggja jafna meðferð fyrir sæfiefni, sem innihalda virka efnið kopar(II) oxíð, kopar(II)hýdroxíð eða basískt koparkarbónat, á markaði Sambandsins og einnig til að greiða fyrir því að markaðurinn fyrir sæfiefni starfi rétt.

12) Áður en virkt efni er skráð í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB skal veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem af þessu hljótast og til að tryggja að umsækjendur, sem hafa tekið saman málsskjöl, geti notið til fulls ávinnings af tíu ára gagnaverndartímabilinu sem hefst á skráningardegi í samræmi við ii. lið c-liðar 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 98/8/EB.

13) Að lokinni færslu á skrá skal veita aðildarríkjunum hæfilegan frest til að hrinda í framkvæmd 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB.

14) Því ber að breyta tilskipun 98/8/EB til samræmis við það.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfiefni.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 98/8/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. janúar 2013.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. febrúar 2014.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

([3]) OECD series on emission scenario documents, Number 2, Emission Scenario Document for Wood Preservatives (röð skjala Efnahags- og framfarastofnunarinnar varðandi losunarsviðsmyndir, nr. 2, losunarsviðsmynd fyrir viðarvarnarefni), 2. hluti, bls. 64.

VIÐAUKI

Eftirfarandi færslur bætast við í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB:

Nr.	Almennt heiti	IUPAC-heiti, auðkennisnúmer	Lágmarks-hreinleiki virks efnis í sæfiefninu við setningu á markað	Dagsetning færslu á skrá	Lokadagur til að uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr. (nema um sé að ræða sæfiefni sem innihalda fleiri en eitt virkt efni en þá er lokadagur til að uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr. sá dagur sem tilgreindur er í síðustu ákvörðuninni um að færa á skrá sem varðar virku efnin)	Færsla á skrá gildir til og með	Sæfiefna-flokkur	Sértæk ákvæði([1])
„50	Kopar-hýdroxíð	Kopar(II)hýdroxíð EB-nr: 243-815-9 CAS-nr.: 20427-59-2	965 g/kg	1. febrúar 2014	31. janúar 2016	31. janúar 2024	8	Þegar aðildarríkin meta umsókn um leyfi fyrir sæfiefni í samræmi við 5. gr. og VI. viðauka skulu þau meta, þegar við á fyrir tiltekið sæfiefni, þá notkun eða þær sviðsmyndir af váhrifum og þá áhættu fyrir hópa manna og umhverfishólf sem ekki fékk tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Aðildarríkin skulu sjá til þess að leyfi séu háð eftirfarandi skilyrðum: 1) Ekki skal heimila sæfiefnin til notkunar með böðun nema gögn hafi verið lögð fram í umsókninni um leyfi fyrir sæfiefninu sem sýna fram á að umsóknin uppfylli kröfur 5. gr. og VI. viðauka, ef nauðsyn krefur með beitingu viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu. 2) Við notkun á sæfiefnum, sem eru leyfð til notkunar í iðnaði, skal innleiða öruggar verklagsreglur og nota viðeigandi persónuhlífar nema hægt sé að sýna fram á það í umsókn um leyfi fyrir sæfiefninu að unnt sé að draga á annan hátt úr áhættu fyrir notendur í iðnaði þannig að áhættan verði ekki meiri en svo að við megi una. 3) Á merkimiðum og, ef þau eru í boði, öryggisblöðum fyrir sæfiefni, sem leyfð hafa verið til notkunar, skal m.a. koma fram að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt eftir meðhöndlun undir skýli eða á ógagndræpu, hörðu undirlagi, eða hvort tveggja, til þess að koma í veg fyrir að efnið sígi beint út í jarðveg eða vatn og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllu því efni sem fer til spillis. 4) Ekki skal leyfa sæfiefni til að meðhöndla við, sem nota á í mannvirki utanhúss nálægt eða yfir vatni, nema gögn hafi verið lögð fram sem sýna fram á að sæfiefnið uppfylli skilyrði 5. gr. og VI. viðauka, ef nauðsyn krefur með beitingu viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu.

Nr.	Almennt heiti	IUPAC-heiti, auðkennisnúmer	Lágmarks-hreinleiki virks efnis í sæfiefninu við setningu á markað	Dagsetning færslu á skrá	Lokadagur til að uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr. (nema um sé að ræða sæfiefni sem innihalda fleiri en eitt virkt efni en þá er lokadagur til að uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr. sá dagur sem tilgreindur er í síðustu ákvörðuninni um að færa á skrá sem varðar virku efnin)	Færsla á skrá gildir til og með	Sæfiefna-flokkur	Sértæk ákvæði([1])
51	Kopar(II) oxíð	Kopar(II)oxíð EB-nr: 215-269-1 CAS-nr.: 1317-38-0	976 g/kg	1. febrúar 2014	31. janúar 2016	31. janúar 2024	8	Þegar aðildarríkin meta umsókn um leyfi fyrir sæfiefni í samræmi við 5. gr. og VI. viðauka skulu þau meta, þegar við á fyrir tiltekið sæfiefni, þá notkun eða þær sviðsmyndir af váhrifum og þá áhættu fyrir hópa manna og umhverfishólf sem ekki fékk tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Aðildarríkin skulu sjá til þess að leyfi séu háð eftirfarandi skilyrðum: 1) Við notkun á sæfiefnum, sem eru leyfð til notkunar í iðnaði, skal innleiða öruggar verklagsreglur og nota viðeigandi persónuhlífar nema hægt sé að sýna fram á það í umsókn um leyfi fyrir sæfiefninu að unnt sé að draga á annan hátt úr áhættu fyrir notendur í iðnaði þannig að áhættan verði ekki meiri en svo að við megi una. 2) Á merkimiðum og, ef þau eru í boði, öryggisblöðum fyrir sæfiefni, sem leyfð hafa verið til notkunar, skal m.a. koma fram að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt eftir meðhöndlun undir skýli eða á ógagndræpu, hörðu undirlagi, eða hvort tveggja, til þess að koma í veg fyrir að efnið sígi beint út í jarðveg eða vatn og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllu því efni sem fer til spillis. 3) Ekki skal leyfa sæfiefni til að meðhöndla við, sem nota á í mannvirki utanhúss nálægt eða yfir vatni eða til að meðhöndla við sem er í snertingu við ferskvatn, nema gögn hafi verið lögð fram sem sýna fram á að sæfiefnið uppfylli skilyrði 5. gr. og VI. viðauka, ef nauðsyn krefur með beitingu viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu.
52	Basískt kopar-karbónat	Kopar(II)karbónat-kopar(II)hýdroxíð (1:1) EB-nr: 235-113-6 CAS-nr.: 12069-69-1	957 g/kg	1. febrúar 2014	31. janúar 2016	31. janúar 2024	8	Þegar aðildarríkin meta umsókn um leyfi fyrir sæfiefni í samræmi við 5. gr. og VI. viðauka skulu þau meta, þegar við á fyrir tiltekið sæfiefni, þá notkun eða þær sviðsmyndir af váhrifum og þá áhættu fyrir hópa manna og umhverfishólf sem ekki fékk tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.

Nr.	Almennt heiti	IUPAC-heiti, auðkennisnúmer	Lágmarks-hreinleiki virks efnis í sæfiefninu við setningu á markað	Dagsetning færslu á skrá	Lokadagur til að uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr. (nema um sé að ræða sæfiefni sem innihalda fleiri en eitt virkt efni en þá er lokadagur til að uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr. sá dagur sem tilgreindur er í síðustu ákvörðuninni um að færa á skrá sem varðar virku efnin)	Færsla á skrá gildir til og með	Sæfiefna-flokkur	Sértæk ákvæði([1])
								Aðildarríkin skulu sjá til þess að leyfi séu háð eftirfarandi skilyrðum: 1) Ekki skal heimila sæfiefni til notkunar með böðun nema gögn hafi verið lögð fram í umsókninni um leyfi fyrir sæfiefninu sem sýna fram á að umsóknin uppfylli kröfur 5. gr. og VI. viðauka, ef nauðsyn krefur með beitingu viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu. 2) Við notkun á sæfiefnum, sem eru leyfð til notkunar í iðnaði, skal innleiða öruggar verklagsreglur og nota viðeigandi persónuhlífar nema hægt sé að sýna fram á það í umsókn um leyfi fyrir sæfiefninu að unnt sé að draga á annan hátt úr áhættu fyrir notendur í iðnaði þannig að áhættan verði ekki meiri en svo að við megi una. 3) Á merkimiðum og, ef þau eru í boði, öryggisblöðum fyrir sæfiefni sem leyfð hafa verið til notkunar, skal m.a. koma fram að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt eftir meðhöndlun undir skýli eða á ógagndræpu, hörðu undirlagi, eða hvort tveggja, til þess að koma í veg fyrir að efnið sígi beint út í jarðveg eða vatn og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllu því efni sem fer til spillis. 4) Ekki skal leyfa sæfiefni til að meðhöndla við, sem nota á í mannvirki utanhúss nálægt eða yfir vatni eða til að meðhöndla við sem er í snertingu við ferskvatn, nema gögn hafi verið lögð fram sem sýna fram á að sæfiefnið uppfylli skilyrði 5. gr. og VI. viðauka, ef nauðsyn krefur með beitingu viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu.“

([1]) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2012/3/ESB **2013/EES/9/03**

frá 9. febrúar 2012

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu bendíókarbi við í I. viðauka við hana (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna([1]), einkum annarri undirgrein 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna([2]) er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB. Sú skrá nær yfir bendíókarb.

2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1451/2007 hefur bendíókarb verið metið í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í sæfiefnaflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun.

3) Breska konungsríkið var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði fram skýrslu lögbærs yfirvalds ásamt tilmælum til framkvæmdastjórnarinnar 1. apríl 2008 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu á fundi fastanefndarinnar um sæfiefni 22. september 2011.

5) Mat hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfiefni, sem eru notuð sem skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum og innihalda bendíókarb, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB. Því þykir rétt að færa bendíókarb á skrá í I. viðauka við þá tilskipun.

6) Ekki hefur verið tekin afstaða til allrar hugsanlegrar notkunar á vettvangi Evrópusambandsins. Í matinu eru t.d. einungis iðnaðarnot tekin til athugunar og það tekur ekki til beinnar notkunar á jarðveg eða notkunar á matvæli eða fóður eða á yfirborð sem kemst í snertingu við matvæli eða fóður. Það er því viðeigandi að aðildarríkin meti þá notkun eða sviðsmyndir af váhrifum og þá áhættu fyrir hópa manna og umhverfishólf sem ekki fékk tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu, sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins, og við veitingu leyfis fyrir sæfiefnum skulu þau sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar eða sérstök skilyrði sett til að draga úr tilgreindri áhættu svo að viðunandi teljist.

7) Í ljósi þeirrar áhættu sem er tilgreind fyrir vatnsumhverfið við vothreinsun á meðhöndluðu yfirborði, sem leiðir til losunar í tilteknu magni í yfirborðsvatn, er rétt að krefjast þess að sæfiefni séu ekki leyfð til notkunar á yfirborð, sem þarf að vothreinsa oft, nema til að meðhöndla sprungur og rifur eða bletti, nema gögn séu lögð fram sem sýna fram á að sæfiefnið uppfylli kröfur bæði 5. gr. og VI. viðauka við tilskipun 98/8/EB, ef nauðsyn krefur með beitingu viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu.

8) Í ljósi þeirrar áhættu fyrir heilbrigði manna sem greinst hefur er rétt að krefjast þess að við notkun á sæfiefnum, sem eru leyfð til notkunar í iðnaði eða til faglegra nota, séu notaðar viðeigandi persónuhlífar nema hægt sé að sýna fram á það í umsókn um leyfi fyrir sæfiefninu að unnt sé að draga á annan hátt úr áhættu fyrir notendur í iðnaði eða fagmenn þannig að áhættan verði ekki meiri en svo að við megi una.

9) Í ljósi hugsanlegrar hættu fyrir býflugur er rétt að krefjast þess, þar sem við á, að gripið sé til aðgerða til að koma í veg fyrir að býflugur í fæðuleit fái aðgang að meðhöndluðum búum með því að fjarlægja vaxkökur með hunangi eða hindra aðgang að inngöngum að búinu.

10) Ákvæðum þessarar tilskipunar skal beitt á sama tíma í öllum aðildarríkjum til að tryggja jafna meðferð fyrir sæfiefni, sem innihalda virka efnið bendíókarb, á markaði Sambandsins og einnig til að greiða fyrir því að markaðurinn fyrir sæfiefni starfi rétt.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 37, 10.2.2012, bls. 65. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 15.

([1]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.

11) Áður en virkt efni er skráð í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB skal veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem af þessu hljótast og til að tryggja að umsækjendur, sem hafa tekið saman málsskjöl, geti notið til fulls ávinnings af tíu ára gagnaverndartímabilinu sem hefst á skráningardegi í samræmi við ii. lið c-liðar 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 98/8/EB.

12) Að lokinni færslu á skrá skal veita aðildarríkjunum hæfilegan frest til að hrinda í framkvæmd 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB.

13) Því ber að breyta tilskipun 98/8/EB til samræmis við það.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfiefni.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 98/8/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. janúar 2013.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. febrúar 2014.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Eftirfarandi færsla bætist við í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB:

Nr.	Almennt heiti	IUPAC-heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshreinleiki virks efnis í sæfiefninu við setningu á markað	Dagsetning færslu á skrá	Lokadagur til að uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr. (nema um sé að ræða sæfiefni sem innihalda fleiri en eitt virkt efni en þá er lokadagur til að uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr. sá dagur sem tilgreindur er í síðustu ákvörðuninni um að færa á skrá sem varðar virku efnin)	Færsla á skrá gildir til og með	Sæfiefna-flokkur	Sértæk ákvæði(*)
„53	*bendíókarb*	2,2-dímetýl-1,3-bensódíoxól-4-ýl metýlkarbamat CAS-nr.: 22781-23-3 EB-nr: 245-216-8	970 g/kg	1. febrúar 2014	31. janúar 2016	31. janúar 2024	18	Í áhættumatinu, sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins, var ekki fjallað um alla hugsanlega notkun heldur varðaði matið t.d. eingöngu notkun fagmanna og þar var undanskilin snerting við matvæli eða fóður og bein notkun á jarðveg. Þegar aðildarríkin meta umsókn um leyfi fyrir sæfiefni í samræmi við 5. gr. og VI. viðauka skulu þau meta, þegar við á fyrir tiltekið sæfiefni, þá notkun eða sviðsmyndir af váhrifum og þá áhættu fyrir hópa manna og umhverfishólf sem ekki fengu tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Aðildarríkin skulu sjá til þess að leyfi séu háð eftirfarandi skilyrðum: Ekki skal nota sæfiefni til að meðhöndla yfirborð sem þarf að vothreinsa oft, nema til að meðhöndla sprungur og rifur eða bletti, nema gögn séu lögð fram sem sýna fram á að sæfiefnið uppfylli kröfurnar í 5. gr. og VI. viðauka, ef nauðsyn krefur með beitingu viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu. Við notkun á sæfiefnum, sem eru leyfð til notkunar í iðnaði eða til faglegra nota, skal nota viðeigandi persónuhlífar nema hægt sé að sýna fram á það í umsókn um leyfi fyrir sæfiefninu að unnt sé að draga á annan hátt úr áhættu fyrir notendur í iðnaði eða fagmenn þannig að áhættan verði ekki meiri en svo að við megi una. Þar sem við á skal grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að býflugur í fæðuleit fái aðgang að meðhöndluðum búum með því að fjarlægja vaxkökur með hunangi eða hindra aðgang að inngöngum á búinu.“

(*) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 109/2012 **2013/EES/9/04**

frá 9. febrúar 2012

um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi efnum sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 2. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í færslum 28 til 30 í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er lagt bann við því að selja almenningi efni, sem eru flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun, í undirflokki 1A eða 1B eða úr blöndum sem innihalda efnin í styrk yfir tilgreindum styrkleikamörkum. Viðkomandi efni eru tilgreind í 1.–6. viðbæti við XVII. viðauka.

2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ([2]) var breytt 5. september 2009 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 790/2009 ([3]) þannig að hún næði yfir allmörg efni sem hafa nýlega verið flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun. Breyta skal 1.–6. viðbæti við XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 í því skyni að samræma þá við færslurnar í reglugerð (EB) nr. 790/2009 sem varða efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun.

3) Samkvæmt 2. mgr. 68. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 er hægt að leggja til að takmarkanir verði settar á notkun neytenda á efnum, sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun, í undirflokki 1A eða 1B, hvort sem þau eru ein sér, í blöndu eða í hlut.

4) Allmörg bórefnasambönd reyndust hafa eiturhrif á æxlun og voru þau flokkuð sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun, í hættuflokki og -undirflokki Eit. á æxl. 1B, hættusetning H360FD, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 790/2009. Markaðskönnun, sem gerð var fyrir framkvæmdastjórnina ([4]) á notkun bórats í blöndum sem eru seldar almenningi, sýndi að natríumperbórat, tetra- og mónóhýdrat eru notuð í meiri styrk en sem nemur sértækum styrkleikamörkum þeirra, sem tilgreind eru í reglugerð (EB) nr. 790/2009, í þvotta- og hreinsiefnum til heimilisnota.

5) Hinn 29. apríl 2010 gaf áhættumatsnefnd Efnastofnunar Evrópu álit sitt á notkun bórefnasambanda við ljósmyndun ([5]). Í áliti sínu lét áhættumatsnefndin þess getið að til væru „fleiri möguleg upptök sem hafa vægi í heildarváhrifum af völdum bórs á neytendur“ og að „taka verði tillit til þessara viðbótarupptaka við áhættumat á bórefnasamböndum.“ Andstætt því sem nú tíðkast, að því er varðar áhyggjur af margvíslegum upptökum váhrifa almennt, var ekki tekið tillit til margvíslegra upptaka váhrifa af völdum bórs á neytendur í fyrri áhættumötum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 37, 10.2.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 17.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 235, 5.9.2009, bls. 1.

([4]) http://ec.europa.eu/enterprise/sectors/chemicals/files/docs_studies/final_report_borates_en.pdf

([5]) http://echa.europa.eu/home_en.asp

6) Natríumperbórat, tetra- og mónóhýdrat eru aðallega notuð sem bleikiefni í þvottaefni og vörur fyrir uppþvottavélar. Skýrslugjafaraðildarríkið, sem ber ábyrgð á framkvæmd áhættumats á natríumperbórati samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna ([6]), lagði fram málsskjöl, í samræmi við XV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, fyrir Efnastofnun Evrópu skv. 136. gr. þeirrar reglugerðar. Í því áhættumati, sem birt var árið 2007, var komist að þeirri niðurstöðu að notkun natríumperbórats í þvotta- og hreinsiefnum til heimilisnota, þegar það er skoðað eitt og sér sem ein upptök váhrifa af völdum bórs, hafi ekki í för með sér óviðunandi áhættu fyrir almenning. Þar eð váhrif á almenning af völdum bórs stafa frá margvíslegum upptökum, eins og tekið er fram í áliti áhættumatsnefndarinnar frá 2010, og vegna eiturhrifa þess á æxlun er engu að síður æskilegt að draga úr þeim váhrifum sem almenningur verður fyrir af völdum bórs. Þar að auki er rétt að takmarka notkun perbórata í þvotta- og hreinsiefnum til heimilisnota vegna þess að umtalsverður fjöldi neytenda verður fyrir váhrifum af völdum bórs í þvotta- og hreinsiefnum til heimilisnota og vegna þess að önnur efni geta komið í stað perbórata til þessarar notkunar. Þó er rétt að veita tímabundna undanþágu í því augnamiði að gefa tilteknum framleiðendum færi á að aðlagast og, ef nauðsyn krefur, skipta út bórefnasamböndum til þessarar notkunar fyrir önnur efni.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda 1. júní 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

([6]) Stjtíð. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1.

VIÐAUKI

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

Nikkeldíhýdroxíð, [1] Nikkelhýdroxíð, [2]	028-008-00-X	235-008-5 [1] 234-348-1 [2]	12054-48-7 [1] 11113-74-9 [2]	
Nikkelsúlfat	028-009-00-5	232-104-9	7786-81-4	
Nikkelkarbónat, Basískt nikkelkarbónat, Kolsýra, nikkel (2+) salt, [1] Kolsýra, nikkelsalt, [2] [μ-[karbónat(2-)-O:O']] díhýdroxýtrínikkel, [3] [karbónat(2-)] tetrahýdroxýtrínikkel, [4]	028-010-00-0	 222-068-2 [1] 240-408-8 [2] 265-748-4 [3] 235-715-9 [4]	 3333-67-3 [1] 16337-84-1 [2] 65405-96-1 [3] 12607-70-4 [4]	

Nikkeldíklóríð	028-011-00-6	231-743-0	7718-54-9	
Nikkeldínítrat, [1] Saltpéturssýra, nikkelsalt, [2]	028-012-00-1	236-068-5 [1] 238-076-4 [2]	13138-45-9 [1] 14216-75-2 [2]	
Nikkelsúlfateðja, úr raflausnarhreinsun kopars, koparsneydd	028-014-00-2	295-859-3	92129-57-2	
Nikkeldíperklórat, Perklórsýra, nikkel(II)salt	028-016-00-3	237-124-1	13637-71-3	
Nikkeldíkalíumbis(súlfat), [1]	028-017-00-9	237-563-9 [1]	13842-46-1 [1]	
Díammóníumnikkelbis(súlfat), [2]		239-793-2 [2]	15699-18-0 [2]	
Nikkelbis(súlfamídat), Nikkelsúlfamat	028-018-00-4	237-396-1	13770-89-3	
Nikkelbis(tetraflúorbórat)	028-019-00-X	238-753-4	14708-14-6	
Nikkeldíformat, [1] Maurasýra, nikkelsalt, [2] Maurasýra, koparnikkelsalt, [3]	028-021-00-0	222-101-0 [1] 239-946-6 [2] 268-755-0 [3]	3349-06-2 [1] 15843-02-4 [2] 68134-59-8 [3]	
Nikkeldí(asetat), [1] Nikkelasetat, [2]	028-022-00-6	206-761-7 [1] 239-086-1 [2]	373-02-4 [1] 14998-37-9 [2]	
Nikkeldíbensóat	028-024-00-7	209-046-8	553-71-9	
Nikkelbis(4-sýklóhexýlbútýrat)	028-025-00-2	223-463-2	3906-55-6	
Nikkel(II)sterat, Nikkel(II)oktadekanóat	028-026-00-8	218-744-1	2223-95-2	
Nikkeldílaktat	028-027-00-3	—	16039-61-5	
Nikkel(II)oktanóat	028-028-00-9	225-656-7	4995-91-9	
Nikkeldíflúoríð, [1] Nikkeldíbrómíð, [2] Nikkeldíjoðíð, [3] Nikkelkalíumflúoríð, [4]	028-029-00-4	233-071-3 [1] 236-665-0 [2] 236-666-6 [3] - [4]	10028-18-9 [1] 13462-88-9 [2] 13462-90-3 [3] 11132-10-8 [4]	
Nikkelhexaflúorsílíkat	028-030-00-X	247-430-7	26043-11-8	
Nikkelselenat	028-031-00-5	239-125-2	15060-62-5	
Nikkeldíþíósýanat	028-046-00-7	237-205-1	13689-92-4	
Nikkeldíkrómat	028-047-00-2	239-646-5	15586-38-6	

Nikkeldíklórat, [1]	028-053-00-5	267-897-0 [1]	67952-43-6 [1]	
Nikkeldíbrómat, [2]		238-596-1 [2]	14550-87-9 [2]	
Etýlvetnissúlfat, nikkel(II) salt, [3]		275-897-7 [3]	71720-48-4 [3]	
Nikkel(II)tríflúorasetat, [1]	028-054-00-0	240-235-8 [1]	16083-14-0 [1]	
Nikkel(II)própíónat, [2]		222-102-6 [2]	4.8.3349 [2]	
Nikkelbis(bensensúlfónat), [3]		254-642-3 [3]	39819-65-3 [3]	
Nikkel(II)vetnissítrat, [4]		242-533-3 [4]	18721-51-2 [4]	
Sítrónusýra, ammóníumnikkelsalt, [5]		242-161-1 [5]	18283-82-4 [5]	
Sítrónusýra, nikkelsalt, [6]		245-119-0 [6]	22605-92-1 [6]	
Nikkelbis(2-etýlhexanóat), [7]		224-699-9 [7]	4454-16-4 [7]	
2-etýlhexansýra, nikkelsalt, [8]		231-480-1 [8]	7580-31-6 [8]	
Dímetýlhexansýrunikkelsalt, [9]		301-323-2 [9]	93983-68-7 [9]	
Nikkel(II)ísóoktanóat, [10]		249-555-2 [10]	29317-63-3 [10]	
Nikkelísóoktanóat, [11]		248-585-3 [11]	27637-46-3 [11]	
Nikkelbis(ísónónanóat), [12]		284-349-6 [12]	84852-37-9 [12]	
Nikkel(II)neónónanóat, [13]		300-094-6 [13]	93920-10-6 [13]	
Nikkel(II)ísódekanóat, [14]		287-468-1 [14]	85508-43-6 [14]	
Nikkel(II)neódekanóat, [15]		287-469-7 [15]	85508-44-7 [15]	
Neódekanósýra, nikkelsalt, [16]		257-447-1 [16]	51818-56-5 [16]	
Nikkel(II)neóúndekanóat, [17]		300-093-0 [17]	93920-09-3 [17]	
Bis(d-glúkonató-O1,O2)nikkel, [18]		276-205-6 [18]	71957-07-8 [18]	
Nikkel-3,5-bis(tert-bútýl)-4-hýdroxýbensóat(1:2), [19]		258-051-1 [19]	52625-25-9 [19]	
Nikkel(II)palmítat, [20]		237-138-8 [20]	13654-40-5 [20]	
(2-etýlhexanóat-O)(ísónónanóat-O)nikkel, [21]		287-470-2 [21]	85508-45-8 [21]	
(ísónónanóat-O)(ísóoktanóat-O)nikkel, [22]		287-471-8 [22]	85508-46-9 [22]	
(ísóoktanóat-O)(neódekanóat-O)nikkel, [23]		284-347-5 [23]	84852-35-7 [23]	
(2-etýlhexanóat-O)(ísódekanóat-O)nikkel, [24]		284-351-7 [24]	84852-39-1 [24]	
(2-etýlhexanóat-O)(neódekanóat-O)nikkel, [25]		285-698-7 [25]	85135-77-9 [25]	
(ísódekanóat-O)(ísóoktanóat-O)nikkel, [26]		285-909-2 [26]	85166-19-4 [26]	
(ísódekanóat-O)(ísónónanóat-O)nikkel, [27]		284-348-0 [27]	84852-36-8 [27]	
(ísónónanóat-O)(neódekanóat-O)nikkel, [28]		287-592-6 [28]	85551-28-6 [28]	
Fitusýrur, $C_{6–19}$-greinóttar, nikkelsölt, [29]		294-302-1 [29]	91697-41-5 [29]	
Fitusýrur, $C_{8–18}$ og C_{18}-ómettaðar, nikkelsölt, [30]		283-972-0 [30]	84776-45-4 [30]	
2,7-naftalíndísúlfónsýra, nikkel(II)salt, [31]		- [31]	72319-19-8 [31]	

Díbútýltindíklóríð (DBTC)	050-022-00-X	211-670-0	683-18-1	
Kvikasilfur	080-001-00-0	231-106-7	7439-97-6	
2-(2-amínóetýlamínó)etanól (AEEA)	603-194-00-0	203-867-5	111-41-1	
1,2-díetoxýetan	603-208-00-5	211-076-1	629-14-1	
(E)-3-[1-[4-[2-(dímetýlamínó)etoxý]fenýl]-2-fenýlbút-1-enýl]fenól	604-073-00-5	428-010-4	82413-20-5	
N-metýl-2-pýrrólídón 1-metýl-2-pýrrólídón	606-021-00-7	212-828-1	872-50-4	
2-bútýrýl-3-hýdroxý-5-þíósýklóhexan-3-ýl-sýklóhex-2-en-1-ón	606-100-00-6	425-150-8	94723-86-1	
Hringuð 3-(1,2-etandíýlasetal)-estra-5(10),9(11)-díen-3,17-díón	606-131-00-5	427-230-8	5571-36-8	
1,2-bensendíkarboxýlsýra dí-C_{6-8}-greinóttir alkýlesetrar, C_7-auðugir	607-483-00-2	276-158-1	71888-89-6	
Díísóbútýlþalat	607-623-00-2	201-553-2	84-69-5	
Perflúoroktansúlfónsýra Heptadekaflúoroktan-1-súlfónsýra, [1] Kalíumperflúoroktansúlfónat; Kalíumheptadekaflúoroktan-1-súlfónat, [2] Díetanólamínperflúoroktansúlfónat, [3] Ammóníumperflúoroktansúlfónat; Ammóníumheptadekaflúoroktansúlfónat, [4] Litíumperflúoroktansúlfónat; Litíumheptadekaflúoroktansúlfónat, [5]	607-624-00-8	 217-179-8 [1] 220-527-1 [2] 274-460-8 [3] 249-415-0 [4] 249-644-6 [5]	 1763-23-1 [1] 2795-39-3 [2] 70225-14-8 [3] 29081-56-9 [4] 29457-72-5 [5]	
Klór-N,N-dímetýlformimíníumklóríð	612-250-00-3	425-970-6	3724-43-4	
7-metoxý-6-(3-morfólín-4-ýl-própoxý)-3H-kínasólín-4-ón [sem inniheldur < 0,5% af formamíði (EB nr. 200-842-0)]	612-253-01-7	429-400-7	199327-61-2	
Ketókónasól 1-[4-[4-[[(2SR, 4RS)-2-(2,4-díklórfenýl)-2-(imídasól-1-ýlmetýl)-1,3-díoxólan-4-ýl]metoxý]fenýl]píperasín-1-ýl]etanón	613-283-00-6	265-667-4	65277-42-1	
Kalíum-1-metýl-3-morfólínókarbónýl-4-[3-(1-metýl-3-morpólínókarbónýl-5-oxó-2-pýrasólín-4-ýlíden)-1-própenýl]pýrasól-5-ólat [sem inniheldur ≥ 0,5% af N,N-dímetýlformamíði (EB nr. 200-679-5)]	613-286-01-X	418-260-2	183196-57-8	
N-[6,9-díhýdró-9-[[2-hýdroxý-1-(hýdroxýmetýl)etoxý]metýl]-6-oxó-1H-púrín-2-ýl]asetamíð	616-148-00-X	424-550-1	84245-12-5	
N,N-(dímetýlamínó)þíóasetamíðhýdróklóríð	616-180-00-4	435-470-1	27366-72-9“	

c) Í stað færslna 024-004-00-7 og 609-023-00-6 komi eftirfarandi:

„Natríumdíkrómat	024-004-00-7	234-190-3	10588-01-9	
Dínókap (ISO); (RS)-2,6-dínítró-4-oktýlfenýlkrótonöt og (RS)-2,4-dínítró-6-oktýlfenýlkrótonöt þar sem „oktýl“ er hvarfmassi 1-metýlheptýls, 1-etýlhexýls og 1-própýlpentýlsflokka	609-023-00-6	254-408-0	39300-45-3“	

8) Eftirfarandi 11. viðbætir bætist við:

„11. viðbætir

28. til 30. færsla — undanþágur fyrir tiltekin efni

Efni	Undanþágur
1. a) Natríumperbórat; perbórsýra, natríumsalt; perbórsýra, natríumsalt, mónóhýdrat; natríumperoxómetabórat; perbórsýra ($HBO(O_2)$), natríumsalt, mónóhýdrat; natríumperoxóbórat CAS-nr. 15120-21-5, 11138-47-9, 12040-72-1, 7632-04-4 og 10332-33-9 EB-nr. 239-172-9, 234-390-0 og 231-556-4 b) Perbórsýra ($H_3BO_2(O_2)$), mónónatríumsalt-tríhýdrat; perbórsýra, natríumsalt, tetrahýdrat; perbórsýra ($HBO(O_2)$), natríumsalt, tetrahýdrat; natríumperoxóbórathexahýdrat CAS-nr. 13517-20-9, 37244-98-7 og 10486-00-7 EB-nr. 239-172-9, 234-390-0 og 231-556-4	Þvotta- og hreinsiefni eins og þau eru skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 ([1]). Undanþága þessi gildir til 1. júní 2013.

([1]) Stjtíð. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 1.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 125/2012 **2013/EES/9/05**

frá 14. febrúar 2012

um breytingu á XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 58. og 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er kveðið á um að það geti þurft leyfi fyrir efnum sem uppfylla viðmiðun fyrir flokkun sem krabbameinsvaldandi efni (undirflokki 1A eða 1B), stökkbreytandi efni (undirflokki 1A eða 1B) og sem efni sem hafi eiturhrif á æxlun (undirflokki 1A eða 1B) í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna ([2]), efnum sem eru þrávirk, safnast fyrir í lífverum og eru eitruð, efnum sem eru mjög þrávirk og safnast fyrir í lífverum í miklum mæli, og/eða efnum þar sem niðurstöður rannsókna liggja fyrir sem benda til að þessi efni hafi alvarleg áhrif á heilbrigði manna og á umhverfið sem gefa tilefni til sömu áhyggna og áhrif hinna efnanna.

2) Díísóbútýlþalat (DIBP) uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 samkvæmt c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnið hefur verið tilgreint og sett á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

3) Díarsenþríoxíð uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem krabbameinsvaldandi efni (undirflokkur 1A) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 samkvæmt a-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnið hefur verið tilgreint og sett á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

4) Díarsenpentaoxíð uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem krabbameinsvaldandi efni (undirflokkur 1A) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 samkvæmt a-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnið hefur verið tilgreint og sett á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

5) Blýkrómat uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem krabbameinsvaldandi efni (undirflokkur 1B) og efni sem hafa eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1A) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 samkvæmt a- og c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnið hefur verið tilgreint og sett á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

6) Blýsúlfókrómatgult (C.I. Pigment Yellow 34) uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem krabbameinsvaldandi efni (undirflokkur 1B) og efni sem hafa eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1A) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 41, 15.2.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 17.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 samkvæmt a- og c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnið hefur verið tilgreint og sett á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

7) Blýkrómatmólýbdatsúlfatrautt (C.I. Pigment Red 104) uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem krabbameinsvaldandi efni (undirflokkur 1B) og efni sem hafa eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1A) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 samkvæmt a- og c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnið hefur verið tilgreint og sett á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

8) Tris(2-klóretýl)fosfat (TCEP) uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 samkvæmt c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnið hefur verið tilgreint og sett á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

9) 2,4-dínítrótólúen (2,4 DNT) uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem krabbameinsvaldandi efni (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 samkvæmt a-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnið hefur verið tilgreint og sett á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

10) Samkvæmt tilmælum Efnastofnunar Evrópu frá 17. desember 2010 ([3]) hafa framangreind efni verið sett í forgang að því er varðar færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 í samræmi við 58. gr. þeirrar reglugerðar.

11) Ef umsækjandi vill halda áfram að nota eitthvert efnanna, sem er skráð í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, eða setja efnið á markað, er rétt að setja síðasta skiladag fyrir umsóknir sem berast skulu Efnastofnun Evrópu, í samræmi við ii. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. þeirrar reglugerðar.

12) Rétt er að setja lokadag fyrir hvert efni sem er skráð í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 en eftir þann dag er notkun efnisins eða setning þess á markað bönnuð, í samræmi við i. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. þeirrar reglugerðar.

13) Í tilmælum Efnastofnunar Evrópu frá 17. desember 2010 eru tilgreindir síðustu skiladagar fyrir umsóknir vegna efnanna sem skráð eru í viðaukanum við þessa reglugerð. Þær dagsetningar skulu grundvallast á áætluðum, nauðsynlegum undirbúningstíma fyrir umsókn um leyfi, með tilliti til þess hvaða upplýsingar eru tiltækar um hvert efni og til þeirra upplýsinga sem bárust meðan á samráði við almenning stóð í samræmi við 4. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006. Einnig skal tekið tillit til getu stofnunarinnar til að afgreiða umsóknir á þeim tíma sem er veittur til þess, líkt og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

14) Síðasti skiladagur fyrir umsóknir skal vera a.m.k. 18 mánuðum fyrir lokadag, í samræmi við ii. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

15) Díísóbútýlþalat er staðgönguefni fyrir díbútýlþalat, sem hefur þegar verið fært á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Til að forðast þann möguleika að þessi tvö efni komi hvort í annars stað skal síðasti skiladagur fyrir umsóknir vegna díísóbútýlþalats vera eins nálægt síðasta skiladegi fyrir umsóknir vegna díbútýlþalats og hægt er.

16) Í e-lið 1. mgr. 58. gr., í tengslum við 2. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, er kveðið á um þann möguleika að undanþágur séu veittar vegna notkunar eða notkunarflokka ef viðeigandi eftirlit með áhættu er tryggt með lágmarkskröfum í sértækri löggjöf Sambandsins um heilsuvernd manna eða umhverfisvernd. Í samræmi við fyrirliggjandi upplýsingar er ekki rétt að veita undanþágur á grundvelli þessara ákvæða.

17) Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er ekki rétt að veita undanþágur fyrir rannsóknir og þróunarstarfsemi vegna vöru og vinnslu.

18) Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er ekki rétt að ákveða endurskoðunartímabil vegna tiltekinnar notkunar.

19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([3]) http://echa.europa.eu/chem_data/authorisation_process/annex_xiv_rec/second_annex_xiv_rec_en.asp

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í töfluna í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 bætist við eftirfarandi færslur:

Færslu-númer	Efni	Eðlislægir eiginleikar, eða eiginleiki, sem um getur í 57. gr.	Umbreytingarfyrirkomulag		Undanþegin notkun (notkunar-flokkar)	Endur-skoð-unar-tímabil
			Síðasti skiladagur fyrir umsóknir (*)	Lokadagur (**)		
„7.	Díísóbútýlþalat (DIBP) EB-nr: 201-553-2 CAS-nr.: 84-69-5	Hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	21. ágúst 2013	21. febrúar 2015	—	—
8.	Díarsenþríoxíð EB-nr: 215-481-4 CAS-nr.: 1327-53-3	Krabbameinsvaldandi (undirflokkur 1A)	21. nóvember 2013	21. maí 2015	—	—
9.	Díarsenpentaoxíð EB-nr: 215-116-9 CAS-nr.: 1303-28-2	Krabbameinsvaldandi (undirflokkur 1A)	21. nóvember 2013	21. maí 2015	—	—
10.	Blýkrómat EB-nr: 231-846-0 CAS-nr.: 7758-97-6	Krabbameinsvaldandi (undirflokkur 1B) Hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1A)	21. nóvember 2013	21. maí 2015	—	—
11.	Blýsúlfókrómatgult (C.I. Pigment Yellow 34) EB-nr: 215-693-7 CAS-nr.: 1344-37-2	Krabbameinsvaldandi (undirflokkur 1B) Hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1A)	21. nóvember 2013	21. maí 2015	—	—“
12.	Blýkrómatmólýbdat-súlfatrautt (C.I. Pigment Red 104) EB-nr: 235-759-9 CAS-nr.: 12656-85-8	Krabbameinsvaldandi (undirflokkur 1B) Hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1A)	21. nóvember 2013	21. maí 2015		
13.	Tris(2-klóretýl)fosfat (TCEP) EB-nr: 204-118-5 CAS-nr.: 115-96-8	Hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	21. febrúar 2014	21. ágúst 2015		
14.	2,4-dínítrótólúen (2,4-DNT) EB-nr: 204-450-0 CAS-nr.: 121-14-2	Krabbameinsvaldandi (undirflokkur 1B)	21. febrúar 2014	21. ágúst 2015		

(*) Dagsetning sem vísað er til í ii. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.
(**) Dagsetning sem vísað er til í i. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

ÁKVÖRÐUN nr. E3 **2013/EES/9/06**

frá 19. október 2011

um umbreytingartímabilið sem skilgreint er í 95. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 (*)

(Texti sem varðar EES og samning EB og Sviss)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af d-lið 72. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([1]), sem kveður á um að það sé verkefni framkvæmdaráðsins að hvetja, eftir því sem unnt er, til þess að tækninýjungum verði beitt, einkum með því að færa verklag við upplýsingaskipti til nútímahorfs og aðlaga upplýsingaflæði milli stofnana þannig að unnt sé að taka upp rafræn gagnaskipti, að teknu tilliti til þróunar á sviði gagnavinnslu í hverju aðildarríki,

með hliðsjón af 4. gr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([2]), sem mælir fyrir um að framkvæmdaráðið hafi umboð til þess að mæla fyrir um skipulag, innihald, framsetningu og nákvæmt fyrirkomulag vegna skipta á skjölum og skipulega uppsettum rafrænum skjölum og um hagnýtt fyrirkomulag við sendingu upplýsinga, skjala eða ákvarðana með rafrænum hætti til hlutaðeigandi einstaklings,

með hliðsjón af fyrstu undirgrein 1. mgr. 95. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 um umbreytingartímabilið [áður: aðlögunartímabil], þar sem fram kemur að sérhvert aðildarríki geti nýtt sér umbreytingartímabil vegna rafrænnar miðlunar upplýsinga og að þessi umbreytingartímabil skulu ekki vera lengri en 24 mánuðir frá gildistökudegi framkvæmdarreglugerðarinnar,

með hliðsjón af annarri undirgrein 1. mgr. 95. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 getur framkvæmdaráðið samþykkt viðeigandi framlengingu á þessum tímabilum ef verulegur dráttur verður á afhendingu grunnvirkis Bandalagsins (Rafræn miðlun upplýsinga um almannatryggingar — EESSI) með tilliti til gildistöku framkvæmdarreglugerðarinnar,

í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 95. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 er kveðið á um 24 mánaða umbreytingartímabil frá gildistöku hennar til þess gera aðildarríkjunum kleift að koma á og samþætta nauðsynleg grunnvirki á landsvísu til rafrænnar miðlunar upplýsinga.

2) Með 95. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 er framkvæmdaráðinu veitt umboð til að samþykkja viðeigandi framlengingu á umbreytingartímabili ef verulegur dráttur verður á afhendingu grunnvirkis á vegum Bandalagsins.

3) Framkvæmdaráðið hefur gert heildarmat á stöðu verkefnisins, bæði á vettvangi ESB og á landsvísu, út frá greiningu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og stýrinefndarinnar fyrir verkefnið um rafrænar miðlun upplýsinga um almannatryggingar.

4) Samkvæmt þessu mati er talið nauðsynlegt að framlengja umbreytingartímabilið í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd kerfis til rafrænnar miðlunar upplýsinga um almannatryggingar, að teknu tilliti til þess hvernig undirbúningi miðar, hvort heldur á vettvangi ESB eða á landsvísu, en jafnframt með tilliti til þess að það er hagur allra aðila að takmarka þennan framlengda frest.

5) Að teknu tilliti til þess hversu tæknilega flókið verkefnið er, og með hliðsjón af því að til eru margar hugsanlegar lausnir við framkvæmdina og hver þeirra krefst tiltekins tíma, telur framkvæmdaráðið að rétt sé að framlengja umbreytingartímabilið um 24 mánuði til viðbótar við það tímabil, sem skilgreint er í 1. mgr. 95. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB C 12, 14.1.2012, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 20.

([1]) Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

6) Eigi að síður hvetur framkvæmdaráðið aðildarríki til þess að hefja sem fyrst rafræna miðlun upplýsinga, án tafar, til þess að takmarka sem mest tímabil samhliða pappírsmiðlunar og rafrænnar miðlunar, í samræmi við áfanga sem framkvæmdaráðið mun skilgreina á grundvelli tillögu stýrinefndarinnar fyrir verkefnið um rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar.

7) Framkvæmdaráðið fer þess á leit við stýrinefndina fyrir verkefnið um rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar að hún komi á viðeigandi búnaði til vöktunar, að hún geri tillögu um áfanga og fylgist vel með þróun framkvæmdar á rafrænni miðlun upplýsinga um almannatryggingar í hverju aðildarríki á framlengda tímabilinu.

8) Í samræmi við 1. mgr. 95. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 getur framkvæmdaráðið endurskoðað þessa ákvörðun á grundvelli heildaráætlunar og greiningar stýrinefndarinnar fyrir verkefnið um rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar.

9) Ákvörðun nr. E1 frá 12. júní 2009 um hagnýtt fyrirkomulag vegna aðlögunartímabils varðandi upplýsingaskipti með rafrænum aðferðum sem um getur í 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 ([3]) skal gilda áfram að breyttu breytanda á framlengda tímabilinu.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. Umbreytingartímabilin, sem um getur í 1. mgr. 95. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009, vegna fullra rafrænna gagnaskipta á vegum aðildarríkjanna, eru framlengd um 24 mánuði, til 30. apríl 2014.

2. Ákvörðun þessi skal birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Ákvörðun þessi tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Elżbieta ROŻEK

([3]) Stjtíð. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 9.

Ákvörðun nr. U4 **2013/EES/9/07**

frá 13. desember 2011

um málsmeðferð við endurgreiðslu skv. 6. og 7. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og 70. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 (*)

(Texti sem varðar EES og samning EB og Sviss)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um öll álitaefni sem lúta að framkvæmd og túlkun í tengslum við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar (EB) nr. 987/2009,

með hliðsjón af 6. og 7. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004,

með hliðsjón af 70. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009,

í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 er komið á endurgreiðslukerfi en markmiðið með því er að leitast við að koma á sanngjarnari fjárhagslegri skiptingu milli aðildarríkjanna þegar um er að ræða atvinnulausa einstaklinga sem hafa fasta búsetu í aðildarríki öðru en lögbæru ríki. Endurgreiðslum er ætlað að jafna aukna fjárhagslega byrði þess aðildarríkis sem er búseturíki og veitir atvinnuleysisbætur skv. a-lið 5. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 án þess að hafa fengið iðgjöld frá hlutaðeigandi einstaklingum þegar þeir stunduðu síðast atvinnu í öðru aðildarríki.

2) Þær atvinnuleysisbætur, sem búseturíki veitir skv. a-lið 5. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 innan tilskilins tímabils, skal það ríki endurgreiða þar sem atvinnulaus einstaklingur heyrði síðast undir löggjöf, án tillits til skilyrða fyrir rétti til atvinnuleysisbóta sem kveðið er á um í löggjöf síðara ríkisins.

3) Í fjórða málslið 6. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 er gert ráð fyrir að draga megi tímabil flutnings á bótum skv. b-lið 5. mgr. þeirrar greinar frá endurgreiðslutímabilinu en ekki skulu koma til frádráttar önnur tímabil þegar hlutaðeigandi einstaklingur hefur fengið atvinnuleysisbætur frá því ríki þar sem hann stundaði síðast atvinnu (einkum skv. 1. mgr. 65. gr. eða síðasta málslið 2. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004).

4) Bestu starfsvenjur sem almennt eru viðurkenndar eru ein forsenda þess að uppgjör endurgreiðslna milli stofnana sé hraðvirkt og skilvirkt.

5) Nauðsynlegt er að stofnanir búi við gagnsæi og njóti leiðbeininga til að tryggja einsleita og samfellda beitingu ákvæða ESB varðandi málsmeðferð við endurgreiðslu skv. 6. og 7. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og 70 gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

I. ALMENNAR MEGINREGLUR UM MÁLSMEÐFERÐ VIÐ ENDURGREIÐSLU

1. Þegar búseturíki hefur greitt atvinnuleysisbætur til hlutaðeigandi einstaklings skv. a-lið 5. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (hér á eftir nefnd „grunnreglugerð“) kveða endurgreiðsluákvæði 6. og 7. mgr. sömu greinar á um að búseturíkið (hér á eftir nefnt „kröfuríki“) og ríkið, þar sem atvinnulaus einstaklingur heyrði síðast undir löggjöf (hér á eftir nefnt „skuldarríki“) skuli deila með sér fjárhagslegu byrðinni.

2. Ekki er unnt að vísa frá kröfu um endurgreiðslu með þeim rökum að hlutaðeigandi einstaklingur hefði ekki átt rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt landslöggjöf skuldarríkisins.

3. Kröfuríkið getur aðeins farið fram á endurgreiðslu ef hlutaðeigandi einstaklingur hefur lokið starfstímabilum launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings í skuldarríkinu áður en hann varð atvinnulaus og þegar slík tímabil eru viðurkennd með tilliti til atvinnuleysisbóta í síðara ríkinu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB C 57, 25.2.2012, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 70, 13.12.2012, bls. 21.

II. ÁKVÖRÐUN ENDURGREIÐSLUTÍMABILS

1. Þriggja eða fimm mánaða tímabil, sem krafist er endurgreiðslu vegna, sbr. 6. og 7. mgr. 65. gr. grunnreglugerðarinnar (hér á eftir nefnt „endurgreiðslutímabil“), skal hefjast fyrsta daginn sem atvinnuleysisbætur koma í reynd til greiðslu. Endurgreiðslutímabilinu skal ljúka að liðnum þeim fresti, sem kveðið er á um í 6. og 7. mgr. 65. gr. (þrír eða fimm mánuðir), án tillits til lækkunar, frestunar eða afturköllunar réttinda eða greiðslu bóta innan téðs tímabils samkvæmt löggjöf kröfuríkisins.

2. Aðeins er hægt að leggja fram nýja kröfu um endurgreiðslu þegar hlutaðeigandi einstaklingur fullnægir skilyrðum löggjafar kröfuríkisins, í samræmi við a-lið 5. mgr. 65. gr. grunnreglugerðarinnar, til nýs réttar til bóta, enda er sá réttur ekki framhald af fyrri ákvörðun um að veita atvinnuleysisbætur.

3. Þrátt fyrir fjórða málslið 6. mgr. 65. gr. grunnreglugerðarinnar skal ekki draga önnur tímabil atvinnuleysisbóta, sem greiddar hafa verið í samræmi við löggjöf skuldarríkisins, frá endurgreiðslutímabilinu.

III. FRAMLENGING ENDURGREIÐSLUTÍMABILS SKV. 7. MGR. 65. GR. GRUNNREGLUGERÐARINNAR

1. Samkvæmt 7. mgr. 65. gr. grunnreglugerðarinnar skal endurgreiðslutímabilið lengjast í fimm mánuði enda hafi hlutaðeigandi einstaklingur lokið, á næstliðnum 24 mánuðum, a.m.k. 12 mánaða starfstímabili sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem er viðurkennt til atvinnuleysisbóta, fyrir þann dag sem atvinnuleysisbætur koma í reynd til greiðslu.

2. Ekki er hægt að hafna framlengingu endurgreiðslutímabils skv. 7. mgr. 65. gr. grunnreglugerðarinnar með þeim rökum að hlutaðeigandi einstaklingur myndi ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt landslöggjöf skuldarríkisins.

IV. HÁMARKSFJÁRHÆÐ ENDURGREIÐSLU SKV. 70. GR. REGLUGERÐAR (EB) NR. 987/2009 (HÉR Á EFTIR NEFND „FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ“) ÁKVÖRÐUÐ

1. Sú hámarksfjárhæð endurgreiðslu, sem á við milli þeirra aðildarríkja sem talin eru upp í 5. viðauka við framkvæmdarreglugerðina og um getur í síðasta málslið 70. gr. þeirrar reglugerðar, skal tilkynnt framkvæmdaráðinu innan sex mánaða frá lokum viðkomandi almanaksárs.

Hvert aðildarríki, sem talið er upp í 5. viðauka, skal setja fram tilkynningu þar sem getið er þeirrar hámarksfjárhæðar sem á við viðkomandi almanaksár, og enn fremur lýsingu á þeirri aðferð sem er notuð við útreikning á fjárhæðinni.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Þegar skuldarríkinu hefur verið tilkynnt um endurgreiðslukröfu skulu breytingar, sem gerðar eru síðar á fjárhæð atvinnuleysisbóta, sem falla undir endurgreiðslu eftir á í samræmi við löggjöf kröfuríkisins, ekki hafa áhrif á kröfuna sem kröfuríkið hefur tilkynnt um.

2. „Heildarfjárhæð“ bóta, sem stofnun á búsetustað greiðir (sbr. annan málslið 6. mgr. 65. gr. grunnreglugerðarinnar), tekur til heildarkostnaðar atvinnuleysisbóta sem kröfuríkið skal greiða áður en frádráttur er reiknaður út (brúttófjárhæð).

VI. LOKAÁKVÆÐI

1. Ákvæði um endurgreiðslu skv. 6. og 7. mgr. 65. gr. grunnreglugerðarinnar skulu aðeins eiga við um bætur sem veittar eru á grundvelli a-liðar 5. mgr. 65. gr. grunnreglugerðarinnar.

2. Við beitingu endurgreiðslufyrirkomulagsins skal leiðbeinandi meginregla vera gott samstarf milli stofnana, gagnsemi og sveigjanleiki.

3. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. Ákvörðun þessi öðlast gildi fyrsta dag eftir annað mánuð frá birtingu hennar að því er varðar allar kröfur um endurgreiðslu sem ekki hafa verið afgreiddar fyrir þann dag.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Elżbieta ROŻEK

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2011/37/ESB **2013/EES/9/08**

frá 30. mars 2011

um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki ([1]), einkum b-lið 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvæði tilskipunar 2000/53/EB banna notkun blýs, kvikasilfurs, kadmíums og sexgilds króms í smíðaefni og íhluti ökutækja sem sett eru á markað eftir 1. júlí 2003 nema í þeim tilvikum sem tilgreind eru í II. viðauka við tilskipunina og með þeim skilyrðum sem þar eru tilgreind. Samkvæmt b-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/53/EB skal framkvæmdastjórnin með reglulegu millibili aðlaga II. viðauka við þá tilskipun að framförum í vísindum og tækni.

2) Í II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB eru tilgreind smíðaefni og íhlutir ökutækja sem eru undanþegin banninu í a-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Ökutæki, sem sett eru á markað áður en tiltekin undanþága fellur úr gildi, geta innihaldið blý, kvikasilfur, kadmíum eða sexgilt króm í smíðaefnum og íhlutum sem eru tilgreind í II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB.

3) Tiltekin smíðaefni og íhlutir, sem innihalda blý, kvikasilfur, kadmíum eða sexgilt króm, skulu áfram undanþegin banninu, sem sett er fram í í a-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/53/EB, þar eð notkun slíkra efna í þessum tilteknu smíðaefnum og íhlutum er enn óhjákvæmileg af tækni- eða vísindalegum ástæðum. Því er rétt að framlengja lokadagsetningu þessara undanþágna þar til unnt verður að komast hjá því að nota bönnuðu efnin.

4) Notkun á blýi í hitarafefni, sem eru notuð í búnað í vélknúnum ökutækjum til að draga úr losun á koltvísýringi með því að endurnýta útblástursvarma, er sem stendur óhjákvæmileg af tækni- og vísindalegum ástæðum. Af þeim sökum skulu þessi efni til bráðabirgða undanþegin banninu sem sett er fram í a-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/53/EB.

5) Tiltekin smíðaefni og íhlutir, sem innihalda blý, kvikasilfur, kadmíum eða sexgilt króm, skulu áfram undanþegin banninu sem sett er fram í a-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/53/EB án lokadagsetningar þar eð notkun slíkra efna í þessum tilteknu smíðaefnum og íhlutum, sem eru tilgreind í II. viðauka við þá tilskipun, er enn óhjákvæmileg af tækni- eða vísindalegum ástæðum.

6) Í II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB er kveðið á um að varahlutir, sem settir eru á markað eftir 1. júlí 2003, sem notaðir eru í ökutæki sem sett eru á markað fyrir 1. júlí 2003, séu undanþegnir ákvæðum a-liðar 2. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar. Undanþágan gerir það kleift að gera við ökutæki, sem sett eru á markað áður en bannið sem sett er fram í þeirri grein tekur gildi, með varahlutum sem uppfylla sömu kröfur um gæði og öryggi og upprunalegu hlutirnir í ökutækjunum.

7) Varahlutir í ökutæki, sem sett eru á markað eftir 1. júlí 2003 en áður en tiltekin undanþága í II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB fellur úr gildi, falla ekki undir þá undanþágu. Varahlutir í þessi ökutæki verða því að vera án þungmálma jafnvel þótt þeir séu notaðir í stað hluta sem upphaflega innihéldu þungmálma.

8) Í vissum tilvikum er tæknilega ómögulegt að gera við ökutæki með öðrum varahlutum en upprunalegum varahlutum þar eð slíkt myndi krefjast breytinga á öllu kerfinu í ökutækjunum að því er varðar stærð þess og virkni. Slíkir varahlutir passa ekki í kerfi í ökutækjum sem voru upphaflega framleidd með hlutum sem innihalda þungmálma og ekki er unnt að gera við þessi ökutæki svo þá gæti þurft að farga þeim of snemma. Því ber að breyta II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB til þess að hægt sé að gera við slík ökutæki.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 85, 31.3.2011, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 187/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 49.

([1]) Stjtíð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34.

9) Því ber að breyta tilskipun 2000/53/EB til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 18. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2006 um úrgang ([2]).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB komi texti viðaukans við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2011.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. mars 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

([2]) Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Smíðaefni og íhlutir sem eru undanþegin a-lið 2. mgr. 4. gr.

Smíðaefni og íhlutir	Gildissvið og hvaða dag undanþágan fellur úr gildi	Skulu merkt eða auðkennd í samræmi við iv. lið b-liðar 2. mgr. 4. gr.
Blý sem hluti málmblendis		
1(a). Stál, sem notað er til vinnslu, og lotuunnir, heitgalvanhúðaðir stál-íhlutir sem innihalda allt að 0,35% af blýi miðað við þyngd		
1(b). Stálplötur galvanhúðaðar í samfelluhúðun (e. *continuously galvanised*) sem innihalda allt að 0,35% af blýi miðað við þyngd	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2016, og varahlutir í þessi ökutæki	
2(a). Ál, sem notað er til vinnslu, með blýinnihald sem er allt að 2%, miðað við þyngd	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2005	
2(b). Ál með blýinnihald sem er allt að 1,5%, miðað við þyngd	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2008	
2(c). Ál með blýinnihald sem er allt að 0,4%, miðað við þyngd	([2])	
3. Koparblendi sem inniheldur allt að 4% af blýi, miðað við þyngd	([2])	
4(a). Legubakkar og fóðringar	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2008	
4(b). Legubakkar og fóðringar í vélar, gírskiptingar og loftræstiþjöppur	1. júlí 2011 og varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2011	
Blý og blýsambönd í íhlutum		
5. Rafgeymar	([2])	X
6. Titringsdeyfar	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2016, og varahlutir í þessi ökutæki	X
7(a). Súlfunarefni og stöðgarar í teygjuefnum í hemlaslöngum, eldsneytisslöngum, loftræstislöngum, teygjuefnum/málmhlutum í festingum á hlutum í undirvögnum og hreyfilfestingum	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2005	
7(b). Súlfunarefni og stöðgarar í teygjuefnum í hemlaslöngum, eldsneytisslöngum, loftræstislöngum, teygjuefnum/málmhlutum í festingum á hlutum í undirvögnum og hreyfilfestingum, sem innihalda allt að 0,5% af blýi miðað við þyngd	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2006	
7(c). Viðloðunarefni fyrir teygjuefni í aflrásarbúnaði sem inniheldur allt að 0,5% af blýi, miðað við þyngd	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2009	
8(a). Blý í lóðningarefni til að festa rafmagns- og rafeindaíhluti við prentplötur og blý í húðun á tengjum á íhlutum, öðrum en rafkleyfum álþéttum, á pinnum í íhlutum og á prentplötum	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2016, og varahlutir í þessi ökutæki	X ([1])

Smíðaefni og íhlutir	Gildissvið og hvaða dag undanþágan fellur úr gildi	Skulu merkt eða auðkennd í samræmi við iv. lið b-liðar 2. mgr. 4. gr.
8(b). Blý í lóðningarefni í rafbúnaði, annað en til lóðunar á prentplötur eða gler	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2011, og varahlutir í þessi ökutæki	X ([1])
8(c). Blý í húðun á tengiklemmur á rafvökvaþéttum úr áli	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2013, og varahlutir í þessi ökutæki	X ([1])
8(d). Blý sem er notað til lóðunar á gler í loftmassaskynjurum	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2015, og varahlutir í slík ökutæki	X ([1])
8(e). Blý í lóðningarefni með háu bræðslumarki (þ.e. málmblendi sem eru að stofni til úr blýi og styrkur blýs í þeim er 85% eða meiri)	([3])	X ([1])
8(f). Blý í tengikerfi með sveigjanlegum pinnum	([3])	X ([1])
8(g). Blý í lóðningarefni til að koma á stöðugri raftengingu milli hálfleiðaraflögu og burðarefnis í samrásastöflum af viðsnúnum flögum	([3])	X ([1])
8(h). Blý í lóðningarefni til að festa varmadreifara við varmasvelg í hálfleiðarasamsetningum með flögustærð sem er með a.m.k. 1 cm^2 ofanvarpsflöt og nafnþéttleika straums sem er a.m.k. 1 A/mm^2 af fleti kísilflögunnar	([3])	X ([1])
8(i). Blý í lóðningarefni í rafbúnað á rúðum, að frátöldu til lóðunar á lagskiptum rúðum	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2013 og varahlutir í þessi ökutæki ([4])	X ([1])
8(j). Blý í lóðningarefni til lóðunar í lagskiptar rúður	([3])	X ([1])
9. Ventilsæti	Sem varahlutir fyrir hreyflagerðir sem voru þróaðar fyrir 1. júlí 2003	
10(a). Rafmagns- og rafeindaíhlutir, sem innihalda blý, í gleri eða keramíki, í gleri eða uppistöðuefnasambandi úr keramíki, í efni úr glerkeramísku efni eða í uppistöðuefnasambandi glerkeramíks Þessi undanþága nær ekki yfir notkun á blýi í: – gler í perum og glerung í kertum, – rafefnakeramíkefni í íhlutum sem eru taldir upp í færslum 10(b), 10(c) og 10(d).		X ([5]) (í íhluti aðra en þrýstirafíhluti í hreyflum)
10(b). Blý í rafefnakeramíkefnum sem innihalda keramíkþrýstirafefni (e. *piezoelectric ceramic material* (PZT)) í þéttum sem eru hluti af samrásum eða stökum hálfleiðurum		
10(c). Blý í rafefnakeramíkefnum í þéttum með málspennu sem er lægri en 125 V riðstraumur eða 250 V jafnstraumur	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2016, og varahlutir í þessi ökutæki	
10(d). Blý í rafefnakeramíkefnum í þéttum sem jafna út hitatengd frávik í skynjurum í úthljóðshljóðsjárkerfum (e. *ultrasonic sonar system*)	([3])	

Smíðaefni og íhlutir	Gildissvið og hvaða dag undanþágan fellur úr gildi	Skulu merkt eða auðkennd í samræmi við iv. lið b-liðar 2. mgr. 4. gr.
11. Sprengihleðslur	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. júlí 2006, og varahlutir í þessi ökutæki	
12. Hitarafefni, sem innihalda blý, í rafbúnaði í vélknúnum ökutækjum til að draga úr losun á koltvísýringi með því að endurnýta útblástursvarma	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2019, og varahlutir í þessi ökutæki	X
Sexgilt króm		
13(a). Tæringarvarnarhúð	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2007	
13(b). Tæringarvarnarhúð fyrir bolta og rær til festingar á hlutum í undirvögnum	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 1. júlí 2008	
14. Sem tæringarvarnarefni í kolstálskælikerfinu í ísogskælum í húsbílum, upp að 0,75%, miðað við þyngd, í kælilausninni, nema notkun annarrar kælingartækni sé raunhæf (þ.e. fáanleg á markaði til notkunar í húsbíla) og leiði ekki til neikvæðra áhrifa á umhverfið, heilbrigði og/eða öryggi neytenda		X
Kvikasilfur		
15(a). Úrhleðslulampar í aðalljósker	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. júlí 2012, og varahlutir í þessi ökutæki	X
15(b). Flúrperur sem eru notaðar í álestrarbúnað í mælaborð	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. júlí 2012, og varahlutir í þessi ökutæki	X
Kadmíum		
16. Rafgeymar fyrir rafknúin ökutæki	Sem varahlutir í ökutæki sem eru sett á markað fyrir 31. desember 2008	

([1]) Sundurhlutun ef farið er yfir meðalviðmiðunarmörkin 60 grömm á ökutæki í tengslum við færslu 10(a). Að því er varðar beitingu þessa ákvæðis skal aðeins taka tillit til rafeindabúnaðar sem framleiðandi setur upp í framleiðslulínunni.
([2]) Endurskoða skal þessa undanþágu árið 2015.
([3]) Endurskoða skal þessa undanþágu árið 2014.
([4]) Endurskoða skal þessa undanþágu fyrir 1. janúar 2012.
([5]) Sundurhlutun ef farið er yfir meðalviðmiðunarmörkin 60 grömm á ökutæki í tengslum við færslur 8(a) til 8(j). Að því er varðar beitingu þessa ákvæðis skal aðeins taka tillit til rafeindabúnaðar sem framleiðandi setur upp í framleiðslulínunni.

Athugasemdir:

– Viðunandi hámarksstyrkur skal vera allt að 0,1%, miðað við þyngd og þegar um einsleitt efni er að ræða, fyrir blý, sexgilt króm og kvikasilfur, og allt að 0,01%, miðað við þyngd og þegar um einsleitt efni er að ræða, fyrir kadmíum.
– Endurnotkun ökutækjahluta, sem voru þegar á markaði er undanþága féll úr gildi, skal heimil án takmarkana þar eð hún fellur ekki undir a-lið 2. mgr. 4. gr.
– Varahlutir, sem settir eru á markað eftir 1. júlí 2003 sem notaðir eru í ökutæki sem sett eru á markað fyrir 1. júlí 2003, eru undanþegnir ákvæðum a-liðar 2. mgr. 4. gr. (*).

(*) Þetta ákvæði á ekki við um jafnvægisstillingarlóð fyrir hjól, kolbursta fyrir rafmagnshreyfla eða hemlaborða.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 670/2011 **2013/EES/9/09**

frá 12. júlí 2011

um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknanir, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinna vínafurða (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) ([1]), einkum k-, l- og m-lið fyrstu málsgreinar 121. gr. og 203. gr. b í tengslum við 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 792/2009 frá 31. ágúst 2009 um ítarlegar reglur varðandi miðlun aðildarríkjanna til framkvæmdastjórnarinnar á upplýsingum og skjölum vegna framkvæmdar sameiginlega markaðskerfisins, beingreiðslukerfisins, kynninga á landbúnaðarafurðum og ýmiss fyrirkomulags fyrir ystu svæðin og minni eyjarnar í Eyjahafinu([2]) er mælt fyrir um sameiginlegar reglur um hvernig skuli tilkynna framkvæmdastjórninni um upplýsingar og skjöl frá lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna. Þær reglur ná einkum til þeirrar skyldu aðildarríkjanna að nota upplýsingakerfin, sem framkvæmdastjórnin lætur í té, og til fullgildingar á aðgangsrétti yfirvalda eða einstaklinga sem hafa heimild til að senda tilkynningar. Til viðbótar eru í þeirri reglugerð settar sameiginlegar meginreglur sem gilda um upplýsingakerfin þannig að tryggt sé að áreiðanleiki, heilleiki og læsileiki skjalanna haldist þegar tímar líða og kveðið á um vernd persónuupplýsinga.

2) Framkvæmdastjórnin hefur þróað, sem hluta af sínum eigin innri starfsreglum og í samskiptum sínum við yfirvöld sem koma að umsjón með vernduðum upprunatáknunum, vernduðum, landfræðilegum merkingum og hefðbundnum heitum, í samræmi við I. þátt a í I. kafla II. bálks reglugerðar (EB) nr. 1234/2007, upplýsingakerfi sem gerir kleift að hafa rafræna umsjón með þeim skjölum og málsmeðferðarreglum sem krafist er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1234/2007 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009 frá 14. júlí 2009 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknanir, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinna vínafurða([3]), bæði með lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum og þriðju löndum og með atvinnugreinasamtökum og einstaklingum eða lögaðilum sem hafa hagsmuna að gæta innan ramma þessarar reglugerðar.

3) Talið er að þetta kerfi, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 792/2009 eða með því að beita, að breyttu breytanda, þeim meginreglum sem þar eru settar fram, greiði fyrir tilteknum tilkynningum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 607/2009, einkum að því er varðar málsmeðferðarreglur sem gilda um vernd landfræðilegra merkinga, upprunatáknana og hefðbundinna heita, viðhald gagnagrunnsins um viðkomandi merkingar, táknanir og heiti og fyrirhugaðar skrár um verndun þessara merkinga, táknana og heita.

4) Enn fremur gera upplýsingakerfin, sem framkvæmdastjórnin hefur þegar komið upp og tekið í notkun til að senda upplýsingar er varða þau yfirvöld og aðila sem bera ábyrgð eftirlitinu sem þarf að framkvæma samkvæmt sameiginlegu landbúnaðarstefnunni, það kleift að uppfylla sértæk markmið á þessu sviði að því er varðar landfræðilegar merkingar, upprunatáknanir og hefðbundin heiti. Gera skal þessi kerfi þannig úr garði að þau nýtist til að senda upplýsingar, er varða þau yfirvöld sem bera ábyrgð á að yfirfara umsóknir um vernd táknana og merkinga á vettvangi aðildarríkjanna eða þriðju landa, sem og til að senda upplýsingar er varða þau yfirvöld sem bera ábyrgð á að votta vín sem ekki eru með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu.

5) Til að auka skilvirkni í rekstri stjórnsýslu og með tilliti til fenginnar reynslu af notkun á upplýsingakerfum sem framkvæmdastjórnin hefur komið upp skal einfalda tilkynningar og bæta, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 607/2009 í samræmi við reglugerð (EB) nr. 792/2009, hvernig haldið er utan um upplýsingar og þær gerðar aðgengilegar. Í þessu skyni og með það fyrir augum að veita lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna leiðir til að kynna sér laga- og stjórnsýslufyrirmæli, sem tekin hafa verið upp á landsvísu í samræmi við 2. mgr. 118. gr. z og 120. gr. a í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, og einfalda og greiða fyrir eftirliti og samvinnu á milli aðildarríkjanna, sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008([4]), skulu aðildarríkin beðin um að senda tilteknar upplýsingar, sem varða sérstaklega vottun afurða, til framkvæmdastjórnarinnar með það fyrir augum að framkvæmdastjórnin geri upplýsingarnar aðgengilegar fyrir lögbæru yfirvöldin og almenning ef þessar upplýsingar eru gagnlegar fyrir neytendur.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 183, 13.7.2011, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 190/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á bókun 47 (um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 52.

([1]) Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 228, 1.9.2009, bls. 3.

([3]) Stjtíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 60.

([4]) Stjtíð. ESB L 170, 30.6.2008, bls. 1.

6) Enn fremur þykir rétt, til glöggvunar og til að draga úr stjórnsýsluálagi, að ákveða innihald tiltekinna tilkynninga sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 607/2009 og einfalda málsmeðferðarreglur.

7) Umbreytingarráðstafanir, sem voru samþykktar til að greiða fyrir umbreytingu frá ákvæðum reglugerða ráðsins (EB) nr. 1493/1999([5]) og (EB) nr. 479/2008([6]) yfir í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1234/2007, skapa túlkunarerfiðleika að því er varðar gildissvið og tímalengd viðeigandi málsmeðferðarreglna. Enn fremur skal gera gildissvið ákvæða 118. gr. s í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, í tengslum við ákvæði 118. gr. q, nákvæmara að því er varðar eðli þeirra breytinga sem fjallað er um, viðmiðunartímabilin og lengd umbreytingartímabilsins.

8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 607/2009 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 607/2009 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„*3. gr.*

Umsókn um vernd

Umsókn um vernd upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar skal samanstanda af þeim skjölum sem krafist er í 118. gr. c og 118. gr. d í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, forskriftinni fyrir afurðina og eina skjalinu.

Umsóknin og eina skjalið skulu send til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 70. gr. a í þessari reglugerð.“

2) Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„*9. gr.*

Innlagning umsóknar

1. Framlagningardagsetning umsóknar hjá framkvæmdastjórninni er sú dagsetning þegar umsóknin berst framkvæmdastjórninni.

2. Framkvæmdastjórnin skal staðfesta móttöku umsóknarinnar við lögbæru yfirvöldin í aðildarríkinu eða þriðja landinu eða umsækjandann sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi og skal gefa umsókninni skrásetningarnúmer.

Staðfesting á móttöku skal a.m.k. innihalda eftirfarandi:

a) skrásetningarnúmerið,

b) heitið sem á að skrá,

c) viðtökudag beiðninnar.“

3) Í stað 11. gr. komi eftirfarandi:

„*11. gr.*

Lögmæti umsóknarinnar

1. Umsókn skal teljast tæk þegar eina skjalið hefur verið fyllt út á tilhlýðilegan hátt og fylgiskjölin fylgja með því. Eina skjalið skal teljast vera tilhlýðilega útfyllt þegar allir skyldubundnu reitirnir, sem koma fram í upplýsingakerfunum sem um getur í 70. gr. a, hafa verið fylltir út.

Í því tilviki skal litið svo á að umsóknin sé tæk þann dag sem hún berst framkvæmdastjórninni. Umsækjandinn skal upplýstur um það.

Sú dagsetning skal kynnt almenningi.

2. Ef umsóknin hefur ekki verið fyllt út eða aðeins fyllt út að hluta til eða fylgiskjölin, sem um getur í 1. mgr., eru ekki lögð fram á sama tíma og umsóknin eða einhver þeirra vantar skal umsóknin teljast ótæk.

3. Ef umsóknin er ótæk skal tilkynna lögbæru yfirvöldunum í aðildarríkinu eða þriðja landinu eða umsækjandanum sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi um ástæðurnar fyrir því að hún telst ótæk og að viðkomandi aðili hafi rétt til að leggja fram aðra, tilhlýðilega útfyllta, umsókn.“

4) Í stað 1. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„1. Ef tæk umsókn uppfyllir ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í 118. gr. b og 118. gr. c í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, skal framkvæmdastjórnin tilkynna aðildarríkinu eða yfirvöldum þriðja landsins eða umsækjandanum sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi um ástæður synjunar og gefa a.m.k. tveggja mánaða frest til afturköllunar eða breytingar umsóknarinnar eða til að leggja fram athugasemdir.“

5) Í stað 14. gr. komi eftirfarandi:

„*14. gr.*

Framlagning andmæla samkvæmt málsmeðferð Bandalagsins

1. Andmælin, sem um getur í 118. gr. h í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, skulu send í samræmi við 1. mgr. 70. gr. a í þessari reglugerð. Framlagningardagsetning andmæla hjá framkvæmdastjórninni er sú dagsetning þegar andmælin berast framkvæmdastjórninni. Sú dagsetning skal kynnt yfirvöldum og aðilum sem þessi reglugerð gildir um.

2. Framkvæmdastjórnin skal staðfesta móttöku á andmælunum og gefa umsókninni skrásetningarnúmer.

Staðfesting á móttöku skal a.m.k. innihalda eftirfarandi:

a) skrásetningarnúmerið,

b) viðtökudag andmælanna.“

([5]) Stjtíð. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.
([6]) Stjtíð. ESB L 148, 6.6.2008, bls. 1.

6) Í stað 18. gr. komi eftirfarandi:

„18. gr.

Skrá

1. Framkvæmdastjórnin stofnar „skrá yfir verndaðar upprunatáknanir og verndaðar landfræðilegar merkingar“, hér á eftir nefnd „skráin“, í samræmi við 118. gr. n í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, og heldur henni uppfærðri. Hún er stofnuð í rafræna gagnasafninu „E-Bacchus“ á grundvelli þeirra ákvarðana sem veita vernd fyrir viðkomandi merkingar, táknanir og heiti.

2. Upprunatáknun eða landfræðileg merking sem hefur verið samþykkt skal færð inn í skrána.

Ef um er að ræða heiti sem skráð eru skv. 1. mgr. 118. gr. s í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 skal framkvæmdastjórnin færa inn í skrána þær upplýsingar sem kveðið er á um í 3. mgr. þessarar greinar.

3. Framkvæmdastjórnin skal færa eftirfarandi upplýsingar inn í skrána:

a) vernduðu táknunina,

b) skrásetningarnúmerið,

c) að heitið sé verndað, annað hvort sem landfræðileg merking eða upprunatáknun,

d) heiti upprunalandsins eða -landanna,

e) dagsetningu skráningar,

f) tilvísun í lagagerninginn sem veitir heitinu vernd,

g) tilvísun til eina skjalsins.

4. Skráin skal gerð aðgengileg almenningi.“

7) Í stað 1., 2. og 3. mgr. 20. gr. komi eftirfarandi:

„1. Umsókn um samþykki fyrir breytingum á forskrift fyrir afurð vegna verndaðrar upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar, sem umsækjandi leggur fram eins og um getur í 118. gr. e í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, skal send í samræmi við 1. mgr. 70. gr. a í þessari reglugerð.

2. Umsókn um samþykki fyrir breytingu á forskrift fyrir afurð skv. 1. mgr. 118. gr. q í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 skal teljast tæk ef upplýsingarnar, sem krafist er skv. 2. mgr. 118. gr. c í þeirri reglugerð, ásamt tilhlýðilega útfylltri beiðni hafa verið sendar til framkvæmdastjórnarinnar.

3. Að því er varðar beitingu fyrsta málsliðar 2. mgr. 118. gr. q í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 skulu 9. til 18. gr. þessarar reglugerðar gilda að breyttu breytanda.“

8) Í stað 21. gr. komi eftirfarandi:

„21. gr.

Framlagning beiðni um afturköllun

1. Beiðni um afturköllun, sem lögð er fram í samræmi við 118. gr. r í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, skal send í samræmi við 1. mgr. 70. gr. a í þessari reglugerð. Framlagningardagsetning beiðni um afturköllun hjá framkvæmdastjórninni er sú dagsetning þegar beiðnin um afturköllun berst framkvæmdastjórninni. Sú dagsetning skal kynnt almenningi.

2. Framkvæmdastjórnin skal staðfesta móttöku á beiðninni og gefa henni skrásetningarnúmer.

Staðfesting á móttöku skal a.m.k. innihalda eftirfarandi:

a) skrásetningarnúmerið,

b) viðtökudag beiðninnar.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar framkvæmdastjórnin á frumkvæði að afturkölluninni.“

9) Eftirfarandi 5. mgr. bætist við 22. gr.:

„5. Tilkynningar til framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í 3. mgr., skulu gerðar í samræmi við 1. mgr. 70. gr. a.“

10) Í 1. mgr. 23. gr. bætist eftirfarandi þriðja undirgrein við:

„Tilkynningar til framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein, skulu gerðar í samræmi við 1. mgr. 70. gr. a.“

11) Í stað annarrar undirgreinar í 1. mgr. 28. gr. komi eftirfarandi:

„Umsóknin skal send í samræmi við 1. mgr. 70. gr. a. Framlagningardagsetning umsóknar um breytingu hjá framkvæmdastjórninni er sú dagsetning þegar umsóknin berst framkvæmdastjórninni.“

12) Í stað 30. gr. komi eftirfarandi:

„30. gr.

Umsókn um vernd

1. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna eða þriðju landanna eða atvinnugreinasamtök skulu senda umsókn um vernd fyrir hefðbundið heiti í samræmi við 1. mgr. 70. gr. a. Með umsókninni skal fylgja löggjöf aðildarríkjanna eða reglur, sem gilda um vínframleiðendur í þriðju löndum og eiga við um notkun viðkomandi heitis, og tilvísun í þá löggjöf eða þær reglur.

2. Þegar um er að ræða beiðni, sem atvinnugreinasamtök með staðfestu í þriðja landi leggja fram, skal umsækjandinn senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um atvinnugreinasamtökin og aðila að þeim, í samræmi við 1. mgr. 70. gr. a. Framkvæmdastjórnin skal veita almenningi aðgang að þessum upplýsingum.“

13) Í stað 33. gr. komi eftirfarandi:

„33. gr.

Að leggja inn umsókn

1. Framlagningardagsetning umsóknar hjá framkvæmdastjórninni er sú dagsetning þegar umsóknin berst framkvæmdastjórninni.

2. Framkvæmdastjórnin skal staðfesta móttöku umsóknarinnar við yfirvöldin í aðildarríkinu eða þriðja landinu eða umsækjandann sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi og skal gefa umsókninni skrásetningarnúmer.

Staðfesting á móttöku skal a.m.k. innihalda eftirfarandi:

a) skrásetningarnúmerið,

b) hefðbundna heitið,

c) viðtökudag beiðninnar.“

14) Í stað 34. gr. komi eftirfarandi:

„34. gr.

Lögmæti

1. Umsókn skal teljast tæk þegar umsóknareyðublaðið er útfyllt á tilhlýðilegan hátt og skjölin, sem krafist er samkvæmt ákvæðum 30. gr., fylgja með umsókninni. Umsóknareyðublaðið skal teljast vera tilhlýðilega útfyllt þegar allir skyldubundnu reitirnir, sem koma fram í upplýsingakerfunum sem um getur í 70. gr. a, hafa verið fylltir út.

Í því tilviki skal litið svo á að umsóknin sé tæk þann dag sem hún berst framkvæmdastjórninni. Umsækjandinn skal upplýstur um það.

Sú dagsetning skal kynnt almenningi.

2. Ef eyðublaðið hefur ekki verið fyllt út eða aðeins fyllt út að hluta til eða skjölin, sem um getur í 1. mgr., voru ekki lögð fram á sama tíma og umsóknin eða einhver þeirra vantar skal umsóknin teljast ótæk.

3. Ef umsóknin er ótæk skal tilkynna lögbæru yfirvöldunum í aðildarríkinu eða þriðja landinu eða umsækjandanum sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi um ástæðurnar fyrir því að hún telst ótæk og að viðkomandi aðili hafi rétt til að leggja fram aðra, tilhlýðilega útfyllta umsókn.“

15) Í stað 2. og 3. mgr. 37. gr. komi eftirfarandi:

„2. Andmælin skulu send í samræmi við 1. mgr. 70. gr. a. Framlagningardagsetning andmæla hjá framkvæmdastjórninni er sú dagsetning þegar umsóknin berst framkvæmdastjórninni.

3. Framkvæmdastjórnin skal staðfesta móttöku á andmælunum og gefa umsókninni skrásetningarnúmer.

Staðfesting á móttöku skal a.m.k. innihalda eftirfarandi:

a) skrásetningarnúmerið,

b) viðtökudag andmælanna.“

16) Í stað 40. gr. komi eftirfarandi:

„40. gr.

Almenn vernd

1. Ef hefðbundið heiti, sem sótt er um vernd fyrir, uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 118. gr. u (1. mgr.) í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 og í 31. og 35. gr. þessarar reglugerðar og því er ekki hafnað skv. 36., 38. og 39. gr. þessarar reglugerðar, er hefðbundna heitið skráð og skilgreint í „E-Bacchus“ gagnasafninu í samræmi við 118. gr. u (2. mgr.) í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 á grundvelli upplýsinganna sem sendar voru framkvæmdastjórninni í samræmi við 70. gr. a (1. mgr.) í þessari reglugerð og eftirfarandi tiltekið:

a) tungumálið sem um getur í 1. mgr. 31. gr.,

b) flokkur eða flokkar vínræktarafurða sem verndin gildir um,

c) tilvísun í landslöggjöf aðildarríkisins eða þriðja landsins þar sem hefðbundna heitið er skilgreint og reglufest, eða í reglur sem gilda um vínframleiðendur í þriðja landinu, þ.m.t. í reglum atvinnugreinasamtaka, ef landslöggjöf er ekki er til staðar í þessum þriðju löndum,

d) samantekt um skilgreininguna eða skilyrði fyrir notkun,

e) heiti upprunalandsins eða -landanna,

f) dagsetning skráningar í rafræna gagnasafnið „E-Bacchus“.

2. Hefðbundnu heitin, sem skráð eru í rafræna gagnasafnið „E-Bacchus“, eru eingöngu vernduð á því tungumáli og í þeim flokkum vínræktarafurða sem tilkall er gert til í umsókninni og gegn:

a) hvers konar misnotkun, jafnvel þótt verndaða heitinu fylgi orðalag eins og t.d. „áþekkur“, „tegund“, „aðferð“, „eins og það er framleitt í“, „eftirlíking“, „bragð“, „gerð“ eða svipað orðalag,

b) allri annarri rangri eða blekkjandi vísun til eðlis, einkenna eða grundvallareiginleika afurðarinnar, á innri eða ytri umbúðum, í auglýsingaefni eða skjölum er varða hana,

c) hvers konar athöfnum, sem eru til þess fallnar að villa um fyrir neytendum, einkum þeim sem gefa til kynna að vínið megi bera verndaða hefðbundna heitið.

3. Almenningur skal upplýstur um hefðbundnu heitin sem skráð eru í rafræna gagnasafnið „E-Bacchus“.“

17) Í stað þriðju undirgreinar 1. mgr. 42.gr. komi eftirfarandi:

„Notkun á vernduðu einsheiti skal háð því að nægilegur munur sé í raun milli einsheitisins sem verndað er síðar og hefðbundna heitisins sem þegar er skráð í rafræna gagnasafnið „E-Bacchus“, með hliðsjón af þeirri nauðsyn að meðhöndla alla viðkomandi framleiðendur á sama hátt og til að komast hjá því að villa um fyrir neytendum.“

18) Í stað 45. gr. komi eftirfarandi:

„45. gr.

Framlagning beiðni um afturköllun

1. Aðildarríki, þriðja land, einstaklingur eða lögaðili, sem á lögmætra hagsmuna að gæta í samræmi við 1. mgr. 70. gr. a, getur lagt fram tilhlýðilega rökstudda beiðni um afturköllun til framkvæmdastjórnarinnar. Framlagningardagsetning beiðni hjá framkvæmdastjórninni er sú dagsetning þegar beiðnin berst framkvæmdastjórninni. Sú dagsetning skal kynnt almenningi.

2. Framkvæmdastjórnin skal staðfesta móttöku á beiðninni og gefa henni skrásetningarnúmer.

Staðfesting á móttöku skal a.m.k. innihalda eftirfarandi:

a) skrásetningarnúmerið,

b) viðtökudag beiðninnar.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar framkvæmdastjórnin á frumkvæði að afturkölluninni.“

19) Í stað 5. mgr. 47. gr. komi eftirfarandi:

„5. Þegar afturköllun tekur gildi skal framkvæmdastjórnin fjarlægja viðkomandi heiti af skránni sem sett er fram í rafræna gagnasafninu „E-Bacchus“.“

20) Í stað 1. mgr. 63. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu tilnefna lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin sem bera ábyrgð á því að tryggja vottun eins og kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 118. gr. z í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, í samræmi við viðmiðin sem mælt er fyrir um í 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 (*).

Hvert aðildarríki skal senda framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar fyrir 1. október 2011 ásamt öllum breytingum á þessum upplýsingum í samræmi við 1. mgr. 70.gr. a í þessari reglugerð:

a) heiti, heimilisfang og tengiliði, þ.m.t. tölvupóstföng, yfirvaldsins eða yfirvaldanna sem bera ábyrgð á beitingu þessarar greinar,

b) eftir atvikum, heiti, heimilisfang og tengiliði, þ.m.t. tölvupóstföng, allra aðila sem yfirvald hefur veitt heimild til að beita þessari grein,

c) þær ráðstafanir sem það hefur gert varðandi framkvæmd þessarar greinar ef þessar ráðstafanir hafa sérstakt gildi að því er varðar samvinnu milli aðildarríkjanna eins og um getur í reglugerð (EB) nr. 555/2008,

d) þau vínþrúguyrki sem beiting 2. mgr. 118. gr. z og 120. gr. a í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 gildir um.

Framkvæmdastjórnin skal útbúa og halda uppfærðri skrá yfir heiti og heimilisföng lögbærra yfirvalda og viðurkenndra aðila sem og yfir viðurkennd vínþrúguyrki, á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin senda. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa almenning um þessa skrá.“

(*) Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

21) Í V. kafla bætist við nýjar greinar, 70. gr. a og 70. gr. b, sem hér segir:

„70 gr. a

Aðferð sem á við um tilkynningar milli framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna, þriðju landa og annarra rekstraraðila

1. Að því er varðar þessa málsgrein skulu skjölin og upplýsingarnar, sem krafist er vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar, send framkvæmdastjórninni á eftirfarandi hátt:

a) að því er varðar lögbær yfirvöld aðildarríkjanna: í gegnum upplýsingakerfið sem framkvæmdastjórnin lætur þeim í té í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 792/2009,

b) að því er varðar lögbær yfirvöld og atvinnugreinasamtök þriðju landa sem og einstaklinga eða lögaðila sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta samkvæmt þessari reglugerð: með rafrænum hætti með þeim aðferðum og eyðublöðum sem framkvæmdastjórnin lætur þeim í té og gerð eru aðgengileg samkvæmt þeim skilyrðum sem tilgreind eru í XVIII. viðauka við þessa reglugerð.

Þó er einnig mögulegt að senda tilkynningar á pappírsformi með því að nota þessi eyðublöð.

Innlagning umsóknar og innihald tilkynninganna er málefni lögbæru yfirvaldanna, sem þriðju löndin tilnefna, eða atvinnugreinasamtakanna eða einstaklinganna eða lögaðilanna sem að málinu koma, eftir atvikum.

2. Framkvæmdastjórnin skal senda upplýsingar og gera þær aðgengilegar fyrir yfirvöldin og aðilana sem þessi reglugerð hefur áhrif á og, eftir atvikum, fyrir almenning, í gegnum upplýsingakerfin sem framkvæmdastjórnin kom upp.

Yfirvöldin og aðilarnir sem þessi reglugerð hefur áhrif á geta haft samband við framkvæmdastjórnina, í samræmi við XIX. viðauka, til að afla upplýsinga um hagnýt atriði er varða aðgang að upplýsingakerfunum, um tilkynningar og hvernig upplýsingar eru gerðar aðgengilegar.

3. Ákvæði 5. gr. (2. mgr.) og 6., 7. og 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 792/2009 gilda að breyttu breytanda um tilkynningar og aðgengileika upplýsinga sem um getur í b-lið 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar.

4. Að því er varðar framkvæmd b-liðar 1. mgr. skulu þeir sem bera ábyrgð á upplýsingakerfunum innan framkvæmdastjórnarinnar veita lögbærum yfirvöldum og atvinnugreinasamtökum þriðju landa ásamt einstaklingum eða lögaðilum, sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta samkvæmt þessari reglugerð, rétt til aðgangs að upplýsingakerfunum.

Þeir sem bera ábyrgð á upplýsingakerfunum innan framkvæmdastjórnarinnar skulu samþykkja aðgangsrétt, eftir því sem við á, á grundvelli:

a) upplýsinga um lögbær yfirvöld, sem þriðju lönd tilnefna, ásamt tengiliðum þeirra og tölvupóstföngum sem framkvæmdastjórnin hefur í sinni vörslu vegna alþjóðasamninga eða sem hafa verið sendar til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við þessa samninga,

b) opinberrar beiðni frá þriðja landi þar sem tilgreindar eru upplýsingar um þau yfirvöld sem bera ábyrgð á sendingu skjalanna og upplýsinganna, sem krafist er vegna framkvæmdar b-liðar 1. mgr., sem og tengiliðir og tölvupóstföng viðkomandi yfirvalda,

c) beiðni frá atvinnugreinasamtökum í þriðja landi eða lögaðila eða einstaklingi, ásamt sönnun á kenni, sönnunum fyrir lögmætum hagsmunum viðkomandi og tölvupóstfangi.

Þeir sem bera ábyrgð á upplýsingakerfunum innan framkvæmdastjórnarinnar skulu virkja aðgangsréttinn þegar búið er að samþykkja hann.

70. gr. b

Sending og miðlun upplýsinga um þau yfirvöld sem bera ábyrgð á yfirferð umsókna á landsvísu

1. Fyrir 1. október 2011, í samræmi við 1. mgr. 70. gr. a, skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni heiti, heimilisfang og tengiliði, þ.m.t. tölvupóstföng, þeirra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd 2. mgr. 118. gr. f í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 ásamt breytingum á þessum upplýsingum ef einhverjar eru.

2. Framkvæmdastjórnin skal útbúa og viðhalda skrá yfir heiti og heimilisföng lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum eða þriðju löndum á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin hafa sent, í samræmi við 1. mgr., eða þriðju löndin í samræmi við alþjóðasamninga sem gerðir hafa verið við ESB. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa almenning um þessa skrá.“

22) Í stað 1. og 2. mgr. 71. gr. komi eftirfarandi:

„71. gr.

Vínheiti sem vernduð eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1493/1999

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við 70. gr. a (1. mgr.) í þessari reglugerð, senda skjölin sem um getur í 118. gr. s (2. mgr.) í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, hér á eftir nefnd „skráin“, og breytingarnar á forskrift fyrir afurð sem um getur í 73. gr. (c- og d-lið 1. mgr.) og 73. gr. (2. mgr.) í þessari reglugerð, í samræmi við eftirfarandi reglur og málsmeðferðarreglur:

a) framkvæmdastjórnin skal staðfesta móttöku á skránni eða breytingunni eins og tilgreint er í 9. gr. þessarar reglugerðar,

b) skráin eða breytingin skal teljast tæk daginn sem hún berst framkvæmdastjórninni samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í 11. gr. þessarar reglugerðar og að því tilskildu að hún berist framkvæmdastjórninni í síðasta lagi 31. desember 2011,

c) framkvæmdastjórnin skal staðfesta skráningu á viðkomandi upprunatáknun eða landfræðilegri merkingu í skrána í samræmi við 18. gr. þessarar reglugerðar ásamt breytingum, ef einhverjar eru, og gefa henni skrásetningarnúmer,

d) framkvæmdastjórnin skal yfirfara réttmæti umsóknarskrárinnar með tilliti til breytinga sem hafa borist, eftir atvikum, í samræmi við tímamörkin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 12. gr. þessarar reglugerðar.

2. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að draga viðkomandi upprunatáknun eða landfræðilega merkingu til baka í samræmi við 4. mgr. 118. gr. s í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 á grundvelli þeirra skjala sem hún hefur aðgang að skv. 2. mgr. 118. gr. s í þeirri reglugerð.“

23) Í stað 73. gr. komi eftirfarandi:

„73. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Málsmeðferðin, sem sett er fram í 118. gr. s í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, gildir í eftirfarandi tilvikum:

a) fyrir öll vínheiti sem lögð eru fyrir aðildarríki sem upprunatáknanir eða landfræðilegar merkingar og viðkomandi aðildarríki samþykkir fyrir 1. ágúst 2009,

b) fyrir öll vínheiti sem lögð eru fyrir aðildarríki sem upprunatáknanir eða landfræðilegar merkingar fyrir 1. ágúst 2009 og viðkomandi aðildarríki samþykkir fyrir 31. desember 2011,

c) fyrir allar breytingar á forskriftum fyrir afurðir sem lagðar eru fyrir aðildarríki fyrir 1. ágúst 2009 og viðkomandi aðildarríki sendir framkvæmdastjórninni fyrir 31. desember 2011,

d) fyrir allar minni háttar breytingar á forskriftum fyrir afurðir sem lagðar eru fyrir aðildarríki 1. ágúst 2009 eða síðar og viðkomandi aðildarríki sendir framkvæmdastjórninni fyrir 31. desember 2011.

2. Málsmeðferðin, sem sett er fram í 118. gr. q í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, gildir ekki um breytingar á forskriftum fyrir afurðir sem lagðar eru fyrir aðildarríki 1. ágúst 2009 eða síðar, sem viðkomandi aðildarríki sendir framkvæmdastjórninni fyrir 30. júní 2014, ef viðkomandi breytingar snúast einvörðungu um að samræma forskrift fyrir afurð, sem send var til framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 118. gr. s (2. mgr.) í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, við 118. gr. c í reglugerð (EB) 1234/2007 og þessa reglugerð.

3. Setja má vín, sem sett eru á markað eða merkt fyrir 31. desember 2010 og eru í samræmi við viðkomandi ákvæði sem eru í gildi fyrir 1. ágúst 2009, á markað þar til birgðir eru uppurnar.“

24) I. til IX. viðauki, XI. og XII. viðauki falli brott.

25) Í stað XVIII. og XIX. viðauka komi textinn í I. og II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Þó skulu ákvæði 1. gr. (20. liðar) þessarar reglugerðar sem varða 63. gr. (1. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 607/2009 sem og 1. gr. (21. liður) þessarar reglugerðar, að því er varðar 70. gr. b í reglugerð (EB) nr. 607/2009, gilda frá 1. september 2011.

Tilkynningar, sem berast valkvætt frá lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna í gegnum upplýsingakerfin sem framkvæmdastjórnin kom upp í samræmi við reglugerð (EB) nr. 607/2009, eins og henni er breytt með 1. gr. þessarar reglugerðar, á tímabilinu frá 1. júní 2011 til gildistökudags þessarar reglugerðar, skulu teljast hafa verið í samræmi við reglugerð (EB) nr. 607/2009 áður en henni var breytt með þessari reglugerð.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. júlí 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

„XVIII. VIÐAUKI

Aðgangur að aðferðunum og rafrænu formunum sem um getur í b-lið 1. mgr. 70. gr. a

Aðgangur að aðferðunum og rafrænu formunum, sem um getur í b-lið 1. mgr. 70. gr. a, er frjáls í gegnum rafræna gagnasafnið „E-Bacchus“ sem er hluti af upplýsingakerfum framkvæmdastjórnarinnar:

http://ec.europa.eu/agriculture/markets/wine/e-bacchus/“

———

II. VIÐAUKI

XIX. VIÐAUKI

Hagnýt atriði er varða tilkynningar og hvernig upplýsingar eru gerðar aðgengilegar, sem um getur í 2. mgr. 70. gr. a

Til að afla upplýsinga um hagnýt atriði er varða aðgang að upplýsingakerfum, um tilkynningar og hvernig upplýsingar eru gerðar aðgengilegar skulu yfirvöldin og aðilarnir, sem þessi reglugerð hefur áhrif á, hafa samband við framkvæmdastjórnina á eftirfarandi slóð:

Virkt pósthólf: AGRI-CONTACT-EBACCHUS@ec.europa.eu“

———

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 200/2012 **2013/EES/9/10**

frá 8. mars 2012

varðandi það markmið Sambandsins að draga úr *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* í hópum holdakjúklinga, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum([1]), einkum 4. gr. (annarri undirgrein 1. mgr.), 8. gr. (annarri undirgrein 1. mgr.) og 13. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er miðað að því að sjá til þess að gripið sé til viðeigandi og skilvirkra ráðstafana til að greina og verjast, meðal annars, salmonellu á öllum viðeigandi stigum og einkum á frumframleiðslustiginu, þ.e. í hópum, í því skyni að draga úr algengi matarborinna sjúkdómsvalda sem berast á milli manna og dýra og þar með þeirri áhættu sem þeir skapa fyrir lýðheilsu.

2) Í 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003 er kveðið á um að setja skuli markmið Sambandsins um að draga úr algengi allra sermigerða salmonellu, sem hafa áhrif á lýðheilsu, í holdakjúklingum. Sú minnkun er nauðsynleg til að tryggja að viðmiðanirnar, sem settar eru fram í E-hluta II. viðauka við þá reglugerð og í 1. kafla I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli([2]), fyrir salmonellu í nýju kjöti af holdakjúklingum geti náðst.

3) Í reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er kveðið á um að í markmiði Sambandsins skuli koma fram töluleg framsetning þess hámarkshundraðshluta faraldsfræðilegra eininga sem eru áfram jákvæðar og/eða lágmarkshundraðshluta minnkunar á fjölda faraldsfræðilegra eininga sem eru áfram jákvæðar, hámarksfrestur til að ná markmiðunum og skilgreining á þeim prófunarkerfum sem eru nauðsynleg til að sannreyna að markmiðið hafi náðst. Þar skal einnig, ef við á, koma fram skilgreining á sermigerðum sem hafa áhrif á lýðheilsu.

4) Í reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er kveðið á um að þegar markmið Sambandsins er sett skuli taka tillit til reynslunnar, sem fengist hefur af gildandi innlendum ráðstöfunum, og upplýsinganna, sem sendar voru til framkvæmdastjórnarinnar eða til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“), samkvæmt gildandi kröfum Sambandsins, einkum í tengslum við upplýsingar sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/99/EB frá 17. nóvember 2003 um vöktun mannsmitanlegra dýrasjúkdóma og smitvalda þeirra, breytingu á ákvörðun ráðsins 90/424/EBE og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/117/EBE([3]), einkum 5 gr.

5) Í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 646/2007 frá 12. júní 2007 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003, að því er varðar markmið Bandalagsins sem sett eru til að draga úr algengi *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* í holdakjúklingum, og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1091/2005([4]) er fastsett markmið um að minnka hámarkshundraðshluta hópa holdakjúklinga, sem eru áfram jákvæðir fyrir þessum tveimur sermigerðum salmonellu, niður í 1% eða minna fyrir 31. desember 2011.

6) Í yfirlitsskýrslu Evrópusambandsins um leitni og upptök sjúkdóma sem berast milli manna og dýra, smitvalda sjúkdóma sem berast milli manna og dýra og uppkomu matarborinna sjúkdóma árið 2009([5]) kemur fram að *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* eru þær sermigerðir sem oftast tengjast sjúkdómum í mönnum. Sjúkdómstilfellum í mönnum af völdum *Salmonella enteritidis* fækkaði umtalsvert á árinu 2009 en tilfellum af völdum *Salmonella typhimurium* fjölgaði hins vegar.

7) Í júlí 2011 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit um megindlegt mat á áhrifum þess á lýðheilsu að setja nýtt markmið um að draga úr salmonellu í holdakjúklingum([6]). Niðurstaðan úr álitinu er sú að *Salmonella enteritidis* sé sú sermigerð salmonellu í alifuglum sem berst auðveldlegast frá foreldri til afkvæmis. Matvælaöryggisstofnunin veitti því einnig athygli að varnarráðstafanir Sambandsins varðandi holdakjúklinga hafa átt sinn þátt í umtalsverðri fækkun tilfella salmonellusýkingar í mönnum sem rakin er til holdakjúklinga, borið saman við stöðuna árið 2006. Því skal staðfesta markmiðið.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 71, 9.3.2012, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 192/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 3.

([1]) Stjtíð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 31.

([4]) Stjtíð. ESB L 151, 13.6.2007, bls. 21.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2011) 9(3), bls. 2090.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2011) 9(7), bls. 2106.

8) Einfasa stofnar *Salmonella typhimurium* hafa á síðustu árum orðið á meðal algengustu sermigerða salmonellu sem hafa greinst í talsverðum fjölda dýrategunda og í klínísku einangri úr mönnum. Í vísindalegu áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 2010 um vöktun og mat á áhættu fyrir lýðheilsu af völdum „stofna sem líkjast *Salmonella typhimurium*“ („Scientific Opinion on monitoring and assessment of the public health risk of „*Salmonella typhimurium*-like strains“), sem var samþykkt 22. september 2010([7]), kemur einnig fram að einfasa stofnar *Salmonella typhimurium* með ónæmisvakaformúluna 1,4,[5],12:i:-, sem nær yfir stofna með og án O5 ónæmisvaka, verði að teljast afbrigði *Salmonella typhimurium* og að þeir hafi í för með sér svipaða áhættu fyrir lýðheilsu og aðrir stofnar *Salmonella typhimurium*. Því skulu stofnar *Salmonella typhimurium* með ónæmisvakaformúluna 1,4,[5],12:i:- falla undir markmiðið.

9) Endurtekin sýnataka úr hópum holdakjúklinga er nauðsynleg til að sannreyna hvort markmiði Sambandsins hafi verið náð. Svo unnt sé að meta niðurstöðurnar og bera þær saman þarf sameiginlegt prófunarkerfi til að sannreyna hvort markmiði Sambandsins hafi verið náð.

10) Landsbundnar varnaráætlanir um að ná markmiði Sambandsins fyrir árið 2012 að því er varðar hópa holdakjúklinga af tegundinni *Gallus gallus* hafa verið lagðar fram m.t.t. sameiginlegrar fjármögnunar Sambandsins í samræmi við ákvörðun ráðsins 2009/470/EB frá 25. maí 2009 um útgjöld á sviði sem varðar heilbrigði dýra og dýraafurða([8]). Tæknilegu breytingarnar sem innleiddar eru í viðaukanum við þessa reglugerð gilda án frekari lögfestingar. Þar af leiðandi þarf framkvæmdastjórnin ekki að endursamþykkja landsbundnar varnaráætlanir til framkvæmdar á þessari reglugerð. Því er ekki þörf á umbreytingartímabili.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Markmið Sambandsins

1. Markmið Sambandsins, eins og um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003, um að draga úr algengi *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* í holdakjúklingum (hér á eftir nefnt „markmið Sambandsins“), er að lækka árlegan hámarkshundraðshluta þeirra hópa holdakjúklinga, sem eru áfram jákvæðir fyrir *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium*, í 1% eða minna.

Að því er varðar einfasa *Salmonella typhimurium* skulu sermigerðir með ónæmisvakaformúluna 1,4,[5],12:i:- falla undir markmið Sambandsins.

2. Prófunarkerfið, sem er nauðsynlegt til að sannreyna hvernig gengur að ná markmiði Sambandsins, er sett fram í viðaukanum („prófunarkerfi“).

2. gr.

Endurskoðun á markmiði Sambandsins

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða markmið Sambandsins með tilliti til upplýsinga sem aflað er í samræmi við prófunarkerfið og viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í c-lið 6. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003.

3. gr.

Niðurfelling reglugerðar (EB) nr. 646/2007

Reglugerð (EB) nr. 646/2007 er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2010) 8(10), bls. 1826.
([8]) Stjtíð. ESB L 155, 18.6.2009, bls. 30.

VIÐAUKI

Prófunarkerfi sem er nauðsynlegt til að sannreyna hvernig gengur að ná markmiði Bandalagsins eins og um getur í 2. mgr. 1. gr.

1. SÝNATÖKURAMMI

Sýnatökuramminn skal taka til allra hópa holdakjúklinga af tegundinni *Gallus gallus* („holdakjúklingar“) innan ramma landsbundinna varnaráætlana sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003.

2. VÖKTUN HOLDAKJÚKLINGA

2.1. **Tíðni sýnatöku**

a) Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu taka sýni úr öllum hópum holdakjúklinga innan þriggja vikna fyrir slátrun.

Þrátt fyrir skyldu til sýnatöku sem sett er fram í fyrstu undirgrein má lögbært yfirvald kveða á um að stjórnendur matvælafyrirtækja taki sýni úr a.m.k. einum hópi holdakjúklinga í hverri umferð á bújörðum með fleiri en einum hóp þegar:

i. allt inn-allt út kerfi er notað í öllum hópum bújarðarinnar,

ii. sama stjórnun á við um alla hópa,

iii. fóður og vatn eru sameiginleg fyrir alla hópa,

iv. prófað hefur verið, í minnst síðustu sex umferðum, fyrir Salmonella spp. samkvæmt sýnatökukerfinu, sem sett er fram í fyrstu undirgrein, í öllum hópum á bújörðinni og lögbært yfirvald hefur tekið sýni úr öllum flokkum í minnst einni umferð,

v. allar niðurstöður úr prófun samkvæmt fyrstu undirgrein og b-lið fyrir Salmonella enteritidis eða Salmonella typhimurium voru neikvæðar.

Þrátt fyrir skyldu til sýnatöku sem sett er fram í þessum lið má lögbært yfirvald heimila sýnatöku á síðustu sex vikum fyrir slátrunardag að því tilskildu að holdakjúklingarnir séu annað hvort haldnir lengur en í 81 dag eða falli undir lífræna holdakjúklingaframleiðslu samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008([9]).

b) Lögbært yfirvald skal á hverju ári taka sýni úr a.m.k. einum hópi holdakjúklinga á 10% bújarða með fleiri en 5000 fugla. Sú sýnataka má fara fram út frá áhættu í hvert skipti sem lögbært yfirvald telur þess þörf.

Sýnataka, sem lögbært yfirvald framkvæmir, má koma í stað sýnatöku stjórnanda matvælafyrirtækis, eins og krafist er í a-lið.

2.2. **Aðferðalýsing við sýnatöku**

2.2.1. *Almennar leiðbeiningar um sýnatöku*

Lögbært yfirvald eða stjórnandi matvælafyrirtækis skal sjá til þess að einstaklingar, sem hlotið hafa til þess þjálfun, annist sýnatökuna.

Taka skal sýni með a.m.k. tveimur pörum af sýnatökuyfirhlífum. Sýnatökuyfirhlífar eru settar á stígvélin og sýnið er tekið með því að ganga um alifuglahúsið. Stroksýni úr einum hópi holdakjúklinga má hópa í eitt safnsýni.

Áður en farið er í sýnatökuyfirhlífar skal yfirborð þeirra vætt með:

a) þynningarvökva sem tryggir hámarksendurheimt (MRD: 0,8% natríumklóríð og 0,1% peptón í dauðhreinsuðu, afjónuðu vatni),

b) dauðhreinsuðu vatni,

c) einhverju öðru þynningarefni sem landsbundna tilvísunarrannsóknarstofan, sem um getur í 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003 samþykkir eða

d) því að fara í gegnum hita- og þrýstiherðingu í íláti ásamt þynningarefnum.

Væta skal sýnatökuyfirhlífar með því að hella vökvanum inn í þær áður en farið er í þær eða hrista þær í íláti með þynningarefni.

([9]) Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1.

Tryggja verður að tekin séu hlutfallsleg sýni úr öllum hlutum hússins. Hvert par sýnatökuyfirhlífa skal taka til u.þ.b. 50% af flatarmáli hússins.

Þegar sýnatöku er lokið skal taka yfirhlífarnar varlega af stígvélunum til að forðast að efni, sem loðir við þær, losni af þeim. Snúa má sýnatökuyfirhlífunum á rönguna til að efni haldist í þeim. Þeim skal komið fyrir í poka eða fötu og þær merktar.

Lögbært yfirvald getur ákveðið að auka lágmarksfjölda sýna til að tryggja dæmigerða sýnatöku með því að meta faraldsfræðilega þætti í hverju tilviki fyrir sig, svo sem smitvarnaskilyrði, dreifingu eða stærð hópsins.

Samþykki lögbæra yfirvaldið það má, í stað eins pars af sýnatökuyfirhlífum, koma 100 g ryksýni sem safnað er á mörgum stöðum um allt húsið af yfirborðsflötum sem eru sýnilega rykugir. Sem annan kost má nota einn eða fleiri raka sýnatökuklúta á a.m.k. 900 cm^2 samanlagðan yfirborðsflöt til að safna ryki frá mörgum stöðum um allt húsið. Hver klútur skal vel þakinn ryki báðum megin.

2.2.2. *Sérstakar leiðbeiningar fyrir tilteknar tegundir búfjárða*

a) Þegar hópar holdakjúklinga eru útihænur skal aðeins taka sýni inni í húsinu.

b) Í hópum með færri en 100 holdakjúklinga, þar sem ekki er hægt að fara inn í húsin vegna skorts á rými og þar af leiðandi ekki hægt að nota sýnatökuyfirhlífar þegar gengið er um, er í staðinn heimilt að taka stroksýni með sams konar sýnatökuklútum og notaðir eru fyrir ryk og klútunum er nuddað eftir yfirborði sem er mengað af nýjum saur eða, ef það er ekki gerlegt, með öðrum sýnatökuaðferðum fyrir saur, sem hæfa tilganginum.

2.2.3. *Sýnataka lögbærs yfirvalds*

Lögbæra yfirvaldið skal, með því að láta fara fram frekari prófanir og/eða sannprófanir skjala eftir því sem við á, fullvissa sig um að niðurstöður séu ekki bjagaðar vegna tilvistar örverueyðandi efna eða annarra efna sem hamla bakteríuvexti.

Ef ekki er unnt að greina *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* en unnt er að greina örverueyðandi efni eða hamlandi áhrif á bakteríuvöxt skal flokka hópinn sem smitaðan hóp holdakjúklinga í skilningi markmiðs Sambandsins sem um getur í 2. mgr. 1. gr.

2.2.4. *Flutningar*

Senda skal sýni án ástæðulausrar tafar, annað hvort með hraðpósti eða sendiboða, til rannsóknastofanna sem um getur í 11. og 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003. Á meðan á flutningi stendur skulu þau varin fyrir hita yfir 25 °C og sólarljósi.

Þegar ekki er unnt að senda sýnin innan 24 klst. frá sýnatöku skal geyma þau í kæli.

3. GREINING Á RANNSÓKNARSTOFU

3.1. **Undirbúningur sýnanna**

Sýnin skulu geymd í kæli á rannsóknarstofunni þar til þau eru rannsökuð. Rannsókn skal hefjast innan 48 klukkustunda frá móttöku sýnanna og innan 4 daga frá sýnatökunni.

Ryksýni skal greina aðskilið. Lögbæru yfirvaldi er þó heimilt að ákveða að hópa þau með parinu af sýnatökuyfirhlífum til greiningar.

Sýninu skal hringsnúið svo að það mettist til fulls og ræktun skal haldið áfram með því að nota greiningaraðferðina í lið 3.2.

Taka skal sýnatökuyfirhlífapörin tvö varlega upp til að saurefni, sem loðir við þau, losni ekki, hópa í eitt sýni og setja í 225 ml af jöfnuðu peptónvatni, sem hefur verið hitað upp í stofuhita, en að öðrum kosti skal bæta 225 ml af þynningarefni beint á bæði sýnatökuyfirhlífapörin í ílátinu sem þau voru í þegar rannsóknarstofan tók við þeim.

Jafnaða peptónvatnið skal fljóta alveg yfir sýnatökuyfirhlífarnar þannig að nóg sé af vökva umhverfis sýnið til að salmonellubakteríur geti borist út frá sýninu og því má bæta við meira af jöfnuðu peptónvatni ef nauðsyn krefur.

Ef samþykktir EN/ISO-staðlar fyrir undirbúning saursýna til að greina salmonellu liggja fyrir, skulu þeir koma í stað þeirra ákvæða um undirbúning sýna sem sett eru fram í þessum lið, eins og við á.

3.2. **Greiningaraðferð**

Greining á salmonellu skal gerð í samræmi við 1. breytingu á staðli Alþjóðlegu staðlasamtakanna EN/ISO 6579, „Microbiology of food and animal feeding stuffs – Horizontal method for the detection of *Salmonella* spp. – Amendment 1: Annex D: Detection of *Salmonella* spp. in animal faeces and in environmental samples from the primary production stage.“

3.3. **Sermigerðargreining**

Að minnsta kosti eitt einangur úr hverju jákvæðu sýni sem lögbært yfirvald tekur skal sermigerðarprófað samkvæmt gildandi White-Kauffmann-LeMinor kerfi.

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá til þess, fyrir öll einangur, að a.m.k. sé útilokað að þau tilheyri sermigerðunum *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium*.

3.4. **Staðgönguaðferðir**

Að því er varðar sýni sem tekin eru að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækis er heimilt að nota þær greiningaraðferðir sem kveðið er á um í 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004([10]) í stað þeirra aðferða til að undirbúa sýni, greiningaraðferða og sermigerðargreininga, sem kveðið er á um í liðum 3.1, 3.2 og 3.3 í þessum viðauka, ef þær eru fullgiltar í samræmi við EN/ISO-staðal 16140.

3.5. **Geymsla stofna**

Lögbært yfirvald skal sjá til þess að a.m.k. einn einangraður stofn sermigerða salmonellu, sem finnst við sýnatöku, sem tengist opinberu eftirliti, úr hverju húsi og á hverju ári, sé geymdur svo að hægt verði síðar að greina þá með tilliti til fögugerðar eða næmi þeirra fyrir örverueyðandi efnum, með því að beita viðurkenndum aðferðum við söfnun stofna sem skal tryggja heilleika stofnanna í a.m.k. tvö ár frá greiningu.

Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að láta einnig geyma einangur úr sýnatöku stjórnenda matvælafyrirtækja til greiningar síðar meir með tilliti til fögugerðar eða næmi þeirra fyrir örverueyðandi efnum, svo unnt sé að greina einangur í samræmi við 2. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2007/407/EB([11]).

4. NIÐURSTÖÐUR OG SKÝRSLUGJÖF

4.1. **Útreikningur á algengi til að sannreyna hvernig gengur að ná markmiði Sambandsins**

Hópur holdakjúklinga telst jákvæður þegar verið er sannreyna að markmið Bandalagsins hafi náðst ef staðfest er að *Salmonella enteritidis* og/eða *Salmonella typhimurium* (ef ekki er um að ræða bóluefnisstofna) hafi greinst í hópnum.

Jákvæða hópa holdakjúklinga skal einungis telja einu sinni í hverri umferð, án tillits til fjölda tekinna sýna og prófana, og þá skal einungis tilgreina í skýrslunni á því ári sem sýni reynist jákvætt í fyrsta sinn.

4.2. **Skýrslugjöf**

Í skýrslunni skal koma fram:

a) heildarfjöldi hópa holdakjúklinga sem sýni voru tekin úr a.m.k. einu sinni á skýrsluárinu,

b) heildarfjöldi hópa í aðildarríkinu sem eru jákvæðir fyrir einhverri sermigerð salmonellu,

c) fjöldi hópa holdakjúklinga sem greinast a.m.k. einu sinni jákvæðir fyrir *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium*, þ.m.t. einfasa stofnar með ónæmisvakaformúluna 1,4,[5],12:i:-,

d) fjöldi hópa holdakjúklinga sem eru jákvæðir fyrir hverri sermigerð salmonellu eða fyrir ótilgreindri salmonellu (einangur sem ekki er unnt að greina til sermigerðar eða er ekki sermigerðarprófað),

Þessar upplýsingar skulu gefnar aðskilið fyrir sýnatökuna innan landsbundnu eftirlitsáætlunarinnar fyrir salmonellu sem kveðið er á um í a- og b- lið liðar 2.1, fyrir sýnatöku stjórnenda matvælafyrirtækja sem kveðið er á um í a- lið liðar 2.1 og fyrir sýnatöku lögbærra yfirvalda sem kveðið er á um í b-lið liðar 2.1.

Niðurstöður prófana skulu teljast mikilvægar upplýsingar um matvælaferlið, eins og kveðið er á um í III. þætti II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 853/2004([12]).

([10]) Stjtíð. ESB L165, 30.4.2004, bls. 1.
([11]) Stjtíð. ESB L 153, 14.6.2007, bls. 26.
([12]) Stjtíð. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 22.

Að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar skulu gerðar lögbæru yfirvaldi aðgengilegar um hvern hóp holda-kjúklinga sem er prófaður:

a) varanlegt tilvísunarnúmer bújarðar,

b) varanlegt tilvísunarnúmer húss,

c) mánuður sýnatöku.

Gefa skal skýrslu um niðurstöðurnar og allar viðeigandi viðbótarupplýsingar sem hluta af skýrslunni um horfur og upptök sem kveðið er á um í 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2003/99/EB([13]).

Stjórnandi matvælafyrirtækis skal án ástæðulausrar tafar tilkynna lögbæru yfirvaldi um staðfesta greiningu á *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium*. Stjórnandi matvælafyrirtækis skal gefa rannsóknarstofunni sem annaðist greininguna fyrirmæli um að grípa til ráðstafana til samræmis við það.

([13]) Stjtíð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 31.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 233/2012 **2013/EES/9/11**

frá 16. mars 2012

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar samþykkt breyttrar landsáætlunar Danmerkur um varnir gegn riðuveiki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar([1]), einkum iii-lið b-liðar 1. þáttar A-kafla í VIII. viðauka,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi heilahrörnunarsjúkdóma í dýrum. Í henni er kveðið á um samþykki fyrir innanlandsáætlunum aðildarríkjanna um varnir gegn riðuveiki ef þær eru í samræmi við tilteknar viðmiðanir sem mælt er fyrir um í reglugerðinni.

2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2006 frá 31. mars 2006 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar innanlandsáætlanir um varnir gegn riðuveiki og viðbótarábyrgðir og undanþágu frá tilteknum kröfum í ákvörðun 2003/100/EB og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1874/2003([2]) er m.a. landsbundin riðuvarnaráætlun Danmerkur samþykkt og mælt fyrir um viðbótarábyrgðir sem varða bújarðir og opinberar takmarkanir á tilflutningi á sauðfé og geitum við tiltekin skilyrði.

3) Hinn 25. nóvember 2011 lagði Danmörk breytta landsáætlun um varnir gegn riðuveiki, sem er í samræmi við þær viðmiðanir sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 999/2001, fyrir framkvæmdastjórnina til samþykktar. Frá árinu 2003 hafa verið gerðar riðuveikiprófanir á öllu sjálfdauðu sauðfé og geitum, sem voru eldri en 18 mánaða, og ekkert tilvik dæmigerðrar riðuveiki hefur greinst. Markmiðið með breytingunni á landsáætlun Danmerkur um varnir gegn riðuveiki er þar af leiðandi að fækka fjölda prófana, sem gerðar eru árlega, frá þeim umfangsmiklu prófunum sem nú eru gerðar á öllum sjálfdauðu sauðfé og geitum, sem urðu eldri en 18 mánaða, niður í lágmarkið sem krafist er í samræmi við reglugerð (EB) nr. 999/2001.

4) Í ljósi þeirra hagstæðu faraldsfræðilegu aðstæðna sem nú eru í Danmörku skal samþykkja breyttu landsáætlunina um varnir gegn riðuveiki að því er það aðildarríki varðar.

5) Breytta landsáætlunin um varnir gegn riðuveiki mun ekki hafa nein áhrif á viðskipti vegna þess að viðbótarábyrgðir og opinberar takmarkanir á tilflutningi, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 546/2006, haldast óbreyttar. Þessi reglugerð skal því öðlast gildi án tafar.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Breytta landsáætlunin um varnir gegn riðuveiki, sem Danmörk lagði fyrir framkvæmdastjórnina 25. nóvember 2011, er hér með samþykkt.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 78, 17.3.2012, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 192/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 3.

([1]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 94, 1.4.2006, bls. 28.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 412/2012 **2013/EES/9/12**

frá 15. maí 2012

um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 1. mgr. 68. gr. og 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er kveðið á um að telji aðildarríki að framleiðsla efnis, setning þess á markað eða notkun, hvort sem það er eitt sér, í blöndu eða í vöru, skapi áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið sem er ekki haldið nægilega vel í skefjum og þurfi að bregðast við skal það taka saman málsskjöl eftir að hafa tilkynnt Efnastofnuninni að það hyggist gera svo.

2) Frakkland hefur tekið saman málsskjöl um efnið dímetýlfúmarat sem sýna að dímetýlfúmarat í vörum eða hluta þeirra í styrk sem er yfir 0,1 mg/kg skapar áhættu fyrir heilbrigði manna og að nauðsynlegt er að grípa til aðgerða á vettvangi Sambandsins, til viðbótar ráðstöfunum sem þegar kunna að hafa verið gerðar. Málsskjölin voru lögð fyrir Efnastofnunina í því skyni að hefja málsmeðferðina varðandi takmarkanir.

3) Staðfest hefur verið að húsgögn og skófatnaður, sem eru fáanleg á markaði í nokkrum aðildarríkjum, hafa valdið heilsutjóni hjá neytendum í Frakklandi, Póllandi, Finnlandi, Svíþjóð og Breska konungsríkinu.

4) Viðurkennt var að heilsutjónið var af völdum dímetýlfúmarats en það er sæfiefni sem er notað til að hindra myglu sem getur skemmt leðurhúsgögn eða skófatnað í geymslu eða flutningum í röku loftslagi. Dímetýlfúmarat var yfirleitt í litlum pokum sem voru festir innan í húsgögn eða settir í kassa utan um skófatnað. Þar gufaði efnið upp og gegndreypti vöruna og verndaði hana gegn myglu. Hins vegar hafði það einnig áhrif á neytendur sem komust í snertingu við vörurnar. Dímetýlfúmarat komst í snertingu við húð neytenda þar sem það olli í mörgum tilvikum næmingu (snertihúðbólgu) sem veldur sársauka. Í sumum tilvikum var einnig tilkynnt um bráð öndunarvandamál. Einkar erfitt er að meðhöndla húðbólgu og næmingin er varanleg. Þar eð dímetýlfúmarat getur valdið næmingu geta váhrif af völdum þess orsakað aukaverkanir hjá næmum einstaklingum þótt efnið sé í mjög litlum styrk.

5) Ekki er heimilt að setja dímetýlfúmarat á markað eða nota það í sæfivörur í Sambandinu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ([2]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna ([3]). Því má ekki meðhöndla vörur, sem eru framleiddar í Sambandinu, með dímetýlfúmarati. Í tilskipun 98/8/EB er hins vegar ekki kveðið á um takmarkanir á innflutningi á vörum, sem eru meðhöndlaðar með sæfiefnum, inn í Sambandið.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 128, 16.5.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 9.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.

6) Á grundvelli 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru ([4]) hefur framkvæmdastjórnin samþykkt ákvörðun 2009/251/EB frá 17. mars 2009 þar sem þess er krafist að aðildarríkin sjái til þess að vörur, sem innihalda sæfiefnið dímetýlfúmarat, séu ekki settar á markað eða boðnar fram þar ([5]), þar sem setning vara, sem innihalda dímetýlfúmarat, á markað er takmörkuð, sem neyðarráðstöfun þar til unnt er að meta stöðu dímetýlfúmarats samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

7) Bannið, sem kveðið er á um í ákvörðun 2009/251/EB, var framlengt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/153/ESB ([6]), ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/135/ESB ([7]) og framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/48/ESB ([8]) og gildir þar til þessi reglugerð öðlast gildi eða til 15. mars 2013, hvort heldur ber fyrr að.

8) Í áliti sínu frá 8. mars 2011 telur áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar að bann við notkun dímetýlfúmarats í vörum eða hluta þeirra í styrk sem er yfir 0,1 mg/kg og bann við setningu vara eða hluta þeirra á markað sem innihalda dímetýlfúmarat í styrk sem er yfir 0,1 mg/kg sé heppilegasta ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að bregðast við greindri áhættu, með hliðsjón af þeim árangri sem hún skilar við að draga úr áhættu.

9) Í áliti sínu frá 14. júní 2011 taldi nefndin um félagshagfræðilega greiningu að fyrirhuguð ráðstöfun er varðar dímetýlfúmarat sé heppilegasta ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að bregðast við greindri áhættu, með hliðsjón af því að félagslegur og hagrænn ávinningur hennar sé í réttu hlutfalli við félagslegan og hagrænan kostnað hennar.

10) Efnastofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina álit áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. maí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

([4]) Stjtíð. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4.
([5]) Stjtíð. ESB L 74, 20.3.2009, bls. 32.
([6]) Stjtíð. ESB L 63, 12.3.2010, bls. 21.
([7]) Stjtíð. ESB L 57, 2.3.2011, bls. 43.
([8]) Stjtíð. ESB L 26, 28.1.2012, bls. 35.

VIÐAUKI

Í töfluna í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 bætist við eftirfarandi 61. færsla:

„61. Dímetýlfúmarat CAS-nr. 624-49-7 EB-nr. 210-849-0	Skal ekki nota í vörur eða hluta þeirra í styrk sem er yfir 0,1 mg/kg. Ekki skal setja á markað vörur eða hluta þeirra sem innihalda dímetýlfúmarat í styrk sem er yfir 0,1 mg/kg.“

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2013/EES/9/13

frá 26. janúar 2012

um framlengingu á gildistíma ákvörðunar 2009/251/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin sjái til þess að vörur, sem innihalda sæfiefnið dímetýlfúmarat, séu ekki settar á markað eða boðnar fram þar (*)

(tilkynnt með númeri C(2012) 321)

(2012/48/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru([1]), einkum 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/251/EB([2]) er þess krafist að aðildarríkin sjái til þess að vörur, sem innihalda sæfiefnið dímetýlfúmarat, séu ekki settar á markað eða boðnar fram þar.

2) Ákvörðun 2009/251/EB var samþykkt í samræmi við ákvæði 13. gr. tilskipunar 2001/95/EB sem takmarkar gildistíma ákvörðunarinnar við eitt ár hið mesta en veitir leyfi til þess að lengja gildistímann með viðbótartímabilum sem hvert um sig skal ekki vera lengra en eitt ár.

3) Gildistími ákvörðunar 2009/251/EB var framlengdur með ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 2010/153/ESB([3]) og 2011/135/ESB([4]) um eitt ár til viðbótar. Eins og sakir standa er verið er að íhuga hvort varanlegt bann við dímetýlfúmarati í vörum skuli fellt inn í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006([5]). Þar sem þessi ráðstöfun mun taka á sömu vandamálum og ákvörðun 2009/251/EB skal sú ákvörðun vera í gildi, til þess að tryggja réttarvissu, þar til varanlegt bann samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 tekur gildi.

4) Í ljósi fenginnar reynslu og vegna þess að engar varanlegar ráðstafanir sem taka til neysluvara, sem innihalda sæfiefnið dímetýlfúmarat, eru fyrir hendi er nauðsynlegt að framlengja gildistíma ákvörðunar 2009/251/EB um 12 mánuði til viðbótar.

5) Breyta ber ákvörðun 2009/251/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 15. gr. tilskipunar 2001/95/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2009/251/EB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Gildistími

Ákvörðun þessi gildir þar til reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem breytir XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 hvað varðar dímetýlfúmarat tekur gildi eða til 15. mars 2013, hvort heldur ber fyrr að.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari eigi síðar en 15. mars 2012 og birta þessar ráðstafanir. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. janúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

John DALLI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 26, 28.1.2012, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 196/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 10.

([1]) Stjtíð. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4.

([2]) Stjtíð. ESB L 74, 20.3.2009, bls. 32.

([3]) Stjtíð. ESB L 63, 12.3.2010, bls. 21.

([4]) Stjtíð. ESB L 57, 2.3.2011, bls. 43.

([5]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
frá 9. febrúar 2010

2013/EES/9/14

um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar lím fyrir keramíkflísar (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 382)

(2010/81/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur([1]), einkum a-lið 2. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 89/106/EBE er gert ráð fyrir því að nauðsynlegt kunni að vera að setja fram flokka í grunnskjölum sem samsvara nothæfi vara með hliðsjón af einstökum grunnkröfum svo unnt sé að taka mið af mismunandi verndarstigi mannvirkja á lands-, svæðis- eða staðarvísu. Skjöl þessi hafa verið gefin út sem „Orðsending framkvæmdastjórnarinnar varðandi grunnskjöl með tilskipun ráðsins 89/106/EBE“ ([2]).

2) Að því er varðar grunnkröfur um varnir gegn bruna eru taldar upp ýmsar innbyrðis tengdar ráðstafanir í grunnskjali nr. 2 sem saman leggja grunn að mótun stefnu á sviði brunavarna sem má útfæra á mismunandi vegu í aðildarríkjunum.

3) Í grunnskjali nr. 2 er gerð grein fyrir einni þessara ráðstafana sem felst í því að takmarka myndun og útbreiðslu elds og reyks á nánar tilgreindu svæði með því að draga úr möguleikanum á því að byggingarvörur stuðli að fullþróuðum bruna.

4) Einungis er unnt að greina frá umfangi þessarar takmörkunar með því að flokka nothæfi byggingarvara eftir stigum með tilliti til viðbragða við bruna við raunverulega notkun.

5) Í samhæfðri lausn var kerfi flokka samþykkt í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB frá 8. febrúar 2000 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar flokkun byggingarvara eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna ([3]).

6) Þegar um er að ræða lím fyrir keramíkflísar er nauðsynlegt að nota flokkunina sem er sett fram í ákvörðun 2000/147/EB.

7) Nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar margar byggingarvörur og/eða efni, sem falla undir flokkunina sem kveðið er á um í ákvörðun 2000/147/EB, hefur verið rækilega staðfest og er vel þekkt meðal brunaeftirlitsaðila í aðildarríkjunum og því er ekki þörf á að prófa vörurnar eða efnin með tilliti til þessara eiginleika.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Byggingarvörurnar og/eða efnin, sem uppfylla allar kröfur um nothæfi með tilliti til „viðbragða við bruna“, án þess að þörf sé á frekari prófunum, eru settar fram í viðaukanum.

2. gr.

Sérstakir flokkar, sem gilda um mismunandi byggingarvörur og/eða -efni, innan flokkunar eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna sem samþykkt var í ákvörðun 2000/147/EB, eru settir fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 38, 11.2.2010, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 12.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

([2]) Stjtíð. EB C 62, 28.2.1994, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 50, 23.2.2000, bls. 14.

3. gr.

Meta skal byggingarvörur við raunverulega notkun þar sem við á.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

———

VIÐAUKI

Í töflunum, sem settar eru fram í þessum viðauka, eru taldar upp þær byggingarvörur og/eða -efni sem uppfylla allar kröfur um nothæfi með tilliti til „viðbragða við bruna“ án þess að þörf sé á prófunum.

Tafla

Flokkar líms fyrir keramíkflísar eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna

Vara ([1])	Innihald lífrænna efna (% af þyngd)	Hámarksþykkt lags: (mm)	Flokkur ([2])
Lím úr sementi í samræmi við EN 12004	< 20	20	E
Dreifilím í samræmi við EN 12004	< 40	5	
Hvarfaensímlím í samræmi við EN 12004	< 50	5	

([1]) Lagt á undirstöðu sem heyrir undir flokk D-s2,d0 eða betri og með eðlismassa sem er ≥ 680 kg/m^3.
([2]) Flokkar sem settir eru fram í töflu 1 í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/9/15**

frá 9. febrúar 2010

um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar veggklæðningar til skrauts í rúllum eða plötum (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 397)

(2010/82/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur([1]), einkum a-lið 2. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 89/106/EBE er gert ráð fyrir því að nauðsynlegt kunni að vera að setja fram flokka í grunnskjölum sem samsvara nothæfi vara með hliðsjón af einstökum grunnkröfum svo unnt sé að taka mið af mismunandi verndarstigi mannvirkja á lands-, svæðis- eða staðarvísu. Skjöl þessi hafa verið gefin út sem „Orðsending framkvæmdastjórnarinnar varðandi grunnskjöl með tilskipun ráðsins 89/106/EBE“ ([2]).

2) Að því er varðar grunnkröfur um varnir gegn bruna eru taldar upp ýmsar innbyrðis tengdar ráðstafanir í grunnskjali nr. 2 sem saman leggja grunn að mótun stefnu á sviði brunavarna sem má útfæra á mismunandi vegu í aðildarríkjunum.

3) Í grunnskjali nr. 2 er gerð grein fyrir einni þessara ráðstafana sem felst í því að takmarka myndun og útbreiðslu elds og reyks á nánar tilgreindu svæði með því að draga úr möguleikanum á því að byggingarvörur stuðli að fullþróuðum bruna.

4) Einungis er unnt að greina frá umfangi þessarar takmörkunar með því að flokka nothæfi byggingarvara eftir stigum með tilliti til viðbragða við bruna við raunverulega notkun.

5) Í samhæfðri lausn var kerfi flokka samþykkt í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB frá 8. febrúar 2000 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar flokkun byggingarvara eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna ([3]).

6) Þegar um er að ræða veggklæðningar til skrauts í rúllum eða plötum er nauðsynlegt að nota flokkunina sem sett var fram í ákvörðun 2000/147/EB.

7) Nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar margar byggingarvörur og/eða -efni, sem falla undir flokkunina sem kveðið er á um í ákvörðun 2000/147/EB, hefur verið rækilega staðfest og er vel þekkt meðal brunaeftirlitsaðila í aðildarríkjunum og því er ekki þörf á að prófa vörurnar eða efnin með tilliti til þessara eiginleika.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Byggingarvörurnar og/eða efnin, sem uppfylla allar kröfur um nothæfi með tilliti til „viðbragða við bruna“, án þess að þörf sé á frekari prófunum, eru settar fram í viðaukanum.

2. gr.

Sérstakir flokkar, sem gilda um mismunandi byggingarvörur og/eða efni, innan flokkunar eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna sem samþykkt var í ákvörðun 2000/147/EB, eru settir fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. gr.

Meta skal byggingarvörur við raunverulega notkun þar sem við á.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 38, 11.2.2010, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 12.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

([2]) Stjtíð. EB L 62, 28.2.1994, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 50, 23.2.2000, bls. 14.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

VIÐAUKI

Í töflu, sem sett er fram í þessum viðauka, eru taldar upp þær byggingarvörur og/eða -efni sem uppfylla allar kröfur um viðbrögð við bruna án þess að þörf sé á prófunum.

Tafla

Flokkar veggklæðninga til skrauts í rúllum eða plötum eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna

Vara ([1])	Hámarksmassi á hverja flatareiningu (g/m^2)	Hámarksþykkt (mm)	Flokkur ([2])
Veggklæðningar á grunni úr beðmistrefjum	190	0,9	D-s3,d2
Veggklæðningar á grunni úr beðmistrefjum og klæddar með fjölliðuhúð eða fjölliðuþrykki	470	0,7	
Veggklæðningar á grunni sem er blandaður úr beðmis- og pólýestertrefjum	160	0,3	
Veggklæðningar á grunni sem er blandaður úr beðmis- og pólýestertrefjum og klæddar með fjölliðuhúð eða fjölliðuþrykki	410	0,5	
Veggklæðningar á grunni úr fjölliðuklæddum dúki	510	0,7	
Veggklæðningar úr ofnu textílefni á undirlagi úr beðmistrefjum eða beðmis- og pólýestertrefjum	450	0,8	
Veggklæðningar úr frauðuðu pólývínylklóríð á undirlagi úr beðmistrefjum eða beðmis- og pólýestertrefjum	310	1,8	

([1]) Vörur í samræmi við EN 15102 sem eru lagðar á undirstöðu, sem heyrir undir flokk A2-s1,d0, eða betri, með 12 mm lágmarksþykkt og lágmarkseðlismassann 800 kg/m^3, með lím úr sterkju, sterkju/pólývínylalkóhóli eða beðmi/pólývínylalkóhóli sem er ekki borið á í meira magni en 200 g/m^2.

([2]) Flokkar sem settir eru fram í töflu 1 í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/9/16**

frá 9. febrúar 2010

um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar loftþornandi þéttiefnasambönd (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 399)

(2010/83/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur([1]), einkum 2. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 89/106/EBE er gert ráð fyrir því að nauðsynlegt kunni að vera að setja fram flokka í grunnskjölum sem samsvara nothæfi vara með hliðsjón af einstökum grunnkröfum svo unnt sé að taka mið af mismunandi verndarstigi mannvirkja á lands-, svæðis- eða staðarvísu. Skjöl þessi hafa verið gefin út sem „Orðsending framkvæmdastjórnarinnar varðandi grunnskjöl með tilskipun ráðsins 89/106/EBE“ ([2]).

2) Að því er varðar grunnkröfur um varnir gegn bruna eru taldar upp ýmsar innbyrðis tengdar ráðstafanir í grunnskjali nr. 2 sem saman leggja grunn að mótun stefnu á sviði brunavarna sem má útfæra á mismunandi vegu í aðildarríkjunum.

3) Í grunnskjali nr. 2 er gerð grein fyrir einni þessara ráðstafana sem felst í því að takmarka myndun og útbreiðslu elds og reyks á nánar tilgreindu svæði með því að draga úr möguleikanum á því að byggingarvörur stuðli að fullþróuðum bruna.

4) Einungis er unnt að greina frá umfangi þessarar takmörkunar með því að flokka nothæfi byggingarvara eftir stigum með tilliti til viðbragða við bruna við raunverulega notkun.

5) Í samhæfðri lausn var kerfi flokka samþykkt í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB frá 8. febrúar 2000 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar flokkun byggingarvara eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna([3]).

6) Þegar um er að ræða loftþornandi þéttiefnasambönd er nauðsynlegt að nota flokkunina sem er sett fram í ákvörðun 2000/147/EB.

7) Nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar margar byggingarvörur og/eða efni, sem falla undir flokkunina sem kveðið er á um í ákvörðun 2000/147/EB, hefur verið rækilega staðfest og er vel þekkt meðal brunaeftirlitsaðila í aðildarríkjunum og því er ekki þörf á að prófa vörurnar eða efnin með tilliti til þessara eiginleika.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Byggingarvörurnar og/eða efnin, sem uppfylla allar kröfur um nothæfi með tilliti til „viðbragða við bruna“, án þess að þörf sé á frekari prófunum, eru settar fram í viðaukanum.

2. gr.

Sérstakir flokkar, sem gilda um mismunandi byggingarvörur og/eða efni, innan flokkunar eftir viðbrögðum við bruna sem samþykkt var í ákvörðun 2000/147/EB, eru settir fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 38, 11.2.2010, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 12.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

([2]) Stjtíð. EB C 62, 28.2.1994, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 50, 23.2.2000, bls. 14.

3. gr.

Meta skal byggingarvörur við raunverulega notkun þar sem við á.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

———

VIÐAUKI

Í töflunni, sem sett er fram í þessum viðauka, eru taldar upp þær byggingarvörur og/eða efni sem uppfylla allar kröfur um nothæfi með tilliti til „viðbragða við bruna“ án þess að þörf sé á prófunum.

Tafla

Flokkar loftþornandi þéttiefnasambanda eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna

Vara ([1])	Vöruupplýsingar fyrir þéttikerfið	Hámarksinnihald lífrænna efna (% af þyngd)	Flokkur ([2])
Loftþornandi þéttiefnasambönd fyrir gifsplötur sem notast með spartlborða úr pappír. Massi, sem tilbúinn er til notkunar, eða duft sem, blanda skal með vatni, á allt undirlag í flokki A2-s1,d0 eða betri, með lágmarksþykkt 6 mm og lágmarkseðlismassann 700 kg/m^3 (að undanskildu gólfefni).	Loftþornandi þéttiefnasambönd sem heyra undir tegundir 1A, 2A og 3A og spartlborði úr pappír ([3]) samkvæmt EN 13963	7,0	A2-s1,d0

([1]) Þéttileiki loftþornandi þéttiefnasambands í blautu ástandi, a.m.k. 1,1 kg/lítri (1100 kg/m^3).
([2]) Flokkar sem settir eru fram í töflu 1 í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB.
([3]) Hámarksbreidd spartlborða úr pappír: 55 mm, hámarksmassi spartlborða úr pappír á flatareiningu: 135 g/m^2.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/9/17**

frá 9. febrúar 2010

um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar jöfnunarefni úr sementi, jöfnunarefni úr kalsíumsúlfati og gólfjöfnunarefni úr gerviresíni (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 772)

(2010/85/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur([1]), einkum 2. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 89/106/EBE er gert ráð fyrir því að nauðsynlegt kunni að vera að setja fram flokka í grunnskjölum sem samsvara nothæfi vara með hliðsjón af einstökum grunnkröfum svo unnt sé að taka mið af mismunandi verndarstigi mannvirkja á lands-, svæðis- eða staðarvísu. Skjöl þessi hafa verið gefin út sem „Orðsending framkvæmdastjórnarinnar varðandi grunnskjöl með tilskipun ráðsins 89/106/EBE“ ([2]).

2) Að því er varðar grunnkröfur um varnir gegn bruna eru taldar upp ýmsar innbyrðis tengdar ráðstafanir í grunnskjali nr. 2 sem saman leggja grunn að mótun stefnu á sviði brunavarna sem má útfæra á mismunandi vegu í aðildarríkjunum.

3) Í grunnskjali nr. 2 er gerð grein fyrir einni þessara ráðstafana sem felst í því að takmarka myndun og útbreiðslu elds og reyks á nánar tilgreindu svæði með því að draga úr möguleikanum á því að byggingarvörur stuðli að fullþróuðum bruna.

4) Einungis er unnt að greina frá umfangi þessarar takmörkunar með því að flokka nothæfi byggingarvara eftir stigum með tilliti til viðbragða við bruna við raunverulega notkun.

5) Í samhæfðri lausn var kerfi flokka samþykkt í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB frá 8. febrúar 2000 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar flokkun byggingarvara eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna([3]).

6) Þegar um er að ræða jöfnunarefni úr sementi, jöfnunarefni úr kalsíumsúlfati, jöfnunarefni og gólfjöfnunarefni úr gerviresíni er nauðsynlegt að nota flokkunina sem er sett fram í ákvörðun 2000/147/EB.

7) Nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar margar byggingarvörur og/eða efni, sem falla undir flokkunina sem kveðið er á um í ákvörðun 2000/147/EB, hefur verið rækilega staðfest og er vel þekkt meðal brunaeftirlitsaðila í aðildarríkjunum og því er ekki þörf á að prófa vörurnar eða efnin með tilliti til þessara eiginleika.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Byggingarvörurnar og/eða efnin, sem uppfylla allar kröfur um nothæfi með tilliti til „viðbragða við bruna“, án þess að þörf sé á frekari prófunum, eru settar fram í viðaukanum.

2. gr.

Sérstakir flokkar, sem gilda um mismunandi byggingarvörur og/eða efni, innan flokkunar eftir viðbrögðum við bruna sem samþykkt var í ákvörðun 2000/147/EB, eru settir fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. gr.

Meta skal byggingarvörur við raunverulega notkun þar sem við á.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 38, 11.2.2010, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 12.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

([2]) Stjtíð. EB C 62, 28.2.1994, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 50, 23.2.2000, bls. 14.

VIÐAUKI

Í töflunum, sem settar eru fram í þessum viðauka, eru taldar upp þær byggingarvörur og/eða efni sem uppfylla allar kröfur um „viðbrögð við bruna“ án þess að þörf sé á prófunum.

Tafla 1

Flokkar jöfnunarefna úr sementi og jöfnunarefna úr kalsíumsúlfati eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna

Vara ([1])	Hámarksþykkt lags: (mm)	Innihald lífrænna efna (% af þyngd)	Flokkur ([2])
Jöfnunarefni úr sementi samkvæmt EN 13813	30	< 20	E
Jöfnunarefni úr kalsíumsúlfati samkvæmt EN 13813			

([1]) Lagt á undirstöðu sem heyrir undir flokk D-s2,d0 eða betri með 12 mm lágmarksþykkt og lágmarkseðlismassann 680 kg/m^3.
([2]) Flokkur E sem settur er fram í töflu 1 í viðauka ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 200/147/EB, þegar jöfnunarefnið er notað sem undirlag.

Tafla 2

Flokkar gólfjöfnunarefnis úr gerviresíni eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna

Vara ([3])	Hámarksþykkt lags: (mm)	Innihald lífrænna efna (% af þyngd)	Flokkur ([4])
Ófyllt gólfjöfnunarefni úr gerviresíni með bindiefni úr epoxýresíni eða pólýúretanresíni eða pólýmetýlmetakrýlatresíni eða vínylesterresíni í samræmi við EN 13813	4	100	E eða E_{fl}
Fyllt gólfjöfnunarefni úr gerviresíni með bindiefni úr epoxýresíni eða pólýúretanresíni eða pólýmetýlmetakrýlatresíni eða vínylesterresíni og fyllt með steinefnablöndu í samræmi við EN 13813	10	< 75	
Fyllt gólfjöfnunarefni úr gerviresíni sem innihalda kísilsand, með bindiefni úr epoxýresíni eða pólýúretanresíni eða pólýmetýlmetakrýlatresíni eða vínylesterresíni og fyllt með steinefnablöndu í samræmi við EN 13813	10	< 75	

([3]) Lagt á undirstöðu sem heyrir undir flokk A2-s1,d0 eða betri með 6 mm lágmarksþykkt og lágmarkseðlismassann 1800 kg/m^3.
([4]) Flokkur E sem kveðið er á um í töflu 1 í viðauka ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB þegar jöfnunarefnið er notað sem undirlag, eða flokkur Efl, sem kveðið er á um í töflu 2 í viðauka ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB þegar jöfnunarefnið er notað sem undirlag.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/9/18**

frá 9. nóvember 2010

um breytingu á ákvörðun 97/555/EB um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar sement, byggingarkalk og önnur bindiefni sem harðna í vatni (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 7603)

(2010/683/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur([1]), einkum a-liður 4. mgr. 13. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um byggingarmál,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ákvörðun 97/555/EB frá 14. júlí 1997 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar sement, byggingarkalk og önnur bindiefni sem harðna í vatni([2]).

2) Að lokinni endurskoðun á vöruhópnum „byggingarkalk“ töldu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin nauðsynlegt að efla hlutverk þriðja aðila sem kemur að vottun á framleiðslustýringu verksmiðju.

3) Breyta ber ákvörðun 97/555/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við ákvörðun 97/555/EB er breytt til samræmis við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 293, 11.11.2010, bls. 60. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 12.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

([2]) Stjtíð. EB L 229, 20.8.1997, bls. 9.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar varðandi vöruhópinn „Byggingarkalk, þar með talið: kalsíumkalk, kalk úr dólómíti, kalk sem harðnar í vatni“ í III. viðauka við ákvörðun 97/555/EB komi eftirfarandi:

„Byggingarkalk, þ.m.t.: – Kalk úr kalsíum – Kalk úr dólómíti – Vatnsharðnandi kalk		—	2+“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/9/19**

frá 2. desember 2010

um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar stálþynnur með pólýesterhúð og plastisólhúð (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 389)

(2010/737/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur ([1]), einkum a-lið 2. mgr. 20. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um byggingarmál,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 89/106/EBE er gert ráð fyrir því að nauðsynlegt kunni að vera að setja fram flokka í grunnskjölum sem samsvara nothæfi vara með hliðsjón af einstökum grunnkröfum svo unnt sé að taka mið af mismunandi verndarstigi mannvirkja á lands-, svæðis- eða staðarvísu. Skjöl þessi hafa verið gefin út sem „Orðsending framkvæmdastjórnarinnar varðandi grunnskjöl með tilskipun ráðsins 89/106/EBE“ ([2]).

2) Að því er varðar grunnkröfur um varnir gegn bruna eru taldar upp ýmsar innbyrðis tengdar ráðstafanir í grunnskjali nr. 2 sem saman leggja grunn að mótun stefnu á sviði brunavarna sem má útfæra á mismunandi vegu í aðildarríkjunum.

3) Í grunnskjali nr. 2 er gerð grein fyrir einni þessara ráðstafana sem felst í því að takmarka myndun og útbreiðslu elds og reyks á nánar tilgreindu svæði með því að draga úr möguleikanum á því að byggingarvörur stuðli að fullþróuðum bruna.

4) Einungis er unnt að greina frá umfangi þessarar takmörkunar með því að flokka nothæfi byggingarvara eftir stigum með tilliti til viðbragða við bruna við raunverulega notkun.

5) Í samhæfðri lausn var kerfi flokka samþykkt í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB frá 8. febrúar 2000 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar flokkun byggingarvara eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna ([3]).

6) Þegar um er að ræða stálþynnur með pólýesterhúð og plastisólhúð er nauðsynlegt að nota flokkunina sem er sett fram í ákvörðun 2000/147/EB.

7) Nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar margar byggingarvörur og/eða efni, sem falla undir flokkunina sem kveðið er á um í ákvörðun 2000/147/EB, hefur verið rækilega staðfest og er vel þekkt meðal brunaeftirlitsaðila í aðildarríkjunum og því er ekki þörf á að prófa vörurnar eða efnin með tilliti til þessara eiginleika.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Byggingarvörurnar og/eða efnin, sem uppfylla allar kröfur um nothæfi með tilliti til „viðbragða við bruna“, án þess að þörf sé á frekari prófunum, eru settar fram í viðaukanum.

2. gr.

Sérstakir flokkar, sem gilda um mismunandi byggingarvörur og/eða efni, innan flokkunar eftir viðbrögðum við bruna sem samþykkt var í ákvörðun 2000/147/EB, eru settir fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. gr.

Meta skal byggingarvörur við raunverulega notkun þar sem við á.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 12.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

([2]) Stjtíð. EB C 62, 28.2.1994, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 50, 23.2.2000, bls. 14.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Antonio TAJANI

varaforseti.

VIÐAUKI

Í töflunum, sem settar eru fram í þessum viðauka, eru taldar upp þær byggingarvörur og/eða efni sem uppfylla allar kröfur um nothæfi með tilliti til „viðbragða við bruna“ án þess að þörf sé á prófunum.

Tafla 1

Flokkar stálþynna með pólýesterhúð, notaðar sem einfaldar klæðningar (án einangrunar undir), eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna

Vara	Uppgefin þykkt „t“ stálþynna með málmhúð (mm)	Lögun	Flokkur ([1])
Stálþynna með málmhúð, formvölsuð eða flöt, með uppgefna þykkt t (mm) og húðuð á þeirri hlið sem kemst í snertingu við eld með pólýesterhúð sem hefur uppgefna hámarksþykkt 25 µm, samkvæmt viðeigandi hluta EN 14782 og EN 10169, ef húðin hefur massa að hámarki 70 g/m2 og heildarvarmagildi (PCS) að hámarki 1,0 MJ/m^2. Sú hlið stálþynnunnar sem ekki kemst í snertingu við eld má hafa húð úr lífrænu efni, að því tilskildu að húðin hafi þykkt að hámarki 15 µm og heildarvarmagildi að hámarki 0,7 MJ/m^2.	$0{,}40 \leq t \leq 1{,}50$	Flatar eða formvalsaðar ([2])	A1

([1]) Flokkar sem settir eru fram í töflu 1 í viðaukanum við ákvörðun 2000/147/EB.
([2]) Formvalsaði (báruformaði) yfirborðsflöturinn skal ekki vera stærri en tvöfaldur heildarflötur vörunnar.
Tákn notað: PCS = heildarvarmagildi.

Tafla 2

Flokkar stálþynna með plastisólhúð eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna

Vara ([1])	Uppgefin þykkt „t“ stálþynna með málmhúð (mm)	Samsetningareiginleikar	Flokkur ([2])
Stálþynna með málmhúð, formvölsuð eða flöt, með uppgefna þykkt t (mm) og húðuð á þeirri hlið sem kemst í snertingu við eld með plastisólhúð sem hefur uppgefna hámarksþykkt 200 µm og massa $\leq$ 300 g/m^2 og heildarvarmagildi $\leq$ 7,0 MJ/m^2. Sú hlið stálþynnu sem ekki kemst í snertingu við eld má hafa húð úr lífrænu efni, að því tilskildu að húðin hafi þykkt sem er $\leq$ 15 µm og heildarvarmagildi sem er $\leq$ 0,7 MJ/m^2.	$0{,}55 \leq t \leq 1{,}00$	Flöt eða formvölsuð vara, notuð sem einföld klæðning (án einangrunar undir) eða með steinull á bakhliðinni sem hluti af uppbyggðri samsetningu (sem getur verið tvöföld klæðning). Sé varan formvölsuð skal formvalsaði (báruformaði) yfirborðsflöturinn ekki vera stærri en tvöfaldur heildarflötur vörunnar. Steinullin skal heyra undir flokk A2-s1,d0 eða betri. Steinullin skal a.m.k. vera 100 mm að þykkt, nema efnið sem er næst steinullinni (ef það er til staðar) — þ.m.t. rakavarnarlag — heyri undir flokk A2-s1,d0 eða betri. Burðarvirkið skal heyra undir flokk A2-s1,d0 eða betri.	C-s3,d0

([1]) Vikmörk uppgefinnar þykktar skulu vera í samræmi við viðeigandi staðla eins og vísað er til í EN 14782 og EN 14783.
([2]) Flokkar sem settir eru fram í töflu 1 í viðaukanum við ákvörðun 2000/147/EB.
Tákn notað: PCS = heildarvarmagildi.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/9/20**

frá 2. desember 2010

um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar mót úr trefjastyrktu gifsi (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 392)

(2010/738/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur ([1]), einkum a-lið 2. mgr. 20. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um byggingarmál,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 89/106/EBE er gert ráð fyrir því að nauðsynlegt kunni að vera að setja fram flokka í grunnskjölum sem samsvara nothæfi vara með hliðsjón af einstökum grunnkröfum svo unnt sé að taka mið af mismunandi verndarstigi mannvirkja á lands-, svæðis- eða staðarvísu. Skjöl þessi hafa verið gefin út sem „Orðsending framkvæmdastjórnarinnar varðandi grunnskjöl með tilskipun ráðsins 89/106/EBE“ ([2]).

2) Að því er varðar grunnkröfur um varnir gegn bruna eru taldar upp ýmsar innbyrðis tengdar ráðstafanir í grunnskjali nr. 2 sem saman leggja grunn að mótun stefnu á sviði brunavarna sem má útfæra á mismunandi vegu í aðildarríkjunum.

3) Í grunnskjali nr. 2 er gerð grein fyrir einni þessara ráðstafana sem felst í því að takmarka myndun og útbreiðslu elds og reyks á nánar tilgreindu svæði með því að draga úr möguleikanum á því að byggingarvörur stuðli að fullþróuðum bruna.

4) Einungis er unnt að greina frá umfangi þessarar takmörkunar með því að flokka nothæfi byggingarvara eftir stigum með tilliti til viðbragða við bruna við raunverulega notkun.

5) Í samhæfðri lausn var kerfi flokka samþykkt í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB frá 8. febrúar 2000 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar flokkun byggingarvara eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna ([3]).

6) Þegar um er að ræða mót úr trefjastyrktu gifsi er nauðsynlegt að nota flokkunina sem er sett fram í ákvörðun 2000/147/EB.

7) Nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar margar byggingarvörur og/eða efni, sem falla undir flokkunina sem kveðið er á um í ákvörðun 2000/147/EB, hefur verið rækilega staðfest og er vel þekkt meðal brunaeftirlitsaðila í aðildarríkjunum og því er ekki þörf á að prófa vörurnar eða efnin með tilliti til þessara eiginleika.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Byggingarvörurnar og/eða efnin, sem uppfylla allar kröfur um nothæfi með tilliti til „viðbragða við bruna“, án þess að þörf sé á frekari prófunum, eru settar fram í viðaukanum.

2. gr.

Sérstakir flokkar, sem gilda um mismunandi byggingarvörur og/eða efni, innan flokkunar eftir viðbrögðum við bruna sem samþykkt var í ákvörðun 2000/147/EB, eru settir fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. gr.

Meta skal byggingarvörur við raunverulega notkun þar sem við á.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Antonio TAJANI

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 12.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

([2]) Stjtíð. EB C 62, 28.2.1994, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 50, 23.2.2000, bls. 14.

VIÐAUKI

Í töflu, sem sett er fram í þessum viðauka, eru taldar upp þær byggingarvörur og/eða efni sem uppfylla allar kröfur um viðbrögð við bruna án þess að þörf sé á prófunum.

Tafla

Flokkar móta úr trefjastyrktu gifsi sem styrkt eru með sísal- eða jútutrefjum eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna

Vara	Upplýsingar um vöru	Lágmarkseðlismassi (kg/m^3)	Flokkur ([1])
Mót úr trefjastyrktu gifsi	Vara í samræmi við EN 13815, gerð með því að móta gifs sem er blandað með vatni, styrkt með jafnri blöndu af sísal- eða jútutrefjum í hlutfalli sem er minna en 2,5% miðað við massa.	1 000	A1

([1]) Flokkar sem settir eru fram í töflu 1 í viðaukanum við ákvörðun 2000/147/EB.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/9/21**

frá 13. janúar 2011

um breytingu á ákvörðun 97/556/EB um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar múreinangrunarkerfi á útveggi (*)

(tilkynnt með númeri C(2011) 34)

(2011/14/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur ([1]), einkum 4. mgr. 13. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um byggingarmál,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/556/EB frá 14. júlí 1997 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar múreinangrunarkerfi á útveggi ([2]) er aðeins vísað til vara sem heyra undir gildissvið evrópsks tæknisamþykkis en sumar vörurnar geta einnig fallið undir samhæfða Evrópustaðla.

2) Því ber að breyta ákvörðun 97/556/EB þannig að hún nái einnig yfir vörur sem falla undir gildissvið samhæfðra Evrópustaðla sem Staðlasamtök Evrópu sér um að útfæra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 97/556/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

   „*2. gr.*

   Tilgreina skal aðferðina, sem nota skal til að staðfesta samræmi eins og fram kemur í II. viðauka, í umboðum fyrir viðmiðunarreglur um evrópskt tæknisamþykki. Aðferðina, sem nota skal til að staðfesta samræmi, eins og fram kemur í III. viðauka, skal tilgreina í umboðum fyrir samhæfða Evrópustaðla.“

2. nýr III. viðauki bætist við en texti hans kemur fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. janúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Antonio TAJANI

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 10, 14.1.2011, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 12.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

([2]) Stjtíð. EB L 229, 20.8.1997, bls. 14.

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

VÖRUHÓPUR

MÚREINANGRUNARKERFI Á ÚTVEGGI (1/1)

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér á eftir, eru Staðlasamtök Evrópu beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum Evrópustöðlum:

Vara/vörur	Fyrirhuguð notkun	Stig eða flokkur/flokkar *(Viðbrögð við bruna)*	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Múreinangrunarkerfi á útveggi	Á útveggi	Öll/allir	1

1. kerfi: sjá i. lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, án úttektarprófunar á sýnum.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi vörunnar m.t.t. tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í a.m.k. einu aðildarríki [sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjalinu]. Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

_____

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/9/22**

frá 14. janúar 2011

um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara skv. 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar þéttiefni, sem eru notuð í annað en burðarvirki, í samskeytum í byggingum og gangbrautum (*)

(tilkynnt með númeri C(2011) 62)

(2011/19/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur ([1]), einkum 4. mgr. 13. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um byggingarmál,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. tilskipunar 89/106/EBE skal framkvæmdastjórnin velja aðra af tveimur aðferðum til að staðfesta samræmi vöru. Í þeirri grein er mælt fyrir um að framkvæmdastjórnin skuli velji ódýrustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum. Því er nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða ákveðins vöruhóps, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og nægilegt skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum samþykkts aðila af ástæðum er varða samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 4. mgr. 13. gr. þeirrar tilskipunar.

2) Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að tilgreina þær vörur eða þá vöruhópa sem um getur í tækniforskriftunum.

3) Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. tilskipunar 89/106/EBE, er lýst ítarlega í III. viðauka við tilskipunina. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt, að því er varðar hverja vöru eða hvern vöruhóp, þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

4) Aðferðin, sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og í öðrum og þriðja kosti í ii. lið 2. liðar III. viðauka. Aðferðin, sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í i. lið 2. liðar III. viðauka og í fyrsta kosti í ii. lið 2. liðar í III. viðauka með stöðugu eftirliti.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Staðfesta skal samræmi vara og vöruhópa, sem eru tilgreindir í I. viðauka, með aðferð þar sem, auk framleiðslustýringarkerfis í verksmiðjunni sem framleiðandinn starfrækir, er gert ráð fyrir þátttöku samþykkts aðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

2. gr.

Aðferðina, sem nota skal til að staðfesta samræmi, eins og fram kemur í II. viðauka, skal tilgreina í umboðum fyrir samhæfða Evrópustaðla.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. janúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Antonio TAJANI

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 11, 15.1.2011, bls. 49. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 12.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

I. VIÐAUKI

Eftirfarandi þéttiefni, sem eru notuð í annað en burðarvirki, í samskeytum í byggingum og gangbrautum:

1. þéttiefni fyrir út- og/eða innveggi sem og milliveggi,
2. þéttiefni til glerjunar (nema þéttiefni fyrir ker, glerveggi, fyrsta og ytri þétti við framleiðslu á einangrunargleri, lárétt gler (minna en 7° halli) og lífræn gler),
3. þéttiefni fyrir samskeyti, þar sem hreinlætis er krafist, (nema til notkunar í iðnaði, fyrir drykkjarvatn, undir yfirborði vatns (sundlaugar, skólpkerfi, o.s.frv.) og fyrir búnað sem kemst í snertingu við mat),
4. þéttiefni fyrir gangbrautir (nema á svæðum sem ætluð eru til efnafræðilegrar afmörkunar, svæðum sem eru í kafi, vegum eða öðrum umferðarsvæðum, flugvöllum og skólphreinsistöðvum).

II. VIÐAUKI

Athugasemd: Þegar um er að ræða vörur sem hafa fleiri en eitt þeirra áformuðu notagilda sem eru tilgreind í eftirtöldum voruflokkum annast viðurkenndi aðilinn öll verkefnin sem skapast vegna viðkomandi kerfis til staðfestingar á samræmi.

VÖRUHÓPUR

ÞÉTTIEFNI SEM ERU NOTUÐ Í ANNAÐ EN BURÐARVIRKI, Í SAMSKEYTUM Í BYGGINGUM OG GANGBRAUTUM (1/2)

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér að aftan, eru Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum Evrópustöðlum:

Vara	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
— Þéttiefni fyrir útveggi	Til notkunar utandyra	—	3
— Þéttiefni fyrir innveggi, milliveggi	Til notkunar utandyra	—	4
— Þéttiefni til glerjunar	Til notkunar í byggingarframkvæmdum	—	3
— Þéttiefni fyrir gangbrautir		—	3
— Þéttiefni fyrir samskeyti hreinlætistækja		—	3

3. kerfi: Sjá annan kost í ii. lið 2. liðar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.
4. kerfi: Sjá þriðja kost í ii. lið 2. liðar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi vörunnar m.t.t. tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í a.m.k. einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

VÖRUHÓPUR

ÞÉTTIEFNI SEM ERU NOTUÐ Í ANNAÐ EN BURÐARVIRKI, Í SAMSKEYTUM Í BYGGINGUM OG GANGBRAUTUM (2/2)

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér að aftan, eru Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum Evrópustöðlum:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar (viðbrögð við bruna)	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Þéttiefni, sem eru notuð í annað en burðarvirki, í samskeytum í byggingum og gangbrautum	Til notkunar sem heyrir undir reglur um viðbrögð við bruna	A1(*), A2(*), B(*), C(*)	1
		A1(**), A2(**), B(**), C(**), D, E	3
		(A1 til E)(***), F	4

1. kerfi: Sjá i. lið 2. liðar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, án úttektarprófunar á sýnum.
3. kerfi: Sjá annan kost í ii. lið 2. liðar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.
4. kerfi: Sjá þriðja kost í ii. lið 2. liðar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.
(*) Vörur/efni sem fá hagstæðari flokkun, með tilliti til viðbragða við bruna, sem rekja má til ákveðins, auðgreinanlegs stigs í framleiðsluferlinu (t.d. þegar logavarnarefnum er bætt við eða við takmörkun á lífrænum efnum).
(**) Vörur/efni, önnur en þau sem neðanmálsgrein (*) vísar til.
(***) Vörur/efni sem ekki þarf að prófa með tilliti til viðbragða við bruna (t.d. vörur/efni sem teljast til flokks A1 samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/603/EB).

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi vörunnar m.t.t. tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í a.m.k. einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/9/23**

frá 11. apríl 2011

um breytingu á ákvörðun 2000/367/EB um að ákvarða flokkunarkerfi fyrir byggingarvörur, mannvirki og hluta þeirra eftir nothæfi með tilliti til brunaþols (*)

(tilkynnt með númeri C(2011) 2417)

(2011/232/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur ([1]), einkum 2. mgr. 20. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um byggingarmál,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/367/EB frá 3. maí 2000 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar flokkunarkerfi fyrir byggingarvörur, mannvirki og hluta þeirra eftir nothæfi með tilliti til brunaþols ([2]) skal breytt þannig að hún taki tillit til tækniframfara í tengslum við þróun viðeigandi prófunaraðferða og þannig að hún nái einnig yfir brunahólfanir.

2) Því ber að breyta ákvörðun 2000/367/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við ákvörðun 2000/367/EB er breytt til samræmis við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Antonio TAJANI

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 97, 12.4.2011, bls. 49. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 12.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

([2]) Stjtíð. EB L 133, 6.6.2000, bls. 26.

VIÐAUKI

Viðaukanum við ákvörðun 2000/367/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað töflunnar yfir flokkun varðandi „loft án eigin brunaþols“ í 3. þætti „Byggingarvörur og kerfi til að verja burðareiningar eða hluta mannvirkja“ komi eftirfarandi tafla:

„Gildir um	loft án eigin brunaþols
Staðall/staðlar	EN 13501-2; prEN 13381-1
Flokkun: sett fram á sama hátt og fyrir burðareiningarnar sem varðar eru	
Athugasemdir	Ef kröfurnar varðandi „hluta-raunbruna“ eru einnig uppfylltar er tákninu „sn“ bætt við flokkunina.“

2) Í stað töflunnar yfir flokkun varðandi „brunavarnarklæðningu, bólstrun og skilrúm“ í 3. þætti „Byggingarvörur og kerfi til að verja burðareiningar eða hluta mannvirkja“ komi eftirfarandi tafla:

„Gildir um	brunavarnarklæðningu, plötur, múrhúðun, bólstrun og skilrúm
Staðall/staðlar	EN 13501-2; prEN 13381-2 til 8
Flokkun: sett fram á sama hátt og fyrir burðareiningarnar sem varðar eru	
Athugasemdir	—“

3) Í stað töflunnar yfir flokkanir varðandi „skilveggi (þ.m.t. skilveggir með óeinangruðum hlutum)“ í 4. þætti „Þættir eða hlutar mannvirkja sem eru ekki burðareiningar og tilheyrandi byggingarvörur“ komi eftirfarandi tafla:

„Gildir um	skilveggi (þ.m.t. skilveggir með óeinangruðum hlutum og brunahólfanir)									
Staðall/staðlar	EN13501-2, EN 1364-1(*), EN 1992-1-2, EN 1993-1-2, EN 1994-1-2, EN 1995-1-2, EN 1996-1-2, EN 1999-1-2									
Flokkun: -										
E		20	30		60	90	120			
EI	15	20	30	45	60	90	120	180	240	
EI-M			30		60	90	120	180	240	
EW		20	30		60	90	120			
Athugasemdir	—“									

(*) Fyrir brunahólfanir er tækniskýrsla Evrópusamtakanna um tæknisamþykki (EOTA) nr. 031 til viðbótar þessum staðli.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/9/24**

frá 18. apríl 2011

um breytingu á ákvörðun 1999/93/EB um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar hurðir, glugga, hlera, gluggahlera, hlið og tilheyrandi glugga- og hurðajárn (*)

(tilkynnt með númeri C(2011) 2587)

(2011/246/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur ([1]), einkum 4. mgr. 13. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um byggingarmál,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæmdastjórnin samþykkti ákvörðun 1999/93/EB frá 25. janúar 1999 um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar hurðir, glugga, hlera, gluggahlera, hlið og tilheyrandi glugga- og hurðajárn ([2]).

2) Í 13. gr. tilskipunar 89/106/EBE er kveðið á um að samræmi sé komið á skv. III. viðauka þeirrar tilskipunar.

3) Í kjölfar endurskoðunar á fyrirhugaðri notkun á hurðum og hliðum skal samsvarandi aðferðum við staðfestingu á samræmi breytt þannig að þær innihaldi ákvæði um glugga- og hurðarjárn fyrir glugga og hurðir, sem ekki notast við brunahólfun/reykhindrun eða á flóttaleiðum.

4) Því ber að breyta ákvörðun 1999/93/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað III. viðauka við ákvörðun 1999/93/EB komi texti viðaukans við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Antonio TAJANI

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 103, 19.4.2011, bls. 114. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 12.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

([2]) Stjtíð. EB L 29, 3.2.1999, bls. 51.

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

VÖRUHÓPUR

HURÐIR, GLUGGAR, HLERAR, GLUGGAHLERAR, HLIÐ OG TILHEYRANDI GLUGGA- OG HURÐAJÁRN

(1/1)

1. Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér að aftan, eru Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CELEC) beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vara/vörur	Fyrirhuguð notkun	Stig eða flokkur/ flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Hurðir og hlið (með tilheyrandi járnbúnaði eða án hans)	til notkunar við brunahólfun eða reykhindrun og á flóttaleiðum	—	1
	til annarra yfirlýstra sérnota og/eða nota sem eru háð sérkröfum, einkum varðandi hávaða, orku, þéttleika og öryggi við notkun (þ.e. EKKI til notkunar við brunahólfun eða reykhindrun, EKKI á flóttaleiðum)	—	3
	eingöngu til notkunar innanhúss	—	4
Gluggar (með tilheyrandi járnumbúnaði eða án hans)	til notkunar við brunahólfun eða reykhindrun og á flóttaleiðum	—	1
	til allra annarra nota	—	3
Glugga- og hurðarjárn fyrir hurðir, hlið og glugga	til notkunar við brunahólfun eða reykhindrun og á flóttaleiðum	—	1
	til allra annarra nota	—	3
Hlerar og gluggahlerar (með tilheyrandi járnumbúnaði eða án hans)	til notkunar utanhúss	—	4

1. kerfi: Sjá i. lið 2. liðar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, án úttektarprófunar á sýnum.
3. kerfi: Sjá annan kost í ii. lið 2. liðar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.
4. kerfi: Sjá þriðja kost í ii. lið 2. liðar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi vörunnar m.t.t. tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í a.m.k. einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/9/25**

frá 12. maí 2011

um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara skv. 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar rafmagns-, stjórnunar- og samskiptakapla (*)

(tilkynnt með númeri C(2011) 3107)

(2011/284/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur ([1]), einkum 4. mgr. 13. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um byggingarmál,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þegar framkvæmdastjórnin velur á milli aðferðanna tveggja, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., við að staðfesta samræmi vöru skal velja ódýrustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða ákveðins vöruflokks, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og nægilegt skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum samþykkts vottunaraðila af ástæðum er varða samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í 4. mgr. 13. gr. þeirra tilskipunar.

2) Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. tilskipunar 89/106/EBE skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að nota sömu skilgreiningu á hugtakinu vörur eða vöruflokkur og notuð er í umboðunum og tækniforskriftunum.

3) Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. tilskipunar 89/106/EBE, er lýst ítarlega í III. viðauka við tilskipunina. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt, að því er varðar hverja vöru eða hvern vöruflokk, þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

4) Aðferðin, sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr. í tilskipun 89/106/EBE, svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og í öðrum og þriðja kosti í ii. lið 2. liðar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Aðferðin, sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna, sem eru tilgreind í i. lið 2. liðar í III. viðauka og í fyrsta kosti í ii. lið 2. liðar í III. viðauka, með stöðugu eftirliti.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Staðfesta skal samræmi vara og vöruflokka, sem eru tilgreindir í I. viðauka, með aðferð þar sem framleiðandinn ber einn ábyrgð á framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju sem tryggir að vara sé í samræmi við viðeigandi tækniforskriftir.

2. gr.

Staðfesta skal samræmi vara og vöruflokka, sem eru tilgreindir í II. viðauka, með aðferð þar sem gert er ráð fyrir, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem framleiðandinn starfrækir, þátttöku viðurkennds vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 131, 18.5.2011, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 12.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

3. gr.

Í viðeigandi tækniforskrift skal tilgreina hvaða aðferð sé valin til að staðfesta samræmi skv. III. viðauka.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. maí 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

varaforseti.

I. VIÐAUKI

Rafmagns-, stjórnunar- og samskiptakaplar([1]):

Til notkunar í byggingum og öðrum mannvirkjum sem falla undir reglur um hættuleg efni og/eða viðbrögð við bruna, nema að því er varðar vörur úr efnum í flokkum A_{ca}, $B1_{ca}$, $B2_{ca}$, C_{ca}.

([1]) Rafmagns-, stjórnunar- og samskiptakaplar sem ætlaðir eru til notkunar við spennu milli 50 og 1000 V við riðstraum og milli 75 og 1500 V við jafnstraum falla einnig undir ákvæði tilskipunar ráðsins 73/23/EBE, sem kallast „Lágspennutilskipunin“ (Stjtíð. EB L 77, 26.3.1973, bls. 29).

II. VIÐAUKI

Rafmagns-, stjórnunar- og samskiptakaplar([1]):

Til notkunar í byggingum og öðrum mannvirkjum sem falla undir reglur um viðbrögð við bruna að því er varðar vörur úr efnum í flokkum A_{ca}, $B1_{ca}$, $B2_{ca}$, C_{ca} og/ eða reglur um brunaþol.

([2]) Rafmagns-, stjórnunar- og samskiptakaplar sem ætlaðir eru til notkunar við spennu milli 50 og 1000 V við riðstraum og milli 75 og 1500 V við jafnstraum falla einnig undir ákvæði tilskipunar ráðsins 73/23/EBE, sem kallast „Lágspennutilskipunin“ (Stjtíð. EB L 77, 26.3.1973, bls. 29).

III. VIÐAUKI

Athugasemd: þegar um er að ræða vörur sem hafa fleiri en eitt þeirra áformuðu notkunargilda, sem eru tilgreind fyrir eftirtalda vöruhópa, annast samþykktur aðili öll þau verkefni sem rekja má til viðkomandi kerfa til staðfestingar á samræmi.

VÖRUHÓPUR

RAFMAGNS-, STJÓRNUNAR- OG SAMSKIPTAKAPLAR (1/3)

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér á eftir, eru Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CELEC) beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar *(viðbrögð við bruna)*	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Rafmagns-, stjórnunar- og samskiptakaplar	til notkunar sem heyrir undir reglur um viðbrögð við bruna	A_{ca}, $B1_{ca}$, $B2_{ca}$, C_{ca}	1+
		D_{ca}, E_{ca}	3
		F_{ca}	4

Kerfi 1+: sjá i. lið 2. liðar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, með úttektarprófun á sýnum sem tekin eru í verksmiðjunni.
3. kerfi: sjá annan kost í ii. lið 2. liðar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.
4. kerfi: sjá þriðja kost í ii. lið 2. liðar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi vörunnar m.t.t. tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í a.m.k. einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

VÖRUHÓPUR

RAFMAGNS-, STJÓRNUNAR- OG SAMSKIPTAKAPLAR (2/3)

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér að aftan, eru Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CELEC) beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar *(brunaþol)*	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Rafmagns-, stjórnunar- og samskiptakaplar	til notkunar sem heyrir undir reglur um brunaþol	P15 – P30 – P60 – P90 – P120 PH15 (*) – PH (*) 30 – PH (*) 60 – PH (*) 90 – PH* 120	1+

Kerfi 1+: sjá i. lið 2. liðar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, með úttektarprófun á sýnum sem tekin eru í verksmiðjunni.
(*) Gildir um afl- og merkjakapla eða –kerfi með lítið þvermál (< 20 mm þvermál og leiðarastærðir ≤ 2,5 mm^2).

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi vörunnar m.t.t. tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í a.m.k. einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

VÖRUHÓPUR

RAFMAGNS-, STJÓRNUNAR- OG SAMSKIPTAKAPLAR (3/3)

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér að aftan, eru Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CELEC) beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Rafmagns-, stjórnunar- og samskiptakaplar	Til notkunar sem heyrir undir reglur um hættuleg efni	—	3

3. kerfi: sjá annan kost í ii. lið 2. liðar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi vörunnar m.t.t. tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í a.m.k. einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2013/EES/9/26

frá 26. mars 2012

um breytingu á ákvörðun 98/213/EB um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar skilveggjasamstæður (*)

(tilkynnt með númeri C(2012) 1866)

(2012/201/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur ([1]), einkum 4. mgr. 13. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um byggingarmál,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/213/EB ([2]) á eingöngu við um vörur sem eru skilgreindar í evrópskum tæknisamþykkjum en sumar af þessum vörum falla einnig undir samhæfða Evrópustaðla.

2) Staðlasamtök Evrópu vinna um þessar mundir að gerð samhæfðra staðla fyrir tilteknar vörur sem um getur í ákvörðun 98/213/EB.

3) Því ber að breyta ákvörðun 98/213/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 98/213/EB er breytt sem hér segir:

1) eftirfarandi 3. gr. a bætist við:

„*3. gr. a*

Aðferðina, sem nota skal til að staðfesta samræmi, eins og fram kemur í IV. viðauka, skal tilgreina í umboðum fyrir samhæfða Evrópustaðla.“

2) Nýr IV. viðauki bætist við og texti hans kemur fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Antonio TAJANI

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 109, 21.4.2012, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 12.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

([2]) Stjtíð. EB L 80, 18.3.1998, bls. 41.

VIÐAUKI

„IV. VIÐAUKI

VÖRUHÓPUR

SKILVEGGIR ÚR GIFSPLÖTUM (1/2)

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér á eftir, eru Staðlasamtök Evrópu (CEN) beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum Evrópustöðlum:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Skilveggjasamstæður/-kerfi	Til allrar notkunar sem er ekki háð kröfum um viðbrögð við bruna	Öll/allir	3

3. kerfi: Sjá annan kost í ii. lið 2. liðar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi vörunnar m.t.t. tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í a.m.k. einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

VÖRUHÓPUR

SKILVEGGIR ÚR GIFSPLÖTUM (2/2)

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér að aftan, eru Staðlasamtök Evrópu beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum Evrópustöðlum:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar (viðbrögð við bruna)	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Skilveggjasamstæður/-kerfi	Til notkunar sem er háð kröfum um viðbrögð við bruna	A1 (*), A2 (*), B (*), C (*)	1
		A1 (**), A2 (**), B (**), C (**), D, E	3
		(A1 til E) (***), F	4

1. kerfi: Sjá i. lið 2. liðar III. viðauka í tilskipun 89/106/EBE, án úttektarprófunar á sýnum.
3. kerfi: Sjá annan kost í ii. lið 2. liðar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.
4. kerfi: Sjá þriðja kost í ii. lið 2. liðar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

(*) Vörur eða efni sem fá hagstæðari flokkun, með tilliti til viðbragða við bruna, sem rekja má til ákveðins, auðgreinanlegs stigs í framleiðsluferlinu (t.d. þegar logavarnarefnum er bætt við eða við takmörkun á lífrænum efnum).

(**) Vörur eða efni, önnur en þau sem neðanmálsgrein vísar til.

(***) Vörur eða efni sem ekki er þörf á að prófa með tilliti til viðbragða við bruna (t.d. vörur eða efni sem teljast til flokks A1 samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/603/EB (Stjtíð. EB L 267, 19.10.1996, bls. 23)).

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi vörunnar m.t.t. tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í a.m.k. einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.“

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1005/2009

2013/EES/9/27

frá 16. september 2009

um efni sem valda rýrnun ósonlagsins (*)

(endurútgefin)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Umtalsverðar breytingar hafa alloft verið gerðar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 frá 29. júní 2000 um efni sem eyða ósonlaginu ([3]). Þar sem um frekari breytingar verður að ræða er rétt að endurútgefa hana til glöggvunar.

2) Sýnt hefur verið fram á að linnulaus losun ósoneyðandi efna veldur umtalsverðum skaða á ósonlaginu. Fyrir hendi eru skýrar vísbendingar um að álag af völdum ósoneyðandi efna í andrúmsloftinu hafi minnkað og fyrstu merki um endurheimt ósons í heiðhvolfinu hafa komið í ljós. Hins vegar er ekki búist við að ósonlagið muni ná aftur þeirri þéttni sem það hafði fyrir 1980 fyrr en eftir miðja 21. öldina. Aukin útfjólublá B-geislun af völdum ósoneyðingar er því enn veruleg ógn við heilbrigði manna og umhverfið. Samtímis hafa flest þessara efna mikinn hnatthlýnunarmátt og eru áhrifaþættir á hækkun hitastigs á jörðinni. Grípa verður til frekari, skilvirkra ráðstafana til að vernda heilbrigði manna og umhverfið gegn skaðlegum áhrifum slíkrar losunar og til að eiga það ekki á hættu að frekari tafir verði á endurheimt ósonlagsins.

3) Með skyldur sínar gagnvart umhverfinu og viðskiptum að leiðarljósi hefur Bandalagið, í samræmi við ákvörðun ráðsins 88/540/EBE ([4]), gerst aðili að Vínarsáttmálanum um vernd ósonlagsins og að Montreal-bókuninni um efni sem valda rýrnun ósonlagsins (hér á eftir nefnd „bókunin“).

4) Mörg ósoneyðandi efni eru gróðurhúsalofttegundir en falla ekki undir eftirlit samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótóbókuninni við hann því gert er ráð fyrir að Montrealbókunin leiði til þess að notkun þeirra verði hætt í áföngum. Þrátt fyrir framfarirnar, sem bókunin hafði í för með sér, þarf enn að ljúka því verkefni að hætta notkun ósoneyðandi efna í áföngum innan Evrópusambandsins og í heiminum öllum jafnframt því að hafa í huga að sem stendur hafa mörg staðgönguefni fyrir ósoneyðandi efni mikinn hnatthlýnunarmátt. Því er nauðsynlegt að lágmarka og hætta framleiðslu og notkun ósoneyðandi efna þegar fyrir hendi eru tæknilega möguleg staðgönguefni sem hafa lítinn hnatthlýnunarmátt.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 286, 31.10.2009, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 202/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 22.

([1]) Stjtíð. ESB C 100, 30.4.2009, bls. 135.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 25. mars 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 27. júlí 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 297, 31.10.1988, bls. 8.

5) Aðilar að bókuninni samþykktu viðbótarráðstafanir til verndunar ósonlagsins, nú síðast á fundum sínum í Montreal í september 2007 og Doha í nóvember 2008. Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir á vettvangi Bandalagsins til að uppfylla skyldur Bandalagsins samkvæmt bókuninni og einkum til að hrinda því í framkvæmd að notkun vetnisklórflúorkolefna verði hætt í áföngum, með tilhlýðilegu tilliti til áhættunnar sem felst í að hefja notkun í áföngum á staðgönguefnum sem hafa mikinn hnatthlýnunarmátt.

6) Vegna þeirra áhyggna, sem komu fram í skýrslu sérfræðinganefndarinnar um vísindalegt mat árið 2006 um sívaxandi framleiðslu og notkun vetnisklórflúorkolefna í þróunarlöndunum, samþykktu aðilarnir að bókuninni á 19. fundi sínum árið 2007 ákvörðun XIX/6 þar sem kveðið er á um að flýta skuli áætluninni um að hætta notkun á vetnisklórflúorkolefnum í áföngum. Samkvæmt þeirri ákvörðun skal færa frestinn til að hætta framleiðslu í áföngum fram, frá 2025 til 2020.

7) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2037/2000 má ekki lengur, frá og með árinu 2010, nota ónotuð vetnisklórflúorkolefni til viðhalds eða viðgerða á kælitækjum og loftræstibúnaði. Til að draga úr áhættu á ólöglegri notkun á ónotuðum vetnisklórflúorkolefnum undir því yfirskyni að þau séu endurunnin eða uppunnin efni skal einungis nota uppunnin eða endurunnin efni til viðhalds eða viðgerða. Banna skal endursölu á endurunnum vetnisklórflúorkolefnum og einungis skal nota endurunnin vetnisklórflúorkolefni þegar þau hafa verið endurheimt úr slíkum búnaði og þá einungis af fyrirtækinu sem framkvæmdi endurheimtina eða gaf fyrirmæli um hana. Til samræmis skal þessi undanþága einnig ná til varmadælubúnaðar.

8) Í ljósi víðtæks framboðs á staðgöngutækni og staðgönguefnum fyrir ósoneyðandi efni þykir í ákveðnum tilvikum rétt að kveða á um eftirlitsráðstafanir sem eru strangari en þær sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 2037/2000 og strangari en þær sem koma fram í bókuninni.

9) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2037/2000 hefur verið hætt í áföngum að framleiða og setja á markað klórflúorkolefni, önnur fullhalógenuð klórflúorkolefni, halón, koltetraklóríð, 1,1,1-tríklóretan, hýdróbrómflúorkolefni, brómklórmetan og metýlbrómíð og því er bannað að setja þessi efni og vörur og búnað, sem innihalda þessi efni, á markað. Nú þykir einnig rétt að útvíkka bannið við notkun þessara efna smám saman svo að það nái einnig yfir viðhald og viðgerðir á slíkum búnaði.

10) Jafnvel eftir að notkun takmörkunarskyldra efna hefur verið hætt í áföngum skal framkvæmdastjórnin veita undanþágur með ákveðnum skilyrðum vegna óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar. Það er einkum í ákvörðun X/14, sem aðilarnir að bókuninni samþykktu, sem settar eru viðmiðanir um veitingu undanþága til þessara nota. Framkvæmdastjórninni skal veitt vald til að setja skilyrði fyrir óhjákvæmilegri notkun á rannsóknarstofum og við greiningar. Til að komast hjá aukningu á magninu sem er notað í þessum tilgangi skal framleiðendum og innflytjendum ekki leyft að auka verulega það magn sem sett er á markað. Til að tryggja að farið sé að sértækum skilyrðum, sem aðilarnir að bókuninni setja um setningu efna til þessara nota á markað, skal fella þau inn í þessa reglugerð.

11) Framboð á staðgönguefnum fyrir metýlbrómíð kemur fram í umfangsmeiri samdrætti í framleiðslu þess og notkun en sagt er til um í bókuninni og í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/753/EB frá 18. september 2008 um að færa metýlbrómíð ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um afturköllun leyfa fyrir plöntuvarnarefnum sem innihalda það efni ([5]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ([6]). Hætta skal til fulls að veita undanþágu til neyðarnotkunar metýlbrómíðs en gefa tímabundið kost á að veita undanþágu vegna neyðarástands þegar um er að ræða óvæntar uppkomur meindýraplága eða sjúkdóma og slík neyðarnotkun er leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([7]) og tilskipun 98/8/EB. Í slíkum tilvikum skal tilgreina ráðstafanir til að lágmarka losun, s.s. með notkun á næstum ógegndræpum filmum til svælingar á jarðvegi.

12) Í ljósi reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2032/2003 frá 4. nóvember 2003 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna ([8]), en með henni var notkun metýlbrómíðs sem sæfiefnis bönnuð frá og með 1. september 2006, og ákvörðunar 2008/753/EB, en með henni var notkun metýlbrómíðs sem plöntuvarnarefnis bönnuð frá og með 18. mars 2010, skal notkun metýlbrómíðs til meðhöndlunar gegn kvíuðum skaðvöldum og meðhöndlunar fyrir flutning einnig bönnuð frá og með 18. mars 2010.

([5]) Stjtíð. ESB L 258, 26.9.2008, bls. 68.
([6]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.
([7]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.
([8]) Stjtíð. ESB L 307, 24.11.2003, bls. 1.

13) Í 7. mgr. 2. gr. F í bókuninni er mælt fyrir um að aðilarnir skuli leitast við að tryggja að notkun vetnisklórflúrkolefna sé takmörkuð við notkun þar sem umhverfisvænni staðgönguefni eða staðgöngutækni standa ekki til boða. Með tilliti til þess að tæknilegir valkostir og staðgöngutækni eru fyrir hendi er hægt að takmarka enn frekar setningu á markað og notkun á vetnisklórflúorkolefnum sem og á vörum og búnaði sem innihalda vetnisklórflúorkolefni eða virka ekki án þeirra. Í ákvörðun VI/13, sem aðilarnir að bókuninni samþykktu, er kveðið á um að við mat á staðgönguefnum fyrir vetnisklórflúorkolefni skuli taka tillit til þátta eins og ósoneyðingarmáttar, orkunýtni, hugsanlegrar eldfimi, eiturhrifa, hnatthlýnunarmáttar og hugsanlegra áhrifa á raunverulega notkun klórflúorkolefna og halóna og á það að henni verði hætt í áföngum. Niðurstaða aðilanna í þeirri ákvörðun var sú að takmarkanir á vetnisklórflúorkolefnum, sem mælt er fyrir um í bókuninni, skuli hertar verulega til að vernda ósonlagið og til að endurspegla að staðgönguefni séu fyrir hendi.

14) Útvíkka skal takmörkunarráðstafanir varðandi vörur og búnað, sem innihalda takmörkunarskyld efni, svo að þær nái yfir vörur og búnað sem virka ekki án slíkra efna, til að koma í veg fyrir að farið sé í kringum takmarkanir samkvæmt þessari reglugerð. Með því að taka einnig til vöru og búnaðar þar sem takmörkunarskylt efni þarf vegna hönnunarinnar, notkunarinnar eða réttrar virkni er eytt þeim möguleika að hægt sé að setja á markað, flytja inn eða flytja út vörur eða búnað sem inniheldur ekki takmörkunarskyld efni á þeirri stundu en þyrfti að fylla aftur með þeim síðar. Enn fremur skal fjarlægja undanþágur fyrir vörur og búnað sem var framleiddur áður en takmörkunarráðstafanirnar öðluðust gildi því þær skipta ekki lengur máli og gætu skapað hættu á ólöglegri setningu á markað eða ólöglegum viðskiptum.

15) Ekki skal flytja inn takmörkunarskyld efni né vörur og búnað, sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra, frá ríkjum sem eru ekki aðilar að bókuninni. Enn fremur skal vera bannað að flytja út vörur og búnað, sem innihalda vetnisklórflúorkolefni eða virka ekki án þeirra, eftir að bannið við notkun á þessum vörum og búnaði eða á takmörkunarskyldum efnum til viðhalds eða viðgerða á þeim gengur í gildi innan Bandalagsins, til að forðast uppsöfnun birgða þessara efna í löndum þar sem ekki eru til staðar nægilega margar eyðingarstöðvar.

16) Leyfisveitingakerfið fyrir takmörkunarskyld efni felur m.a. í sér veitingu leyfa til útflutnings á takmörkunarskyldum efnum í því skyni að vakta og hafa eftirlit með viðskiptum með ósoneyðandi efni og til að gera aðilum kleift að skiptast á upplýsingum. Það leyfisveitingakerfi skal víkkað út til að ná yfir vörur og búnað sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra.

17) Til að bæta vöktun viðskipta og eftirlit með þeim skal leyfið ekki einungis taka til komu vöru inn á tollsvæðið til setningar í frjálsa dreifingu innan Bandalagsins heldur einnig til komu samkvæmt öðrum reglum um tollmeðferð eða til lögmætrar tollmeðferðar og notkunar. Umflutningur um tollsvæði Bandalagsins og tímabundin geymsla, geymsla í tollvörugeymslu og frísvæðismálsmeðferð skulu enn vera möguleg án leyfis til að forðast óþarfa byrðar fyrir rekstraraðila og tollyfirvöld. Flutningar til og frá yfirráðasvæði aðildarríkis, sem er ekki hluti af tollsvæði Bandalagsins eða fellur ekki undir þessa reglugerð en fellur undir fullgildingu aðildarríkisins á bókuninni, skulu ekki skapa óþarfa byrðar fyrir aðildarríkin í tengslum við leyfisveitingar og skýrslugjöf, að því tilskildu að skyldur samkvæmt þessari reglugerð og bókuninni séu uppfylltar.

18) Áður en inn- og útflutningsleyfi eru veitt skal framkvæmdastjórnin fá vald til að sannreyna hjá lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi þriðja lands hvort fyrirætluð viðskipti mundu uppfylla þær kröfur sem gilda í því landi, til að komast hjá ólöglegum og óæskilegum viðskiptum.

19) Í tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ([9]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna ([10]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna ([11]), er kveðið á um merkingar á efnum sem flokkuð eru sem ósoneyðandi efni og um merkingu blandna sem innihalda slík efni. Þar sem setja má ósoneyðandi efni, sem eru framleidd til notkunar sem hráefni, hjálparefni við vinnslu og til notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar, í frjálsa dreifingu innan Bandalagsins skulu þau aðgreind frá þeim efnum sem framleidd eru til annarrar notkunar til að koma í veg fyrir að takmörkunarskyld efni, sem ætluð eru sem hráefni, sem hjálparefni við vinnslu eða til notkunar á rannsóknarstofum eða við greiningar, verði tekin til annarrar notkunar en þeirra sem eftirlit er haft með samkvæmt þessari reglugerð. Til að upplýsa endanlega notendur og auðvelda framfylgd þessarar reglugerðar skal enn fremur einnig merkja vörur og búnað, sem innihalda slík efni eða virka ekki án þeirra, á meðan á viðhaldi eða viðgerð stendur.

20) Til að draga úr losun takmörkunarskyldra efna skal gera ráðstafanir til að endurheimta notuð takmörkunarskyld efni og til að koma í veg fyrir leka takmörkunarskyldra efna.

([9]) Stjtíð. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.
([10]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.
([11]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

21) Samkvæmt bókuninni ber að skila skýrslum um viðskipti með ósoneyðandi efni. Þess er því krafist að framleiðendur, innflytjendur og útflytjendur takmörkunarskyldra efna skili árlegri skýrslu. Til að gera framkvæmdastjórninni kleift að einfalda málsmeðferð við skýrslugjöf til að fara að bókuninni og komast hjá tvítekningu í ferlinu skulu eyðingarstöðvar einnig skila skýrslum til framkvæmdastjórnarinnar með beinum hætti. Til að tryggja að skýrslugjafarskyldur samkvæmt bókuninni séu uppfylltar og til að bæta skýrslugjöf í reynd skal framkvæmdastjórninni veitt vald til að breyta kröfum um skýrslugjöf aðildarríkja og fyrirtækja. Í ljósi fyrirhugaðrar þróunar á skýrslugjafartólum á Netinu skal framkvæmdastjórnin, eins og við á, gera drög að ráðstöfunum til að aðlaga skýrslugjafarkröfurnar um leið og búið er að koma fyrir til þess nothæfum skýrslugjafartólum.

22) Verndun einstaklinga, að því er varðar vinnslu aðildarríkjanna á persónuupplýsingum, fellur undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([12]) og verndun einstaklinga, að því er varðar vinnslu framkvæmdastjórnarinnar á persónuupplýsingum, fellur undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([13]), einkum að því er varðar kröfur um trúnað og öryggi í gagnavinnslu, yfirfærslu persónuupplýsinga frá framkvæmdastjórninni til aðildarríkjanna, lögmæti vinnslunnar og rétt þeirra sem gögnin varða til upplýsinga, aðgangs að persónuupplýsingum sínum og leiðréttingar á þeim.

23) Aðildarríki skulu framkvæma skoðanir á grundvelli nálgunar sem byggist á áhættumati til að tryggja að farið sé að öllum ákvæðum þessarar reglugerðar og beina þannig spjótum sínum að þeim athöfnum sem valda mestri hættu á ólöglegum viðskiptum eða losun takmörkunarskyldra efna. Tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins 2001/331/EB frá 4. apríl 2001 þar sem kveðið er á um lágmarksviðmiðanir um umhverfiseftirlit í aðildarríkjunum ([14]) skulu vera aðildarríkjunum leiðbeinandi um framkvæmd þeirra á skoðunum.

24) Í ljósi stöðugrar nýsköpunar í þeim geirum, sem þessir reglugerð nær til, skal framkvæmdastjórnin endurskoða þessa reglugerð reglulega og, ef við á og til að styrkja vernd ósonlagsins frekar og samtímis draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, leggja fram tillögur, einkum um undanþágur og frávik sem kveðið er á um fyrir þær aðstæður sem skapast þegar tæknilega mögulegir og efnahagslega hagkvæmir staðgöngukostir fyrir notkun takmörkunarskyldra efna koma fram. Til að tryggja að farið sé að bókuninni skal framkvæmdastjórninni veitt vald til að stilla viðauka við þessa reglugerð saman við ákvarðanir aðilanna að bókuninni, einkum þær sem varða viðurkenndar eyðingaraðferðir, skilyrði fyrir því að setja á markað takmörkunarskyld efni til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar, og vinnslu þar sem nota má takmörkunarskyld efni sem hjálparefni við vinnslu.

25) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([15]).

26) Einkum skal framkvæmdastjórninni veitt vald til að ákveða form og innihald merkimiða fyrir takmörkunarskyld efni sem eru framleidd, sett á markað eða notuð sem hráefni, sem hjálparefni við vinnslu eða til notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar; til að breyta III. viðauka um vinnslu þar sem nota má takmörkunarskyld efni sem hjálparefni við vinnslu; til að breyta hámarksmagni takmörkunarskyldra efna sem nota má sem hjálparefni við vinnslu eða sem losna við notkun á hjálparefnum við vinnslu; til að breyta V. viðauka um skilyrði fyrir setningu á markað og frekari dreifingu takmörkunarskyldra efna til notkunar á rannsóknarstofum eða við greiningar; til að ákveða tilhögun á úthlutun kvóta fyrir takmörkunarskyld efni til notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar; til að breyta VI. viðauka; til að samþykkja lagfæringar og tímamörk til að hætta neyðarnotkun á halónum í áföngum; til að breyta skránni yfir atriði sem þarf að tilgreina í umsókn um leyfi; til að samþykkja frekari ráðstafanir um vöktun viðskipta með takmörkunarskyld efni eða ný efni og vörur og búnað sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra; til að samþykkja reglur um setningu á vörum og búnaði, sem eru framleidd með takmörkunarskyldum efnum og flutt inn frá ríkjum sem ekki eru aðilar að bókuninni, í frjálsa dreifingu í Bandalaginu; til að breyta VII. viðauka um eyðingartækni; til að taka saman skrá yfir vörur og búnað, sem talið er tæknilega mögulegt og efnahagslega hagkvæmt og því lögboðið að endurheimta til eyðingar, eða til eyðingar án þess að áður hafi verið endurheimt úr þeim takmörkunarskyld efni; til að samþykkja kröfur um lágmarksmenntun og hæfi starfsmanna; til að samþykkja skrá yfir tækni og athafnir sem fyrirtæki skulu nota til að koma í veg fyrir og lágmarka leka og losun takmörkunarskyldra efna; til að skrá ný efni í II. viðauka og breyta kröfum um skýrslugjöf aðildarríkja og fyrirtækja. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum atriðum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

([12]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.
([13]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.
([14]) Stjtíð. EB L 118, 27.4.2001, bls. 41.
([15]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

27) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2006 um úrgang ([16]) og tilskipun ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang ([17]) er kveðið á um ráðstafanir sem varða umhverfisvæna förgun og endurheimt á úrgangi og eftirlit með hættulegum úrgangi. Að því er þetta varðar skal beina sérstakri athygli að ósoneyðandi efnum í úrgangi frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi og í búnaði sem fellur undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang ([18]). Í samræmi við bókunina má, við eyðingu takmörkunarskyldra efna, einungis beita tækni sem aðilar að bókuninni hafa samþykkt. Viðeigandi ákvarðanir aðilanna skulu því felldar inn í þessa reglugerð til að tryggja að einungis þeirri tækni sé beitt, að því tilskildu að beiting hennar standist löggjöf Bandalagsins og landsbundna löggjöf um úrgang.

28) Setja skal sveigjanleikaákvæði til að innleiða skýrslugjafarskyldur vegna efna sem eru tilgreind sem ósoneyðandi til að auðvelda mat á umfangi umhverfisáhrifa þeirra og til að tryggja að þau nýju efni, sem tilgreint hefur verið að hafi verulegan ósoneyðingarmátt, falli undir eftirlitsráðstafanir. Í þessu samhengi skal beina sérstakri athygli að hlutverki efna með mjög stuttan líftíma, einkum með hliðsjón af ósonmati Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar frá 2006, en niðurstaðan úr því var sú að ósoneyðingarmáttur þessara efna væri meiri en áður var metið.

29) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar og sjá til þess að þeim sé framfylgt. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

30) Þar eð aðildarríkin geta hvert um sig ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að tryggja að skyldur Bandalagsins sem aðila að bókuninni séu uppfylltar og að leysa úr umhverfisvandamáli sem nær yfir landamæri og hefur hnattræn áhrif, samhliða því að setja reglur um viðskipti innan Bandalagsins og við ríki utan þess með ósoneyðandi efni og vörur og búnað sem innihalda þessi efni eða virka ekki án þeirra, og markmiðunum verður þar af leiðandi betur náð á vettvangi Bandalagsins er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.

([16]) Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9. Tilskipun 2006/12/EB er felld úr gildi með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3) frá og með 12. desember 2010.
([17]) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20.
([18]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um framleiðslu, innflutning, útflutning, setningu á markað, notkun, endurheimt, endurvinnslu, uppvinnslu og eyðingu efna sem eyða ósonlaginu, um upplýsingagjöf varðandi þessi efni og um innflutning, útflutning, setningu á markað og notkun á vörum og búnaði sem innihalda þessi efni eða virka ekki án þeirra.

2. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um takmörkunarskyld efni, ný efni og vörur og búnað sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „bókunin“: Montreal-bókunin frá 1987 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, eins og henni var síðast breytt og hún síðast aðlöguð,

2. „aðili“: aðili að bókuninni,

3. „ríki sem er ekki aðili að bókuninni“: ríki eða svæðisstofnun um efnahagslegan samruna sem hefur ekki samþykkt, að því er varðar tiltekið, takmörkunarskylt efni, að vera bundið af þeim ákvæðum bókunarinnar sem gilda um viðkomandi efni,

4. „takmörkunarskyld efni“: efni sem eru skráð í I. viðauka, þ.m.t. hverfur þeirra, hvort sem þau eru ein sér eða í blöndu og hvort sem þau eru ónotuð, endurheimt, endurunnin eða uppunnin,

5. „klórflúorkolefni“: takmörkunarskyld efni sem eru tilgreind í I. flokki í I. viðauka, þ.m.t. hverfur þeirra,

6. „halón“: takmörkunarskyld efni sem eru tilgreind í III. flokki í I. viðauka, þ.m.t. hverfur þeirra,

7. „koltetraklóríð“: takmörkunarskylt efni sem er tilgreint í IV. flokki í I. viðauka,

8. „metýlbrómíð“: takmörkunarskylt efni sem er tilgreint í VI. flokki í I. viðauka,

9. „vetnisklórflúorkolefni“: takmörkunarskyld efni sem eru tilgreind í I. flokki í I. viðauka, þ.m.t. hverfur þeirra,

10. „ný efni“: efni sem skráð eru í II. viðauka, hvort sem þau eru ein sér eða í blöndu og hvort sem þau eru ónotuð, endurheimt, endurunnin eða uppunnin,

11. „hráefni“: hvers kyns takmörkunarskylt eða nýtt efni sem í efnafræðilegu ummyndunarferli breytir upprunalegri samsetningu sinni algjörlega og sem veldur óverulegri losun,

12. „hjálparefni við vinnslu“: takmörkunarskyld efni sem eru notuð sem hjálparefni á þann hátt sem tilgreindur er í III. viðauka,

13. „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir takmörkunarskyld efni eða ný efni innan Bandalagsins,

14. „framleiðsla“: magn takmörkunarskyldra efna eða nýrra efna sem er framleitt, þ.m.t. það magn sem er framleitt, af ásetningi eða fyrir slysni, sem aukaafurð nema þeirri aukaafurð sé eytt sem hluta af framleiðsluferlinu eða samkvæmt skjalfestri verklagsreglu sem tryggir að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar og löggjöf Bandalagsins og landslöggjöf um úrgang. Ekki skal líta á magn, sem er endurheimt, endurunnið eða uppunnið, sem „framleiðslu“, og það sama gildir um óverulegt magn sem ekki er hægt að koma í veg fyrir að vörurnar innihaldi í snefilmagni eða losni á meðan á framleiðslu stendur,

15. „ósoneyðingarmáttur“: talan sem er tilgreind í I. og II. viðauka og sýnir hugsanleg áhrif hvers takmörkunarskylds efnis eða nýs efnis á ósonlagið,

16. „reiknað magn“: magn sem er ákvarðað með því að margfalda magn hvers takmörkunarskylds efnis með ósoneyðingarmætti þess og með því að leggja saman niðurstöðutölurnar fyrir hvern flokk um sig af takmörkunarskyldum efnum í I. viðauka;

17. „iðnaðarhagræðing“: tilfærsla, annaðhvort milli aðila að bókuninni eða innan aðildarríkis, á öllu reiknuðu framleiðslumagni eins framleiðanda, eða hluta af því, til annars framleiðanda í því skyni að ná fram efnahagslegri skilvirkni eða til að bregðast við fyrirsjáanlegum birgðaskorti vegna verksmiðjulokana;

18. „innflutningur“: koma efna, vöru og búnaðar, sem fellur undir þessa reglugerð, inn á tollsvæði Bandalagsins svo fremi að fullgilding aðildarríkis á bókuninni nái til svæðisins og þessi reglugerð gildi,

19. „útflutningur“: brottflutningur efna, vara og búnaðar, sem falla undir þessa reglugerð og hafa stöðu Bandalagsvara, eða endurútflutningur efna, vara og búnaðar, sem falla undir þessa reglugerð, ef þau hafa stöðu vara frá löndum utan Bandalagsins, út af tollsvæði Bandalagsins, svo fremi að fullgilding aðildarríkis á bókuninni nái til svæðisins og þessi reglugerð taki til svæðisins,

20. „setning á markað“: það að afhenda eða bjóða þriðja aðila efni, vöru eða búnað gegn greiðslu eða án endurgjalds, þ.m.t. setning í frjálsa dreifingu innan Bandalagsins eins og um getur í reglugerð (EB) nr. 450/2008. Þegar um er að ræða vöru og búnað sem eru hluti af fasteignum eða hluti af flutningatæki nær þetta einungis til þess að afhenda eða bjóða vöruna og búnaðinn fram innan Bandalagsins í fyrsta sinn,

21. „notkun“: nýting takmörkunarskyldra efna eða nýrra efna til framleiðslu, viðhalds eða viðgerða, þ.m.t. enduráfylling, á vörum og búnaði eða nýting þeirra í öðrum ferlum,

22. „varmadæla“: tæki eða búnaður sem dregur varma við lágt hitastig úr lofti, vatni eða jörð og leggur til varma,

23. „endurheimt“: söfnun og geymsla takmörkunarskyldra efna úr vörum og búnaði eða geymum á meðan á viðhaldi eða viðgerð stendur eða fyrir förgun,

24. „endurvinnsla“: endurnotkun endurheimts, takmörkunarskylds efnis í kjölfar grunnhreinsunar,

25. „uppvinnsla“: endurmeðhöndlun endurheimts, takmörkunarskylds efnis til að ná fram jafngildri virkni og hjá ónotuðu efni, að teknu tilliti til fyrirhugaðrar notkunar,

26. „fyrirtæki“: einstaklingur eða lögaðili sem:

    a) framleiðir, endurheimtir, endurvinnur, uppvinnur, notar eða eyðir takmörkunarskyldum efnum eða nýjum efnum,

    b) flytur slík efni inn,

    c) flytur slík efni út,

    d) setur slík efni á markað eða

    e) notar kæli-, loftræsti- eða varmadælubúnað eða brunavarnarkerfi sem innihalda takmörkunarskyld efni,

27. „meðhöndlun gegn kvíuðum skaðvöldum“: meðhöndlun til að koma í veg fyrir að kvíaðir skaðvaldar (þ.m.t. sjúkdómar) komi inn, nái bólfestu eða dreifi sér, eða til að tryggja opinberar varnaraðgerðir gegn þeim þegar:

    – landsbundið yfirvald, sem fer með málefni sem varða vernd plantna, dýra, umhverfis eða heilsu, annast eða heimilar opinberar varnaraðgerðir,

    – kvíaðir skaðvaldar (e. *quarantine pests*) eru skaðvaldar sem gætu haft áhrif á svæðin sem eru í hættu en fyrirfinnast þó ekki enn þar eða fyrirfinnast þar en hafa ekki náð almennri útbreiðslu og er haldið í skefjum af hinu opinbera,

28. „meðhöndlun fyrir flutning“: meðhöndlun sem ekki er gerð til sóttvarna og er beitt innan við 21 degi fyrir útflutning til að uppfylla opinberar kröfur innflutningslandsins eða opinberar kröfur útflutningslandsins sem giltu fyrir 7. desember 1995. Yfirvald, sem fer með málefni sem varða vernd plantna, dýra, umhverfis, heilbrigðis eða vörur í geymslu, setur fram þessar opinberu kröfur eða heimilar þær;

29. „vörur og búnaður sem virka ekki án takmörkunarskyldra efna“: vörur og búnaður sem virka ekki án takmörkunarskyldra efna, ekki þó þær vörur og búnaður sem eru notuð til framleiðslu, vinnslu, endurheimtar, endurvinnslu, uppvinnslu eða eyðingar takmörkunarskyldra efna,

30. „ónotuð efni“: efni sem hafa ekki verið notuð áður,

31. „vörur og búnaður“: allar vörur og búnaður að undanteknum geymum sem notaðir eru til geymslu á takmörkunarskyldum efnum.

II. KAFLI

BÖNN

4. gr.

Framleiðsla takmörkunarskyldra efna

Framleiðsla takmörkunarskyldra efna er bönnuð.

5. gr.

Setning takmörkunarskyldra efna á markað og notkun þeirra

1. Setning takmörkunarskyldra efna á markað og notkun þeirra skal bönnuð.

2. Takmörkunarskyld efni skulu ekki sett á markað í einnota ílátum nema til notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar eins og um getur í 10. gr. og 2. mgr. 11. gr.

3. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um takmörkunarskyld efni í vörum og búnaði.

6. gr.

Setning á vörum og búnaði, sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra, á markað

1. Bannað er að setja á markað vörur og búnað sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra, að undanskildum vörum og búnaði þar sem notkun á viðkomandi takmörkunarskyldu efni hefur verið leyfð í samræmi við 10. gr., 11. gr. (2. mgr.), eða 13. gr. eða hefur verið leyfð á grundvelli 3. gr. (1. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 2037/2000.

2. Brunavarnarkerfi og slökkvitæki, sem innihalda halón, eru bönnuð og skulu tekin úr notkun, að undanskilinni þeirri notkun sem um getur í 1. mgr. 13. gr.

III. KAFLI

ATHUGASEMDIR OG UNDANÞÁGUR

7. gr.

Framleiðsla takmörkunarskyldra efna, setning þeirra á markað og notkun sem hráefni

1. Þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. gr. er heimilt að framleiða takmörkunarskyld efni, setja þau á markað og nota þau sem hráefni.

2. Takmörkunarskyld efni, sem eru framleidd eða sett á markað sem hráefni, má einungis nota í þeim tilgangi. Frá og með 1. júlí 2010 skal merkja geyma, sem innihalda slík efni, með skýrri ábendingu um að einungis megi nota efnið sem hráefni. Þegar þess er krafist að slík efni séu merkt í samræmi við tilskipun 67/548/EBE, tilskipun 1999/45/EB eða reglugerð (EB) nr. 1272/2008 skal slík ábending koma fram á merkimiðanum, sem um getur í þessum tilskipunum, eða á þeim hluta merkimiðans sem inniheldur viðbótarupplýsingar, eins og um getur í 3. mgr. 25. gr. þeirrar reglugerðar.

Framkvæmdastjórnin getur ákveðið form og innihald þess merkimiða sem notaður er. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

8. gr.

Framleiðsla takmörkunarskyldra efna, setning þeirra á markað og notkun sem hjálparefni við vinnslu

1. Þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. gr. er leyfilegt að framleiða takmörkunarskyld efni, setja þau á markað og nota þau sem hjálparefni við vinnslu.

2. Einungis má nota takmörkunarskyld efni sem hjálparefni við vinnslu í stöðvum sem voru starfandi 1. september 1997 og eru með óverulega losun.

3. Takmörkunarskyld efni, sem eru framleidd eða sett á markað sem hjálparefni við vinnslu, má einungis nota í þeim tilgangi. Frá og með 1. júlí 2010 skal merkja geyma, sem innihalda slík efni, með skýrri ábendingu um að einungis megi nota þessi efni sem hjálparefni við vinnslu. Þegar þess er krafist að slík efni séu merkt í samræmi við tilskipun 67/548/EBE, tilskipun 1999/45/EB eða reglugerð (EB) nr. 1272/2008 skal slík ábending koma fram á merkimiðanum, sem um getur í þessum tilskipunum, eða á þeim hluta merkimiðans sem inniheldur viðbótarupplýsingar, eins og um getur í 3. mgr. 25. gr. þeirrar reglugerðar.

Framkvæmdastjórnin getur ákveðið form og innihald þess merkimiða sem notaður er. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á og í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr., taka saman skrá yfir fyrirtæki þar sem leyft skal að nota takmörkunarskyld efni sem hjálparefni við vinnslu, og fastsetja hámarksmagn, sem nota má til áfyllingar eða sem hjálparefni við vinnslu, og hámarkslosun fyrir hvert hlutaðeigandi fyrirtæki.

Hámarksmagn takmörkunarskyldra efna, sem leyfilegt er að nota sem hjálparefni við vinnslu innan Bandalagsins, skal ekki fara yfir 1083 tonn á ári.

Hámarksmagn takmörkunarskyldra efna, sem leyfilegt er að losni úr hjálparefnum við vinnslu innan Bandalagsins, skal ekki fara yfir 17 tonn á ári.

5. Í ljósi nýrra upplýsinga eða tækniþróunar eða ákvarðana aðilanna að bókuninni skal framkvæmdastjórnin, ef við á:

a) breyta III. viðauka,

b) breyta hámarksmagni takmörkunarskyldra efna sem nota má sem hjálparefni við vinnslu eða sem losna mega við notkun á hjálparefni við vinnslu, eins og um getur í annarri og þriðju undirgrein 4. mgr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

9. gr.

Setning takmörkunarskyldra efna á markað til eyðingar eða endurheimtar og setning vara og búnaðar, sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra, á markað til eyðingar

Þrátt fyrir ákvæði 5. og 6. gr. má setja takmörkunarskyld efni og vörur og búnað, sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra, á markað til eyðingar innan Bandalagsins í samræmi við kröfurnar um eyðingu sem um getur í 1. mgr. 22. gr. Einnig má setja takmörkunarskyld efni á markað til uppvinnslu innan Bandalagsins.

10. gr.

Óhjákvæmileg notkun takmörkunarskyldra efna, annarra en vetnisklórflúorkolefna, á rannsóknarstofum og við greiningar

1. Þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. gr. má framleiða önnur takmörkunarskyld efni en vetnisklórflúorkolefni, setja þau á markað og nýta til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar, að því tilskildu að þau séu skráð og leyfi veitt fyrir þeim í samræmi við þessa grein.

2. Í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 25. gr., skal framkvæmdastjórnin, ef við á, ákveða fyrir hvaða óhjákvæmilegu notkun á rannsóknarstofum og við greiningar má leyfa framleiðslu og innflutning á takmörkunarskyldum efnum, öðrum en vetnisflúorkolefnum, innan Bandalagsins, magnið, eftir því sem við á, innan hvaða tímabils undanþágan gildir og hvaða notendur geta nýtt sér þetta ákvæði um óhjákvæmilega notkun á rannsóknarstofu og við greiningar.

3. Takmörkunarskyld efni, sem eru framleidd eða sett á markað til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar, má einungis nota í þeim tilgangi. Frá og með 1. júlí 2010 skal merkja geyma, sem innihalda slík efni, með skýrri ábendingu um að einungis megi nota efnið til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar. Þegar þess er krafist að slík efni séu merkt í samræmi við tilskipun 67/548/EBE, tilskipun 1999/45/EB eða reglugerð (EB) nr. 1272/2008 skal slík ábending koma fram á merkimiðanum, sem um getur í þessum tilskipunum, eða á þeim hluta merkimiðans sem inniheldur viðbótarupplýsingar, eins og um getur í 3. mgr. 25. gr. þeirrar reglugerðar.

Framkvæmdastjórnin getur ákveðið form og innihald þess merkimiða sem notaður er. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

Takmörkunarskyld efni, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu einungis sett á markað og dreift áfram samkvæmt skilyrðum sem sett eru fram í V. viðauka. Framkvæmdastjórnin getur breytt þeim viðauka. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

4. Fyrirtæki, sem nota önnur takmörkunarskyld efni en vetnisklórflúorkolefni til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar, skulu skrá sig hjá framkvæmdastjórninni og tilgreina hvaða efni eru notuð, í hvaða tilgangi, áætlaða ársnotkun og birgja efnanna og skulu uppfæra þær upplýsingar þegar breytingar verða.

5. Framleiðendur og innflytjendur, sem eru birgjar þeirra fyrirtækja, sem um getur í 4. mgr., eða nota takmörkunarskyld efni til eigin þarfa skulu, fyrir dag sem er tilgreindur í tilkynningu frá framkvæmdastjórninni, tilkynna framkvæmdastjórninni um áætlaða eftirspurn á því tímabili, sem tilgreint er í tilkynningunni, og tilgreina eðli og magn takmörkunarskyldra efna sem þörf er fyrir.

6. Framkvæmdastjórnin skal gefa út leyfi til framleiðenda og innflytjenda takmörkunarskyldra efna, annarra en vetnisklórflúorkolefna, sem framleidd eru eða flutt inn til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar og skal tilkynna þeim hvaða notkun þeir hafa leyfi fyrir og hvaða efni þeir hafa leyfi til að setja á markað eða nýta til eigin þarfa og í hvaða magni. Magnið, sem er leyft á hverju ári með leyfum til einstakra framleiðenda og innflytjenda, skal ekki fara yfir 130% af ársmeðaltali reiknaðs magns takmörkunarskyldra efna sem leyfð voru fyrir hlutaðeigandi framleiðanda eða innflytjanda til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar á árunum 2007 til 2009.

Heildarmagnið sem er leyft á hverju ári með leyfum, þ.m.t. leyfum fyrir vetnisklórflúorkolefnum skv. 2. mgr. 11. gr., skal ekki fara yfir 110 tonn ósoneyðingarmáttar. Úthluta má því magni, sem af gengur, til framleiðenda og innflytjenda sem ekki settu á markað eða notuðu takmörkunarskyld efni til eigin þarfa eða til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar á árunum 2007 til 2009.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða tilhögun á úthlutun kvóta til framleiðenda og innflytjenda. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

7. Framleiðandi getur fengið leyfi frá lögbæru yfirvaldi, í því aðildarríki þar sem viðkomandi framleiðsla hans fer fram, til að framleiða takmörkunarskyldu efnin, sem um getur í 1. mgr., í þeim tilgangi að uppfylla þörfina sem leyfin varða í samræmi við 6. mgr.

Lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis skal tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir fram hafi það í hyggju að veita slíkt leyfi.

8. Að því marki sem bókunin leyfir getur lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem viðkomandi framleiðsla framleiðanda fer fram, heimilað honum að framleiða eða fara fram úr reiknuðu framleiðslumagni, sem mælt er fyrir um í 6. mgr., til að fullnægja, að beiðni aðilanna að bókuninni, þörf vegna óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar af þeirra hálfu.

Lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis skal tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir fram hafi það í hyggju að veita slíkt leyfi.

11. gr.

Framleiðsla vetnisklórflúorkolefna, notkun þeirra og setning á markað og setning vara og búnaðar, sem innihalda vetnisklórflúorkolefni eða virka ekki án þeirra, á markað

1. Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. má framleiða vetnisklórflúorkolefni, að því tilskildu að hver framleiðandi tryggi eftirfarandi:

a) að reiknað magn vetnisklórflúorkolefnisframleiðslu hans, á tímabilinu 1. janúar 2010 til 31. desember 2010 og á hverju 12 mánaða tímabili þar á eftir fram til 31. desember 2013, fari ekki yfir 35% af reiknuðu framleiðslumagni hans á vetnisklórflúorkolefni árið 1997,

b) að reiknað magn vetnisklórflúorkolefnisframleiðslu hans, á tímabilinu 1. janúar 2014 til 31. desember 2014 og á hverju 12 mánaða tímabili þar á eftir fram til 31. desember 2016, fari ekki yfir 14% af reiknuðu framleiðslumagni hans á vetnisklórflúorkolefni árið 1997,

c) að reiknað magn vetnisklórflúorkolefnisframleiðslu hans, á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2017 og á hverju 12 mánaða tímabili þar á eftir fram til 31. desember 2019, fari ekki yfir 7 % af reiknuðu framleiðslumagni hans á vetnisklórflúorkolefni árið 1997,

d) að hann framleiði ekki vetnisklórflúorkolefni eftir 31. desember 2019.

2. Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. er heimilt að framleiða vetnisklórflúorkolefni, setja þau á markað og nota þau á rannsóknarstofum og við greiningar.

Ákvæði 3. –7. mgr. 10. gr. gilda að breyttu breytanda.

3. Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. má, fram til 31. desember 2014, setja endurheimt vetnisklórflúorkolefni á markað og nota þau til viðhalds eða viðgerða á fyrirliggjandi kæli-, loftræsti- og varmadælubúnaði, að því tilskildu að geymirinn sé merktur með ábendingu um að efnið hafi verið endurheimt og með upplýsingum um lotunúmer og heiti og heimilisfang starfsstöðvarinnar þar sem endurheimtin fór fram.

4. Fram til 31. desember 2014 má nota endurunnin vetnisklórflúorkolefni til viðhalds eða viðgerða á fyrirliggjandi kæli-, loftræsti- og varmadælubúnaði, að því tilskildu að þau hafi verið endurheimt úr slíkum búnaði og þá einungis til nota hjá fyrirtækinu sem framkvæmdi endurheimtina sem hluta af viðhaldi eða viðgerðum eða sem endurheimtin var framkvæmd fyrir sem hluti af viðhaldi eða viðgerð.

5. Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. má, fram til 31. desember 2019, setja vetnisklórflúorkolefni á markað til endurpökkunar og síðan útflutnings. Fyrirtæki, sem annast endurpökkun vetnisklórflúorkolefna og flytja þau síðan út, skulu skrá sig hjá framkvæmdastjórninni og tilgreina takmörkunarskyldu efnin sem um er að ræða, áætlaða eftirspurn eftir þeim á ári og birgja efnanna og skulu uppfæra þessar upplýsingar þegar breytingar verða.

6. Þegar endurheimt eða endurunnin vetnisklórflúorkolefni eru notuð til viðhalds eða viðgerða skal viðkomandi kæli-, loftræsti- og varmadælubúnaður merktur með ábendingu um tegund efnisins, magni þess í búnaðinum og þeim merkingaratriðum sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 fyrir efni eða blöndur sem flokkuð eru sem hættuleg ósonlaginu.

7. Fyrirtæki sem nota búnaðinn sem um getur í 4. mgr., sem inniheldur 3 kg vökvahleðslu eða þar yfir, skulu halda skrá um magn og tegund endurheimtra og viðbættra efna og um fyrirtækið eða tæknimanninn sem annaðist viðhaldið eða viðgerðina.

Fyrirtæki, sem nota endurheimt eða endurunnin vetnisklórflúorkolefni til viðhalds eða viðgerða, skulu halda skrá yfir þau fyrirtæki sem hafa afhent þeim endurheimt vetnisklórflúorkolefni og yfir uppruna endurunnu vetnisklórflúorkolefnanna.

8. Þrátt fyrir ákvæði 5. og 6. gr. getur framkvæmdastjórnin, að beiðni lögbærs yfirvalds aðildarríkis og í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr., heimilað tímabundna undanþágu til að leyfa notkun vetnisklórflúorkolefna og vara og búnaður, sem innihalda vetnisklórflúorkolefni eða virka ekki án þeirra, og setningu þeirra á markað þegar sýnt hefur verið fram á að til ákveðinnar notkunar standa tæknilega möguleg eða fjárhagslega hagkvæm staðgönguefni eða staðgöngutækni ekki til boða eða eru ónothæf.

Þessa undanþágu má ekki heimila lengur en til 31. desember 2019.

12. gr.

Notkun metýlbrómíðs til meðhöndlunar gegn kvíuðum skaðvöldum og meðhöndlunar fyrir flutning og til neyðarnotkunar

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. má, fram til 18. mars 2010, setja metýlbrómíð á markað og nota það til meðhöndlunar gegn kvíuðum skaðvöldum og til meðhöndlunar á útflutningsvörum fyrir flutning, að því tilskildu að setning metýlbrómíðs á markað og notkun þess séu leyfð samkvæmt landslöggjöf í samræmi við tilskipun 91/414/EBE og tilskipun 98/8/EB, eftir því sem við á.

Einungis má nota metýlbrómíð á starfsstöðvum sem lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkis hafa samþykkt og, ef slíkt er efnahagslega hagkvæmt og tæknilega mögulegt, með því skilyrði að a.m.k. 80% af metýlbrómíðinu, sem losnar úr sendingunni, sé endurheimt.

2. Reiknað magn metýlbrómíðs, sem fyrirtæki setja á markað eða nota til eigin þarfa á tímabilinu frá 1. janúar 2010 til 18. mars 2010, skal ekki vera meira en 45 tonn ósoneyðingarmáttar.

Hvert fyrirtæki skal sjá til þess að reiknað magn metýlbrómíðs, sem það setur á markað eða notar til eigin þarfa til meðhöndlunar gegn kvíuðum skaðvöldum og til meðhöndlunar fyrir flutning, sé ekki meira en 21% þess reiknaða magns metýlbrómíðs sem það setti á markað eða notaði til eigin þarfa til meðhöndlunar gegn kvíuðum skaðvöldum og til meðhöndlunar fyrir flutning á árunum 2005 til 2008.

3. Ef neyðarástand kemur upp getur framkvæmdastjórnin, að beiðni lögbærs yfirvalds aðildarríkis, leyft tímabundna framleiðslu, setningu á markað og notkun á metýlbrómíði ef nauðsynlegt reynist vegna óvæntrar uppkomu tiltekinna skaðvalda eða sjúkdóma, að því tilskildu að setning metýlbrómíðs á markað og notkun þess sé leyfð samkvæmt tilskipun 91/414/EBE og tilskipun 98/8/EB, eftir því sem við á. Slíkt leyfi skal ekki gilda lengur en í 120 daga og mest fyrir 20 tonn og í því skal tilgreina ráðstafanir sem skal gera til að draga úr losun á meðan á notkun stendur.

13. gr.

Neyðarnotkun halóna og ónýting búnaðar sem inniheldur halón

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. má setja halón á markað og nota þau í þeim neyðartilvikum sem fjallað er um í VI. viðauka. Einungis fyrirtæki, sem hafa til þess leyfi frá lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis, mega geyma halón til neyðarnotkunar.

2. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða VI. viðauka og, ef við á, samþykkja breytingar og tímaramma til að hætta neyðarnotkun í áföngum með því að skilgreina tímamörk fyrir nýja notkun og lokadagsetningar fyrir notkun sem þegar er fyrir hendi, að teknu tilliti til tæknilega mögulegra og efnahagslega hagkvæmra staðgönguefna eða tækni sem eru viðunandi út frá umhverfis- og heilbrigðissjónarmiðum.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

3. Ónýta skal brunavarnarkerfi og slökkvitæki, sem innihalda halón og eru notuð í tilgangi sem um getur í 1. mgr., fyrir þær lokadagsetningar sem tilgreindar verða í VI. viðauka.

4. Framkvæmdastjórnin getur, að beiðni lögbærs yfirvalds aðildarríkis og í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr., veitt undanþágur frá lokadagsetningum fyrir notkun, sem þegar er fyrir hendi, eða tímamörkum fyrir nýja notkun í sérstökum tilvikum þegar sýnt hefur verið fram á að engir tæknilega mögulegir og efnahagslega hagkvæmir staðgöngukostir standa til boða, að því tilskildu að dagsetningarnar hafi verið tilgreindar í VI. viðauka í samræmi við 2. mgr.

14. gr.

Framsal réttinda og iðnaðarhagræðing

1. Allir framleiðendur eða innflytjendur, sem hafa rétt til að setja takmörkunarskyld efni á markað eða nota þau til eigin þarfa, mega framselja þann rétt, að því er varðar hluta magnsins eða allt magnið sem hefur verið fastsett fyrir viðkomandi flokk efna í samræmi við þessa grein, til hvaða framleiðanda eða innflytjanda þess flokks efna innan Bandalagsins sem er. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni fyrir fram um slíkt framsal. Framsal á réttinum til setningar á markað eða notkunar skal ekki fela í sér frekari rétt til framleiðslu eða innflutnings.

2. Að því marki sem bókunin leyfir getur lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem viðkomandi framleiðsla tiltekins framleiðanda fer fram, heimilað framleiðandanum að framleiða umfram reiknaða framleiðslumagnið, sem mælt er fyrir um í 10. gr. og 2. mgr. 11. gr., vegna iðnaðarhagræðingar í hlutaðeigandi aðildarríki, að því tilskildu að reiknað framleiðslumagn þess aðildarríkis fari ekki yfir summu reiknaðs framleiðslumagns innlendra framleiðenda aðildarríkisins, eins og mælt er fyrir um í 10. gr. og 2. mgr. 11. gr., fyrir viðkomandi tímabil. Lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis skal tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir fram hafi það í hyggju að veita slíkt leyfi.

3. Að því marki sem bókunin leyfir getur framkvæmdastjórnin, í samráði við lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem viðkomandi framleiðsla tiltekins framleiðanda fer fram, heimilað framleiðandanum að framleiða umfram reiknaða framleiðslumagnið, sem mælt er fyrir um í 10. gr. og 2. mgr. 11. gr., vegna iðnaðarhagræðingar milli aðildarríkja, að því tilskildu að reiknað framleiðslumagn hlutaðeigandi aðildarríkja sé samanlagt ekki meira en summa reiknaðs framleiðslumagns innlendra framleiðanda aðildarríkjanna, eins og mælt er fyrir um í 10. gr. og 2. mgr. 11. gr., fyrir viðkomandi tímabil. Einnig er krafist samþykkis lögbæra yfirvaldsins í aðildarríkinu þar sem ætlunin er að draga úr framleiðslu.

4. Að því marki sem bókunin leyfir getur framkvæmdastjórnin, í samráði við bæði lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem viðkomandi framleiðsla tiltekins framleiðanda fer fram, og ríkisstjórn hlutaðeigandi þriðja lands, sem er aðili að bókuninni, heimilað framleiðandanum að leggja saman reiknaða framleiðslumagnið, sem mælt er fyrir um í 10. gr. og 2. mgr. 11. gr., og reiknað framleiðslumagn sem framleiðandi frá þriðja landi, sem er aðili að bókuninni, hefur leyfi til að framleiða samkvæmt bókuninni og landslögum viðkomandi framleiðanda vegna iðnaðarhagræðingar við þriðja land sem er aðili að bókuninni, að því tilskildu að samanlagt reiknað framleiðslumagn framleiðendanna tveggja sé ekki meira en summa reiknaðs framleiðslumagns, sem framleiðandinn innan Bandalagsins hefur leyfi fyrir skv. 10. gr. og 2. mgr. 11. gr., og reiknaðs framleiðslumagns sem framleiðandinn í þriðja landinu, sem er aðili að bókuninni, hefur leyfi fyrir samkvæmt bókuninni og viðeigandi landslögum þriðja landsins.

IV. KAFLI

VIÐSKIPTI

15. gr.

Innflutningur á takmörkunarskyldum efnum eða vörum og búnaði sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra

1. Innflutningur á takmörkunarskyldum efnum eða vörum og búnaði, öðrum en persónulegum munum, sem innihalda þessi efni eða virka ekki án þeirra, er bannaður.

2. Bannið, sem sett er fram í 1. mgr., gildir ekki um innflutning á:

a) takmörkunarskyldum efnum sem eru ætluð til notkunar á rannsóknarstofum eða við greiningar sem um getur í 10. gr. og 2. mgr. 11. gr.,

b) takmörkunarskyldum efnum sem nota á sem hráefni,

c) takmörkunarskyldum efnum sem nota á sem hjálparefni við vinnslu,

d) takmörkunarskyldum efnum til eyðingar með tækni sem um getur í 2. mgr. 22. gr.,

e) til 31. desember 2019: vetnisklórflúorkolefnum sem á að endurpakka og síðan flytja út eigi síðar en 31. desember á næsta almanaksári til aðila að bókuninni þar sem notkun eða innflutningur á því vetnisklórflúorkolefni er ekki bannaður,

f) metýlbrómíði til neyðarnotkunar sem um getur í 3. mgr. 12. gr. eða, fram til 31. desember 2014, til endurpökkunar og síðan útflutnings til meðhöndlunar gegn kvíuðum skaðvöldum og meðhöndlunar fyrir flutning, að því tilskildu að endurútflutningur eigi sér stað á innflutningsárinu,

g) endurheimtum, endurunnum eða uppunnum halónum, með því skilyrði að þau séu einungis flutt inn til neyðarnotkunar, sem um getur í 1. mgr. 13. gr., af fyrirtækjum sem hafa leyfi frá lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis til að geyma halón til neyðarnotkunar,

h) vörum og búnaði, sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra, til eyðingar, eftir atvikum með tækni sem um getur í 2. mgr. 22. gr.,

i) vörum og búnaði, sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra, til að fullnægja þörf vegna notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar sem um getur í 10. gr. og 2. mgr. 11. gr.,

j) vörum og búnaði, sem innihalda halón eða virka ekki án þess, til að fullnægja þörf vegna neyðarnotkunar sem um getur í 1. mgr. 13. gr.,

k) vörum og búnaði, sem inniheldur vetnisklórflúorkolefni, sem leyft hefur verið að setja á markað í samræmi við 5. mgr. 11. gr.

3. Krafist er framvísunar innflutningsleyfis fyrir innflutningi sem um getur í 2. mgr., að undanteknum innflutningi til umflutnings um tollsvæði Bandalagsins eða innflutningi samkvæmt málsmeðferð um tímabundna geymslu, geymslu í tollvörugeymslu eða frísvæði, sem um getur í reglugerð (EB) nr. 450/2008, að því tilskildu að innflutningsvörurnar séu ekki lengur inni á tollsvæði Bandalagsins en 45 daga og að þær séu ekki settar í frjálsa dreifingu innan Bandalagsins, eyðilagðar eða unnar eftir þann tíma. Framkvæmdastjórnin skal gefa út slík leyfi þegar hún hefur sannprófað að ákvæði 16. og 20. gr. séu virt.

16. gr.

Setning innfluttra, takmörkunarskyldra efna í frjálsa dreifingu innan Bandalagsins

1. Setning innfluttra, takmörkunarskyldra efna í frjálsa dreifingu innan Bandalagsins skal vera háð magntakmörkunum. Framkvæmdastjórnin skal ákveða þessar takmarkanir og úthluta kvótum til fyrirtækja fyrir tímabilið frá 1. janúar til 31. desember 2010 og fyrir hvert 12 mánaða tímabil þar á eftir, í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

Kvótunum, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal einungis úthlutað fyrir eftirfarandi efni:

a) takmörkunarskyld efni ef þau eru notuð á rannsóknarstofum og við greiningar eða til neyðarnotkunar, eins og um getur í 10. gr., 2. mgr. 11. gr. og 13. gr.,

b) takmörkunarskyld efni ef þau eru notuð sem hráefni,

c) takmörkunarskyld efni ef þau eru notuð sem hjálparefni við vinnslu.

2. Eigi síðar en dag, sem er tilgreindur í tilkynningu frá framkvæmdastjórninni, skulu innflytjendur efna, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr., tilkynna framkvæmdastjórninni um áætlaða eftirspurn og tilgreina eðli og magn takmörkunarskyldu efnanna sem þörf er fyrir. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli þessara yfirlýsinga, setja magntakmarkanir á innflutning á efnum sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr.

17. gr.

Útflutningur á takmörkunarskyldum efnum eða vörum og búnaði sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra

1. Útflutningur á takmörkunarskyldum efnum eða vörum og búnaði, öðrum en persónulegum munum, sem innihalda þessi efni eða sem virka ekki án þeirra, er bannaður.

2. Bannið, sem sett er fram í 1. mgr., gildir ekki um útflutning á:

a) takmörkunarskyldum efnum sem eru ætluð til notkunar á rannsóknarstofum eða við greiningar sem um getur í 10. gr.,

b) takmörkunarskyldum efnum sem nota á sem hráefni,

c) takmörkunarskyldum efnum sem nota á sem hjálparefni við vinnslu,

d) vörum og búnaði sem innihalda takmörkunarskyld efni, sem eru framleidd í samræmi við 7. mgr. 10. gr. eða flutt inn samkvæmt h- eða i-lið 2. mgr. 15. gr., eða virka ekki án þeirra,

e) endurheimtum, endurunnum eða uppunnum halónum, sem fyrirtæki með leyfi frá lögbæru yfirvaldi aðildarríkis geyma til neyðarnotkunar, sem um getur í 1. mgr. 13. gr., og vörum og búnaði, sem innihalda halón eða virka ekki án þess, til að fullnægja þörf vegna neyðarnotkunar,

f) ónotuðum eða uppunnum vetnisklórflúorkolefnum til annarar notkunar en eyðingar,

g) til 31. desember 2014, metýlbrómíði sem er endurútflutt til notkunar við meðhöndlun gegn kvíuðum skaðvöldum og meðhöndlun fyrir flutning,

h) innúðaskömmturum sem eru framleiddir með klórflúorkolefni sem heimilað hefur verið að nota á grundvelli 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2037/2000.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur framkvæmdastjórnin, að beiðni lögbærs yfirvalds aðildarríkis og í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr., leyft útflutning á vörum og búnaði sem innihalda vetnisklórflúorkolefni ef sýnt er fram á að bann við útflutningi þessarar tilteknu vöru mundi valda óhóflegri byrði fyrir innflytjandann í ljósi efnahagslegs gildis vörunnar og þess líftíma sem áætlað er að varan eigi eftir. Framkvæmdastjórnin þarf að tilkynna innflutningslandinu fyrir fram um slíkan útflutning.

4. Leyfi þarf fyrir útflutningi sem um getur í 2. og 3. mgr., að undanskildum endurútflutningi eftir umflutning um tollsvæði Bandalagsins, tímabundna geymslu, geymslu í tollvörugeymslu eða frísvæðismálsmeðferð, eins og um getur í reglugerð (EB) nr. 450/2008, að því tilskildu að endurútflutningur eigi sér stað eigi síðar en 45 dögum eftir innflutning. Framkvæmdastjórnin skal gefa út útflutningsleyfið til fyrirtækja þegar hún hefur sannprófað að farið sé að ákvæðum 20. gr.

18. gr.

Veiting inn- og útflutningsleyfa

1. Framkvæmdastjórnin skal koma á rafrænu leyfisveitingakerfi og reka það og taka ákvörðun um leyfisumsóknir innan 30 daga frá viðtöku umsóknanna.

2. Umsóknir um leyfi, sem um getur í 15. og 17. gr., skulu lagðar inn í gegnum kerfið sem um getur í 1. mgr. Fyrirtæki skulu skrá sig inn í það kerfi áður en þau leggja inn umsóknir.

3. Umsókn um leyfi skal innihalda upplýsingar um eftirfarandi:

a) heiti og heimilisfang innflytjandans og útflytjandans,

b) innflutningsland og útflutningsland,

c) þegar um er að ræða innflutning eða útflutning á takmörkunarskyldum efnum: lýsingu á hverju takmörkunarskyldu efni, þ.m.t.:

   i. verslunarheiti,

   ii. lýsingu og SN-númer eins og mælt er fyrir um í IV. viðauka,

   iii. hvort efnið er ónotað, endurheimt, endurunnið eða uppunnið,

   iv. magn efnisins í kílógrömmum,

v. ef um er að ræða halón: yfirlýsing um að þau séu ætluð til innflutnings eða útflutnings til að fullnægja þörf vegna neyðarnotkunar sem um getur í 1. mgr. 13. gr., ásamt tilgreiningu á því um hvaða notkun er að ræða,

d) ef um er að ræða innflutning eða útflutning á vörum og búnaði sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra:

i. tegund og eðli vörunnar og búnaðarins,

ii. fyrir teljanlega hluti: fjölda eininga, lýsingu á og magn hvers takmörkunarskylds efnis á hverja einingu í kílógrömmum,

iii. fyrir óteljanlega hluti: heildarmagn vörunnar, lýsingu á hverju takmörkunarskyldu efni og heildarnettómagn hvers takmörkunarskylds efnis í kílógrömmum,

iv. landið eða löndin sem eru lokaviðtökustaður vörunnar og búnaðarins,

v. hvort takmörkunarskylda efnið er ónotað, endurheimt, endurunnið eða uppunnið,

vi. ef um er að ræða innflutning eða útflutning á vörum og búnaði sem innihalda halón eða virka ekki án þess: yfirlýsingu um að þau séu ætluð til innflutnings eða útflutnings til að fullnægja þörf vegna neyðarnotkunar sem um getur í 1. mgr. 13. gr., ásamt tilgreiningu á því um hvaða notkun er að ræða,

vii. ef um er að ræða vörur og búnað sem innihalda vetnisklórflúorkolefni eða virka ekki án þeirra: tilvísun í leyfið frá framkvæmdastjórninni sem um getur í 3. mgr. 17. gr.,

viii. SN-númer vörunnar eða búnaðarins sem á að flytja inn eða út,

e) tilgang fyrirhugaðs innflutnings, þ.m.t. fyrirhugaða tollmeðferð og notkun, ásamt tilgreiningu, þegar við á, á fyrirhugaðri tollafgreiðslumeðferð,

f) staðsetningu og áætlaða dagsetningu fyrirhugaðs inn- eða útflutnings,

g) á hvaða tollstöð vörunum verður framvísað,

h) ef um er að ræða innflutning takmörkunarskyldra efna eða vöru og búnaðar til eyðingar: heiti og heimilisfang starfsstöðvarinnar þar sem eyðingin mun fara fram,

i) aðrar upplýsingar sem lögbært yfirvald aðildarríkis telur nauðsynlegar.

4. Hver innflytjandi eða útflytjandi skal tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar sem kunna að verða á gildistíma leyfisins, að því er varðar þau gögn sem tilkynnt er um skv. 3. mgr.

5. Framkvæmdastjórnin getur krafist vottorðs, sem staðfestir eðli eða samsetningu efna sem á að flytja inn eða út, og getur krafist þess að fá afrit af leyfinu sem inn- eða útflutningslandið gefur út.

6. Framkvæmdastjórnin getur, að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur og í sérstökum tilvikum, deilt innsendum gögnum með lögbærum yfirvöldum viðkomandi aðila að bókuninni og getur hafnað umsókn um leyfi ef einhverjar viðeigandi skyldur, sem settar eru fram í þessari reglugerð, eru ekki uppfylltar eða af eftirfarandi ástæðum:

a) ef um innflutningsleyfi er að ræða: ef það er staðfest á grundvelli upplýsinga frá lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi lands að útflytjandinn sé ekki fyrirtæki sem hefur heimild til að versla með viðkomandi efni í því landi,

b) ef um útflutningsleyfi er að ræða: ef lögbær yfirvöld innflutningslandsins hafa upplýst framkvæmdastjórnina um að innflutningur takmörkunarskylda efnisins mundi teljast vera ólögleg viðskipti eða að hann mundi hafa neikvæð áhrif á framkvæmd eftirlitsráðstafana, sem innflutningslandið hefur gert til að sinna skyldum sínum samkvæmt bókuninni, eða að hann mundi verða til þess að farið yrði yfir magntakmarkanir þess lands samkvæmt bókuninni.

7. Framkvæmdastjórnin skal gera afrit af hverju leyfi aðgengilegt fyrir lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis.

8. Framkvæmdastjórnin skal, eins fljótt og auðið er, tilkynna umsækjandanum og hlutaðeigandi aðildarríki um allar leyfisumsóknir sem er hafnað skv. 6. mgr. og tilgreina ástæðuna fyrir höfnuninni.

9. Framkvæmdastjórnin getur breytt skránni yfir þær upplýsingar sem eru tilgreindar í 3. mgr. og IV. viðauka. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

19. gr.

Ráðstafanir til vöktunar á ólöglegum viðskiptum

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt viðbótarráðstafanir til að vakta takmörkunarskyld efni eða ný efni og vörur og búnað, sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra, sem falla undir málsmeðferð um tímabundna geymslu, geymslu í tollvörugeymslu eða frísvæði eða eru í umflutningi um tollsvæði Bandalagsins og eru síðan endurútflutt, á grundvelli mats á hugsanlegri áhættu á ólöglegum viðskiptum sem tengjast slíkum flutningum og að teknu tilliti til umhverfislegs ávinnings og félagslegra og hagrænna áhrifa slíkra ráðstafana.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

20. gr.

Viðskipti við ríki sem ekki er aðili að bókuninni og svæði sem ekki fellur undir hana

1. Inn- og útflutningur á takmörkunarskyldum efnum og vörum og búnaði, sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra, til og frá ríkjum sem ekki eru aðilar að bókuninni er bannaður.

2. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt reglur um setningu í frjálsa dreifingu í Bandalaginu fyrir vörur og búnað sem eru flutt inn frá ríki sem er ekki aðili að bókuninni og eru framleidd með takmörkunarskyldum efnum en innihalda ekki efni sem hægt er að sanngreina með óyggjandi hætti að séu takmörkunarskyld. Við sanngreiningu slíkrar vöru og búnaðar skal farið eftir tæknilegri ráðgjöf sem aðilarnir að bókuninni fá með jöfnu millibili. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur framkvæmdastjórnin leyft viðskipti með takmörkunarskyld efni og vörur og búnað, sem innihalda slík efni eða virka ekki án þeirra eða eru framleidd með einu eða fleiri slíkum efnum, við ríki sem er ekki aðili að bókuninni, að því marki sem ríkið, sem ekki er aðili að bókuninni, teljist á fundi aðilanna skv. 8. mgr. 4. gr. bókunarinnar fara í einu og öllu að bókuninni og hafi lagt fram gögn þar að lútandi eins og tilgreint er í 7. gr. bókunarinnar. Framkvæmdastjórnin tekur ákvarðanir í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr. þessarar reglugerðar.

4. Með fyrirvara um ákvörðun, sem er tekin samkvæmt annarri undirgrein, gilda ákvæði 1. mgr. um yfirráðasvæði sem falla ekki undir bókunina á sama hátt og þau gilda um ríki sem eru ekki aðilar að bókuninni.

Fari yfirvöld á yfirráðasvæði, sem fellur ekki undir bókunina, í einu og öllu að bókuninni og hafi þau lagt fram gögn þar að lútandi eins og um getur í 7. gr. bókunarinnar getur framkvæmdastjórnin ákveðið að sum eða öll ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gildi ekki að því er umrætt yfirráðasvæði varðar.

Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

21. gr.

Skrá yfir vörur og búnað sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. janúar 2010, veita aðgang að skrá yfir vörur og búnað, sem gætu innihaldið eða ekki virkað án takmörkunarskyldra efna, og yfir númer í sameinuðu nafnaskránni, til leiðbeiningar fyrir tollyfirvöld aðildarríkjanna.

V. KAFLI

STJÓRNUN Á LOSUN

22. gr.

Endurheimt og eyðing notaðra, takmörkunarskyldra efna

1. Takmörkunarskyld efni í kæli-, loftræsti- og varmadælubúnaði, búnaði sem inniheldur leysiefni eða brunavarnarkerfum og slökkvitækjum skulu endurheimt á meðan á viðhaldi eða viðgerð á búnaðinum stendur eða áður en hann er tekinn í sundur eða honum fargað í því skyni að eyða þeim, endurvinna þau eða uppvinna.

2. Einungis skal eyða takmörkunarskyldum efnum og vörum, sem innihalda slík efni, með viðurkenndri tækni sem skráð er í VII. viðauka eða, ef um er að ræða takmörkunarskyld efni sem ekki er getið um í þeim viðauka, með þeirri eyðingartækni sem er heppilegust fyrir umhverfið og felur ekki í sér óhóflegan kostnað, að því tilskildu að notkun þeirrar tækni samræmist löggjöf Bandalagsins og landslöggjöf um úrgang og að farið sé að viðbótarkröfum samkvæmt slíkri löggjöf.

3. Framkvæmdastjórnin getur breytt VII. viðauka til að taka tillit til nýrrar tækniþróunar.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

4. Takmörkunarskyld efni í vörum og búnaði, öðrum en þeim sem um getur í 1. mgr., skulu, ef það er tæknilega mögulegt og efnahagslega hagkvæmt, endurheimt til eyðingar, endurvinnslu eða uppvinnslu eða skal eytt án undanfarandi endurheimtar með þeirri tækni sem um getur í 2. mgr.

Framkvæmdastjórnin skal semja viðauka við þessa reglugerð með skrá yfir vörur og búnað, sem talið er að sé tæknilega mögulegt og efnahagslega hagkvæmt að endurheimta takmörkunarskyld efni úr eða eyða án undanfarandi endurheimtar á takmörkunarskyldum efnum, og tilgreina, ef við á, hvaða tækni skuli beita. Með öllum drögum að ráðstöfunum um gerð slíks viðauka skal fylgja ítarlegt, efnahagslegt mat á kostnaði og ávinningi, ráðstöfunum til stuðnings, að teknu tilliti til mismunandi aðstæðna í aðildarríkjunum.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

5. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að stuðla að endurheimt, endurvinnslu, uppvinnslu og eyðingu takmörkunarskyldra efna og skulu skilgreina lágmarkskröfur um menntun og hæfi viðkomandi starfsfólks.

Framkvæmdastjórnin skal meta ráðstafanir aðildarríkjanna og getur, í ljósi þessa mats og tæknilegra upplýsinga og annarra viðeigandi upplýsinga, eins og við á, samþykkt ráðstafanir varðandi þessar lágmarkskröfur um menntun og hæfi.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

23. gr.

Leki og losun takmörkunarskyldra efna

1. Fyrirtæki skulu gera allar raunhæfar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir og lágmarka leka og losun takmörkunarskyldra efna.

2. Fyrirtæki, sem nota kæli-, loftræsti- eða varmadælubúnað eða brunavarnarkerfi, þ.m.t. rásir þeirra, sem innihalda takmörkunarskyld efni skulu sjá til þess að kyrrstæður búnaður eða kerfi:

a) sem innihalda 3 kg eða meira af takmörkunarskyldum efnum í fljótandi formi, séu athuguð með tilliti til leka a.m.k. á 12 mánaða fresti en þetta gildir ekki um búnað með loftþéttum kerfum sem er merktur sem slíkur og inniheldur minna en 6 kg af takmörkunarskyldum efnum,

b) sem innihalda 30 kg eða meira af takmörkunarskyldum efnum í fljótandi formi, séu athuguð með tilliti til leka a.m.k. á 6 mánaða fresti,

c) sem innihalda 300 kg eða meira af takmörkunarskyldum efnum í fljótandi formi, séu athuguð og könnuð með tilliti til leka a.m.k. á 3 mánaða fresti

og, ef leki finnst, að gert sé við hann eins fljótt og auðið er og ávallt innan 14 daga.

Skoða skal búnaðinn eða kerfið með tilliti til leka innan mánaðar eftir að gert er við leka til að tryggja að viðgerðin hafi tekist eins og til var ætlast.

3. Fyrirtækin, sem um getur í 2. mgr., skulu halda skrár yfir magn og tegund viðbættra, takmörkunarskyldra efna og yfir magnið sem er endurheimt í tengslum við viðhald, viðgerðir og endanlega förgun búnaðarins eða kerfanna sem um getur í þeirri málsgrein. Þau skulu einnig halda skrár yfir aðrar viðeigandi upplýsingar, þ.m.t. deili á fyrirtækinu eða tæknimanninum sem annaðist viðhaldið eða viðgerðina, sem og yfir dagsetningar og niðurstöður úr lekaprófunum sem gerðar eru. Þessar skrár skulu gerðar aðgengilegar lögbæru yfirvaldi aðildarríkis og framkvæmdastjórninni að beiðni þeirra.

4. Aðildarríkin skulu skilgreina lágmarkskröfur um menntun og hæfi starfsfólks sem vinnur þau störf sem um getur í 2. mgr. Í ljósi mats á þessum ráðstöfunum aðildarríkjanna og tæknilegra upplýsinga og annarra viðeigandi upplýsinga getur framkvæmdastjórnin samþykkt ráðstafanir varðandi samræmingu á þessum lágmarkskröfum um menntun og hæfi.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

5. Fyrirtæki skulu gera allar raunhæfar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir og lágmarka leka og losun takmörkunarskyldra efna sem eru notuð sem hráefni og hjálparefni við vinnslu.

6. Fyrirtæki skulu gera allar raunhæfar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir og lágmarka leka og losun takmörkunarskyldra efna sem verða fyrir slysni til við framleiðslu annarra efna.

7. Framkvæmdastjórnin er heimilt að taka saman skrá yfir tækni eða starfsvenjur sem fyrirtæki skulu nota til að koma í veg fyrir og lágmarka leka og losun takmörkunarskyldra efna.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

VI. KAFLI

NÝ EFNI

24. gr.

Ný efni

1. Bannað er að framleiða, flytja inn, setja á markað, nota og flytja út ný efni sem skráð eru í A. hluta II. viðauka. Þetta bann nær ekki til nýrra efna, ef þau eru notuð sem hráefni eða á rannsóknarstofum eða við greiningar, né til innflutnings til umflutnings um tollsvæði Bandalagsins eða innflutnings samkvæmt málsmeðferð um tímabundna geymslu, geymslu í tollvörugeymslu eða frísvæði, sem um getur í reglugerð (EB) nr. 450/2008, nema slíkur innflutningur hafi fengið aðra lögmæta tollmeðferð eða notkun sem um getur í þeirri reglugerð, eða til útflutnings á eftir innflutningi sem þegar hefur fengist undanþága fyrir.

2. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, skrá í A. hluta II. viðauka efni sem eru skráð í B. hluta þess viðauka og sem vitað er að eru flutt út, flutt inn, framleidd eða sett á markað í umtalsverðu magni og sem sérfræðinganefnd um vísindalegt mat, sem komið var á fót samkvæmt bókuninni, telur að hafi verulegan ósoneyðingarmátt og skal, ef við á, ákveða hugsanlegar undanþágur frá ákvæðum 1. mgr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

3. Í ljósi viðeigandi vísindalegra upplýsinga skal framkvæmdastjórnin, ef við á, skrá í B. hluta II. viðauka efni sem eru ekki takmörkunarskyld en sem sérfræðinganefndin um vísindalegt mat, sem komið var á fót samkvæmt bókuninni, eða annað jafngilt, viðurkennt yfirvald telur að hafi verulegan ósoneyðingarmátt. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

VII. KAFLI

NEFND, SKÝRSLUGJÖF, SKOÐUN OG VIÐURLÖG

25. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera einn mánuður.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. a (1.–4. mgr.) og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

26. gr.

Skýrslugjöf aðildarríkjanna

1. Eigi síðar en 30. júní ár hvert skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu á rafrænu formi um næstliðið almanaksár sem inniheldur upplýsingar um eftirfarandi:

a) magn metýlbrómíðs sem leyft hefur verið skv. 2. og 3. mgr. 12. gr. til ýmiss konar meðhöndlunar gegn kvíuðum skaðvöldum og meðhöndlunar fyrir flutning á yfirráðasvæði þeirra, ásamt því að tiltaka til hvers metýlbrómíðið var notað og framfarir í mati á staðgöngukostum og í notkun þeirra,

b) magn halóna, sem er fyllt á, notað og geymt til neyðarnotkunar skv. 1. mgr. 13. gr., ráðstafanir til að draga úr losun þeirra og mat á slíkri losun og framfarir í mati á fullnægjandi staðgönguefnum og í notkun þeirra,

c) tilvik ólöglegra viðskipta, einkum þeirra sem uppgötvast hafa í skoðunum sem gerðar voru skv. 28. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 25. gr., ákveða á hvaða sniði skal senda gögnin sem um getur í 1. mgr.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að breyta 1. mgr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

27. gr.

Skýrslugjöf fyrirtækja

1. Eigi síðar en 31. mars ár hvert skal hvert fyrirtæki senda framkvæmdastjórninni gögnin, sem talin eru upp í 2.–6. mgr., fyrir hvert takmörkunarskylt efni og hvert nýtt efni sem skráð er í II. viðauka, fyrir næstliðið almanaksár og senda afrit til lögbærs yfirvalds í hlutaðeigandi aðildarríki.

2. Hver framleiðandi skal senda gögn um eftirfarandi:

a) heildarframleiðslu sína á hverju efni sem um getur í 1. mgr.,

b) framleiðslu sem er sett á markað eða notuð til eigin þarfa framleiðandans innan Bandalagsins, þar sem tilgreind er sérstaklega framleiðsla til notkunar sem hráefni eða hjálparefni við vinnslu eða til annarar notkunar,

c) framleiðslu, sem er leyfð skv. 6. mgr. 10. gr., til að fullnægja þörf vegna óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar innan Bandalagsins,

d) framleiðslu, sem er leyfð skv. 8. mgr. 10. gr., til þess að fullnægja þörf vegna óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar af hálfu aðilanna að bókuninni.

e) framleiðsluaukningu sem er leyfð skv. 2., 3. og 4. mgr. 14. gr. í tengslum við iðnaðarhagræðingu,

f) það magn sem er endurunnið, uppunnið eða eytt og hvaða tækni er notuð við eyðinguna, þ.m.t. magn sem er framleitt og eytt sem aukaafurð eins og um getur í 14. mgr. 3. gr.,

g) birgðir,

h) kaup frá öðrum framleiðendum í Bandalaginu og sala til þeirra.

3. Allir innflytjendur skulu senda, fyrir hvert efni sem um getur í 1. mgr., gögn um eftirfarandi:

a) magn, sem er sett í frjálsa dreifingu innan Bandalagsins, þar sem tilgreindur er sérstaklega innflutningur til notkunar sem hráefni og hjálparefni við vinnslu, til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar sem er leyfð í samræmi við 6. mgr. 10. gr., til notkunar við meðhöndlun gegn kvíuðum skaðvöldum og meðhöndlun fyrir flutning og til eyðingar. Innflytjendur sem fluttu inn takmörkunarskyld efni til eyðingar skulu einnig senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um raunverulegan lokaviðtökustað eða -staði fyrir hvert efni, þar sem gefnar eru upp aðskildar upplýsingar, fyrir hvern viðtökustað, um magn hvers efnis og heiti og heimilisfang eyðingarstöðvarinnar þangað sem efnið var sent,

b) magn sem er flutt inn samkvæmt öðrum reglum um tollmeðferð, þar sem getið er sérstaklega um tollafgreiðslu og tilgreinda notkun,

c) magn notaðra efna sem um getur í 1. mgr. og eru flutt inn til endurvinnslu eða uppvinnslu,

d) birgðir,

e) kaup frá öðrum framleiðendum í Bandalaginu og sala til þeirra,

f) útflutningslandið.

4. Allir útflytjendur skulu senda, fyrir hvert efni sem um getur í 1. mgr., gögn um eftirfarandi:

a) magn slíkra efna sem er flutt út, þar sem tilgreint er sérstaklega magnið sem er flutt út til hvers viðtökulands og magnið sem er flutt út til notkunar sem hráefni og sem hjálparefni við vinnslu, til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar, til neyðarnotkunar og meðhöndlunar gegn kvíuðum skaðvöldum og til meðhöndlunar fyrir flutning,

b) birgðir,

c) kaup frá og sala til annarra framleiðenda í Bandalaginu,

d) viðtökulandið.

5. Fyrirtæki, sem eyða takmörkunarskyldum efnum sem um getur í 1. mgr. og falla ekki undir ákvæði 2. mgr., skulu senda eftirfarandi gögn:

a) magn slíkra efna sem er eytt, þ.m.t. magn þeirra í vörum eða búnaði,

b) birgðir slíkra efna sem bíða eyðingar, þ.m.t. magn sem er í vörum eða búnaði,

c) tæknina sem er notuð við eyðinguna.

6. Fyrirtæki, sem nota takmörkunarskyld efni sem hráefni eða hjálparefni við vinnslu, skulu senda eftirfarandi gögn:

a) magn slíkra efna sem eru notuð sem hráefni eða hjálparefni við vinnslu,

b) birgðir slíkra efna,

c) þau vinnsluferli og þá losun sem um er að ræða.

7. Fyrir 31. mars ár hvert skal hver framleiðandi eða innflytjandi, sem hefur fengið leyfi skv. 6. mgr. 10. gr., fyrir hvert efni sem hann hefur fengið leyfi fyrir, senda framkvæmdastjórninni skýrslu og afrit af henni til lögbærs yfirvalds hlutaðeigandi aðildarríkis um eðli notkunarinnar, það magn, sem notað var næstliðið ár, birgðamagn, magn, sem hefur verið endurunnið, uppunnið eða eytt, og magn vara og búnaðar, sem innihalda þessi efni eða virka ekki án þeirra, sem hafa verið sett á markað innan Bandalagsins og/eða flutt út.

8. Framkvæmdastjórnin skal gera viðeigandi ráðstafanir til að trúnaður ríki um þær upplýsingar sem lagðar eru fyrir hana.

9. Snið skýrslnanna, sem um getur í 1. til 7. mgr., skal vera í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

10. Framkvæmdastjórninni er heimilt að breyta skýrslugjafarkröfunum sem mælt er fyrir um í 1.–7. mgr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

28. gr.

Skoðun

1. Aðildarríkin skulu framkvæma skoðanir á því hvort fyrirtæki fari að ákvæðum þessarar reglugerðar og nota til þess nálgun sem byggist á áhættumati, þ.m.t. skoðanir á innflutningi og útflutningi á takmörkunarskyldum efnum, sem og á vörum og búnaði sem innihalda þessi efni eða virka ekki án þeirra. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu framkvæma þær rannsóknir sem framkvæmdastjórnin telur þörf á samkvæmt þessari reglugerð.

2. Ef framkvæmdastjórnin og lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem rannsóknirnar eiga að fara fram, eru því samþykk skulu embættismenn framkvæmdastjórnarinnar aðstoða embættismenn yfirvaldsins við skyldustörf þeirra.

3. Til að inna af hendi þau verk sem henni ber samkvæmt þessari reglugerð getur framkvæmdastjórnin aflað allra nauðsynlegra upplýsinga hjá ríkisstjórnum og lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna og hjá fyrirtækjunum. Þegar framkvæmdastjórnin sendir beiðni um upplýsingar til fyrirtækis skal hún samtímis senda afrit af beiðninni til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem fyrirtækið hefur aðsetur.

4. Framkvæmdastjórnin skal grípa til viðeigandi aðgerða til að stuðla að fullnægjandi upplýsingaskiptum og samvinnu milli landsyfirvalda, og á milli landsyfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar.

Framkvæmdastjórnin skal gera viðeigandi ráðstafanir til að trúnaður ríki um þær upplýsingar sem hún fær samkvæmt þessari grein.

5. Aðildarríki getur, að beiðni annars aðildarríkis, framkvæmt skoðanir á fyrirtækjum eða rannsakað fyrirtæki sem grunur leikur á að taki þátt í ólöglegum flutningi á takmörkunarskyldum efnum og eru starfrækt á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

29. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði, eigi síðar en 30. júní 2011, og skulu einnig tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

VIII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

30. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 2037/2000 fellur úr gildi frá og með 1. janúar 2010.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VIII. viðauka.

31. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. september 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins*
forseti.	*forseti.*
J. BUZEK	C. MALMSTRÖM

I. VIÐAUKI

TAKMÖRKUNARSKYLD EFNI

Flokkur	Efni			Ósoneyðingarmáttur ([1])
I. flokkur	$CFCl_3$	CFC-11	Tríklórflúormetan	1,0
	CF_2Cl_2	CFC-12	Díklórdíflúormetan	1,0
	$C_2F_3Cl_3$	CFC-113	Tríklórtríflúoretan	0,8
	$C_2F_4Cl_2$	CFC-114	Díklórtetraflúoretan	1,0
	C_2F_5Cl	CFC-115	Klórpentaflúoretan	0,6
II. flokkur	CF_3Cl	CFC-13	Klórtríflúormetan	1,0
	C_2FCl_5	CFC-111	Pentaklórflúoretan	1,0
	$C_2F_2Cl_4$	CFC-112	Tetraklórdíflúoretan	1,0
	C_3FCl_7	CFC-211	Heptaklórflúorprópan	1,0
	$C_3F_2Cl_6$	CFC-212	Hexaklórdíflúorprópan	1,0
	$C_3F_3Cl_5$	CFC-213	Pentaklórtríflúorprópan	1,0
	$C_3F_4Cl_4$	CFC-214	Tetraklórtetraflúorprópan	1,0
	$C_3F_5Cl_3$	CFC-215	Tríklórpentaflúorprópan	1,0
	$C_3F_6Cl_2$	CFC-216	Díklórhexaflúorprópan	1,0
	C_3F_7Cl	CFC-217	Klórheptaflúorprópan	1,0
III. flokkur	CF_2BrCl	halón-1211	Brómklórdíflúormetan	3,0
	CF_3Br	halón-1301	Brómtríflúormetan	10,0
	$C_2F_4Br_2$	halón-2402	Díbrómtetraflúoretan	6,0
IV. flokkur	CCl_4	CTC	Tetraklórmetan (koltetraklóríð)	1,1
V. flokkur	$C_2H_3Cl_3$ ([2])	1,1,1-TCA	1,1,1-tríklóretan (metýlklóróform)	0,1
VI. flokkur	CH_3Br	metýlbrómíð	Brómmetan	0,6

Flokkur	Efni			Ósoneyðingarmáttur ([1])
VII. flokkur	$CHFBr_2$	HBFC-21 B2	Díbrómflúormetan	1,00
	CHF_2Br	HBFC-22 B1	Brómdíflúormetan	0,74
	CH_2FBr	HBFC-31 B1	Brómflúormetan	0,73
	C_2HFBr_4	HBFC-121 B4	Tetrabrómflúoretan	0,8
	$C_2HF_2Br_3$	HBFC-122 B3	Tríbrómdíflúoretan	1,8
	$C_2HF_3Br_2$	HBFC-123 B2	Díbrómtríflúoretan	1,6
	C_2HF_4Br	HBFC-124 B1	Brómtetraflúoretan	1,2
	$C_2H_2FBr_3$	HBFC-131 B3	Tríbrómflúoretan	1,1
	$C_2H_2F_2Br_2$	HBFC-132 B2	Díbrómdíflúoretan	1,5
	$C_2H_2F_3Br$	HBFC-133 B1	Brómtríflúoretan	1,6
	$C_2H_3FBr_2$	HBFC-141 B2	Díbrómflúoretan	1,7
	$C_2H_3F_2Br$	HBFC-142 B1	Brómdíflúoretan	1,1
	C_2H_4FBr	HBFC-151 B1	Brómflúoretan	0,1
	C_3HFBr_6	HBFC-221 B6	Hexabrómflúorprópan	1,5
	$C_3HF_2Br_5$	HBFC-222 B5	Pentabrómdíflúorprópan	1,9
	$C_3HF_3Br_4$	HBFC-223 B4	Tetrabrómtríflúorprópan	1,8
	$C_3HF_4Br_3$	HBFC-224 B3	Tríbrómtetraflúorprópan	2,2
	$C_3HF_5Br_2$	HBFC-225 B2	Díbrómpentaflúorprópan	2,0
	C_3HF_6Br	HBFC-226 B1	Brómhexaflúorprópan	3,3
	$C_3H_2FBr_5$	HBFC-231 B5	Pentabrómflúorprópan	1,9
	$C_3H_2F_2Br_4$	HBFC-232 B4	Tetrabrómdíflúorprópan	2,1
	$C_3H_2F_3Br_3$	HBFC-233 B3	Tríbrómtríflúorprópan	5,6
	$C_3H_2F_4Br_2$	HBFC-234 B2	Díbrómtetraflúorprópan	7,5
	$C_3H_2F_5Br$	HBFC-235 B1	Brómpentaflúorprópan	1,4
	$C_3H_3FBr_4$	HBFC-241 B4	Tetrabrómflúorprópan	1,9
	$C_3H_3F_2Br_3$	HBFC-242 B3	Tríbrómdíflúorprópan	3,1
	$C_3H_3F_3Br_2$	HBFC-243 B2	Díbrómtríflúorprópan	2,5
	$C_3H_3F_4Br$	HBFC-244 B1	Brómtetraflúorprópan	4,4
	$C_3H_4FBr_3$	HBFC-251 B1	Tríbrómflúorprópan	0,3
	$C_3H_4F_2Br_2$	HBFC-252 B2	Díbrómdíflúorprópan	1,0
	$C_3H_4F_3Br$	HBFC-253 B1	Brómtríflúorprópan	0,8
	$C_3H_5FBr_2$	HBFC-261 B2	Díbrómflúorprópan	0,4
	$C_3H_5F_2Br$	HBFC-262 B1	Brómdíflúorprópan	0,8
	C_3H_6FBr	HBFC-271 B1	Brómflúorprópan	0,7

Flokkur	Efni			Ósoneyðingarmáttur ([1])
VIII. flokkur	$CHFCl_2$	HCFC-21 ([3])	Díklórflúormetan	0,040
	CHF_2Cl	HCFC-22 ([3])	Klórdíflúormetan	0,055
	CH_2FCl	HCFC-31	Klórflúormetan	0,020
	C_2HFCl_4	HCFC-121	Tetraklórflúoretan	0,040
	$C_2HF_2Cl_3$	HCFC-122	Tríklórdíflúoretan	0,080
	$C_2HF_3Cl_2$	HCFC-123 ([3])	Díklórtríflúoretan	0,020
	C_2HF_4Cl	HCFC-124 ([3])	Klórtetraflúoretan	0,022
	$C_2H_2FCl_3$	HCFC-131	Tríklórflúoretan	0,050
	$C_2H_2F_2Cl_2$	HCFC-132	Díklórdíflúoretan	0,050
	$C_2H_2F_3Cl$	HCFC-133	Klórtríflúoretan	0,060
	$C_2H_3FCl_2$	HCFC-141	Díklórflúoretan	0,070
	CH_3CFCl_2	HCFC-141b ([3])	1,1-díklór-1-flúoretan	0,110
	$C_2H_3F_2Cl$	HCFC-142	Klórdíflúoretan	0,070
	CH_3CF_2Cl	HCFC-142b ([3])	1-klór-1,1-díflúoretan	0,065
	C_2H_4FCl	HCFC-151	Klórflúoretan	0,005
	C_3HFCl_6	HCFC-221	Hexaklórflúorprópan	0,070
	$C_3HF_2Cl_5$	HCFC-222	Pentaklórdíflúorprópan	0,090
	$C_3HF_3Cl_4$	HCFC-223	Tetraklórtríflúorprópan	0,080
	$C_3HF_4Cl_3$	HCFC-224	Tríklórtetraflúorprópan	0,090
	$C_3HF_5Cl_2$	HCFC-225	Díklórpentaflúorprópan	0,070
	$CF_3CF_2CHCl_2$	HCFC-225ca ([3])	3,3-díklór-1,1,1,2,2-pentaflúorprópan	0,025
	CF_2ClCF_2CHClF	HCFC-225cb ([3])	1,3-díklór-1,1,2,2,3-pentaflúorprópan	0,033
	C_3HF_6Cl	HCFC-226	Klórhexaflúorprópan	0,100
	$C_3H_2FCl_5$	HCFC-231	Pentaklórflúorprópan	0,090
	$C_3H_2F_2Cl_4$	HCFC-232	Tetraklórdíflúorprópan	0,100
	$C_3H_2F_3Cl_3$	HCFC-233	Tríklórtríflúorprópan	0,230
	$C_3H_2F_4Cl_2$	HCFC-234	Díklórtetraflúorprópan	0,280
	$C_3H_2F_5Cl$	HCFC-235	Klórpentaflúorprópan	0,520
	$C_3H_3FCl_4$	HCFC-241	Tetraklórflúorprópan	0,090
	$C_3H_3F_2Cl_3$	HCFC-242	Tríklórdíflúorprópan	0,130
	$C_3H_3F_3Cl_2$	HCFC-243	Díklórtríflúorprópan	0,120
	$C_3H_3F_4Cl$	HCFC-244	Klórtetraflúorprópan	0,140
	$C_3H_4FCl_3$	HCFC-251	Tríklórflúorprópan	0,010
	$C_3H_4F_2Cl_2$	HCFC-252	Díklórdíflúorprópan	0,040
	$C_3H_4F_3Cl$	HCFC-253	Klórtríflúorprópan	0,030
	$C_3H_5FCl_2$	HCFC-261	Díklórflúorprópan	0,020
	$C_3H_5F_2Cl$	HCFC-262	Klórdíflúorprópan	0,020
	C_3H_6FCl	HCFC-271	Klórflúorprópan	0,030
IX. flokkur	CH_2BrCl	BCM	Brómklórmetan	0,12

([1]) Tölurnar yfir ósoneyðingarmátt eru áætlaðar út frá fyrirliggjandi þekkingu og verða yfirfarnar og endurskoðaðar öðru hverju í ljósi þeirra ákvarðana sem aðilarnir að bókuninni taka.
([2]) Þessi formúla vísar ekki til 1,1,2- tríklóretans.
([3]) Tilgreinir markaðsvænlegasta efnið eins og lýst er í bókuninni.

II. VIÐAUKI

NÝ EFNI

A-hluti: Efni sem eru takmörkuð skv. 1. mgr. 24. gr.

Efni		Ósoneyðingarmáttur
CBr_2F_2	Díbrómdíflúormetan (halón-1202)	1,25

B-hluti: Efni sem gefa skal skýrslu um skv. 27. gr.

Efni		Ósoneyðingarmáttur ([1])
C_3H_7Br	1-brómprópan (n-própýlbrómíð)	0,02 – 0,10
C_2H_5Br	Brómetan (etýlbrómíð)	0,1 – 0,2
CF_3I	Tríflúorjoðmetan (tríflúormetýljoðíð)	0,01 – 0,02
CH_3Cl	Klórmetan (metýlklórið)	0,02

([1]) Tölurnar yfir ósoneyðingarmátt eru áætlaðar út frá fyrirliggjandi þekkingu og verða endurskoðaðar öðru hverju í ljósi þeirra ákvarðana sem aðilarnir að bókuninni taka.

III. VIÐAUKI

Vinnsla þar sem takmörkunarskyld efni eru notuð sem hjálparefni við vinnslu eins og um getur í 12. mgr. 3. gr.:

a) notkun koltetraklóríðs við brottnám á köfnunarefnistríklóríði við framleiðslu á klór og vítissóda,

b) notkun koltetraklóríðs við endurheimt á klór í afgangsgasi frá klórframleiðslu,

c) notkun koltetraklóríðs við framleiðslu á klóruðu gúmmíi,

d) notkun koltetraklóríðs við framleiðslu á pólýfenýlentereþalamíði,

e) notkun á CFC-12 við ljósefnafræðilega efnasmíði á perflúorpólýeterpólýperoxíði, forefni Z-perflúorpólýetera og tvívirkra afleiðna,

f) notkun á CFC-113 við framleiðslu perflúorpólýeterdíóla með mikilli virkni,

g) notkun á koltetraklóríði við framleiðslu á sýklódími,

h) notkun á vetnisklórflúorkolefnum við vinnsluna sem talin er upp í a- til g-lið þegar þau eru notuð í stað klórflúorkolefnis eða koltetraklóríðs.

———

IV. VIÐAUKI

Flokkar, númer í sameinaðri nafnaskrá ([1]) og lýsingar á efnunum sem um getur í I. viðauka

Flokkur	SN-númer	Lýsing
I. flokkur	29034100	Tríklórflúormetan
	29034200	Díklórdíflúormetan
	29034300	Tríklórtríflúoretön
	29034410	Díklórtetraflúoretön
	29034490	Klórpentaflúoretan
II. flokkur	29034510	Klórtríflúormetan
	29034515	Pentaklórflúoretan
	29034520	Tetraklórdíflúoretön
	29034525	Heptaklórflúorprópön
	29034530	Hexaklórdíflúorprópön
	29034535	Pentaklórtríflúorprópön
	29034540	Tetraklórtetraflúorprópön
	29034545	Tríklórpentaflúorprópön
	29034550	Díklórhexaflúorprópön
	29034555	Klórheptaflúorprópön
III. flokkur	29034610	Brómklórdíflúormetan
	29034620	Brómtríflúormetan
	29034690	Díbrómtetraflúoretön
IV. flokkur	29031400	Koltetraklóríð
V. flokkur	29031910	1,1,1-tríklóretan (metýlklóróform)
VI. flokkur	29033911	Brómmetan (metýlbrómíð)
VII. flokkur	29034930	Vetnisbrómflúormetön, -etön eða -própön
VIII. flokkur	29034911	Klórdíflúormetan (HCFC-22)
	29034915	1,1-díklór-1-flúormetan (HCFC-141b)
	29034919	Önnur vetnisklórflúormetön, -etön eða própön (HCFC)
IX. flokkur	úr 29034980	Brómklórmetan
Blöndur	38247100	Blöndur sem innihalda klórflúorkolefni (CFC), hvort sem þau innihalda vetnisklórflúorkolefni (HCFC), perflúorkolefni (PFC) eða vetnisflúorkolefni (HFC) eða ekki
	38247200	Blöndur sem innihalda brómklórdíflúormetan, brómtríflúormetan eða díbrómtetraflúoretön
	38247300	Blöndur sem innihalda vetnisbrómflúrkolefni (HBFC)
	38247400	Blöndur sem innihalda vetnisklórflúorkolefni (HCFC), hvort sem þau innihalda perflúorkolefni (PFC) eða vetnisflúorkolefni (HFC) eða ekki, en innihalda ekki klórflúorkolefni (CFC)
	38247500	Blöndur sem innihalda koltetraklóríð
	38247600	Blöndur sem innihalda 1,1,1-tríklóretan (metýlklóróform)
	38247700	Blöndur sem innihalda brómmetan (metýlbrómíð) eða brómklórmetan

([1]) Liðurinn „úr“ fyrir framan númer gefur til kynna að önnur efni en þau sem eru tilgreind í dálknum „lýsing“ geti einnig fallið undir það undirnúmer.

V. VIÐAUKI

Skilyrði fyrir setningu takmörkunarskyldra efna á markað og frekari dreifingu þeirra til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar sem um getur í 3. mgr. 10. gr.

1. Takmörkunarskyld efni til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar skulu einungis innihalda takmörkunarskyld efni sem eru framleidd í eftirfarandi hreinleika:

Efni	%
CTC (prófefnahreinleiki)	99,5
1,1,1-tríklóretan	99,0
CFC 11	99,5
CFC 13	99,5
CFC 12	99,5
CFC 113	99,5
CFC 114	99,5
Önnur takmörkunarskyld efni með suðumarki > 20 °C	99,5
Önnur takmörkunarskyld efni með suðumarki < 20 °C	99,0

Framleiðendur, umboðsaðilar eða dreifingaraðilar geta síðan blandað þessum hreinu, takmörkunarskyldu efnum saman við önnur efni, sem geta hvort heldur er verið takmörkunarskyld samkvæmt bókuninni eða ekki, eins og venja er við notkun á rannsóknarstofum og við greiningar.

2. Þessi mjög hreinu efni og blöndur, sem innihalda takmörkunarskyld efni, skulu einungis afhent í endurlokanlegum geymum eða háþrýstihylkjum, sem rúma minna en þrjá lítra, eða í glerlykjum, sem rúma 10 millilítra eða minna, sem eru greinilega merkt svo að fram komi að þetta séu efni sem rýra ósonlagið, eru takmörkuð við notkun á rannsóknarstofum og við greiningar og að notuðum efnum eða efnum sem ganga af skuli safna saman og endurvinna ef það er raunhæft. Efninu skal eytt ef endurvinnsla þess er ekki raunhæf.

VI. VIÐAUKI

NEYÐARNOTKUN HALÓNA

Notkun á halóni 1301:

– í loftförum til að verja áhafnarklefa, hreyfilshús, lestarrými og þurrrými, og til sprengivarna í eldsneytisgeymum,

– til að verja mannað rými og vélarrými í herökutækjum og herskipum,

– til sprengivarna á mönnuðum svæðum hjá heraflanum, við olíu- og gasvinnslu og við vinnslu efna úr jarðolíu eða jarðgasi, og í flutningaskipum í notkun, þar sem er hætta á að eldfimur vökvi og/eða lofttegundir leki út,

– til sprengivarna í mönnuðum fjarskipta- og stjórnunarstöðvum heraflans eða annarra, sem eru í notkun og skipta sköpum fyrir þjóðaröryggi,

– til sprengivarna á svæðum sem hætta er á að geislavirk efni dreifist um,

– í Ermarsundsgöngunum og tengdum mannvirkjum og járnbrautarvögnum.

Notkun á halóni 1211:

– til að verja mannað rými og vélarrými í herökutækjum og herskipum,

– í handslökkvitækjum og föstum slökkvibúnaði fyrir vélar til nota um borð í loftförum,

– í loftförum til að verja áhafnarklefa, hreyfilshús, lestarrými og þurrrými,

– í slökkvitækjum sem skipta sköpum fyrir öryggi manna og sem slökkvilið notar við frumslökkvistarf,

– í slökkvitækjum hersins og lögreglunnar sem eru notuð á fólk.

Notkun halóns 2402, einungis í Tékklandi, Eistlandi, á Kýpur, í Lettlandi, Litháen, Ungverjalandi, á Möltu, í Póllandi, Slóveníu og Slóvakíu:

– í loftförum til að verja áhafnarklefa, hreyfilshús, lestarrými og þurrrými, og til sprengivarna eldsneytisgeyma,

– til að verja mannað rými og vélarrými í herökutækjum og herskipum,

– til sprengivarna á mönnuðum svæðum hjá hernum, við olíu- og gasvinnslu og við vinnslu efna úr jarðolíu eða jarðgasi, og í flutningaskipum í notkun, þar sem er hætta á að eldfimur vökvi og/eða lofttegundir leki út,

– til sprengivarna í mönnuðum fjarskipta- og stjórnunarstöðvum heraflans eða annarra, sem eru í notkun og skipta sköpum fyrir þjóðaröryggi,

– til sprengivarna á svæðum sem hætta er á að geislavirk efni dreifist um,

– í handslökkvitækjum og föstum slökkvibúnaði fyrir vélar til nota um borð í loftförum,

– í slökkvitækjum sem skipta sköpum fyrir öryggi manna og sem slökkvilið notar við frumslökkvistarf,

– í slökkvitækjum hersins og lögreglunnar sem eru notuð á fólk.

Notkun á halón 2402, einungis í Búlgaríu:

– í loftförum til að verja áhafnarklefa, hreyfilshús, lestarrými og þurrrými, og til að verja eldsneytisgeyma gegn sprengingu,

– til að verja mannað rými og vélarrými í herökutækjum og herskipum,

———

VII. VIÐAUKI

EYÐINGARTÆKNI SEM UM GETUR Í 1. MGR. 22. GR.

Notkunarsvið			
Tækni	Takmörkunarskyld efni ([1]) ([2])		Þynntur uppruni ([3])
	Takmörkunarskyld efni sem skráð eru í I. viðauka, í I., II., IV., V. og VIII. flokki	Halón skráð í III. flokki I. viðauka	Frauð
Skilvirkni í eyðingu og fjarlægingu ([4])	99,99%	99,99%	95%
Sementsofnar	Samþykkt ([5])	Ekki samþykkt	Á ekki við
Brennslueyðing með vökvainnspýtingu	Samþykkt	Samþykkt	Á ekki við
Oxun lofttegunda/eitraðra lofttegunda	Samþykkt	Samþykkt	Á ekki við
Brennsla húsasorps í föstu formi	Á ekki við	Á ekki við	Samþykkt
Sundrun í hvarftanki	Samþykkt	Ekki samþykkt	Á ekki við
Brennsla í hverfiofni	Samþykkt	Samþykkt	Samþykkt
Argon-rafgasljósbogi	Samþykkt	Samþykkt	Á ekki við
Spantengt rafgas við útvarpstíðni	Samþykkt	Samþykkt	Á ekki við
Örbylgjurafgas	Samþykkt	Ekki samþykkt	Á ekki við
Köfnunarefnisrafgasljósbogi	Samþykkt	Ekki samþykkt	Á ekki við
Hvötuð halógensvipting í gasfasa	Samþykkt	Ekki samþykkt	Á ekki við
Ofurhitaður gufuhvarftankur	Samþykkt	Ekki samþykkt	Á ekki við

([1]) Takmörkunarskyldum efnum, sem ekki eru skráð hér á eftir, skal eytt með þeirri eyðingartækni sem er ákjósanlegust fyrir umhverfið og felur ekki í sér óhóflegan kostnað.
([2]) Óþynntur uppruni vísar til ónotaðra, endurheimtra og uppunninna ósoneyðandi efna.
([3]) Þynntur uppruni vísar til ósoneyðandi efna sem eru bundin í föstu efni, t.d. frauði.
([4]) Viðmiðunin fyrir skilvirkni í eyðingu og fjarlægingu sýnir þá tæknigetu sem samþykki fyrir tækninni byggist á. Hún endurspeglar ekki alltaf frammistöðuna frá degi til dags, sem kemur til með að lúta lágmarkslandsstöðlum.
([5]) Samþykkt af aðilunum að bókuninni.

VIII. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Reglugerð (EB) nr. 2037/2000	Þessi reglugerð
1. gr.	1. og 2. gr.
2. gr.	3. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 3. gr.	1. mgr. 4. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 3. gr.	2. og 4. mgr. 10. gr.
i. liður 2. mgr. 3. gr.	4. gr.
Fyrsta undirgrein ii. liðar 2. mgr. 3. gr.	—
Önnur undirgrein ii. liðar 2. mgr. 3. gr.	3. mgr. 12. gr.
3. mgr. 3. gr.	1. mgr. 11. gr.
4. mgr. 3. gr.	Fyrsti málsliður 6. mgr. 10. gr.
5. mgr. 3. gr.	7. mgr. 10. gr.
6. mgr. 3. gr.	—
7. mgr. 3. gr.	8. mgr. 10. gr.
8. mgr. 3. gr.	2. mgr. 14. gr.
9. mgr. 3. gr.	3. mgr. 14. gr.
10. mgr. 3. gr.	4. mgr. 14. gr.
1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 5. gr.
i. liður 2. mgr. 4. gr.	1. mgr. 5. gr.
ii. liður 2. mgr. 4. gr.	—
Fyrsta undirgrein iii. liðar 2. mgr. 4. gr.	1. og 2. mgr. 12. gr.
Önnur undirgrein iii. liðar 2. mgr. 4. gr.	a-liður 1. mgr. 26. gr.
Þriðja undirgrein iii. liðar 2. mgr. 4. gr.	2. mgr. 12. gr.
iv. liður 2. mgr. 4. gr.	—
i. liður 3. mgr. 4. gr.	1. mgr. 5. gr.
ii. liður 3. mgr. 4. gr.	—
iii. liður 3. mgr. 4. gr.	—
iv. liður 3. mgr. 4. gr.	—
a-liður i. liðar 4. mgr. 4. gr.	9. gr.
Fyrsti undirliður b-liðar i. liðar 4. mgr. 4. gr.	1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 8. gr.
Annar undirliður b-liðar i. liðar 4. mgr. 4. gr.	1. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 12. gr.
ii. liður 4. mgr. 4. gr.	—
iii. liður 4. mgr. 4. gr.	—
Fyrsti málsliður iv. liðar 4. mgr. 4. gr.	1. mgr. 13. gr.
Annar málsliður iv. liðar 4. mgr. 4. gr.	1. mgr. 27. gr.
v. liður 4. mgr. 4. gr.	2. mgr. 6. gr.
5. mgr. 4. gr.	1. mgr. 14. gr.
6. mgr. 4. gr.	6. gr.
6. mgr. 4. gr.	—
1. mgr. 5. gr.	1. mgr. 5. gr.
a-liður 2. mgr. 5. gr.	2. mgr. 11. gr.
b-liður 2. mgr. 5. gr.	1. mgr. 7. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2037/2000	Þessi reglugerð
c-liður 2. mgr. 5. gr.	1. mgr. 8. gr.
3. mgr. 5. gr.	—
Fyrsti málsliður 4. mgr. 5. gr.	8. mgr. 11. gr.
Annar málsliður 4. mgr. 5. gr.	—
5. mgr. 5. gr.	—
6. mgr. 5. gr.	—
7. mgr. 5. gr.	8. mgr. 11. gr.
Fyrsti málsliður 1. mgr. 6. gr.	3. mgr. 15. gr.
Annar málsliður 1. mgr. 6. gr.	—
2. mgr. 6. gr.	—
3. mgr. 6. gr.	3. mgr. 18. gr.
4. mgr. 6. gr.	5. mgr. 18. gr.
5. mgr. 6. gr.	9. mgr. 18. gr.
7. gr.	1. mgr. 16. gr.
8. gr.	1. mgr. 20. gr.
1. mgr. 9. gr.	1. mgr. 20. gr.
2. mgr. 9. gr.	21. gr.
10. gr.	2. mgr. 20. gr.
1. mgr. 11. gr.	1. og 2. mgr. 17. gr.
2. mgr. 11. gr.	1. mgr. 20. gr.
3. mgr. 11. gr.	1. mgr. 20. gr.
4. mgr. 11. gr.	—
1. mgr. 12. gr.	4. mgr. 17. gr.
2. mgr. 12. gr.	4. mgr. 18. gr.
3. mgr. 12. gr.	5. mgr. 18. gr.
4. mgr. 12. gr.	3. og 4. mgr. 18. gr.
13. gr.	3. mgr. 20. gr.
14. gr.	4. mgr. 20. gr.
15. gr.	—
1. mgr. 16. gr.	1. mgr. 22. gr.
2. mgr. 16. gr.	—
3. mgr. 16. gr.	3. mgr. 22. gr.
4. mgr. 16. gr.	—
5. mgr. 16. gr.	5. mgr. 22. gr.
6. mgr. 16. gr.	—
7. mgr. 16. gr.	—
17. gr.	23. gr.
18. gr.	25. gr.
19. gr.	25. gr.
1. mgr. 20. gr.	3. mgr. 28. gr.
2. mgr. 20. gr.	3. mgr. 28. gr.
3. mgr. 20. gr.	1. mgr. 28. gr.
4. mgr. 20. gr.	2. mgr. 28. gr.
5. mgr. 20. gr.	4. mgr. 28. gr.
21. gr.	29. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2037/2000	Þessi reglugerð
22. gr.	24. gr.
23. gr.	30. gr.
24. gr.	31. gr.
I. viðauki	I. viðauki
III. viðauki	—
IV. viðauki	IV. viðauki
V. viðauki	—
VI. viðauki	III. viðauki
VII. viðauki	VI. viðauki

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 744/2010 **2013/EES/9/28**

frá 18. ágúst 2010

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, að því er varðar neyðarnotkun á halónum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 frá 16. september 2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Halón 1301, halón 1211 og halón 2402 (hér á eftir nefnd „halón“) eru ósoneyðandi efni sem eru skráð sem takmörkunarskyld efni í III. flokki í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1005/2009. Framleiðsla þeirra hefur verið bönnuð í aðildarríkjunum frá 1994, í samræmi við kröfurnar í Montreal-bókuninni. Hins vegar er notkun þeirra enn leyfð fyrir tiltekna neyðarnotkun eins og segir í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1005/2009.

2) Eins og krafist er í iv. lið 4. mgr. 4. gr. í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 frá 29. júní 2000 um efni sem eyða ósonlaginu ([2]) hefur framkvæmdastjórnin endurskoðað VII. viðauka við þá reglugerð. Í því skyni hefur hún metið núverandi notkun á halónum og framboð og innleiðingu á tæknilega mögulegum og efnahagslega hagkvæmum staðgönguefnum eða tækni sem er viðunandi út frá umhverfis- og heilbrigðissjónarmiðum (hér á eftir nefnt „staðgöngukostir“). Í millitíðinni hefur reglugerð (EB) nr. 1005/2009 komið í stað reglugerðar (EB) nr. 2037/2000 og VII. viðauki við reglugerð (EB) nr. 2037/2000 orðið að VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1005/2009 án breytinga.

3) Í endurskoðuninni kom fram nokkuð ósamræmi á milli aðildarríkja að því er varðar túlkun á því hvaða notkun á halónum teljist til neyðarnotkunar eins og lýst er í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1005/2009. Því skal lýsa hverri notkun halóna með meiri nákvæmni og tilgreina flokk búnaðar eða starfsstöðvar, tilgang notkunarinnar, tegund halónslökkvitækis og tegund halóns.

4) Í endurskoðuninni kom einnig fram að með fáum undantekningum eru halón ekki lengur nauðsynleg til að uppfylla þarfir fyrir brunavarnir í nýrri hönnun búnaðar og á nýjum starfsstöðvum og að alvanalegt er að settir séu upp staðgöngukostir. Hins vegar eru halónslökkvitæki og -brunavarnarkerfi áfram nauðsynleg í tilteknum búnaði sem er, eða mun verða, framleiddur samkvæmt fyrirliggjandi hönnun.

5) Í endurskoðuninni kom einnig fram að verið er eða hægt er að skipta halónum út smám saman fyrir staðgöngukosti með hóflegum kostnaði að því er varðar flesta notkun til brunavarna, hvort sem þau eru hluti af fyrirliggjandi búnaði og starfsstöðvum eða í búnaði sem er í framleiðslu samkvæmt fyrirliggjandi hönnun.

6) Því er rétt, í ljósi aukins framboðs og innleiðingar á staðgöngukostum, að koma á tímamörkum fyrir hverja notkun en að þeim liðnum myndi notkun halóna í nýjum búnaði og á nýjum starfsstöðvum ekki vera neyðarnotkun og uppsetning á halónslökkvitækjum eða -brunavarnarkerfum væri því ekki leyfð. Þegar „nýr búnaður“ og „nýjar starfsstöðvar“ eru skilgreind skal taka tilhlýðilegt tillit til þess þreps í vistferli búnaðarins og starfsstöðvanna þegar hönnun rýmisins, sem þarf að verja fyrir bruna, er í rauninni orðin fastsett.

7) Einnig þykir rétt að setja lokadagsetningu fyrir hverja notkun en að henni liðinni myndi notkun á halónum í slökkvitækjum eða brunavarnarkerfum í öllum búnaði og á öllum starfsstöðvum, hvort sem er í búnaði og á starfsstöðvum sem þegar eru í notkun eða í búnaði sem er eða verður framleiddur samkvæmt fyrirliggjandi hönnun, hætta að teljast vera neyðarnotkun. Notkun halóna myndi því ekki vera leyfð og skipta þyrfti út öllum halónslökkvitækjum og -brunavarnarkerfum, breyta þeim eða ónýta fyrir þá lokadagsetningu, í samræmi við 3. mgr. 13. gr. í reglugerð (EB) nr. 1005/2009.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 218, 19.8.2010, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 202/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 22.

([1]) Stjtíð. ESB L 286, 31.10.2009, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1.

8) Tímamörkin skulu miðast við framboð á staðgöngukostum fyrir nýjan búnað og nýjar starfsstöðvar og hindranir á innleiðingu þeirra. Með tímamörkunum skal einnig sjá til þess að nægilegur tími gefist til að þróa staðgöngukosti ef slíkt er nauðsynlegt, jafnframt því að hvetja til slíkrar þróunarvinnu. Að því er varðar loftför skal, þar eð alþjóðlegar reglur gilda um almenningsflug, taka tilhlýðilegt tillit til frumkvæðis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að því er varðar uppsetningu og notkun á halónum í slökkvitækjum um borð í loftförum.

9) Með lokadagsetningunum skal enn fremur sjá til þess að nægur tími gefist til að ljúka útskiptingu halóna eða umbreytingum sem hluta af venjubundnu eða fyrirhuguðu viðhaldi búnaðar eða starfsstöðva eða af endurnýjunaráætlunum, án þess að hafa óþarfa áhrif á notkun viðkomandi búnaðar eða starfsstöðva og án þess að skapa óhóflegan kostnað. Einnig skal taka tillit til þess tíma sem þarf til að fá vottun, leyfi eða viðurkenningu sem kann vera að sé krafist vegna uppsetningar á staðgöngukostum í viðkomandi búnaði eða starfsstöðvum.

10) Rétt þykir að miða tímamörkin fyrir megnið af notkun á nýjum búnaði og starfsstöðvum, þar sem halónslökkvitæki og -brunavarnarkerfi eru ekki lengur nauðsynleg eða hætt hefur verið að setja þau upp, við árið 2010. Hins vegar þykir rétt að miða tímamörkin fyrir tiltekna notkun í herökutækjum til notkunar á landi og í herloftförum, sem nú er litið svo á að staðgöngukostir séu í boði fyrir en hafa ekki verið innleiddir sem hluti af þróunaráætlunum sem nú er um það bil að ljúka og sem vera kann að ekki sé lengur tæknilega mögulegt eða efnahagslega hagkvæmt að breyta, við árið 2011. Rétt þykir að miða tímamörkin fyrir notkun í handslökkvitækjum í hreyfilshúsum og farþegarýmum loftfara við árið 2014, sem myndi samsvara tímarammanum fyrir fyrirhugaða innleiðingu á jafngildri takmörkun á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Rétt þykir að miða tímamörkin fyrir notkun í farmrými loftfara sem enn er ekki búið að finna staðgöngukosti fyrir en með góðu móti má búast við, í kjölfar frekari rannsókna og þróunarstarfsemi, að staðgöngukostir muni verða í boði fyrir lok þeirra tímamarka til uppsetningar í nýjum loftförum, sem sótt er um tegundarvottun fyrir, við árið 2018.

11) Fyrir margar tegundir notkunar þykir rétt að miða lokadagsetningar við árabilið 2013 til 2025, eftir því hversu tæknilega og efnahagslega erfitt það er að skipta út halónum eða breyta yfir í staðgöngukosti. Með þeim lokadagsetningum skal gefa nægan tíma til að skipta út halónum í reglubundnum viðhaldsáætlunum í flestum búnaði og starfsstöðvum þar sem staðgöngukostir eru þegar í boði. Rétt þykir að miða lokadagsetningar við 2030 eða 2035 fyrir tiltekna notkun í herökutækjum til notkunar á landi og í herskipum þegar líklegt er að útskipting halóna sé einungis tæknilega möguleg og efnahagslega hagkvæm sem hluti af fyrirhugaðri uppfærslu á búnaði eða standsetningaráætlunum og nauðsynlegt kann að vera að leggja í viðbótarrannsóknir og -þróunarstarfsemi í sumum aðildarríkjum til að sannreyna hvort staðgöngukostirnir henti.

12) Fyrir suma notkun í herökutækjum sem þegar eru í notkun, í fljótandi herskipum sem þegar eru í notkun, í herkafbátum sem þegar eru í notkun, í herloftförum sem þegar eru í notkun og í slíkum búnaði sem er eða mun verða framleiddur samkvæmt fyrirliggjandi hönnun, hafa enn ekki fundist staðgöngukostir. Hins vegar má með góðu móti búast við að mikill hluti af viðkomandi búnaði hafi náð endalokum nýtingartíma síns fyrir árið 2040 eða að staðgöngukostir verði í boði fyrir þann tíma, í kjölfar frekari rannsókna og þróunarstarfsemi. Því er réttmætt að miða lokadagsetninguna fyrir þá notkun við árið 2040.

13) Að því er varðar brunavarnarkerfi í farmrýmum, hreyfilshúsum og aukaaflstöðvum almenningsloftfara, sem þegar eru í notkun eða sem er verið að framleiða samkvæmt fyrirliggjandi tegundarvottun, hafa enn ekki fundist staðgöngukostir. Enn fremur verður haldið áfram að framleiða umtalsverðan fjölda almenningsloftfara með halónum og þörf verður fyrir þau til þessarar notkunar í fyrirsjáanlegri framtíð. Þótt viðurkennt sé að umtalsverðar tæknilegar, efnahagslegar og lagalegar hömlur hafi áhrif á útskiptingu halóna til þessarar notkunar er einnig viðeigandi og, með tilliti til óvissunnar um langtímaframboð á endurunnum halónum og þarfarinnar fyrir viðbótarrannsóknir og þróunarstarfsemi til að finna og þróa hentuga staðgöngukosti, réttmætt að miða lokadagsetningu við árið 2040.

14) Ákvæði VI. viðauka, þ.m.t. tímarammar til að hætta neyðarnotkun í áföngum, verður í stöðugri endurskoðun til að taka tillit til áframhaldandi rannsókna og þróunar á staðgöngukostum og nýrra upplýsinga um framboð þeirra. Enn fremur má veita undanþágur frá lokadagsetningum og tímamörkum í sérstökum tilvikum þegar sýnt er fram á að enginn staðgöngukostur sé í boði.

15) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1005/2009 til samræmis við það.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1005/2009.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Í stað VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1005/2009 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. ágúst 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

„VI. VIÐAUKI

NEYÐARNOTKUN HALÓNA

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Tímamörk“: tiltekin dagsetning en að henni liðinni má ekki nota halón í slökkvitæki eða brunavarnarkerfi til viðkomandi notkunar í nýjum búnaði eða starfsstöðvum.

2. „Nýr búnaður“: búnaður sem, þegar tímamörkunum lýkur, hvorugt eftirfarandi hefur verið gert fyrir:

   a) undirritun viðeigandi kaup- eða þróunarsamnings,

   b) framlagning beiðni um tegundarsamþykki eða tegundarvottun til viðeigandi stjórnvalds.

3. „Nýjar starfsstöðvar“: starfsstöðvar sem, þegar tímamörkunum lýkur, hvorugt eftirfarandi hefur verið gert fyrir:

   a) undirritun viðeigandi þróunarsamnings,

   b) framlagning beiðni um byggingarleyfi til viðeigandi stjórnvalds.

4. „Lokadagsetning“: tiltekin dagsetning en að henni liðinni skal ekki nota halón til viðkomandi notkunar og búið skal vera, fyrir hana, að ónýta slökkvitæki eða brunavarnarkerfi sem innihalda halón.

5. „Sprengivörn“: þegar komið er í veg fyrir bruna í eldfimu eða sprengifimu andrúmslofti með því að bæta við hamlandi eða þynnandi efni.

6. „Flutningaskip“: skip sem er ekki farþegaskip, hefur heildarþyngd yfir 500 tonnum og leggur upp í millilandasiglingu í samræmi við skilgreininguna á þessum hugtökum í alþjóðasamningnum um öryggi mannslífa á hafinu. Í alþjóðasamningnum um öryggi mannslífa á hafinu er „farþegaskip“ skilgreint sem „skip sem flytur fleiri en 12 farþega“ og „millilandasigling“ sem „sigling frá landi sem þessi samningur gildir um, til hafnar utan þess lands, eða öfugt“.

7. „Rými, þar sem fólk er að jafnaði“: varið svæði þar sem nauðsynlegt er að fólk sé að jafnaði, eða alltaf, til að búnaðurinn eða starfsstöðin virki á réttan hátt. Að því er varðar hernaðarnotkun mundi íverustaða verndaða rýmisins vera sú sama og gildir þegar bardagi stendur yfir.

8. „Rými, þar sem fólk er að jafnaði ekki“: varið svæði sem fólk er einungis á í takmarkaðan tíma, einkum til að sinna viðhaldi, og þar sem stöðug ívera fólks er ekki nauðsynleg til að búnaðurinn eða starfsstöðin virki á réttan hátt.

NEYÐARNOTKUN HALÓNA

Notkun				Tímamörk (31. desember á uppgefnu ári)	Lokadagsetning (31. desember á uppgefnu ári)
Flokkur búnaðar eða stafsstöðvar	Tilgangur	Tegund slökkvitækis	Tegund halóns		
1. **Í herökutækjum til notkunar á landi**	1.1. Til að verja vélarrými	Fast kerfi	1301 1211 2402	**2010**	**2035**
	1.2. Til að verja áhafnarklefa	Fast kerfi	1301 2402	**2011**	**2040**
	1.3. Til að verja áhafnarklefa	Handslökkvi-tæki	1301 1211	**2011**	**2020**

NEYÐARNOTKUN HALÓNA					
Notkun				Tímamörk (31. desember á uppgefnu ári)	Lokadagsetning (31. desember á uppgefnu ári)
Flokkur búnaðar eða stafsstöðvar	Tilgangur	Tegund slökkvitækis	Tegund halóns		
2. **Í fljótandi herskipum**	2.1. Til að verja rými í vélarúmum þar sem fólk er að jafnaði	Fast kerfi	1301 2402	**2010**	**2040**
	2.2. Til að verja rými í vélarúmum þar sem fólk er að jafnaði ekki	Fast kerfi	1301 1211 2402	**2010**	**2035**
	2.3. Til að verja rafmagnshólf þar sem fólk er að jafnaði ekki	Fast kerfi	1301 1211	**2010**	**2030**
	2.4. Til að verja stjórnstöðvar	Fast kerfi	1301	**2010**	**2030**
	2.5. Til að verja eldsneytisdælurými	Fast kerfi	1301	**2010**	**2030**
	2.6. Til að verja hólf þar sem eldfimir vökvar eru geymdir	Fast kerfi	1301 1211 2402	**2010**	**2030**
	2.7. Til að verja loftför í flugskýlum og á viðhaldssvæðum	Handslökkvi-tæki	1301 1211	**2010**	**2016**
3. **Í herkafbátum**	3.1. Til að verja vélarúm	Fast kerfi	1301	**2010**	**2040**
	3.2. Til að verja stjórnstöðvar	Fast kerfi	1301	**2010**	**2040**
	3.3. Til að verja ljósavélarými	Fast kerfi	1301	**2010**	**2040**
	3.4. Til að verja rafmagnshólf	Fast kerfi	1301	**2010**	**2040**
4. **Í loftförum**	4.1. Til að verja farmrými þar sem fólk er að jafnaði ekki	Fast kerfi	1301 1211 2402	**2018**	**2040**
	4.2. Til að verja farþegarými og áhafnarklefa	Handslökkvi-tæki	1211 2402	**2014**	**2025**
	4.3. Til að verja hreyfilshús og aukaaflstöðvar	Fast kerfi	1301 1211 2402	**2014**	**2040**

NEYÐARNOTKUN HALÓNA					
Notkun				Tímamörk (31. desember á uppgefnu ári)	Lokadagsetning (31. desember á uppgefnu ári)
Flokkur búnaðar eða stafsstöðvar	Tilgangur		Tegund slökkvitækis	Tegund halóns	
	4.4.	Til sprengivarna í eldsneytisgeymum	Fast kerfi	1301 2402	**2011**	**2040**
	4.5.	Til að verja sorpílát á salernum	Fast kerfi	1301 1211 2402	**2011**	**2020**
	4.6.	Til að verja þurrrými	Fast kerfi	1301 1211 2402	**2011**	**2040**
5. **Í olíu-, gas- og jarðolíu- og jarðgasstöðvum**	5.1.	Til að verja rými þar sem eldfimur vökvi eða gas getur lekið út	Fast kerfi	1301 2402	**2010**	**2020**
6. **Í flutningaskipum sem flytja verslunarvöru**	6.1.	Til sprengivarna í rými, þar sem fólk er að jafnaði, þar sem eldfimur vökvi eða gas getur lekið út	Fast kerfi	1301 2402	**1994**	**2016**
7. **Í stjórn- og fjarskiptastöðvum á landi sem eru ómissandi fyrir þjóðaröryggi**	7.1.	Til að verja rými þar sem fólk er að jafnaði	Fast kerfi	1301 2402	**2010**	**2025**
	7.2.	Til að verja rými þar sem fólk er að jafnaði	Handslökkvitæki	1211	**2010**	**2013**
	7.3.	Til að verja rými þar sem fólk er að jafnaði ekki	Fast kerfi	1301 2402	**2010**	**2020**
8. **Á flugvöllum og í flughöfnum**	8.1.	Fyrir flugslysabjörgunarökutæki	Handslökkvitæki	1211	**2010**	**2016**
	8.2.	Til að verja loftför í flugskýlum og á viðhaldssvæðum	Handslökkvitæki	1211	**2010**	**2016**
9. **Í kjarnorkuverum og á kjarnorkurannsóknarstöðvum**	9.1.	Til að verja svæði þar sem nauðsynlegt er að draga úr hættu á að geislavirk efni dreifist um	Fast kerfi	1301	**2010**	**2020**
10. **Í Ermarsundsgöngunum**	10.1.	Til að verja tæknilegar starfsstöðvar	Fast kerfi	1301	**2010**	**2016**
	10.2.	Til að verja eimreiðar og flutningavagna lestanna sem fara um Ermarsundsgöngin	Fast kerfi	1301	**2010**	**2020**

NEYÐARNOTKUN HALÓNA					
Notkun				Tímamörk (31. desember á uppgefnu ári)	Lokadagsetning (31. desember á uppgefnu ári)
Flokkur búnaðar eða stafsstöðvar	Tilgangur	Tegund slökkvitækis	Tegund halóns		
11. **Annað**	11.1. Fyrir slökkvilið við frumslökkvistarf þegar slíkt er nauðsynlegt til að tryggja öryggi manna	Handslökkvitæki	1211	**2010**	**2013**
	11.2. Fyrir her- og lögreglumenn til að verja öryggi manna	Handslökkvitæki	1211	**2010**	**2013“**

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 291/2011 **2013/EES/9/29**

frá 24. mars 2011

um óhjákvæmilega notkun á takmörkunarskyldum efnum í Sambandinu, öðrum en vetnisklórflúorkolefnum fyrir rannsóknarstofur og til efnagreininga, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr 1005/2009 frá 16. september 2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins ([1]), einkum 2. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sambandið hefur þegar horfið í áföngum frá framleiðslu og neyslu á takmörkunarskyldum efnum til flestra tegunda notkunar. Framkvæmdastjórninni ber að ákveða hvaða notkun á takmörkunarskyldum efnum, öðrum en vetnisklórflúorkolefnum, á rannsóknarstofum og við greiningar sé óhjákvæmileg.

2) Í ákvörðun aðilanna að Montreal-bókuninni nr. XXI/6 er steypt saman í einn texta fyrirliggjandi ákvörðunum og almenna undanþágan fyrir notkun á rannsóknarstofum og við greiningar er framlengd fram yfir 31. desember 2010 og til 31. desember 2014 fyrir öll takmörkunarskyld efni, nema vetnisklórflúorkolefni, og þannig er leyfð sú framleiðsla og neysla, sem er nauðsynleg til að fullnægja óhjákvæmilegri notkun á takmörkunarskyldum efnum á rannsóknarstofum og við greiningar, að uppfylltum skilyrðunum sem sett voru með Montreal-bókuninni.

3) Í ákvörðun aðilanna að Montreal-bókuninni nr. VI/25 er tilgreint að notkun geti einungis talist óhjákvæmileg ef ekki eru fyrir hendi neinir tæknilega mögulegir og efnahagslega hagkvæmir staðgöngukostir eða -efni sem eru viðunandi út frá umhverfis- og heilbrigðissjónarmiði. Í framvinduskýrslu sinni frá 2010 auðkennir umræðuhópurinn um mat á tæknilegum og efnahagslegum þáttum (umræðuhópurinn) umtalsverðan fjölda aðgerða þar sem nú er hægt að nota staðgönguefni í stað takmörkunarskyldra efna. Á grunni þeirra upplýsinga og ákvörðunar XXI/6 skal taka saman skrá yfir þá notkun sem til eru tæknilega og efnahagslega hagkvæmir staðgöngukostir fyrir sem eru viðunandi út frá umhverfis- og heilbrigðissjónarmiði.

4) Einnig skal taka saman jákvæða skrá yfir leyfða, óhjákvæmilega notkun á metýlbrómíði, eins og aðilarnir að Montreal-bókuninni samþykktu með ákvörðun XVIII/15, sem og yfir þá notkun sem umræðuhópurinn greindi sem notkun sem ekki eru til staðgöngukostir fyrir.

5) Til viðbótar skal koma skýrt fram að notkun á takmörkunarskyldum efnum í tengslum við menntun á barna- og framhaldsskólastigi getur ekki talist vera óhjákvæmileg og skal hún takmörkuð við æðri menntun eða starfsmenntun. Enn fremur skal notkun á takmörkunarskyldum efnum í efnafræðisettum til tilrauna sem eru í boði fyrir almenning ekki teljast vera óhjákvæmileg.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1005/2009.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

1. gr.

Leyfa má framleiðslu, innflutning og notkun á takmörkunarskyldum efnum, öðrum en vetnisklórflúorkolefnum, til þeirrar óhjákvæmilegu notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 79, 25.3.2011, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 202/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 22.

([1]) Stjtíð. ESB L 286, 31.10.2009, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. mars 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Óhjákvæmileg notkun takmörkunarskyldra efna, annarra en vetnisklórflúorkolefna, á rannsóknarstofum og við greiningar

1. Litið er svo á að eftirfarandi notkun á takmörkunarskyldum efnum, öðrum en vetnisklórflúorkolefnum, sé óhjákvæmileg notkun á rannsóknarstofum og við greiningar:

   a) notkun á takmörkunarskyldum efnum sem viðmiðunum eða stöðlum:

      – til að kvarða búnað sem takmörkunarskyld efni eru notuð í,

      – til að vakta losun á takmörkunarskyldum efnum,

      – til að ákvarða gildi leifa takmörkunarskyldra efna í vörum, plöntum og verslunarvörum,

   b) notkun á takmörkunarskyldum efnum í eiturefnafræðilegum rannsóknum á rannsóknarstofum,

   c) notkun á rannsóknarstofum þar sem takmörkunarskylda efninu er umbreytt með efnahvarfi, eins og þegar takmörkunarskyld efni eru notuð sem hráefni,

   d) notkun á metýlbrómíði á rannsóknarstofu til að bera saman skilvirkni metýlbrómíðs og staðgönguefna þess,

   e) notkun á koltetraklóríði sem leysi í brómunarhvörfum með N-brómsúksínimíði,

   f) notkun á koltetraklóríði sem keðjufærsluefni í stakeindafjölliðunarhvörfum,

   g) öll önnur notkun á rannsóknarstofum og við greiningar sem ekki eru til tæknilega mögulegir og efnahagslega hagkvæmir staðgöngukostir fyrir.

2. Litið er svo á að eftirfarandi notkun á takmörkunarskyldum efnum, öðrum en vetnisklórflúorkolefnum, sé ekki óhjákvæmileg notkun á rannsóknarstofum og við greiningar:

   a) í kæli- og loftræstibúnaði sem notaður er á rannsóknarstofum, þ.m.t. í kældum búnaði fyrir rannsóknarstofur, s.s. hraðskilvindur,

   b) hreinsun, endurgerð, viðgerð eða endursmíði íhluta í rafeindabúnaði eða -samstæðum,

   c) varðveisla á útgefnu efni og skjalasöfnum,

   d) dauðhreinsun efniviðar á rannsóknarstofu,

   e) öll notkun í tengslum við menntun á barna- og framhaldsskólastigi,

   f) sem efnisþættir í efnafræðisettum til tilrauna sem eru í boði fyrir almenning sem ekki eru ætluð til notkunar í tengslum við æðri menntun,

   g) til hreinsunar eða þurrkunar, þ.m.t. til að fjarlægja fitu af gleri og öðrum búnaði,

   h) til að greina vetniskolefni, olíur og feiti í vatni, jarðvegi, lofti eða úrgangi,

   i) til prófunar á tjöru í vegavinnuefnum,

   j) til greiningar á fingraförum í tengslum við rannsókn sakamála,

   k) prófun á lífrænu efni í kolum,

   l) sem leysir við greiningu á sýanókóbalamíni (B12-vítamíni) og brómstuðli,

   m) í aðferðum þar sem valvís leysni takmörkunarskylda efnisins er notuð, þ.m.t. greiningu á kaskarósíðum, skjaldkirtilsútdrætti og myndun píkrata,

   n) til að forstyrkja greiniefni fyrir aðferðir þar sem litskilja er notuð (t.d. háþrýstivökvaskiljun (HPLC), gasgreiningu (GC), ásogsgreiningu), atómgleypnimælingu (AAS), spantengda rafgasgreiningu (ICP), flúrljómunargreiningu með röntgengeislum,

   o) til að greina joðstuðul í fitu og olíu,

   p) öll önnur notkun á rannsóknarstofum og við greiningar sem til eru tæknilega mögulegir og efnahagslega hagkvæmir staðgöngukostir fyrir.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 232/2012 **2013/EES/9/30**

frá 16. mars 2012

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar skilyrði fyrir notkun kínólínguls (E104), sólsetursguls FCF/appelsínuguls S (E 110) og ponseau 4R/kókínílrauðs A (E 124) og magnið sem er heimilt að nota (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 var sett fram skrá Evrópusambandsins yfir aukefni sem hlotið hafa samþykki fyrir notkun í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Kínólíngult (E 104), sólsetursgult FCF/appelsínugult S (E 110) og ponseau 4R, kókínílrautt A (E 124) eru matvælalitarefni sem eru sem stendur samþykkt til notkunar og skráð í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008. Fyrirliggjandi tillaga tekur tillit til ásættanlegrar, daglegrar inntöku (ÁDI), sem vísindanefndin um matvæli (SCF) innleiddi árið 1983([2]).

3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) gaf út álit 23. september 2009([3]) í tengslum við endurmat á öryggi kínólínguls (E 104) sem matvælaaukefnis. Í því áliti leggur Matvælaöryggisstofnunin til að lækka ásættanlega, daglega inntöku fyrir það matvælalitarefni úr 10 mg/kg á dag miðað við líkamsþyngd í 0,5 mg/kg líkamsþyngdar á dag. Þar að auki telur Matvælaöryggisstofnunin að nánari útreikningar á váhrifum (aðferðarþrep 2 og 3) liggi almennt vel yfir endurskoðaðri ásættanlegri, daglegri inntöku sem nemur 0,5 mg/kg líkamsþyngdar á dag. Því er rétt að breyta notkunarskilyrðunum og magni, sem heimilt er að nota, fyrir kínólíngult (E 104) til að tryggja að ekki verði farið yfir hina nýju ásættanlegu, daglegu inntöku sem Matvælaöryggisstofnunin lagði til.

4) Matvælaöryggisstofnunin gaf út álit 27. september 2009([4]) í tengslum við endurmat á öryggi sólsetursguls FCF/appelsínuguls S (E 110) sem matvælaaukefnis. Í því áliti leggur Matvælaöryggisstofnunin til að lækka ásættanlega, daglega inntöku fyrir sólsetursgult FCF/appelsínugult S (E 110) úr 2,5 í 1 mg/kg líkamsþyngdar á dag. Þar að auki telur Matvælaöryggisstofnunin að nánari útreikningar á váhrifum (aðferðarþrep 3) liggi almennt vel yfir endurskoðaðri, tímabundinni ásættanlegri, daglegri inntöku sem nemur 1 mg/kg líkamsþyngdar á dag fyrir börn sem eru stórneytendur. Því er rétt að breyta notkunarskilyrðunum og magni, sem heimilt er að nota, fyrir sólsetursgult FCF/appelsínugult S (E 110) til að tryggja að ekki verði farið yfir hina nýju tímabundnu ásættanlegu, daglegu inntöku sem Matvælaöryggisstofnunin lagði til.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. maí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(7), 2289.

VIÐAUKI

Heilsufullyrðingar sem hefur verið hafnað

Umsókn – viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Tilvísunarnúmer álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu
Heilsufullyrðing sem varðar a-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu	ProteQuine®	ProteQuine® eykur/viðheldur styrk immúnóglóbúlíns A á slímhúð. Lágt eða ófullnægjandi magn immúnóglóbúlíns A er áhættuþáttur í þróun kvefs eða inflúensu.	Q-2008-397
Heilsufullyrðing sem varðar a-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu	ProteQuine® í samsetningu með laktóferríni úr nautgripum	ProteQuine® í samsetningu með laktóferríni úr nautgripum eykur/viðheldur styrk immúnóglóbúlíns A á slímhúð. Lágt eða ófullnægjandi magn immúnóglóbúlíns A er áhættuþáttur í þróun kvefs með hálsbólgu og samsetning ProteQuine® og laktóferríns úr nautgripum minnkar áhættu á þróun hálsbólgu.	Q-2008-398
Heilsufullyrðing sem varðar b-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til þroskunar og heilbrigðis barna	*Lactobacillus delbrueckii* subsp. *bulgaricus* af stofninum AY/CSL (LMG P-17224) og *Streptococcus thermophilus* af stofninum 9Y/CSL (LMG P-17225)	Viðheldur heilbrigði þarma með því að koma á eðlilegri þarmaflóru	Q-2008-273
Heilsufullyrðing sem varðar b-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til þroskunar og heilbrigðis barna	Beta-palmítat	Viðbót beta-palmítats á þátt í auknu frásogi kalsíums	Q-2008-172

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2010/30/ESB

2013/EES/9/33

frá 19. maí 2010

um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum

(endurútgefin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 194. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 92/75/EBE frá 22. september 1992 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum ([3]) hefur verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Þar sem um frekari breytingar verður að ræða er rétt að endurútgefa hana til glöggvunar.

2) Gildissvið tilskipunar 92/75/EBE er takmarkað við heimilistæki. Orðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 16. júlí 2008 um aðgerðaáætlun varðandi sjálfbæra neyslu og framleiðslu og sjálfbæra stefnu í iðnaðarmálum hefur leitt í ljós að rýmkun gildissviðs tilskipunar 92/75/EBE þannig að hún taki til orkutengdra vara, sem hafa umtalsverð bein eða óbein áhrif á orkunýtingu við notkun, getur styrkt möguleg samlegðaráhrif á milli gildandi ráðstafana í lögum, einkum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([5]). Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á beitingu tilskipunar 2009/125/EB. Ásamt þeirri tilskipun og öðrum gerningum Sambandsins myndar þessi tilskipun hluta víðtækari lagaramma og stuðlar, með tilliti til heildrænnar nálgunar, að auknum orkusparnaði og umhverfislegum ávinningi.

3) Í formennskuniðurstöðum leiðtogaráðsins frá 8. og 9. mars 2007 er lögð áhersla á þörfina á að auka orkunýtni í Sambandinu til þess að ná markmiðinu um að minnka orkunotkun í Sambandinu um 20% fyrir 2020, að setja markmið innan ESB um þróun endurnýjanlegrar orku og að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og kallað eftir ítarlegri og hraðri framkvæmd lykilsviðanna sem skilgreind eru í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 19. október 2006 sem ber titilinn „Aðgerðaáætlun um orkunýtni - möguleikarnir nýttir“. Í aðgerðaáætluninni var lögð áhersla á hin gífurlegu tækifæri til orkusparnaðar á framleiðslusviðinu.

4) Að bæta skilvirkni orkutengdra vara með upplýstu vali neytenda er ávinningur fyrir hagkerfi ESB í heild sinni.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 217/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 228, 22.9.2009, bls. 90.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 5. maí 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum), afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 14. apríl 2010 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum), afstaða Evrópuþingsins frá 18. maí 2010 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

([3]) Stjtíð. EB L 297, 13.10.1992, bls. 16.

([4]) Sjá A-hluta I. viðauka.

([5]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

5) Ef veittar eru nákvæmar, viðeigandi og samanburðarhæfar upplýsingar um sértæka orkunotkun orkutengdra vara ætti það að verða til þess að endanlegur notandi velur fremur vörur sem nota minni orku, eða leiða óbeint til minni notkunar á orku, og annarra mikilvægra aðfanga, og knýja á um að framleiðendur geri ráðstafanir til að draga úr orkunotkun, og notkun annarra mikilvægra aðfanga, í þeim vörum sem þeir framleiða. Þær skulu einnig hvetja með óbeinum hætti til skilvirkrar notkunar þessara vara og þannig leggja af mörkum til markmiðs ESB um 20% betri orkunýtni. Þegar þessar upplýsingar eru ekki tiltækar munu áhrif markaðsaflanna ein og sér ekki hvetja til skynsamlegrar nýtingar á orku og öðrum mikilvægum aðföngum hvað þessar vörur varðar.

6) Minnt skal á tilvist löggjafar Sambandsins og landslöggjafar sem veitir neytendum tiltekin réttindi að því er varðar kaup á vörum, þ.m.t. bætur eða skipti á vörunni.

7) Framkvæmdastjórnin skal láta í té forgangsskrá yfir orkutengdar vörur sem gætu fallið undir framselda gerð samkvæmt þessari tilskipun. Slík skrá gæti fylgt vinnuáætluninni sem um getur í tilskipun 2009/125/EB.

8) Upplýsingar skipta höfuðmáli í starfsemi markaðsaflanna og því er nauðsynlegt að innleiða samræmdan merkimiða fyrir allar vörur sömu tegundar, til að veita hugsanlegum kaupendum staðlaðar viðbótarupplýsingar um orkukostnað þessara vara og notkun annarra mikilvægra aðfanga og til að gera ráðstafanir sem tryggja að hugsanlegir endanlegir notendur, sem sjá ekki vörurnar í útstillingu og sjá því ekki merkimiðann, fái því einnig þessar upplýsingar. Merkimiðinn skal vera auðþekkjanlegur endanlegum notendum, einfaldur og hnitmiðaður, til að vera skilvirkur og ná árangri. Í þessu skyni skal núverandi útliti merkimiðans viðhaldið sem grunni til að upplýsa endanlega notendur um orkunýtni varanna. Orkunotkun varanna, og aðrar upplýsingar sem varða vörurnar, skal mæld í samræmi við samræmda staðla og aðferðir.

9) Eins og bent var á í mati framkvæmdastjórnarinnar á áhrifum, sem fylgdi tillögu hennar að þessari tilskipun, hefur áætluninni um orkumerkingar verið fylgt sem fyrirmynd í hinum ýmsu löndum um allan heim.

10) Aðildarríkin skulu hafa reglulegt eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar og að allar upplýsingar sem skipta máli séu í skýrslunni, sem þeim ber að leggja fyrir framkvæmdastjórnina á fjögurra ára fresti samkvæmt þessari tilskipun, með sérstakri hliðsjón af ábyrgð birgja og seljenda.

11) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum ([6]) eru almenn ákvæði um markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu vara. Til þess að ná markmiðum þessarar tilskipunar er í henni kveðið á um ítarlegri ákvæði hvað þetta varðar. Þessi ákvæði eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 765/2008.

12) Algjörlega valfrjáls áætlun yrði til þess að einungis sumar vörur yrðu merktar eða staðlaðar vöruupplýsingar látnar fylgja og þetta kynni að leiða til misskilnings fyrir suma endanlega notendur eða að þeir fengju rangar upplýsingar. Sú áætlun sem hér um ræðir verður því að tryggja að orkunotkunar og notkunar annarra mikilvægra aðfanga sé getið á merkimiða og stöðluðum upplýsingablöðum.

13) Orkutengdar vörur hafa bein eða óbein áhrif á notkun mismunandi tegunda orku á meðan á notkun stendur, þar sem rafmagn og gas eru þær mikilvægustu. Þessi tilskipun ætti því að ná yfir orkutengdar vörur sem hafa bein eða óbein áhrif á notkun allra tegunda orku á meðan á notkun stendur.

14) Orkutengdar vörur, sem hafa umtalsverð bein eða óbein áhrif á orkunotkun eða, þar sem við á, notkun mikilvægra aðfanga á meðan á notkun stendur og þar sem fullnægjandi svigrúm er fyrir aukna skilvirkni, skulu falla undir framselda gerð þegar miðlun upplýsinga með merkingu getur orðið til þess að hvetja endanlega notendur til að kaupa skilvirkari vörur.

15) Til þess að uppfylla markmið Sambandsins um loftslagsbreytingar og orkuöryggi og að teknu tilliti til þess að gert er ráð fyrir að heildarorkunotkun vara muni halda áfram að aukast til lengri tíma litið, gætu framseldar gerðir samkvæmt þessari tilskipun, þar sem við á, einnig lagt sérstaka áherslu á mikla orkunotkun vörunnar á merkimiðanum.

16) Í mörgum aðildarríkjanna er í gildi stefna um opinber innkaup sem skyldar samningsyfirvöld til þess að kaupa orkunýtnar vörur. Í mörgum aðildarríkjanna hafa einnig verið innleiddir hvatar til notkunar á orkunýtnum vörum. Viðmiðanirnar til að vörur geti komið til greina fyrir opinber innkaup eða hvata geta verið mjög misjafnar frá einu aðildarríkis til annars. Að vísa til nothæfisflokka sem þrepa fyrir einstakar vörur, eins og segir í framseldum gerðum samkvæmt þessari tilskipun, getur minnkað uppskiptingu markaðarins, sem mismunandi viðmiðanir fyrir opinber innkaup og hvata hafa í för með sér, og auðveldað útbreiðslu orkunýtinna vara.

([6]) Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30.

17) Hvatar aðildarríkjanna til stuðnings orkunýtnum vörum kunna að teljast ríkisaðstoð. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á niðurstöðu meðferðar ríkisaðstoðarmála í framtíðinni sem framkvæmd er í samræmi við 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar slíka hvata og skal ekki taka til skattlagningar og skattamála. Aðildarríkjum er frjálst að ákveða hvernig slíkum hvötum er háttað.

18) Stuðningur við orkunýtnar vörur með merkingu, opinberum innkaupum og hvötum skal ekki vera á kostnað heildarárangurs í umhverfismálum og virkni slíkra vara.

19) Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar merkingu og staðlaðar vöruupplýsingar um notkun á orku og öðrum mikilvægum aðföngum við notkun orkutengdra vara. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga.

20) Framkvæmdastjórnin skal reglulega leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið samantekt, þar sem fjallað er um ESB og hvert aðildarríki sérstaklega, um skýrslur um aðgerðir til að framfylgja lögum og fylgni við kröfur, sem aðildarríkin leggja fram samkvæmt þessari tilskipun.

21) Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á að breyta flokkun merkimiða með það að markmiði að tryggja atvinnugreinum fyrirsjáanleika og neytendum skilning.

22) Tækniþróun og möguleikinn á enn meiri orkusparnaði geta, upp að vissu marki eftir því um hvaða vöru er að ræða, aukið þörfina á frekari aðgreiningu vara og réttlætt endurskoðun á flokkuninni. Slík endurskoðun ætti einkum að fela í sér möguleikann á að breyta kvarðanum. Þessi endurskoðun skal framkvæmd eins fljótt og auðið er þegar um er að ræða vörur sem, vegna mikilla nýsköpunareinkenna, geta lagt umtalsvert af mörkum til orkunýtni.

23) Þegar framkvæmdastjórnin fer yfir framvindu og skýrslur um framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar varðandi sjálfbæra neyslu og framleiðslu og sjálfbæra stefnu í iðnaðarmálum 2012 mun hún einkum greina hvort þörf sé á frekari aðgerðum til þess að bæta orkunýtingu og vistvænleika vara, þ.m.t. meðal annars möguleikann á að láta neytendum í té fyrir upplýsingum um kolefnisspor vara eða umhverfisáhrif varanna á endingartíma þeirra.

24) Skyldan að taka þessa tilskipun upp í landslög skal takmarkast við þau ákvæði sem fela í sér verulega breytingu í samanburði við tilskipun 92/75/EBE. Skyldan til að taka óbreyttu ákvæðin upp leiðir af tilskipun 92/75/EBE.

25) Við framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin leitast við að samþykkja ekki ráðstafanir sem gætu lagt ónauðsynlegar skrifræðislegar og þunglamalegar skyldur á hlutaðeigandi markaðsaðila, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki.

26) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að lögleiða tilskipun 92/75/EBE í landslög og beita henni.

27) Í samræmi við 34. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([7]) eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Sambandsins, að taka saman og birta sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem kostur er, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

1. Í tilskipun þessari er kveðið á um ramma til samhæfingar á landsbundnum ráðstöfunum um upplýsingar fyrir endanlegan notanda einkum með merkingu og stöðluðum vöruupplýsingum, um orkunotkun og, þar sem við á, notkun annarra mikilvægra aðfanga og viðbótarupplýsingar um orkutengdar vörur, til að gera endanlegum notendum mögulegt að velja orkunýtnari vörur.

2. Tilskipun þessi gildir um orkutengdar vörur sem hafa umtalsverð bein eða óbein áhrif á notkun á orku og, þar sem við á, á öðrum mikilvægum aðföngum á meðan á notkun stendur.

3. Tilskipun þessi gildir ekki um:

a) notaðar vörur,

b) farartæki til farþega- eða vöruflutninga,

c) merkiplötuna, eða ígildi hennar, sem er fest á vörur í öryggisskyni.

([7]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „orkutengd vara“ eða „vara“: vara sem hefur áhrif á notkun orku þegar hún er í notkun, og er sett á markað og/eða hún tekin í notkun í Sambandinu, þ.m.t. hlutir sem ætlunin er að setja í orkutengdar vörur, sem falla undir þessa tilskipun, og eru settir á markað og/eða teknir í notkun sem stakir hlutir fyrir endanlega notendur og unnt er að meta sérstaklega að því er varðar vistvænleika,

b) „upplýsingablað“: stöðluð tafla með upplýsingum um vöru,

c) „önnur mikilvæg aðföng“: vatn, íðefni eða önnur efni sem vara notar við venjulega notkun,

d) „viðbótarupplýsingar“: aðrar upplýsingar varðandi afköst og eiginleika vöru sem tengjast, eða gagnast við mat á, notkun vörunnar á orku eða öðrum mikilvægum aðföngum á grundvelli mælanlegra gagna,

e) „bein áhrif“: áhrif vara, sem í reynd nota orku á meðan á notkun stendur,

f) „óbein áhrif“: áhrif vara sem nota ekki orku, en leiða til orkusparnaðar á meðan á notkun stendur,

g) „seljandi“: smásali eða annar aðili sem selur, leigir, býður upp á kaupleigu eða sýnir endanlegum notendum vörur,

h) „birgir“: framleiðandi, eða viðurkenndur fulltrúi hans í Sambandinu, eða innflytjandi, sem setur vöru á markað eða tekur hana í notkun á markaði Sambandsins. Ef þeir eru ekki til staðar skal hver einstaklingur eða lögaðili, sem setur á markað eða tekur í notkun vörur sem falla undir þessa tilskipun, teljast birgir,

i) „að setja á markað“: að veita aðgang að vöru í fyrsta skipti á markaði Sambandsins til dreifingar eða notkunar innan Sambandsins, hvort sem er gegn gjaldi eða ókeypis og óháð söluaðferðum,

j) „að taka í notkun“: fyrsta notkun í Sambandinu á vöru í samræmi við tilætlaða notkun,

k) „óheimil notkun merkimiða“: notkun merkimiða, nema af yfirvöldum aðildarríkis eða stofnana ESB, með hætti sem ekki er kveðið á um í þessari tilskipun eða framseldum gerðum.

3. gr.

Ábyrgð aðildarríkja

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess:

a) að allir birgjar eða seljendur með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra uppfylli þær skyldur sem mælt er fyrir um í 5. og 6. gr.,

b) að banna að aðrir merkimiðar, tákn eða áletranir séu sýndar sem uppfylla ekki kröfur þessarar tilskipunar og viðeigandi framseldra gerða, að því er varðar vörur sem falla undir þessa tilskipun, ef slík sýning er líkleg til að vera villandi eða misvísandi fyrir endanlega notendur hvað varðar notkun orku eða, ef við á, annarra mikilvægra aðfanga meðan á notkun stendur,

c) að innleiðing kerfis fyrir merkimiða og upplýsingablöð um orkunotkun eða orkusparnað fari fram samhliða fræðslu- og kynningarátaki og upplýsingaherferðum, sem miða að því að efla orkunýtni og ábyrgari notkun endanlegra notenda á orku,

d) að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að hvetja viðkomandi lands- eða svæðisyfirvöld, sem eru ábyrg fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar, til að starfa saman og veita hvert öðru og framkvæmdastjórninni upplýsingar sem gagnast við beitingu þessarar tilskipunar. Í samstarfi stjórnvalda og upplýsingaskiptum skal nota til hins ýtrasta rafræn samskipti, gæta skal kostnaðarhagkvæmni og nýta má stuðning frá viðeigandi áætlunum ESB. Slíkt samstarf skal, ef nauðsyn krefur, tryggja öryggi og trúnaðarkvöð við vinnslu og verndun viðkvæmra upplýsinga, sem veittar eru á meðan á málsmeðferðinni stendur. Framkvæmdastjórnin skal gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að hvetja til og leggja af mörkum til samstarfs milli aðildarríkjanna sem um getur í þessum lið.

2. Verði aðildarríki þess áskynja að vörur uppfylli ekki allar viðeigandi kröfur, sem settar eru fram í þessari tilskipun og framseldum gerðum hennar, um merkimiða og upplýsingablöð, skal birgirinn skuldbundinn til þess að sjá til þess að varan uppfylli þessar kröfur í samræmi við skilvirk og hófleg skilyrði aðildarríkisins.

Þegar fullnægjandi vísbendingar eru fyrir hendi um að vara uppfylli ekki skilyrðin skal hlutaðeigandi aðildarríki gera nauðsynlegar forvarnarráðstafanir og ráðstafanir sem miða að því að tryggja að farið sé að skilyrðum innan tiltekinna tímamarka, með tilliti til þess tjóns sem hlotist hefur.

Ef ósamræmi varir áfram skal aðildarríkið taka ákvörðun um að takmarka eða banna að viðkomandi vara sé sett á markað og/eða tekin í notkun eða tryggja að hún sé tekin af markaði. Þegar varan er tekin af markaði eða bannað að setja vöruna á markað skal tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það án tafar.

3. Á fjögurra ára fresti skulu aðildarríkin leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina með upplýsingum um aðgerðir þeirra til að framfylgja tilskipuninni og fylgni við hana á yfirráðasvæði þeirra.

Framkvæmdastjórnin getur tilgreint nánar almennt innihald þessara skýrslna með því að gefa um það leiðbeiningar.

4. Framkvæmdastjórnin skal reglulega gera samantekt um þessar skýrslur til upplýsinga fyrir Evrópuþingið og ráðið.

4. gr.

Kröfur um upplýsingar

Aðildarríkin skulu sjá til þess:

a) að athygli endanlegra notenda sé vakin á upplýsingum er varða notkun á raforku, öðrum tegundum orku og, þar sem við á, öðrum mikilvægum aðföngum meðan á notkun stendur, og viðbótarupplýsingum sé, í samræmi við framseldar gerðir samkvæmt þessari tilskipun, komið á framfæri við endanlega notendur með upplýsingablaði og merkimiða um vörurnar sem eru til sölu, leigu, kaupleigu eða eru sýndar endanlegum notendum beint eða óbeint með fjarsölu af einhverju tagi, þ.m.t. í gegnum Netið,

b) að upplýsingarnar, sem um er getið í a-lið, séu aðeins veittar að því er varðar innbyggðar eða uppsettar vörur þegar þess er krafist í viðeigandi framseldri gerð,

c) að allar auglýsingar fyrir sérstakar tegundir orkutengdra vara, sem falla undir framselda gerð samkvæmt þessari tilskipun, innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk vörunnar, þar sem orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar eru birtar,

d) að allt tæknilegt kynningarefni sem varðar orkutengdar vörur og lýsir sérstökum tæknilegum kennistærðum vöru, nánar tiltekið tæknileiðbeiningar og kynningarrit framleiðenda, hvort sem er á prenti eða rafrænu formi, sé látið endanlegum notendum í té ásamt nauðsynlegum upplýsingum um orkunotkun eða tilvísun í orkunýtniflokk vörunnar.

5. gr.

Ábyrgð birgja

Aðildarríkin skulu sjá til þess:

a) að birgjar, sem setja á markað eða taka í notkun vörur, sem falla undir framselda gerð, leggi til merkimiða og upplýsingablað í samræmi við þessa tilskipun og framseldu gerðina,

b) að birgjar leggi fram fullnægjandi tæknigögn til að mögulegt sé að meta nákvæmni upplýsinganna sem koma fram á merkimiðanum og upplýsingablaðinu. Tæknigögnin skulu innihalda:

i. almenna lýsingu á vörunni,

ii. niðurstöður hönnunarútreikninga, þar sem við á

iii. prófunarskýrslur, þar sem þær eru tiltækar, þ.m.t. þær sem viðkomandi tilkynntar stofnanir hafa framkvæmt eins og skilgreint er í annarri löggjöf Sambandsins,

iv. ef gildi fyrir svipaðar tegundir eru notuð, tilvísanir til að gera kleift að auðkenna þær tegundir.

Í þessu skyni má nota gögn sem eru nú þegar til staðar í samræmi við kröfur sem mælt er fyrir um í viðeigandi löggjöf Sambandsins,

c) að birgjar sjái til þess að tæknigögn séu tiltæk í eftirlitstilgangi í fimm ár eftir að síðasta varan sem um er að ræða var framleidd.

Birgjar skulu veita markaðseftirlitsyfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni aðgang að rafrænni útgáfu tæknigagnanna að fenginni beiðni, innan tíu virkra daga eftir að beiðni frá lögbæru yfirvaldi aðildarríkis eða framkvæmdastjórnarinnar er móttekin,

d) að birgjar útvegi seljendum nauðsynlega merkimiða að því er varðar merkingar og vöruupplýsingar endurgjaldslaust.

Án þess að hafa áhrif á með hvaða hætti birgjar velja að afhenda merkimiða, skulu birgjar senda merkimiða tafarlaust að fenginni beiðni frá seljendum,

e) að auk merkimiðanna afhendi birgjar vöruupplýsingablað,

f) að birgjar láti vöruupplýsingablað fylgja öllum kynningarritum fyrir vöruna. Láti birgjar ekki í té kynningarrit um vöruna ber þeim að láta upplýsingablað fylgja öðru lesmáli sem fylgir vörunni,

g) að birgjar séu ábyrgir fyrir áreiðanleika merkimiðanna og upplýsingablaðanna sem þeir afhenda,

h) að litið sé svo á að birgjar samþykki að upplýsingarnar sem koma fram á merkimiðanum eða upplýsingablaðinu megi birta.

6. gr.

Ábyrgð seljenda

Aðildarríkin skulu sjá til þess:

a) að seljendur sýni merkimiða á tilhlýðilegan hátt, að þeir séu sýnilegir og læsilegir og að upplýsingablaðið sé í kynningarriti um vöruna eða öðrum skjölum sem fylgja vörunni þegar hún er seld endanlegum notendum,

b) að hvenær sem vöru sem fellur undir framselda gerð er stillt út skuli seljendur festa á hana viðeigandi merkimiða á áberandi stað, eins og tilgreint er í viðeigandi framseldri gerð, og á viðeigandi tungumáli.

7. gr.

Fjarsala og aðrar söluaðferðir

Þegar vörur eru til sölu, leigu eða kaupleigu í gegnum póstpöntun, verðlista, Netið, með símasölu eða með öðrum hætti sem leiðir af sér að ekki sé hægt að gera ráð fyrir að hugsanlegur endanlegur notandi hafi séð vöruna í útstillingu, skal kveða á um í framseldum gerðum að gengið sé úr skugga um að hugsanlegir endanlegir notendur fái upplýsingarnar, sem tilgreindar eru á merkimiða vörunnar og upplýsingablaðinu, áður en þeir festa kaup á vörunni. Í framseldum gerðum skal, eftir því sem við á, tilgreina á hvaða hátt merkimiðinn eða upplýsingablaðið eða þær upplýsingar, sem tilgreindar eru á merkimiðanum eða upplýsingablaðinu, skuli stillt fram eða þær gefnar hugsanlegum endanlegum notanda.

8. gr.

Frjáls flutningur

1. Aðildarríkjunum er óheimilt að banna, takmarka eða hindra að vörur, sem falla undir og fullnægja ákvæðum tilskipunar þessarar og viðeigandi framseldra gerða, verði settar á markað og/eða teknar í notkun á yfirráðasvæði þeirra.

2. Aðildarríki skulu líta svo á að merkimiðar og upplýsingablöð uppfylli ákvæði þessarar tilskipunar og framseldra gerða, nema að þau hafi sönnunargögn um hið gagnstæða. Aðildarríki skulu krefja birgja um sönnunargögn í skilningi 5. gr., varðandi nákvæmni upplýsinganna, sem þeir setja á merkimiðana og upplýsingablöðin sín, þegar grunur leikur á að þessar upplýsingar séu rangar.

9. gr.

Opinber innkaup og hvatar

1. Þegar vara fellur undir framselda gerð skulu samningsyfirvöld, sem gera opinbera verksamninga, vörusamninga eða þjónustusamninga, eins og um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga ([8]), sem ekki eru undanskildir samkvæmt 12.-18. gr. þeirrar tilskipunar, leitast við að kaupa aðeins þær vörur sem uppfylla viðmiðanirnar um hæstu nothæfisstigin og tilheyra hæsta orkunýtniflokknum. Aðildarríki geta einnig krafist þess að samningsyfirvöld kaupi aðeins vörur sem uppfylla þessar viðmiðanir. Aðildarríkjum er heimilt að láta beitingu þessara viðmiðana vera með fyrirvara um kostnaðarhagkvæmni, efnahagslega hagkvæmni og tæknilegt hæfi og fullnægjandi samkeppni.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda um samninga sem eru jafnir að verðmæti eða verðmætari en viðmiðunarfjárhæðirnar sem mælt er fyrir um í 7. gr. tilskipunar 2004/18/EB.

3. Þegar aðildarríki veita hvata fyrir vöru sem fellur undir framselda gerð skulu þau miða við hæstu nothæfisstigin, þ.m.t. hæsti orkunýtniflokkurinn sem mælt er fyrir um í viðeigandi framseldri gerð. Skattlagning og ráðstafanir er varða skattamál teljast ekki hvatar að því er varðar þessa tilskipun.

4. Þegar aðildarríki veita hvata fyrir vörur, bæði fyrir endanlega notendur sem nota mjög orkunýtnar vörur og fyrir iðnað sem stuðlar að notkun og framleiðir slíkar vörur, skulu þau gefa nothæfisstig upp með tilliti til flokka, sem eru skilgreindir í viðeigandi framseldri gerð, nema þegar þau koma á nothæfisstigum sem eru hærri en viðmiðunarmörkin fyrir hæsta orkunýtniflokkinn í framseldu gerðinni. Aðildarríkjum er heimilt að koma á nothæfisstigum sem eru hærri en viðmiðunarmörkin fyrir hæsta orkunýtniflokkinn í framseldu gerðinni segja til um.

10. gr.

Framseldar gerðir

1. Framkvæmdastjórnin skal mæla fyrir um ítarlegri ákvæði um merkimiða og upplýsingablað með framseldum gerðum í samræmi við 11.-13. gr., að því er varðar hverja vörutegund í samræmi við þessa grein.

([8]) Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 114.

Þegar vara uppfyllir viðmiðanirnar sem taldar eru upp í 2. mgr. skal hún falla undir framselda gerð í samræmi við 4. mgr.

Ákvæði í framseldum gerðum varðandi upplýsingar, sem settar eru á merkimiða og upplýsingablað, um notkun orku og annarra mikilvægra aðfanga á meðan á notkun stendur, skulu auðvelda endanlegum notendum að taka upplýstari ákvarðanir um kaup og auðvelda markaðseftirlitsyfirvöldum að sannreyna hvort að vörur séu í samræmi við veittar upplýsingar.

Þegar mælt er fyrir um, í framseldri gerð, ákvæði varðandi bæði orkunýtni vöru og notkun vörunnar á mikilvægum aðföngum, skal hönnun og innihald merkimiðans leggja áherslu á orkunýtni vörunnar.

2. Viðmiðanirnar, sem um getur í 1. mgr., eru sem hér segir:

a) vörurnar skulu samkvæmt nýjustu tiltækum tölum og að teknu tilliti til magnsins sem sett er á markað í Sambandinu hafa umtalsverða möguleika á orkusparnaði og, þar sem við á, sparnaði á öðrum mikilvægum aðföngum,

b) mikils misræmis skal gæta varðandi nothæfisstig vara með sambærilega virkni sem fáanlegar eru á markaði,

c) framkvæmdastjórnin skal taka tillit til viðeigandi löggjafar Sambandsins og sjálfseftirlits, svo sem frjálsra samninga, sem gert er ráð fyrir að uppfylli stefnumarkmiðin fyrr eða með minni tilkostnaði en lögboðnar kröfur segja til um.

3. Við gerð draga að framseldri gerð skal framkvæmdastjórnin:

a) taka tillit til þeirra umhverfisþátta, sem settir eru fram í 1. hluta I. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, sem er taldir mikilvægir í viðkomandi framkvæmdarráðstöfun, sem samþykkt er í samræmi við tilskipun 2009/125/EB og skipta máli fyrir endanlegan notanda við notkun,

b) meta áhrif gerðarinnar á umhverfið, endanlega notendur og framleiðendur, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki, með tilliti til samkeppnishæfni, þ.m.t. á mörkuðum utan Sambandsins, nýsköpun, markaðsaðgang og kostnað og ávinning,

c) hafa viðeigandi samráð við hagsmunaaðila,

d) fastsetja einn eða fleiri framkvæmdardaga og hugsanlega áfanga- eða bráðabirgðaaðgerðir eða -tímabil, einkum með tilliti til hugsanlegra áhrifa á lítil og meðalstór fyrirtæki eða sérstaka vöruflokka sem einkum lítil og meðalstór fyrirtæki framleiða.

4. Í framseldum gerðum skal einkum tilgreina:

a) nákvæma skilgreiningu á vörutegundunum sem hún tekur til,

b) mælingastaðlana og aðferðirnar sem nota á við öflun upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. 1. gr.,

c) einstök atriði tæknigagnanna sem krafist er samkvæmt 5. gr.,

d) hönnun og innihald merkimiðanna, sem um getur í 4. gr., sem skulu hafa eins samræmda hönnun fyrir alla vöruhópa og mögulegt er og skulu í öllum tilvikum vera áberandi og læsilegir. Snið merkimiðans skal áfram byggjast á flokkuninni með bókstöfum frá A til G og skulu flokkunarþrepin samsvara verulegum orkusparnaði og kostnaðarlækkunum út frá sjónarmiði endanlega notandans.

Bæta má þremur viðbótarflokkum við flokkunina ef það telst nauðsynlegt vegna tækniþróunar. Þessir viðbótarflokkar skulu vera A+, A++ og A+++ fyrir skilvirkasta flokkinn. Að jafnaði mun heildarfjöldi flokka takmarkaður við sjö nema að fleiri flokkar séu enn í notkun.

Litakvarðinn skal í mesta lagi samanstanda af sjö mismunandi litum frá dökkgrænum yfir í rauðan. Aðeins litakóði hæsta flokksins skal alltaf vera dökkgrænn. Ef flokkarnir eru fleiri en sjö er rauði liturinn sá eini sem má endurnota.

Flokkunin skal endurskoðuð, einkum þegar umtalsverður hluti vara á innri markaðnum nær tveimur hæstu orkunýtniflokkunum og þegar hægt er að ná fram auknum sparnaði með því að gera frekari greinarmun á vörunum.

Ítarlegar viðmiðanir vegna hugsanlegrar endurflokkunar varanna skal, eftir því sem við á, ákveða í hverju tilviki fyrir sig í viðeigandi framseldri gerð,

e) staðsetningu merkimiðans á útstilltri vöru og hvernig merkimiðinn og/eða upplýsingarnar eiga að vera þegar um er að ræða söluaðferðir eins og fjallað er um í 7. gr. Eftir því sem við á má í framseldum gerðum kveða á um að merkimiðinn sé festur á vöruna eða prentaður á umbúðirnar eða kveðið á um nákvæmar kröfur vegna prentunar í verðlistum, vegna fjarsölu og sölu í gegnum Netið,

f) innihald og, eftir því sem við á, snið og önnur atriði varðandi upplýsingablaðið eða frekari upplýsingar sem tilgreindar eru í 4. gr. og c- lið 5. gr. Upplýsingarnar á merkimiðanum skulu einnig vera á upplýsingablaðinu,

g) sértækt innihald merkimiðans vegna auglýsinga, þ.m.t. eins og við á, orkuflokkur og önnur viðeigandi nothæfisstig tiltekinnar vöru, með læsilegum og sýnilegum hætti,

h) gildistíma merkimiðaflokkunarinnar, eftir því sem við á, í samræmi við d-lið,

i) nákvæmnisstig yfirlýsinganna á merkimiðanum og upplýsingablöðunum,

j) hvenær fara skal fram mat á framseldu gerðinni og hugsanleg endurskoðun, með tilliti til þess hversu hratt tækniframförum vindur fram.

11. gr.

Beiting framseldra gerða

1. Framkvæmdastjórninni skal veitt vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 10. gr., í fimm ár frá 19. júní 2010. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu að því er varðar framsal valds eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal sjálfkrafa framlengt um jafn langan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið afturkalli það í samræmi við 12. gr.

2. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

3. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 12. og 13. gr.

12. gr.

Afturköllun framsals

1. Evrópuþinginu eða ráðinu er heimilt að afturkalla framsal valdheimilda sem um getur í 10. gr.

2. Sú stofnun, sem hafið hefur innri málsmeðferð til að skera úr um hvort afturkalla eigi framsal valds, skal leitast við að upplýsa hina stofnunina og framkvæmdastjórnina um það með hæfilegum fyrirvara áður en endanleg ákvörðun er tekin og tilgreina hvaða vald, sem hefur verið framselt, gæti verið afturkallað og hugsanlegar ástæður fyrir því.

3. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal þeirra valdheimilda sem tilgreindar eru í ákvörðuninni. Skal hún öðlast gildi tafarlaust, eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi. Hún skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

13. gr.

Andmæli við framseldar gerðir

1. Evrópuþingið eða ráðið geta andmælt framseldri gerð innan tveggja mánaða frá tilkynningardegi.

Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

2. Ef hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt framseldri gerð þegar þetta tímabil rennur út, skal hún birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og öðlast gildi á þeim degi sem þar er tilgreindur.

Áður en þetta tímabil rennur út má birta framseldu gerðina í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og hún öðlast gildi ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum.

3. Ef Evrópuþingið eða ráðið andmæla framseldri gerð öðlast hún ekki gildi. Sú stofnun sem andmælir framseldu gerðinni skal tilgreina ástæðurnar fyrir því.

14. gr.

Mat

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2014, endurskoða árangur þessarar tilskipunar og framseldra gerða hennar og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið.

Á sama tíma skal framkvæmdastjórnin einnig meta:

a) framlag c-liðar 4. gr. til markmiða þessarar tilskipunar,

b) árangurinn af 1. mgr. 9. gr.,

c) þörfina fyrir breytingu á d-lið 4. mgr. 10. gr. í ljósi tækniþróunar og skilnings neytenda á útliti merkimiðans.

15. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og framseldum gerðum hennar, þ.m.t. óheimil notkun merkimiðanna, og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði eigi síðar en 20. júní 2011 og skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þessi ákvæði.

16. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. júní 2011. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 20. júlí 2011.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Í þeim skal einnig vera yfirlýsing þess efnis að líta beri á tilvísanir í gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í tilskipun 92/75/EBE sem tilvísanir í þessa tilskipun. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun og hvernig yfirlýsingin skal sett fram.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

17. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 92/75/EBE, eins og henni var breytt með reglugerðinni sem vísað er til í A-hluta I. viðauka, er felld úr gildi frá og með 21. júlí 2011 án þess að það hafi áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til að leiða í landslög, og beitingu þeirrar tilskipunar, sem settir eru fram í B-hluta I. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í tilskipun 92/75/EBE sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

18. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði d-, g- og h-liðar 5. gr. gilda frá 31. júlí 2011.

19. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 19. maí 2010.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins*
forseti.	*forseti.*
J. BUZEK	D. LÓPEZ GARRIDO

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með síðari breytingu

(sem um getur í 17. gr.)

Tilskipun ráðsins 92/75/EBE
(Stjtíð. EB L 297, 13.10.1992, bls. 16.)

Reglugerð (EB) nr. 1882/2003 — Eingöngu 32. liður III. viðauka
(Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1.)

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 16. gr.)

Tilskipun	Lögleiðingarfrestur
92/75/EBE	1. janúar 1994

II. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 92/75/EBE	Þessi tilskipun
fyrsti málsliður inngangsorða 1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 1. gr.
annar málsliður inngangsorða 1. mgr. 1. gr.	2. mgr. 1. gr.
Fyrsti til sjöundi undirliður 1. mgr. 1. gr.	—
2. mgr. 1. gr.	—
—	a- og b-liður 3. mgr. 1. gr.
3. mgr. 1. gr.	c-liður 3. mgr. 1. gr.
—	a- og b-liður 2. gr.
Fyrsti og annar undirliður 4. mgr. 1. gr.	g- og h- liður 2. gr.
Þriðji undirliður 4. mgr. 1. gr.	—
Fjórði undirliður 4. mgr. 1. gr.	c-liður 2. gr.
Fimmti undirliður 4. mgr. 1. gr.	d-liður 2. gr.
—	e-, f-, i-, j- og k-liður 2. gr.
5. mgr. 1. gr.	—
1. mgr. 2. gr.	a-liður 4. gr.
—	b-, c- og d-liður 4. gr.
2. mgr. 2. gr.	—
3. mgr. 2. gr.	b-liður 5. gr.
4. mgr. 2. gr.	b- og c-liður 5. gr.
1. mgr. 3. gr.	a-liður 5. gr.
2. mgr. 3. gr.	e- og f-liður 5. gr.
3. mgr. 3. gr.	g-liður 5. gr.
4. mgr. 3. gr.	h-liður 5. gr.
—	a-liður 6. gr.
a-liður 4. gr.	b-liður 6. gr.
b-liður 4. gr.	d-liður 5. gr.
5. gr.	7. gr.
6. gr.	—
a-liður 7. gr.	a-liður 1. mgr. 3. gr.
b-liður 7. gr.	b-liður 1. mgr. 3. gr.
c-liður 7. gr.	c-liður 1. mgr. 3. gr.
—	d-liður 1. mgr. 3. gr.
—	2., 3. og 4. mgr. 3. gr.
1. mgr. 8. gr.	1. mgr. 8. gr.
2. mgr. 8. gr.	2. mgr. 8. gr.
9. gr.	—

Tilskipun 92/75/EBE	Þessi tilskipun
—	9. gr.
10. gr.	—
—	1., 10. og 3. mgr. 2. gr.
11. gr.	—
a-liður 12. gr.	a-liður 4. mgr. 10. gr.
b-liður 12. gr.	b-liður 4. mgr. 10. gr.
c-liður 12. gr.	c-liður 4. mgr. 10. gr.
d-liður 12. gr.	d-liður 4. mgr. 10. gr.
e-liður 12. gr.	e-liður 4. mgr. 10. gr.
f-liður 12. gr.	f-liður 4. mgr. 10. gr.
g-liður 12. gr.	—
—	g-, h-, i- og j-liður 4. mgr. 10. gr.
—	11. til 15. gr.
13. gr.	17. gr.
14. gr.	16. gr.
—	18. gr.
15. gr.	19. gr.
—	I. viðauki
—	II. viðauki

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/9/34**

frá 28. júlí 2009

um breytingu á skránni yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 5804)

(2010/28/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([1]), einkum f-lið 16. gr.,

með hliðsjón af álitum Lyfjastofnunar Evrópu, sem jurtalyfjanefndin setti fram 10. janúar 2008 og 6. mars 2008,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Calendula officinalis L og Pimpinella anisum L uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í tilskipun 2001/83/EB. Calendula officinalis L og Pimpinella anisum L geta talist jurtaefni, fullbúin jurtalyf og/eða samsetningar þeirra.

2) Því er viðeigandi að færa Calendula officinalis L og Pimpinella anisum L á skrána yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra, til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir, sem komið var á fót í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/911/EB ([2]).

3) Því ber að breyta ákvörðun 2008/911/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um mannalyf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2008/911/EB er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa ákvörðun.

2. Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. júlí 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter Verheugen

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 11, 16.1.2010, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2012 frá 10**.** febrúar 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 34, 21.6.2012, bls. 19.

([1]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

([2]) Stjtíð. ESB L 328, 6.12.2008, bls. 42.

I. VIÐAUKI

Í I. viðauka við ákvörðun 2008/911/EB bætist eftirfarandi við:

— *„Calendula officinalis L“* er sett inn á undan *Foeniculum vulgare Miller subsp. vulgare var. vulgare* (bitur fennikualdin),

— *„Pimpinella anisum L“* er sett inn á undan *Foeniculum vulgare Miller subsp. vulgare var. dulce* (Miller) Thellung (sæt fennikualdin).

II. VIÐAUKI

Í II. viðauka við ákvörðun 2008/911/EB bætist eftirfarandi við:

— *„Calendula officinalis L“* er sett inn á undan *Foeniculum vulgare Miller subsp. vulgare var. vulgare* (bitur fennikualdin)

„FÆRSLA UM CALENDULA OFFICINALIS L Í SKRÁ BANDALAGSINS

Vísindaheiti plöntunnar

Calendula officinalis L.

Grasafræðileg ætt

Körfublómaætt (Asteraceae)

Jurtaefni

Morgunfrú, blóm

Almennt heiti jurtaefnisins á öllum opinberum tungumálum Evrópusambandsins

BG (búlgarski): Невен, цвят

CS (čeština): Měsíčkový květ

DA (dansk): Morgenfrueblomst

DE (Deutsch): Ringelblumenblüten

EL (elliniká): Άνθος καλέντουλας

EN (English): Calendula flower

ES (español): Flor de caléndula

ET (eesti keel): Saialilleõisik

FI (suomi): Tarhakehäkukan kukka

FR (français): Souci

HU (magyar): A körömvirág virága

IT (italiano): Calendula fiore

LT (lietuvių kalba): Medetkų žiedai

LV (latviešu valoda): Kliņģerītes ziedi

MT (malti): Fjura calendula

NL (nederlands): Goudsbloem

PL (polski): Kwiat nagietka

PT (português): Flor de calêndula

RO (română): Floare de gălbenele (calendula)

SK (slovenčina): Nechtíkový kvet

SL (slovenščina): Cvet vrtnega ognjiča

SV (svenska): Ringblomma, blomma

IS (íslenska): Morgunfrú, blóm

NO (norsk): Ringblomst

Fullbúið/fullbúin jurtalyf

A. Vökvaútdráttur (hlutfall lyfs/útdráttar 1:1), útdráttarleysir: etanól 40–50% (rúmmálshlutfall).

B. Vökvaútdráttur (hlutfall lyfs/útdráttar 1:1,8–2,2), útdráttarleysir: etanól 40–50% (rúmmálshlutfall).

C. Tinktúra (hlutfall lyfs/útdráttar 1:5), útdráttarleysir: etanól 70–90% (rúmmálshlutfall).

Tilvísun í gæðalýsingu efnis í Evrópsku lyfjaskránni

Calendula flower – Calendulae flos (01/2005:1297)

Ábending/ábendingar

a) Jurtalyf, sem hefð er fyrir, til meðferðar við einkennum minni háttar bólgu í húð (t.d. sólbruna) og sem hjálparefni við græðslu minni háttar sára.

b) Jurtalyf, sem hefð er fyrir, til meðferðar við einkennum minni háttar bólgu í munni eða hálsi.

Lyfið er jurtalyf, sem hefð er fyrir, við tilteknum ábendingum sem byggjast eingöngu á langvarandi notkun.

Tegund hefðar

Evrópsk

Tiltekinn styrkleiki

Sjá „skammtar“.

Skammtar

Fullbúin jurtalyf:

A. Vökvaútdráttur (hlutfall lyfs/útdráttar 1:1)

Á hálfföstu lyfjaformi: magn sem jafngildir 2–10% af jurtaefni.

B. Vökvaútdráttur (hlutfall lyfs/útdráttar 1:1,8–2,2)

Á hálfföstu lyfjaformi: magn sem jafngildir 2–5% af jurtaefni.

C. Tinktúra (hlutfall lyfs/útdráttar 1:5)

Í grisjuþófum, þynnt a.m.k. 1:3 með nýlega soðnu vatni.

Á hálfföstu lyfjaformi: magn sem jafngildir 2–10% af jurtaefni.

Sem háls- eða munnskol í 2% lausn.

Tvisvar til fjórum sinnum á dag.

Ábending a)

Ekki er mælt með því að gefa börnum yngri en 6 ára lyfið (sjá „Sérstök varnaðarorð og varúðarráðstafanir við notkun“ hér á eftir).

Ábending b)

Ekki er mælt með því að gefa börnum yngri en 12 ára lyfið þar sem engin reynsla liggur fyrir hvað það varðar (sjá „Sérstök varnaðarorð og varúðarráðstafanir við notkun“ hér á eftir).

Íkomuleið

Til notkunar á húð og í munnhol.

Meðferðarlengd eða takmarkanir varðandi meðferðarlengd

Grisjuþófar: fjarlægið eftir 30–60 mínútur

Öll fullbúin jurtalyf: Ef einkenni hverfa ekki eftir að jurtalyfið hefur verið notað í eina viku skal leita ráða hjá lækni eða öðrum hæfum heilbrigðisstarfsmanni.

Aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til öruggrar notkunar

Frábendingar

Ofurnæmi fyrir plöntum af körfublómaætt (Asteraceae/Compositae).

Sérstök varnaðarorð og varúðarráðstafanir við notkun

Ábending a)

Ekki er mælt með því að gefa börnum yngri en 6 ára lyfið þar sem engin reynsla liggur fyrir hvað það varðar.

Ábending b)

Ekki er mælt með því að gefa börnum yngri en 12 ára lyfið þar sem engin reynsla liggur fyrir hvað það varðar.

Ef vart verður við ummerki sýkingar í húð skal leita ráða læknis eða annars hæfs heilbrigðisstarfsmanns.

Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki hefur verið tilkynnt um milliverkanir.

Meðganga og mjólkurskeið

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi meðan á meðgöngu og mjólkurskeiði stendur.

Þar sem nægilegar upplýsingar liggja ekki fyrir er ekki mælt með því að nota lyfið meðan á meðgöngu og mjólkurskeiði stendur.

Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Á ekki við.

Aukaverkanir

Húðnæming Tíðni hennar er ekki þekkt.

Ef aðrar aukaverkanir, sem ekki eru nefndar hér á undan, koma fram skal leita ráðlegginga læknis eða annars hæfs heilbrigðisstarfsmanns.

Ofskömmtun

Ekki hefur verið tilkynnt um ofskömmtun.“

— *„Pimpinella anisum L“* er sett inn á undan *Foeniculum vulgare Miller subsp. vulgare var. dulce* (Miller) Thellung (fennikualdin, sæt).

„FÆRSLA UM PIMPINELLA ANISUM L Í SKRÁ BANDALAGSINS

Vísindaheiti plöntunnar

Pimpinella anisum L.

Grasafræðileg ætt

Sveipjurtaætt (Apiaceae)

Jurtaefni

Anísfræ

Almennt heiti jurtaefnisins á öllum opinberum tungumálum ESB

BG (bălgarski): Анасон, плод

CS (čeština): Anýzový plod

DA (dansk): Anisfrø

DE (Deutsch): Anis

EL (elliniká): Γλυκάνισο

EN (English): Aniseed

ES (español): Fruto de anís

ET (eesti keel): Aniis

FI (suomi): Anis

FR (français): Anis (fruit d)

HU (magyar): Ánizsmag

IT (italiano): Anice (Anice verde), frutto

LT (lietuvių kalba): Anyžių sėklos

LV (latviešu valoda): Anīsa sēklas

MT (malti): Frotta tal-Anisi

NL (nederlands): Anijsvrucht

PL (polski): Owoc anyżu

PT (português): Anis

RO (română): Fruct de anason

SK (slovenčina): Anízový plod

SL (slovenščina): Plod vrtnega janeža

SV (svenska): Anis

IS (íslenska): Anís

NO (norsk): Anis

Fullbúið/fullbúin jurtalyf

Þurrkuð anísfræ, fínskorin eða möluð

Tilvísun í gæðalýsingu efnis í Evrópsku lyfjaskránni

Anisi fructus (01/2005:0262)

Ábending/ábendingar

a) Jurtalyf sem hefð er fyrir til meðferðar við einkennum mildra meltingartruflana eins og magaverkjum, þembu og vindgangi.

b) Jurtalyf sem hefð er fyrir til notkunar sem hóstameðal í tengslum við kvef.

Lyfið er jurtalyf, sem hefð er fyrir, við tilteknum ábendingum sem byggjast eingöngu á langvarandi notkun.

Tegund hefðar

Evrópsk

Tiltekinn styrkleiki

Sjá „skammtar“

Skammtar

Unglingar eldri en 12 ára, fullorðnir, aldraðir:

Ábendingar a) og b)

1 til 3,5 g af heilum eða (nýlega (*)) fínskornum eða möluðum anísfræjum í 150 ml af sjóðandi vatni sem jurtate.

Þrisvar á dag.

Ekki er mælt með því að gefa börnum yngri en 12 ára lyfið (sjá „Sérstök varnaðarorð og varúðarráðstafanir við notkun“ hér á eftir).

Íkomuleið

Inntaka

Meðferðarlengd eða takmarkanir varðandi meðferðarlengd

Ekki skal nota lyfið lengur en í tvær vikur.

Ef einkenni hverfa ekki við notkun jurtalyfsins skal leita ráða hjá lækni eða öðrum hæfum heilbrigðisstarfsmanni.

Aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til öruggrar notkunar

Frábendingar

Ofurnæmi gagnvart virka efninu eða jurtum af sveipjurtaætt (Apiaceae eða Umbelliferae) (kúmen, sellerí, kóríander, dill og fennika) eða gagnvart anetóli.

Sérstök varnaðarorð og varúðarráðstafanir við notkun

Ekki er mælt með því að gefa börnum yngri en 12 ára lyfið þar sem fullnægjandi upplýsingar liggja ekki fyrir til að hægt sé að framkvæma öryggismat.

Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki hefur verið tilkynnt um milliverkanir.

Meðganga og mjólkurskeið

Engar upplýsingar liggja fyrir um notkun anísfræja hjá barnshafandi sjúklingum.

Ekki er vitað hvort efnisþættir anísfræja skiljast út í brjóstamjólk.

Þar sem nægilegar upplýsingar liggja ekki fyrir er ekki mælt með því að nota lyfið meðan á meðgöngu og mjólkurskeiði stendur.

Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Engar rannsóknir hafa farið fram varðandi áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

Aukaverkanir

Ofnæmisviðbrögð við anísfræjum geta komið fyrir í húð eða öndunarfærum. Tíðnin er ekki þekkt.

Ef aðrar aukaverkanir, sem ekki eru nefndar hér á undan, koma fram skal leita ráðlegginga læknis eða annars hæfs heilbrigðisstarfsmanns.

Ofskömmtun

Ekkert ofskömmtunartilvik hefur verið tilkynnt.

(*) Umsækjandinn skal framkvæma viðeigandi stöðugleikaprófanir varðandi innihald efnisþátta í ilmkjarnaolíum fyrir blöndur með fínskornu eða möluðu anísfræi til sölu.“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/9/35**

frá 9. desember 2009

um breytingu á skránni yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 9703)

(2010/30/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([1]), einkum f-lið 16. gr.,

með hliðsjón af álitum Lyfjastofnunar Evrópu, sem jurtalyfjanefndin setti fram 10. janúar 2008 og 6. mars 2008,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) „Eleutherococcus senticosus (Rupr. et Maxim.) Maxim“ og „Echinacea purpurea (L.) Moench“ samræmast kröfunum sem settar eru fram í tilskipun 2001/83/EB. „Eleutherococcus senticosus (Rupr. et Maxim.)Maxim“ og „Echinacea purpurea (L.) Moench“ geta talist jurtaefni, fullbúin jurtalyf eða samsetningar þeirra.

2) Því er viðeigandi að færa „Eleutherococcus senticosus (Rupr. et Maxim.) Maxim“ og „Echinacea purpurea (L.) Moench“ á skrána yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra, til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir, sem komið var á fót í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/911/EB ([2]).

3) Því ber að breyta ákvörðun 2008/911/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um mannalyf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2008/911/EB er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa ákvörðun.

2. Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. desember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 12, 19.1.2010, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 34, 21.6.2012, bls. 19.

([1]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

([2]) Stjtíð. ESB L 328, 6.12.2008, bls. 42.

I. VIÐAUKI

Í I. viðauka við ákvörðun 2008/911/EB skal setja eftirfarandi tvö efni inn á eftir „Calendula officinalis L.“:

— „*Echinacea purpurea* (L.) Moench“

— „*Eleutherococcus senticosus* (Rupr. et Maxim.) Maxim“

II. VIÐAUKI

Í II. viðauka við ákvörðun 2008/911/EB skal bæta eftirfarandi við á eftir færslunni varðandi „Calendula officinalis L“:

„FÆRSLA UM ECHINACEA PURPUREA (L.) MOENCH, HERBA RECENS, Í SKRÁ BANDALAGSINS“

Vísindaheiti plöntunnar

Echinacea purpurea (L.) Moench

Grasafræðileg ætt

Körfublómaætt (Asteraceae)

Jurtaefni

Purpurasólhattur, kryddjurt

Almennt heiti jurtaefnisins á öllum opinberum tungumálum ESB

BG (búlgarski): пурпурна ехинацея, пресен стрък

CS (čeština): čerstvá nať třapatky nachové

DA (dansk): Purpursolhat, frisk urt

DE (Deutsch): Purpursonnenhutkraut, frisch

EL (elliniká): Πόα Εχινάκεας της πορφυράς

EN (English): purple coneflower herb

ES (español): Equinácea purpúrea, partes aéreas incluidas sumidades floridas

ET (eesti keel): punane siilkübar

FI (suomi): kaunopunahattu, tuore verso

FR (français): parties aériennes fraîches d'échinacée pourpre

HU (magyar): bíbor kasvirág virágos hajtása

IT (italiano): Echinacea purpurea, pianta fresca

LT (lietuvių kalba): rausvažiedžių ežiuolių žolė

LV (latviešu valoda): purpursarkanās ehinacejas laksti

MT (malti): Echinacea Vjola

NL (nederlands): rood zonnehoedkruid

PL (polski): jeżówka purpurowa, świeże ziele

PT (português): Equinácea, partes aéreas floridas

RO (română): iarbă proaspătă de Echinacea, părăria soarelui

SK (slovenčina): echinacea purpurová, čerstvá vňať

SL (slovenščina): sveža zel škrlatne ehinaceje

SV (svenska): röd solhatt, färsk ört

IS (íslenska): *Purpurasólhattur*

NO (norsk): *Rød solhatt*

Fullbúið/fullbúin jurtalyf

Pressaður safi og þurrkaður, pressaður safi úr ferskum, blómstrandi plöntuhlutum sem eru ofanjarðar.

Tilvísun í gæðalýsingu efnis í Evrópsku lyfjaskránni

Á ekki við

Ábending/ábendingar

Jurtalyf sem hefð er fyrir, til meðhöndlunar á minni háttar, grunnum sárum.

Lyfið er jurtalyf, sem hefð er fyrir, við tiltekinni ábendingu sem byggist eingöngu á langvarandi notkun.

Tegund hefðar

Evrópsk

Tiltekinn styrkleiki

10 til 20 g/100 g af pressuðum safa eða jafngildu magni af þurrkuðum, pressuðum safa á vökva- eða hálfföstu lyfjaformi.

Skammtar

Unglingar eldri en 12 ára, fullorðnir, aldraðir

Lítið magn af smyrsli er borið á sýkta svæðið tvisvar til þrisvar á dag.

Ekki er mælt með lyfinu fyrir börn yngri en 12 ára (sjá „Sérstök varnaðarorð og varúðarráðstafanir við notkun“ hér á eftir).

Íkomuleið

Til notkunar á húð.

Meðferðarlengd eða takmarkanir varðandi meðferðarlengd

Ekki skal nota lyfið lengur en í eina viku.

Ef einkenni hverfa ekki við notkun jurtalyfsins skal leita ráða hjá lækni eða öðrum hæfum heilbrigðisstarfsmanni.

Aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til öruggrar notkunar

Frábendingar

Ofurnæmi gagnvart virka efninu eða gagnvart plöntum af körfublómaætt (Asteraceae/Compositae)

Sérstök varnaðarorð og varúðarráðstafanir við notkun

Ef vart verður við ummerki sýkingar í húð skal leita læknis.

Ekki er mælt með lyfinu fyrir börn yngri en 12 ára þar sem fullnægjandi upplýsingar liggja ekki fyrir um örugga notkun.

Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki hefur verið tilkynnt um milliverkanir.

Meðganga og mjólkurskeið

Engin gögn liggja fyrir um notkun á húð meðan á meðgöngu eða mjólkurskeiði stendur.

Ekki skal bera vörur sem innihalda sólhatt á brjóst kvenna sem eru með barn á brjósti.

Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Engar rannsóknir hafa farið fram varðandi áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

Aukaverkanir

Ofurnæmissvaranir (staðbundin útbrot, snertihúðbólga, exem og ofnæmisbjúgur í vörum) geta komið fyrir.

Tíðni þeirra er ekki þekkt.

Ef aðrar aukaverkanir, sem ekki eru nefndar hér á undan, koma fram skal leita ráðlegginga læknis eða annars hæfs heilbrigðisstarfsmanns.

Ofskömmtun

Ekkert ofskömmtunartilvik hefur verið tilkynnt.

FÆRSLA UM ELEUTHEROCOCCUS SENTICOSUS (RUPR. ET MAXIM.) MAXIM., RADIX Í SKRÁ BANDALAGSINS

Vísindaheiti plöntunnar

Eleutherococcus senticosus (Rupr. et Maxim.) Maxim

Grasafræðileg ætt

Bergfléttuætt (Araliaceae)

Jurtaefni

Síberíuginseng, rót

Almennt heiti jurtaefnisins á öllum opinberum tungumálum ESB

BG (bălgarski): елеутерокок, корен

CS (čeština): eleuterokokový kořen

DA (dansk): Russisk rod

DE (Deutsch): Taigawurzel

EL (elliniká): Ρίζα Ελευθεροκόκκου

EN (English): Eleutherococcus root

ES (español): Eleuterococo, raíz de

ET (eesti keel): eleuterokokijuur

FI (suomi): venäjänjuuren juuri

FR (français): racine d'éleuthérocoque (racine de ginseng sibérien)

HU (magyar): Szibériai ginszeng gyökér (tajga gyökér)

IT (italiano): Eleuterococco radice

LT (lietuvių kalba): Eleuterokokų šaknys

LV (latviešu valoda): Eleiterokoka sakne

MT (malti): Għerq ta' l-elewterokokku

NL (nederlands): Russische ginsengwortel

PL (polski): korzeń eleuterokoka

PT (português): Raiz de Ginseng Siberiano

RO (română): Rădăcină de ginseng siberian

SK (slovenčina): Všehojovcový koreň

SL (slovenščina): korenina elevterokoka

SV (svenska): Rysk rot

IS (íslenska): Síberíuginseng, rót

NO (norsk): Russisk rot

Fullbúið/fullbúin jurtalyf

Fínskorið jurtaefni til að laga jurtate

Vökvaútdráttur (1:1, etanól 30–40% rúmmálshlutfall)

Þurrefni (13–25: 1, etanól 28–40% rúmmálshlutfall)

Þurrefni (17–30: 1, etanól 70% rúmmálshlutfall)

Þurr vatnskenndur kjarni (15–17:1)

Tinktúra (1:5, etanól 40% rúmmálshlutfall)

Tilvísun í gæðalýsingu efnis í Evrópsku lyfjaskránni

Eleutherococcus — Eleutherococci radix (tilvísun: 01/2008: 1419 leiðrétt 6.0)

Ábending/ábendingar

Jurtalyf sem hefð er fyrir, til að meðhöndla einkenni þróttleysis eins og þreytu og slappleika.

Lyfið er jurtalyf, sem hefð er fyrir, við tilteknum ábendingum sem byggjast eingöngu á langvarandi notkun.

Tegund hefðar

Kínversk, evrópsk

Tiltekinn styrkleiki

Á ekki við.

Skammtar

Unglingar eldri en 12 ára, fullorðnir, aldraðir

Fullbúin jurtalyf.

Dagskammtur.

Fínskorið jurtaefni til að nota í jurtate: 0,5–4 g

Tilreiðsla tes: 0,5 til 4 g af fínskornu jurtaefni sem seyði er gert úr í 150 ml af sjóðandi vatni.

Skömmtunartíðni: 150 ml af jurtatei skal skipta í einn til þrjá skammta sem taka skal inn yfir daginn.

Vökvaútdráttur: 2–3 ml.

Þurrefni (etanól 28–70% rúmmálshlutfall) sem samsvarar 0,5–4 g af þurrkaðri rót.

Þurr vatnskenndur kjarni (15–17:1): 90–180 mg

Tinktúra: 10–15 ml

Dagskammtinn má taka inn í einum til þremur skömmtum.

Ekki er mælt með því að gefa börnum yngri en 12 ára lyfið (sjá „Sérstök varnaðarorð og varúðarráðstafanir við notkun“ hér á eftir).

Íkomuleið

Inntaka.

Meðferðarlengd eða takmarkanir varðandi meðferðarlengd

Ekki skal nota lyfið lengur en í tvo mánuði.

Ef einkenni hverfa ekki eftir að lyfið hefur verið tekið inn í tvær vikur skal leita ráða hjá lækni eða öðrum hæfum heilbrigðisstarfsmanni.

Aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til öruggrar notkunar

Frábendingar

Ofurnæmi gagnvart virka efninu.

Háþrýstingur

Sérstök varnaðarorð og varúðarráðstafanir við notkun

Ekki er mælt með því að gefa börnum yngri en 12 ára lyfið þar sem nægileg reynsla liggur ekki fyrir.

Ef einkenni versna við notkun lyfsins skal leita ráða hjá lækni eða öðrum hæfum heilbrigðisstarfsmanni.

Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki hefur verið tilkynnt um milliverkanir.

Meðganga og mjólkurskeið

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi meðan á meðgöngu og mjólkurskeiði stendur.

Þar sem nægilegar upplýsingar liggja ekki fyrir er ekki mælt með því að nota lyfið meðan á meðgöngu og mjólkurskeiði stendur.

Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Engar rannsóknir hafa farið fram varðandi áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

Aukaverkanir

Svefnleysi, stygglyndi, hraðtaktur og höfuðverkur geta komið fyrir. Tíðni þeirra er ekki þekkt.

Ofskömmtun

Ekkert ofskömmtunartilvik hefur verið tilkynnt.“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2013/EES/9/36

frá 25. mars 2010

um breytingu á ákvörðun 2008/911/EB um að taka saman skrá yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 1867)

(2010/180/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([1]), einkum 16. gr. f,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu, sem jurtalyfjanefndin setti fram 6. nóvember 2008,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Mentha x piperita L. getur talist jurtaefni, fullbúið jurtalyf eða samsetning þeirra í skilningi tilskipunar 2001/83/EB og uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í þeirri tilskipun.

2) Því er viðeigandi að færa Mentha x piperita L. á skrána yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra, til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/911/EB ([2]).

3) Til að forðast tvítekningar og mögulegar mótsagnir milli viðaukanna og 1. og 2. gr. ákvörðunar 2008/911/EB er rétt að fjarlægja tilvísanirnar til stakra efna í þessum greinum.

4) Því ber að breyta ákvörðun 2008/911/EB til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um mannalyf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2008/911/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. og 2. gr. komi eftirfarandi:

   „1. gr.

   Skrá yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra, til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir, er komið á fót í I. viðauka.

   2. gr.

   Ábendingarnar, tiltekinn styrkleiki og lyfjunarfræði, íkomuleið og allar aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til öruggrar notkunar jurtaefnisins sem jurtalyf sem hefð er fyrir, með tilliti til jurtaefnanna sem skráð eru í I. viðauka, er að finna í II. viðauka.“

2. Ákvæðum I. og II. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. mars 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 80, 26.3.2010, bls. 52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 34, 21.6.2012, bls. 19.

([1]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

([2]) Stjtíð. ESB L 328, 6.12.2008, bls. 42.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2008/911/EB er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi efni er sett inn í I. viðauka á eftir Foeniculum vulgare Miller subsp. vulgare var. dulce (Miller) Thellung (sæt fennikualdin):

   „*Mentha x piperita L.*“.

2. Eftirfarandi er sett inn í II. viðauka á eftir færslunni varðandi Foeniculum vulgare Miller subsp. vulgare var. dulce (Miller) Thellung, fructus:

„FÆRSLA UM MENTHA x PIPERITA L., AETHEROLEUM Í SKRÁ BANDALAGSINS

Vísindaheiti plöntunnar

Mentha x piperita L.

Grasafræðileg ætt

Varablómaætt (Lamiaceae; Labiatae)

Fullbúið/fullbúin jurtalyf

Piparmyntuolía: ilmkjarnaolía sem fæst með gufueimingu á ferskum, blómstrandi hlutum plöntunnar sem eru ofanjarðar

Tilvísun í gæðalýsingu efnis í Evrópsku lyfjaskránni

Piparmyntuolía — Menthae piperitae aetheroleum (01/2008:0405)

Ábending/ábendingar

Jurtalyf sem hefð er að nota til:

1. að draga úr einkennum hósta og kvefs,

2. að draga úr einkennum staðbundinna vöðvaverkja,

3. að draga úr einkennum staðbundins kláða í óskaddaðri húð.

Lyfið er jurtalyf, sem hefð er fyrir, við tilteknum ábendingum sem byggjast eingöngu á langvarandi notkun.

Tegund hefðar

Evrópsk

Tiltekinn styrkleiki

Ábendingar 1, 2 og 3

Einn skammtur

Börn 4 til 10 ára gömul

Hálffastar efnablöndur, 2–10%

Efnablöndur með vatnskenndu etanóli, 2–4%

Börn 10 til 12 ára gömul, unglingar 12 til 16 ára

Hálffastar efnablöndur, 5–15%

Efnablöndur með vatnskenndu etanóli, 3–6%

Unglingar eldri en 16 ára, fullorðnir

Hálffastar og olíukenndar efnablöndur, 5–20%

Í efnablöndum með vatnskenndu etanóli, 5–10%

Í nefsmyrslum, 1–5% ilmkjarnaolía

Skammtar

Allt að þrisvar sinnum á dag

Ekki skal gefa börnum yngri en 2 ára lyfið (sjá „frábendingar“).

Ekki er mælt með lyfinu fyrir börn 2 til 4 ára (sjá „Sérstök varnaðarorð og varúðarráðstafanir við notkun“).

Íkomuleið

Á húð og í gegnum húð.

Meðferðarlengd eða takmarkanir varðandi meðferðarlengd

Ábending 1

Ekki skal nota lyfið lengur en í tvær vikur.

Ábendingar 2 og 3

Ekki er mælt með því að nota lyfið lengur en í 3 mánuði samfleytt.

Ef einkenni hverfa ekki við notkun jurtalyfsins skal leita ráða frá lækni eða öðrum hæfum heilbrigðisstarfsmanni.

Aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til öruggrar notkunar

Frábendingar

Börn yngri en 2 ára, þar sem mentól getur valdið öndunarstöðvun og raddbandakrampa.

Börn sem hafa áður fengið krampaköst (með eða án hita).

Ofurnæmi gagnvart piparmyntuolíu eða mentóli.

Sérstök varnaðarorð og varúðarráðstafanir við notkun

Ef óþvegnar hendur komast í snertingu við augu eftir áburð piparmyntuolíu getur það valdið augnertingu.

Ekki skal bera piparmyntuolíu á sprungna eða erta húð.

Ekki er mælt með lyfinu fyrir börn 2 til 4 ára þar sem nægileg reynsla liggur ekki fyrir.

Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki hefur verið tilkynnt um milliverkanir.

Meðganga og mjólkurskeið

Þar sem nægilegar upplýsingar liggja ekki fyrir er ekki mælt með því að nota lyfið meðan á meðgöngu og mjólkurskeiði stendur.

Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Engar rannsóknir hafa farið fram varðandi áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

Aukaverkanir

Tilkynnt hefur verið um ofurnæmissvaranir eins og útbrot í húð, exem vegna snertiofnæmis og augnertingu. Oftast eru þessi viðbrögð mild og skammvinn. Tíðni þeirra er ekki þekkt.

Erting í húð og slímhúð í nefi getur komið fyrir eftir staðbundinn áburð. Tíðni þeirra er ekki þekkt.

Ef aðrar aukaverkanir, sem ekki eru nefndar hér á undan, koma fram skal leita ráðleggingga læknis eða annars hæfs heilbrigðisstarfsmanns.

Ofskömmtun

Ekkert ofskömmtunartilvik hefur verið tilkynnt.“

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2010/13/ESB **2013/EES/9/37**

frá 10. mars 2010

um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) (*)

(kerfisbundin útgáfa)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 53. gr. og 62 gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) ([2]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([3]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.

2) Hljóð- og myndmiðlunarþjónusta sem veitt er yfir landamæri með ýmiss konar tækni er ein leið til að ná markmiðum Sambandsins. Tilteknar ráðstafanir eru nauðsynlegar til þess að heimila og tryggja umbreytingu frá landsbundnum mörkuðum til sameiginlegs framleiðslu- og dreifingarmarkaðar dagskrárefnis, og til þess að tryggja sanngjörn samkeppnisskilyrði með fyrirvara um þá almannahagsmuni sem hljóð- og myndmiðlunarþjónusta á að þjóna.

3) Evrópuráðið hefur samþykkt samning um sjónvarp milli landa í Evrópu.

4) Í ljósi nýrrar tækni í útsendingum á sviði hljóð- og myndmiðlunarþjónustu skal reglurammi um sjónvarpsrekstur taka mið af áhrifum skipulagsbreytinga, útbreiðslu upplýsinga- og fjarskiptatækni og tæknilegri þróun viðskiptalíkana, einkum fjármögnun útvarpssendinga í viðskiptaskyni og til að tryggja ákjósanlegustu samkeppnisskilyrði og réttaröryggi evrópskrar upplýsingatækni og fjölmiðlaiðnaðar og -þjónustu og einnig virðingu fyrir fjölbreytni menningar og tungumála.

5) Hljóð- og myndmiðlunarþjónusta er ekki síður menningarleg þjónusta en þjónusta af efnahagslegum toga. Aukið mikilvægi hennar fyrir þjóðfélög og lýðræði – einkum með því að tryggja upplýsingafrelsi, fjölbreytt skoðanaskipti og fjölhyggju í fjölmiðlun – menntun og menningu réttlætir það að sérstakar reglur gildi um þessa þjónustu.

6) Þess er krafist í 4. mgr. 167. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að Sambandið taki tillit til menningarlegra þátta í aðgerðum sínum samkvæmt öðrum ákvæðum sáttmálans, einkum í því skyni að virða og styðja við menningarlega fjölbreytni þess.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 95, 15.4.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptapjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 4.10.2012, bls. 31.

([1]) afstöðu Evrópuþingsins frá 20. október 2009 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 15. febrúar 2010.

([2]) Stjtíð. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23. Upphaflegur titill gerðarinnar var „Tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur“.

([3]) Sjá A-hluta I. viðauka.

7) Í ályktunum sínum frá 1. desember 2005 ([1]) og 4. apríl 2006 ([2]) um Dóhalotuna og ráðherrastefnur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar kallaði Evrópuþingið eftir því að opinber grunnþjónusta, s.s. hljóð- og myndmiðlunarþjónusta, yrði undanskilin kröfum um aukið frelsi í samningaviðræðunum um hinn almenna samning um þjónustuviðskipti (GATS). Í ályktun sinni frá 27. apríl 2006 ([3]) studdi Evrópuþingið samning Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna um að vernda og styðja við fjölbreytileg, menningarleg tjáningarform þar sem fram kemur að „starfsemi, vörur og þjónusta á sviði menningar hafi jafnt efnahagslegt sem menningarlegt gildi þar eð þær endurspegla sjálfsmynd, gildi og merkingu og því má ekki líta svo á að þær hafi eingöngu viðskiptalegt gildi“. Samningur Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna var samþykktur fyrir hönd Bandalagsins með ákvörðun ráðsins 2006/515/EB frá 18. maí 2006 um aðild að samningnum um að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform ([4]). Samningurinn öðlaðist gildi 18. mars 2007. Tekið er tillit til meginreglna þessa samnings í þessari tilskipun.

8) Brýnt er að aðildarríkin tryggi að komið verði í veg fyrir hvers konar aðgerðir sem gætu haft skaðleg áhrif á flutning og viðskipti með sjónvarpsefni eða stuðla að því að skapa yfirburðastöðu sem leitt gæti til takmarkana á fjölbreytni og frelsi sjónvarpaðra upplýsinga og upplýsingageirans í heild sinni.

9) Tilskipun þessi er með fyrirvara um núgildandi eða síðari gerðir Sambandsins um samræmingu, einkum til að fullnægja lögboðnum kröfum varðandi neytendavernd og sanngirni í viðskiptagjörningum og samkeppni.

10) Hefðbundin hljóð- og myndmiðlunarþjónusta á borð við sjónvarp og nýtilkomin hljóð- og myndmiðlunarþjónusta eftir pöntun skapar kjörin atvinnutækifæri í Sambandinu, einkum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, og stuðlar að auknum hagvexti og fjárfestingu. Þegar haft er í huga hversu mikilvæg jöfn samkeppnisskilyrði og raunverulegur Evrópumarkaður fyrir hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eru skal virða meginreglur innri markaðarins, s.s. frjáls samkeppnisskilyrði og jafna meðferð, til þess að tryggja gagnsæi og áreiðanleika markaða fyrir hljóð- og myndmiðlunarþjónustu og til að draga úr aðgangshindrunum.

11) Því er nauðsynlegt, til að koma í veg fyrir að samkeppni raskist, að bæta réttaröryggi, koma endanlega á innri markaði og greiða fyrir myndun sameiginlegs upplýsingaumhverfis, og að a.m.k. samræmdar grunnreglur gildi um alla hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, bæði sjónvarpsútsendingar (línuleg hljóð- og myndmiðlunarþjónusta) og pöntunarþjónustu fyrir hljóð- og myndmiðla (ólínuleg hljóð- og myndmiðlunarþjónusta).

12) Hinn 15. desember 2003 samþykkti framkvæmdastjórnin orðsendingu um framtíðarstefnu evrópskrar reglusetningar á sviði hljóð- og myndmiðlunar þar sem áhersla var lögð á að í mótun reglusetningar í þeim geira verði að standa vörð um tiltekna almannahagsmuni, s.s. menningarlega fjölbreytni, rétt til upplýsinga, fjölhyggju í fjölmiðlun, vernd ólögráða barna og neytendavernd og að efla vitund almennings og fjölmiðlalæsi nú og í framtíðinni.

13) Í ályktun fundar ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna 25. janúar 1999 um útvarpsþjónustu í almannaþágu ([5]) var áréttað að til að útvarpsþjónusta í almannaþágu gæti gegnt hlutverki sínu þyrfti hún áfram að njóta góðs af tækniþróun. Samhliða rekstur hljóð- og myndmiðlunarþjónustu í einkaeigu og eigu hins opinbera er eitt af sérkennum evrópska hljóð- og myndmiðlunarmarkaðarins.

14) Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framtaksverkefnið „i2010: Upplýsingasamfélagið í Evrópu“ til að efla vöxt og atvinnu í upplýsingasamfélaginu og fjölmiðlaiðnaði. Þetta er heildstæð áætlun sem ætlað er að hvetja til framleiðslu evrópsks efnis, þróunar hins stafræna hagkerfis og upptöku upplýsinga- og fjarskiptatækni á grundvelli samleitrar þjónustustarfsemi í upplýsingasamfélaginu og fjölmiðlaþjónustu, neta og tækja, með því að nútímavæða og beita öllum stjórntækjum Evrópusambandsins: lagasetningu, rannsóknum og samstarfi við iðnaðinn. Framkvæmdastjórnin skuldbatt sig til að setja samræmdan ramma fyrir þjónustustarfsemi í upplýsingasamfélaginu og fjölmiðlaþjónustu á innri markaðnum með því að færa lagarammann fyrir hljóð- og myndmiðlunarþjónustu til nútímalegs horfs. Markmið framtaksverkefnisins i2010 nást í grundvallaratriðum með því að leyfa atvinnugreinum að vaxa og setja einungis þær reglur sem nauðsynlegar eru og gera litlum sprotafyrirtækjum, þar sem auður og störf framtíðarinnar verða til, kleift að dafna og sinna nýsköpun og atvinnusköpun á frjálsum markaði.

15) Evrópuþingið samþykkti 4. september 2003, ([6]), 22. apríl 2004 ([7]) og 6. september 2005 ([8]) ályktanir þar sem studd er sú almenna stefna að grunnreglur skuli gilda fyrir alla hljóð- og myndmiðlunarþjónustu og viðbótarreglur fyrir sjónvarpsútsendingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 285 E, 22.11.2006, bls. 126.
([2]) Stjtíð. ESB C 293 E, 2.12.2006, bls. 155.
([3]) Stjtíð. ESB C 296 E, 6.12.2006, bls. 104.
([4]) Stjtíð. ESB L 201, 25.7.2006, bls. 15.
([5]) Stjtíð. EB C 30, 5.2.1999, bls. 1.
([6]) Ályktun Evrópuþingsins um sjónvarp án landamæra (Stjtíð. C 76 E, 25.3.2004, bls. 453).
([7]) Ályktun Evrópuþingsins um hættuna á brotum, innan Evrópusambandsins, einkum á Ítalíu, gegn tjáningarfrelsi og upplýsingafrelsi (2. mgr. 11. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi) (Stjtíð. ESB C 104 E, 30.4.2004, bls. 1026).
([8]) Ályktun Evrópuþingsins um beitingu 4. og 5. gr. tilskipunar 89/552/EBE (sjónvarp án landamæra), eins og henni var breytt með tilskipun 97/36/EB, fyrir tímabilið 2001-2002 (Stjtíð. ESB C 193 E, 17.8.2006, bls. 117).

16) Þessi tilskipun stuðlar að því að grundvallarréttindi séu virt og er að öllu leyti í samræmi við meginreglur þær sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi ([1]), einkum 11. gr. Þess vegna skal þessi tilskipun ekki á nokkurn hátt hindra aðildarríki í að beita stjórnarskrárákvæðum sínum um prentfrelsi og tjáningarfrelsi í fjölmiðlum.

17) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna sem leiðir af beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tæknistaðla og reglugerða ([2]) sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu. Til samræmis við það skulu drög að landsbundnum ákvæðum, sem gilda um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun og eru strangari eða ítarlegri en þau sem nauðsynleg eru til að lögleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/65/EB frá 11. desember 2007, um breytingu á tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur ([3]) vera háð þeim kvöðum um málsmeðferð sem fjallað er um í 8. gr. tilskipunar 98/34/EB.

18) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma fyrir rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) ([4]) hefur skv. 3. mgr. 1. gr. hennar ekki áhrif á ráðstafanir sem gerðar eru á vettvangi Sambandsins eða á innlendum vettvangi til að ná fram markmiðum er varða almenna hagsmuni, einkum að því er varðar eftirlit með efni og stefnu varðandi hljóð- og myndmiðla.

19) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ábyrgð aðildarríkja og stjórnvalda þeirra að því er varðar skipulag – þ.m.t. kerfi fyrir leyfisveitingar, opinber leyfi eða skattlagningu – fjármögnun og innihald dagskrárliða. Hún hefur því ekki áhrif á sjálfstæði menningarþróunar í aðildarríkjunum og þar með ekki á varðveislu menningarlegrar fjölbreytni innan Sambandsins.

20) Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki skylda aðildarríkin til að koma á, eða hvetja þau til að koma á, nýjum kerfum fyrir leyfisveitingar eða opinber leyfi fyrir hljóð- og myndmiðlunarþjónustu.

21) Í þessari tilskipun skal skilgreiningin á hljóð- og myndmiðlunarþjónustu aðeins taka til starfsemi hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, hvort sem um er að ræða sjónvarpsútsendingar eða pöntunarþjónustu, sem telst fjölmiðlastarfsemi, þ.e. ætluð umtalsverðum hluta almennings til viðtöku og gæti haft greinileg áhrif á hann. Umfang skilgreiningarinnar skal takmarkast við þjónustu sem skilgreind er í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og því taka til hvers konar atvinnustarfsemi, þ.m.t. opinberir þjónustuveitendur, en undanskilin er starfsemi sem er ekki fyrst og fremst rekin í viðskiptaskyni og sem er ekki í samkeppni við sjónvarpsútsendingar, t.d. vefsetur til einkanota og þjónusta sem felst í því að útvega eða dreifa hljóð- og myndefni sem einkanotendur framleiða í þeim tilgangi að deila eða skiptast á innan félaga áhugamanna.

22) Í þessari tilskipun skal skilgreiningin á hljóð- og myndmiðlunarþjónustu taka til fjölmiðla sem hafa það hlutverk að upplýsa, skemmta og fræða almenning og skal ná yfir hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni en ekki taka til einkasamskipta, t.d. tölvupósts sem sendur er til takmarkaðs fjölda viðtakenda. Sú skilgreining skal ekki ná yfir þjónustu sem hefur annan megintilgang en að senda út dagskrárliði, þ.e. þar sem hljóð- og myndefni er aðeins hluti af þjónustunni en ekki megintilgangur hennar. Dæmi um slíkt eru vefsetur þar sem hljóð- og myndmiðlunarþættir eru aðeins til stuðnings, s.s. grafískar hreyfimyndir, stutt auglýsingainnskot eða upplýsingar tengdar vöru eða þjónustu sem ekki er hljóð- eða myndmiðlunarþjónusta. Af þessum sökum skulu áhættuleikir sem fela í sér áhættufé, þ.m.t. happdrætti, veðmál og önnur fjárhættuþjónusta og einnig netleikir og leitarvélar, en ekki útsendingar helgaðar veðmálum eða áhættuleikjum, vera undanskildir gildissviði þessarar tilskipunar.

23) Í þessari tilskipun skal hugtakið „hljóð og mynd“ eiga við um hreyfimyndir með eða án hljóðs og taka því til þögulla mynda en ekki til hljóðútsendinga eða hljóðvarpsþjónustu. Þó að megintilgangur hljóð- og myndmiðlunarþjónustu sé framboð á dagskrárliðum skal skilgreiningin á slíkri þjónustu einnig taka til efnis á textaformi sem fylgir dagskrárliðum, s.s. textunarþjónustu og rafrænna dagskrárvísa. Sjálfstæð textaþjónusta skal ekki falla undir gildissvið þessarar tilskipunar og skal það ekki hafa áhrif á frelsi aðildarríkjanna til að setja reglur um slíka þjónustu á landsvísu í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins.

24) Hljóð- og myndmiðlunarþjónusta eftir pöntun einkennist af því að hún er „í anda sjónvarps“, þ.e.a.s. hún keppir um sömu áhorfendur og sjónvarpsútsendingar og af eðli þjónustunnar og því hvernig aðgangur fæst að henni megi notandi ætla, með réttu, að hann njóti verndar samkvæmt reglum sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar. Í ljósi þessa og til að koma í veg fyrir misræmi að því er varðar frjálsan flutning og samkeppni skal hugtakið „dagskrárliður“ túlkað á virkan hátt og tekið tillit til þróunar á sviði sjónvarpsútsendinga.

([1]) Stjtíð. EB C 364, 18.12.2000, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.
([3]) Stjtíð. ESB L 332, 18.12.2007, bls. 27.
([4]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

25) Hugtakið ritstjórnarábyrgð er mikilvægt við skilgreiningu á hlutverki veitanda fjölmiðlaþjónustu og þar af leiðandi fyrir skilgreininguna á hljóð- og myndmiðlunarþjónustu. Aðildarríkjunum er heimilt að tilgreina nánar þætti skilgreiningarinnar á ritstjórnarábyrgð, einkum hugtakinu „skilvirkt eftirlit“ þegar þau samþykkja ráðstafanir til framkvæmdar á þessari tilskipun. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á þær undanþágur frá ábyrgð sem settar eru fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“) ([1]).

26) Í þessari tilskipun skal skilgreiningin á veitanda fjölmiðlaþjónustu ekki taka til einstaklinga eða lögaðila sem einungis senda út dagskrárliði sem þriðju aðilar bera ritstjórnarábyrgð á.

27) Til sjónvarpsútsendinga telst nú einkum hliðrænt og stafrænt sjónvarp, bein streymiþjónusta (live streaming), vefvarp og nærlæg myndefnisveita (near-video-on-demand), en hins vegar telst t.d. myndefnisveita (video-on-demand) vera hljóð- og myndmiðlunarþjónusta eftir pöntun. Að því er varðar sjónvarpsútsendingar eða sjónvarpsdagskrárliði sem einnig standa til boða með pöntunarþjónustu hljóð- og myndmiðlunar af sama veitanda fjölmiðlaþjónustu, skulu kröfur þessarar tilskipunar að jafnaði teljast uppfylltar þegar kröfunum, sem gilda um sjónvarpsútsendingar, þ.e. línulega útsendingu, hefur verið fullnægt. Þegar ólíkar gerðir þjónustu, sem eru greinilega aðskildar, eru boðnar samhliða gildir þessi tilskipun þó um sérhverja þá þjónustu sem um ræðir.

28) Rafrænar útgáfur af dagblöðum og tímaritum skulu ekki falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

29) Öll einkenni hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, sem sett eru fram í skilgreiningu hennar og skýrð í forsendum 21.–28. forsendu, skulu vera fyrir hendi á sama tíma.

30) Í tengslum við sjónvarpsútsendingar skal hugtakið samtímis áhorf einnig taka til áhorfs sem er næstum samtímis vegna þess stutta tímamismunar sem myndast milli sendingar og móttöku útsendingarinnar af tæknilegum ástæðum sem eru hluti af útsendingarferlinu.

31) Víðtækari skilgreining á hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni skal sett fram í þessari tilskipun en hún skal þó ekki taka til tilkynninga sem varða opinbera þjónustu og hjálparbeiðna líknarstofnana sem sendar eru út endurgjaldslaust.

32) Í þessari tilskipun skal skilgreina „evrópsk verk“ með fyrirvara um þann möguleika að aðildarríkin setji fram nákvæmari skilgreiningu að því er varðar veitendur fjölmiðlaþjónustu innan lögsögu þeirra, í samræmi við lög Sambandsins og að teknu tilliti til markmiða þessarar tilskipunar.

33) Meginreglan um upprunaland skal teljast kjarni þessarar tilskipunar þar sem hún er nauðsynleg til að koma á innri markaði. Þessi meginregla skal gilda um alla hljóð- og myndmiðlunarþjónustu til að tryggja réttaröryggi veitenda fjölmiðlaþjónustu sem er nauðsynlegur grunnur undir ný viðskiptalíkön og framvindu slíkrar þjónustu. Hún er einnig nauðsynleg til að tryggja frjálst flæði upplýsinga og hljóð- og myndmiðladagskrárliða á innri markaðinum.

34) Til að stuðla að sterkum, samkeppnishæfum og samþættum evrópskum hljóð- og myndiðnaði og til að efla fjölhyggju í fjölmiðlun í Evrópusambandinu skal aðeins eitt aðildarríki hafa lögsögu í málum veitanda hljóð- og myndmiðlaþjónustu og skal fjölbreytileiki sjónarmiða í upplýsingamiðlun vera grundvallarregla Sambandsins.

35) Tilgangurinn með því að fastsetja röð hagnýtra viðmiðana er sá að hægt sé að ákveða með óyggjandi hætti að aðeins eitt aðildarríki hafi lögsögu yfir veitanda fjölmiðlaþjónustu í tengslum við þá þjónustustarfsemi sem þessi tilskipun tekur til. Engu að síður þykir rétt, með tilliti til dómaframkvæmdar Dómstóls Evrópusambandsins og til að forðast tilvik þar sem viðkomandi fellur utan lögsögu, að nota staðfestuviðmiðunina, í skilningi 49. til 55. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sem úrslitaviðmiðun þegar ákveða á lögsögu aðildarríkis.

36) Samkvæmt lögum Sambandsins er sú krafa að upprunaaðildarríkið sannreyni að útsendingar séu í samræmi við landslög eins og samræmt er með þessari tilskipun nægileg til þess að tryggja frjálsan flutning útsendinga án þess að til komi eftirlit á síðara stigi af sömu ástæðum í viðtökuaðildarríkinu. Viðtökuaðildarríki getur þó í undantekningartilvikum og við sérstök skilyrði frestað tímabundið endurvarpi sjónvarpsútsendinga.

37) Takmarkanir á frjálsa hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun skulu aðeins vera gerlegar í samræmi við málsmeðferð og skilyrði sem eru samsvarandi þeim sem þegar hefur verið komið á skv. 4., 5. og 6. mgr. 3. gr. tilskipunar 2000/31/EB.

38) Tækniþróun, einkum að því er varðar stafræna dagskrárliði um gervihnött, hefur í för með sér að samþykkja þarf frekari viðmiðanir til að tryggja að reglur séu við hæfi og þeim sé beitt á skilvirkan hátt og til að gefa aðilum raunverulegt vald yfir efni hljóð- og myndmiðlunarþjónustu.

([1]) Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.

39) Þar sem þessi tilskipun fjallar um þjónustu sem boðin er almenningi í Sambandinu skal hún aðeins gilda um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu sem almenningur fær beint eða óbeint í einu eða fleiri aðildarríkjum með stöðluðum neytendabúnaði. Skilgreiningin á „stöðluðum neytendabúnaði“ skal vera í höndum þar til bærra landsbundinna yfirvalda.

40) Í 49. til 55. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er mælt fyrir um staðfesturétt sem grundvallarréttindi. Því skal veitendum fjölmiðlaþjónustu almennt frjálst að velja í hvaða aðildarríki þeir setjast að. Dómstóllinn hefur einnig lagt áherslu á að „sáttmálinn bannar fyrirtæki ekki að nýta sér rétt sinn til að veita þjónustu þó að það veiti ekki þjónustu í aðildarríkinu þar sem það hefur staðfestu“ ([1]).

41) Aðildarríkjunum skal heimilt að setja veitendum fjölmiðlaþjónustu innan lögsögu sinnar ítarlegri eða strangari reglur á þeim sviðum sem samræmd eru með þessari tilskipun en þau tryggi jafnframt að þær reglur séu í samræmi við almennar meginreglur í lögum Sambandsins. Til að takast á við þær aðstæður þegar útvarpsrekandi, sem er innan lögsögu eins aðildarríkis, beinir sjónvarpsútsendingum að öllu eða mestu leyti að yfirráðasvæði annars aðildarríkis, væri krafa um að aðildarríkin hafi samstarf sín á milli og, þegar slík ákvæði eru sniðgengin, um kerfisbindingu á dómaframkvæmd Dómstólsins ([2]), ásamt skilvirkari málsmeðferð, viðeigandi lausn sem tekur tillit til hagsmuna aðildarríkis án þess að vefengt sé að meginreglunni um upprunaland hafi verið rétt beitt. Dómstóllinn hefur þróað hugtakið um reglur í almannaþágu í dómaframkvæmd sinni með tilliti til 43. og 49. gr. EB-sáttmálans (nú 49. og 56. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins) og tekur það m.a. til reglna um neytendavernd, vernd ólögráða barna og stefnu í menningarmálum. Aðildarríkið sem óskar eftir samvinnu skal tryggja að landsbundnu sérreglurnar sem um ræðir séu í raun nauðsynlegar, þeim sé beitt án mismununar og þær séu hóflegar.

42) Þegar aðildarríki metur í hverju tilviki fyrir sig hvort útsendingu veitanda fjölmiðlaþjónustu sem hefur staðfestu í öðru aðildarríki er beint að mestu eða öllu leyti að yfirráðasvæði þess getur það litið til vísbendinga á borð við uppruna sjónvarpsauglýsinganna og/eða áskriftartekna, aðaltungumáls þjónustunnar eða hvort einhverjum dagskrárliðum eða útsendingum í viðskiptaskyni er beint sérstaklega til almennings í aðildarríkinu þar sem tekið er við þeim.

43) Aðildarríkjunum er þó áfram heimilt, þrátt fyrir beitingu meginreglunnar um upprunaland, að grípa til ráðstafana sem takmarka frjálsar sjónvarpsútsendingar en aðeins með þeim skilyrðum og í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Samkvæmt réttarvenju dómstólsins ber þó að túlka þröngt allar takmarkanir á frelsi til að veita þjónustu, svo sem hvers konar undanþágur frá meginreglum sáttmálans ([3]).

44) Í orðsendingu sinni til Evrópuþingsins og ráðsins um betri reglusetningu fyrir vöxt og atvinnu í Evrópusambandinu lagði framkvæmdastjórnin áherslu á nauðsyn ítarlegrar greiningar á viðeigandi aðferðum við reglusetningu, einkum til að ákvarða hvort lagasetning er æskileg fyrir viðkomandi geira og tiltekið vandamál eða hvort kanna beri aðra kosti, s.s. sameiginlegt eftirlit eða sjálfseftirlit. Auk þess hefur reynslan sýnt að bæði gerningar, sem varða sameiginlegt eftirlit, og gerningar, sem varða sjálfseftirlit og hrundið er í framkvæmd í samræmi við mismunandi lagahefðir aðildarríkjanna, geta gegnt mikilvægu hlutverki við að koma á öflugri neytendavernd. Ráðstafanir sem miða að því ná markmiðum um að gæta hagsmuna almennings í hinum nýja geira hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eru árangursríkari ef til þeirra er gripið með virkum stuðningi þjónustuveitendanna sjálfra. Sjálfseftirlit er því ein gerð frjáls framtaksverkefnis sem gerir rekstraraðilum, aðilum vinnumarkaðarins, frjálsum félagasamtökum eða samböndum kleift að samþykkja sameiginlegar viðmiðunarreglur sín á milli og fyrir sig.

Aðildarríkin skulu í samræmi við mismunandi lagahefðir sínar viðurkenna það hlutverk sem skilvirkt sjálfseftirlit getur haft sem viðbót við það lagalega og réttarfarslega og/eða stjórnsýslulega fyrirkomulag sem er fyrir hendi og komið að gagni við að ná markmiðum þessarar tilskipunar. Þrátt fyrir að sjálfseftirlit kunni að vera viðbótaraðferð við framkvæmd tiltekinna ákvæða þessarar tilskipunar skal það þó ekki koma í stað skuldbindinga sem hvíla á landsbundna löggjafanum. Sameiginlegt eftirlit í einföldustu mynd skapar lagaleg tengsl á milli sjálfseftirlits og landsbundna löggjafans í samræmi við lagahefðir aðildarríkjanna. Ef markmiðum sameiginlegs eftirlits er ekki náð ætti íhlutun ríkisins að vera heimiluð. Með fyrirvara um formlegar skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi lögleiðingu er í þessari tilskipun hvatt til notkunar sameiginlegs eftirlits og sjálfseftirlits. Þetta skal hvorki skylda aðildarríkin til að taka upp sameiginlegt eftirlit og/eða sjálfseftirlit né raska eða tefla í tvísýnu sameiginlegu eftirliti eða sjálfseftirliti sem þegar er fyrir hendi í aðildarríkjum og virkar sem skyldi.

([1]) Mál C-56/96 VT4 Ltd gegn Vlaamse Gemeenschap [1997] dómasafn EB I-3143, 22. mgr., mál C-212/97 Centros gegn Erhvervs-og Selskabsstyrelsen [1999] dómasafn EB I-1459, sjá einnig: Mál C-11/95 Framkvæmdastjórnin gegn Belgíu [1996] dómasafn EB I-4115 og mál C-14/96 Paul Denuit [1997] dómasafn EB I-2785.

([2]) Mál C-212/97 Centros gegn Erhvervs-og Selskabsstyrelsen, áður tilvitnað, mál 33/74 Van Binsbergen gegn Bestuur van de Bedrijfsvereniging [1974] dómasafn EB 1299, mál C-23/93 TV 10 SA gegn Commissariaat voor de Media [1994] dómasafn EB I-4795, 21. gr.

([3]) Mál C-355/98 Framkvæmdastjórnin gegn Belgíu [2000] dómasafn EB I-1221, 28. mgr., mál C-348/96 Calfa [1999] dómasafn EB I-11, 23. mgr.

45) Vegna sérstaks eðlis hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, einkum áhrifa þessarar þjónustu á skoðanamyndun fólks, er nauðsynlegt að notendur viti nákvæmlega hver er ábyrgur fyrir efni þjónustunnar. Því er mikilvægt að aðildarríkin tryggi að notendur hafi auðveldan og beinan aðgang hvenær sem er að upplýsingum um veitanda fjölmiðlaþjónustunnar. Aðildarríkjunum skal í sjálfsvald sett að ákveða fyrirkomulagið við að ná þessu markmiði með fyrirvara um önnur viðeigandi ákvæði í lögum Sambandsins.

46) Réttur fatlaðra og aldraðra til að vera þátttakendur í, og hluti af, félags- og menningarlífi Sambandsins er órjúfanlega tengdur framboði aðgengilegrar hljóð- og myndmiðlunarþjónustu. Úrræði til að tryggja aðgengi skulu ná yfir, en þurfa ekki að takmarkast við, táknmál, textun, hljóðlýsingu og auðskiljanlega valmyndatilhögun.

47) „Fjölmiðlalæsi“ vísar til færni, þekkingar og skilnings sem gerir neytendum kleift að nýta sér fjölmiðla á öruggan og skilvirkan hátt. Fólk læst á fjölmiðla getur valið efni á upplýstan hátt, skilið eðli efnis og þjónustu og fært sér í nyt öll þau tækifæri sem ný fjarskiptatækni býður. Það er betur fært um að vernda sig og fjölskyldu sína gegn skaðlegu eða særandi efni. Því skal stuðla að þróun fjölmiðlalæsis á öllum samfélagsstigum og fylgjast náið með framvindu hennar. Í tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins frá 20. desember 2006 um vernd ólögráða barna og mannlegrar reisnar og um rétt til andsvara með tilliti til samkeppnishæfni evrópskrar hljóð- og myndmiðlunar og beinlínutengdrar upplýsingaþjónustu ([1]) eru þegar margs konar hugsanlegar ráðstafanir til að stuðla að fjölmiðlalæsi, t.d. símenntun kennara og leiðbeinenda, sérstök þjálfun í netnotkun fyrir börn frá unga aldri, þ.m.t. kennsla opin foreldrum, eða skipulagning landsbundinna upplýsingaherferða sem beint er að borgunum, þar sem allir samskiptamiðlar eru nýttir, til að veita upplýsingar um ábyrga Netnotkun.

48) Útvarpsrekendur geta tryggt sér einkarétt til sjónvarpsútsendinga á atburðum sem vekja mikinn áhuga almennings. Þó er mikilvægt að stuðla að fjölhyggju með fjölbreytni í framleiðslu frétta og dagskrárefnis innan Sambandsins og virða þær meginreglur sem viðurkenndar eru í 11. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

49) Afar brýnt er að aðildarríkin geti gripið til ráðstafana til að vernda upplýsingaréttinn og tryggja víðtækan aðgang almennings að sjónvarpsútsendingum frá viðburðum innan lands eða utan sem hafa verulega þýðingu fyrir þegnana, til að mynda Ólympíuleikunum, heimsbikarkeppninni í knattspyrnu og Evrópumeistaramótinu í knattspyrnu. Í þessu skyni er aðildarríkjunum heimilt að gera ráðstafanir, enda samrýmist þær lögum Sambandsins, sem miða að því að setja reglur um það hvernig útvarpsrekendur innan lögsögu þeirra geti neytt einkaréttar á útsendingum frá slíkum viðburðum.

50) Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir innan ramma Sambandsins til að forðast hugsanlega réttaróvissu og markaðsröskun og til að frjáls dreifing sjónvarpsþjónustu geti komið heim og saman við þörfina á að hindra að sniðganga megi innlendar ráðstafanir sem er ætlað að vernda réttmæta almenna hagsmuni.

51) Einkum er rétt að setja ákvæði um hvernig útvarpsrekendur neyta einkaréttar, sem þeir kunna að hafa keypt á útsendingum frá viðburðum sem teljast hafa verulega þýðingu fyrir þegna í öðru aðildarríki en því sem hefur lögsögu yfir útvarpsrekendunum. Til þess að forðast spákaupmennsku með réttindi, sem gengur út á það að sniðganga landsbundnar ráðstafanir, er nauðsynlegt að þessi ákvæði gildi um samninga sem gerðir eru eftir birtingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB ([2]) og varða viðburði sem eiga sér stað eftir að hún kemur til framkvæmda. Þegar samningar, sem hafa verið gerðir fyrir birtingu tilskipunarinnar, eru endurnýjaðir ber að líta á þá sem nýja samninga.

52) Viðburðir, sem hafa verulega þýðingu fyrir þegnana þurfa, að því er þessa tilskipun varðar, að uppfylla ákveðnar viðmiðanir, með öðrum orðum að vera meiriháttar viðburðir sem almenningur í Sambandinu eða í tilteknu aðildarríki, eða í veigamiklum hluta tiltekins aðildarríkis, hefur áhuga á og sem eru skipulagðir fyrirfram af skipuleggjanda viðburða sem hefur lagalega heimild til að selja réttindi er tengjast viðburðinum.

53) Í þessari tilskipun merkir „opin sjónvarpsdagskrá" að sent er út á ríkisrás eða einkarekinni rás dagskrárefni sem almenningur hefur aðgang að án þess að þurfa að greiða fyrir það umfram þær fjármögnunarleiðir sem eru almennt viðteknar vegna útvarpsreksturs í hverju aðildarríki um sig (eins og afnotagjald og/eða grunnáskriftargjald að kapalkerfi).

54) Aðildarríkjunum er frjálst að gera hverjar þær ráðstafanir sem þau telja viðeigandi að því er varðar hljóð- og myndmiðlaþjónustu frá þriðju löndum sem uppfyllir ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. gr., að því tilskildu að þær séu í samræmi við lög Sambandsins og alþjóðlegar skuldbindingar þess.

([1]) Stjtíð. ESB L 378, 27.12.2006, bls. 72.

([2]) Stjtíð. EB L 202, 30.7.1997, bls. 60.

55) Til að standa vörð um þau grundvallarréttindi að taka á móti upplýsingum og til að tryggja að hagsmunir áhorfenda í Evrópusambandinu séu að öllu leyti og rétt verndaðir, skulu þeir sem einkarétt hafa á sjónvarpsútsendingu frá viðburði sem vekur mikinn áhuga almennings veita öðrum útvarpsrekendum rétt til að nota stutta útdrætti í almenna fréttaþætti samkvæmt skilmálum sem eru réttlátir, sanngjarnir og án mismununar og þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til einkaréttar. Slíkir skilmálar skulu tilkynntir með nægilegum fyrirvara áður en atburðurinn sem vekur mikinn áhuga almennings fer fram til að gefa öðrum nægilegan tíma til að nýta sér slíkan rétt. Útvarpsrekandi skal geta nýtt sér þennan rétt fyrir milligöngu milliliðs sem starfar í umboði hans í hverju tilviki fyrir sig. Slíka stutta útdrætti er öllum stöðvum heimilt að nota til útsendinga í öllu Evrópusambandinu, þ.m.t. sérstakar íþróttastöðvar, og skulu þeir ekki vera lengri en 90 sekúndur. Réttur til aðgangs að stuttum útdráttum skal aðeins gilda yfir landamæri þar sem það er nauðsynlegt. Útvarpsrekandi skal því fyrst leita eftir aðgangi hjá útvarpsrekanda sem hefur staðfestu í sama aðildarríki og hefur einkarétt á atburðinum sem vekur mikinn áhuga almennings.

Hugtakið almennir fréttaþættir skal ekki taka til samantektar stuttra útdrátta í dagskrárliði sem ætlaðir eru til afþreyingar. Meginreglan um upprunaland skal gilda jafnt um aðgang að stuttu útdráttunum og útsendingu þeirra. Í tilvikum sem ná yfir landamæri hefur þetta þá þýðingu að mismunandi lögum skal beitt hverjum á eftir öðrum. Í fyrsta lagi gilda lög aðildarríkisins, þar sem útvarpsrekandinn, sem sendir upphaflega merkið (þ.e. veitir aðgang), hefur staðfestu. Þetta er oftast aðildarríkið þar sem viðburðurinn, sem um ræðir, fer fram. Þar sem aðildarríki hefur komið upp sambærilegu kerfi sem veitir aðgang að viðburðinum sem um ræðir skulu lög þess aðildarríkis gilda í öllum tilvikum. Í öðru lagi hvað varðar útsendingu stuttra útdrátta gilda lög aðildarríkisins þar sem útvarpsrekandinn, sem sendir stuttu útdrættina, hefur staðfestu.

56) Kröfurnar í þessari tilskipun um aðgang að viðburðum, sem vekja mikinn áhuga almennings, til að framleiða stuttar fréttir skulu vera með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu ([1]) og viðeigandi alþjóðlegra samninga á sviði höfundaréttar og skyldra réttinda. Aðildarríkin skulu greiða fyrir aðgangi að viðburðum sem vekja mikinn áhuga almennings með því að veita aðgang að merki útvarpsrekanda í skilningi þessarar tilskipunar. Þau mega þó velja aðrar sambærilegar aðferðir í skilningi þessarar tilskipunar. Þar á meðal er sú aðferð að veita aðgang að staðnum þar sem viðburðurinn fer fram áður en aðgangur er veittur að merkinu. Ekki skal komið í veg fyrir að útvarpsrekendur geri ítarlegri samninga.

57) Tryggt skal að sú venja veitenda fjölmiðlaþjónustu að bjóða beinar sjónvarpsútsendingar sínar á fréttaþáttum í pöntunarþjónustu að lokinni beinni útsendingu sé enn möguleg án þess að þörf sé á því að klippa stuttu útdrættina burt úr einstökum dagskrárliðum. Þessi möguleiki skal takmarkaður við framboð á sama útsenda sjónvarpsdagskrárliðnum í gegnum pöntunarþjónustu af hálfu sama veitanda fjölmiðlaþjónustu, þannig að ekki má nota hann til að búa til ný viðskiptalíkön fyrir pöntunarþjónustu á grundvelli stuttra útdrátta.

58) Hljóð- og myndmiðlunarþjónusta eftir pöntun er ólík sjónvarpsútsendingum að því er varðar það Val og þá stjórn sem notandinn getur haft og að því er varðar þau áhrif sem hún hefur á samfélagið. ([2]). Þetta réttlætir að setja vægari reglur um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun, sem aðeins skulu samrýmast grundvallarreglunum sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

59) Framboð skaðlegs efnis í hljóð- og myndmiðlunarþjónustu er viðfangsefni löggjafa, fjölmiðlaiðnaðarins og foreldra. Einnig eru ný viðfangsefni framundan, einkum í tengslum við nýja verkvanga og nýjar vörur. Reglur um verndun líkamlegs, andlegs og siðferðilegs þroska ólögráða barna og mannlegrar reisnar í allri hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, þ.m.t. hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni, eru því nauðsynlegar.

60) Þess skal vandlega gætt að jafnvægi ríki milli ráðstafana sem gerðar eru til að vernda líkamlegan, andlegan og siðferðilegan þroska ólögráða barna og mannlega reisn og grundvallarréttinda tjáningarfrelsisins sem mælt er fyrir um í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Markmiðið með þessum ráðstöfunum, s.s. notkun persónulegra kenninúmera (PIN-númera), síunarkerfa eða merkinga, skal því vera að tryggja fullnægjandi vernd líkamlegs, andlegs og siðferðilegs þroska ólögráða barna og mannlegrar reisnar, einkum með tilliti til hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun. Í tilmælunum um vernd ólögráða einstaklinga og mannlegrar reisnar og rétt til andsvara er mikilvægi síukerfa og merkinga þegar viðurkennt og þar er að finna allnokkrar hugsanlegar ráðstafanir fyrir ólögráða einstaklinga s.s. að útvega notendum kerfisbundið skilvirkt, uppfæranlegt og auðnotað síunarkerfi þegar þeir gerast áskrifendur að aðgangsveitu eða að útbúa aðgang að þjónustu, sem sérstaklega er ætluð börnum, með sjálfvirkum síukerfum.

([1]) Stjtíð. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10.

([2]) Mál C-89/04 Mediakabel BV gegn Commissariaat voor de Media [2005] dómasafn EB I-4891.

61) Veitendum fjölmiðlaþjónustu sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna skal í öllum tilvikum bannað að dreifa barnaklámi í samræmi við ákvæði rammaákvörðunar ráðsins 2004/68/DIM frá 22. desember 2003 um baráttu gegn kynlífsnotkun barna og barnaklámi ([1]).

62) Í engu þeirra ákvæða þessarar tilskipunar er varða vernd líkamlegs, andlegs og siðferðilegs þroska ólögráða barna og mannlegrar reisnar, er gerð skýlaus krafa um að ráðstafanirnar, sem gerðar eru til að vernda þessa hagsmuni, komi til framkvæmda að undangenginni staðfestingu opinberra aðila á hljóð- og myndmiðlunarþjónustu.

63) Samræmingar er þörf til þess að auðvelda einstaklingum og atvinnugreinum sem framleiða dagskrárliði í menningarlegum tilgangi að hefja og stunda starfsemi.

64) Lágmarkskröfur um evrópska framleiðslu hvað varðar allar almennings- eða einkasjónvarpsútsendingar á framleiðslu fyrir hljóð- og myndmiðla í Sambandinu hafa stuðlað að framleiðslu, óháðri framleiðslu og dreifingu í áðurnefndum atvinnugreinum og koma til viðbótar við aðrar leiðir sem eru eða munu verða lagðar til í sama tilgangi.

65) Það er því nauðsynlegt að efla hæfilega stóra markaði fyrir framleiðslu sjónvarpsefnis í aðildarríkjunum til þess að endurheimta nauðsynlegar fjárfestingar, ekki aðeins með því að koma á almennum reglum, sem opna landsbundna markaði, heldur einnig með því að stefna að því að evrópsk framleiðsla, þar sem það er gerlegt og með viðeigandi aðferðum, sé meirihluti sjónvarpsefnis allra aðildarríkjanna. Til að unnt sé að fylgjast með beitingu þessara reglna og viðleitni til að ná markmiðum, skulu aðildarríkin láta framkvæmdastjórninni í té skýrslu um beitingu þessa hlutfalls evrópskra verka og óháðrar framleiðslu sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Við útreikning slíkra hlutfalla skal taka tillit til sérstakra aðstæðna Grikklands og Portúgals. Framkvæmdastjórninni ber að tilkynna hinum aðildarríkjunum um skýrslur þessar og láta fylgja, eftir því sem við á, álit þar sem meðal annars er tekið tillit til þeirra framfara sem orðið hafa frá fyrri árum, hlutdeildar frumútsendinga í dagskránni, sérstakra aðstæðna nýrra sjónvarpsrekenda og sérstakra aðstæðna landa með litla framleiðslugetu á sviði hljóð- og myndmiðlaefnis eða takmarkað málsvæði.

66) Miklu skiptir að leita viðeigandi gerninga og aðferða í samræmi við lög Sambandsins til þess að stuðla að því að markmið þessarar tilskipunar komi til framkvæmda með það fyrir augum að gera viðeigandi ráðstafanir er hvetji til starfsemi og frekari þróunar á sviði evrópskrar framleiðslu fyrir mynd- og hljóðmiðla og dreifingar þess, einkum í löndum með lága framleiðslugetu eða takmarkað málsvæði.

67) Taka ber tillit til efnahagslegs veruleika þegar unnið er að því ná settu marki hvað varðar hlutfall evrópskra verka. Því er þörf á kerfi sem nær því marki í áföngum.

68) Þar sem slíku verður við komið, yrði skuldbinding um að tiltekið hlutfall útsendinga skuli vera sjálfstæð framleiðsla, unnin af framleiðendum sem eru óháðir útvarpsrekendum, til þess að stuðla að nýjum möguleikum í sjónvarpsframleiðslu, einkum stofnun lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Með þessu skapast ný tækifæri og auknir möguleikar á að koma á framfæri skapandi hæfileikafólki og menningartengdum starfsgreinum og fyrir starfsfólk á sviði menningarmála.

69) Hljóð- og myndmiðlunarþjónusta eftir pöntun kann að koma í stað sjónvarpsútsendinga að hluta til. Til samræmis við það skal slík þjónusta því, sé það framkvæmanlegt, stuðla að framleiðslu og dreifingu evrópskra verka og stuðla þannig með virkum hætti að menningarlegri fjölbreytni. Slíkur stuðningur við evrópsk verk getur t.d. verið í formi fjárframlaga slíkrar þjónustu til framleiðslu og kaupa á réttindum að evrópskum verkum, lágmarkshlutfalls evrópskra verka í pöntunarskrám eða aðlaðandi framsetningar evrópskra verka í rafrænum dagskrárvísum. Mikilvægt er að endurskoða reglulega beitingu ákvæða sem tengjast kynningu hljóð- og myndmiðlunarþjónustu á evrópskum verkum. Innan ramma þeirra skýrslna sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skulu aðildarríkin einnig taka tillit til fjárframlaga slíkrar þjónustu til framleiðslu og kaupa á réttindum að evrópskum verkum, hlutfalls evrópskra verka í skrám hljóð- og myndmiðlunarþjónustu og raunverulegrar notkunar evrópskra verka sem eru í boði hjá þess háttar þjónustu.

70) Við framkvæmd ákvæða 16. gr. skulu aðildarríkin hvetja útvarpsrekendur til að fella inn í dagskrá sína nægilega hátt hlutfall verka sem eru samevrópsk framleiðsla eða evrópsk verk sem ekki eiga uppruna í heimalandi þeirra.

71) Þegar aðildarríkin skilgreina hugtakið „framleiðandi óháður útvarpsrekendum“, eins og um getur í 17. gr., ber þeim að taka tilhlýðilegt tillit til vissra viðmiðana, s.s. hver fer með eignarhald framleiðslufyrirtækisins, magns dagskrárliða, sem afhent er til sama útvarpsrekanda, og hver er handhafi afleiddra réttinda.

72) Útsendingar á rásum, sem fara alfarið fram á öðrum tungumálum en þeim sem eru töluð í aðildarríkjunum, skulu ekki falla undir ákvæði 16. og 17. gr. En ef verulegur en ekki allur hluti af útsendingartíma rásarinnar fer fram á slíku tungumáli eða tungumálum skulu ákvæði 16. og 17. gr. ekki gilda um þann hluta útsendingartímans.

([1]) Stjtið. ESB L 13, 20.1.2004, bls. 44.

73) Beita má landsbundnum stuðningskerfum til þróunar á evrópskri framleiðslu, að því marki sem þau eru í samræmi við lög Sambandsins.

74) Leitast má við að ná því markmiði að efla framleiðslu fyrir hljóð- og myndmiðla í Evrópu í aðildarríkjunum innan rekstrarramma sjónvarpsfyrirtækja í þeim, meðal annars með því að skilgreina sérstakt hlutverk tiltekinna veitenda fjölmiðlaþjónustu á sviði almannahagsmuna, þar á meðal þá skyldu að leggja verulegt fé af mörkum til evrópskrar framleiðslu.

75) Hvetja ber veitendur fjölmiðlaþjónustu, dagskrárgerðarmenn, framleiðendur, höfunda og aðra sérfræðinga til að koma fram með skýrari hugtök og aðferðir sem miða að því að gera evrópskar leiknar kvikmyndir með alþjóðlegan áhorfendahóp í huga.

76) Mikilvægt er að tryggja að kvikmyndaverk séu send út á því tímabili sem samið hefur verið um milli rétthafa og veitenda fjölmiðlaþjónustu.

77) Hvort takmarka ber tímalengd hverrar tegundar af sýningu kvikmyndaefnis í sjónvarpi er fyrst og fremst málefni sem leysa ber með samningum milli hlutaðeigandi hagsmunaaðila eða fagmanna.

78) Til þess að skapa aðstæður til að framfylgja virkri aðhlynningarstefnu er veiti tilteknu tungumáli forgang er aðildarríkjum frjálst að setja nákvæmari eða strangari reglur einkum á grundvelli tungumálaviðmiðana, svo fremi reglurnar séu í samræmi við lög bandalagsins og einkum þó að þær gildi ekki um endurvarp sjónvarpssendinga sem eiga uppruna sinn í öðrum aðildarríkjum.

79) Með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun eykst framboðið sem neytendur hafa úr að velja. Ítarlegar reglur um hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun virðast því hvorki réttlætanlegar né skipta máli út frá tæknilegu sjónarmiði. Þó skulu allar hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni ekki aðeins virða reglur um auðkenningu heldur einnig eigindlegar reglur sem liggja til grundvallar svo að hægt sé að uppfylla skýr markmið sem sett eru í almannaþágu.

80) Eins og framkvæmdastjórnin hefur viðurkennt í túlkunarorðsendingu um tiltekna þætti ákvæða um sjónvarpsauglýsingar í tilskipuninni „sjónvarp án landamæra“ ([1]) hefur þróun nýrrar auglýsingatækni og nýjungar í markaðssetningu skapað raunhæf tækifæri fyrir hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni í hefðbundinni útvarpsþjónustu sem gætu auðveldað samkeppni þeirra á jafnstöðugrundvelli við nýjungar í pöntunarþjónustu.

81) Viðskipta- og tækniþróun leiðir til meira úrvals fyrir notendur og aukinnar ábyrgðar við notkun á hljóð- og myndmiðlunarþjónustu. Reglur skulu heimila tiltekinn sveigjanleika að því er varðar sjónvarpsútsendingar og þannig haldast í réttu hlutfalli við markmið um almannahagsmuni. Meginreglan um aðgreiningu skal takmarkast við sjónvarpsauglýsingar og fjarkaup, vöruinnsetning (e. product placement) skal heimil við tilteknar aðstæður nema aðildarríki ákveði annað. Ef vöruinnsetning er dulin skal hún þó bönnuð. Meginreglan um aðgreiningu skal ekki koma í veg fyrir notkun nýrrar auglýsingatækni.

82) Ef frá eru taldir þeir starfshættir sem falla undir þessa tilskipun gildir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum ([2]) um óréttmæta viðskiptahætti, s.s. villandi og uppáþrengjandi viðskiptahætti í hljóð- og myndmiðlunarþjónustu. Að auki skal tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/33/EB frá 26. maí 2003 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna varðandi auglýsingu tóbaksvara og kostun í tengslum við þær ([3]), sem bannar auglýsingu vindlinga og annarra tóbaksvara og kostun í tengslum við þær í prentmiðlum, þjónustu í upplýsingasamfélaginu og útvarpsútsendingum, vera með fyrirvara um þessa tilskipun, með hliðsjón af hinum sérstöku eiginleikum hljóð- og myndmiðlunarþjónustu. Ákvæði 1. mgr. 88. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([4]), um bann við auglýsingum á tilteknum lyfjum sem beint er til almennings, gilda eins og kveðið er á um í 5. mgr. þeirrar greinar, með fyrirvara um 21. gr. þessarar tilskipunar. Enn fremur skal þessi tilskipun gilda með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([5]).

83) Til þess að tryggja að hagsmuna notenda sem sjónvarpsáhorfenda sé vel og tilhlýðilega gætt er nauðsynlegt að um sjónvarpsauglýsingar gildi tiltekinn fjöldi lágmarksreglna og staðla og að aðildarríkin haldi rétti sínum til að setja nákvæmari eða strangari reglur og, við tilteknar aðstæður, önnur skilyrði um sjónvarpendur sem eru innan þeirra lögsögu.

84) Að því er varðar útsendingar sem einungis eru ætlaðar innlendu yfirráðsvæði og ekki má veita viðtöku, beint eða óbeint, í einu eða fleiri aðildarríkjum öðrum, verður aðildarríki að vera heimilt að setja önnur skilyrði um innskot auglýsinga og aðrar takmarkanir á magni auglýsinga til þess að liðka fyrir slíkum útsendingum en skal þó taka tillit til laga bandalagsins.

([1]) Stjtíð. ESB L 102, 28.4.2004, bls. 2.

([2]) Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22.
([3]) Stjtíð. ESB L 152, 20.6.2003, bls. 16.
([4]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.
([5]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

85) Með tilliti til aukinna möguleika áhorfenda á því að sneiða hjá auglýsingum með notkun nýrrar tækni eins og stafrænna upptökutækja og auknu úrvali rása eru ítarlegar reglur um innskot auglýsinga sem hafa það að markmiði að vernda áhorfendur ekki réttlætanlegar. Þó að leyfilegt magn auglýsinga á klukkustund sé ekki aukið með þessari tilskipun fá útvarpsrekendur með henni sveigjanleika að því er varðar innskot þeirra ef það hefur ekki óeðlileg áhrif á framvindu dagskrárliða.

86) Þessari tilskipun er ætlað að vernda sérstök einkenni evrópsks sjónvarps þar sem auglýsingum er helst skotið inn á milli dagskrárliða og takmarkar því hugsanlegar truflanir á kvikmyndaverkum og myndum gerðum fyrir sjónvarp sem og truflanir á sumum flokkum dagskrárliða sem enn þarfnast sérstakrar verndar.

87) Setja skal 20% sem hámark auglýsingainnskota og fjarkaupainnskota í sjónvarpi á klukkustund, einnig á „besta útsendingartíma“. Hugtakið sjónvarpsauglýsinga-innskot ber að skilja sem sjónvarpsauglýsingu í skilningi i-liðar 1. mgr. 1. gr. og er ekki lengra en 12 mínútur.

88) Nauðsynlegt er að banna allar hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni sem kynna vindlinga og aðrar tóbaksvörur, þ.m.t. óbeinar hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni sem leitast við, þótt tóbaksafurðin sé ekki beinlínis tilgreind, að fara í kringum bann við hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni um vindlinga og aðrar tóbaksvörur með því að nota vöruheiti, tákn eða önnur sérkenni tóbaksvara eða fyrirtækja sem eru þekkt fyrir eða stunda meðal annars framleiðslu eða sölu slíkra vara.

89) Einnig ber að banna allar sjónvarpsauglýsingar á lyfjavörum og lyfjameðferð sem einungis er fáanleg gegn lyfseðli í því aðildarríki sem hefur lögsögu yfir sjónvarpanda þeim er hér um ræðir og koma á ströngum viðmiðunarreglum varðandi auglýsingar um áfengi í sjónvarpi.

90) Duldar hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni eru bannaðar samkvæmt þessari tilskipun vegna neikvæðra áhrifa á neytendur. Bann við duldum hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni skal ekki taka til vöruinnsetningar, sem er heimil samkvæmt þessari tilskipun, þar sem áhorfandinn er nægilega upplýstur um að um innsetningu vöru sé að ræða. Þetta er unnt að gera með merki um að vara sé sett inn í tiltekinn dagskrárlið, t.d. með hlutlausu kennimerki.

91) Vöruinnsetning á sér stað í kvikmyndaverkum og í hljóð- og myndverkum fyrir sjónvarp. Nauðsynlegt er að setja reglur um vöruinnsetningu til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði og auka þannig samkeppnishæfni evrópska fjölmiðlaiðnaðarins. Skilgreiningin á vöruinnsetningu sem sett er fram í þessari tilskipun skal taka til allra gerða hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni sem innihalda eða vísa til vöru, þjónustu eða vörumerkis með þeim hætti að þær komi fyrir í dagskrárlið gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi. Séu vörur afhentar eða þjónusta veitt án endurgjalds, eins og leikmunir eða verðlaun, skal aðeins telja það vöruinnsetningu ef verðmæti varanna eða þjónustunnar sem um ræðir er umtalsvert. Vöruinnsetning skal háð sömu eigindlegu reglum og takmörkunum og gilda um hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni. Mikilvægasta viðmiðunin sem aðgreinir kostun frá vöruinnsetningu er sú að tilvísun til vöru er innbyggð í atburðarás dagskrárliðar þegar um vöruinnsetningu er að ræða, sem er ástæða þess að í skilgreiningunni í m-lið 1. mgr. 1. gr., er orðið „innan“. Á hinn bóginn má sýna vísanir til kostunaraðila í dagskrárlið en þær eru ekki hluti af atburðarásinni.

92) Vöruinnsetning skal í meginatriðum bönnuð. Þó er rétt að veita undanþágu vegna nokkurra gerða dagskrárliða á grundvelli jákvæðrar skrár. Aðildarríki skal geta hafnað þessum undanþágum, að hluta til eða að öllu leyti, t.d. með því að heimila aðeins vöruinnsetningu í dagskrárliðum sem hafa ekki að öllu leyti verið framleiddir í því aðildarríki.

93) Enn fremur skal kostun og vöruinnsetning bönnuð ef hún hefur áhrif á efni dagskrárliða og þar með á ábyrgð og ritstjórnarlegt sjálfstæði veitanda fjölmiðlaþjónustunnar. Þetta á við um þemainnsetningu.

94) Aðildarríkin bera ábyrgð á skilvirkri framkvæmd þessarar tilskipunar samkvæmt þeim skyldum, sem sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins felur þeim. Þeim er frjálst að velja viðeigandi gerninga í samræmi við lagahefðir sínar og það skipulag sem komið hefur verið á, einkum skipulag lögbærra, óháðra eftirlitsaðila sinna, svo þau geti komið þessari tilskipun í framkvæmd á óhlutdrægan og gagnsæjan hátt. Nánar tiltekið skulu gerningarnir sem aðildarríkin velja stuðla að fjölhyggju í fjölmiðlun.

95) Einnig er þörf fyrir nána samvinnu lögbærra eftirlitsaðila aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu þessarar tilskipunar. Eins er náin samvinna milli aðildarríkjanna og milli eftirlitsyfirvalda aðildarríkjanna sérstaklega mikilvæg með tilliti til þeirra áhrifa sem útvarpsrekendur með staðfestu í einu aðildarríki kunna að hafa á annað aðildarríki. Þar sem kveðið er á um leyfisveitingu í landslögum og ef um fleiri aðildarríki en eitt er að ræða er æskilegt að viðkomandi aðilar hafi samband sín á milli áður en slík leyfi eru veitt. Þessi samvinna skal taka til allra sviða sem samræmd eru með þessari tilskipun.

96) Nauðsynlegt er að gera það ljóst að kynningar í eigin þágu eru sérstök tegund auglýsinga þar sem útvarpsrekandi vekur athygli á eigin vörum, þjónustu, dagskrá eða rásum. Einkum ber að meðhöndla kynningarbúta sem dagskrárefni ef þeir eru útdrættir úr dagskrárefni.

97) Ekki ber að reikna þann útsendingartíma, sem daglega er notaður í tilkynningar útvarpsrekanda í tengslum við eigið dagskrárliði eða stoðframleiðslu sem má rekja beint til þess, eða í tilkynningar sem tengjast opinberri þjónustu eða hjálparbeiðnir líknarstofnana sem sendar eru út án endurgjalds, inn í þann útsendingartíma sem samanlagt er leyfilegt að nota til auglýsinga og fjarkaupa á hverjum degi eða á klukkustund.

98) Til að forðast röskun á samkeppni er þessi undanþága takmörkuð við tilkynningar um efni sem uppfyllir það tvíþætta skilyrði að vera bæði til stuðnings viðkomandi dagskrárliðum og leiða beint af því. Hugtakið stoðframleiðsla vísar til framleiðslu sem er sérstaklega ætlað að gera áhorfendum kleift að njóta dagskrárliða til fulls eða hafa gagnvirk áhrif á þá.

99) Í ljósi þess hvernig fjarkaup hafa þróast, en þau eru fjárhagslega mikilvæg starfsemi fyrir rekstraraðila í heild og raunveruleg söluleið fyrir vörur og þjónustu innan bandalagsins, er afar brýnt að tryggja neytendavernd á háu stigi með því að koma á viðeigandi stöðlum um umgerð og innihald slíkra útsendinga.

100) Við eftirlit með framkvæmd viðeigandi ákvæða er mikilvægt að lögbær yfirvöld í einstökum löndum geti, að því er varðar rásir sem ekki eru helgaðar fjarkaupum einvörðungu, greint annars vegar á milli útsendingartíma sem er helgaður fjarkaupainnskotum, auglýsingainnskotum og annars konar auglýsingum og hins vegar útsendingartíma sem er helgaður fjarkaupaþáttum. Því er nauðsynlegt og nægjanlegt að hver þáttur sé skýrt tilgreindur með sjónrænum og hljóðrænum hætti að minnsta kosti í upphafi og við lok hans.

101) Tilskipun þessi skal gilda um rásir sem eru alfarið helgaðar fjarkaupum eða kynningum í eigin þágu, án hefðbundinna dagskrárliða eins og frétta, íþrótta, kvikmynda, heimildaþátta og leikinna þátta, en þó eingöngu að því er varðar markmið þessarar tilskipunar og með fyrirvara um að slíkar rásir kunni að vera felldar undir gildissvið annarra gerninga Sambandsins.

102) Þótt sjónvarpsrekendur séu að jafnaði skuldbundnir til að tryggja að rétt sé skýrt frá staðreyndum og atburðum í dagskrárliðum, er engu að síður mikilvægt að þeim sé gert að hlíta tilteknum skuldbindingum að því er varðar rétt til andsvara eða annarra úrræða jafngildra, þannig að hver sá sem telur að brotið hafi verið gegn lögmætum hagsmunum sínum með fullyrðingu settri fram í sjónvarpsdagskrárlið geti í raun nýtt sér rétt þennan eða úrræði.

103) Rétturinn til andsvara er viðeigandi lagaúrræði að því er varðar sjónvarpsútsendingar og mætti einnig beita honum í Netumhverfi. Í tilmælunum um vernd ólögráða barna og mannlegrar reisnar og réttinn til andsvara er þegar að finna viðeigandi leiðbeiningar um framkvæmd ráðstafana í landslögum eða samkvæmt landsbundnum venjum svo að tryggja megi með fullnægjandi hætti réttinn til andsvara eða sambærileg úrræði að því er varðar Netmiðla.

104) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum tilskipunarinnar, þ.e. að mynda svæði án landamæra fyrir hljóð- og myndmiðlunarþjónustu og tryggja jafnframt öfluga vernd almannahagsmuna, einkum vernd ólögráða barna og mannlegrar reisnar, ásamt því að styðja við réttindi fatlaðra, og vegna þess hve þessi tilskipun er umfangsmikil og hefur mikil áhrif, þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi þessum markmiðum.

105) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til lögleiðingar tilskipananna sem eru settir fram í B-hluta I. viðauka,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

SKILGREININGAR

1. gr.

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „hljóð- og myndmiðlunarþjónusta“:

i. þjónusta eins og hún er skilgreind í 56. og 57. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sem veitandi fjölmiðlaþjónustu ber ritstjórnarábyrgð á, og hefur þann megintilgang að bjóða almenningi dagskrárliði til upplýsingar, skemmtunar eða fræðslu um rafræn fjarskiptanet í skilningi a-liðar 2. gr. tilskipunar 2002/21/EB. Slík hljóð- og myndmiðlunarþjónusta er annaðhvort sjónvarpsútsending, eins og hún er skilgreind í e-lið þessarar málsgreinar, eða hljóð- og myndmiðlunarþjónusta eftir pöntun, eins og hún er skilgreind í g-lið þessarar málsgreinar,

ii. hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni,

b) „dagskrárliður“: safn hreyfimynda með eða án hljóðs sem mynda stakan lið innan áætlunar eða skrár sem veitandi fjölmiðlaþjónustu setur saman og sem er að formi og efni sambærilegt formi og efni sjónvarpsútsendinga. Dæmi um dagskrárliði eru kvikmyndir í fullri lengd, íþróttaviðburðir, gamanþættir, heimildarþættir, dagskrárliðir fyrir börn og frumsamdir leiknir þættir,

c) „ritstjórnarábyrgð“: raunveruleg stjórn bæði á vali dagskrárliða og skipulagningu þeirra, annaðhvort í tímaröð í sjónvarpsdagskrá eða í efnisskrá þegar um er að ræða hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun. Ritstjórnarábyrgð merkir ekki endilega lagaleg ábyrgð samkvæmt landslögum á efni eða þjónustu sem veitt er,

d) „veitandi fjölmiðlaþjónustu“: einstaklingur eða lögaðili sem ber ritstjórnarábyrgð á vali hljóð- og myndefnis hljóð- og myndmiðlunarþjónustu og ákvarðar hvernig það skuli skipulagt,

e) „sjónvarpsútsending“ (þ.e. línuleg hljóð- og myndmiðlunarþjónusta): hljóð- og myndmiðlunarþjónusta þar sem veitandi fjölmiðlaþjónustu býður fram samtímis áhorf á dagskrárliði á grundvelli dagskráráætlunar,

f) „útvarpsrekandi“: veitandi fjölmiðlaþjónustu sem býður sjónvarpsútsendingar,

g) „hljóð- og myndmiðlunarþjónusta eftir pöntun“ (þ.e. ólínuleg hljóð- og myndmiðlunarþjónusta): hljóð- og myndmiðlunarþjónusta sem veitandi fjölmiðlaþjónustu býður þannig að notandi getur horft á dagskrárliði þegar hann svo kýs og að sérstakri beiðni hans á grundvelli dagskrár sem veitandi fjölmiðlaþjónustu velur,

h) „hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni“: myndir með eða án hljóðs sem er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi. Slíkar myndir fylgja eða eru hluti af dagskrárlið gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni teljast m.a. sjónvarpsauglýsingar, kostun, fjarkaup og vöruinnsetning,

i) „sjónvarpsauglýsingar“: hvers konar tilkynningar sem sjónvarpað er gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi, eða sjónvarpað sem tilkynningar í eigin þágu, af opinberu fyrirtæki eða einkafyrirtæki eða einstaklingi í tengslum við verslun, viðskipti, iðn eða atvinnugrein með það fyrir augum að vekja athygli á framboði á vörum eða þjónustu, þ.m.t. fasteignum eða réttindum og skyldum, gegn greiðslu,

j) „duldar hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni“: kynning í máli eða myndum á vörum, þjónustu, nafni, vörumerki eða starfsemi aðila er framleiðir vöru eða veitir þjónustu í dagskrárliðum þegar slík kynning er til þess ætluð af hálfu veitanda fjölmiðlaþjónustu að þjóna auglýsingamarkmiðum og gæti villt um fyrir áhorfendum að því er eðli hennar varðar. Slík kynning telst með ráðum gerð, einkum ef greiðsla eða annað endurgjald kemur á móti,

k) „kostun“: hvers konar framlög opinbers fyrirtækis, einkafyrirtækis eða einstaklings sem ekki fæst við hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eða framleiðslu hljóð- og myndverka, til fjármögnunar á hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eða dagskrárliðum með það fyrir augum að vekja athygli á nafni sínu, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum,

l) „fjarkaup“: bein tilboð sem send eru til almennings með það í huga að bjóða fram vörur og þjónustu, þar með taldar fasteignir eða réttindi og skuldbindingar, gegn greiðslu,

m) „vöruinnsetning“: allar gerðir hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni sem innihalda eða vísa til vöru, þjónustu eða vörumerkis hennar með þeim hætti að þær komi fyrir í dagskrárlið gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi,

n) „evrópsk verk“ merkir eftirfarandi:

i. verk sem eru upprunnin í aðildarríkjunum,

ii. verk sem eru upprunnin í þriðju löndum innan Evrópu sem eru aðilar að samningi Evrópuráðsins um sjónvarp milli landa í Evrópu og fullnægja skilyrðum 3. mgr.,

iii. verk sem framleidd eru sameiginlega innan ramma samninga á sviði hljóð- og myndmiðlunar sem sambandið hefur gert við þriðju lönd og fullnægja skilyrðunum sem skilgreind eru í þeim samningum,

2. Beiting ákvæða ii. og iii. undirliðar n-liðar 1. mgr. skal vera háð því að í viðkomandi þriðju löndum séu ekki gerðar ráðstafanir sem fela í sér mismunun gagnvart verkum sem eru upprunnin í aðildarríkjunum.

3. Verkin, sem um getur í i. og ii. undirlið n-liðar, eru verk sem aðallega eru unnin með höfundum og samverkamönnum, sem hafa fasta búsetu, í einu eða fleiri ríkjanna, sem um getur í þessum ákvæðum, að því tilskildu að þau uppfylli eitt af eftirfarandi þremur skilyrðum:

i. þau séu gerð af einum eða fleiri framleiðendum, er hafa staðfestu í einhverju þessara ríkja,

ii. fylgst sé með framleiðslu verkanna og henni stjórnað í raun af einum eða fleiri framleiðendum með staðfestu í einhverju þessara ríkja

iii. framlag meðframleiðenda frá einhverju þessara ríkja til heildarútgjalda við sameiginlega framleiðslu verks vegur þyngst og hinu sameiginlega framleiðsluverkefni er ekki stjórnað af einum framleiðanda eða fleirum með staðfestu utan þessara ríkja,

4. Verk, sem eru ekki evrópsk verk í skilningi n-liðar 1. mgr. en eru framleidd innan ramma tvíhliða samninga milli aðildarríkja og þriðju landa um sameiginleg framleiðsluverkefni, skulu teljast evrópsk verk, að því tilskildu að meðframleiðendur innan Bandalagsins standi undir meirihluta heildarframleiðslukostnaðar og að framleiðsluverkefninu sé ekki stjórnað af einum eða fleiri framleiðendum með staðfestu utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna.

II. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

2. gr.

1. Hvert aðildarríki um sig skal sjá til þess að öll hljóð- og myndmiðlunarþjónusta, sem send er út af hálfu veitenda fjölmiðlaþjónustu sem heyra undir lögsögu þess, samræmist ákvæðum þeirra lagabálka sem gilda um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu ætlaða almenningi í því aðildarríki.

2. Í þessari tilskipun heyra eftirfarandi veitendur fjölmiðlaþjónustu undir lögsögu aðildarríkis:

a) þeir sem hafa staðfestu í því aðildarríki í samræmi við 3. mgr.,

b) þeir sem 4. mgr. gildir um.

3. Í þessari tilskipun telst veitandi fjölmiðlaþjónustu hafa staðfestu í aðildarríki í eftirfarandi tilvikum:

a) hafi veitandi fjölmiðlaþjónustu aðalskrifstofu sína í því aðildarríki og séu ritstjórnarákvarðanir um hljóð- og myndmiðlaþjónstuna teknar í því aðildarríki,

b) ef veitandi fjölmiðlaþjónustu hefur aðalskrifstofu sína í einu aðildarríki en ritstjórnarákvarðanir um hljóð- og myndmiðlunarþjónustuna eru teknar í öðru aðildarríki telst hann hafa staðfestu í því aðildarríki þar sem verulegur hluti starfsliðsins, sem fæst við hljóð- og myndmiðlunarþjónustuna, starfar. Ef verulegur hluti starfsliðsins, sem fæst við hljóð- og myndmiðlunarþjónustuna, starfar í báðum þessum aðildarríkjum telst veitandi fjölmiðlaþjónustunnar hafa staðfestu í því aðildarríki þar sem aðalskrifstofa hans er. Ef verulegur hluti starfsliðsins, sem fæst við hljóð- og myndmiðlunarþjónustuna, starfar í hvorugu þessara aðildarríkja telst veitandi fjölmiðlaþjónustunnar hafa staðfestu í því aðildarríki þar sem hann hóf starfsemi í samræmi við lög þess aðildarríkis, að því tilskildu að hann haldi stöðugum og virkum efnahagslegum tengslum við það aðildarríki,

c) ef veitandi fjölmiðlaþjónustu hefur aðalskrifstofu sína í aðildarríki en ákvarðanir um hljóð- og myndmiðlunarþjónustuna eru teknar í þriðja landi, eða öfugt, telst hann hafa staðfestu í viðkomandi aðildarríki, að því tilskildu að verulegur hluti starfsliðsins, sem fæst við hljóð- og myndmiðlunarþjónustuna, starfi í því aðildarríki.

4. Veitendur fjölmiðlaþjónustu, sem ákvæði 3. mgr. gilda ekki um, teljast heyra undir lögsögu aðildarríkis í eftirfarandi tilvikum:

a) ef þeir nota gervihnattajarðstöð sem staðsett er í því aðildarríki,

b) ef þeir nota gervihnattaaðstöðu sem tilheyrir því aðildarríki, þótt þeir noti ekki gervihnattajarðstöð sem staðsett er í því aðildarríki.

5. Ef ekki reynist unnt að skera úr um það í samræmi við 3. og 4. mgr. hvaða aðildarríki hefur lögsögu skal það aðildarríki teljast lögbært þar sem veitandi fjölmiðlaþjónustu hefur staðfestu í skilningi 49. gr. til 55. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

6. Þessi tilskipun skal ekki gilda um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu sem eingöngu er ætluð til viðtöku í þriðju löndum og almenningur nær hvorki beint né óbeint með stöðluðum neytendabúnaði í einu aðildarríki eða fleirum.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja frelsi til viðtöku hljóð- og myndmiðlunarþjónustu frá öðrum aðildarríkjum og ekki setja hömlur á endurútsendingar þeirra innan yfirráðasvæðis síns af ástæðum er falla undir þau svið sem eru samræmd með þessari tilskipun.

2. Að því er varðar sjónvarpsútsendingar geta aðildarríkin tímabundið fengið undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) sjónvarpsútsending sem kemur frá öðru aðildarríki brýtur augljóslega, verulega og alvarlega gegn 1. eða 2. mgr. 27. gr. og/eða 6. gr.,

b) á síðastliðnum tólf mánuðum hefur útvarpsrekandi brotið gegn ákvæðum, sem um getur í a-lið, að minnsta kosti tvívegis áður,

c) hlutaðeigandi aðildarríki hefur tilkynnt útvarpsrekanda og framkvæmdastjórninni skriflega um meint brot og um þær ráðstafanir sem það hyggst gera verði um endurtekningu á broti að ræða,

d) samráð við útsendingarríkið og við framkvæmdastjórnina hefur ekki leitt til friðsamlegrar lausnar innan 15 daga frá tilkynningunni sem kveðið er á um í c-lið og framhald er á meintu broti.

Framkvæmdastjórnin skal, innan tveggja mánaða frá því að henni er tilkynnt um ráðstafanirnar, sem gerðar hafa verið í aðildarríkinu, taka ákvörðun um það hvort ráðstafanirnar eru í samræmi við lög Sambandsins. Ef hún kemst að því að svo er ekki verður þess krafist að aðildarríkið láti af þeim hið bráðasta.

3. Ákvæði 2. mgr. hamla ekki beitingu neinna aðferða, úrræða eða refsiaðgerða gegn þeim brotum, er hér um ræðir, í aðildarríkinu sem hefur lögsögu yfir hlutaðeigandi útvarpsrekanda.

4. Að því er varðar hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun er aðildarríkjunum heimilt að gera ráðstafanir til þess að víkja frá 1. mgr. með tilliti til tiltekinnar þjónustu að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) ráðstafanirnar eru:

i. nauðsynlegar af einni af eftirfarandi ástæðum:

— allsherjarregla, einkum það að koma í veg fyrir brot á hegningarlögum, koma upp um þau og ákæra fyrir þau, þar með talin verndun ólögráða barna og barátta gegn því að vekja upp hatur vegna kynþáttar, kynferðis, trúarbragða eða þjóðernis og að misbjóða mannlegri reisn þegar einstaklingar eiga í hlut,

— verndun almannaheilbrigðis,

— almannaöryggi, þar með talið að standa vörð um þjóðaröryggi og landvarnir,

— neytendavernd, þ.m.t. vernd fjárfesta,

ii. gerðar gegn tiltekinni hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun sem vinnur gegn markmiðunum sem um getur í i-lið eða stefnir þeim í verulega hættu,

iii. í réttu hlutfalli við fyrrnefnd markmið,

b) aðildarríkið hafi, áður en það gerir umræddar ráðstafanir og með fyrirvara um málarekstur fyrir dómstóli, meðal annars undirbúningsmálarekstur og athafnir í tengslum við rannsókn á sakamáli:

i. farið þess á leit við aðildarríkið sem hefur lögsögu yfir veitanda fjölmiðlaþjónustunnar að gera ráðstafanir og það síðarnefnda gerði ekki slíkar ráðstafanir eða þær reyndust ófullnægjandi,

ii. tilkynnt framkvæmdastjórninni og aðildarríkinu sem hefur lögsögu yfir veitanda fjölmiðlaþjónustu, um fyrirætlanir sínar að gera slíkar ráðstafanir.

5. Aðildarríkjunum er í bráðatilvikum heimilt að víkja frá skilyrðunum sem mælt er fyrir um í b-lið 4. mgr. Í slíku tilviki skal tilkynna hið fyrsta um þær ráðstafanir, sem um er að ræða, til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkisins sem hefur lögsögu yfir veitanda fjölmiðlaþjónustunnar og geta um ástæður þess að aðildarríkið telur að um bráðatilvik sé að ræða.

6. Framkvæmdastjórnin skal, með fyrirvara um svigrúm aðildarríkisins til að gera þær ráðstafanir sem um getur í 4. og 5. mgr., ganga úr skugga um samræmi tilkynntu ráðstafananna við lög Sambandsins á eins skömmum tíma og frekast er unnt. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að ráðstafanirnar samrýmist ekki lögum Sambandsins skal hún fara þess á leit við hlutaðeigandi aðildarríki að það láti vera að gera fyrirhugaðar ráðstafanir eða bindi enda á umræddar ráðstafanir án tafar.

4. gr.

1. Aðildarríkjunum skal eftir sem áður heimilt að krefjast þess að veitendur fjölmiðlaþjónustu, sem heyra undir lögsögu þeirra, fari að nákvæmari eða strangari reglum á þeim sviðum er þessi tilskipun tekur til, að því tilskildu að reglurnar samræmist lögum Sambandsins.

2. Í þeim tilvikum þar sem aðildarríki:

a) hefur nýtt heimild sína skv. 1. mgr. til að setja ítarlegri eða strangari reglur í almannaþágu og

b) metur það svo að útvarpsrekandi, sem heyrir undir lögsögu annars aðildarríkis, standi fyrir sjónvarpsútsendingu sem er að mestu eða öllu leyti beint að yfirráðasvæði þess,

er því heimilt að hafa samband við aðildarríkið, sem hefur lögsögu, í því skyni að finna lausn sem allir aðilar geta sætt sig við á þeim vandamálum sem koma upp. Þegar aðildarríkið sem hefur lögsögu tekur á móti rökstuddri beiðni frá fyrrnefnda aðildarríkinu skal það fara fram á að útvarpsrekandinn fari að þeim reglum í almannaþágu sem um ræðir. Aðildarríkið sem hefur lögsögu skal tilkynna fyrrnefnda aðildarríkinu um árangur af beiðninni innan tveggja mánaða. Hvoru aðildarríki er heimilt að fara þess á leit við tengslanefndina, sem komið er á fót skv. 29. gr., að hún rannsaki málið.

3. Fyrrnefnda aðildarríkinu er heimlit að grípa til viðeigandi ráðstafana gegn útvarpsrekandanum sem um ræðir ef það metur svo að:

a) að niðurstöðurnar, sem fást með beitingu 2. mgr., séu ekki fullnægjandi og

b) að útvarpsrekandinn, sem um ræðir, hafi öðlast staðfestu í aðildarríkinu, sem hefur lögsögu, í því skyni að sniðganga strangari reglur á þeim sviðum er þessi tilskipun tekur til og myndu gilda um hann ef hann hefði staðfestu í fyrrnefnda aðildarríkinu.

Slíkar ráðstafanir skulu, á grundvelli hlutlægs mats, teljast nauðsynlegar, þeim skal beitt án mismununar og vera í réttu hlutfalli við markmiðin sem stefnt er að.

4. Aðildarríki mega aðeins grípa til ráðstafana skv. 3. mgr. að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) það hafi tilkynnt framkvæmdastjórninni og aðildarríkinu, þar sem útvarpsrekandinn hefur staðfestu, um fyrirætlun sína að gera slíkar ráðstafanir og rökstutt þær forsendur sem það byggir mat sitt á og

b) framkvæmdastjórnin hafi ákveðið að ráðstafanirnar samrýmist lögum Sambandsins, einkum að mat aðildarríkisins, sem grípur til ráðstafana skv. 2. og 3. mgr., sé rétt.

5. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun innan þriggja mánaða frá tilkynningunni sem kveðið er á um í a-lið 4. mgr. Ákveði framkvæmdastjórnin að ráðstafanirnar samrýmist ekki lögum Sambandsins skal viðkomandi aðildarríki láta vera að grípa til umræddra ráðstafana.

6. Aðildarríkin skulu með viðeigandi hætti sjá til þess, innan ramma löggjafar sinnar, að veitendur fjölmiðlaþjónustu, sem heyra undir þeirra lögsögu, fari í reynd að ákvæðum þessarar tilskipunar.

7. Aðildarríkin skulu hvetja til sameiginlegs og/eða innra eftirlits á landsvísu á þeim sviðum sem samræmd eru með þessari tilskipun að því marki sem réttarkerfi þeirra heimila. Helstu hagsmunaaðilar í aðildarríkjunum, sem um ræðir, skulu samþykkja þetta fyrirkomulag í megindráttum og í því skal kveðið á um skilvirka framkvæmd.

8. Tilskipun 2000/31/EB gildir nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun. Ef til þess kemur að ákvæði í tilskipun 2000/31/EB og ákvæði í þessari tilskipun stangist á skulu ákvæði þessarar tilskipunar gilda nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

III. KAFLI

ÁKVÆÐI SEM GILDA UM ALLA HLJÓÐ- OG MYNDMIÐLUNARÞJÓNUSTU

5. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að veitendur hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, sem heyra undir lögsögu þeirra, veiti þjónustuþegum greiðan, beinan og stöðugan aðgang að eftirfarandi upplýsingum hið minnsta:

a) nafni veitanda fjölmiðlaþjónustunnar,

b) heimilisfangi á þeim stað þar sem veitandi fjölmiðlaþjónustu hefur staðfestu,

c) nánari upplýsingum um veitanda fjölmiðlaþjónustunnar, m.a. netfang hans eða vefsetur, sem gerir kleift að hafa samband við hann á hraðvirkan, beinan og skilvirkan hátt,

d) þar sem við á, um lögbær stjórnvöld eða eftirlitsyfirvöld.

6. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess með viðeigandi hætti að hljóð- og myndmiðlunarþjónusta, sem veitendur fjölmiðlaþjónustu sem heyra undir lögsögu þeirra bjóða, kyndi ekki undir hatri á grundvelli kynþáttar, kynferðis, trúarskoðana eða þjóðernis.

7. gr.

Aðildarríkin skulu hvetja veitendur fjölmiðlaþjónustu, sem heyra undir lögsögu þeirra, til að sjá til þess að þjónusta þeirra verði smátt og smátt gerð aðgengileg sjón- eða heyrnarskertu fólki.

8. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að veitendur fjölmiðlaþjónustu, sem heyra undir lögsögu þeirra, sendi ekki út kvikmyndaverk utan tímabila sem um hefur verið samið við rétthafa.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni sem veitendur fjölmiðlaþjónustu, sem heyra undir lögsögu þeirra, bjóða uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni skulu vera auðþekkjanlegar sem slíkar. Duldar hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni eru bannaðar,

b) í hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni má ekki beita tækni sem hefur áhrif neðan marka meðvitaðrar skynjunar,

c) hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni skulu ekki:

   i. skerða virðingu fyrir mannlegri reisn,

   ii. fela í sér neins konar mismunun á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernis, ríkisfangs, trúarbragða eða – skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar,

iii. hvetja til hegðunar sem hættuleg er heilsu eða öryggi,

iv. hvetja til hegðunar sem er í áberandi andstöðu við umhverfisvernd,

d) hvers kyns hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni er varða vindlinga og aðrar tóbaksvörur skulu bannaðar,

e) hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni er varða áfenga drykki skal ekki beint sérstaklega að ólögráða börnum og þær skulu ekki hvetja til óhóflegrar neyslu slíkra drykkja,

f) hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni er varða lyfjavörur og lyfjameðferð, sem einungis eru fáanleg gegn lyfseðli í aðildarríki því, sem hefur lögsögu yfir veitanda fjölmiðlaþjónustunnar, skulu bannaðar,

g) hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni skulu ekki valda ólögráða börnum líkamlegum eða siðferðilegum skaða. Þær skulu því ekki beinlínis hvetja ólögráða börn til að kaupa eða leigja vöru eða þjónustu með því að nýta sér reynsluleysi þeirra eða trúgirni, ekki hvetja þau beinlínis til þess að telja foreldra sína eða aðra á að kaupa vörur þær eða þjónustu sem auglýst er, ekki notfæra sér það sérstaka trúnaðartraust sem þau bera til foreldra, kennara eða annarra eða sýna ólögráða börn í hættulegum aðstæðum umfram það sem eðlilegt er.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu hvetja veitendur fjölmiðlaþjónustu til að þróa siðareglur um óviðeigandi hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni, sem fylgja eða eru hluti af dagskrárliðum fyrir börn, og um matvæli og drykkjarvörur sem innihalda næringarefni og efni sem hafa næringar- og lífeðlisfræðileg áhrif, einkum fitu, transfitusýrur, salt/natríum og sykur, og ekki er mælt með að sé í óhóflegum mæli hluti af mataræði.

10. gr.

1. Hljóð- og myndmiðlunarþjónusta eða dagskrárliðir, sem eru kostaðir, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) Ekkert má undir neinum kringumstæðum snerta efni þeirra og, þegar um sjónvarpsútsendingar er að ræða, tímasetningu, þannig að það hafi áhrif á ábyrgð og ritstjórnarlegt sjálfstæði veitanda fjölmiðlaþjónustunnar,

b) Í þeim skal ekki beinlínis hvatt til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu, t.d. með því að auglýsa slíka vöru eða þjónustu sérstaklega,

c) Áhorfendum skal greint frá því á skýran hátt ef um kostunarsamning er að ræða. Kostaðir dagskrárliðir skulu vera greinilega auðkenndir sem slíkir með nafni, kennimerki og/eða öðru tákni kostunaraðilans eins og tilvísunar til vara eða þjónustu hans eða auðkennistákni sem er viðeigandi fyrir dagskrárliði í upphafi þeirra, meðan á þeim stendur og/eða við lok þeirra.

2. Fyrirtæki mega ekki kosta hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eða dagskrárliði ef meginumsvif þeirra felast í því að framleiða eða selja vindlinga og aðrar tóbaksvörur.

3. Þegar fyrirtæki, sem m.a. fást við að framleiða eða selja lyfjavörur og lyfjameðferð, kosta hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eða dagskrárliði er þeim heimilt að kynna nafn eða ímynd fyrirtækisins en ekki einstaka lyfjavöru eða lyfjameðferð sem einungis er unnt að fá gegn lyfseðli í aðildarríkinu sem hefur lögsögu yfir veitanda fjölmiðlaþjónustunnar sem um ræðir.

4. Ekki má kosta fréttir og fréttatengda þætti. Aðildarríkjum er heimilt að banna sýningu kennimerkis kostunaraðila í dagskrárefni fyrir börn, heimildarmyndum og trúarlegum dagskrárliðum.

11. gr.

1. Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. skulu aðeins gilda um dagskrárliði sem framleiddir eru eftir 19. desember 2009.

2. Vöruinnsetning er bönnuð.

3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er vöruinnsetning leyfileg í eftirfarandi tilvikum nema aðildarríki ákveði annað:

a) í kvikmyndaverkum, myndum og þáttaröðum, gerðum fyrir hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, íþróttaþáttum og léttum skemmtidagskrám,

b) þar sem ekki er um greiðslu að ræða heldur aðeins að tilteknar vörur séu afhentar eða þjónusta veitt án endurgjalds, s.s. leikmunir eða verðlaun, í því skyni að þau verði hluti af dagskrárlið.

Undanþágan, sem kveðið er á um í a-lið, skal ekki gilda um dagskrárliði fyrir börn.

Dagskrárliðir með vöruinnsetningu skulu uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) Ekkert má undir neinum kringumstæðum snerta efni þeirra og, þegar um sjónvarpsútsendingar er að ræða, tímasetningu, þannig að það hafi áhrif á ábyrgð og ritstjórnarlegt sjálfstæði veitanda fjölmiðlaþjónustunnar,

b) Í þeim skal ekki beinlínis hvatt til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu, t.d. með því að auglýsa slíka vöru eða þjónustu sérstaklega,

c) í þeim skal varan sem um ræðir ekki sett fram á óþarflega áberandi hátt,

d) áhorfendum skal greint frá því á skýran hátt sé um vöruinnsetningu að ræða. Dagskrárliðir með vöruinnsetningu skulu auðkenndir á viðeigandi hátt við upphaf og lok dagskrárliðarins og þegar dagskrárliðurinn hefst aftur eftir auglýsingahlé til að koma í veg fyrir misskilning af hálfu áhorfandans.

Í undantekningartilvikum geta aðildarríkin kosið að fella niður kröfurnar sem settar eru fram í d-lið, að því tilskildu að veitandi fjölmiðlaþjónustunnar hafi hvorki sjálfur framleitt dagskrárliðinn, sem um ræðir, né hann verið framleiddur í umboði veitanda fjölmiðlaþjónustunnar eða í fyrirtæki tengdu honum.

4. Í dagskrárliðum skal í öllum tilvikum ekki vera vöruinnsetning fyrir:

a) tóbaksvörur eða vindlinga eða vöruinnsetning frá fyrirtækjum ef meginstarfsemi þeirra felst í að framleiða eða selja vindlinga og aðrar tóbaksvörur

b) lyfjavöru eða lyfjameðferð sem einungis er fáanleg gegn lyfseðli í aðildarríki því sem hefur lögsögu yfir veitanda fjölmiðlaþjónustunnar.

IV. KAFLI

ÁKVÆÐI SEM GILDA AÐEINS UM HLJÓÐ- OG MYNDMIÐLUNARÞJÓNUSTU EFTIR PÖNTUN

12. gr.

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að hljóð- og myndmiðlunarþjónusta eftir pöntun sem veitendur fjölmiðlaþjónustu, sem heyra undir lögsögu þeirra, bjóða og gæti haft afar skaðleg áhrif á líkamlegan, andlega eða siðferðilegan þroska ólögráða barna sé aðeins aðgengileg þannig að tryggt sé að ólögráða börn heyri ekki að öðru jöfnu eða sjái efni í þess háttar pöntunarþjónustu hljóð- og myndmiðla.

13. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að með framboði hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun, sem veitendur fjölmiðlaþjónustu, sem heyra undir lögsögu þeirra veita, stuðli, þegar það er gerlegt, með viðeigandi aðferðum að framleiðslu og aðgangi að evrópskum verkum. Slík kynning gæti m.a. tengst fjárframlögum slíkrar þjónustu til framleiðslu og kaupa á réttindum að evrópskum verkum eða hlutfalli evrópskra verka, eða áberandi stað þeirra, í skrám yfir dagskrárliði frá hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni skýrslu eigi síðar en 19. desember 2011, og á fjögurra ára fresti eftir það, um framkvæmd 1. mgr.

3. Framkvæmdastjórnin skal á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin veita og óháðrar rannsóknar senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um beitingu 1. mgr., að teknu tilliti til markaðs- og tækniþróunar og markmiði um menningarlega fjölbreytni.

V. KAFLI

ÁKVÆÐI VARÐANDI EINKARÉTT OG STUTTAR FRÉTTIR Í SJÓNVARPSÚTSENDINGUM

14. gr.

1. Hvert aðildarríki um sig getur gert ráðstafanir í samræmi við lög Sambandsins til að tryggja að útvarpsrekendur, sem heyra undir lögsögu þess, sendi ekki út í lokaðri dagskrá frá viðburðum sem það aðildarríki telur hafa verulega þýðingu fyrir þegnana og komi þannig í veg fyrir að stór hluti almennings í því aðildarríki hafi möguleika á að fylgjast með slíkum viðburðum í beinni útsendingu, eða seinkaðri útsendingu, í opinni sjónvarpsdagskrá. Fari aðildarríkið þessa leið skal það útbúa skrá yfir valda viðburði, innlenda jafnt sem erlenda, sem það telur að hafi verulega þýðingu fyrir þegnana. Þetta skal gert með skýrum og gagnsæjum hætti og með góðum fyrirvara. Við gerð skrárinnar skal aðildarríkið jafnframt ákveða hvort þessir viðburðir skuli sýndir að öllu leyti eða að hluta til í beinni útsendingu eða, ef með þarf og almennir hagsmunir eru í húfi, að öllu leyti eða að hluta til í seinkaðri útsendingu.

2. Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um hverjar þær ráðstafanir sem þau hafa gert eða hyggjast gera samkvæmt 1. mgr. Innan þriggja mánaða frá slíkri tilkynningu skal framkvæmdastjórnin ganga úr skugga um að ráðstafanirnar samræmist lögum Sambandsins og tilkynna hinum aðildarríkjunum um þær. Hún skal leita álits tengslanefndarinnar sem komið er á fót samkvæmt 29. gr. Hún skal tafarlaust birta upplýsingar um þær ráðstafanir, sem hafa verið gerðar, í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og birta heildarlista yfir þær ráðstafanir, sem aðildarríkin hafa gert, eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess, á viðeigandi hátt og innan ramma eigin löggjafar, að útvarpsrekendur, sem heyra undir þeirra lögsögu, neyti ekki einkaréttar sem þessir útvarpsrekendur hafa keypt eftir 18. desember 2007 þannig að það leiði til þess að verulegum hluta almennings í öðru aðildarríki sé ekki gefinn kostur á að fylgjast með viðburðum, sem umrætt aðildarríki hefur tilgreint í samræmi við 1. og 2. mgr., í beinni útsendingu að öllu leyti eða að hluta til eða, ef með þarf eða viðeigandi af hlutlægum ástæðum og almennir hagsmunir eru í húfi, seinkaðri útsendingu að öllu leyti eða að hluta til í opinni sjónvarpsdagskrá eins og umrætt aðildarríki ákveður í samræmi við 1. mgr.

15. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess, að því er stuttar fréttir varðar, að sérhver útvarpsrekandi, sem hefur staðfestu í Sambandinu, hafi aðgang, með réttlátum og sanngjörnum skilmálum og án mismununar, að viðburðum, sem vekja mikinn áhuga meðal almennings og útvarpsrekandi, sem heyrir undir lögsögu þeirra, sendir út í lokaðri dagskrá.

2. Ef annar útvarpsrekandi, sem hefur staðfestu í sama aðildarríki og útvarpsrekandinn, sem leitar aðgangs, hefur einkarétt á viðburðinum sem vekur mikinn áhuga almennings skal leitað eftir aðgangi hjá þeim útvarpsrekanda.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að slíkur aðgangur sé tryggður með því að heimila útvarpsrekendum frjálst Val á stuttum útdráttum úr útsendingarmerki útvarpsrekandans, sem bera hið minnsta upprunaauðkenni, nema það sé ómögulegt af hagkvæmnisástæðum.

4. Í stað 3. mgr. er aðildarríkjunum heimilt að koma á sambærilegu kerfi þar sem aðgangur fæst með réttlátum og sanngjörnum skilmálum og án mismununar eftir öðrum leiðum.

5. Stuttir útdrættir skulu aðeins notaðir í almenna fréttaþætti og þá má aðeins nota í hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eftir pöntun ef sami dagskrárliður er í boði í seinkaðri útsendingu af sama veitanda fjölmiðlaþjónustu.

6. Með fyrirvara um 1.–5. mgr. skulu aðildarríkin sjá til þess, í samræmi við réttarkerfi og –venjur, að fyrirkomulag og skilyrði varðandi framboð á slíkum stuttum útdráttum séu skilgreind, einkum greiðslufyrirkomulag, hámarkslengd stuttu útdráttanna og tímamörk á útsendingu þeirra. Þar sem kveðið er á um greiðslu skal hún ekki vera hærri en sem nemur viðbótarkostnaði sem beinlínis er stofnað til við að veita aðgang.

VI. KAFLI

EFLING DREIFINGAR OG FRAMLEIÐSLU SJÓNVARPSDAGSKRÁRLIÐA

16. gr.

1. Aðildarríki skulu tryggja, þegar það er gerlegt og með viðeigandi aðferðum, að útvarpsrekendur taki frá meirihluta útsendingartíma síns fyrir evrópsk verk, að frátöldum þeim tíma sem úthlutað er í fréttir, íþróttaviðburði, leiki, auglýsingar, textavarpsþjónustu og fjarkaup. Með hliðsjón af ábyrgð útvarpsrekanda á sviði upplýsinga, fræðslu, menningarmála og afþreyingar gagnvart áhorfendum sínum, ætti að ná þessu hlutfalli smám saman á grundvelli hæfilegra viðmiðana.

2. Þar sem ekki er unnt að ná því hlutfalli sem mælt er fyrir um í 1. mgr., má það ekki vera lægra en meðaltalið fyrir árið1988 í hlutaðeigandi aðildarríki.

Að því er varðar Grikkland og Portúgal skal þó setja árið 1990 í stað ársins 1988.

3. Frá og með 3. október 1991 skulu aðildarríkin, á tveggja ára fresti, láta framkvæmdastjórninni í té skýrslu um framkvæmd þessarar greinar og 17. gr.

Sú skýrsla skal einkum innihalda tölfræðilegar upplýsingar um það hvort náðst hefur hlutfall það sem um getur í þessari grein og í 17. gr. um alla sjónvarpsdagskrárliði sem falla undir lögsögu hlutaðeigandi aðildarríkis, og í hverju tilviki ástæðurnar fyrir því að ekki hefur tekist að ná þessu hlutfalli sem og hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar eða eru fyrirhugaðar til úrbóta.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og Evrópuþinginuum skýrslurnar og láta fylgja þeim álit eftir því sem við á. Framkvæmdastjórnin skal tryggja beitingu þessara greinar ásamt 17. gr. í samræmi við ákvæði samningsins um starfshætti Evrópusambandsins. Framkvæmdastjórnin getur í áliti sínu einkum tekið tillit til framfara sem orðið hafa frá fyrri árum, hlutdeildar frumútsendinga í dagskrárgerðinni, sérstakra aðstæður nýrra sjónvarpsrekenda og sérstakra aðstæðna landa með litla framleiðslugetu á sviði hljóð- og myndmiðlaefnis eða takmörkuð málsvæði.

17. gr.

Aðildarríki skulu tryggja, þegar það er gerlegt og með viðeigandi aðferðum, að útvarpsrekendur taki annað hvort frá a.m.k. 10% útsendingartíma síns, að undanteknum þeim tíma sem úthlutað er í fréttir, íþróttaviðburði, leiki, auglýsingar, textavarpsþjónustu og fjarkaup, eða að öðrum kosti a.m.k. 10% heildardagskrárfjár, að ákvörðun aðildarríkisins, fyrir evrópsk verk eftir framleiðendur sem eru óháðir útvarpsrekendum. Með hliðsjón af ábyrgð útvarpsrekanda á sviði upplýsinga, fræðslu, menningarmála og afþreyingar gagnvart áhorfendum sínum, ætti að ná þessu hlutfalli smám saman á grundvelli hæfilegra viðmiðana. Því þarf að ná með því að ráðstafa nægilega háu hlutfalli til nýlegra verka, þ.e. verka sem send eru út innan 5 ára frá framleiðslu þeirra.

18. gr.

Þessi kafli tekur ekki til sjónvarpsútsendinga sem eru ætlaðar staðbundnum áhorfendahópi og eru ekki hluti af sjónvarpskerfi sem nær um allt land.

VII. KAFLI

SJÓNVARPSAUGLÝSINGAR OG FJARKAUP

19. gr.

1. Sjónvarpsauglýsingar og fjarkaup skulu vera auðþekkjanleg sem slík og vera aðgreind frá ritstjórnarefni. Með fyrirvara um notkun nýrrar auglýsingatækni skal að öllu leyti aðskilja sjónvarpsauglýsingar, fjarsölu og kostun frá öðrum hlutum dagskrárliðarins með sjónrænum og/eða hljóðrænum hætti og/eða staðsetningu.

2. Stök auglýsinga- og fjarkaupainnskot, önnur en í útsendingum íþróttaviðburða, skulu heyra til undantekninga.

20. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess ef sjónvarpsauglýsingum eða fjarkaupainnskotum er skotið inn í dagskrárliði að þess sé gætt að það hafi hvorki áhrif á framvindu þeirra, að teknu tilliti til eðlilegra hléa og til lengdar og eðlis dagskrárliðarins, né skerði rétt rétthafa.

2. Útsendingu mynda sem gerðar eru fyrir sjónvarp (að undanteknum þáttaröðum, framhaldsþáttum og heimildamyndum), kvikmyndaverka og fréttaþátta má rjúfa með sjónvarpsauglýsingum og/eða fjarkaupainnskotum einu sinni fyrir hvert tímabil í dagskránni sem er a.m.k. 30 mínútur. Útsendingu dagskrárliða fyrir börn má rjúfa með sjónvarpsauglýsingum og/eða fjarkaupainnskotum einu sinni fyrir hvert tímabil í dagskránni sem er a.m.k. 30 mínútur, að því tilskildu að dagskrárliðurinn sé lengri en 30 mínútur. Ekki má birta sjónvarpsauglýsingar eða fjarkaupainnskot í útsendingu á guðsþjónustu.

21. gr.

Fjarkaup með lyfjavörur, sem eru háðar markaðsleyfi í skilningi tilskipunar 2001/83/EB, svo og fjarkaup lyfjameðferðar, skulu bönnuð.

22. gr.

Sjónvarpsauglýsingar og fjarkaup á áfengi skulu háð eftirfarandi viðmiðunarreglum:

a) þau mega ekki beinast sérstaklega að ólögráða börnum og sérstaklega má ekki sýna ólögráða börn neyta slíkra drykkja,

b) í þeim skal hvorki tengja neyslu áfengis við bætta líkamlega hæfni né akstur,

c) með þeim skal ekki skapa þá ímynd að neysla áfengis stuðli að félagslegri eða kynferðislegri velgengni,

d) í þeim skal ekki haldið fram að áfengi hafi læknandi eiginleika eða að það sé örvandi, róandi eða stuðli að lausn persónulegra ágreiningsmála,

e) með þeim skal hvorki hvatt til óhóflegrar neyslu áfengis né sýna bindindi eða hófdrykkju í neikvæðu ljósi,

f) ekki skal lögð áhersla á hátt áfengisinnihald sem jákvæðan eiginleika drykkjarvaranna.

23. gr.

1. Hlutfall sjónvarpsauglýsinga- og fjarkaupainnskota á tiltekinni klukkustund má ekki fara yfir 20%.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um tilkynningar frá útvarpsrekanda í tengslum við hans eigin dagskrárliði og stoðframleiðslu, sem leiðir beint af þeim dagskrárliðum, kostunartilkynningar og vöruinnsetningar.

24. gr.

Fjarkaupaþættir skulu skýrt auðkenndir með sjónrænum og hljóðrænum hætti og skulu standa yfir í 15 mínútur órofið hið minnsta.

25. gr.

Þessi tilskipun gildir að breyttu breytanda um sjónvarpsrásir sem eingöngu eru helgaðar auglýsingum og fjarkaupum auk sjónvarpsrása sem eingöngu eru helgaðar kynningum í eigin þágu.

Ákvæði VI. kafla, auk 20. og 23. gr., gilda þó ekki um þessar rásir.

26. gr.

Með fyrirvara um ákvæði 4. gr. geta aðildarríkin, að teknu tilhlýðilegu tilliti til laga Sambandsins, mælt fyrir um önnur skilyrði en þau sem kveðið er á um í 2. mgr. 20. gr. og í 23. gr. varðandi sjónvarpsútsendingar sem einungis eru ætlaðar landsbundna yfirráðasvæðinu og almenningur getur ekki tekið við, hvorki beint né óbeint, í einu eða fleiri öðrum aðildarríkjum.

VIII. KAFLI

VERND ÓLÖGRÁÐA BARNA Í SJÓNVARPSÚTSENDINGUM

27. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að sjónvarpsútsendingar útvarpsrekenda, sem heyra undir lögsögu þeirra, innihaldi ekkert dagskrárliði sem gætu haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska ólögráða barna, einkum og sér í lagi dagskrárliðir sem fela í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi.

2. Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í 1. mgr., skulu einnig ná til annarra dagskrárliða sem hætta er á að skaði líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska ólögráða barna nema þegar tryggt er, með vali á útsendingartíma eða með einhverjum tæknilegum ráðstöfunum, að ólögráða börn á því svæði, sem útsendingin nær til, muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar.

3. Enn fremur skulu aðildarríkin sjá til þess, þegar slíkir dagskrárliðir eru sendir út ólæstir, að á undan því fari hljóðræn viðvörun eða að þeir séu auðkenndir með sjónrænu merki allan tímann sem útsending stendur yfir.

IX. KAFLI

RÉTTUR TIL ANDSVARA Í SJÓNVARPSÚTSENDINGUM

28. gr.

1. Hver einstaklingur eða lögaðili skal hafa rétt til andsvara eða sambærilegra úrræða, án tillits til þjóðernis, hafi lögmætir hagsmunir hans, einkum orðspor og mannorð beðið hnekki af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í sjónvarpsdagskrárlið, með fyrirvara um önnur ákvæði sem samþykkt hafa verið af aðildarríkjunum samkvæmt einkamála-, stjórnsýslu- eða refsirétti. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ekki sé hindrað með ósanngjörnum reglum eða skilyrðum að aðilar neyti í raun réttarins til andsvara eða sambærilegra úrræða. Andsvörin skulu send út innan hæfilegs tíma frá því að rök eru færð fyrir beiðninni og á þeim tíma og með þeim hætti sem hæfir þeirri útsendingu sem beiðnin tekur til.

2. Réttur til andsvara eða sambærileg úrræði skulu vera til staðar að því er varðar alla útvarpsrekendur sem lögsaga aðildarríkis nær til.

3. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að koma á rétti til andsvara eða sambærilegum úrræðum og skulu ákveða málsmeðferð sem fylgja skal við nýtingu þeirra. Einkum skulu þau tryggja að gefinn sé nægilegur frestur og að málsmeðferðin sé slík að réttinum eða hinum sambærilegu úrræðum megi beita á viðeigandi hátt af hálfu einstaklinga eða lögaðila sem búsettir eru eða hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum.

4. Tilmæli um að fá að beita þessum rétti til andsvara eða sambærilegum úrræðum má hafna ef umsækjandinn hefur ekki lögmæta hagsmuni af birtingu slíks andsvars samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. eða ef andsvarið myndi hafa í för með sér refsivert athæfi, ef það gerði útvarpsrekandann ábyrgan eða hefði í för með sér málssókn að einkamálarétti á hendur honum eða bryti í bága við viðurkennt almennt siðgæði.

5. Kveða skal á um málsmeðferð þar sem deilur um nýtingu réttar til andsvara eða sambærilegra úrræða geta verið háðar eftirliti dómstóla.

X. KAFLI

SAMSTARFSNEFND

29. gr.

1. Tengslanefnd skal komið á fót á vegum framkvæmdastjórnarinnar. Hún skal skipuð fulltrúum lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal gegna formennsku í nefndinni og hún skal koma saman annaðhvort að frumkvæði hans eða að beiðni sendinefndar aðildarríkis.

2. Verkefni tengslanefndarinnar skulu vera:

a) að auðvelda framkvæmd þessarar tilskipunar í raun með reglulegu samráði um vandamál sem lúta að beitingu hennar, einkum með tilliti til beitingar 2. gr., svo og um önnur málefni sem álitið er gagnlegt að höfð séu skoðanaskipti um,

b) að skila að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni framkvæmdastjórnarinnar áliti um beitingu aðildarríkjanna á ákvæðum þessarar tilskipunar,

c) að vera vettvangur skoðanaskipta um það hvaða mál beri að taka fyrir í skýrslum þeim sem aðildarríkjunum ber að skila samkvæmt 3. mgr. 16. gr. og um aðferðir við skýrslugerðina.

d) að ræða niðurstöður reglulegs samráðs framkvæmdastjórnarinnar við fulltrúa útvarpsfyrirtækja, framleiðenda, neytenda, framleiðenda búnaðar, þjónustuveitenda og verkalýðsfélaga auk hinna skapandi stétta,

e) að auðvelda upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar um stöðu og þróun eftirlits með hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, með tilliti til stefnu Sambandsins á sviði hljóð- og myndmiðlunar, svo og til þeirra tækninýjunga sem máli skipta,

f) vera vakandi yfir hverri þeirri þróun á þessu sviði sem gagnlegt virðist að eiga skoðanaskipti um.

XI. KAFLI

SAMSTARF MILLI EFTIRLITSYFIRVALDA AÐILDARRÍKJANNA

30. gr.

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að veita hvert öðru og framkvæmdastjórninni þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru við beitingu ákvæða þessarar tilskipunar, einkum 2. gr., 3. gr. og 4. gr., einkum fyrir milligöngu lögbærra, óháðra eftirlitsyfirvalda sinna.

XII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

31. gr.

Á sviðum sem þessi tilskipun samræmir ekki, skal hún ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur aðildarríkjanna sem leiðir af núverandi samningum um fjarskipti eða dreifingu útvarps- og sjónvarpsefnis.

32. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði landslaga sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

33. gr.

Eigi síðar en 19. desember 2011, og á þriggja ára fresti eftir það, skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar og, ef nauðsyn ber til, gera frekari tillögur um aðlögun hennar að þróun mála á sviði hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, einkum með tilliti til nýlegra tækniframfara, samkeppnishæfni greinarinnar og stöðu fjölmiðlalæsis í öllum aðildarríkjunum.

Í skýrslunni skal einnig lagt mat á sjónvarpsauglýsingar sem fylgja eða eru hluti af dagskrárliðum fyrir börn, einkum hvort megindlegu og eigindlegu reglurnar í þessari tilskipun veita nægilega vernd.

34. gr.

Tilskipun 89/552/EBE, eins og henni var breytt með tilskipununum sem skráðar eru í A-hluta I. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skyldur aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til að taka tilskipunina upp í landslög sem eru tilgreindir í B-hluta I. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

35. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

36. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg, 10. mars 2010.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. Buzek	D. López Garrido
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 34. gr.)

Tilskipun ráðsins 89/552/EBE

(Stjtíð. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB

(Stjtíð. EB L 202, 30.7.1997, bls. 60)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/65/EB einungis 1. gr.

(Stjtíð. ESB L 332, 18.12.2007, bls. 27)

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í landslög

(sem um getur í 34. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
89/552/EBE	3. október 1991
97/36/EB	31. desember 1998
2007/65/EB	19. desember 2009

II. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 89/552/EBE	Þessi tilskipun
inngangsorð 1. gr.	inngangsorð 1. mgr. 1. gr.
inngangsorð a-liðar 1. gr.	inngangsorð a-liðar 1. mgr. 1. gr.
fyrsti undirliður a-liðar 1. gr.	i. liður a-liðar 1. mgr. 1. gr.
annar undirliður a-liðar 1. gr.	ii. liður a-liðar 1. mgr. 1. gr.
b- til m-liður 1. gr.	b- til m-liður 1. mgr. 1. gr.
inngangsorð i. liðar n-liðar 1. gr.	inngangsorð n-liðar 1. mgr. 1. gr.
fyrsti undirliður i. liðar n-liðar 1. gr.	i. liður n-liðar 1.mgr. 1.gr.
annar undirliður i. liðar n-liðar 1. gr.	ii. liður n-liðar 1. mgr. 1. gr.
þriðji undirliður i. liðar n-liðar 1. gr.	iii. liður n-liðar 1. mgr. 1. gr.
fjórði undirliður i. liðar n-liðar 1. gr.	2. mgr. 1. gr.
inngangsorð ii. liðar n-liðar 1. gr.	inngangsorð 1. mgr. 3. gr.
fyrsti undirliður ii. liðar n-liðar 1. gr.	i. liður 3. mgr. 1. gr.
annar undirliður ii. liðar n-liðar 1. gr.	ii. liður 3. mgr. 1. gr.
þriðji undirliður ii. liðar n-liðar 1. gr.	iii. liður 3. mgr. 1. gr.
iii. liður n-liðar 1. gr.	4. mgr. 1. gr.
2. gr.	2. gr.
1., 2. og 3. mgr.2. gr. a	1., 2. og 3. mgr. 3. gr.
inngangsorð 4. mgr. 2. gr. a	inngangsorð 4. mgr. 3. gr.
a-liður 4. mgr. 2. gr. a	a-liður 4. mgr. 3. gr.
inngangsorð b-liðar 4. mgr. 2. gr. a	inngangsorð b-liðar 4. mgr. 3. gr.
fyrsti undirliður b-liðar 4. mgr. 2. gr. a	i. liður b-liðar 4.mgr. 3.gr.
annar undirliður b-liðar 4. mgr. 2. gr. a	ii. liður b-liðar 4. mgr. 3.gr.
5. og 6. mgr. 2. gr. a	5. og 6. mgr. 3. gr.
3. gr.	4. gr.
3. gr. a	5. gr.
3. gr. b	6. gr.
3. gr. c	7. gr.
3. gr. d	8. gr.
3. gr. e	9. gr.
3. gr. f	10. gr.
1. mgr. 3. gr. g	2. mgr. 11. gr.
inngangsorð fyrstu undirgreinar 2. mgr. 3. gr. g	inngangsorð fyrstu undirgreinar 3. mgr. 11. gr.
fyrsti undirliður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 3. gr. g	a-liður fyrstu undirgreinar 3. mgr. 11. gr.
annar undirliður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 3. gr. g	b-liður fyrstu undirgreinar 3. mgr. 11. gr.
önnur, þriðja og fjórða undirgrein 2. mgr. 3. gr. g	önnur, þriðja og fjórða undirgrein 3. mgr. 11. gr.

Tilskipun 89/552/EBE	Þessi tilskipun
3. mgr. 3. gr. g	4. mgr. 11. gr.
4. mgr. 3. gr. g	1. mgr. 11. gr.
3. gr. h	12. gr.
3. gr. i	13. gr.
3. gr. j	14. gr.
3. gr. k	15. gr.
1., 2. og 4. mgr. 3. gr.	1., 2. og 16. mgr. 3. gr.
4. mgr. 4. gr.	—
5. gr.	17. gr.
9. gr.	18. gr.
10. gr.	19. gr.
11. gr.	20. gr.
14. gr.	21. gr.
15. gr.	22. gr.
18. gr.	23. gr.
18. gr. a	24. gr.
19. gr.	25. gr.
20. gr.	26. gr.
22. gr.	27. gr.
23. gr.	28. gr.
23. gr. a	29. gr.
23. gr. b	30. gr.
24. gr.	31. gr.
—	32. gr.
26. gr.	33. gr.
—	34. gr.
—	35. gr.
27. gr.	36. gr.
—	I. viðauki
—	II. viðauki

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/9/38**

frá 3. febrúar 2012

um breytingu á ákvörðun 2008/911/EB um að taka saman skrá yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir (*)

(tilkynnt með númeri C(2012) 514)

(2012/67/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([1]), einkum 16. gr. f,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu, sem jurtalyfjanefndin setti fram 15. júlí 2010,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Thymus vulgaris L. og Thymus zygis Loefl ex L geta talist jurtaefni, fullbúið jurtalyf eða samsetning þeirra í skilningi tilskipunar 2001/83/EB og uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þeirri tilskipun.

2) Því er viðeigandi að færa Thymus vulgaris L. og Thymus zygis Loefl. ex L. á skrána yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra, til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/911/EB ([2]).

3) Því ber að breyta ákvörðun 2008/911/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um mannalyf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2008/911/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 3. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John Dalli

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 34, 7.2.2012, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 63, 8.11.2012, bls. 36.

([1]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

([2]) Stjtíð. ESB L 328, 6.12.2008, bls. 42.

VIÐAUKI

Ákvörðun 2008/911/EB er breytt sem hér segir:

1) Í I. viðauka bætist eftirfarandi efni við á eftir Pimpinella anisum L.:

„Thymus vulgaris L., Thymus zygis Loefl. ex L., aetheroleum“.

2) Í II. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Pimpinella anisum L.:

„FÆRSLA UM THYMUS VULGARIS L. OG THYMUS ZYGIS LOEFL. EX L., AETHEROLEUM Í SKRÁ BANDALAGSINS

Vísindaheiti plöntunnar

Thymus vulgaris L., Thymus zygis Loefl. ex L.

Grasafræðileg ætt

Varablómaætt (Lamiaceae)

Fullbúið/fullbúin jurtalyf

Ilmkjarnaolía sem fæst með gufueimingu á ferskum, blómstrandi hlutum Thymus vulgaris L. eða Thymus zygis Loefl. ex L. sem eru ofanjarðar eða blöndu beggja tegunda.

Tilvísun í gæðalýsingu efnis í Evrópsku lyfjaskránni

01/2008:1374

Ábending/ábendingar

Jurtalyf, sem hefð er fyrir, til að draga úr einkennum hósta og kvefs.

Lyfið er jurtalyf, sem hefð er fyrir, við tiltekinni ábendingu sem byggist eingöngu á langvarandi notkun.

Tegund hefðar

Evrópsk

Tiltekinn styrkleiki

Sjá „skammtar“

Skammtar

Fullorðnir og aldraðir

Notkun á húð: í lyfjaformum á fljótandi og hálfföstu formi í styrk sem nemur allt að 10%, sem skal bera á allt að þrisvar á dag.

Notkun sem aukefni í bað: 0,007–0,025 g á hvern lítra.

Unglingar

Notkun sem aukefni í bað: 0,007–0,025 g á hvern lítra.

Börn 6 til 12 ára

Notkun sem aukefni í bað: 0,0035–0,017 g á hvern lítra.

Börn 3 til 6 ára

Notkun sem aukefni í bað: 0,0017–0,0082 g á hvern lítra.

Eitt bað á dag eða annan hvern dag.

Ekki er mælt með því að börn og unglingar yngri en 18 ára noti lyfið á húð (sjá hlutann „Sérstök varnaðarorð og varúðarráðstafanir við notkun“).

Ekki er mælt með lyfinu fyrir börn yngri en 3 ára sem aukefni í bað (sjá hlutann „Sérstök varnaðarorð og varúðarráðstafanir við notkun“).

Íkomuleið

Notkun á húð: berið á bringu og bak.

Notkun sem aukefni í bað: ráðlagt hitastig baðs: 35–38 °C.

Meðferðarlengd eða takmarkanir varðandi meðferðarlengd

Lengd baðs: 10–20 mínútur.

Ef einkennin hverfa ekki eftir eina viku skal leita ráða hjá lækni eða öðrum hæfum heilbrigðisstarfsmanni.

Aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til öruggrar notkunar

Frábendingar

Ofurnæmi gagnvart virka efninu.

Notkun sem aukefni í bað:

Ekki skal baða allan líkamann þegar um er að ræða opin sár, umfangsmikinn skaða á húð, bráða húðsjúkdóma, háan hita, alvarlegar sýkingar, alvarlegar truflanir í blóðrás og hjartabilun.

Sérstök varnaðarorð og varúðarráðstafanir við notkun

Til notkunar á húð.

Eins og þegar um er að ræða aðrar ilmkjarnaolíur þá skal ekki bera timjanolíu á andlitið, einkum ekki nálægt nösum hvítvoðunga og barna yngri en 2 ára, vegna hættunnar á raddbandakrampa.

Ef upp kemur andnauð, sótt eða graftarhráki skal leita ráða læknis eða annars hæfs heilbrigðisstarfsmanns.

Ekki er mælt með lyfinu fyrir börn eða unglinga yngri en 18 ára þar sem nægilegar upplýsingar liggja ekki fyrir hvað það varðar.

Notkun sem aukefni í bað:

Ef upp kemur andnauð, sótt eða graftarhráki skal leita ráða læknis eða annars hæfs heilbrigðisstarfsmanns.

Ekki er mælt með lyfinu fyrir börn yngri en 3 ára þar sem nægilegar upplýsingar liggja ekki fyrir hvað það varðar og leita skal ráðlegginga læknis.

Ef um er að ræða háþrýsting skal sýna varúð þegar allur líkaminn er baðaður.

Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki hefur verið tilkynnt um milliverkanir.

Meðganga og mjólkurskeið

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi meðan á meðgöngu og mjólkurskeiði stendur.

Þar sem nægilegar upplýsingar liggja ekki fyrir er ekki mælt með því að nota lyfið meðan á meðgöngu og mjólkurskeiði stendur.

Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Engar rannsóknir hafa farið fram varðandi áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

Aukaverkanir

Ofurnæmissvaranir og erting í húð hefur komið fyrir Tíðnin er ekki þekkt.

Ef aðrar aukaverkanir, sem ekki eru nefndar hér á undan, koma fram skal leita ráðlegginga læknis eða annars hæfs heilbrigðisstarfsmanns.

Ofskömmtun

Ekkert ofskömmtunartilvik hefur verið tilkynnt.

Lyfjafræðilegar upplýsingar (ef nauðsyn krefur)

Á ekki við.

Lyfjafræðileg áhrif eða líkleg verkun á grundvelli langvarandi notkunar og reynslu (ef nauðsyn krefur vegna öruggrar notkunar vörunnar)

Á ekki við.“

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2013/EES/9/39

frá 3. febrúar 2012

um breytingu á ákvörðun 2008/911/EB um að taka saman skrá yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir (*)

(tilkynnt með númeri C(2012) 516)

(2012/68/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([1]), einkum 16. gr. f,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu, sem jurtalyfjanefndin setti fram 15. júlí 2010,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Vitis vinifera L. getur talist jurtaefni, fullbúið jurtalyf eða samsetning þeirra í skilningi tilskipunar 2001/83/EB og uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í þeirri tilskipun.

2) Því er viðeigandi að færa Vitis vinifera L. á skrána yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra, til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/911/EB ([2]).

3) Því ber að breyta ákvörðun 2008/911/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um mannalyf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2008/911/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 34, 7.2.2012, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 63, 8.11.2012, bls. 36.

([1]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

([2]) Stjtíð. ESB L 328, 6.12.2008, bls. 42.

VIÐAUKI

Ákvörðun 2008/911/EB er breytt sem hér segir:

1) Í I. viðauka bætist eftirfarandi efni við á eftir Thymus vulgaris L., Thymus zygis Loefl. ex L., aetheroleum:

„Vitis vinifera L., folium“

2) Í II. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Thymus vulgaris L. Thymus zygis Loefl. ex L.:

„FÆRSLA UM VITIS VINIFERA L., FOLIUM Í SKRÁ BANDALAGSINS

Vísindaheiti plöntunnar

Vitis vinifera L.

Grasafræðileg ætt

Vínviðarætt (Vitaceae)

Jurtaefni

Vínviðarlauf (1)

Almennt heiti jurtaefnisins á öllum opinberum tungumálum ESB

BG (búlgarski): лоза, лист

CS (čeština): Červený list vinné révy

DA (dansk): Vinblad

DE (Deutsch): Rote Weinrebenblätter

EL (elliniká): Φύλλο Αμπέλου

EN (English): Grapevine leaf

ES (español): Vid, hoja de

ET (eesti keel): Viinapuu lehed

FI (suomi): Aitoviiniköynnös, lehti

FR (français): Feuille de vigne rouge

HU (magyar): Bortermő szőlő levél

IT (italiano): Vite, foglia

LT (lietuvių kalba): Tikrųjų vynmedžių lapai

LV (latviešu valoda): Īstā vīnkoka lapas

MT (malti): Werqa tad-dielja

NL (nederlands): Wijnstokblad

PL (polski): Liść winorośli właściwej

PT (português): Folha de videira

RO (română): Frunze de viţă-de-vie

SK (slovenčina): List viniča

SL (slovenščina): List vinske trte

SV (svenska): Blad från vinranka

IS (íslenska): Vínviðarlauf

NO (norsk): Rød vinranke, blad

Fullbúið/fullbúin jurtalyf

Þykktur útdráttur (2.5-4:1, útdráttarleysir: vatn)

Tilvísun í gæðalýsingu efnis í Evrópsku lyfjaskránni

Á ekki við

Ábending/ábendingar

Jurtalyf, sem hefð er fyrir, til að draga úr einkennum óþæginda og þyngsla í fótleggjum vegna minni háttar truflana í blóðrás.

Lyfið er jurtalyf, sem hefð er fyrir, við tilteknu ábendingunni sem byggist eingöngu á langvarandi notkun.

Tegund hefðar

Evrópsk

Tiltekinn styrkleiki

Sjá „skammtar“.

Skammtar

Fullorðnir og aldraðir

Þykktur útdráttur (2.5-4:1, útdráttarleysir: vatn) á kremgrunni (10 g innihalda 282 mg af þykktum útdrætti).

Berið þunnt lag á sýkta svæðið einu sinni til þrisvar á dag.

Ekki er mælt með lyfinu fyrir börn og unglinga yngri en 18 ára (sjá „Sérstök varnaðarorð og varúðarráðstafanir við notkun“).

Íkomuleið

Til notkunar á húð.

Meðferðarlengd eða takmarkanir varðandi meðferðarlengd

Fullorðnir og aldraðir

Mælt er með því að nota lyfið í 4 vikur.

Ef einkenni hverfa ekki eftir að jurtalyfið hefur verið notað í tvær vikur skal leita ráða frá lækni eða öðrum hæfum heilbrigðisstarfsmanni.

Aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til öruggrar notkunar

Frábendingar

Ofurnæmi gagnvart virka efninu.

Sérstök varnaðarorð og varúðarráðstafanir við notkun

Ef upp kemur bólga í húð, segablæðabólga eða herslismyndun undir húð, mikill sársauki, sár, skyndileg bólga í öðrum eða báðum fótleggjum, hjartabilun eða vanstarfsemi nýrna skal leita læknis.

Lyfið má ekki nota á sár, umhverfis augun eða á slímhúðir.

Ekki er mælt með lyfinu fyrir börn og unglinga yngri en 18 ára þar sem nægilegar upplýsingar varðandi öryggi liggja ekki fyrir.

Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki hefur verið tilkynnt um milliverkanir.

Meðganga og mjólkurskeið

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi meðan á meðgöngu og mjólkurskeiði stendur. Þar sem nægilegar upplýsingar liggja ekki fyrir er ekki mælt með því að nota lyfið meðan á meðgöngu og mjólkurskeiði stendur.

Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Engar rannsóknir hafa farið fram varðandi áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

Aukaverkanir

Tilkynnt hefur verið um snertiofnæmi og/eða ofurnæmissvörun í húð (kláði og hörundsroði, ofsakláði). Tíðni þeirra er ekki þekkt.

Ef aðrar aukaverkanir, sem ekki eru nefndar hér á undan, koma fram skal leita ráðlegginga læknis eða annars hæfs heilbrigðisstarfsmanns.

Ofskömmtun

Ekkert ofskömmtunartilvik hefur verið tilkynnt.

Lyfjafræðilegar upplýsingar (ef nauðsyn krefur)

Á ekki við.

Lyfjafræðileg áhrif eða líkleg verkun á grundvelli langvarandi notkunar og reynslu (ef nauðsyn krefur vegna öruggrar notkunar vörunnar)

Á ekki við.

([1]) Efnið er í samræmi við gæðalýsingu efnisins í Pharmacopée Française X., 1996.“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/9/40**

frá 27. apríl 2011

um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (*)

(tilkynnt með númeri C(2011) 2772)

(2011/278/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 10. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 10. gr. a í tilskipuninni er þess krafist að framkvæmdarráðstafanirnar um úthlutun losunarheimilda án endurgjalds, sem eru að öllu leyti samræmdar og gilda í öllu Bandalaginu, skuli, eftir því sem unnt er, ákvarða fyrirframákveðnar viðmiðanir til að tryggja að úthlutunar losunarheimilda án endurgjalds fari fram þannig að þær séu hvati til skerðingar á losun gróðurhúsalofttegunda og notkunar á tækni sem stuðlar að orkunýtni með því að hafa hliðsjón af skilvirkustu tækni, staðgönguefnum, staðgönguframleiðsluaðferðum, samvinnslu raf- og varmaorku með góða orkunýtni og orkunýtinni endurnýtingu úrgangslofts og með því að nota lífmassa og fanga og geyma koltvísýring, þar sem slík aðstaða er fyrir hendi, og þær skulu ekki fela í sér hvata til að auka losun. Úthlutanir verða að hafa verið ákveðnar áður en viðskiptatímabilið hefst svo að markaðurinn starfi eðlilega.

2) Við skilgreiningu á meginreglunum fyrir fyrirframákveðnar viðmiðanir í einstökum geirum og undirgeirum skal upphafspunkturinn miðast við meðalárangurinn hjá 10% af skilvirkustu stöðvunum í tilteknum geira eða undirgeira í ESB á árunum 2007 til 2008. Viðmiðanirnar skulu að jafnaði reiknaðar út fyrir vörur í stað aðfanga til að hámarka skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda og sparnað af orkunýtni í hverju framleiðsluferli geirans eða undirgeirans sem um er að ræða.

3) Við setningu viðmiðananna hefur framkvæmdastjórnin haft samráð við viðkomandi hagsmunaaðila, þ.m.t. hlutaðeigandi geirar og undirgeirar. Upplýsingum, sem voru nauðsynlegar til að setja viðmiðanirnar, upplýsingum um framleiðslu, losun og orkunotkun stöðva, var safnað frá og með febrúar 2009 frá iðnaðarsamtökum, aðildarríkjunum, heimildum sem voru aðgengilegar öllum og fengust á almennum markaði og með könnun sem stöðvarnar voru hvattar til að taka þátt í.

4) Framkvæmdastjórnin hefur, að því marki sem mögulegt er, sett viðmiðanir fyrir vörur og hálfunnar vörur sem stöðvar versla með sín á milli og eru framleiddar í tengslum við starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB. Að meginreglu til skal skilgreina eina viðmiðun fyrir hverja vöru. Ef unnt er að skipta tiltekinni vöru beint fyrir aðra vöru skulu þær báðar falla undir sömu vöruviðmiðunina og tengda vöruskilgreiningu.

5) Framkvæmdastjórnin taldi að mögulegt væri að setja viðmiðun fyrir tiltekna vöru, að teknu tilliti til flókinna framleiðsluferla, ef vöruskilgreiningar og -flokkun lægju fyrir sem gerðu það kleift að sannprófa framleiðslugögn og beita vöruviðmiðuninni á samræmdan hátt í Sambandinu í tengslum við úthlutun losunarheimilda. Ekki var gerður greinarmunur á grundvelli landfræðilegrar legu eða tækninnar, hráefnanna eða eldsneytisins sem notað er, til að raska ekki hlutfallslegum yfirburðum kolefnisnýtni í hagkerfi Sambandsins og til að auka samræmingu á úthlutun losunarheimilda án endurgjalds á umbreytingartímabilinu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2012 frá 26. júlí 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 63, 8.11.2012, bls. 43.

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

6) Viðmiðunargildin skulu taka til allrar beinnar losunar er tengist framleiðslu, þ.m.t. losun í tengslum við framleiðslu á mælanlegum varma til framleiðslu, óháð því hvort mælanlegi varminn var framleiddur á staðnum eða í annarri stöð. Losun í tengslum við raforkuframleiðslu og útflutning á mælanlegum varma, þ.m.t. losun sem komið var í veg fyrir frá annars konar varma- eða raforkuframleiðslu þegar um var að ræða útvermin ferli eða raforkuframleiðslu án beinnar losunar, var dregin frá þegar viðmiðunargildin voru sett. Ef frádráttur losunar í tengslum við útflutning á mælanlegum varma var ekki gerlegur skal þessi varmi ekki tekinn með í úthlutun losunarheimilda án endurgjalds.

7) Til að tryggja að viðmiðanir leiði til minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda, að því er varðar sum framleiðsluferli þar sem ákveðinn möguleiki á skiptum milli beinnar losunar, sem uppfyllir viðmiðanir fyrir úthlutun losunarheimilda án endurgjalds, og óbeinnar losunar frá raforkuframleiðslu, sem uppfyllir ekki viðmiðanir fyrir úthlutun án endurgjalds á grundvelli tilskipunar 2003/98/EB, hefur heildarlosunin, þ.m.t. óbein losun í tengslum við raforkuframleiðslu, verið tekin með við ákvörðun viðmiðunargilda til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir stöðvar sem nota mikið eldsneyti og raforku. Þegar losunarheimildum er úthlutað á grundvelli viðkomandi viðmiðana skal eingöngu taka mið af hlutdeild beinnar losunar í heildarlosuninni til að koma í veg fyrir úthlutun losunarheimilda án endurgjalds að því er varðar losun er tengist raforku.

8) Til að ákvarða viðmiðunargildi hefur framkvæmdastjórnin notað sem upphafspunkt meðalgildi árangurs í tengslum við losun gróðurhúsalofttegunda hjá skilvirkustu stöðvunum 2007 og 2008 sem gögn hafa verið tekin saman um. Að auki hefur framkvæmdastjórnin, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, greint fyrir alla geira, þar sem kveðið hefur verið á um vöruviðmiðun í I. viðauka, á grundvelli viðbótarupplýsinga frá nokkrum heimildum og á grundvelli sérstakrar rannsóknar til greiningar á skilvirkustu tækninni og möguleikanum á að draga úr losun í Evrópu og á heimsvísu, hvort þessir upphafspunktar endurspegla á fullnægjandi hátt skilvirkustu tæknina, staðgönguefni, staðgönguframleiðsluaðferðir, samvinnslu með góðri orkunýtni, orkunýtni endurnýtingu úrgangslofts og notkun lífmassa og föngun og geymslu koltvísýrings þar sem slík aðstaða er fyrir hendi. Gögnum, sem eru notuð til að ákvarða viðmiðunargildin, hefur verið safnað frá margvíslegum heimildum í því skyni að taka til sem flestra stöðva þar sem vörur, sem viðmiðanir eru settar fyrir, voru framleiddar 2007 og 2008. Fyrst var gögnum um árangur stöðva, sem heyra undir viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir og framleiða vörur sem viðmiðanir eru settar fyrir, safnað saman af viðkomandi evrópskum atvinnugreinasamtökum, eða fyrir hönd þeirra, í tengslum við skilgreindar reglur („reglubækur fyrir atvinnugreinar“). Þessar reglubækur byggjast á leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar um gæða- og sannprófunarviðmiðanir fyrir gögn um setningu viðmiðana í tengslum við viðskiptakerfi Evrópusambandsins fyrir losunarheimildir. Til viðbótar við gagnasöfnun evrópsku atvinnugreinasamtakanna söfnuðu ráðgjafar síðan saman gögnum, fyrir hönd framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, frá stöðvum sem falla ekki undir gögn viðkomandi atvinnugreina og að auki lögðu lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum fram gögn og greiningar.

9) Til að tryggja að viðmiðunargildin byggist á réttum gögnum, sem eru í samræmi við reglur, hafði framkvæmdastjórnin, með aðstoð ráðgjafa, nákvæmt eftirlit með samræmi við reglubækur fyrir atvinnugreinar og framkvæmdi auk þess sennileikaathuganir að því er varðar gildi upphafspunkta sem reiknuð eru út frá gögnunum. Óháðir sannprófendur hafa sannprófað gögn, eftir því sem þurfa þykir, eins og tilgreint er í leiðbeiningunum um gæði og sannprófun.

10) Ef margs konar vörur eru framleiddar í einni og sömu stöð og ekki hefur verið talið gerlegt að fastsetja losun fyrir einstakar vörur hafa aðeins verið tekin saman gögn um stöðvar þar sem aðeins ein vara er framleidd og þær teknar með við setningu viðmiðananna. Þetta varðar vöruviðmiðanir fyrir kalk, kalk úr dólómíti, flöskur og krukkur úr ólituðu gleri, flöskur og krukkur úr lituðu gleri, múrsteina til klæðningar, hellusteina, úðaþurrkað duft, óhúðaðan gæðaprentpappír, pappírsþurrkur, testliner-pappa og bylgjupappír, óhúðaðan og húðaðan pappa. Til að auka marktækni og athuga sennileika niðurstaðnanna hafa gildin fyrir meðalárangurinn hjá 10% af skilvirkustu stöðvunum verið borin saman við heimildir um skilvirkustu tæknina.

11) Ef engin gögn liggja fyrir, eða ef engum gögnum hefur verið safnað í samræmi við aðferðina við setningu viðmiðana, hafa upplýsingar um núverandi umfang losunar og notkunar og um skilvirkustu tæknina, sem einkum eru fengnar úr tilvísunarskjölum um bestu, fáanlegu tækni (BREF), sem eru tekin saman í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB frá 15. janúar 2008 um samþættar ráðstafanir til að fyrirbyggja og takmarka mengun ([1]), verið notaðar til að ákvarða viðmiðunargildi. Vegna skorts á gögnum um meðhöndlun úrgangslofts, varmaútflutnings og raforkuframleiðslu hafa gildin fyrir vöruviðmiðanir fyrir koks og heitan málm einkum verið ákvörðuð út frá útreikningum á beinni og óbeinni losun á grundvelli upplýsinga í viðkomandi tilvísunarskjölum um bestu, fáanlegu tækni um viðeigandi orkuflæði og sjálfgefnum losunarstuðlum sem settir eru fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/589/EB frá 18. júlí 2007 um að setja viðmiðunarreglur um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([2]). Gögn, sem varða vöruviðmiðunina fyrir glætt málmgrýti, hafa einnig verið leiðrétt á grundvelli

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 8.
([2]) Stjtíð. ESB L 229, 31.8.2007, bls. 1.

viðeigandi orkuflæðis í tengslum við viðkomandi tilvísunarskjöl um bestu, fánlegu tækni, með tilliti til bruna úrgangslofts í geiranum.

12) Ef ekki er gerlegt að ákvarða vöruviðmiðun þrátt fyrir að gróðurhúsalofttegundir, sem falla undir úthlutun losunarheimilda án endurgjalds, séu fyrir hendi skal úthluta þessum losunarheimildum á grundvelli almennra varaaðferða. Stigskiptingu í þrjár varaaðferðir hefur verið komið á í því skyni að draga sem mest úr losun gróðurhúsalofttegunda og hámarka orkusparnað í a.m.k. hluta viðkomandi framleiðsluferla. Varmaviðmiðunin á við um ferli, þar sem varmi er notaður, ef notaður er mælanlegur varmaberi. Eldsneytisviðmiðunin á við þegar ómælanlegur varmi er notaður. Varma- og eldsneytisviðmiðunargildin hafa verið ákvörðuð á grundvelli meginreglna um gagnsæi og einfaldleika með því að nota nýtniviðmiðanir eldsneytis sem er almennt tiltækt og talið er næstbest að því er varðar skilvirkni í tengslum við gróðurhúsalofttegundir, með hliðsjón af orkunýtnum aðferðum. Að því er varðar vinnslulosun skal úthluta losunarheimildum á grundvelli sögulegrar losunar. Til að tryggja að úthlutun losunarheimilda án endurgjalds vegna slíkrar losunar veiti nægilega hvatningu til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og koma í veg fyrir mismunandi meðhöndlun vinnslulosunar, sem er úthlutað á grundvelli sögulegrar losunar, og vinnslulosunar innan kerfismarka vöruviðmiðunar skal sögulegt starfsemisstig hverrar stöðvar margfaldað með stuðlinum 0,9700 til að ákvarða fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds.

13) Frá og með árinu 2013 skulu allar úthlutanir án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB fara fram í samræmi við þessar reglur. Nota skal stuðlana í VI. viðauka til að hrinda umbreytingarkerfinu, sem kveðið er á um í 11. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, í framkvæmd en samkvæmt því skal draga úr úthlutun losunarheimilda án endurgjalds úr 80% af fjöldanum sem samsvarar þeim losunarheimildum sem skal úthluta 2013 í 30% af þessum fjölda 2020, með það í huga að úthlutanir án endurgjalds verði engar árið 2027. Ef geiri eða undirgeiri hefur verið færður í skrána samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/2/ESB frá 24. desember 2009 um samantekt skrár samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB yfir geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka ([1]), gilda þessar breytur ekki. Tillit verður tekið til úthlutunar samkvæmt þessari ákvörðun við samantekt síðari skráa yfir geira eða undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu að því er varðar kolefnisleka.

14) Til að auðvelda gagnasöfnun frá rekstraraðilum og útreikninga á losunarheimildum, sem aðildarríkin eiga að úthluta, skal skipta hverri stöð í undirstöðvar þegar þess er krafist. Aðildarríkin skulu tryggja að losun sé rakin til viðeigandi undirstöðvar og að undirstöðvar skarist ekki á neinn hátt.

15) Aðildarríkin skulu tryggja að gögn, sem safnað er frá rekstraraðilum og eru notuð í tengslum við úthlutun, séu fullnægjandi, samræmd og eins nákvæm og unnt er. Óháður sannprófandi skal staðfesta gögnin til að tryggja að úthlutun losunarheimilda án endurgjalds byggist á traustum og áreiðanlegum gögnum. Í þessari ákvörðun skal kveðið á um sértækar lágmarkskröfur um gagnasöfnun og sannprófun til að auðvelda samhæfða og samræmda beitingu úthlutunarreglnanna.

16) Fjöldi losunarheimilda, sem skal úthluta án endurgjalds til starfandi stöðva, skal byggjast á sögulegum framleiðslugögnum. Til að tryggja að viðmiðunartímabilið sé eins dæmigert fyrir iðnaðarferli og unnt er, að það nái yfir viðeigandi tímabil þegar vönduð gögn eru tiltæk og dragi úr áhrifum sérstakra aðstæðna, s.s. tímabundinnar lokunar stöðvar, hafa söguleg starfsemisstig verið byggð á meðalgildi framleiðslunnar á tímabilinu frá 1. janúar 2005 til 31. desember 2008 eða, ef það er hærra, á meðalgildi framleiðslunnar á tímabilinu frá 1. janúar 2009 til 31. desember 2010. Einnig er rétt að taka tillit til allra mikilvægra breytinga á afkastagetu sem kunna að hafa orðið á viðkomandi tímabili. Að því er varðar nýja aðila skal ákvörðun starfsemisstiga grundvallast af staðalnýtingu afkastagetu sem byggist á upplýsingum sem eru bundnar við tiltekna geira eða nýtingu afkastagetu sem er bundin tiltekinni stöð.

17) Upplýsingarnar, sem aðildarríkin safna, skulu auðvelda beitingu þessarar ákvörðunar af hálfu lögbærra yfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar.

18) Til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni og tryggja skipulega starfsemi kolefnismarkaðarins skulu aðildarríkin tryggja að þegar úthlutun til einstakra stöðva er ákvörðuð eigi hvorki tvítalning sér stað né tvöföld úthlutun. Í þessu samhengi skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum þeim tilvikum þegar vara með vöruviðmiðun er framleidd í fleiri en einni stöð, þegar fleiri en ein vara með vöruviðmiðun er framleidd í sömu stöðinni eða þegar skipst er á hálfunnum vörum yfir stöðvamörk.

([1]) Stjtíð. ESB L 1, 5.1. 2010, bls. 10.

19) Til að tryggja að viðskiptakerfið fyrir losunarheimildir dragi úr losun með tímanum er kveðið á um það í tilskipun 2003/87/EB að heildarfjöldi losunarheimilda í Sambandinu skuli minnka línulega. Þar sem tekið er tillit til þessarar minnkunar heildarfjölda losunarheimilda í Sambandinu við ákvörðun á árlegum hámarksfjölda losunarheimilda skv. 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB skal aðlaga allar losunarheimildir sem er úthlutað án endurgjalds á grundvelli þessarar ákvörðunar til stöðva, sem falla ekki undir þennan árlega hámarksfjölda sem um getur í 5. mgr. 10. gr. a, með sömu línulegu aðferðinni og notuð er í tengslum við heildarfjölda losunarheimilda í Sambandinu, með 2013 sem viðmiðunarár.

20) Samræmdi leiðréttingarstuðullinn, sem liggur þvert á atvinnugreinar og er notaður á hverju ári á tímabilinu 2013 til 2020 fyrir stöðvar sem ekki eru tilgreindar sem raforkuframleiðendur og eru ekki nýir aðilar, skv. 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, skal ákvarðaður á grundvelli bráðabirgðatalna yfir árlegan heildarfjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds á tímabilinu 2013 til 2020, reiknaðar út fyrir þessar stöðvar samkvæmt þessari ákvörðun, þ.m.t. stöðvarnar sem mögulega verða undanskildar skv. 27. gr. þeirrar tilskipunar. Bera skal saman þennan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds á hverju ári viðkomandi tímabils, við árlegan fjölda losunarheimilda, sem er reiknaður í samræmi við 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, til stöðva sem eru ekki raforkuframleiðendur eða nýir aðilar, með tilliti til viðeigandi hluta árlegs heildarfjölda í Bandalaginu, sem er ákvarðaður skv. 9. gr. þeirrar tilskipunar, og viðeigandi magns losunar sem fellur aðeins undir kerfi Sambandsins frá og með árinu 2013.

21) Ef tvær eða fleiri stöðvar skiptast á mælanlegum varma skal úthlutun losunarheimilda án endurgjalds byggjast á varmanotkun stöðvar og taka mið af áhættunni að því er varðar kolefnisleka. Til að tryggja að fjöldi losunarheimilda, sem skal úthluta án endurgjalds, sé óháður hitaveitukerfi skal því úthluta losunarheimildunum til varmanotenda.

22) Til að auka marktækni fyrirliggjandi gagna um árangur stöðva í tengslum við losun gróðurhúsalofttegunda sem fellur undir kerfi Sambandsins byggjast vöruviðmiðanirnar fyrir súlfítpappírsdeig, hitameðhöndlað og vélunnið pappírsdeig, vélunnið pappírsdeig og endurheimtan pappír á upplýsingum í tilvísunarskjölum um skilvirkustu tæknina sem endurspegla notkun á jarðefnaeldsneyti fyrir gangsetningu, notkun jarðefnaeldsneytis (fyrir súlfítpappírsdeig, hitameðhöndlað og vélunnið pappírsdeig og vélunnið pappírsdeig) og varmaorku (fyrir endurheimtan pappír). Vöruviðmiðunin fyrir dagblaðapappír byggist einnig á skilvirkustu tækninni sem endurspeglar notkun á varmaorku til að ákvarða marktækt viðmiðunargildi.

23) Í því skyni að taka tillit til viðbótarlosunar gróðurhúsalofttegunda, sem endurspeglast ekki í gögnunum sem notuð eru til að ákvarða viðmiðunargildi fyrir tilteknar stöðvar, einkum losun metans, og til að tryggja að úthlutun losunarheimilda án endurgjalds á grundvelli vöruviðmiðunarinnar taki mið af skilvirkni vinnsluferla í tengslum við gróðurhúsalofttegundir og hvetji ekki til aukinnar losunar hafa einstakir gagnapunktar stöðvanna um viðmiðunarferilinn fyrir saltpéturssýru verið leiðréttir á grundvelli upplýsinga um meðaltal þessarar losunar, sem atvinnugreinarnar leggja fram, og upplýsinga úr tilvísunarskjölum um bestu, fáanlegu tækni. Vöruviðmiðunin fyrir saltpéturssýru endurspeglar þessa leiðréttingu.

24) Til að taka mið af mismunandi uppbyggingu hreinsunarstöðva skal vöruviðmiðunin fyrir hreinsunarstöðvageirann byggjast á aðferð með CO2-vegnum tonnum (hér á eftir nefnd CWT-aðferðin). Eina vara hreinsistöðvarinnar verður því CWT og framleiðsla hennar er reiknuð út frá ákvörðuðum, almennum vinnsluеiningum, sem hver og ein hefur verið vegin með losunarstuðli í hlutfalli við hráeimingu (táknað sem CWT-stuðullinn), sem er dæmigerður fyrir umfang CO2-losunarinnar við meðalorkunýtni, fyrir sömu staðaleldsneytistegundina fyrir hverja vinnslueiningu fyrir bruna og fyrir meðalvinnslulosunina í vinnslueiningunni. Á þeim grundvelli hafa gagnapunktarnir, sem eru notaðir til að fastsetja vöruviðmiðunina, verið afleiddir með því að bera saman raunverulega losun og heildar-CWT í hverri hreinsunarstöð. Úthlutun losunarheimilda án endurgjalds til hreinsunarstöðva er síðan leiðrétt til að undanskilja raforkunotkun og -framleiðslu til samræmis við 1. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

25) Með hliðsjón af því að unnt er að ná mjög mismunandi vörugæðum skulu vöruviðmiðanir fyrir kalk og kalk úr dólómíti vísa til staðalsamsetningar að því er varðar kalsíumoxíð og magnesíumoxíð. Að því er varðar losun við brennslu eru notuð gögn fyrir sértæka losun við brennslu í tengslum við framleiðslu þessara staðalvara á grundvelli ákvörðunar 2007/589/EB.

26) Þar eð nokkrar vöruviðmiðanir, s.s. viðmiðanirnar fyrir ammoníak og sóda, miðast við að allur koltvísýringur frá framleiðsluferlum sé losaður út í andrúmloftið skal vakta losun og skrá hana í samræmi við reglugerðir fyrir vöktun og skráningu losunar frá þeim tegundum starfsemi, sem eru tilgreindar í I. viðauka, sem skal samþykkja fyrir 31. desember 2011 skv. 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB, að því gefnu að allur koltvísýringur, sem er framleiddur í þessum framleiðsluferlum, hafi verið losaður út í andrúmsloftið, án tillits til hugsanlegrar notkunar koltvísýrings sem hráefni í efnafræðilegum framleiðsluferlum.

27) Viðmiðunin fyrir gufusundrun nær ekki yfir svokallað viðbótarhráefni, hágæðaíðefni sem eru ekki framleidd í aðalvinnsluferlinu, eða tengda losun en, ef við á, skal taka tillit til viðbótarhráefna fyrir úthlutun losunarheimilda án endurgjalds með því að nota sértæka losunarstuðla.

28) Í því skyni að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir framleiðslu arómata í hreinsunarstöðvum og efnaverksmiðjum skal úthlutun losunarheimilda án endurgjalds fyrir arómöt byggjast á CWT-aðferðinni og skal nota viðmiðunargildi vöruviðmiðunar hreinsunarstöðvanna.

29) Við framleiðslu á vínylklóríðeinliðum er vetni notað að nokkru leyti sem eldsneyti, kemur í stað hefðbundins eldsneytis, s.s. jarðgass, og dregur úr beinni losun frá brunaferlinu, en þar eð notkun vetnis sem hráefnis er æskilegri að því er varðar heildarskilvirkni í tengslum við gróðurhúsalofttegundir er vöruviðmiðunin fyrir vínylklóríðeinliður reiknuð þannig að notkun vetnis sem eldsneytis telst jafngild notkun jarðgass.

30) Í því skyni að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir framleiðslu á vetni og tilbúnu gasi í hreinsunarstöðvum og efnaverksmiðjum skal viðmiðunin fyrir þessar vörur byggjast á CWT-aðferðinni og viðmiðunargildi viðmiðunar hreinsunarstöðvanna. Báðar vöruviðmiðanirnar vísa til skilgreinds rúmmálsstyrks vetnis.

31) Þar eð uppboð á öllum losunarheimildum skal vera reglan fyrir orkugeirann frá og með árinu 2013, með hliðsjón af því að hann getur velt auknum kostnaði í tengslum við koltvísýring út í afurðaverðið, og ekki skal úthluta neinum losunarheimildum án endurgjalds í tengslum við raforkuframleiðslu, að undanskilinni bráðabirgðaúthlutun án endurgjalds til að færa raforkuframleiðslu til nútímahorfs ásamt raforku sem er framleidd úr úrgangslofti, skal þessi ákvörðun ekki taka til úthlutunar losunarheimilda án endurgjalds í tengslum við framleiðslu eða notkun raforku. Þó geta aðildarríkin, skv. 6. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, bætt geirum eða undirgeirum, sem teljast vera í umtalsverðri áhættu að því er varðar kolefnisleka, upp kostnað, sem tengist losun gróðurhúsalofttegunda og hefur verið velt út í rafmagnsverð, með því að samþykkja fjárhagsráðstafanir í samræmi við gildandi reglur um ríkisaðstoð sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja á þessu sviði.

32) Einnig er rétt að vöruviðmiðanirnar taki mið af orkunýtinni endurnýtingu úrgangslofts og losunar í tengslum við notkun þeirra. Að því er varðar ákvörðun viðmiðunargilda fyrir vörur þar sem framleiðsla þeirra myndar úrgangsloft hefur í þessu skyni að miklu leyti verið tekið mið af kolefnisinnihaldi þessa úrgangslofts. Ef úrgangsloft er flutt út úr framleiðsluferlinu utan kerfismarka viðkomandi vöruviðmiðunar og brennt til framleiðslu á varma utan kerfismarka vinnslu með viðmiðun, eins og skilgreint er í I. viðauka, skal taka tillit til tengdrar losunar með því að úthluta viðbótarlosunarheimildum á grundvelli varma- eða eldsneytisviðmiðunar. Í ljósi meginreglunnar um að ekki skuli úthluta neinum losunarheimildum án endurgjalds í tengslum við raforkuframleiðslu, til að koma í veg fyrir óþarfa röskun á samkeppni á mörkuðum fyrir raforku sem er veitt til iðjuverja og að teknu tilliti til innifalins kolefnisverðs í raforku er rétt, í þeim tilvikum þegar úrgangsloft er flutt út úr framleiðsluferlinu utan kerfismarka viðkomandi vöruviðmiðunar og brennt til framleiðslu á raforku, að engum viðbótarlosunarheimildum sé úthlutað umfram þann hluta kolefnisinnihalds úrgangsloftsins sem tekið er mið af í viðkomandi vöruviðmiðun.

33) Vöruviðmiðanirnar taka einnig mið af sögulegri losun frá brennslu úrgangslofts í afgaslogum, í tengslum við framleiðslu tiltekinnar vöru, og eldsneyti, sem er notað til brennslu gass í afgaslogum af öryggisástæðum, skal teljast eldsneyti sem er notað til framleiðslu á ómælanlegum varma til að taka mið af því að þessi brennsla í afgaslogum er skyldubundin.

34) Verulegar fjárfestingar eru nauðsynlegar til að berjast gegn loftslagsbreytingum og draga úr kolefnisnotkun í hagkerfum. Því skal beita þessari ákvörðun þannig að hún ýti undir notkun hreinnar tækni í hverjum geira og undirgeira. Í samræmi við tilskipun 2003/87/EB geta önnur stefnumið og ráðstafanir stutt þetta markmið í framtíðinni og stuðlað að skilvirkri notkun losunarheimilda í því skyni að leiða til verulegra fjárfestinga í orkunýtnari tækni. Einkum ef endanlegur, árlegur fjöldi losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, fyrir allar starfandi stöðvar, samkvæmt þessari ákvörðun, er umtalsvert undir árlegum hámarksfjölda losunarheimilda, sem um getur í 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, gæti breyting á þessari ákvörðun hvatt til frekari skerðingar á losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við 1. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB með því að úthluta losunarheimildum til stöðva sem geta tekið upp nýja tækni sem dregur enn frekar úr losun gróðurhúsalofttegunda.

35) Fjárfestingar í umtalsverðri aukningu á afkastagetu sem veitir aðgang að varasjóði fyrir nýja aðila, sem kveðið er á um í 7. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, skulu vera ótvíræðar og af tiltekinni stærðargráðu til að koma í veg fyrir skjóta tæmingu varasjóða losunarheimilda, sem komið var á fyrir nýja aðila, til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni, til að koma í veg fyrir óþarfa stjórnsýslubyrði og til að tryggja jafna meðferð stöðva í aðildarríkjunum. Því er rétt að fastsetja viðmiðunarmörkin fyrir verulega breytingu á afköstum sem 10% af upphaflegri afkastagetu stöðvarinnar og krefjast þess að breytingin á afkastagetunni leiði til umtalsvert hærra eða lægra starfsemisstigs í viðkomandi stöð. Einnig skal

taka tillit til stigmagnaðrar aukningar eða skerðingar á afkastagetu við mat á því hvort þessum viðmiðunarmörkum sé náð.

36) Með hliðsjón af takmörkuðum fjölda losunarheimilda í varasjóðnum fyrir nýja aðila er rétt að meta, þegar umtalsverðum fjölda þessara losunarheimilda er úthlutað til nýrra aðila, hvort sanngjarn og jafn aðgangur að losunarheimildunum sem eftir eru í þessum varasjóði sé tryggður. Í ljósi niðurstöðu þessa mats má gefa kost á biðraðakerfi. Útfærsla slíks kerfis og skilgreining á viðmiðunum, sem þarf að uppfylla til að fá úthlutað losunarheimildum, skulu taka mið af mismunandi aðferðum aðildarríkjanna við leyfisveitingu, koma í veg fyrir misnotkun og ekki hvetja til þess að geyma losunarheimildir óhóflega lengi.

37) Til að tryggja að engum losunarheimildum sé úthlutað án endurgjalds til stöðvar sem hefur hætt rekstri skal í þessari ákvörðun kveða á um ráðstafanir til að skilgreina slíkar stöðvar og banna útgáfu losunarheimilda, nema víst sé að stöðin hefji aftur rekstur innan tiltekins og eðlilegs tíma.

38) Í því skyni að aðlaga fjölda losunarheimilda sem skal úthluta til stöðvar sem hefur hætt rekstri að hluta til hafa verið skilgreind sérstök viðmiðunarmörk þar sem borin eru saman skert starfsemisstig og upphaflegt starfsemisstig. Aðlaga skal síðan fjölda losunarheimilda sem skal úthluta til samræmis við þetta frá og með árinu á eftir því ári þegar stöðin hætti rekstri að hluta til. Ef slík stöð nær aftur starfsemisstigi sem er yfir viðmiðunarmörkum skal koma aftur á upphaflegum fjölda losunarheimilda, sem skal úthluta, að hluta til eða jafnvel að öllu leyti, eftir því hvert rekstrarstig stöðvarinnar er.

39) Þar sem við á hefur verið tekið tillit til leiðbeininganna um túlkun í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB.

40) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Efni

Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds samkvæmt tilskipun 2003/87/EB frá og með árinu 2013.

2. gr.

Gildissvið

Þessi ákvörðun gildir um úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. III. kafla (um staðbundnar stöðvar) tilskipunar 2003/87/EB á viðskiptatímabilum frá og með árinu 2013, að undanskilinni endurgjaldslausri úthlutun á umbreytingartímabilinu til að færa raforkuframleiðslu til nútímahorfs skv. 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB.

3. gr.

Skilgreiningar

Í ákvörðun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „starfandi stöð“: stöð þar sem fram fer ein eða fleiri tegundir starfsemi sem eru tilgreindar í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB eða starfsemi sem fellur í fyrsta sinn undir kerfi Sambandsins í samræmi við 24. gr. fyrrgreindrar tilskipunar og

   i. sem fékk leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda fyrir 30. júní 2011 eða

   ii. er í rekstri og fékk öll viðeigandi umhverfisleyfi fyrir 30. júní 2011, þ.m.t. leyfi sem kveðið er á um í tilskipun 2008/1/EB, þar sem það á við, og uppfyllti eigi síðar en 30. júní 2011 allar aðrar viðmiðanir í réttarkerfi viðkomandi aðildarríkis og stöðin á því rétt á að fá leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda,

b) „undirstöð með vörumiðmiðun“: ílag, frálag og samsvarandi losun í tengslum við framleiðslu á vöru sem sett hefur verið viðmiðun fyrir í I. viðauka,

c) „undirstöð með varmaviðmiðun“: ílag, frálag og samsvarandi losun, sem fellur ekki undir undirstöð með vöruviðmiðun, í tengslum við framleiðsluna og/eða innflutning frá annarri stöð eða einingu, sem fellur undir kerfi Sambandsins, á mælanlegum varma sem er:

   — notaður innan marka stöðvarinnar við framleiðslu á vörum, framleiðslu á vélrænni orku, annarri en þeirri sem notuð er til framleiðslu á rafmagni, til hitunar eða kælingar, að undanskilinni notkun til framleiðslu á rafmagni, eða

   — fluttur út til stöðvar eða annarrar einingar, sem fellur ekki undir kerfi Sambandsins, að undanskildum útflutningi til framleiðslu á rafmagni,

d) „undirstöð með eldsneytisviðmiðun“: ílag, frálag og samsvarandi losun, sem fellur ekki undir undirstöð með vöruviðmiðun, í tengslum við framleiðslu á ómælanlegum varma með brennslu eldsneytis til framleiðslu á vörum, framleiðslu á vélrænni orku, annarri en þeirri sem notuð er til framleiðslu á rafmagni, til hitunar eða kælingar, að undanskilinni notkun til framleiðslu á rafmagni, þ.m.t. brennsla gass í afgaslogum af öryggisástæðum,

e) „mælanlegur varmi“: nettóvarmastreymi sem fer gegnum sanngreinanlegar leiðslur eða lagnir með notkun varmabera, t.d. gufu, heits lofts, vatns, olíu, fljótandi málma og salta, og sem unnt er að setja upp varmaorkumæli fyrir,

f) „varmaorkumælir“: varmaorkumælir í skilningi viðauka MI-004 við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB ([1]) eða annar búnaður til að mæla og skrá framleidda varmaorku á grundvelli flæðisrúmmáls og hitastigs,

g) „ómælanlegur varmi“: allur varmi annar en mælanlegur varmi,

h) „undirstöð með vinnslulosun“: losun gróðurhúsaloft-tegunda, sem tilgreindar eru í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, að undanskildum koltvísýringi, sem á sér stað utan marka kerfis vörumiðmiðunar, sem er tilgreind í I. viðauka, eða losun koltvísýrings, sem á sér stað utan marka kerfis vöruviðmiðunar, sem er tilgreind í I. viðauka, í kjölfar einhverrar eftirtalinna tegunda af starfsemi og losun frá bruna kolefnis, sem hefur ekki verið fullkomlega oxað, sem er framleitt í tengslum við eftirfarandi starfsemi í því skyni að framleiða mælanlegan varma, ómælanlegan varma eða raforku, að því tilskildu að losunin sem hefði orðið vegna bruna á tilteknu magni af jarðgasi, sem jafngildir tæknilega nothæfu orkuinnihaldi brennda kolefnisins, sem var ekki fullkomlega oxað, sé dregin frá:

   i. efnafræðileg afoxun málmsambanda í málmgrýti, hreinsuðu málmgrýti eða aukaefni eða afoxun málmsambandanna með rafgreiningu,

   ii. fjarlæging óhreininda úr málmum og málmsamböndum,

   iii. niðurbrot karbónata, að undanskildum þeim sem ætluð eru til hreinsunar á útblæstri,

   iv. efnasmíði, þar sem efnið, sem inniheldur kolefni, tekur þátt í efnahvarfinu og þar sem megintilgangurinn er ekki að framleiða varma,

   v. notkun íblöndunarefna eða hráefna, sem innihalda kolefni, þar sem megintilgangurinn er ekki að framleiða varma,

   vi. efnafræðileg afoxun oxíða hálfmálma eða málmleysingja, s.s. kísiloxíða og fosfata, eða afoxun oxíðanna með rafgreiningu,

i) „verulega aukin afkastageta“: veruleg aukning á upphaflegri afkastagetu undirstöðvar sem hefur eftirfarandi í för með sér:

   i. ein eða fleiri sanngreinanlegar, efnislegar breytingar í tengslum við tæknilega uppbyggingu og virkni, sem fela ekki aðeins í sér endurnýjun þeirrar framleiðslulínu sem fyrir er, eiga sér stað og

   ii. unnt er að reka undirstöðina með afkastagetu sem er a.m.k. 10% meiri miðað við upphaflega afkastagetu undirstöðvarinnar fyrir breytinguna eða

   iii. á undirstöðinni, sem efnislegu breytingarnar varða, er starfsemisstigið umtalsvert hærra og það leiðir til viðbótaráthlutunar losunarheimilda sem nemur meira en 50 000 losunarheimildum á ári, en það er a.m.k. 5% af árlegum bráðabirgðafjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, fyrir þessa undirstöð fyrir breytinguna,

j) „veruleg skerðing á afkastagetu“: ein eða fleiri sanngreinanlegar, efnislegar breytingar sem leiða til verulegrar skerðingar á upphaflegri afkastagetu og starfsemisstigi stöðvar sem samsvarar því sem telst vera veruleg aukning á afkastagetu,

k) „veruleg breyting á afkastagetu“: annaðhvort veruleg aukning á afkastagetu eða veruleg skerðing á afkastagetu,

l) „aukin afkastageta“: mismunurinn á upphaflegri afkastagetu undirstöðvar og afkastagetu þessarar sömu stöðvar eftir verulega aukningu afkastagetu sem er ákvörðuð á grundvelli meðaltals þeirra tveggja mánaða þegar framleiðslumagnið er mest á fyrstu sex mánuðunum eftir að breyttur rekstur hefst,

m) „skert afkastageta“: mismunurinn á upphaflegri afkastagetu undirstöðvar og afkastagetu þessarar sömu stöðvar eftir verulega skerðingu á afkastagetu sem er ákvörðuð á grundvelli meðaltals þeirra tveggja mánaða þar sem framleiðslumagnið er mest á fyrstu sex mánuðunum eftir að rekstrinum var breytt,

n) „upphaf venjulegs rekstrar“: sannreyndur og samþykktur fyrsti dagur á samfelldu 90 daga tímabili, eða, ef venjulegt framleiðsluferli viðkomandi geira er ekki líklegt til að verða samfellt, fyrsti dagur á samfelldu 90 daga tímabili, sem skipt er niður í framleiðsluferli sem eru sértæk fyrir atvinnugeira, þar sem stöðin starfar með a.m.k. 40% af afkastagetunni sem búnaðurinn er ætlaður fyrir, með tilliti til sértækra rekstrarskilyrða viðkomandi stöðvar, þar sem við á.

o) „upphaf breytts rekstrar“: sannreyndur og samþykktur fyrsti dagur á samfelldu 90 daga tímabili, eða, ef venjulegt framleiðsluferli viðkomandi geira er ekki líklegt til að verða samfellt, fyrsti dagur á samfelldu 90 daga tímabili, sem skipt er niður í framleiðsluferli sem eru sértæk fyrir atvinnugeira, þar sem breytta undirstöðin starfar með a.m.k. 40% af afkastagetunni sem búnaðurinn er ætlaður fyrir, með tilliti til sértækra rekstrarskilyrða viðkomandi undirstöðvar, þar sem við á.

p) „brennsla gass í afgaslogum af öryggisástæðum“: brennsla eldsneytis fyrir síloga (e. pilot fuel) og síbreytilegs magns af vinnslugasi eða gasleif, sem fer fram í einingu þar sem röskun getur orðið á eðlisþáttum andrúmslofts, sem er krafist á skýran hátt af öryggisástæðum í viðkomandi leyfum stöðvarinnar,

([1]) Stjtíð. ESB L 135, 30.4. 2004, bls. 1.

q) „einkaheimili“: íbúðaeining þar sem einstaklingar gera ráðstafanir, á einstaklingsgrundvelli eða í hópum, til að sjá sér fyrir mælanlegum varma,

r) „sannprófandi“: lögbær, óháður og faggiltur einstaklingur eða stofnun sem sér um sannprófun og ber ábyrgð á framkvæmd og skýrslugjöf að því er varðar sannprófunarferlið í samræmi við ítarlegar kröfur sem aðildarríkin setja skv. V. viðauka við tilskipun 2003/87/EB,

s) „fullnægjandi áreiðanleiki“: hátt en ekki fullkomið áreiðanleikastig, sem er tilgreint á skýran hátt í sannprófunarálitinu, er varðar það að sannprófuð gögn séu laus við verulegar rangfærslur,

t) „áreiðanleikastig“: vísar til þess að hversu miklu leyti sannprófandinn er þess fullviss út frá niðurstöðum sannprófunarinnar að sannað sé hvort fyrirlögð gögn fyrir stöð séu laus við verulegar rangfærslur,

u) „veruleg rangfærsla“: umtalsverð rangfærsla (upplýsingum er sleppt eða eru villandi eða rangar, þó án tillits til leyfilegrar óvissu) í fyrirlögðum gögnum sem gæti samkvæmt sérfræðiáliti sannprófanda haft áhrif á notkun lögbærs yfirvalds á gögnunum við útreikninga í tengslum við úthlutun losunarheimilda.

4. gr.

Lögbær yfirvöld og námundun

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi stjórnvaldsráðstafanir, þ.m.t. að tilnefna lögbært yfirvald eða yfirvöld í samræmi við 18. gr. tilskipunar 2003/87/EB, til framkvæmdar reglunum í þessari ákvörðun.

2. Allir útreikningar í tengslum við fjölda losunarheimilda sem gerðir eru í samræmi við þessa ákvörðun skulu námundaðir að næstu losunarheimild.

II. KAFLI

STARFANDI STÖÐVAR

5. gr.

Upplýsingar um stöðvar

1. Hvert aðildarríki skal tilgreina allar stöðvar á yfirráðasvæði sínu sem eiga rétt á úthlutun án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

2. Hvert aðildarríki skal einnig tilgreina alla raforkuframleiðendur og litlar stöðvar sem framleiða varma og gætu verið útilokuð frá kerfi Sambandsins skv. 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

6. gr.

Skipting í undirstöðvar

1. Að því er varðar þessa ákvörðun skulu aðildarríkin skipta hverri stöð, sem á rétt á að fá úthlutað losunarheimildum án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, í eina eða fleiri af eftirfarandi undirstöðvum, eftir því sem þörf krefur:

a) undirstöð með vörumiðmiðun,

b) undirstöð með varmaviðmiðun,

c) undirstöð með eldsneytisviðmiðun,

d) undirstöð með vinnslulosun.

Undirstöðvar skulu samsvara, að því marki sem unnt er, raunverulegum hlutum stöðvarinnar.

Að því er varðar undirstöðvar með varmaviðmiðun, undirstöðvar með eldsneytisviðmiðun og undirstöðvar með vinnslulosun skulu aðildarríkin gera skýran greinarmun, á grundvelli atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna og vöruskrár Evrópubandalaganna, á því hvort viðkomandi vinnsluferli varða geira eða undirgeira sem telst vera í umtalsverðri áhættu að því er varðar kolefnisleka, samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB.

Ef stöð, sem fellur undir kerfi Sambandsins, hefur framleitt og flutt út mælanlegan varma til stöðvar eða annarrar einingar, sem fellur ekki undir kerfi Sambandsins, skulu aðildarríkin gera ráð fyrir að viðkomandi vinnsluferli undirstöðvar með varmaviðmiðun í tengslum við þennan varma varði ekki geira eða undirgeira, sem telst vera í umtalsverðri áhættu að því er varðar kolefnisleka, samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB, nema lögbæra yfirvaldið sé þess fullvisst að notandi mælanlega varmans tilheyri geira eða undirgeira, sem telst vera í umtalsverðri áhættu að því er varðar kolefnisleka, samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB.

2. Summa ílags, frálags og losunar hverrar undirstöðvar skal ekki vera meiri en ílag, frálag og heildarlosun stöðvarinnar.

7. gr.

Öflun grunngagna

1. Fyrir hverja starfandi stöð, sem á rétt á fá úthlutað losunarheimildum án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, þ.m.t. stöðvar sem eru aðeins í rekstri af og til, einkum varastöðvar og stöðvar sem eru reknar samkvæmt árstíðabundinni áætlun, skulu aðildarríkin, fyrir öll árin á tímabilinu frá 1. janúar 2005 til 31. desember 2008 eða 1. janúar 2009 til 31. desember 2010, eftir því sem við á, þegar stöðin hefur verið í rekstri, fá frá rekstraraðilanum allar upplýsingar sem skipta máli og gögn um hverja þá breytu sem tilgreind er í IV. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu safna saman gögnum fyrir hverja undirstöð um sig. Ef nauðsyn krefur mega aðildarríkin fara fram á það að rekstraraðilinn leggi fram frekari gögn.

Ef 95% af ílagi, frálagi og samsvarandi losun undirstöðvar með varmaviðmiðun, undirstöðvar með eldsneytisviðmiðun eða undirstöðvar með vinnslulosun varða geira eða undirgeira, sem teljast vera í umtalsverðri áhættu að því er varðar kolefnisleka, samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB, eða ef 95% af ílagi, frálagi og samsvarandi losun undirstöðvar með varmaviðmiðun, undirstöðvar með eldsneytisviðmiðun eða undirstöðvar með vinnslulosun varða geira eða undirgeira, sem teljast ekki vera í umtalsverðri áhættu að því er varðar kolefnisleka, geta aðildarríkin veitt rekstraraðilanum undanþágu frá því að leggja fram gögn sem gera aðgreininguna varðandi váhrif vegna kolefnisleka mögulega.

3. Aðildarríkin skulu fara fram á það að rekstraraðilinn leggi fram upplýsingar um upphaflega afkastagetu hverrar undirstöðvar með vöruviðmiðun á eftirfarandi hátt:

a) að jafnaði skal upphafleg afkastageta vera meðaltalið á þeim tveimur mánuðum þegar framleiðslumagnið er mest á tímabilinu 1. janúar 2005 til 31. desember 2008, að því gefnu að undirstöðin hafi verið í rekstri við þetta álag í 720 klukkustundir á mánuði í tólf mánuði á ári,

b) ef ekki er unnt að ákvarða upphaflega afkastagetu í samræmi við a-lið skal fara fram tilraunasannprófun á afkastagetu undirstöðvarinnar undir eftirliti sannprófandans til að tryggja að breyturnar sem eru notaðar séu einkennandi fyrir viðkomandi geira og að niðurstöðurnar úr tilraunasannprófuninni séu dæmigerðar.

4. Ef afkastageta undirstöðvar hefur verið verulega breytt á tímabilinu 1. janúar 2005 til 30. júní 2011 skulu aðildarríkin fara þess á leit að rekstraraðilinn leggi bæði fram upplýsingar um upphaflega afkastagetu viðkomandi undirstöðvar, sem er ákvörðuð í samræmi við 3. mgr., þar til breyttur rekstur hefst og upplýsingar um viðbætta eða skerta afkastagetu, eftir því sem við á, auk upplýsinga um afkastagetu undirstöðvarinnar eftir að veruleg breyting á afkastagetu hefur verið ákvörðuð á grundvelli meðaltals þeirra tveggja mánaða þegar framleiðslumagnið er mest á fyrstu sex mánuðum eftir að breyttur rekstur hefst. Aðildarríkin skulu líta á þessa afkastagetu undirstöðvarinnar í kjölfar verulegrar breytingar á afkastagetu sem upphaflega afkastagetu undirstöðvarinnar við mat á frekari verulegum breytingum á afkastagetu.

5. Aðildarríkin skulu safna saman, skrá og skjalfesta gögn þannig að lögbæru yfirvaldi sé gert kleift að nota þau á viðeigandi hátt.

Aðildarríkin geta farið fram á það að rekstraraðilinn noti rafrænt sniðmát eða tilgreini skráasnið fyrir framlagningu gagnanna. Aðildarríkin skulu þó samþykkja að rekstraraðilinn noti eitt af rafrænu sniðmátunum eða forskrift að skráasniði sem framkvæmdastjórnin hefur gefið út fyrir gagnasöfnun samkvæmt þessari grein, nema sniðmátið eða forskriftin að skráasniðinu krefjist a.m.k. skráningar sömu gagnanna.

6. Gögnum um ílag, frálag og samsvarandi losun, þar sem þau liggja aðeins fyrir um stöðina í heild sinni, skal skipt hlutfallslega niður á viðkomandi undirstöðvar á eftirfarandi hátt:

a) ef mismunandi vörur eru framleiddar hver á eftir annarri í sömu framleiðslulínunni skal ílagi, frálagi og samsvarandi losun skipt á raðbundinn hátt á grundvelli ársnotkunar fyrir hverja undirstöð,

b) ef ekki er unnt að skipta ílagi, frálagi og samsvarandi losun skv. a-lið skal þeim skipt á grundvelli massa eða magns einstakra framleiðsluvara eða á grundvelli mats sem byggist á hlutfalli óbundins hvarfvermis viðkomandi efnahvarfs eða öðrum viðeigandi dreifingarlykli sem byggist á traustum, vísindalegum aðferðum.

7. Aðildarríkin skulu fara þess á leit við rekstraraðila að þeir leggi fram fullnægjandi og samræmd gögn, tryggi að undirstöðvar skarist ekki á neinn hátt og komi í veg fyrir tvítalningu. Aðildarríkin skulu einkum sjá til þess að rekstraraðilar sýni tilhlýðilega kostgæfni og leggi fram gögn sem eru eins nákvæm og kostur er til að unnt sé að veita fullnægjandi áreiðanleika fyrir heilleika gagna.

Í þessu skyni skulu aðildarríkin sjá til þess að hver rekstraraðili leggi einnig fram aðferðaskýrslu sem inniheldur einkum lýsingu á stöðinni, samantektaraðferðinni sem var notuð, mismunandi gagnagjöfum, reikniþrepum og, þar sem við á, hvaða forsendur eru dregnar og hvaða aðferðir notaðar til að rekja losun til viðeigandi undirstöðvar í samræmi við 6. mgr. Aðildarríkin geta fyrirskipað rekstraraðilanum að sýna fram á áreiðanleika og heilleika gagnanna sem lögð eru fram.

8. Ef gögn vantar skulu aðildarríkin fara þess á leit við rekstraraðilann að hann rökstyðji á tilhlýðilegan hátt hvers vegna þau skortir.

Aðildarríkin skulu fara þess á leit við rekstraraðilann að hann leggi fram varfærnislegt mat í stað gagnanna sem vantar, einkum mat sem byggist á bestu starfsvenjum í iðnaði og nýrri vísinda- og tækniþekkingu, fyrir eða við staðfestingu sannprófanda.

Ef gögn eru tiltæk að hluta til þýðir varfærnislegt mat að framreiknað gildi skuli ekki vera yfir 90% af gildinu sem fæst með því að nota tiltæk gögn.

Ef engin gögn eru tiltæk um mælanlegt varmastreymi fyrir varmaviðmiðun undirstöðvar má reikna áætlað gildi út frá tilsvarandi orkuílagi, margfölduðu með mældri orkunýtni varmaframleiðslu eins og sannprófað er af sannprófanda. Ef engin slík gögn um orkunýtni eru tiltæk skal nota viðmiðunarorkunýtni upp á 70% fyrir tilsvarandi orkuílag framleiðslu mælanlegs varma.

9. Aðildarríkin skulu, sé þess óskað, gera gögnin sem safnað er á grundvelli 1. til 6. mgr. aðgengileg framkvæmdastjórninni.

8. gr.

Sannprófun

1. Við öflun gagna í samræmi við 7. gr. skulu aðildarríkin eingöngu samþykkja gögn sem sannprófandi telur fullnægjandi. Sannprófunarferlið skal tengjast aðferðaskýrslunni og tilgreindu breytunum sem um getur í 7. gr. og IV. viðauka. Sannprófunin skal taka til áreiðanleika, trúverðugleika og nákvæmni gagnanna frá rekstraraðilanum og í sannprófunaráliti skal koma fram, með fullnægjandi áreiðanleika, hvort gögnin, sem lögð eru fram, séu laus við verulegar rangfærslur.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að sannprófandinn sé óháður rekstraraðilanum, sinni starfi sínu á traustan, hlutlægan og faglegan hátt og kunni skil á eftirfarandi:

a) ákvæðum þessarar ákvörðunar og viðkomandi stöðlum og leiðbeiningum,

b) lagalegum kröfum, kröfum samkvæmt reglum og stjórnsýslukröfum sem varða þá starfsemi sem sannprófuð er,

c) öflun allra upplýsinga sem tengjast hverri breytu eða einstökum upptökum losunar í stöðinni, einkum um söfnun, mælingu og útreikninga gagna og skýrslugjöf um þau.

3. Auk krafnanna í ákvörðun 2007/589/EB skulu aðildarríkin tryggja að allar eftirfarandi lágmarkskröfur séu uppfylltar:

a) sannprófandinn hefur skipulagt og framkvæmt sannprófun með faglegri gagnrýni og með hliðsjón af því að aðstæður geta verið þannig að þær verði til þess að framlagðar upplýsingar og gögn innihaldi verulegar rangfærslur,

b) sannprófandinn hefur aðeins sannprófað uppgefnar breytur sem hafa verið ákvarðaðar með mjög mikilli vissu. Mjög mikil vissa felur í sér að rekstraraðilinn þarf að sýna fram á:

i. að ekkert ósamræmi sé í uppgefnum breytum,

ii. að breytum hafi verið safnað saman í samræmi við viðeigandi staðla eða leiðbeiningar,

iii. að viðeigandi skrár um stöðina séu innbyrðis samkvæmar og ekkert vanti í þær,

c) sannprófandinn hefur hafið sannprófunarferlið með skipulegri greiningu á allri viðkomandi starfsemi sem fram fer í stöðinni og hefur sýn yfir alla starfsemina og mikilvægi hennar fyrir úthlutun,

d) sannprófandinn hefur tekið tillit til upplýsinganna í leyfinu fyrir losun gróðurhúsalofttegunda eða öðrum viðkomandi umhverfisleyfum, s.s. leyfinu sem kveðið er á um í tilskipun 2008/1/EB, einkum við mat á upphaflegri afkastagetu undirstöðvar,

e) sannprófandinn hefur greint eðlislægar áhættur og eftirlitsáhættur, sem tengjast umfangi og margbreytileika starfsemi rekstraraðilans og sem tengjast úthlutunarbreytum, sem gætu leitt til verulegra rangfærslna, og hefur tekið saman sannprófunaráætlun í kjölfar þessarar áhættugreiningar,

f) sannprófandinn hefur, eftir atvikum, farið í vettvangsheimsókn til að kanna hvernig mæli- og vöktunarkerfi virka, annast viðtöl og aflað fullnægjandi upplýsinga og gagna. Ef sannprófandinn telur vettvangsheimsókn ekki viðeigandi skal honum vera unnt að rökstyðja ákvörðun sína að fullu fyrir hlutaðeigandi yfirvaldi,

g) sannprófandinn hefur hrundið sannprófunaráætluninni í framkvæmd með öflun gagna í samræmi við skilgreindar söfnunaraðferðir, skoðanir (e. walkthrough tests), endurskoðun skjala og greiningu og endurskoðun gagna, þ.m.t. öll frekari gögn, sem máli skipta og sannprófandinn byggir álit sitt á,

h) sannprófandinn hefur farið fram á það að rekstraraðilinn leggi fram gögn sem vantar eða fullgeri þá hluta skoðunarskráa (e. audit trails) sem vantar, útskýri frávik í breytum eða losunargögnum, endurskoði útreikninga eða leiðrétti tilkynnt gögn,

i) sannprófandinn hefur tekið saman innri sannprófunarskýrslu. Í sannprófunarskýrslunni skulu vera gögn sem sýna að skipulega greiningin, áhættugreiningin og sannprófunaráætlunin hafi farið fram að fullu, svo og fullnægjandi upplýsingar til að styðja sannprófunarálit. Innri sannprófunarskýrslan skal einnig auðvelda lögbæru yfirvaldi og faggildingarstofnuninni að gera hugsanlega úttekt á endurskoðuninni,

j) sannprófandinn hefur, á grundvelli niðurstaðnanna í innri sannprófunarskýrslunni, lagt mat á það hvort uppgefnar breytur innihaldi verulegar rangfærslur og hvort önnur vafamál, sem skipta máli fyrir sannprófunarálitið, séu fyrir hendi,

k) sannprófandinn hefur tilgreint sannprófunaraðferðina, niðurstöður sínar og sannprófunarálitið í sannprófunarskýrslu til rekstraraðila sem rekstraraðilinn skal leggja fyrir lögbært yfirvald ásamt aðferðaskýrslunni og uppgefnum breytum.

4. Aðildarríkin skulu ekki úthluta losunarheimildum án endurgjalds til stöðvar ef ekki hefur verið staðfest að gögn, sem tengjast þessari stöð, séu fullnægjandi.

Aðildarríkin geta aðeins ákveðið að úthluta losunarheimildum án endurgjalds til stöðvar, þar sem ekki hefur verið staðfest að gögn er varða þessa stöð séu fullnægjandi, ef þau eru þess fullviss að þessi skortur á gögnum, sem leiðir til niðurstöðu sannprófandans, sé tilkominn vegna óvenjulegra og ófyrirsjáanlegra aðstæðna, sem ekki hefði verið unnt að komast hjá þrátt fyrir ítrustu kostgæfni, og sem rekstraraðili viðkomandi stöðvar geti ekki ráðið við, einkum vegna aðstæðna á borð við náttúruhamfarir, stríð, ófriðarhættu, hryðjuverkastarfsemi, byltingu, uppþot, skemmdarverk eða spellvirki.

5. Við sannprófun skulu aðildarríkin einkum sjá til þess að undirstöðvar skarist ekki á neinn hátt og að tvítalning eigi sér ekki stað.

9. gr.

Sögulegt starfsemisstig

1. Að því er varðar starfandi stöðvar skulu aðildarríkin ákvarða á grundvelli gagnanna, sem er aflað skv. 7. gr., söguleg starfsemisstig fyrir hverja stöð fyrir grunntímabilið frá 1. janúar 2005 til 31. desember 2008 eða fyrir grunntímabilið frá 1. janúar 2009 til 31. desember 2010 ef starfsemisstigið er hærra á síðarnefnda tímabilinu.

2. Vörutengt, sögulegt starfsemisstig skal, að því er varðar hverja vöru sem vöruviðmiðun hefur verið ákveðin fyrir eins og um getur í I. viðauka, vísa til miðgildis árlegrar, sögulegrar framleiðslu á þessari vöru í viðkomandi stöð á grunntímabilinu.

3. Varmatengt, sögulegt starfsemisstig skal vísa til miðgildis árlegs, sögulegs innflutnings frá stöð, sem fellur undir kerfi Sambandsins, og/eða framleiðslu á mælanlegum varma á grunntímabilinu, sem er notaður innan marka stöðvarinnar til vöruframleiðslu, framleiðslu á vélrænni orku, annarri en þeirri sem notuð er til framleiðslu á rafmagni, til hitunar eða kælingar, að undanskilinni notkun til framleiðslu á rafmagni, eða fluttur út til stöðva eða annarar einingar, sem fellur ekki undir kerfi Sambandsins, að undanskildum útflutningi til framleiðslu á rafmagni, gefið upp í terajúlum á ári.

4. Eldsneytistengt, sögulegt starfsemisstig skal vísa til miðgildis árlegrar, sögulegrar notkunar á eldsneyti, sem er notað til framleiðslu á ómælanlegum varma sem er notaður til vöruframleiðslu, framleiðslu á vélrænni orku, annarri en þeirri sem notuð er til framleiðslu á raforku, til hitunar eða kælingar, að undanskilinni notkun til framleiðslu á rafmagni, þ.m.t. brennsla gass í afgaslogum af öryggisástæðum, á grunntímabilinu, gefið upp í terajúlum á ári.

5. Að því er varðar vinnslulosun í tengslum við vöruframleiðslu í viðkomandi stöð á grunntímabilinu, sem um getur í 1. mgr., skal vinnslutengt sögulegt starfsemisstig vísa til miðgildis árlegrar, sögulegrar vinnslulosunar, gefið upp í tonnum af koltvísýringsígildi.

6. Í því skyni að ákvarða miðgildin, sem um getur í 1. til 5. málsgrein, skal aðeins taka mið af almanaksárum þar sem viðkomandi stöð hefur verið í rekstri í a.m.k. einn dag.

Ef stöðin hefur verið í rekstri í minna en tvö almanaksár á viðkomandi grunntímabili skal reikna sögulegt starfsemisstig á grundvelli upphaflegrar afkastagetu hverrar undirstöðvar, sem er ákvörðuð í samræmi við aðferðina í 3. mgr. 7. gr., margfaldað með viðeigandi nýtingarstuðli fyrir afkastagetu sem er ákvarðaður í samræmi við 2. mgr. 18. gr.

7. Þrátt fyrir 2. mgr. skulu aðildarríkin ákvarða vörutengt, sögulegt starfsemisstig fyrir vöru, sem vöruviðmiðanirnar, sem um getur í III. viðauka, gilda um á grundvelli miðgildis árlegrar, sögulegrar framleiðslu samkvæmt formúlunum sem settar eru fram í fyrrgreindum viðauka.

8. Starfandi stöðvar sem eru einungis starfræktar af og til, þ.m.t. og ekki síst stöðvar sem eru notaðar sem varastöðvar og stöðvar sem eru reknar eftir árstímabundinni áætlun og hafa ekki verið starfræktar í a.m.k. einn dag á tilteknu almanaksári á grunntímabilinu, skulu teknar með við ákvörðun miðgildanna, sem um getur í 1. mgr., þar sem öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) það kemur skýrt fram að stöðin er notuð af og til, ekki síst að hún sé starfrækt reglulega sem varastöð eða eftir árstímabundinni áætlun,

b) stöðin er með leyfi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda og öll önnur viðeigandi leyfi fyrir rekstri hennar, sem krafist er í landslögum viðkomandi aðildarríkis,

c) það er tæknilega mögulegt að hefja rekstur með stuttum fyrirvara og viðhaldi er sinnt reglulega.

9. Ef afkastageta starfandi stöðvar hefur verið aukin verulega eða dregið hefur verið verulega úr henni á tímabilinu frá 1. janúar 2005 til 30. júní 2011 skal sögulegt starfsemisstig viðkomandi stöðvar vera summa miðgildanna, sem eru ákvörðuð í samræmi við 1. mgr., að undanskilinni verulegri breytingu á afkastagetu og sögulegu starfsemisstigi í tengslum við viðbætta eða skerta afkastagetu.

Sögulegt starfsemisstig í tengslum við viðbætta eða skerta afkastagetu skal vera mismunurinn á upphaflegri afkastagetu hverrar undirstöðvar, þar sem upphaflegri afkastagetu hefur verið verulega breytt skv. 3. mgr. 7. gr., þar til breyttur rekstur hefst, og afkastagetunni eftir verulega breytingu á afkastagetu skv. 4. mgr. 7. gr., margfaldaður með meðaltali sögulegrar nýtingar afkastagetu viðkomandi stöðvar á árunum áður en breyttur rekstur hófst.

10. gr.

Úthlutun til stöðva

1. Á grundvelli gagna, sem aflað er í samræmi við 7. gr., skulu aðildarríkin reikna út fyrir ár hvert fjölda losunarheimildanna sem er úthlutað án endurgjalds frá og með 2013 til hverrar starfandi stöðvar á yfirráðasvæði þeirra í samræmi við 2. til 8. mgr.

2. Fyrir þessa útreikninga skulu aðildarríkin fyrst ákvarða bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, fyrir hverja undirstöð um sig á eftirfarandi hátt:

a) fyrir hverja undirstöð með vöruviðmiðun skulu bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds á tilteknu ári samsvara gildi þessarar vöruviðmiðunar, eins og um getur í I. viðauka, margfölduðu með viðeigandi vörutengdu, sögulegu starfsemisstigi,

b) fyrir:

i. hverja undirstöð með varmaviðmiðun skulu bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds á tilteknu ári samsvara gildi varmaviðmiðunarinnar fyrir mælanlegan varma, eins og um getur í I. viðauka, margfölduðu með viðeigandi varmatengdu, sögulegu starfsemisstigi fyrir notkun mælanlegs varma,

ii. hverja undirstöð með eldsneytisviðmiðun skulu bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds á tilteknu ári samsvara gildi eldsneytisviðmiðunarinnar, eins og um getur í I. viðauka, margfölduðu með viðeigandi eldsneytistengdu, sögulegu starfsemisstigi fyrir eldsneytisnotkun,

iii. undirstöðvar með vinnslulosun skulu bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds á tilteknu ári samsvara vinnslutengdu, sögulegu starfsemisstigi, margfölduðu með 0,9700.

3. Ef mælanlegur varmi er fluttur út til einkaheimila og bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er ákvarðaður í samræmi við i. lið b-liðar 2. mgr., fyrir 2013 eru lægri en miðgildi árlegrar, sögulegrar losunar í tengslum við framleiðslu á mælanlegum varma sem viðkomandi undirstöð flytur út til einkaheimila á tímabilinu 1. janúar 2005 til 31. desember 2008 skulu bráðabirgðatölur yfir fjölda losunarheimilda fyrir 2013 aðlagaðar með mismuninum. Fyrir hvert ár á tímabilinu 2014 til 2020 skal aðlaga bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er ákvarðaður í samræmi við i. lið b-liðar 2. mgr., þannig að bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda fyrir viðkomandi ár séu lægri en tiltekinn hundraðshluti af framangreindu miðgildi fyrir árlega, sögulega losun. Þessi hundraðshluti skal vera 90% árið 2014 og skal hann lækka um 10 prósentustig á hverju ári eftir það.

4. Til framkvæmdar 11. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB skal nota þættina, sem um getur í VI. viðauka, í tengslum við bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds til hverrar undirstöðvar skv. 2. mgr. þessar greinar fyrir viðkomandi ár, ef vinnsluferlin í þessum undirstöðvum varða geira eða undirgeira sem teljast ekki vera í umtalsverðri áhættu að því er varðar kolefnisleka, samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB.

Þar eð vinnsluferlin í þessum undirstöðvum varða geira eða undirgeira, sem teljast vera í umtalsverðri áhættu að því er varðar kolefnisleka samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB, skal stuðullinn fyrir árin 2013 og 2014 vera 1. Geirarnir eða undirgeirarnir, sem eru með stuðulinn 1 fyrir árin 2015 til 2020, skulu ákvarðaðir skv. 13. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

5. Ef a.m.k. 95% af sögulegu starfsemisstigi undirstöðvar með varmaviðmiðun, undirstöðvar með eldsneytisviðmiðun eða undirstöðvar með vinnslulosun varða geira eða undirgeira, sem teljast vera í umtalsverðri áhættu að því er varðar kolefnisleka samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB, skal undirstöðin í heild sinni teljast vera í umtalsverðri áhættu að því er varðar kolefnisleka.

Ef a.m.k. 95% af sögulegu starfsemisstigi undirstöðvar með varmaviðmiðun, undirstöðvar með eldsneytisviðmiðun eða undirstöðvar með vinnslulosun varða geira eða undirgeira, sem teljast ekki vera í umtalsverðri áhættu að því er varðar kolefnisleka samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB, skal undirstöðin í heild sinni ekki teljast vera í umtalsverðri áhættu að því er varðar kolefnisleka.

6. Árlegar bráðabirgðatölur yfir fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, til undirstöðva sem fengu mælanlegan varma frá undirstöðvum þar sem vörur eru framleiddar sem falla undir viðmiðun fyrir saltpéturssýru, sem um getur í I. viðauka, skulu lækkaðar um sem nemur árlegri, sögulegri notkun varmans á grunntímabilinu, sem um getur í 1. mgr. 9. gr., margfaldaðri með gildi varmaviðmiðunarinnar fyrir þennan mælanlega varma, eins og um getur í I. viðauka.

7. Bráðabirgðatölur yfir árlegan heildarfjölda losunarheimilda fyrir hverja stöð, sem er úthlutað án endurgjalds, skal vera summa bráðabirgðatalna yfir árlegan fjölda losunarheimilda allra undirstöðva. sem er úthlutað án endurgjalds, reiknuð í samræmi við 2., 3., 4., 5. og 6. mgr.

Ef stöð nær yfir undirstöðvar, sem framleiða pappírsdeig (kraftpappírsdeig með stuttum trefjum, kraftpappírsdeig með löngum trefjum, hitameðhöndlað og vélunnið pappírsdeig, vélunnið pappírsdeig, súlfítpappírsdeig eða annað pappírsdeig sem fellur ekki undir vöruviðmiðun) og flytja út mælanlegan varma til annarra tæknilega tengdra undirstöðva, skulu bráðabirgðatölur yfir heildarfjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds, án þess að hafa áhrif á bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir aðrar undirstöðvar viðkomandi stöðvar, aðeins taka mið af bráðabirgðatölum yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds að því marki að vörur úr pappírsdeigi sem þessi undirstöð framleiðir séu settar á markað og ekki unninn pappír úr því á sömu stöð eða öðrum tæknilega tengdum stöðvum.

8. Við ákvörðun bráðabirgðatalna yfir árlegan heildarfjölda losunarheimilda fyrir hverja stöð, sem er úthlutað án endurgjalds, skulu aðildarríkin tryggja að losun sé ekki tvítalin og að úthlutunin sé ekki neikvæð. Ef stöð flytur inn hálfunna vöru, sem fellur undir vöruviðmiðun samkvæmt skilgreiningunni á kerfismörkunum í I. viðauka, skal einkum og sér í lagi koma í veg fyrir tvítalningu á losun við ákvörðun á bráðabirgðatölum yfir árlegan heildarfjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir báðar stöðvarnar sem í hlut eiga.

9. Endanlegur árlegur heildarfjöldi losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, fyrir hverja starfandi stöð, að undanskildum stöðvum sem falla undir 3. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, skal vera bráðabirgðatala yfir árlegan heildarfjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds fyrir hverja stöð skv. 7. mgr., margfölduð með leiðréttingarstuðlinum sem liggur þvert á atvinnugreinar og er ákvarðaður í samræmi við 3. mgr. 15. gr.

Að því er varðar stöðvar, sem falla undir 3. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB og eiga rétt á að fá úthlutað losunarheimildum án endurgjalds, skal endanlegur árlegur heildarfjöldi losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, samsvara bráðabirgðatölu yfir árlegan heildarfjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir hverja stöð skv. 7. mgr., leiðréttri árlega með línulega stuðlinum, sem um getur í 4. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, með því að nota bráðabirgðatölu yfir árlegan heildarfjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir viðkomandi stöð árið 2013 sem viðmiðun.

11. gr.

Úthlutun að því er varðar gufusundrun

Þrátt fyrir a-lið 2. mgr. 10. gr. skal bráðabirgðatalan yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, fyrir undirstöð með vöruviðmiðun í tengslum við framleiðslu á hágæðaíðefnum samsvara gildi vöruviðmiðunarinnar fyrir gufusundrun, sem um getur í I. viðauka, margfölduðu með sögulegu starfsemisstigi sem er ákvarðað í samræmi við III. viðauka og margfölduðu með hlutfalli beinnar heildarlosunar, þ.m.t. losun frá innfluttum nettóvarma á grunntímabilinu, sem um getur í 1. mgr. 9. gr. þessarar ákvörðunar og gefin er upp sem tonn af koltvísýringsígildi, og summu þessarar beinu heildarlosunar og viðeigandi óbeinnar losunar á grunntímabilinu, sem um getur í 1. mgr. 9. gr þessarar ákvörðunar, reiknaðri út í samræmi við 2. mgr. 14. gr. Bæta skal við niðurstöðurnar úr þessum útreikningum 1,78 tonnum af koltvísýringi á hvert tonn af vetni sinnum miðgildi sögulegrar framleiðslu á vetni úr viðbótarhráefni, gefið upp í tonnum af vetni, 0,24 tonn af koltvísýringi á hvert tonn af etýleni sinnum miðgildi sögulegrar framleiðslu á etýleni úr viðbótarhráefni, gefið upp í tonnum af etýleni og 0,16 tonn af koltvísýringi á hvert tonn af hágæðaíðefnum sinnum miðgildi sögulegrar framleiðslu á öðrum hágæðaíðefnum en vetni og etýleni úr viðbótarhráefni, gefið upp í tonnum af hágæðaíðefnum.

12. gr.

Úthlutun að því er varðar vínylklóríðeinliðu

Þrátt fyrir a-lið 2. mgr. 10. gr. skulu bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, fyrir undirstöð í tengslum við framleiðslu á vínylklóríðeinliðum samsvara gildi vöruviðmiðunarinnar fyrir vínylklóríðeinliður, margfölduðu með sögulegu starfsemisstigi fyrir framleiðslu vínylklóríðeinliða, sem er gefið upp í tonnum, og margfölduðu með hlutfalli beinnar losunar frá framleiðslu á vínylklóríðeinliðum, þ.m.t. losun frá innfluttum nettóvarma á grunntímabilinu, sem um getur í 1. mgr. 9. gr. þessarar ákvörðunar, reiknuð í samræmi við 2. mgr. 14. gr. og gefin upp sem tonn af koltvísýringsígildi, og summu þessarar beinu losunar og vetnistengdri losun frá framleiðslu vínylklóríðeinliða á grunntímabilinu, sem um getur í 1. mgr. 9. gr. þessarar ákvörðunar og er gefin upp í tonnum af koltvísýringsígildi sem eru reiknuð á grundvelli sögulegrar varmanotkunar vegna brennslu vetnis, sem er gefin upp í terajúlum (TJ), sinnum 56,1 tonn af koltvísýringi fyrir hvert terajúl.

13. gr.

Varmastreymi milli stöðva

Ef undirstöð með vöruviðmiðun nær yfir mælanlegan varma sem er fluttur inn frá stöð eða annarri einingu sem ekki fellur undir kerfi Sambandsins skal bráðabirgðatalan yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, fyrir viðkomandi undirstöð með vöruviðmiðun, skv. a-lið 2. mgr. 10. gr., lækkuð um sem nemur sögulegu magni af varma sem er flutt inn frá stöð eða annarri einingu sem fellur ekki undir kerfi Sambandsins á viðkomandi ári, margfölduðu með gildi varmaviðmiðunarinnar fyrir mælanlegan varma sem sett er fram í I. viðauka.

14. gr.

Skipti á eldsneyti og raforku

1. Að því er varðar hverja undirstöð með vöruviðmiðun sem um getur í I. viðauka, þar sem tekið er mið af skiptum á eldsneyti og raforku, skal bráðabirgðatalan yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, samsvara gildi viðkomandi vöruviðmiðunar, sem sett er fram í I. viðauka, margfölduðu með vörutengdu, sögulegu starfsemisstigi og margfölduðu með hlutfalli beinnar heildarlosunar, þ.m.t. losun frá innfluttum nettóvarma á grunntímabilinu, sem um getur í 1. mgr. 9. gr. þessarar ákvörðunar og gefin er upp sem tonn af koltvísýringsígildi, og summu þessarar beinu heildarlosunar og viðeigandi óbeinnar losunar á grunntímabilinu sem um getur í 1. mgr. 9. gr þessarar ákvörðunar.

2. Að því er varðar útreikningana skv. 1. mgr. vísar viðkomandi óbein losun til viðkomandi raforkunotkunar, eins og tilgreint er í skilgreiningunni á vinnsluferlum og losun í I. viðauka, á grunntímabilinu, sem um getur í 1. mgr. 9. gr. þessarar ákvörðunar, sem gefin er upp í megavattstundum fyrir framleiðslu viðkomandi vöru sinnum 0,465 tonn af koltvísýringi fyrir hverja megavattstund og gefin upp í tonnum af koltvísýringi.

Að því er varðar útreikningana skv. 1. mgr. vísar losun frá innfluttum nettóvarma til magnsins af mælanlegum varma til framleiðslu á viðkomandi vöru sem er flutt inn frá stöðvum, sem falla undir kerfi Sambandsins, á grunntímabilinu, sem um getur í 1. mgr. 9. gr. þessarar ákvörðunar, margfölduðu með gildi varmaviðmiðunarinnar sem um getur í I. viðauka.

III. KAFLI

ÁKVARÐANIR UM ÚTHLUTUN

15. gr.

Framkvæmdarráðstafanir á landsvísu

1. Í samræmi við 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB skulu aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnina, eigi síðar en 30. september 2011, skrá yfir stöðvar sem falla undir tilskipun 2003/87/EB á þeirra yfirráðasvæði, þ.m.t. stöðvar sem eru tilgreindar skv. 5. gr., og skulu þau nota rafrænt sniðmát sem framkvæmdastjórnin leggur til.

2. Skráin sem um getur í 1. mgr. skal, að því er varðar hverja starfandi stöð, einkum og sér í lagi innihalda:

a) auðkenningu stöðvarinnar og marka hennar með hjálp auðkenniskóða stöðvarinnar í óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins,

b) auðkenningu fyrir hverja undirstöð stöðvar,

c) fyrir hverja undirstöð með vörumiðmiðun: upphaflega afkastagetu ásamt árlegu framleiðslumagni viðkomandi vöru á tímabilinu 1. janúar 2005 til 31. desember 2008,

d) fyrir hverja stöð og undirstöð: upplýsingar um það hvort stöðin tilheyrir geira eða undirgeira, þar sem talið er að áhætta að því er varðar kolefnisleka sé mikil, samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB,

e) fyrir hverja undirstöð: bráðabirgðatölu yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds á tímabilinu frá 2013 til 2020, eins og ákvarðað er í samræmi við 2. mgr. 10. gr.,

f) til viðbótar við d-lið fyrir undirstöðvar sem eru ekki innan geira eða undirgeira, þar sem talið er að áhætta að því er varðar kolefnisleka sé mikil, samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB: bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds á tímabilinu frá 2013 til 2020, sem fækkar í í jöfnum skrefum úr 80% af fjöldanum 2013 í 30% 2020, eins og ákvarðað er í samræmi við 4. mgr. 10. gr.,

g) fyrir hverja stöð: bráðabirgðatölur yfir árlegan heildarfjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds á tímabilinu frá 2013 til 2020, eins og ákvarðað er í samræmi við 6. mgr. 10. gr.

Í skránni skal einnig tilgreina alla raforkuframleiðendur og litlar stöðvar sem framleiða varma og gætu verið útilokuð frá kerfi Sambandsins skv. 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

3. Við móttöku skrárinnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin meta tilgreiningu hverrar stöðvar í skránni og tengdar bráðabirgðatölur um árlegan heildarfjölda þeirra losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds.

Eftir að öll aðildarríkin hafa tilkynnt um bráðabirgðatölur yfir árlegan heildarfjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds á tímabilinu frá 2013 til 2020 skal framkvæmdastjórnin ákvarða samræmda leiðréttingarstuðulinn sem liggur þvert á atvinnugreinar, sem um getur í 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB. Hann skal ákvarðaður með því að bera saman summu bráðabirgðatalna árlegs heildarfjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, til stöðva sem framleiða ekki raforku á hverju á ári á tímabilinu 2013 til 2020, án þess að nota stuðlana sem um getur í VI. viðauka, og árlegan fjölda losunarheimilda sem er reiknaður í samræmi við 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB fyrir stöðvar sem eru ekki raforkuframleiðendur eða nýir aðilar, með tilliti til viðeigandi hluta árlegs heildarfjölda í Sambandinu, sem er ákvarðaður skv. 9. gr. þeirrar tilskipunar, og viðeigandi magns losunar sem fellur undir kerfi Sambandsins frá og með árinu 2013.

4. Ef framkvæmdastjórnin hafnar ekki færslu stöðvar í þessa skrá, þ.m.t. samsvarandi bráðabirgðatölur yfir árlegan heildarfjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir þessa stöð, skal hlutaðeigandi aðildarríki ákvarða endanlegan árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, á hverju ári á tímabilinu 2013 til 2020 í samræmi við 9. mgr. 10. gr. þessarar ákvörðunar.

5. Þegar aðildarríkin hafa ákvarðað endanlegan árlegan fjölda fyrir allar starfandi stöðvar á yfirráðasvæði sínu skulu þau leggja fyrir framkvæmdastjórnina skrá yfir endanlegan árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, á tímabilinu 2013 til 2020 eins og ákvarðað er í samræmi við 9. mgr. 10. gr.

16. gr.

Breytingar á váhrifum vegna kolefnisleka

Innan þriggja mánaða frá samþykkt skrárinnar, sem um getur í 13. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, fyrir árin 2015 til 2020 eða frá samþykkt allra viðbóta við skrána, sem eru ákvarðaðar með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/2/ESB, fyrir árin 2013 og 2014 skal hvert aðildarríki endurskoða skrána, sem um getur í 1. mgr. 15. gr. þessarar ákvörðunar, og tilgreina sérstaklega þær breytingar á áætluðum váhrifum vegna kolefnisleka á stöðvar og undirstöðvar ásamt tengdum bráðabirgðatölum yfir árlegan fjölda endurgjaldslausra úthlutana, eftir atvikum, og leggja skrána fyrir framkvæmdastjórnina.

IV. KAFLI

NÝIR AÐILAR OG LOKANIR

17. gr.

Umsókn um úthlutun án endurgjalds

1. Er nýr aðili sækir um skulu aðildarríkin ákvarða, á grundvelli gildandi reglna, magn þeirra losunarheimilda, sem skal úthluta án endurgjalds, þegar viðkomandi stöð hefur hafið venjulegan rekstur og upphafleg afkastageta hennar hefur verið ákvörðuð.

2. Aðildarríkin skulu aðeins samþykkja umsóknir berist þær lögbæru yfirvaldi innan árs frá upphafi venjulegs rekstrar viðkomandi stöðvar eða undirstöðvar.

3. Aðildarríkin skulu skipta viðkomandi stöð í undirstöðvar í samræmi við 6. gr. þessarar ákvörðunar og fara þess á leit að rekstraraðilinn leggi fyrir lögbæra yfirvaldið, til viðbótar við umsóknina sem um getur í 1. mgr., allar viðkomandi upplýsingar og gögn um hverja breytu, sem skráð er í V. viðauka, sérstaklega fyrir hverja undirstöð. Ef nauðsyn krefur mega aðildarríkin fara fram á það að rekstraraðilinn leggi fram gögn sem eru sundurgreind enn frekar.

4. Að því er varðar stöðvar sem um getur í h-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB, að undanskildum þeim stöðvum sem hafa verið stækkaðar umtalsvert eftir 30. júní 2011, skulu aðildarríkin fara þess á leit að rekstraraðilinn ákvarði upphaflega afkastagetu fyrir hverja undirstöð í samræmi við aðferðafræðina sem sett er fram í 3. mgr. 7. gr. og skal hann nota samfellda 90 daga tímabilið, sem upphaf venjulegs rekstrar grundvallast af, sem viðmiðun. Aðildarríkin skulu samþykkja þessa upphaflegu afkastagetu hverrar undirstöðvar áður en þau reikna úthlutun til stöðvarinnar.

5. Aðildarríkin skulu aðeins samþykkja gögn, sem lögð eru fram samkvæmt þessari grein, ef sannprófandi hefur staðfest að þau séu fullnægjandi, í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 8. gr., til að tryggja að áreiðanleg og rétt gögn séu tilkynnt.

18. gr.

Starfsemisstig

1. Að því er varðar stöðvar sem um getur í h-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB, að undanskildum stöðvum sem hafa verið stækkaðar umtalsvert eftir 30. júní 2011, skulu aðildarríkin ákvarða starfsemisstig hverrar stöðvar á eftirfarandi hátt:

a) vörutengt starfsemisstig skal, að því er varðar hverja vöru sem vöruviðmiðun hefur verið ákveðin fyrir eins og um getur í I. viðauka, vísa til miðgildis árlegrar, sögulegrar framleiðslu á þessari vöru í viðkomandi stöð á grunntímabilinu.

b) varmatengt starfsemisstig skal vera upphafleg afkastageta fyrir innflutning frá stöðvum, sem falla undir kerfi Sambandsins, og/eða framleiðslu á mælanlegum varma, sem er notaður innan marka stöðvarinnar til vöruframleiðslu, framleiðslu á vélrænni orku, annarri en þeirri sem notuð er til framleiðslu á rafmagni, til hitunar eða kælingar, að undanskilinni notkun til framleiðslu á rafmagni, eða fluttur út til stöðvar eða annarrar einingar, sem fellur ekki undir kerfi Sambandsins, að undanskildum útflutningi til framleiðslu á raforku, margfölduð með viðeigandi stuðli fyrir nýtingu afkastagetu,

c) eldsneytistengt starfsemisstig skal vera upphafleg afkastageta fyrir notkun á eldsneyti, sem er notað til framleiðslu á ómælanlegum varma til vöruframleiðslu, framleiðslu á vélrænni orku, annarri en þeirri sem notuð er til framleiðslu á rafmagni, til hitunar eða kælingar, að undanskilinni notkun til framleiðslu á raforku, þ.m.t. brennsla gass í afgaslogum af öryggisástæðum, í viðkomandi stöð, margfölduð með viðeigandi stuðli fyrir nýtingu afkastagetu,

d) starfsemisstig í tengslum við vinnslulosun skal vera upphafleg afkastageta fyrir framleiðslu vinnslueiningarinnar á vinnslulosun, margfölduð með viðeigandi stuðli fyrir nýtingu afkastagetu.

2. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða staðlaða stuðulinn fyrir nýtingu afkastagetu, sem um getur í a-lið 1. mgr., og birta hann á grundvelli gagnaöflunar aðildarríkjanna í samræmi við 7. gr. þessarar ákvörðunar. Fyrir hverja vöruviðmiðun, sem sett er fram í I. viðauka, skal hann vera 80. hundraðshlutamarkið af meðaltali árlegra stuðla fyrir nýtingu afkastagetu fyrir allar stöðvar sem framleiða viðkomandi vöru. Árlegur meðaltalsstuðull fyrir nýtingu afkastagetu fyrir hverja stöð sem framleiðir viðkomandi vöru skal samsvara árlegri meðalframleiðslu á tímabilinu 2005 til 2008, deilt með upphaflegri afkastagetu.

Aðildarríkin skulu ákvarða viðeigandi stuðul fyrir nýtingu afkastagetu, sem um getur í b- til d-lið í 1. mgr., á grundvelli tilhlýðilega rökstuddra upplýsinga, sem eru sannprófaðar af óháðum aðila, um fyrirhugaðan venjulegan rekstur viðkomandi stöðvar, viðhald hennar, venjulegt framleiðsluferli, orkunýtnar aðferðir og dæmigerða nýtingu afkastagetu í viðkomandi geira í samanburði við upplýsingar sem eru bundnar við tilgreinda geira.

Þegar viðeigandi stuðull fyrir nýtingu afkastagetu, sem um getur í d-lið 1. mgr., í samræmi við undanfarandi málslið er ákvarðaður skulu aðildarríkin einnig taka mið af tilhlýðilega rökstuddum upplýsingum, sem eru sannprófaðar af óháðum aðila, um losunarstyrk ílagsins og skilvirkni aðferða með tilliti til gróðurhúsalofttegunda.

3. Að því er varðar stöðvar þar sem afkastageta hefur verið aukin umtalsvert eftir 30. júní 2011 skulu aðildarríkin, í samræmi við 1. mgr., aðeins ákvarða starfsemisstig fyrir þá viðbættu afkastagetu undirstöðvanna sem umtalsverða afkastaaukningin tengist.

Að því er varðar stöðvar þar sem afkastageta hefur verið skert umtalsvert eftir 30. júní 2011 skulu aðildarríkin, í samræmi við 1. mgr., aðeins ákvarða starfsemisstig fyrir þá skertu afkastagetu undirstöðvanna sem umtalsverða afkastaskerðingin tengist.

19. gr.

Úthlutun til nýrra aðila

1. Að því er varðar úthlutun losunarheimilda til nýrra aðila, að undanskildum úthlutunum til stöðva sem um getur í þriðja undirlið h-liðar 3. gr. í tilskipun 2003/87/EB, skulu aðildarríkin reikna út bráðabirgðatölu yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds við upphaf venjulegs rekstrar í stöðinni, fyrir hverja undirstöð um sig á eftirfarandi hátt:

a) fyrir hverja undirstöð með vöruviðmiðun skal bráðabirgðatalan yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds á tilteknu ári samsvara gildi vöruviðmiðunarinnar, sem hefur verið margfaldað með viðeigandi vörutengdu starfsemisstigi,

b) fyrir hverja undirstöð með varmaviðmiðun skal bráðabirgðatalan yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds samsvara gildi varmaviðmiðun arinnar fyrir þennan mælanlega varma, eins og um getur í I. viðauka, sem hefur verið margfaldað með viðeigandi varmatengdu starfsemisstigi,

c) fyrir hverja undirstöð með eldsneytisviðmiðun skal bráðabirgðatalan yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds samsvara gildi eldsneytisviðmiðunarinnar, eins og um getur í I. viðauka, sem hefur verið margfaldað með eldsneytistengda starfsemisstiginu,

d) fyrir hverja undirstöð með vinnslulosun skal bráðabirgðatalan yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, samsvara vinnslutengdu starfsemisstigi, sem hefur verið margfaldað með 0,9700.

Ákvæði 10. gr (4.–6. mgr., 8. mgr.), 11. gr., 12. gr., 13. gr. og 14. gr. þessarar ákvörðunar skulu gilda að breyttu breytanda að því er varðar útreikninga á bráðabirgðatölum yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds.

2. Að því er varðar losun nýrra aðila sem er sannprófuð af óháðum aðila og átti sér stað áður en venjulegur rekstur hófst skal úthluta viðbótarlosunarheimildum á grundvelli sögulegrar losunar sem gefin er upp í tonnum af koltvísýringsígildi.

3. Bráðabirgðatalan yfir árlegan heildarfjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, skal vera summa bráðabirgðatalna yfir árlegan fjölda losunarheimilda allra undirstöðva. sem er úthlutað án endurgjalds, reiknuð í samræmi við 1. mgr. og viðbótarlosunarheimildirnar sem um getur í 2. mgr. Annar málsliður 7. mgr. 10. gr. gildir.

4. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni tafarlaust um bráðabirgðatölur yfir árlegan heildarfjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds. Úthluta skal losunarheimildum úr varasjóði fyrir nýja aðila, sem var stofnaður skv. 7. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, samkvæmt reglunni „fyrstir koma, fyrstir fá“ að því er varðar viðtöku þessarar tilkynningar.

Framkvæmdastjórnin getur hafnað bráðabirgðatölum yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir viðkomandi stöð. Ef framkvæmdastjórnin hafnar ekki þessum bráðabirgðatölum yfir árlegan heildarfjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, skulu hlutaðeigandi aðildarríki ákvarða endanlegan, árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds.

5. Endanlegur árlegur heildarfjöldi losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, skal samsvara bráðabirgðatölum yfir árlegan heildarfjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, fyrir hverja stöð skv. 3. mgr. þessarar greinar, leiðréttar árlega með línulega skerðingarstuðlinum, sem um getur í 7. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, með því að nota bráðabirgðatölur yfir árlegan heildarfjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, fyrir viðkomandi stöð árið 2013 sem viðmiðun.

6. Þegar helmingur af losunarheimildunum, sem eru lagðar til hliðar fyrir nýja aðila skv. 7. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB en þrátt fyrir fjölda losunarheimilda sem liggja fyrir skv. 8. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, er gefinn út eða verður gefinn út fram til ársins 2020 til nýrra aðila skal framkvæmdastjórnin meta það hvort setja skuli upp biðraðakerfi til að tryggja að aðgangi að varasjóðnum sé stjórnað á sanngjarnan hátt.

20. gr.

Úthlutun fyrir nýja aðila eftir umtalsverða aukningu á afkastagetu

1. Ef afkastageta stöðvar hefur verið aukin umtalsvert eftir 30. júní 2011 skulu aðildarríkin, að beiðni rekstraraðilans og án þess að hafa áhrif á úthlutun til stöðvar skv. 10. gr., ákvarða á grundvelli aðferðarinnar, sem sett er fram í 19. gr., fjölda losunarheimilda, sem skal úthluta án endurgjalds, að því er varðar aukninguna.

2. Aðildarríkin skulu fara þess á leit að ásamt beiðninni leggi rekstraraðilinn fram gögn um að viðmiðanir fyrir umtalsverða aukningu á afkastagetu hafi verið uppfylltar og veiti upplýsingarnar, sem um getur í 3. mgr. 17. gr., til stuðnings ákvörðunum um úthlutun. Aðildarríkin skulu einkum fara þess á leit að rekstraraðilinn leggi fram upplýsingar um viðbætta afkastagetu og upphaflega afkastagetu undirstöðvarinnar eftir að sannprófandi hefur staðfest að umtalsverða aukningin á afkastagetunni sé fullnægjandi, í samræmi við kröfurnar í 8. gr. Aðildarríkin skulu líta á þessa afkastagetu undirstöðvarinnar í kjölfar verulegrar aukningar á afkastagetu sem upphaflega afkastagetu undirstöðvarinnar við mat á frekari verulegum breytingum á afkastagetu.

21. gr.

Veruleg skerðing á afkastagetu

1. Ef afkastageta stöðvar hefur verið skert umtalsvert eftir 30. júní 2011 skulu aðildarríkin ákvarða fjölda þeirra losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds, sem skerðingin nemur, að því er varðar þessa skerðingu. Í þessu skyni skulu aðildarríkin fara þess á leit að rekstraraðilinn leggi fram upplýsingar um skerta afkastagetu og upphaflega afkastagetu undirstöðvarinnar eftir að sannprófandi hefur staðfest að umtalsverða skerðingin á afkastagetunni sé fullnægjandi, í samræmi við kröfurnar í 8. gr. Aðildarríkin skulu líta á þessa afkastagetu undirstöðvarinnar í kjölfar verulegrar skerðingar á afkastagetu sem upphaflega afkastagetu undirstöðvarinnar við mat á frekari verulegum breytingum á afkastagetu.

2. Aðildarríkin skulu lækka bráðabirgðatöluna yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, fyrir hverja undirstöð sem nemur bráðabirgðatölunni yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, fyrir viðkomandi undirstöð, sem reiknuð er út í samræmi við 1. mgr. 19. gr., að því er varðar umtalsverða skerðingu á afkastagetu.

Aðildarríkin skulu síðan ákvarða bráðabirgðatöluna yfir árlegan heildarfjölda fyrir viðkomandi stöð í samræmi við aðferðina sem beitt er við að ákvarða bráðabirgðatöluna yfir árlegan heildarfjölda fyrir umtalsverðu skerðinguna á afkastagetunni og endanlegan árlegan heildarfjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds til viðkomandi stöðvar í samræmi við 9. mgr. 10. gr.

3. Aðlaga skal úthlutunina til stöðvarinnar í samræmi við þetta frá og með árinu eftir það ár þegar afkastagetan var skert eða frá og með árinu 2013 ef umtalsverða skerðingin á afkastagetu átti sér stað fyrir 1. janúar 2013.

22. gr.

Rekstri stöðvar hætt

1. Stöð telst hafa hætt rekstri ef eitthvert eftirtalinna skilyrða er uppfyllt:

a) leyfið til losunar gróðurhúsalofttegunda, leyfið sem er í gildi í samræmi við tilskipun 2008/1/EB eða annað viðeigandi umhverfisleyfi hefur fallið úr gildi,

b) leyfin, sem um getur í a-lið, hafa verið dregin til baka,

c) tæknilega er ómögulegt að starfrækja stöðina

d) stöðin er ekki starfrækt en hefur verið starfrækt áður og tæknilega er ómögulegt að hefja starfrækslu á ný,

e) stöðin er ekki starfrækt en hefur verið starfrækt áður og rekstraraðilinn getur ekki staðfest að þessi stöð verði starfrækt aftur innan sex mánaða frá því að rekstri var hætt. Aðildarríkin geta framlengt þetta tímabil í allt að átján mánuði ef rekstraraðilinn getur sýnt fram á að stöðin geti ekki hafið rekstur að nýju innan sex mánaða vegna óvenjulegra og ófyrirsjáanlegra aðstæðna, sem ekki hefði verið unnt að komast hjá þrátt fyrir ítrustu kostgæfni, og sem rekstraraðili viðkomandi stöðvar hefði ekki getað ráðið við, einkum vegna aðstæðna á borð við náttúruhamfarir, stríð, ófriðarhættu, hryðjuverkastarfsemi, byltingu, uppþot, skemmdarverk eða spellvirki.

2. Ákvæði e-liðar 1. mgr. gilda hvorki um stöðvar sem eru notaðar sem varastöðvar né stöðvar sem eru reknar eftir árstímabundinni áætlun, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) rekstraraðilinn hefur leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda og öll önnur viðeigandi leyfi,

b) það er tæknilega mögulegt að hefja rekstur án þess að gera efnislegar breytingar á stöðinni,

c) venjulegt viðhald fer fram.

3. Ef stöð hefur hætt rekstri skal hlutaðeigandi aðildarríki ekki gefa út losunarheimildir fyrir þá stöð frá og með árinu eftir að rekstri er hætt.

4. Aðildarríkin geta fellt tímabundið niður útgáfu losunarheimilda fyrir þær stöðvar sem um getur í e-lið 1. mgr., svo lengi sem ekki er fastsett hvenær stöðin hefur rekstur að nýju.

23. gr.

Rekstri stöðvar hætt að hluta til

1. Stöð telst hafa hætt rekstri að hluta til að því tilskildu að ein undirstöð, sem leggur til a.m.k. 30% af endanlegum árlegum fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds eða af úthlutun fleiri en 50 000 losunarheimilda, minnki starfsemi sína á tilteknu almanaksári um a.m.k. 50% samanborið við starfsemisstigið sem er notað til að reikna út úthlutun undirstöðvarinnar í samræmi við 9. gr. eða, ef við á, 18. gr. (hér á eftir nefnd „upphaflegt starfsemisstig“).

2. Úthlutun losunarheimilda til stöðvar, sem hættir rekstri að hluta til, skal aðlöguð frá og með árinu eftir það ár þegar stöðin hætti rekstri að hluta til eða frá og með árinu 2013, ef stöðvun rekstrarins að hluta til fór fram fyrir 1. janúar 2013, á eftirfarandi hátt:

ef starfsemisstig undirstöðvarinnar, sem um getur í 1. mgr., er lækkað um 50–75%, samanborið við upphaflegt starfsemisstig, skal undirstöðin aðeins fá helminginn af upphaflegu úthlutuðu losunarheimildunum,

ef starfsemisstig undirstöðvarinnar, sem um getur í 1. mgr., er lækkað um 75–90%, samanborið við upphaflegt starfsemisstig, skal undirstöðin aðeins fá 25% af upphaflegu úthlutuðu losunarheimildunum,

ef starfsemisstig undirstöðvarinnar, sem um getur í 1. mgr., er lækkað um 90% eða meira samanborið við upphaflegt starfsemisstig, skal ekki úthluta neinum losunarheimildum án endurgjalds að því er varðar viðkomandi undirstöð.

3. Ef starfsemisstig undirstöðvarinnar, sem um getur í 1. mgr., nær starfsemisstigi sem er hærra en 50% samanborið við upphaflega starfsemisstigið skal stöðin, sem hefur hætt rekstri að hluta til, fá losunarheimildirnar, sem henni var upphaflega úthlutað, frá og með árinu á eftir almanaksárinu þegar starfsemisstigið fór yfir 50% viðmiðunarmörkin.

4. Ef starfsemisstig undirstöðvarinnar, sem um getur í 1. mgr., nær starfsemisstigi sem er hærra en 25% samanborið við upphaflega starfsemisstigið skal stöðin, sem hefur hætt rekstri að hluta til, fá helming losunarheimildanna, sem henni var upphaflega úthlutað, frá og með árinu á eftir almanaksárinu þegar starfsemisstigið fór yfir 25% viðmiðunarmörkin.

24. gr.

Breytingar á rekstri stöðvar

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að rekstraraðilinn leggi allar viðeigandi upplýsingar um áætlaðar eða orðnar breytingar á afkastagetu, starfsemisstigi og rekstri stöðvar fyrir lögbæra yfirvaldið fyrir 31. desember ár hvert.

2. Ef gerð er breyting á afkastagetu, starfsemisstigi eða rekstri stöðvar sem hefur áhrif á úthlutun stöðvarinnar skulu aðildarríkin, með hjálp rafræna sniðmátsins sem framkvæmdastjórnin leggur til, leggja allar viðeigandi upplýsingar, þ.m.t. endurskoðaða bráðabirgðatölu yfir árlegan heildarfjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, fyrir viðkomandi stöð í samræmi við þessa ákvörðun, fyrir framkvæmdastjórnina áður en endanlegur árlegur heildarfjöldi losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, er ákvarðaður. Framkvæmdastjórnin getur hafnað endurskoðaðri bráðabirgðatölu yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir viðkomandi stöð.

V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

25. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Connie HEDEGAARD

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

VÖRUVIÐMIÐANIR

1. **Skilgreining á vöruviðmiðunum og kerfismörkum án tillits til skiptanleika eldsneytis og raforku**

Vöru-viðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á vinnslu og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Váhrif vegna kolefnisleka samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB fyrir árin 2013 og 2014	Viðmiðunar-gildi (losunar-heimildir/t)
Koks	Koks í koksofna (fengið með kolun kokskola við háan hita) eða gaskoks (aukaafurð gasvinnslu-stöðva), gefið upp sem tonn af þurru koksi. Brúnkol falla ekki undir þessa viðmiðun.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnslueiningunum koksofnum, H2S/NH3-brennslu, forhitun kola (afþíðingu), útdrætti koksgass, einingu fyrir hreinsun brennisteins, eimingareiningu, gufuframleiðslustöð, þrýstistýringu í rafhlöðum, lífrænni meðhöndlun á vatni, ýmiss konar hitunar aukaafurða og vetnissundrun, falla hér undir. Hreinsun koksofnagass fellur hér undir.	já	0,286
Glætt málm-grýti	Mótuð járnvara sem inniheldur járngrýtisagnir, bræðsluefni og efni til endurnýtingar sem innihalda járn með efnisfræðilega og eðlisfræðilega eiginleika, s.s. basastig, vélrænan styrk og lekt, sem eru nauðsynlegir til að koma járni og nauðsynlegu bræðsluefni að járngrýtisafoxunarferli.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnslueiningunum sindurfæribandi, íkviknun, einingum fyrir hráefnistilreiðslu, einingu fyrir vinsun með hita, einingu til kælingar á sindri, einingu fyrir vinsun með kulda og einingu til gufuframleiðslu, falla hér undir.	já	0,171
Heitur málmur	Fljótandi járn sem er mettað með kolefni til frekari vinnslu.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnslueiningunum háofnum, meðhöndlunareiningum fyrir heitan málm, loftblástursvarmaskiptum, hitabúnaði fyrir háofna, súrefnisofnum, fylgimálmvinnslu, einingum til afgösunar í lofttæmi (e. vacuum ladles), málmsteypu (einnig skurður), gjallmeðhöndlun, hráefnablöndun, ofnloftsmeðhöndlun, rykhreinsun, forhitun brotajárns, kolaþurrkun fyrir innspýtingu, deigluforhiturum, mótaforhiturum, þrýstiloftsframleiðslu, rykmeðhöndlun (kögglun), eðjumeðhöndlun (kögglun), gufuinnspýtingu í ofn, gufukatli, blástursloftskælingu o.fl., falla hér undir.	já	1,328

Vöru-viðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á vinnslu og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Váhrif vegna kolefnisleka samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB fyrir árin 2013 og 2014	Viðmiðunar-gildi (losunar-heimildir/t)
Forbökuð forskaut	Forskaut til rafgreiningar á áli úr olíukoksi, biki og forskautum, sem hafa verið endurunnin á hefðbundinn hátt sem eru mótuð sérstaklega fyrir tiltekna málmbræðslu og bökuð í forskautsbökunarofnum við u.þ.b. 1150 °C.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á forbökuðum forskautum, falla hér undir.	já	0,324
Ál	Óunnið, óblendið og fljótandi ál úr rafgreiningu.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluþrepinu rafgreiningu, falla hér undir.	já	1,514
Grátt sements-gjall	Grátt sementsgjall sem heildarframleiðsla á gjalli.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á gráu sementsgjalli, falla hér undir.	já	0,766
Hvítt sements-gjall	Hvítt sementsgjall til notkunar sem aðalbindiefni í samsetningu efna s.s. fúguefni, límefni fyrir keramíkflísar, einangrunarefni, múrfestingar, iðnaðargólfmúr, gifsefni sem er tilbúið til notkunar, viðgerðarmúrblöndur og vatnsþétt yfirborðsmeðferðarefni með meðalinnihald að hámarki 0,4 massahlutfall af Fe2O3, 0,003 massahlutfall af Cr2O3 og 0,03 massahlutfall af Mn2O3.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á hvítu sementsgjalli, falla hér undir.	já	0,987
Kalk	Óleskjað kalk: kalsíumoxíð (CaO), sem er framleitt með afkölkun kalksteins (CaCO3), sem kalk af staðalgæðum (e. „standard pure“ lime) með óbundnu CaO-innihaldi sem er 94,5%. Kalk sem er framleitt og notað í sömu stöðinni til hreinsunar fellur ekki undir þessa vöruviðmiðun.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á kalki, falla hér undir.	já	0,954

Vöru-viðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á vinnslu og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Váhrif vegna kolefnisleka samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB fyrir árin 2013 og 2014	Viðmiðunar-gildi (losunar-heimildir/t)
Kalk úr dólómíti	Kalk úr dólómíti eða glætt dólómít er blanda af kalsíumi og magnesíumoxíðum og framleitt með afkölkun dólómíts (CaCO3·MgCO3) með CO2-leifum yfir 0,25% og óbundið innihald MgO á bilinu 25% til 40% og rúmþyngd verslunarvörunnar er undir 3,05 g/cm3. Kalk úr dólómíti skal gefið upp sem kalk úr dólómíti af staðalgæðum þar sem innihald óbundins CaO er 57,4% og innihald óbundins MgO er 38,0%.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á kalki úr dólómíti, falla hér undir.	já	1,072
Sindrað kalk úr dólómíti	Blanda af kalsíumi og magnesíumoxíði sem er eingöngu notuð til framleiðslu á eldföstum múrsteinum og öðrum eldföstum vörum með rúmþyngd að lágmarki 3,05 g/cm3.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á sindruðu kalki úr dólómíti, falla hér undir.	já	1,449
Flotgler	Flotgler/slípað gler/fágað gler (sem tonn af gleri sem kemur úr herslu (e. lehr)).	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluþrepunum bræðslu, hreinsun, kælingu (e. working end), flotbaði og herslu, falla hér undir.	já	0,453
Flöskur og krukkur úr ólituðu gleri	Ólitaðar glerflöskur, < 2,5 lítra að nafnrúmtaki, undir drykkjarvöru og matvæli (þó ekki flöskur hjúpaðar leðri eða samsettu leðri eða barnapelar) að undanskildum afurðum úr hvítum tinnusteini þar sem járnoxíðinnihaldið er minna en 0,03% miðað við þyngd, gefið upp sem Fe2O3, og litahnit L eru á bilinu 100 til 87, a frá 0 til –5 og b frá 0 til 3 (notuð er CIELAB-litaformúlan sem Commission internationale d'éclairage mælir með), gefnar upp í tonnum af pökkuðum vörum.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluþrepunum efnameðhöndlun, bræðslu, mótun, úrvinnslu, pökkun og stoðvinnslu, falla hér undir.	já	0,382

Vöru-viðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á vinnslu og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Váhrif vegna kolefnisleka samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB fyrir árin 2013 og 2014	Viðmiðunar-gildi (losunar-heimildir/t)
Flöskur og krukkur úr lituðu gleri	Litaðar glerflöskur, <2,5 lítra að nafnrúmtaki, undir drykkjarvöru og matvæli (þó ekki flöskur hjúpaðar leðri eða samsettu leðri eða barnapelar), gefnar upp í tonnum af pökkuðum vörum.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluþrepunum efnameðhöndlun, bræðslu, mótun, úrvinnslu, pökkun og stoðvinnslu, falla hér undir.	já	0,306
Vörur úr sam-felldum gler-trefjum	Bráðið gler til framleiðslu á vörum úr samfelldum glertrefjum, einkum saxaðir þræðir, vafningar, garn og stuttar glertrefjar og mottur (gefið upp sem tonn af bræddu gleri sem kemur úr fæðihólfinu (e. forehearth). Vörur úr steinull til hita-, hljóð- og eldeinangrunar falla ekki hér undir.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluferlunum glerbræðslu í bræðsluofnum og glerhreinsun í fæðihólfunum, falla hér undir. Úrvinnsla í því skyni að breyta trefjunum í seljanlegar vörur fellur ekki undir þessa vöruviðmiðun.	já	0,406
Múr-steinar til klæðn-ingar	Múrsteinar til klæðningar með þéttleika > 1000 kg/m3 sem eru notaðir á steinfleti á grundvelli EN 771-1, að undanskildum hellusteinum, hörðum múrsteinum og blábrenndum múrsteinum til klæðningar.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnsluferlunum tilreiðslu hráefna, blöndun efnisþátta, mótun, lögun, þurrkun, brennslu og frágangi vöru og hreinsun reyks, falla hér undir.	nei	0,139
Hellu-steinar	Leirsteinar til gólflagningar samkvæmt EN 1344.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnsluferlunum tilreiðslu hráefna, blöndun efnisþátta, mótun, lögun, þurrkun, brennslu og frágangi vöru og hreinsun reyks, falla hér undir.	nei	0,192
Þaktígulst einar	Þaktígulsteinar úr leir, samkvæmt skilgreiningu í EN 1304:2005, að undanskildum blábrenndum þakflísum og aukabúnaði.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnsluferlunum tilreiðslu hráefna, blöndun efnisþátta, mótun, lögun, þurrkun, brennslu og frágangi vöru og hreinsun reyks, falla hér undir.	nei	0,144

Vöru-viðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á vinnslu og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Váhrif vegna kolefnisleka samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB fyrir árin 2013 og 2014	Viðmiðunar-gildi (losunar-heimildir/t)
Úða-þurrkað duft	Úðaþurrkað duft til framleiðslu á þurrpressuðum vegg- og gólfflísum í tonnum af framleiddu dufti.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á úðaþurrkuðu dufti, falla hér undir.	já	0,076
Gifs	Gifsefni úr brenndu gifsi eða kalsíumsúlfati (þ.m.t. til nota í byggingum, í ofinn dúk fyrir umbúðir eða yfirborðspappír, til nota í tannlækningum eða við afmengun lands) í tonnum af múrhúð. Alfagifsefni falla ekki undir þessa vöruviðmiðun	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluþrepunum mölun, þurrkun og glæðingu, falla hér undir.	nei	0,048
Þurrkað, endur-unnið gifs	Þurrkað, endurunnið gifs (tilbúið gifs, framleitt sem endurunnin aukaafurð úr orkuiðnaði eða endurunninn efniviður úr byggingarúrgangi og niðurbroti), gefið upp sem afurð í tonnum.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint þurrkun endurunnins gifs, falla hér undir.	nei	0,017
Kraft-pappírs-deig með stuttum trefjum	Kraftpappírsdeig með stuttum trefjum er viðardeig, sem er myndað með súlfatferlinu þar sem notaður er suðuvökvi, sem einkennist af trefjalengdinni 1–1,5 mm og er aðallega notaður fyrir vörur sem krefjast ákveðinnar mýktar og fyrirferðar, s.s. hreinlætispappír og prentpappír, gefið upp sem seljanleg nettóframleiðsla í loftþurrkuðum tonnum.	Öll vinnsluferli sem eru hluti af framleiðslu pappírsdeigs (einkum pappírsdeigsverksmiðja, endurnýtingarsuðuketill, þurrkun pappírsdeigsins, kalkofn og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla)) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu vinnsluferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun illa lyktandi lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir.	já	0,12

Vöru-viðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á vinnslu og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Váhrif vegna kolefnisleka samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB fyrir árin 2013 og 2014	Viðmiðunar-gildi (losunar-heimildir/t)
Kraft-pappírs-deig með löngum trefjum	Kraftpappírsdeig með löngum trefjum er viðardeig, sem er myndað með súlfatferlinu þar sem notaður er suðuvökvi, sem einkennist af trefjalengdinni 3–3,5 mm og er aðallega notaður fyrir vörur þar sem styrkleiki er mikilvægur, s.s. umbúðapappír, gefið upp sem seljanleg nettóframleiðsla í loftþurrkuðum tonnum.	Öll vinnsluferli sem eru hluti af framleiðslu pappírsdeigs (einkum pappírsdeigsverksmiðja, endurnýtingarsuðuketill, þurrkun pappírsdeigsins, kalkofn og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla)) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu vinnsluferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun illa lyktandi lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir.	já	0,06
Súlfít-pappírs-deig, hitameð-höndlað og vél-unnið pappírs-deig og vélunnið pappírs-deig	Súlfítpappírsdeig sem er framleitt með sérstakri aðferð til að búa til pappírsdeig, t.d. pappírsdeig sem er framleitt með því að sjóða viðarspæni í þrýstihylki í bísúlfítvökva, gefið upp sem seljanleg nettóframleiðsla í loftþurrkuðum tonnum. Súlfítpappírsdeig getur verið bleikt eða óbleikt. Vélunnið pappírsdeig í mismunandi gæðum: Vélunnið og hitameðhöndlað pappírsdeig (TMP-deig) og deig úr viðarslípi sem seljanleg nettóframleiðsla í loftþurrkuðum tonnum. Vélunnið pappírsdeig getur verið bleikt eða óbleikt. Smærri undirflokkar af hálfefnafræðilega unnu pappírsdeigi, efnafræðilega unnu og vélunnu og hitameðhöndluðu pappírsdeigi (CTMP) og upplausnardeig falla ekki undir þennan flokk.	Öll vinnsluferli sem eru hluti af framleiðslu pappírsdeigs (einkum pappírsdeigsverksmiðja, endurnýtingarsuðuketill, þurrkun pappírsdeigsins, kalkofn og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla)) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu vinnsluferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun illa lyktandi lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir.	já	0,02
Endur-heimt pappírs-deig	Deig úr trefjum úr endurheimtum pappír eða pappa (úrgangur og rusl) eða öðru trefjakenndu sellulósaefni, gefið upp sem seljanleg nettóframleiðsla í loftþurrkuðum tonnum.	Öll vinnsluferli sem eru hluti af framleiðslu á pappírsdeigi úr endurheimtum pappír og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla)) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu vinnsluferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun illa lyktandi lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir.	já	0,039

Vöru-viðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á vinnslu og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Váhrif vegna kolefnisleka samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB fyrir árin 2013 og 2014	Viðmiðunar-gildi (losunar-heimildir/t)
Dagblaða pappír	Pappír í tilteknum gæða-flokki (í rúllum eða örkum), gefinn upp sem seljanleg nettóframleiðsla í loftþurrk-uðum tonnum til að prenta dagblöð sem eru framleidd úr deigi úr viðarslípi og/eða vélunnu pappírsdeigi eða endurunnum trefjum eða einhvers konar samsetningu af þessu. Þyngd er yfirleitt á bilinu 40 til 52 g/m2 en getur náð allt að 65 g/m2. Dagblaðapappír fær glansáferð í vélum eða er örlítið pressaður, hvítur eða örlítið litaður og er notaður í pappírsrúllur fyrir leturprentun, offsetprentun og flexóprentun.	Öll vinnsluferli sem eru hluti af pappírsframleiðslunni (einkum pappírs- eða pappavélar og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla) og bein notkun eldsneytis við vinnslu) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu vinnsluferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun illa lyktandi lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir.	já	0,298
Óhúðaður gæða-prent-pappír	Óhúðaður gæðaprentpappír, sem nær bæði yfir óhúðaðan vélunninn pappír og óhúðaðan trénislausan pappír, gefinn upp sem seljanleg nettóframleiðsla í loftþurrkuðum tonnum: 1. Óhúðaður trénislaus pappír, sem er hentugur til prentunar eða annarra grafískra nota og unninn úr margs konar nýjum trefjum, sem inniheldur mismikið magn af steinefnafylliefnum og er meðhöndlaður í mismunandi fullvinnsluferlum. Í þessum gæðaflokki er t.d. flestur pappír til skrifstofunota, s.s. viðskiptaeyðublöð, ljósritunarpappír, tölvupappír, ritfangapappír og bókapappír. 2. Óhúðaður vélunninn pappír nær yfir pappír í tilteknum gæðaflokkum sem er unninn úr vélunnu pappírsdeigi og notaður í umbúðir eða til grafískra nota/í tímarit.	Öll vinnsluferli sem eru hluti af pappírsframleiðslunni (einkum pappírs- eða pappavélar og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla) og bein notkun eldsneytis við vinnslu) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu vinnsluferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun illa lyktandi lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir.	já	0,318
Húðaður gæða-prent-pappír	Húðaður gæðaprentpappír, sem nær bæði yfir húðaðan vélunninn pappír og húðaðan trénislausan pappír, gefinn upp sem seljanleg nettóframleiðsla í loftþurrkuðum tonnum: 1. Húðaður, trénislaus pappír úr trefjum sem er aðallega framleiddur	Öll vinnsluferli sem eru hluti af pappírsframleiðslunni (einkum pappírs- eða pappavélar og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla) og bein notkun eldsneytis við vinnslu) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu vinnsluferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar	já	0,318

Vöru-viðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á vinnslu og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Váhrif vegna kolefnisleka samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB fyrir árin 2013 og 2014	Viðmiðunar-gildi (losunar-heimildir/t)
	með efnafræðilegri vinnslu á pappírsdeigi og húðaður í vinnsluferlum fyrir mismunandi notkun og er einnig kallaður húðaður "freesheet"-pappír. Þessi flokkur pappírs er helst ætlaður til útgáfu. 2. Húðaður vélunninn pappír úr vélunnu pappírsdeigi, sem er notaður til grafískra nota/í tímarit. Þessi flokkur pappírs kallast einnig húðað viðarslíp	annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun illa lyktandi lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir.		
Pappírs-þurrkur	Hreinlætispappír, gefinn upp sem seljanleg nettóframleiðsla á iðnaðarrúllum, nær yfir margs konar pappírsþurrkur og annan hreinlætispappír til heimilisnota eða til nota í verslun eða iðnaði, s.s. salernispappír, andlitsþurrkuklútar, eldhúsþurrkur, handþurrkur, þurrkur til iðnaðarnota og til framleiðslu á bleyjum, dömubindum o.s.frv. Loftþurrkaðar pappírsþurrkur (e. TAD, Through Air Dried Tissue) falla ekki undir þennan flokk.	Öll vinnsluferli sem eru hluti af pappírsframleiðslunni (einkum pappírs- eða pappavélar og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla) og bein notkun eldsneytis við vinnslu) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu vinnsluferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun illa lyktandi lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir. Umbreyting frá iðnaðarrúllum í fullunna vöru að því er varðar þyngd fellur ekki undir þessa vöruviðmiðun.	já	0,334
Testliner-pappi og bylgju-pappír	Testliner-pappi og bylgjupappír, gefnir upp sem seljanleg nettóframleiðsla í loftþurrkuðum tonnum: 1.Testliner-pappi nær yfir tegundir pappa sem uppfylla tilteknar prófunarkröfur, sem umbúðaiðnaðurinn hefur samþykkt, til að unnt sé að nota pappann sem ytra lag bylgjupappa til framleiðslu á flutningsumbúðum. Testliner-pappi er aðallega gerður úr endurunnum trefjum. 2. Bylgjupappír er miðhluti bylgjaðra flutningsumbúða sem er klæddur með pappa (testliner-pappa/kraftpappír) á báðum hliðum. Bylgjupappír nær aðallega yfir pappír sem er gerður úr endurunnum trefjum en þessi flokkur tekur	Öll vinnsluferli sem eru hluti af pappírsframleiðslunni (einkum pappírs- eða pappavélar og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla) og bein notkun eldsneytis við vinnslu) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu vinnsluferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun illa lyktandi lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir.	já	0,248

Vöru-viðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á vinnslu og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Váhrif vegna kolefnisleka samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB fyrir árin 2013 og 2014	Viðmiðunar-gildi (losunar-heimildir/t)
	einnig til pappa sem er gerður úr efnafræðilega unnu pappírsdeigi og hálfefnafræðilega unnu pappírsdeigi.			
Óhúðaður pappi	Þessi viðmiðun nær yfir margs konar óhúðaðar vörur (gefnar upp sem seljanleg nettóframleiðsla í loftþurrkuðum tonnum) sem geta verið í einu eða mörgum lögum. Óhúðaður pappi er aðallega notaður til pökkunar þar sem mikilvægustu eiginleikarnir eru styrk- og stífleiki en viðskiptalegir þættir á borð við upplýsingamiðlun eru ekki eins mikilvægir. Pappi er gerður úr nýjum trefjum og/eða endurunnum trefjum, gott er að brjóta hann saman, hann er nægilega stífur og auðvelt er að setja brot í hann. Hann er aðallega notaður í öskjur undir neysluvörur, s.s. frosin matvæli, snyrtivörur og ílát undir vökva, en hann er einnig þekktur sem gegnheill pappi, fellikassapappi, flutningskassapappi o.s.frv.	Öll vinnsluferli sem eru hluti af pappírsframleiðslunni (einkum pappírs- eða pappavélar og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla) og bein notkun eldsneytis við vinnslu) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu vinnsluferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun illa lyktandi lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir.	já	0,237
Húðaður pappi	Þessi viðmiðun nær yfir margs konar húðaðar vörur (gefnar upp sem seljanleg nettóframleiðsla í loftþurrkuðum tonnum) sem geta verið í einu eða mörgum lögum. Húðaður pappi er aðallega notaður í viðskiptalegum tilgangi þar sem nauðsynlegt er að miðla upplýsingum, sem eru prentaðar á umbúðirnar, á búðarhillum að því er varðar matvæli, lyf, snyrtivörur o.s.frv. Pappi er gerður úr nýjum trefjum og/eða endurunnum trefjum, gott er að brjóta hann saman, hann er nægilega stífur og auðvelt er að setja brot í hann. Hann er aðallega notaður í öskjur	Öll vinnsluferli sem eru hluti af pappírsframleiðslunni (einkum pappírs- eða pappavélar og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla) og bein notkun eldsneytis við vinnslu) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu vinnsluferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun illa lyktandi lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir.	já	0,273

Vöru-viðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á vinnslu og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Váhrif vegna kolefnisleka samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB fyrir árin 2013 og 2014	Viðmiðunar-gildi (losunar-heimildir/t)
	undir neysluvörur, s.s. frosin matvæli, snyrtivörur og ílát undir vökva, en hann er einnig þekktur sem gegnheill pappi, fellikassapappi, flutningskassapappi o.s.frv.			
Saltpéturs sýra	Saltpéturssýra (HNO3), skráð í tonnum HNO3 (100%).	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu vara með viðmiðun og N2O-eyðingarferli, falla hér undir, að undanskilinni framleiðslu á ammoníaki.	já	0,302
Adipín-sýra	Adipínsýruna skal skrá í tonnum af þurrkaðri og hreinsaðri adipínsýru sem er geymd í geymsluturnum eða pakkað í (stóra) sekki.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu vara með viðmiðun og N2O-eyðingarferli, falla hér undir.	já	2,79
Vínyl-klóríð-einliður	Vínylklóríð (klóretýlen).	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluþrepunum beinni klórun, oxýklórun (e. oxychlorination) og sundrun díklóretans í vínylklóríðeinliður, falla hér undir.	já	0,204
Fenól/-aseton	Summan af fenóli, asetoni og aukaafurð alfametýlstýrens sem heildarframleiðsla.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á fenóli og asetoni, falla hér undir, einkum loftþjöppun, vetnisperoxun, endurheimt kúmóls úr andrúmslofti, samþjöppun og klofnun, þætting og hreinsun framleiðslunnar, tjörusundrun, endurheimt og hreinsun asetófenóns, endurheimt alfametýlstýrens (AMS) til útflutnings, herðing alfametýlstýrens til endurvinnslu innan marka kerfisins, upphafleg hreinsun skólps (fyrsta strípun skólps), framleiðsla á kælivatni (t.d. kæliturnar) notkun kælivatns (hringrásdælur), brennsla í afgasloga og brennsluofnum (jafnvel þótt þeir séu staðsettir utan marka kerfisins) ásamt notkun viðbótareldsneytis.	já	0,266
Pólývínyl klóríð í sviflausn (S-PVC)	Pólývínylklóríð sem er ekki blandað með öðrum efnum og samanstendur af pólývínylklóríðögnum þar sem meðalstærðin er 50–200 μm.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á pólývínylklóríði í sviflausn, falla hér undir, að undanskilinni framleiðslu á vínylklóríðeinliðum.	já	0,085
Pólývínyl klóríð í ýrulausn (E-PVC)	Pólývínylklóríð sem er ekki blandað með öðrum efnum og samanstendur af pólývínylklóríðögnum þar sem meðalstærðin er 0,1–3 μm.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á pólývínylklóríði í ýrulausn, falla hér undir, að undanskilinni framleiðslu á vínylklóríðeinliðum.	já	0,238

Vöru-viðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á vinnslu og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Váhrif vegna kolefnisleka samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB fyrir árin 2013 og 2014	Viðmiðunar-gildi (losunar-heimildir/t)
Sódi	Dínatríumkarbónat sem verg framleiðsla í heild, að undanskildum þéttum sóda, sem er fengið sem aukaafurð við framleiðslu á kaprólaktami.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnslueiningunum hreinsun saltvatns, glæðingu kalksteins og framleiðslu á leskjuðu kalki, frásogi ammoníaks, útfellingu NaHCO3, síun eða skiljun NaHCO3-kristalla frá móðurvökva, niðurbroti NaHCO3 í Na2CO3, endurheimt ammoníaks og þéttingu eða framleiðslu á þéttum sóda, falla hér undir.	já	0,843

Ef engin önnur tilvísun er gefin upp vísa allar vöruviðmiðanir til eins tonns af framleiddri vöru, gefið upp sem seljanleg (nettó)framleiðsla, og til 100% hreinleika viðkomandi efnis.

Allar skilgreiningar á vinnsluferlum og losun sem tekið er til (kerfismörk) ná yfir afgasloga ef þeir eru fyrir hendi.

Staða váhrifa vegna kolefnisleka að því er varðar vörur með viðmiðun byggist á ákvörðun 2010/2/ESB og gildir hún fyrir árin 2013 og 2014. Frekari geirar gætu bæst við á þessa skrá með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar árin 2013 og 2014.

2. **Skilgreining á vöruviðmiðunum og kerfismörkum með tilliti til skiptanleika eldsneytis og raforku**

Vöru-viðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á vinnslu og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Váhrif vegna kolefnisleka samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB fyrir árin 2013 og 2014	Viðmiðunar-gildi (losunar-heimildir/t)
Afurðir frá hreins-unar-stöðvum	Blanda afurða frá hreinsunarstöðvum þar sem meira en 40% eru léttar afurðir (bensín fyrir hreyfla, þ.m.t. flugvélabensín, bensínkennt þotueldsneyti, aðrar léttar jarðolíur/léttar blöndur, steinolía, þ.m.t. steinolíukennt þotueldsneyti, gasolíur), gefnar upp sem CO2-vegin tonn (CWT).	Öll vinnsluferli í hreinsunarstöð, sem svara til skilgreiningarinnar á CWT-vinnslueiningu ásamt stoðþjónustu utan vinnslunnar, sem veitt er innan marka hreinsistöðvarinnar, s.s. geymsla í geymum, blöndun, skólphreinsun o.s.frv., falla hér undir. Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	já	0,0295
Kolstál úr ljósboga-ofnum	Stál sem inniheldur minna en 8% af málmblendisþáttum og snefilefnaþáttum og í slíku magni að notkunin takmarkast við þá notkun þar sem ekki er krafist mikilla yfirborðsgæða eða vinnslumöguleika.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnslueiningunum rafknúnum ljósbogaofni, fylgimálmvinnslu, málmsteypu og -skurði, eftirbrennslu, rykhreinsun, deigluforhitara, mótaforhitara, þurrkun og forhitun brotajárns, falla hér undir. Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	já	0,283

Vöru-viðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á vinnslu og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Váhrif vegna kolefnisleka samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB fyrir árin 2013 og 2014	Viðmiðunar-gildi (losunar-heimildir/t)
Stálblendi úr ljós-boga-ofnum	Stál sem inniheldur a.m.k. 8% af málmblendisþáttum eða þar sem krafist er mikilla yfirborðsgæða og vinnslumöguleika.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnslueiningunum rafknúnum ljósbogaofni, fylgimálmvinnslu, málmsteypu og -skurði, eftirbrennslu, rykhreinsun, deigluforhitara, mótaforhitara, kæligryfjum fyrir hæga kælingu, þurrkun og forhitun brotajárns, falla hér undir. Vinnslueiningarnar FeCr-umbreytir og lághitageymsla fyrir iðnaðargastegundir falla ekki hér undir. Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	já	0,352
Járn-steypa	Steypujárn, gefið upp í tonnum af fljótandi járni sem hefur verið blandað, gjallhreinsað og er tilbúið til steypu.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnsluþrepunum málmbræðslu, málmsteypu, kjarnaframleiðslu og yfirborðsmeðhöndlun, falla hér undir. Aðeins skal taka tillit til heildarraforkunotkunar við bræðslu innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	já	0,325
Steinull	Vörur úr steinull til hita-, hljóð- og eldeinangrunar sem eru framleiddar með því að nota gler, grjót eða gjall.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluþrepunum bræðslu, trefjaframleiðslu og inndælingu bindiefna, herslu og þurrkun ásamt mótun, falla hér undir. Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	nei	0,682
Gifs-plötur	Þessi viðmiðun nær yfir plötur, þynnur, þiljur, flísar og áþekkar vörur úr gifsefni eða blöndu að meginstofni úr gifsefni, ekki með pappír eða pappa á yfirborði eða styrktar með pappír eða pappa, þó ekki mótaðar með gifsefni eða skreyttar (í tonnum af múrhúð). Eðlisþungar gifstrefjaplötur falla ekki undir þessa vöruviðmiðun.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluþrepunum, mölun, þurrkun, glæðingu og þurrkun platna, falla hér undir. Aðeins skal taka tillit til heildarraforkunotkunar varmadælna, sem notaðar eru við þurrkun, við ákvörðun á óbeinni losun.	nei	0,131

Vöru-viðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á vinnslu og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Váhrif vegna kolefnisleka samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB fyrir árin 2013 og 2014	Viðmiðunar-gildi (losunar-heimildir/t)
Kinrok	Kinrok úr bræðsluofnum. Vörur úr gaskinroki eða lampakinroki falla ekki undir þessa viðmiðun.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu kinroks úr bræðsluofnum auk frágangs, pökkunar og brennslu gass í afgaslogum, falla hér undir. Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	já	1,954
Ammon-íak	Ammoníak (NH3) skal skráð í framleiddum tonnum.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á ammoníaki og vetni á millistigi framleiðslunnar, falla hér undir. Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	já	1,619
Gufu-sundrun	Blanda af hágæðaíðefnum, gefin upp sem heildarmassi asetýlens, etýlens, própýlens, bútadíens, bensens og vetnis, að undanskildum hágæðaíðefnum úr viðbótarhráefni (vetni, etýleni eða öðrum hágæðaíðefnum) þar sem etýleninnihaldið í heildarvörublöndunni er a.m.k. 30 massaprósent og innihald hágæðaíðefna, brennslugass, bútena og fljótandi vetniskolefna er samtals a.m.k. 50 massaprósent af heildarvörublöndunni.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á hágæðaíðefnum sem hreinsaðri afurð eða hálfunninni vöru sem inniheldur óblandað hágæðaíðefni í formi minnst unninnar söluafurðar (hrátt C4, óvetnað hitasundrunarbensín), falla hér undir, að undanskildum C4-útdrætti (bútadíenstöð) C4-vetnun, vetnismeðhöndlun hitasundrunarbensíns og útdrætti arómata ásamt flutningi og geymslu í tengslum við daglegan rekstur. Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	já	0,702
Arómöt	Blanda arómata sem gefin eru upp sem CO2-vegin tonn (CWT).	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint vetnismeðhöndlun arómata frá undireiningum fyrir hitasundrunarbensín, útdrætti bensen/tólúen/xýlens, tólúensundurstigun (TDP), vetnisalkýlsneyðingu (HDA), hverfingu xýlens, P-xýlen-einingum, kúmólframleiðslu og sýklóhexanframleiðslu, falla hér undir. Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	já	0,0295

Vöru-viðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á vinnslu og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Váhrif vegna kolefnisleka samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB fyrir árin 2013 og 2014	Viðmiðunar-gildi (losunar-heimildir/t)
Stýren	Stýreneinliða (vínylbensen, CAS-númer: 100-42-5).	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint stýrenframleiðslu ásamt hálfunnu vörunni etýlbenseni (ásamt magninu sem notað er sem hráefni til stýrenframleiðslunnar), falla hér undir. Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	já	0,527
Vetni	Hreint vetni og blöndur af vetni og kolsýringi með vetnisinnihald sem er a.m.k. 60% mólhlutfall af heildarinnihaldi vetnis ásamt kolsýringi á grundvelli samtölu alls þess vörustreymis sem inniheldur vetni og kolsýring og er flutt út úr viðkomandi undirstöð, gefið upp sem 100% vetni.	Allir viðkomandi þættir vinnsluferlisins, sem tengjast beint eða óbeint vetnisframleiðslu og aðskilnaði vetnis og kolsýrings, falla hér undir. Þessir þættir eru á milli: a)ílagspunkta vetniskolefnishráefna og, ef það er aðskilið, eldsneytis,b)frálagspunkta alls vörustreymis sem inniheldur vetni og/eða kolsýring,c)ílags- eða frálagspunkta fyrir innfluttan eða útfluttan varma.Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	já	8,85
Tilbúið gas	Blöndur af vetni og kolsýringi með vetnisinnihald sem er minna en 60% mólhlutfall af heildarinnihaldi vetnis ásamt kolsýringi á grundvelli samtölu alls þess vörustreymis sem inniheldur vetni og kolsýring og er flutt út úr viðkomandi undirstöð, umreiknað sem rúmmálshlutfallið 47 af vetni.	Allir viðkomandi þættir vinnsluferlisins, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á tilbúnu gasi og aðskilnaði vetnis og kolsýrings, falla hér undir. Þessir þættir eru á milli: a)ílagspunkta vetniskolefnishráefna og, ef það er aðskilið, eldsneytis,b)frálagspunkta alls vörustreymis sem inniheldur vetni og/eða kolsýring,c)ílags- eða frálagspunkta fyrir innfluttan eða útfluttan varma.Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	já	0,242

Vöru-viðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á vinnslu og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Váhrif vegna kolefnisleka samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB fyrir árin 2013 og 2014	Viðmiðunar-gildi (losunar-heimildir/t)
Etýlenox-íð/etýl-englýkól	Viðmiðunin fyrir etýlenoxíð/etýlenglýkól nær yfir afurðirnar etýlenoxíð (EO, mikill hreinleiki), mónóetýlenglýkól (MEG, staðalgæði + trefjagæði (mikill hreinleiki)), díetýlenglýkól (DEG), tríetýlenglýkól (TEG). Heildarmagn afurða er gefið upp sem etýlenoxíðígildi sem eru skilgreind sem það magn etýlenoxíðs (massi) sem er í einni massaeiningu af tiltekna glýkólinu.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnslueiningunum etýlenoxíðframleiðslu, etýlenoxíðhreinsun og glýkólþættinum, falla hér undir. Heildarraforkunotkun (og tengd, óbein losun) innan kerfismarkanna fellur undir þessa vöruviðmiðun.	já	0,512

Ef engin önnur tilvísun er gefin upp vísa allar vöruviðmiðanir til eins tonns af framleiddri vöru, gefið upp sem seljanleg (nettó)framleiðsla, og til 100% hreinleika viðkomandi efnis.

Allar skilgreiningar á vinnsluferlum og losun sem tekið er til (kerfismörk) ná yfir afgasloga ef þeir eru fyrir hendi.

Váhrifastaða í tengslum við kolefnisleka að því er varðar vörur með viðmiðun byggist á ákvörðun 2010/2/ESB og gildir hún fyrir árin 2013 og 2014. Frekari geirar gætu bæst við á þessa skrá með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

3. **Varma- og eldsneytisviðmiðanir**

Viðmiðun	Viðmiðunargildi (losunarheimildir/TJ)
Varmaviðmiðun	62,3
Eldsneytisviðmiðun	56,1

II. VIÐAUKI

SÉRTÆKAR VÖRUVIÐMIÐANIR

1. **Viðmiðun fyrir hreinsunarstöðvar: CWT-virkni**

CWT-virkni	Lýsing	Grunngildi (kt/ár)	CWT-stuðull
Eiming hráolíu við venjulegan loftþrýsting	Eining fyrir væga eimingu hráolíu, eining fyrir staðaleimingu hráolíu.	F	1,00
Lofttæmiseiming	Væg þætting í lofttæmi, staðallofttæmissúla, þættingarsúla í lofttæmi. Lofttæmiseimingarþátturinn tekur einnig til meðalorku og -losunar fyrir HFV-eininguna (e. heavy feed vacuum unit). Þar sem þessi eining er alltaf tengd MVU eru HFV-afköstin ekki reiknuð sérstaklega.	F	0,85
Asfaltsneyðing með leysi	Hefðbundinn leysir, leysir í yfirmarksástandi.	F	2,45
Seigjuskerðing	Leif frá eimingu sem gerð er við venjulegan loftþrýsting (án biðtanks), leif frá eimingu sem gerð er við venjulegan loftþrýsting (með biðtanki), botnleif frá eimingu sem gerð er við undirþrýsting (án biðtanks), botnleif frá eimingu sem gerð er við undirþrýsting (með biðtanki). Seigjuskerðingarþátturinn tekur einnig til meðalorku og losunar fyrir lofttæmieimingarsúluna (VAC VFL) en afköstin eru ekki reiknuð sérstaklega.	F	1,40
Hitasundrun	Hitasundrunarþátturinn tekur einnig til meðalorku og losunar fyrir lofttæmieimingarsúluna (VAC VFL) en afköstin eru ekki reiknuð sérstaklega.	F	2,70
Seinkuð koksun	Seinkuð koksun.	F	2,20
Vökvakoksun	Vökvakoksun.	F	7,60
Koksun með koksurum af gerðinni „Flexi-coker”	Koksun með koksurum af gerðinni „Flexi-coker”.	F	16,60
Koksglæðing	Lóðréttur ofn, láréttur hverfiofn.	P	12,75
Vökvahvatasundrun	Vökvahvatasundrun, væg hvatasundrun leifa, hvatasundrun leifa.	F	5,50
Annars konar hvatasundrun	Hvatasundrun með Houdry-ferlinu, hitahvatasundrun.	F	4,10
Vetnissundrun eimis/gasolíu	Væg vetnissundrun, kröftug vetnissundrun, vetnissundrun nafta.	F	2,85
Vetnissundrun leifa	H-Oil, LC-Fining™ og Hycon.	F	3,75
Vetnismeðhöndlun nafta/bensíns	Mettun bensens, brennisteinshreinsun á C4-C6-hráefni, venjuleg vetnismeðhöndlun á nafta, mettun á díólefínum til ólefína, mettun á díólefínum til ólefína í hráefni til alkýlunar, vetnismeðhöndlun FCC-bensíns með lágmarkstapi á oktantölu, ólefínalkýlun á þíó-S, S-Zorb™-aðferðinni, valvís vetnismeðhöndlun á hitasundrunarbensíni/nafta, brennisteinshreinsun á hitasundrunarbensíni/nafta, valvís vetnismeðhöndlun á hitasundrunarbensíni/nafta. Vetnismeðhöndlunarstuðull fyrir nafta tekur til orku og losunar fyrir hvarftank fyrir valvísa vetnismeðhöndlun (NHYT/RXST) en afköstin eru ekki reiknuð sérstaklega.	F	1,10

CWT-virkni	Lýsing	Grunngildi (kt/ár)	CWT-stuðull
Vetnismeðhöndlun steinolíu/dísilolíu	Mettun arómata, venjuleg vetnismeðhöndlun, vetnun arómatískra leysa, venjuleg vetnismeðhöndlun eimis, vetnismeðhöndlun á mjög hættulegu eimi (e. high severity distillate), vetnismeðhöndlun á ofurhættulegu eimi (e. ultra-high severity distillate), vaxsneyðing meðalþungs eimis, S-Zorb™-aðferðin, valvís vetnismeðhöndlun á eimum.	F	0,90
Vetnismeðhöndlun leifa	Hreinsun brennisteins úr leif við venjulegan loftþrýsting, hreinsun brennisteins úr leif við undirþrýsting.	F	1,55
Vetnismeðhöndlun VGO	Brennisteinshreinsun/afnítrun, brennisteinshreinsun.	F	0,90
Vetnisframleiðsla	Gufuendurmyndun á metani, gufuendurmyndun á nafta, einingarnar fyrir hlutaoxun á léttum hleðslum (e. light feeds). Þátturinn fyrir vetnisframleiðslu tekur til orku og losunar fyrir hreinsun (H2PURE), en afköstin eru ekki reiknuð sérstaklega.	P	300,00
Hvataumbreyting	Stöðug endurnýjun, lotubundin, hálfendurnýjanleg, AROMAX.	F	4,95
Alkýlun	Alkýlun með flússýru (HF), alkýlun með brennisteinssýru, fjölliðun C3-ólefínhráefnis, fjölliðun C3/C4-hráefnis, dímersól-aðferðin. Þátturinn fyrir alkýlun/fjölliðun tekur til orku og losunar fyrir sýruendurnýjun (ACID), en afköstin eru ekki reiknuð sérstaklega.	P	7,25
C4-hverfing	C4-hverfingarstuðullinn tekur einnig til orku og losunar í tengslum við ESB-27-meðaltalið fyrir sértæka þættingu (DIB) sem samsvarar C4-hverfingu.	R	3,25
C5/C6-hverfing	C5/C6-hverfingarstuðullinn tekur einnig til orku og losunar í tengslum við ESB-27-meðaltalið fyrir sértæka þættingu (DIH) sem samsvarar C5-hverfingu.	R	2,85
Framleiðsla súrefnissambanda	MBTE-eimingareiningar, MTBE-útdráttareiningar, ETBE-framleiðsla, TAME-framleiðsla og ísóoktenframleiðsla.	P	5,60
Própýlenframleiðsla	Efnafræðilegur hreinleiki, fjölliðuhreinleiki.	F	3,45
Asfaltframleiðsla	Asfalt- og jarðbiksframleiðsla. Framleiðslutalan skal taka til asfalts sem er fjölliðubreytt. CWT-stuðull tekur til blásturs.	P	2,10
Blöndun asfalts sem hefur verið fjölliðubreytt	Blöndun asfalts sem hefur verið fjölliðubreytt.	P	0,55
Endurheimt brennisteins	Stuðullinn fyrir endurheimt brennisteins tekur til orku og losunar fyrir endurheimt endagass og H2S-Springer-eininguna (U32) en afköstin eru ekki reiknuð sérstaklega.	P	18,60
Arómatískur leysisútdráttur (ASE)	ASE: útdráttareiming, ASE: vökva/vökva-útdráttur, ASE: vökva/vökva-útdráttur með útdráttareimingu. CWT-stuðull nær yfir allt hráefni, þ.m.t. hitasundrunarbensín eftir vetnismeðhöndlun. Vetnismeðhöndlun hitasundrun-arbensíns skal færð undir vetnismeðhöndlun á nafta.	F	5,25
Vetnisafalkýlun	Vetnisafalkýlun.	F	2,45

CWT-virkni	Lýsing	Grunngildi (kt/ár)	CWT-stuðull
TDP/TDA	Tólúensundurstigun/afalkýlun.	F	1,85
Sýklóhexanframleiðsla	Sýklóhexanframleiðsla.	P	3,00
Xýlenhverfing	Xýlenhverfing.	F	1,85
Paraxýlenframleiðsla	Ásog paraxýlens, paraxýlenkristöllun. Stuðullinn tekur einnig til orku og losunar fyrir xýlendeili (e. xylene splitter) og endurkeyrslusúlu fyrir ortóxýlen.	P	6,40
Metaxýlenframleiðsla	Metaxýlenframleiðsla.	P	11,10
Þalanhýdríðframleiðsla	Þalanhýdríðframleiðsla.	P	14,40
Malínanhýdríðframleiðsla	Malínanhýdríðframleiðsla.	P	20,80
Etýlbensenframleiðsla	Etýlbensenframleiðslustuðull tekur einnig til orku og losunar fyrir eimingu etýlbensens.	P	1,55
Kúmólframleiðsla	Kúmólframleiðsla.	P	5,00
Fenólframleiðsla	Fenólframleiðsla.	P	1,15
Leysisútdráttur smurefnis	Leysisútdráttur smurefnis: Fúrfúral er notað sem leysir, NMP er notað sem leysir, fenól er notað sem leysir, SO2 er notað sem leysir.	F	2,10
Vaxsneyðing smurefnis með leysi	Vaxsneyðing smurefnis með leysi: Klórkolefni er notað sem leysir, MEK/tólúen er notað sem leysir, MEK/MIBK er notað sem leysir, própan er notað sem leysir.	F	4,55
Hvötuð hverfing vax	Hvötuð hverfing vax og vaxsneyðing, valvís vaxsundrun.	F	1,60
Vetnissundrun smurefnis	Vetnissundrun smurefnis með fjölþáttaeimingu, vetnissundrun smurefnis með lofttæmisstrípara.	F	2,50
Olíusneyðing vax	Olíusneyðing vax: Klórkolefni er notað sem leysir, MEK/tólúen er notað sem leysir, MEK/MIBK er notað sem leysir, própan er notað sem leysir.	P	12,00
Vetnismeðhöndlun smurefnis/vax	Vetnun (H/F) á smurefni með lofttæmisstrípara, vetnismeðhöndlun á smurefni með fjölþáttaeimingu, vetnismeðhöndlun á smurefni með lofttæmisstrípara, vetnun á vaxi með lofttæmisstrípara, vetnismeðhöndlun á vaxi með fjölþáttaeimingu, vetnun á vaxi með lofttæmisstrípara.	F	1,15
Vetnismeðhöndlun með leysi	Vetnismeðhöndlun með leysi.	F	1,25
Leysisþætting	Leysisþætting.	F	0,90
Sameindasía fyrir C10+-paraffín	Sameindasía fyrir C10+-paraffín.	P	1,85

CWT-virkni	Lýsing	Grunngildi (kt/ár)	CWT-stuðull
Hlutaoxun á leifaþáttum (POX) til að fá eldsneyti	Hlutaoxun á tilbúnu gasi til að fá eldsneyti.	SG	8,20
Hlutaoxun á leifaþáttum til að fá vetni eða metanól	Hlutaoxun á tilbúnu gasi til að fá vetni eða metanól, hlutaoxun á tilbúnu gasi til að fá metanól. Stuðullinn tekur til orku og losunar við skiptihvarf koleinoxíðs og vetnishreinsun (U71) en afköst eru ekki reiknuð sérstaklega.	SG	44,00
Metanól úr tilbúnu gasi	Metanól.	P	-36,20
Aðskilnaður lofts	Aðskilnaður lofts.	P (MNm3 O2)	8,80
Þætting á aðkeyptu, fljótandi jarðgasi (NGL)	Þætting á aðkeyptu, fljótandi jarðgasi (NGL).	F	1,00
Hreinsun reyks	Afoxun brennisteinsoxíðs og afoxun köfnunarefnisoxíðs.	F (MNm3)	0,10
Meðhöndlun og þjöppun brennslugass til sölu	Meðhöndlun og þjöppun brennslugass til sölu.	kW	0,15
Afsöltun sjós	Afsöltun sjós.	P	1,15

Grunngildi fyrir CWT-stuðla: Nettóstraumur fersks hráefnis (F), hráefnisstraumur til hvarftanka (R, þ.m.t. endurvinnsla), vöruhráefnisstraumur (P) framleiðsla á tilbúnu gasi fyrir hlutaoxunareiningar (SG).

2. **Arómatísk viðmiðun: CWT-virkni**

CWT-virkni	Lýsing	Grunngildi (kt/ár)	CWT-stuðull
Vetnismeðhöndlun nafta/bensíns	Mettun bensens, brennisteinshreinsun á C4-C6-hráefni, venjuleg vetnismeðhöndlun á nafta, mettun á díólefínum til ólefína, mettun á díólefínum til ólefína í hráefni til alkýlunar, vetnismeðhöndlun FCC-bensíns með lágmarkstapi á oktantölu, ólefínalkýlun á þíó-S, S-Zorb™-aðferðin, valvís vetnismeðhöndlun á hitasundrunarbensíni/nafta, brennisteinshreinsun á hitasundrunarbensíni/nafta, valvís vetnismeðhöndlun á hitasundrunarbensíni/nafta. Vetnismeðhöndlunarstuðull fyrir nafta tekur til orku og losunar fyrir hvarftank fyrir valvísa vetnismeðhöndlun (NHYT/RXST) en afköstin eru ekki reiknuð sérstaklega.	F	1,10
Arómatískur leysisútdráttur (ASE)	ASE: útdráttareiming, ASE: vökva/vökva-útdráttur, ASE: vökva/vökva-útdráttur með útdráttareimingu. CWT-stuðull nær yfir allt hráefni, þ.m.t. hitasundrunarbensín eftir vetnismeðhöndlun. Vetnismeðhöndlun hitasundrunarbensíns skal færð undir vetnismeðhöndlun á nafta.	F	5,25
TDP/TDA	Tólúensundurstigun/afalkýlun.	F	1,85
Vetnisafalkýlun	Vetnisafalkýlun.	F	2,45

CWT-virkni	Lýsing	Grunngildi (kt/ár)	CWT-stuðull
Xýlenhverfing	Xýlenhverfing.	F	1,85
Paraxýlenframleiðsla	Ásog paraxýlens, paraxýlenkristöllun. Stuðullinn tekur einnig til orku og losunar fyrir xýlendeili (e. xylene splitter) og endurkeyrslusúlu fyrir ortóxýlen.	P	6,40
Sýklóhexanframleiðsla	Sýklóhexanframleiðsla.	P	3,00
Kúmólframleiðsla	Kúmólframleiðsla.	P	5,00

Grunngildi fyrir CWT-stuðla: Nettóstraumur fersks hráefnis (F), vöruhráefnisstraumur (P).

III. VIÐAUKI

SÖGULEGT STARFSEMISSTIG FYRIR SÉRTÆKAR VÖRUVIÐMIÐANIR EINS OG UM GETUR Í 7. MGR. 9. GR.

1. Aðildarríkin skulu ákvarða vörutengt, sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem viðmiðunin fyrir hreinsunarstöðvar, sem um getur í I. viðauka, gildir um, á grundvelli mismunandi CWT-virkni, skilgreininga þeirra, grundvellinum fyrir gegnumstreymi ásamt CWT-stuðlinum, sem skráður er í II. viðauka, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{CWT} = MIÐGILDI\left(1{,}0183 \cdot \sum_{i=I}^{n} (TP_{i,k} \times CWT_i) + 298 + 0{,}315 \cdot TP_{AD,k}\right)$$

þar sem:

HAL_{CWT} : sögulegt starfsemisstig, gefið upp sem CWT

$TP_{i,k}$: gegnumstreymi CWT-virkninnar i fyrir ár k á viðmiðunartímabilinu

CWT_i : CWT-stuðull CWT-virkni i

$TP_{AD,k}$: gegnumstreymi CWT-virkninnar „Eiming hráolíu við venjulegan loftþrýsting“ fyrir ár k á viðmiðunartímabilinu

2. Aðildarríkin skulu ákvarða vörutengt, sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem vöruviðmiðunin fyrir kalk, sem um getur í I. viðauka, gildir um, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{kalk,staðlað} = MIÐGILDI\left(\frac{785 \cdot m_{CaO,k} + 1\,092 \cdot m_{MgO,k}}{751{,}7} \cdot HAL_{kalk,óleiðrétt,k}\right)$$

þar sem:

$HAL_{kalk,staðlað}$: sögulegt starfsemisstig fyrir kalkframleiðslu, gefið upp sem staðlað, hreint kalk í tonnum

$m_{CaO,k}$: innihald óbundins CaO í framleiddu kalki fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem massahlutfall

Ef engin gögn um innihald óbundins CaO liggja fyrir skal nota varfærnislegt mat sem er ekki undir 85%

$m_{MgO,k}$: innihald óbundins MgO í framleiddu kalki fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem massahlutfall

Ef engin gögn um innihald óbundins MgO liggja fyrir skal nota varfærnislegt mat sem er ekki undir 0,5%

$HAL_{kalk,óleiðrétt,k}$: óleiðrétt, sögulegt starfsemisstig fyrir kalkframleiðslu fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem kalk í tonnum

3. Aðildarríkin skulu ákvarða vörutengt, sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem vöruviðmiðunin fyrir kalk úr dólómíti, sem um getur í I. viðauka, gildir um, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{kalk\ úr\ dólómíti,staðlað} = MIÐGILDI\left(\frac{785 \cdot m_{CaO,k} + 1\,092 \cdot m_{MgO,k}}{865{,}6} \cdot HAL_{kalk\ úr\ dólómíti,\ óleiðrétt,\ k}\right)$$

þar sem:

$HAL_{kalk\ úr\ dólómíti,staðlað}$: sögulegt starfsemisstig fyrir framleiðslu kalks úr dólómíti, gefið upp sem staðlað, hreint kalk úr dólómíti í tonnum

$m_{CaO,k}$: innihald óbundins CaO í framleiddu kalki úr dólómíti fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem massahlutfall

Ef engin gögn um innihald óbundins CaO liggja fyrir skal nota varfærnislegt mat sem er ekki undir 52%

$m_{MgO,k}$: innihald óbundins MgO í framleiddu kalki úr dólómíti fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem massahlutfall

Ef engin gögn um innihald óbundins MgO liggja fyrir skal nota varfærnislegt mat sem er ekki undir 33%

$HAL_{kalk\ úr\ dólómíti,óleiðrétt,k}$: óleiðrétt, sögulegt starfsemisstig fyrir framleiðslu kalks úr dólómíti fyrir árið k á viðmiðunar tímabilinu, gefið upp sem kalk í tonnum

4. Aðildarríkin skulu ákvarða vörutengt, sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem vöruviðmiðunin fyrir gufusundrun, sem um getur í I. viðauka, gildir um, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{HVS,net} = MIÐGILDI\left(HAI_{HVC,\ heild,k} - HSF_{H,k} - HSF_{E,k} - HSF_{O,k}\right)$$

þar sem:

$HAL_{HVC,net}$: sögulegt starfsemisstig fyrir hágæðaíðefni, að undanskildum hágæðaíðefnum sem eru framleidd úr viðbótarhráefnum, gefið upp í tonnum af hágæðaíðefni (HVC)

$HAL_{HVC,heild,k}$: sögulegt starfsemisstig fyrir heildarframleiðslu hágæðaíðefna fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp í tonnum af hágæðaíðefni

$HSF_{H,k}$: sögulegt viðbótarílag vetnis fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem vetni í tonnum

$HSF_{E,k}$: sögulegt viðbótarílag etýlens fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem etýlen í tonnum

$HSF_{O,k}$: sögulegt viðbótarílag annarra hágæðaíðefna en vetnis og etýlens fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp í tonnum af hágæðaíðefni

5. Aðildarríkin skulu ákvarða vörutengt, sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem vöruviðmiðunin fyrir arómöt, sem um getur í I. viðauka, gildir um, á grundvelli mismunandi CWT-virkni, skilgreininga þeirra, grundvellinum fyrir gegnumstreymi ásamt CWT-stuðlinum, sem skráður er í II. viðauka, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{CWT} = MIÐGILDI\left(\sum_{i=1}^{n}\left(TP_{i,k} \times CWT_i\right)\right)$$

þar sem:

HAL_{CWT} : sögulegt starfsemisstig, gefið upp sem CWT

$TP_{i,k}$: gegnumstreymi CWT-virkninnar i fyrir ár k á viðmiðunartímabilinu

CWT_i : CWT-stuðull CWT-virkni i

6. Aðildarríkin skulu ákvarða vörutengt, sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem vöruviðmiðunin fyrir vetni, sem um getur í I. viðauka, gildir um, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{H2} = MIÐGILDI\left(HAI_{H2+CO,k} \cdot \left(1 - \frac{1 - VF_{H2,k}}{0{,}4027}\right) \cdot 0{,}00008987\frac{t}{Nm^3}\right)$$

þar sem:

HAL_{H2} : sögulegt starfsemisstig fyrir vetnisframleiðslu, gefið upp sem 100% vetni

$VF_{H2,k}$: hluti sögulegs framleiðslumagns af hreinu vetni fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu

$HAL_{H2+CO,k}$: sögulegt starfsemisstig fyrir vetnisframleiðslu, umreiknað sem sögulegt vetnisinnihald og gefið upp sem normalrúmmetrar á ári, þ.e. 0 °C og 101,325 kPa, fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu

7. Aðildarríkin skulu ákvarða vörutengt, sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem vöruviðmiðunin fyrir tilbúið gas, sem um getur í I. viðauka, gildir um, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{tilbúið\ gas} = MIÐGILDI\left(HAI_{H2+CO,k} \cdot \left(1 - \frac{0,47 - VF_{H2,k}}{0,0863}\right) \cdot 0,0007047 \frac{t}{Nm^3}\right)$$

þar sem:

$HAL_{tilbúið\ gas}$: sögulegt starfsemisstig fyrir framleiðslu á tilbúnu gasi, gefið upp sem 47% vetni

$VF_{H2,k}$: hluti sögulegs framleiðslumagns af hreinu vetni fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu

$HAL_{H2+CO,k}$: sögulegt starfsemisstig fyrir framleiðslu á tilbúnu gasi, umreiknað sem sögulegt vetnisinnihald og gefið upp sem normalrúmmetrar á ári, þ.e. 0 °C og 101,325 kPa, fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu

8. Aðildarríkin skulu ákvarða vörutengt, sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem vöruviðmiðunin fyrir etýlenoxíð/etýlenglýkól, sem um getur í I. viðauka, gildir um, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{EO/EG} = MIÐGILDI\left(\sum_{i=1}^{n}\left(HAI_{i,k} \times CF_{EOE,i}\right)\right)$$

þar sem:

$HAL_{EO/EG}$: sögulegt starfsemisstig fyrir framleiðslu á etýlenoxíði/etýlenglýkólum, gefið upp í tonnum af etýlenoxíðígildum

$HAL_{i,k}$: sögulegt starfsemisstig fyrir framleiðslu á etýlenoxíði eða etýlenglýkóli i fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp í tonnum

$CF_{EOE,i}$: breytistuðull fyrir etýlenoxíð eða etýlenglýkól i miðað við etýlenoxíð

Nota skal eftirfarandi breytistuðla:

Etýlenoxíð: 1,000

Mónóetýlenglýkól: 0,710

Díetýlenglýkól: 0,830

Tríetýlenglýkól: 0,880

IV. VIÐAUKI

BREYTUR FYRIR ÖFLUN GRUNNGAGNA FYRIR STARFANDI STÖÐVAR

Að því er varðar öflun grunngagnanna, sem um getur í 1. mgr. 7. gr., skulu aðildarríkin fara þess á leit að rekstraraðilinn leggi fram a.m.k. eftirfarandi gögn í tengslum við viðkomandi stöð og undirstöð fyrir öll almanaksárin á viðmiðunartímabilinu sem valið er í samræmi við 1. mgr. 9. gr. (2005–2008 eða 2009–2010). Aðildarríkjunum er heimilt í samræmi við 2. mgr. 7. gr. að óska eftir viðbótargögnum, ef nauðsyn krefur:

Breyta	Athugasemdir
Upphafleg afkastageta	Aðeins fyrir hverja undirstöð með vöruviðmiðun, gefið upp í einingunni sem skilgreind er fyrir viðkomandi vöru í I. viðauka.
Aukin eða skert afkastageta ásamt upphaflegri afkastagetu undirstöðvarinnar eftir að afkastagetu hefur verið breytt umtalsvert ef breytingin hefur átt sér stað á tímabilinu 1. janúar 2009 til 30. júní 2011.	Afkastageta skal tilgreind: 1) fyrir undirstöðina með vöruviðmiðun: í einingunni sem skilgreind er fyrir viðkomandi vöru í I. viðauka, 2) fyrir undirstöðina með varmaviðmiðun: í terajúlum af mælanlegum varma sem er notaður til framleiðslu á vörum eða framleiðslu á vélrænni orku, að undanskilinni raforkuframleiðslu, hitun eða kælingu innan marka stöðvarinnar, á ári, 3) fyrir undirstöðina með eldsneytisviðmiðun: sem árlegt eldsneytisílag í terajúlum,(4)fyrir framleiðslu á vinnslulosun: sem koltvísýringsígildi í tonnum sem eru losuð árlega.
Heiti vöru/vara	
Kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins (NACE) fyrir starfsemina	
Kóði vöruskrár Evrópubandalaganna fyrir vöru/vörur	
Auðkenning sem raforkuframleiðandi	
Söguleg starfsemisstig	Í samræmi við tegund undirstöðvarinnar þ.m.t. fyrir undirstöðvar með vöruviðmiðun: árlegt framleiðslumagn sem miðgildið hefur verið reiknað út frá.
Gegnumstreymi allrar viðkomandi CWT-virkni	Á aðeins við um vöruviðmiðanir fyrir hreinsunarstöðvar og arómöt.
Gögn sem eru notuð til að reikna út söguleg starfsemisstig	Að minnsta kosti fyrir vöruviðmiðanir fyrir kalk, kalk úr dólómíti, gufusundrun, vetni og tilbúið gas.
Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda	Aðeins bein losun og aðeins ef ekki má rekja alla losun stöðvarinnar til vara með viðmiðun.
Losun gróðurhúsalofttegunda frá eldsneyti	Aðeins bein losun og aðeins ef ekki má rekja alla losun stöðvarinnar til vara með viðmiðun.
Losun gróðurhúsalofttegunda frá vinnslu	Aðeins ef ekki má rekja alla losun stöðvarinnar til vara með viðmiðun.
Heildarorkuílag frá eldsneyti innan stöðvarinnar	Aðeins ef ekki má rekja alla losun stöðvarinnar til vara með viðmiðun.
Orkuílag frá eldsneyti innan stöðvarinnar sem er ekki notað til framleiðslu á mælanlegum varma	Aðeins ef ekki má rekja alla losun stöðvarinnar til vara með viðmiðun.
Orkuílag frá eldsneyti innan stöðvarinnar sem er notað til framleiðslu á mælanlegum varma	Aðeins ef ekki má rekja alla losun stöðvarinnar til vara með viðmiðun.

Breyta	Athugasemdir
Mælanlegur notaður varmi	Aðeins ef ekki má rekja alla losun stöðvarinnar til vara með viðmiðun.
Mælanlegur innfluttur varmi	
Losun gróðurhúsalofttegunda í tengslum við framleiðslu á varma sem er fluttur út til einkaheimila.	
Mælanlegur útfluttur varmi	Aðeins til notenda sem falla ekki undir kerfi Sambandsins og skal taka skýrt fram hvort viðkomandi notandi sé einkaheimili.
Raforkunotkun í samræmi við viðkomandi skilgreiningu á kerfismörkum (I. viðauki)	Á aðeins við um undirstöðvar sem tilheyra viðmiðun þar sem skipti á varma og raforku skipta máli.
Notkun vetnis sem eldsneytis til framleiðslu á vínylklóríðeinliðum	Á aðeins við um undirstöðvar sem tilheyra viðmiðuninni fyrir vínylklóríðeinliður.

V. VIÐAUKI

Breytur fyrir gagnaöflun fyrir nýja aðila

Breyta	Athugasemdir
Heiti vöru/vara	
Kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins (NACE) fyrir starfsemina	
Kóði vöruskrár Evrópubandalaganna fyrir vöru/vörur	
Upphafleg afkastageta fyrir umtalsverða stækkun	Á aðeins við um undirstöðvar sem óska eftir umtalsverðri aukningu á afkastagetu.
Aukin afkastageta (ef umtalsverð stækkun á sér stað)	Á aðeins við um undirstöðvar sem óska eftir umtalsverðri aukningu á afkastagetu.
Afkastageta eftir umtalsverða stækkun	Á aðeins við um undirstöðvar sem óska eftir umtalsverðri aukningu á afkastagetu.
Upphafleg afkastageta	Á aðeins við um nýja þátttakendur sem sinna einni eða fleiri tegundum starfsemi, sem tilgreindar eru í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, sem hafa fengið leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda í fyrsta skipti eftir 30. júní 2011, eða sinna starfsemi sem er tilgreind í kerfi Bandalagsins skv. 1. eða 2. mgr. 24. gr. í fyrsta skipti, gefið upp: 1) fyrir undirstöðina með vöruviðmiðun: í einingunni sem skilgreind er fyrir viðkomandi vöru í I. viðauka, 2) fyrir undirstöðina með varmaviðmiðun: í terajúlum af mælanlegum varma sem er notaður til framleiðslu á vörum eða framleiðslu á vélrænni orku, að undanskilinni raforkuframleiðslu, hitun eða kælingu innan marka stöðvarinnar, á ári, 3) fyrir undirstöðina með eldsneytisviðmiðun: sem árlegt eldsneytisílag í terajúlum,(4)fyrir framleiðslu á vinnslulosun: sem koltvísýringsígildi í tonnum sem eru losuð árlega.
Viðeigandi stuðull fyrir nýtingu afkastagetu (RCUF)	Fyrir aðrar undirstöðvar en þær sem hafa vöruviðmiðun.
Áætlaður innfluttur mælanlegur varmi	|
Áætluð raforkunotkun í samræmi við viðkomandi skilgreiningu á kerfismörkum (I. viðauki)	Á aðeins við um undirstöðvar sem tilheyra viðmiðun þar sem skipti á varma og raforku skipta máli.
Áætluð notkun vetnis sem eldsneytis til framleiðslu á vínylklóríðeinliðum	Á aðeins við um undirstöðvar sem tilheyra viðmiðuninni fyrir vínylklóríðeinliður.
Upphaf venjulegs rekstrar	Gefið upp sem dagsetning
Upphafsdagsetning	
Losun gróðurhúsalofttegunda	Áður en venjulegur rekstur hefst, gefið upp sem t CO2-jafngildi

VI. VIÐAUKI

STUÐULL SEM TRYGGIR AÐ UMBREYTINGARKERFIÐ LEIÐI TIL FÆRRI ÚTHLUTANA ÁN ENDURGJALDS SKV. 11. MGR. 10. GR. a Í TILSKIPUN 2003/87/EB

Ár	Gildi stuðulsins
2013	0,8000
2014	0,7286
2015	0,6571
2016	0,5857
2017	0,5143
2018	0,4429
2019	0,3714
2020	0,3000

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/9/41**

frá 14. janúar 2011

um viðmiðunarreglur um aðgreiningu milli fóðurefna, fóðuraukefna, sæfivara og dýralyfja (*)

(2011/25/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun ráðsins 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB ([1]), einkum 1. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Aðgreining milli fóðurefna, fóðuraukefna, og annarra vara, s.s. dýralyfja, hefur áhrif á skilyrði um markaðssetningu þeirra, háð því hvaða löggjöf er í gildi og á við.

2) Stjórnendur fóðurfyrirtækja og landsbundin, lögbær eftirlitsyfirvöld standa oft frammi fyrir vafamálum í sambandi við flokkun tiltekinna vara en það gæti skapað hindrun fyrir markaðssetningu fóðurs í öllu Evrópusambandinu.

3) Til að forðast ósamræmi í meðhöndlun slíkra vara, auðvelda vinnu lögbærra landsyfirvalda og hjálpa rekstraraðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, að starfa innan ramma sem tryggir fullnægjandi réttarvissu skal setja viðmiðunarreglur, þó ekki bindandi, um aðgreiningu milli fóðurefna, fóðuraukefna og annarra tegunda vara.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessum tilmælum, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

Til að greina milli fóðurefna, fóðuraukefna og annarra tegunda vara skal hafa hliðsjón af viðmiðunarreglunum í viðaukanum við þessi tilmæli.

Gjört í Brussel 14. janúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 11, 15.1.2011, bls. 75. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 5.

([1]) Stjtíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.

VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARREGLUR UM AÐGREININGU MILLI FÓÐUREFNA, FÓÐURAUKEFNA OG ANNARRA VARA

Tilgangurinn með þessum viðmiðunarreglum er að aðstoða lögbær landsyfirvöld og stjórnendur fóðurfyrirtækja við að framkvæma og beita viðeigandi löggjöf.

Þær eru byggðar á ákvæðum, sem mælt er fyrir um í lagarammanum utan um hinar ýmsu tegundir vara sem um er að ræða, með sérstakri áherslu á skilgreiningarnar á þessum vörum í ákvæðunum í því skyni að finna ábendingar um hvernig megi greina á milli þessara vörutegunda.

Fyrir hverja vöru gildir að viðmiðanirnar, sem lagt er til að séu notaðar til að greina milli hinna ýmsu vörutegunda, skulu ekki notaðar hver á eftir annarri heldur samtímis til draga upp heildarmynd af hverri einstakri vöru með hliðsjón af öllum eiginleikum hennar. Ekki má einskorða sig eina viðmiðun eða taka hana fram yfir aðrar.

Ekki er hægt að nota hliðstæðu við aðrar vörur sem aðgreinandi viðmiðun en hún getur reynst nytsamleg til þess að endurskoða ákvörðun sem þegar hefur verið tekin og byggði á notkun settrar viðmiðunar. Hins vegar má einnig nota slíka hliðstæðu til þess að sannreyna innbyrðis samræmi í ákvörðunum.

1. **Fóðurlöggjöf**

1.1. *Lagatextar*

Eftirfarandi skilgreiningar má finna í viðkomandi löggjöf:

Ákvæði 4. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 ([1]):

„fóður“: efni eða vörur, einnig aukefni, hvort sem þau eru fullunnin, unnin að hluta eða óunnin, sem ætluð eru til fóðrunar dýra.

Í framhaldi af þessari víðtæku skilgreiningu á fóðri segir í 3. forsendu reglugerðar (EB) nr. 767/2009 að „fóður getur verið í formi fóðurefna, fóðurblandna, fóðuraukefna, forblandna eða lyfjablandaðs fóðurs.“

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009:

„fóðurefni“: afurðir úr jurta- eða dýraríkinu, sem hafa þann megintilgang að uppfylla næringarþarfir dýra, eins og þær koma fyrir í náttúrunni, nýjar eða rotvarðar, svo og afurðir þeirra úr iðnaðarvinnslu og lífræn eða ólífræn efni, með eða án fóðuraukefna, sem eru ætluð til fóðrunar dýra, annaðhvort óbreytt eða eftir vinnslu, eða notuð til framleiðslu á fóðurblöndum eða sem burðarefni í forblöndum,

„burðarefni“: efni sem er notað til að leysa upp eða þynna fóðurefni eða dreifa því eða breyta því á annan efnislegan hátt til að auðvelda meðhöndlun þess, beitingu eða notkun án þess að breyta tæknilegri virkni þess og án þess að það sjálft hafi tæknileg áhrif,

„fóður sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota“: fóður sem getur uppfyllt sérstakt næringarmarkmið vegna samsetningar eða aðferðar við framleiðslu sem greinir það á skýran hátt frá venjulegu fóðri. Lyfjablandað fóður í skilningi tilskipunar 90/167/EBE telst ekki fóður sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota,

„fóðrun dýrs“: það að koma fóðri í meltingarveg dýrs um munn þess í þeim tilgangi að uppfylla næringarþarfir dýrsins og/eða viðhalda framleiðni dýra sem eru við eðlilega heilsu.

Ákvæði a-liðar 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 ([2]):

„fóðuraukefni“ (áður aukefni í fóðri):

efni, örverur eða efnablöndur, aðrar en fóðurefni og forblöndur sem er bætt í fóður eða vatn af ásetningi, einkum til að gegna einu eða fleirum af þeim hlutverkum sem um getur í 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar:

a) bæta eiginleika fóðurs,

b) bæta eiginleika dýraafurða,

([1]) Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

c) bæta lit skrautfiska og -fugla,

d) fullnægja næringarþörf dýra,

e) hafa jákvæð áhrif á afleiðingar búfjárframleiðslu fyrir umhverfið,

f) hafa jákvæð áhrif á búfjárframleiðslu, afurðasemi eða velferð búfjár, einkum með áhrifum á maga- og þarmaflóruna eða meltanleika fóðurs eða

g) hafa hnislalyfja- eða vefsvipungaverkun (e. histomonostatic effect).

Ákvæði h-liðar 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003:

„hjálparefni við vinnslu“: sérhvert efni sem ekki er notað til fóðrunar eitt og sér heldur ætlað til nota við vinnslu fóðurs eða fóðurefna í tæknilegum tilgangi við meðhöndlun eða vinnslu, sem getur leitt til óviljandi en tæknilega óhjákvæmilegra leifa efnisins eða afleiðna þess í fullunninni vöru, að því tilskildu að þessar leifar hafi hvorki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna né á umhverfið og hafi engin tæknileg áhrif á fullunna fóðrið.

Þar að auki segir í forsendu 11. reglugerðar (EB) nr. 767/2009:

„(…). Fóðurefni eru aðallega notuð til að uppfylla þarfir dýra, t.d. þörfina fyrir orku, næringarefni, steinefni eða fæðutrefjar. Þau eru venjulega ekki efnafræðilega vel skilgreind nema aðalnæringarefnin. Áhrif, sem unnt er að rökstyðja með vísindalegu mati og varða eingöngu fóðuraukefni eða dýralyf, skulu ekki falla undir markmiðin með notkun fóðurefna. (…)“

1.2. *Áhrif á aðgreininguna milli fóðurefna og fóðuraukefna*

1.2.1. Afleiðsla úr lagatextum

— „Fóðuraukefni eru efni (...) önnur en fóðurefni“: Vara getur ekki samtímis verið fóðurefni og fóðuraukefni,

— „Næringarþörf dýra“: Ekki er unnt að gefa tæmandi lista yfir viðeigandi atriði en eftirfarandi eiginleika fóðurefna má telja sem mikilvægasta:

a) að veita orku, næringarefni, steinefni eða fæðutrefjar, og

b) að viðhalda starfsemi meltingarvegar,

— „… hafa þann megintilgang að uppfylla næringarþarfir dýra“ og „ ... eru aðallega notuð til að uppfylla þarfir dýra“: Fyrir utan það venjulega grundvallarhlutverk að vera næringarefnagjafi fyrir dýrin geta fóðurefni þjónað öðrum tilgangi, t.d. þegar þau eru notuð sem burðarefni eða þegar þau meltast ekki í meltingarvegi dýrsins. Þetta er í samræmi við markmiðin með „fóðrun dýrs“ („að uppfylla næringarþarfir dýrsins“ og/eða viðhalda framleiðni dýra sem eru við eðlilega heilsu) sem svarar til þeirrar notkunar sem aðallega er fyrirhuguð samkvæmt skilgreiningunni á „fóðri“.

1.2.2. Skilyrði sem skoða skal samtímis við mat á hverju tilviki fyrir sig

— Framleiðslu- og vinnsluaðferð — efnafræðileg skilgreining og stöðlunar- eða hreinsunarstig: Afurðir úr jurta- eða dýraríkinu, eins og þær koma fyrir í náttúrunni, nýjar eða rotvarðar, svo og afurðir úr einfaldri vinnslu þeirra sem og lífræn eða ólífræn efni, geta talist fóðurefni (t.d. fitusýrur eða kalsíumkarbónat). Efnafræðilega vel skilgreind efni, sem eru hreinsuð og sem framleiðandi ábyrgist að séu á tilteknu stöðlunarstigi, geta eftir atvikum talist fóðurefni (t.d. arómatísk olía sem er útdregin sérstaklega úr plöntuefni). Engu að síður eru ákveðin fóðurefni efnafræðilega vel skilgreind efni og stöðluð (t.d. súkrósi). Hins vegar teljast náttúruvörur, sem eru heilar plöntur og hlutar þeirra eða afurðir úr þeim sem verða til við mjög takmarkaða vinnslu á borð við mulning, mölun eða þurrkun, vera fóðurvörur.

— Öryggi og notkunarmáti: Ef nauðsynlegt er, af ástæðum er varða heilbrigði dýra eða manna, að fastsetja hámarksinnihald vörunnar í dagskammti flokkast varan sem aukefni. Hámarksíblöndunarhlutföll gilda þó einnig um ákveðin fóðurefni. Flokkun sem fóðuraukefni getur orðið til þess að auka skilvirkni í meðferð vörunnar að því er varðar stöðugleika og einsleitni og með tilliti til ofskömmtunar. Fóðuraukefni eru yfirleitt notuð í lágum íblöndunarhlutföllum. Mörg fóðurefni, s.s. steinefnasölt, eru þó einnig notuð í lágum íblöndunarhlutföllum í fóðurskömmtum.

— Virkni: Fóðuraukefni eru skilgreind eftir virkni sinni eins og mælt er fyrir um í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Þó einskorðast þessi virkni ekki við fóðuraukefni. Þannig geta fóðurefni einnig haft aukefnavirkni (t.d. sem þykkingarefni) en það skal ekki að vera eina fyrirhugaða notkunin.

2. **Sæfivörur**

2.1. *Lagatextar*

Eftirfarandi skilgreiningar má finna í viðkomandi löggjöf:

Ákvæði 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 98/8/EB ([1]):

„sæfivörur“: virk efni og efnablöndur sem innihalda eitt eða fleiri virk efni í því formi sem þau eru afhent notendum og ætlað er að eyða skaðlegum lífverum, bægja þeim frá, gera þær skaðlausar, koma í veg fyrir áhrif þeirra eða halda þeim með öðrum hætti í skefjum með efna- eða líffræðilegum aðferðum,

„virkt efni“: efni eða örvera, t.d. veira eða sveppur, sem hefur almenna eða sérhæfða verkun á skaðlegar lífverur eða verkar gegn þeim,

„skaðleg lífvera“: sérhver lífvera sem með tilvist sinni telst óæskileg eða hefur skaðleg áhrif á menn, starfsemi þeirra eða þær vörur sem þeir nota eða framleiða eða hefur skaðleg áhrif á dýr eða umhverfið.

Ákvæði a-liðar 1. liðar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003:

„rotvarnarefni“: efni eða, ef við á, örverur sem verja fóður gegn skemmdum af völdum örvera eða umbrotsefna þeirra.

Í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 98/8/EB er kveðið á um eftirfarandi:

„Þessi tilskipun skal gilda um sæfivörur eins og þær eru skilgreindar í a-lið 1. mgr. 2. gr. en ekki um vörur sem eru skilgreindar í eftirfarandi gerningum eða falla undir gildissvið þeirra í skilningi þessara tilskipana:

(…)

o) tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri, tilskipun ráðsins 82/471/EBE frá 30. júní 1982 um ákveðnar afurðir í dýrafæðu og tilskipun ráðsins 77/101/EBE frá 23. nóvember 1976 um markaðssetningu óblandaðs fóðurs,

(…)“.

V. viðauki við tilskipun 98/8/EB inniheldur tæmandi lista yfir 23 vöruflokka ásamt leiðbeinandi lýsingu fyrir hvern þessara flokka, þ.m.t. eftirfarandi fóðurtengdar vörutegundir:

3. vöruflokkur: Sæfivörur í hreinlætisvörum fyrir dýr: Vörur í þessum flokki eru sæfivörur sem notaðar eru í hreinlætisvörur fyrir dýr, þ.m.t. vörur sem notaðar eru á stöðum þar sem dýr eru hýst, höfð í aðhaldi eða flutt.

4. vöruflokkur: Sótthreinsiefni (áður sótthreinsandi efni) til notkunar á svæðum fyrir matvæli og fóður: Vörur notaðar við sótthreinsun búnaðar, íláta, áhalda vegna neyslu matvæla og fóðurgjafar, yfirborðsflata eða pípulagna sem tengjast framleiðslu, flutningi, geymslu eða neyslu matvæla, fóðurs eða drykkjar (þ.m.t. drykkjarvatn) fyrir menn og dýr.

5. vöruflokkur: Sótthreinsiefni fyrir drykkjarvatn: Vörur sem eru notaðar til að sótthreinsa drykkjarvatn (bæði fyrir menn og dýr).

20. vöruflokkur: Rotvarnarefni fyrir matvæli eða fóðurefni: Vörur sem eru notaðar til að rotverja matvæli eða fóður með því að halda skaðlegum lífverum í skefjum.

2.2. *Áhrif á aðgreininguna milli fóðurs og sæfivara*

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 98/8/EB eru afurðir, sem eru skilgreindar eða falla undir gildissvið fóðurlöggjafar, þ.m.t. hjálparefni við vinnslu, ekki sæfivörur heldur skulu þær teljast fóður (löggjöf um fóður hefur forgang fram yfir löggjöf um sæfivörur).

Vörur í 3. og 4. vöruflokki samkvæmt V. viðauka við tilskipun 98/8/EB teljast ekki fóður.

Þó gætu tilteknar vörur talist tækar í 5. eða 20. vöruflokk og einnig teljast fóður, yfirleitt fóðuraukefni. Eins og fjallað var um hér að framan hefur fóðurlöggjöfin forgang fram yfir löggjöf um sæfiefni og því skulu slíkar afurðir teljast fóður. Vörur til að rotverja fóður eða halda brynningarvatni drykkjarhæfu eru ekki sæfiefni. Ef slíkar vörur eru skráðar í 5. eða 20. vöruflokki eru þær ekki ætlaðar til að gefa dýrum.

([1]) Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

3. **Dýralyf**

3.1. *Lagatextar*

Eftirfarandi skilgreiningar má finna í viðkomandi löggjöf:

1. gr. tilskipunar 2001/82/EB ([1]):

„dýralyf“:

a) Hvers konar efni eða efnasamsetningar sem sögð eru búa yfir eiginleikum sem koma að gagni við meðferð dýrasjúkdóma eða við forvarnir gegn dýrasjúkdómum eða

b) hvers konar efni eða efnasamsetningar sem nota má fyrir dýr eða gefa þeim, annaðhvort í því skyni að endurheimta, lagfæra eða breyta lífeðlisfræðilegri starfsemi fyrir tilstilli lyfjafræðilegrar eða ónæmisfræðilegrar verkunar eða verkunar á efnaskipti eða til þess að staðfesta sjúkdómsgreiningu,

„lyfjablandað fóður“: hvers konar blanda dýralyfs eða -lyfja og einnar eða fleiri tegunda fóðurs sem er fullbúin til setningar á markað og ætluð til fóðrunar dýra, án frekari vinnslu, vegna læknandi eða fyrirbyggjandi eiginleika hennar eða annarra eiginleika sem lyf sem fellur undir skilgreininguna „dýralyf“.

Í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2001/82/EB er kveðið á um eftirfarandi:

„Ef vafi leikur á því hvort vara geti, að teknu tilliti til allra eiginleika hennar, fallið undir skilgreininguna á dýralyfi og skilgreininguna á vöru sem heyrir undir aðra löggjöf Bandalagsins gilda ákvæði þessarar tilskipunar.“

Í 1. mgr. 3. gr. sömu tilskipunar er kveðið á um eftirfarandi:

„Tilskipun þessi gildir ekki um:

a) lyfjablandað fóður samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 90/167/EBE frá 26. mars 1990 um skilyrði sem hafa áhrif á blöndun, markaðssetningu og notkun lyfjablandaðs fóðurs í Bandalaginu,

(…)

d) aukefni, sem falla undir tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri, ef þeim er bætt í dýrafóður og fóðurbæti í samræmi við þá tilskipun,

(…)“.

Í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009 segir:

„Í merkingum eða framsetningu fóðurefna og fóðurblandna skal ekki fullyrt:

a) að fóðrið muni fyrirbyggja, meðhöndla eða lækna sjúkdóm, nema um sé að ræða hníslalyf og vefsvipungalyf, sem eru heimiluð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003, en þó skal þessi liður ekki gilda um fullyrðingar varðandi næringarójafnvægi, að því tilskildu að engin sjúkdómseinkenni komi við sögu,

(…)“.

3.2. *Áhrif á aðgreininguna milli fóðurs og dýralyfja*

— Ef niðurstaðan er sú, eftir að öll einkenni óflokkaðrar vöru hafa verið tekin til greina, að varan gæti verið dýralyf skal hún teljast dýralyf (löggjöf um dýralyf hefur forgang fram yfir fóðurlöggjöf, að undanskildum leyfilegum fóðuraukefnum).

— Samkvæmt 3. forsendu reglugerðar (EB) nr. 767/2009 er lyfjablandað fóður ekki dýralyf heldur ákveðið form fóðurs sem inniheldur lyfjaforblöndur og óheimilt er að afgreiða það nema gegn lyfseðli dýralæknis.

— Skilin á milli fóðurs og dýralyfja eru fastsett á grundvelli skilgreiningar „sérstakra næringarlegra nota“ (sjá lið 1.1 hér að framan). Með fóðri má ná sérstökum næringarmarkmiðum eins og „að styðja við lifrarstarfsemi vegna langvinnrar lifrarbilunar“, „að draga úr myndun úratsteina“ eða „að draga úr hættu á doða“.

([1]) Stjtíð. ESB L 311, 28.11.2007, bls. 1.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 277/2012 2013/EES/9/42

frá 28. mars 2012

um breytingu á I. og II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar hámarksgildi og aðgerðamörk fyrir díoxín og fjölklóruð bífenýl (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fóðri, ([1]), einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2002/32/EB er kveðið á um að bannað sé að nota afurðir sem ætlaðar eru í fóður og innihalda óæskileg efni í styrk sem er yfir hámarksgildunum sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þá tilskipun. Í II. viðauka hennar eru sett fram aðgerðamörk til að hrinda af stað rannsóknum þegar um er að ræða aukinn styrk slíkra efna.

2) Með díoxínum er í þessari reglugerð átt við hóp 75 efnamynda af fjölklóruðum díbensó-para-díoxínum (PCDD) og 135 efnamyndir af fjölklóruðum díbensófúrönum (PCDF), en 17 þeirra eru eitraðar. Fjölklóruð bífenýl (PCB-efni) eru hópur 209 mismunandi efnamynda sem skipta má í tvo hópa eftir eiturefnafræðilegum eiginleikum þeirra. Af þessum efnamyndum búa 12 yfir eiginleikum sem líkjast eiturefnafræðilegum eiginleikum díoxína og þær eru því oft nefndar PCB-efni sem líkjast díoxíni (DL-PCB). Hin PCB-efnin hafa ekki eiturhrif sem líkjast díoxíni heldur aðra eiturefnafræðilega eiginleika.

3) Efnamyndir díoxína eða PCB-efna sem líkjast díoxíni, sem valda áhyggjum í eiturefnafræðilegu tilliti, hafa hver um sig missterk eiturhrif. Svo að unnt sé að taka saman eiturhrif þessara mismunandi efnamynda hefur hugtakið „eiturjafngildisstuðlar“ (TEFs) verið tekið upp til að greiða fyrir áhættumati og lögbundnu eftirliti. Þetta merkir að niðurstöður greininga á öllum efnamyndum díoxína og PCB-efna sem líkjast díoxíni, sem valda áhyggjum í eiturefnafræðilegu tilliti, eru gefnar upp með einni megindlegri einingu: TCDD-eiturjafngildisstyrkur (TEQ).

4) Árið 2005 lagði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) til ný gildi fyrir eiturjafngildisstuðla, að því er varðar díoxín og PCB-efni sem líkjast díoxíni, í stað gildanna sem hún setti árið 1998. Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu fram vísindaskýrslu sem ber heitið: „Niðurstöður vöktunar á styrk díoxíns í matvælum og fóðri“ (Results of the monitoring of dioxin levels in food and feed) ([2]), þar sem tekið er tillit til þessara nýju gilda, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin lagði til, auk nýlegra upplýsinga sem framkvæmdastjórnin hefur aflað. Í ljósi þeirrar skýrslu þykir rétt að breyta hámarksgildum og viðmiðunargildum fyrir díoxín og PCB-efni sem líkjast díoxíni.

5) Að því er varðar PCB-efni sem ekki líkjast díoxínum samþykkti Matvælaöryggisstofnunin, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, álit sem varðar tilvist PCB-efna sem ekki líkjast díoxíni í matvælum og fóðri ([3]).

6) Fjölklóruð bífenýl (PCB-efni) ná yfir hóp 209 mismunandi efnamynda PCB-efna. Summa sex PCB-efnamyndavísa (PCB 28, 52, 101, 138, 153 og 180) er mynduð af u.þ.b. helmingnum af heildarmagni PCB-efna sem ekki líkjast díoxíni (NDL-PCB) í fóðri og matvælum. Að mati Matvælaöryggisstofnunarinnar er summa PCB-efnamyndavísanna sex viðeigandi vísir til að sýna tilvist PCB-efna sem ekki líkjast díoxíni og váhrif þeirra á menn. Að auki er óhagkvæmt og afar kostnaðarsamt að greina allar 209 PCB-efnamyndirnar vegna opinbers eftirlits hverju sinni auk þess sem það hefur engan ávinning í för með sér að því er varðar framfylgd reglna. Því þykir rétt að ákvarða summu þessara sex fjölklóruðu bífenýla sem hámarksgildi.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 193/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 5.

([1]) Stjtíð. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.

([2]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(3), 1385, http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/doc/1385.pdf cf csf

([3]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2005) 284, bls. 1-137, http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/doc/284.pdf

7) Fastsett hafa verið hámarksgildi fyrir PCB-efni sem ekki líkjast díoxíni að teknu tilliti til nýrra gagna um tilvik. Þessi nýju gögn um tilvik eru tekin saman í vísindaskýrslu Matvælaöryggisstofnunarinnar sem ber heitið: „Niðurstöður vöktunar á PCB-efnum, sem ekki líkjast díoxíni, í matvælum og fóðri“ (Results of the monitoring of non-dioxin-like PCBs in food and feed) ([1]). Jafnvel þótt unnt sé að ná lægri magngreiningarmörkum (LOQ) má sjá að töluverður fjöldi rannsóknarstofa, sem sinna opinberu eftirliti, notar magngreiningarmörk sem eru 0,5 ng/kg afurð eða jafnvel 1 ng/kg afurð. Ef greiningarniðurstöður yrðu gefnar upp sem háreiknigildi myndi það þegar leiða til þess í nokkrum tilvikum að gildið yrði nálægt hámarksgildinu, jafnvel þótt engin PCB-efni hefðu verið magnbundin. Einnig var viðurkennt að gögn fyrir tiltekna fóðurflokka væru ekki mjög yfirgripsmikil. Því er rétt að endurskoða hámarksgildin eftir þrjú ár, á grundvelli yfirgripsmeiri gagnagrunns sem fæst með greiningaraðferð sem er nægilega næm til að mæla lítið magn.

8) Rannsóknir á yfirfærslu benda til þess að tilvist díoxíns, PCB-efna sem líkjast díoxíni, og PCB-efna sem ekki líkjast díoxíni í fóðri, í þeim hámarksgildum sem eru ákvörðuð í I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB, geti í sumum tilvikum orðið til þess að í matvælum úr dýraríkinu fari innihaldið yfir gildandi hámarksgildi sem eru ákvörðuð með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum ([2]). Hins vegar er ekki mögulegt að ákvarða lægri hámarksgildi, að teknu tilliti til þess hversu næmar greiningaraðferðirnar, sem nú eru notaðar, eru og þeirrar staðreyndar að hámarksgildi eru ákvörðuð sem háreiknigildi. Í flestum tilvikum er þar að auki ólíklegt að dýr verði fyrir váhrifum í langan tíma af völdum fóðurs sem uppfyllir viðkomandi ákvæði en inniheldur díoxín eða fjölklóruð bífenýl í því magni að það sé nálægt hámarksgildunum eða jafnt þeim.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda á gildistökudegi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

([1]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(7), 1701, http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/doc/1701.pdf cf csf

([2]) Stjtíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5. cf csf

VIÐAUKI

1) Í stað V. þáttar: „Díoxín og PCB-efni“ í I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB komi eftirfarandi:

V. ÞÁTTUR: DÍOXÍN OG PCB-EFNI

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (prómill)(1) fyrir fóður með 12% rakainnihald
1. Díoxín (summa fjölklóraðra díbensó-para-díoxína (PCDD) og fjölklóraðra díbensófúrana (PCDF), gefin upp sem eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðismálasto fnunarinnar (WHO), með því að nota WHO-TEF (eiturjafngildisstuðla frá 2005(2))	Fóðurefni úr jurtaríkinu að undanskildu:	0,75
	— jurtaolíu og aukaafurðum úr henni	0,75
	Fóðurefni úr steinaríkinu	0,75
	Fóðurefni úr dýraríkinu:	
	— Dýrafita, þ.m.t. mjólkurfita og fita úr eggjum	1,50
	— Aðrar afurðir af landdýrum, þ.m.t. mjólk, mjólkurafurðir og egg og eggjaafurðir	0,75
	— Fisklýsi	5,0
	— Fiskur, önnur lagardýr og afurðir þeirra, að undanskildu fisklýsi og vatnsrofnum fiskprótínum sem innihalda meira en 20% fitu (3)	1,25
	— Vatnsrofin fiskprótín sem innihalda meira en 20% fitu	1,75
	Fóðuraukefnin kaólínleir, vermikúlít, natrólítfónólít, tilbúin kalsíumalöt og klínoptílólít sem eru upprunnin úr seti og tilheyra virkum hópi bindi- og kekkjavarnarefna	0,75
	Fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna	1,0
	Forblöndur	1,0
	Fóðurblanda að undanskilinni:	0,75
	— fóðurblöndu fyrir gæludýr og fisk	1,75
	— fóðurblöndu fyrir loðdýr	—

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í ng WHO-PCDD/F-PCB-TEQ/kg (prómill)(1) fyrir fóður með 12% rakainnihald
2. Summa díoxína og díoxínlíkra PCB-efna (summa fjölklóraðra díbensó-para-díoxína (PCDD), fjölklóraðra díbensófúrana (PCDF) og fjölklóraðra bífenýla (PCB-efna), gefin upp sem eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðismálasto fnunarinnar (WHO), með því að nota WHO-TEF (eiturjafngildisstuðla frá 2005 (2))	Fóðurefni úr jurtaríkinu að undanskildu:	1,25
	— jurtaolíu og aukaafurðum úr henni	1,5
	Fóðurefni úr steinaríkinu	1,0
	Fóðurefni úr dýraríkinu:	
	— Dýrafita, þ.m.t. mjólkurfita og fita úr eggjum	2,0
	— Aðrar afurðir af landdýrum, þ.m.t. mjólk, mjólkurafurðir og egg og eggjaafurðir	1,25
	— Fisklýsi	20,0

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (prómill)(1) fyrir fóður með 12% rakainnihald
	— Fiskur, önnur lagardýr og afurðir þeirra, að undanskildu fisklýsi og vatnsrofnum fiskprótínum sem innihalda meira en 20% fitu (1)	4,0
	— Vatnsrofin fiskprótín sem innihalda meira en 20% fitu	9,0
	Fóðuraukefnin kaólínleir, vermikúlít, natrólítfónólít, tilbúin kalsíumálöt og klínoptílólít sem eru upprunnin úr seti og tilheyra virkum hópi bindi- og kekkjavarnarefna	1,5
	Fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna	1,5
	Forblöndur	1,5
	Fóðurblanda að undanskilinni:	1,5
	— fóðurblöndu fyrir gæludýr og fisk	5,5
	— fóðurblöndu fyrir loðdýr	—
Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í µg/kg (milljarðshlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald (1)
3. PCB-efni sem ekki líkjast díoxíni (summa PCB 28, PCB 52, PCB 101, PCB 138, PCB 153 og PCB 180 (ICES – 6)(1))	Fóðurefni úr jurtaríkinu	10
	Fóðurefni úr steinaríkinu	10
	Fóðurefni úr dýraríkinu:	
	— Dýrafita, þ.m.t. mjólkurfita og fita úr eggjum	10
	— Aðrar afurðir af landdýrum, þ.m.t. mjólk, mjólkurafurðir og egg og eggjaafurðir	10
	— Fisklýsi	175
	— Fiskur, önnur lagardýr og afurðir þeirra, að undanskildu fisklýsi og vatnsrofnum fiskprótínum sem innihalda meira en 20% fitu (4),	30
	— Vatnsrofin fiskprótín sem innihalda meira en 20% fitu	50
	Fóðuraukefnin kaólínleir, vermikúlít, natrólítfónólít, tilbúin kalsíumálöt og klínoptílólít sem eru upprunnin úr seti og tilheyra virkum hópi bindi- og kekkjavarnarefna	10
	Fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna	10
	Forblöndur	10
	Fóðurblanda að undanskilinni:	10

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í µg/kg (milljarðshlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald (1)
	— fóðurblöndu fyrir gæludýr og fisk	40
	— fóðurblöndu fyrir loðdýr	—“

([1]) Háreiknigildi: þegar háreiknigildi styrks eru reiknuð er gert ráð fyrir því að öll gildi fyrir mismunandi efnamyndir, sem eru undir magngreiningarmörkum, séu jöfn magngreiningarmörkunum.

([2]) Tafla yfir eiturjafngildisstuðla (TEF) fyrir díoxín, fúrön og PCB-efni sem líkjast díoxíni:

Eiturjafngildisstuðlar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir eiturhrif (WHO-TEFs) til nota við áhættumat fyrir menn grundvallast á niðurstöðum fundar sérfræðinga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem var haldinn í Genf í júní 2005, um alþjóðaáætlunina um öryggi íðefna (Martin van den Berg et al., The 2005 World Health Organization Re-evaluation of Human and Mammalian Toxic Equivalency Factors for Dioxins and Dioxin-like Compounds. Toxicological Sciences 93(2), 223–241 (2006))

Efnamynd	TEF-gildi	Efnamynd	TEF-gildi
Fjölklóruð díbensó-para-díoxín (PCDD) og díbensó-para-fúrön (PCDF)		PCB-efni sem líkjast díoxíni: PCB-efni, önnur en ortó-PCB-efni + einortó-PCB-efni	
2,3,7,8-TCDD	1		
1,2,3,7,8-PeCDD	1	**PCB-efni, önnur en ortó-PCB-efni**	
1,2,3,4,7,8-HxCDD	0,1	PCB 77	0,0001
1,2,3,6,7,8-HxCDD	0,1	PCB 81	0,0003
1,2,3,7,8,9-HxCDD	0,1	PCB 126	0,1
1,2,3,4,6,7,8-HpCDD	0,01	PCB 169	0,03
OCDD	0,0003		
		Einortó-PCB-efni	
2,3,7,8-TCDF	0,1	PCB 105	0,00003
1,2,3,7,8-PeCDF	0,03	PCB 114	0,00003
2,3,4,7,8-PeCDF	0,3	PCB 118	0,00003
1,2,3,4,7,8-HxCDF	0,1	PCB 123	0,00003
1,2,3,6,7,8-HxCDF	0,1	PCB 156	0,00003
1,2,3,7,8,9-HxCDF	0,1	PCB 157	0,00003
2,3,4,6,7,8-HxCDF	0,1	PCB 167	0,00003
1,2,3,4,6,7,8-HpCDF	0,01	PCB 189	0,00003
1,2,3,4,7,8,9-HpCDF	0,01		
OCDF	0,0003		

Skammstafanir: T = tetra, Pe = penta, Hx = hexa, Hp = hepta, O = okta, CDD = klórdíbensódíoxín, CDF = klórdíbensófúran, CB = klórbífenýl.

([3]) Ferskur fiskur og önnur lagardýr, sem eru afhent beint og notuð án millistigsvinnslu við framleiðslu á loðdýrafóðri, eru undanskilin þessum hámarksgildum en hámarksgildin 3,5 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg afurðar og 6,5 ng WHO-PCDD/F-PCB-TEQ/kg afurðar gilda um ferskan fisk og 20,0 ng WHO-PCDD/F-PCB-TEQ/kg afurðar gilda um fisklifur sem er notuð beint sem fóður fyrir gæludýr, dýr í dýragörðum og fjölleikahúsum eða notuð sem fóðurefni til framleiðslu á fóðri fyrir gæludýr. Afurðirnar eða unnin dýraprótín, sem eru framleidd úr þessum dýrum (loðdýrum, gæludýrum og dýrum í dýragörðum og fjölleikahúsum), mega ekki komast inn í fæðukeðjuna og bannað er að nota þær sem fóður fyrir húsdýr sem eru haldin, alin eða ræktuð til matvælaframleiðslu.

([4]) Ferskur fiskur og önnur lagardýr, sem eru afhent beint og notuð án millistigsvinnslu við framleiðslu á loðdýrafóðri, eru undanskilin þessum hámarksgildum en hámarksgildin 75 µg/kg afurðar gilda um ferskan fisk og 200 µg/kg afurðar gilda um fisklifur sem er notuð beint sem fóður fyrir gæludýr, dýr í dýragörðum og fjölleikahúsum eða notuð sem fóðurefni til framleiðslu á fóðri fyrir gæludýr. Afurðirnar eða unnin dýraprótín, sem eru framleidd úr þessum dýrum (loðdýrum, gæludýrum og dýrum í dýragörðum og fjölleikahúsum), mega ekki komast inn í fæðukeðjuna og bannað er að nota þær sem fóður fyrir húsdýr sem eru haldin, alin eða ræktuð til matvælaframleiðslu.

2) Í stað II. viðauka við tilskipun 2002/32/EB komi eftirfarandi:

„II. VIÐAUKI

AÐGERÐAMÖRK TIL AÐ HRINDA RANNSÓKNUM AÐILDARRÍKJA AF STAÐ, EINS OG UM GETUR Í 2. MGR. 4. GR.

ÞÁTTUR: DÍOXÍN OG PCB-EFNI

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Aðgerðamörk í ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (prómill)([2]) fyrir fóður með 12% rakainnihald	Athugasemdir og frekari upplýsingar (t.d. eðli rannsókna sem gerðar verða)
1. Díoxín (summa fjölklóraðra díbensó-para-díoxína (PCDD) og fjölklóraðra díbensófúrana (PCDF), gefin upp sem eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðis málastofnunarinnar (WHO), með því að nota WHO-TEF (eiturjafngildisstuðl a frá 2005([1]))	Fóðurefni úr jurtaríkinu að undanskildu:	0,5	([3])
	— jurtaolíu og aukaafurðum úr henni	0,5	([3])
	Fóðurefni úr steinaríkinu	0,5	([3])
	Fóðurefni úr dýraríkinu:		
	— Dýrafita, þ.m.t. mjólkurfita og fita úr eggjum	0,75	([3])
	— Aðrar afurðir af landdýrum, þ.m.t. mjólk, mjólkurafurðir og egg og eggjaafurðir	0,5	([3])
	— Fisklýsi	4,0	([4])
	— Fiskur, önnur lagardýr og afurðir þeirra, að undanskildu fisklýsi og vatnsrofnum fiskprótínum sem innihalda meira en 20% fitu([3])	0,75	([4])
	— Vatnsrofin fiskprótín sem innihalda meira en 20% fitu	1,25	([4])
	Fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópum bindi- og kekkjavarnarefna.	0,5	([3])
	Fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna	0,5	([3])
	Forblöndur	0,5	([3])
	Fóðurblanda að undanskilinni:		
	— fóðurblöndu fyrir gæludýr og fisk	1,25	([4])
	— fóðurblöndu fyrir loðdýr	—	
2. Díoxínlík PCB-efni (summa fjölklóraðra bífenýla (PCB-efna), gefin upp sem eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðis málastofnunarinnar (WHO), með því að nota WHO-TEF (eiturjafngildis-stuðla frá 2005) ([1]))	Fóðurefni úr jurtaríkinu að eftirtöldu undanskildu:	0,35	([3])
	— jurtaolíu og aukaafurðum úr henni	0,5	([3])
	Fóðurefni úr steinaríkinu	0,35	([3])
	Fóðurefni úr dýraríkinu:		
	— Dýrafita, þ.m.t. mjólkurfita og fita úr eggjum	0,75	([3])
	— Aðrar afurðir af landdýrum, þ.m.t. mjólk, mjólkurafurðir og egg og eggjaafurðir	0,35	([3])

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Aðgerðamörk í ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (prómill)(2) fyrir fóður með 12% rakainnihald	Athugasemdir og frekari upplýsingar (t.d. eðli rannsókna sem gerðar verða)
	— Fisklýsi	11,0	([4])
	— Fiskur, önnur lagardýr og afurðir þeirra, að undanskildu fisklýsi og vatnsrofnum fiskprótínum sem innihalda meira en 20% fitu([3])	2,0	([4])
	— Vatnsrofin fiskprótín sem innihalda meira en 20% fitu	5,0	([4])
	Fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópum bindi- og kekkjavarnarefna.	0,5	([3])
	Fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna	0,35	([3])
	Forblöndur	0,35	([3])
	Fóðurblanda að undanskilinni:	0,5	([3])
	— fóðurblöndu fyrir gæludýr og fisk	2,5	([4])
	— fóðurblöndu fyrir loðdýr	—	

([1]) Tafla yfir eiturjafngildisstuðla (TEF) fyrir díoxín, fúrön og PCB-efni sem líkjast díoxíni:
Eiturjafngildisstuðlar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir eiturhrif (WHO-TEFs) til nota við áhættumat fyrir menn grundvallast á niðurstöðum fundar sérfræðinga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem var haldinn í Genf í júní 2005, um alþjóðaáætlunina um öryggi íðefna (Martin van den Berg et al., The 2005 World Health Organization Re-evaluation of Human and Mammalian Toxic Equivalency Factors for Dioxins and Dioxin-like Compounds. Toxicological Sciences 93(2), 223–241 (2006))

Efnamynd	TEF-gildi	Efnamynd	TEF-gildi
Fjölklóruð díbensó-para-díoxín (PCDD) og díbensó-para-fúrön (PCDF)		**„PCB-efni sem líkjast díoxíni“: PCB-efni, önnur en ortó-PCB-efni + einortó-PCB-efni**	
2,3,7,8-TCDD	1		
1,2,3,7,8-PeCDD	1	**PCB-efni, önnur en ortó-PCB-efni**	
1,2,3,4,7,8-HxCDD	0,1	PCB 77	0,0001
1,2,3,6,7,8-HxCDD	0,1	PCB 81	0,0003
1,2,3,7,8,9-HxCDD	0,1	PCB 126	0,1
1,2,3,4,6,7,8-HpCDD	0,01	PCB 169	0,03
OCDD	0,0003		
		Einortó-PCB-efni	
2,3,7,8-TCDF	0,1	PCB 105	0,00003
1,2,3,7,8-PeCDF	0,03	PCB 114	0,00003
2,3,4,7,8-PeCDF	0,3	PCB 118	0,00003
1,2,3,4,7,8-HxCDF	0,1	PCB 123	0,00003
1,2,3,6,7,8-HxCDF	0,1	PCB 156	0,00003
1,2,3,7,8,9-HxCDF	0,1	PCB 157	0,00003
2,3,4,6,7,8-HxCDF	0,1	PCB 167	0,00003
1,2,3,4,6,7,8-HpCDF	0,01	PCB 189	0,00003
1,2,3,4,7,8,9-HpCDF	0,01		
OCDF	0,0003		

Skammstafanir: „T“ = tetra, „Pe“ = penta, „Hx“ = hexa, „Hp“ = hepta, „O“ = okta, „CDD“ = klórdíbensódíoxín, „CDF“ = klórdíbensófúran, „CB“ = klórbífenýl.

([2]) Háreiknigildi: þegar háreiknigildi styrks eru reiknuð er gert ráð fyrir því að öll gildi fyrir mismunandi efnamyndir, sem eru undir magngreiningarmörkum, séu jöfn magngreiningarmörkunum.

([3]) Greining á upptökum mengunar. Þegar upptök hafa verið greind skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir því sem unnt er, til að minnka umfang þeirra eða stemma stigu við þeim.

([4]) Í mörgum tilvikum má vera að ekki sé nauðsynlegt að rannsaka upptök mengunarinnar þar eð bakgrunnsgildið er á sumum svæðum mjög nálægt eða yfir aðgerðarmarkinu. Í tilvikum þar sem farið er yfir aðgerðarmarkið skal hins vegar skrá allar upplýsingar sem skipta máli, s.s. sýnatökutímabil, landfræðilegan uppruna og fisktegund, svo að gera megi viðeigandi ráðstafanir í framtíðinni í því skyni að halda styrk díoxína og díoxínlíkra efnasambanda í þessum fóðurefnum í skefjum.“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/9/43**

frá 8. nóvember 2010

um breytingu á ákvörðun 95/467/EB um framkvæmd 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE um byggingarvörur (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 7542)

(2010/679/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur ([1]), einkum a-lið 4. mgr. 13. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um byggingarmál,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þann 24. október 1995 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun 95/467/EB um framkvæmd 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE um byggingarvörur ([2]).

2) Til þess að aðlaga kerfin til staðfestingar á samræmi fyrir vöruflokkinn „REYKHÁFAR, LOFTRÁSIR OG SÉRHÆFÐAR BYGGINGARVÖRUR“ að tækniframförum skal 3. viðauka við ákvörðunina breytt.

3) Því ber að breyta ákvörðuninni til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 3. viðauka við ákvörðun 95/467/EB er breytt til samræmis við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 292, 10.11.2010, bls. 55. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 12.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

([2]) Stjtíð. EB L 268, 10.11.1995, bls. 29.

VIÐAUKI

Eftirfarandi færsla bætist við í töfluna er varðar vöruhópinn „**REYKHÁFAR, LOFTRÁSIR OG SÉRHÆFÐAR BYGGINGARVÖRUR**“ í 3. viðauka við ákvörðun 95/467/EB:

Vara/vörur	Fyrirhuguð notkun	Stig eða flokkur/flokkar (Viðbrögð við bruna)	Kerfi til staðfestingar á samræmi
„tilbúnir reykháfar (hæðarháar einingar), loftrásaklæðningar (einingar eða blokkir), reykháfur með mörgum veggjum (einingar eða blokkir), blokkir fyrir reykháfa með einum vegg, frístandandi reykháfar og innbyggðir reykháfar í samstæðum, hettur á reykháfa	Til notkunar sem heyrir undir reglur um viðbrögð við bruna	(A1, A2, B, C)(*)	1
		(A1, A2, B, C)(**), D, E	3
		(A1 til E)(***), F	4

1. kerfi: Sjá i. lið 2. liðar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, án úttektarprófunar á sýnum.

3. kerfi: Sjá annan kost í ii. lið 2. liðar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE,

4. kerfi: Sjá þriðja kost í ii. lið 2. liðar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

(*) Vörur/efni sem fá hagstæðari flokkun, með tilliti til viðbragða við bruna, sem rekja má til ákveðins, auðgreinanlegs stigs í framleiðsluferlinu (t.d. þegar logavarnarefnum er bætt við eða við takmörkun á lífrænum efnum).

(**) Vörur/efni, önnur en þau sem neðanmálsgrein (*) vísar til.

(***) Vörur/efni sem ekki er þörf á að prófa með tilliti til viðbragða við bruna (t.d. vörur/efni sem teljast til flokks A1 samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/603/EB (Stjtíð. EB L 267, 19.10.1996, bls. 23)).“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1286/2011 **2013/EES/9/44**

frá 9. desember 2011

um samþykkt sameiginlegrar aðferðafræði við rannsókn sjóslysa og atvika á sjó sem þróuð er skv. 4. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/18/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/18/EB frá 23. apríl 2009 setningu grundvallarreglna við rannsóknir á slysum á sviði sjóflutninga og um breytingu á tilskipun ráðsins 1999/35/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB ([1]), einkum 4. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2009/18/EB er kveðið á um að framkvæmdastjórnin samþykki sameiginlega aðferðafræði við rannsókn sjóslysa og atvika á sjó sem rannsóknaraðilum ber að fylgja við öryggisrannsóknir.

2) Í sameiginlegu aðferðafræðinni við rannsókn sjóslysa og atvika á sjó skal tilgreina sameiginlega staðla sem gilda að jafnaði um allar rannsóknir sem framkvæmdar eru samkvæmt tilskipun 2009/18/EB til þess að rannsóknirnar verði á háu gæðastigi.

3) Rannsóknaraðilar aðildarríkjanna skulu nota beint almennu reglurnar sem kveðið er á um í sameiginlegu aðferðafræðinni.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum ([2]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Sameiginlega aðferðafræðin við rannsókn sjóslysa og atvika á sjó, sem kveðið er á um í 4. mgr. 5. gr. tilskipunar 2009/18/EB, er sett fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. desember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 328, 10.2.2011, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 199/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 17.

([1]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 114.

([2]) Stjtíð. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.

VIÐAUKI

SAMEIGINLEG AÐFERÐAFRÆÐI VIÐ RANNSÓKN SJÓSLYSA OG ATVIKA Á SJÓ

A. MARKMIÐ, GILDISSVIÐ OG BEITING

Markmiðið með öryggisrannsóknum á sjóslysum er að draga úr áhættunni á sjóslysum og atvikum á sjó í framtíðinni og draga úr alvarlegum afleiðingum þeirra, þ.m.t. manntjón, skipsskaði og mengun sjávarumhverfis.

Markmiðið með þessu skjali er að kveða á um sameiginlega aðferðafræði rannsóknaraðila aðildarríkjanna er þeir framkvæma rannsóknir á öryggi á sjó í samræmi við tilskipun 2009/18/EB. Skjalið byggist á gildissviði tilskipunar 2009/18/EB og skilgreiningum í henni, að teknu tilliti til gerninga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar sem um getur í tilskipuninni.

Aðferðafræðin miðar að því að koma á sameiginlegri aðferð sem gildir að jafnaði í öllum rannsóknum sem framkvæmdar eru í samræmi við tilskipunina og hún kveður á um hvað teljast eiginleikar góðrar öryggisrannsóknar. Hún er ekki gátlisti. Rannsakendur skulu nota faglegt mat sitt og þjálfun til að taka tillit til aðstæðna í hverju tilviki.

Með beitingu þessarar sameiginlegu aðferðafræði og hlutlægrar og kerfisbundinnar aðferðar við rannsóknina getur rannsóknaraðilinn best dregið lærdóm af hverju slysi og með þeim hætti aukið siglingaöryggi.

Tilhlýðileg greining á orsökum sjóslysa eða atvika á sjó krefst tímanlegrar og nákvæmrar rannsóknar, sem staðfestir ekki aðeins bein sönnunargögn heldur afhjúpar undirliggjandi aðstæður sem gætu mögulega valdið öðrum atvikum í framtíðinni. Því má líta á rannsóknir sem aðferð til að auðkenna ekki aðeins beinar orsakir heldur einnig málefni út frá heildarmyndinni, allt frá reglusetningu og stefnumótun til framkvæmdar.

B. INNIHALD

1. **Viðbúnaður**

1.1. Sérhver rannsóknaraðili skal gera viðbúnaðaráætlun fram í tímann til að tryggja að ekki komi til óþarfa tafa eftir að tilkynning berst um rannsókn og við upphaf hennar vegna skorts á viðeigandi/nauðsynlegum upplýsingum, viðbúnaði eða þekkingu. Slík viðbúnaðaráætlun skal tryggja að viðeigandi úrræði og málsmeðferð séu, eins og frekast er unnt, tafarlaust aðgengileg, þ.m.t. nægilegt framboð af rannsakendum með tilskilin starfsréttindi og möguleg samræming á innlendum og alþjóðlegum vettvangi, til að hægt sé að grípa tafarlaust til fyrstu aðgerða eftir tilkynningu um slys eða atvik.

1.2. Gera skal ráðstafanir til að tryggja að rannsóknaraðilinn geti, tafarlaust og allan sólarhringinn, tekið á móti tilkynningum um slys og atvik.

2. **Frummat og viðbrögð**

2.1. Þegar tilkynning berst skulu rannsóknaraðilarnir meta ástandið. Frummatið er afgerandi svo rannsóknaraðilarnir fái yfirsýn yfir stöðuna, eins fljótt og auðið er, takmarki hugsanlegt tap á sönnunargögnum og ákvarði umfang upplýsinga sem þörf er á til að ákveða viðeigandi aðgerðir.

2.2. Í þessu mati skal, eftir því sem frekast er unnt, vera yfirlit:

– yfir heildarmynd af atburðinum,

– yfir mikilvægar tímasetningar,

– yfir starfsfólk sem á hlut að máli og

– yfir tegund atburðarins.

Þegar ákveðið er hvort rannsaka eigi slys eða atvik, sem ekki telst mjög alvarlegt, má taka eftirfarandi þætti til athugunar til viðbótar við þá þætti sem taldir eru upp í 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2009/18/EB:

– mögulegt öryggisgildi sem rannsókn getur falið í sér,

– vitund almennings um slysið,

– hvort slysið tengist þekktri þróun,

– mögulegar afleiðingar slyssins,

– umfang tiltækra úrræða og úrræða sem áætlað er að verði tiltæk ef ósamkomulag er um forgangsröðun, ásamt umfangi allra ófrágenginna rannsókna,

– allar áhættur sem tengjast því ef rannsókn er ekki framkvæmd,

– alvarleg meiðsl áhafnarinnar og/eða farþega um borð,

– mengun svæða sem eru viðkvæm í umhverfislegu tilliti,

– skip sem hafa orðið fyrir miklum skemmdum á burðarvirki,

– slys sem raska, eða gætu raskað, mikilvægri hafnarstarfsemi.

2.3. Eftir að tekin hefur verið ákvörðun um að rannsaka alvarlegt slys eða annað sjóslys eða atvik á sjó, skal rannsóknin að jafnaði hefjast með sömu knýjandi þörf og ef um mjög alvarlegt slys væri að ræða.

Þegar rannsókn á að fara fram skulu rannsóknaraðilarnir tafarlaust gera ráðstafanir, eins og mögulegt er, til að tryggja varðveislu sönnunargagna, samræmingu við aðra hagsmunaaðila sem eiga mikilla hagsmuna að gæta og tilnefningu aðalrannsóknarríkis.

3. **Áætlun og öflun sönnunargagna**

3.1. Rannsóknaraðili aðalrannsóknarríkisins, í nánu samráði við rannsóknaraðila hinna ríkjanna sem eiga mikilla hagsmuna að gæta, skal, eins fljótt og auðið er, þróa áætlun með tilliti til umfangs, stefnu og tímasetningar rannsóknarinnar.

3.2. Rannsóknaraðilinn skal endurskoða áætlunina meðan rannsóknin stendur yfir og þegar öflun sönnunargagna er lokið skal rannsóknaraðilinn, eftir því sem unnt er, hafa aflað fullnægjandi sönnunargagna frá öllum svæðum sem gætu hafa haft áhrif á slysið eða atvikið.

3.3. Umfang öryggisrannsóknar og málsmeðferðin, sem ber að fylgja við slíka rannsókn, skal vera með þeim hætti að óvissu og tvíræðni sé útrýmt, að svo miklu leyti sem mögulegt er, og gera þar með mögulegt að framkvæma áreiðanlegt og rökrétt mat á því hvað leiddi til sjóslyssins eða atviksins á sjó.

3.4. Rannsóknaraðilar aðildarríkjanna sem eiga mikilla hagsmuna að gæta skulu veita aðalrannsóknarríkinu stuðning, með tímanlegum hætti, eftir því sem við verður komið.

3.5. Aðalrannsóknaraðilinn skal tilnefna rannsakanda til að annast rannsóknina, nýta viðeigandi úrræði og hefja öflun sönnunargagna, eins fljótt og mögulegt er, sökum þess að sönnunargögn, einkum þar sem treyst er á nákvæmni mannlegs minnis, geta spillst hratt með tímanum og að skip, sem lenda í sjóslysi eða atviki á sjó, ætti ekki að tefja meira en telst algjörlega nauðsynlegt vegna öflunar sönnunargagna.

3.6. Á meðan frumstig sérhverrar rannsóknar stendur yfir skulu rannsakendur afla eins margra viðeigandi sönnunargagna og mögulegt er sem geta mögulega hjálpað til við að skilja atvikið og ákvarða orsakir þess, með það í huga að mögulegt sé að útvíkka sérhverja rannsókn.

3.7. Til viðbótar við upplýsingarnar sem aflað er þegar tilkynning berst skulu rannsakendur fá viðeigandi grunnupplýsingar og upplýsingar um tilvísanir. Þetta geta verið sönnunargögn eða gögn úr eftirlitskerfum, umferðarstjórnunarkerfum, frá siglingamálayfirvöldum, björgunarsveitum, skipafélaginu og skipinu sem varð fyrir slysinu.

3.8. Rannsóknaraðilinn skal, eftir því sem við á, leita í gagnagrunnum, t.d. í Evrópugagnagrunni og -vettvangi fyrir sjóslys og öðrum upplýsingaveitum til að reyna að auðkenna möguleg öryggismál sem gætu skipt máli fyrir það sjóslys eða atvik á sjó sem er til rannsóknar.

3.9. Að meginreglu skulu rannsakendur, ef mögulegt er, fara á vettvang slyssins eða atviksins til þess að afla sönnunargagna sem ekki hefur verið hreyft við og til að öðlast yfirsýn yfir atburðarás atviksins. Þegar ekki hefur verið mögulegt að varðveita slysstaðinn skal gera ráðstafanir, ef unnt er, til að fá viðeigandi gögn um svæðið, t.d. með ljósmyndum, hljóðupptökum, yfirlitsteikningum eða öðrum tiltækum aðferðum, með það að markmiði að safna saman mikilvægum sönnunargögnum og hugsanlega að endurskapa aðstæðurnar síðar.

3.10. Þegar siglingariti er innbyggður skulu rannsakendur, með öllum tiltækum ráðum, leitast við að ná í og varðveita upplýsingarnar sem hafa verið skráðar í hann. Þeir skulu einkum grípa tímanlega til aðgerða til að tryggja að upplýsingarnar í siglingaritanum séu „vistaðar“ til að koma í veg fyrir að skrifað sé yfir þær. Þeir skulu einnig leggja allt kapp á að afla allra viðeigandi upplýsinga frá rafrænum heimildum, bæði um borð í skipinu og á landi. Þeir skulu fara yfir öll tiltæk gögn, málsmeðferðarreglur og skrár, í þeirri röð sem þeir telja viðeigandi.

3.11. Yfirheyra skal öll tiltæk vitni sem aðalrannsóknaraðilinn telur að skipti máli. Rannsakendur skulu tilgreina hvaða vitni þeir óska eftir að yfirheyra í upphafi og gera yfirheyrsluáætlun. Áætlunin skal m.a. taka tillit til þreytu (bæði vitnisins og rannsakandans), þess að vitnisburður getur verið ótraustur og ferðaáætlana væntanlegra vitna.

Möguleg vitni geta m.a. verið:

– einstaklingar sem tengjast beint sjóslysi eða atviki á sjó og afleiðingum þess,

– vitni að sjóslysi eða atviki á sjó

– starfsfólk sem kom að björgunaraðgerðum

– starfsfólk skipafélagsins, opinberir starfsmenn hafna, byggingafræðingar, viðgerðarmenn og tæknisérfræðingar.

Ef ekki er mögulegt að ræða beint við sum vitni gerir aðalrannsóknaraðilinn ráðstafanir til þess að fá vitnisburð þeirra með öðrum hætti.

Vitnisburðinn má gefa í gegnum síma eða með því að aðrir þjálfaðir öryggisrannsakendur framkvæmi yfirheyrsluna fyrir hönd aðalrannsóknarríkisins. Í seinna tilvikinu þarf aðilinn sem tekur viðtalið að fá ítarlegar upplýsingar frá þeim rannsakanda sem annast rannsóknina. Nauðsynlegt getur verið að yfirheyra mörg lykilvitni aftur, kannski oftar en einu sinni.

3.12. Upplýsingar skulu sannprófaðar þegar það er mögulegt. Misræmi getur verið í vitnisburði mismunandi vitna og því getur verið nauðsynlegt að afla frekari sönnunargagna sem styðja við vitnisburðinn. Til þess að tryggja að allar viðeigandi staðreyndir málsins verði upplýstar skal spyrja opinna spurninga eins og „hver“, „hvað“, „hvenær“, „hvernig“ og „hvers vegna“.

3.13. Mannlegir þættir eru óaðskiljanlegur hluti flestra rannsókna og þurfa öryggisrannsakendur að vera þjálfaðir í samræmi við það. Árangur rannsóknar á mannlegum þáttum veltur að miklu leyti á gæðum þeirra upplýsinga sem er aflað. Þar sem engin tvö atvik eru eins skal rannsóknaraðilinn ákvarða tegund og gæði þeirra upplýsinga sem á að afla og fara yfir. Í upphafi rannsóknar skal rannsakandinn almennt afla mikils magns upplýsinga og leggja svo óþarfa gögn til hliðar, eftir því sem rannsókninni vindur fram.

3.14. Ef þörf krefur mun rannsóknaraðilinn þurfa að tryggja einhver áþreifanleg sönnunargögn, einkum til að framkvæma vísindalega athugun, skoðun eða prófun í landi. Í þessum tilvikum skulu rannsakendur hafa í huga að tiltæk sönnunargögn geta spillst með tímanum og því skulu þeir taka til við að fjarlægja þau eins fljótt og við á. Áður en þau eru fjarlægð skulu slík sönnunargögn ljósmynduð á staðnum, ef mögulegt er. Þegar sönnunargögn eru fjarlægð og varðveitt skal gripið til allra viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að slíkt hafi áhrif á rannsókn þeirra.

3.15. Ef rannsóknaraðilarnir telja það nauðsynlegt sem hluta af rannsókninni gætu þeir þurft að framkvæma eða láta framkvæma sérstaka rannsókn, einkum tæknilega rannsókn á skipinu og hinum mismunandi kerfum og búnaði um borð, ef nauðsyn krefur af hálfu viðeigandi sérfræðinga.

3.16. Við öflun sönnunargagna skulu rannsóknaraðilarnir reyna að tilgreina öll sönnunargögn sem gæti vantað.

4. **Greining**

4.1. Þegar rannsóknaraðili aðalrannsóknarríkisins hefur aflað sönnunargagna og annarra tengdra viðbótargagna skal hann greina þau, í samráði við önnur aðildarríki sem eiga mikilla hagsmuna að gæta, með það í huga að auðkenna orsaka- og áhrifaþætti.

Í því tilliti skulu rannsakendur taka tillit til þess að sönnunargögnin, sem þeir hafa aflað, hafa mismunandi vægi og íhuga hvernig best er að meðhöndla tvíræðni eða misræmi í sönnunargögnum.

4.2. Tilhlýðileg greining á orsökum sjóslysa eða atvika á sjó krefst tímanlegrar og nákvæmrar rannsóknar, sem staðfestir ekki aðeins bein sönnunargögn heldur afhjúpar undirliggjandi aðstæður sem gætu verið til staðar langt frá vettvangi sjóslyssins eða atviksins á sjó og sem gætu mögulega valdið öðrum atvikum í framtíðinni. Rannsóknir á öryggi á sjó skulu því, að meginreglu til, einkum vera úrræði til að auðkenna, ekki aðeins beina orsakaþætti heldur einnig aðstæður sem gætu verið til staðar í tengslum við rekstur skipsins. Til að ná þessu fram þarf greining sönnunargagnanna sem er aflað að vera ítarleg og gerð með endurteknum hætti.

4.3. Ef ekki er unnt að safna þeim upplýsingum sem vantar og í stað þeirra þurfi að beita rökrænni ályktun og raunhæfum forsendum skal slík ályktun og slíkar forsendur koma skýrt fram í orðalagi skýrslunnar. Í þessu ferli getur verið gagnlegt að greina alla möguleika og síðan fækka þeim með greiningu til þess að komast að líklegustu tilgátunum.

5. **Öryggistilmæli**

5.1. Öll öryggistilmæli skulu byggjast á greiningunni. Þeim skal beint að þeim stofnunum eða einstaklingum sem eru best í stakk búnir til að gera aðgerðir til úrbóta.

5.2. Þau geta verið byggð á öryggisrannsóknum eða á rannsóknum og sértækri gagnagreiningu. Þau skulu mótuð í samstarfi og samráði við viðkomandi hagsmunaaðila þar sem þeir eru oftast vel í stakk búnir til að greina og framkvæma viðeigandi öryggisaðgerðir. Endanleg ákvörðun um innihald og viðtakendur öryggistilmæla skal þó hvíla á herðum aðalrannsóknaraðilans.

5.3. Ef orsaka- eða áhrifaþáttur er talinn vera svo alvarlegur að það sé knýjandi að bregðast við honum skal grípa til viðeigandi framhaldsaðgerðar, t.d. að gefa út öryggistilmæli til bráðabirgða.

5.4. Til að auðvelda eins og hægt er að viðtakendur samþykki og framkvæmi tilmælin skulu öll tilmæli vera:

– nauðsynleg,

– líkleg til að skila árangri,

– framkvæmanleg,

– viðeigandi,

– markviss,

– sett fram með skýrum, hnitmiðuðum og afdráttarlausum hætti,

– sett fram með þeim hætti að þau geti verið grunnur að áætlun um aðgerðir til úrbóta þar sem áhersla er lögð á misræmi að því er varðar öryggi sem nauðsynlegt er að bregðast við.

6. **Skýrslur**

6.1. Rannsóknaraðili aðalrannsóknarríkisins gerir drög að skýrslu í samráði við önnur aðildarríki sem eiga mikilla hagsmuna að gæta. Í henni skal með skýrum og hnitmiðuðum hætti setja fram málavexti og greiningar sem eru notaðar til að styðja við niðurstöður og tilmæli.

6.2. Þegar mögulegt er skal senda skýrsludrögin, eða viðeigandi hluta þeirra, í fyllsta trúnaði til umsagnar til allra aðila eða stofnana sem skýrslan gæti haft áhrif á. Rannsóknaraðilinn skal gefa út lokaskýrsluna, með breytingum, eftir því sem við á.

7. **Eftirfylgni**

Rannsóknaraðilarnir skulu leitast við að staðfesta til hvaða aðgerða hafi verið gripið í kjölfar öryggistilmæla.